 Tónmenntasjóður Stefs, sk., 194—195.  
 Tónsmíðar, flutningsréttur, rg., 41—42.  
 Tryggingariðgjöld frádráttarhæf, stjbr., 170.  
 Tulinius, Þórarinn, sjr., 494.

## U. Ú.

Ulrich, G. C. C., umsjónarm., hm., 635.  
 Undanrennuduft blandað í brauð og brauðgerðarvörur, augl., 294.  
 Unnerus, Nils, kommandörkapt., hm., 635.  
 Útvarpið, rg., br., 294—295.  
 Útvegsbankinn, reikningar, 525—530.  
 Útvegsmenn, aðstoð við síldveiðar, rg., 324—326.

## V. W.

Wåge, Benedikt G., varam. í íþróttanefnd, 630.  
 Vallholtslegat, 188.  
 Walter, Emil, fv. sendiherra, hm., 636.  
 Warren, W. H., vararæðismaður, 626.  
 Vatnsveita, í Stykkishólmi, gjsk., 100—101; Blönduóshreppi, rg., 113—115; Stórolfshvolshverfi, 141—142; Akureyri, rg., 454—455; í Njarðvikum, rg., 463—465.  
 Veiðifélag Reykjadalárs, arðskrá, 198—199; Kjósarhrepps, sp., 199—201; Birt-

ingur í Dalasýslu, sp., 201—203; stanga-  
veiði í Langá, r., 224—225.  
Veitingaskattur, innheimta, augl., 195.  
Verðlagsskrár, 254—291.  
Verðlaunasjóður fullnaðarprófsbarna í  
í Reykjavík, sk., 9—10.  
Verkamanna- og sjómannafélögin í  
Reykjavík, sjr., 530.  
Vestmannaeyjar, rafveita, gjsk., 237—  
—239; sjóður gagnfræðaskólans, sk.,  
395—396.  
Vesturland, jrsp., 480.  
Viðar, Gunnar, í Danmerkur-viðskipta-  
nefnd, 627.  
Vígús Filippusson, sk., 473—474.  
Vigmo, Harald, læknir, sérfræðingur,  
629.  
Vilhjálmur Þ. Gíslason, formaður Þjóð-  
leikhúsráðs, 626; hm., 634.  
Vilhjálmur Hjálmarsson bóndi, alþm.,  
497.  
Villemoes, Svend, vararæðismaður, 626,  
627.  
Vinamíning, sjr., 63.  
Vísitala, framfærslukostnaðar og húsa-  
leigu, 499.  
Vitaverðir Íslands, sjr., 535—536.  
Vogaráhöld, löggilding, gjsk., 90—92.  
Vopnafjörður, hrg., 68—75.  
Vöruhappdrætti SÍBS, rg., 219—222.  
Vörumerki, auglýsing, 588—624.  
Vöruskömmun, rg., br., 10.

## Y.

Yngvi Ólafsson, stjórnarráðsfulltrúi, 630.

## Þ.

Þingeyjarsýsla, N., jrsp., 170—175.  
Þingjaldsgreiðslur af kaupum, rg., 225—  
226.

Þingstaður fluttur, stjbr., í Andakils-  
hreppi, 293; í Kjósarhreppi, 293; í Kópa-  
vogshreppi, 398.

Þjóðjarðalandsetar í fyrrv. Suðuranti,  
sjr., 488.

Þjóðleikhús, rg., 330—336.

Þór, Þórarinn, sóknarprestur, 628.

Þórður Eyjólfsson, forseti hæstaréttar,  
628; hm., 634.

Þórður Jónsson yfirtollvörður, hm., 635.

Þorgeir Jónsson, héraðslæknir, 629;  
lækningaleyfi, 631; héraðslæknir, 631.

Þórhalla Þorsteinsdóttir, gagnfræðaskóla-  
kennari, 628.

Þórhallur Ásgeirsson, skrifstofustjóri,  
630.

Þórleif Kristín Sigurðardóttir, sjr., 531.

Þormar, Geir, gagnfræðaskólakennari,  
628.

Þóroddur Guðmundsson verkam., vara-  
þm., 499.

Þóroddur Jónasson, aðstoðarlæknir, 630;  
lækningaleyfi, 631.

Þórshöfn, hrg., br., 45—46.

Þorsteinn Sigfússon, varaþm., 498.

Þorsteinn Sigurðsson, varaþm., 498.

Þorsteinn Þorsteinsson, alþm., 498.

Þórunn Hannesdóttir amtmannsfrú, sjr.,  
485.

Þorvaldarminning, sjr., 489.

Þorvaldur Gissurarson, sk., 39—40.

Þuríður Kristjánsdóttir, gagnfræðaskóla-  
kennari, 628.

## Ö.

Ögur- og Hesteyrarhéruð, héraðslæknir  
settur, 629.

Ökukenningar, próf, augl., 249.

## Skammstafanir.

alþm. = alþingismaður.  
augl. = auglýsing.  
br. = breyting.  
gjask. = gjaldskrá.  
hbsþ. = heilbrigðissamþykkt.  
hm. = heiðursmerki.  
hrg. = hafnarreglugerð.  
jrsþ. = jarðræktarsamþykkt.  
lsp. = lögreglusamþykkt.

rg. = reglugerð.  
r. = reglur.  
sjr. = sjóðreikningur.  
sk. = skipulagsskrá staðfest vegna sjóð-  
stofnunar.  
stjbr. = stjórnarráðsbréf.  
sþ. = samþykkt.  
varaþm. = vara-alþingismaður.

## S A M Þ Y K K T

um breyting á samþykkt um sýsluvegasjóð Austur-Húnavatnssýslu  
frá 2. apríl 1928.

1

8. jan.

2. gr. samþykktarinnar orðist svo:

Sýsluvegir eru þessir:

1. Skagavegur í Skagahreppi, þ. e. vegur frá Höfnum um Víkur og Ásbúðir að sýslumörkum.
2. Brekkuvegur í Skagahreppi, af þjóðveginum fyrir utan Hof um Brekkubæina að Króki.
3. Efribygðarvegur í Skagahreppi, þ. e. vegur af þjóðveginum fyrir sunnan Hof, um Steinnýjarstaði að Fjalli.
4. Skrapatunguvegur, þ. e. vegur frá Norðurárdalsvegi við Njálstaðahlið að Skrapatungu.
5. Enghlíðingabraut, þ. e. vegurinn af Skagastrandarvegi sunnan við Neðri-Lækjardal, um Mýrar að Kirkjuskarði í Laxárdal.
6. Neðribyggðarvegur í Engihlíðarhreppi, þ. e. vegurinn af Skagastrandarvegi fyrir neðan Enni, um Sölvabakka á Skagastrandarveg sunnan við Neðri-Lækjardal.
7. Auðúlfsstaðaskarðsvegur, af Langadalsvegi um Gautsdal að Mjóadal.
8. Svartárdalsvegur, frá Bólstaðarhlið að Fossum.
9. Blöndudalsvegur, frá Svinvetningabraut að Bollastöðum.
10. Bakásavegur, af Svinvetningabraut fyrir sunnan Kagaðarhól, fram fyrir neðan Ása í Svinavatnshreppi.
11. Svinvetningabraut, frá þjóðveginum hjá Syðri-Löngumýri að Guðlaugsstöðum, og frá þjóðveginum við Bótarlæk að Brúarstæðinu á Svinadalsá.
12. Bugsvegur, frá Guðlaugsstöðum að Eldjárnsstöðum.
13. Svinadalsvegur, frá Svinvetningabraut um Ljótshóla að Svinadalsá, gegnt norðurhluta Rútsstaðatúns.
14. Skógargata, frá brúarstæðinu á Svinadalsá um Auðkúlu og samkomuhús Svinvetninga, á þjóðveginn norðan við Stóradalstagl.
15. Miðásavegur í Torfalækjarhreppi, frá Húnavetningabraut, um Meðalheim að Hurðarbaki.
16. Orrastaðavegur, af þjóðveginum út fyrir neðan Orrastaði, þar til leiðir skilja að Hamrakoti og Orrastöðum.
17. Hjallalandsvegur, frá þjóðveginum hjá Aralæk, á hreppamót milli Hvamms og Hjallalands.
18. Hagavegur, af þjóðveginum vestan Sveinsstaða að Þingeyrum.
19. Hólabaksvegur, af þjóðveginum um Hólabak að Umsvölum í Sveinsstaðahreppi.
20. Vatnsdælavegur, frá hreppamótum milli Hjallalands og Hvamms, að brúarstæðinu á Vatnsdalsá hjá Grímstungu.
21. Forsæludalsvegur, frá brúarstæðinu á Vatnsdalsá hjá Grímstungu, að Forsæludal.
22. Ferjuvegur í Áshreppi, af þjóðveginum sunnan Kornsar að Vatnsdalsá gegnt Eyjólfstöðum.
23. Vaglavegur, frá Þórormstungu um Kárdalstungu, að Vöglum.
24. Bryggjuvegur, frá Litla-Enni á Blönduósi út á bryggju.

1



- 1  
8. jan. Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu hefur samið og samþykkt, samkvæmt lögum nr. 102 19. júní 1933, staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgöngumálaráðuneytið, 8. janúar 1949.*

**Emil Jónsson.**

*Páll Pálmason.*

- 2  
11. jan.

## REGLUGERÐ

um mat bifreiða til ákvörðunar gjalds samkvæmt 31. gr. laga nr. 100  
29. desember 1948.

### 1. gr.

Verð bifreiðar, sem leggja skal til grundvallar gjaldi í ríkissjóð samkvæmt 31. gr. laga nr. 100 29. desember 1948, skal metast sem næst því, er ætla má, að selja megi bifreiðina á frjálsum markaði á þeim tíma, sem kaupin fara fram og eigendaskipti eru skráð, en samkvæmt 16. gr. laga nr. 23 16. júní 1941, skal sú skráning fara fram tafarlaust.

Þótt bifreið hafi verið afskráð sem ónýtt, skal greiða gjald af henni, ef hún verður skráð af nýju og eigendaskipti hafa orðið.

### 2. gr.

Hver bifreið skal metin af tveim dómkvöddum mönnum. Í Reykjavík og fleiri kaupstöðum, ef ástæða þykir til, skal dómari löggilda 2—8 menn, eftir þörfum, til að annast mat, þegar lögreglustjóri kveður þá til þess. Þóknun matsmannanna skal vera kr. 50 til hvors fyrir hverja matsgerð, og greiðist hún úr ríkissjóði.

Yfirmats getur hvor sem er krafizt, gjaldandi eða ríkissjóður, og skal dómkveðja í það 3 menn. Kostnað við yfirmat skal sá bera, sem þess krefst, nema matið breytist að minnsta kosti 10% honum í vil.

### 3. gr.

Matsmenn skulu framkvæma matið svo fljótt sem kostur er á, eftir að lögreglustjóri hefur tilkynnt þeim um bifreið þá, sem meta skal. Matsgerðina skulu þeir síðan afhenda lögreglustjóra undirritaða.

Nú er óskað mats á bifreið, þótt kaup hafi ekki enn átt sér stað, og skal þá meta hana, en matsbeiðandi skal fyrst setja lögreglustjóra nægilega tryggingu fyrir matskostnaðinum og greiða hann síðar, ef ekki verður úr kaupum.

### 4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 31. gr. laga nr. 100 29. desember 1948, öðlast þegar gildi.

*Fjármálaráðuneytið, 11. janúar 1949.*

**Jóhann Þ. Jósefsson.**

*Magnús Gíslason.*

## REGLUGERÐ

3

12. jan.

um breyting á reglugerð nr. 11 18. jan. 1947, um innheimtu iðgjalda o. fl., samkv. lögum nr. 50/1946, um almannatryggingar.

Ákvæði til bráðabirgða við reglugerð um innheimtu iðgjalda o. fl. samkvæmt lögum nr. 50/1946, um almannatryggingar, orðist svo:

1. Á árinu 1949 skulu iðgjöld samkvæmt 107. og 112. gr. tryggingarlaganna innheimt með vísitöluálagi, er miðast við 310 stig, og hafa iðgjöld samkvæmt 107. gr. samkvæmt því og með hliðsjón af 9. bráðabirgðaákvæði sömu laga verið ákveðin þannig fyrir árið 1949:

Á I. verðlagssvæði:

Kvæntir karlar .....	kr. 390.00
Ókvæntir karlar .....	— 350.00
Ógiftar konur .....	— 260.00

Á II. verðlagssvæði:

Kvæntir karlar .....	kr. 310.00
Ókvæntir karlar .....	— 280.00
Ógiftar konur .....	— 210.00

2. Árið 1949 skal greiða í janúar upp í iðgjöld samkvæmt 107. gr. tryggingalaganna, eins og þau eru ákveðin í næsta lið hér á undan, sem hér segir:

Á I. verðlagssvæði:

Karlar .....	kr. 200.00
Ógiftar konur .....	— 150.00

Á II. verðlagssvæði:

Karlar .....	kr. 150.00
Ógiftar konur .....	— 120.00

3. Þar til tryggingaskirteini fyrir árið 1949 hafa verið gefin út til afhendingar, skal nota skirteini ársins 1947 og færa á þau iðgjaldagreiðslur. Þeir, sem orðið hafa 16 ára á árinu 1948 og enn eigi hafa innleyst tryggingaskirteini, skulu greiða skirteinagjald samkv. 127. gr. samtímis janúargreiðslu.

*Fjármálaráðuneytið, 12. janúar 1949.*

**Jóhann Þ. Jósefsson.**

*Kjartan Ragnars.*

## SAMÞYKKT

4

14. jan.

um sýsluvegasjóð Vestur-Húnavatnssýslu.

1. gr.

Sýsluvegasjóður Vestur-Húnavatnssýslu greiðir kostnað við vegabætur og vegaviðhald, sem að lögum hvílir á sýslufélögum.

2. gr.

Sýsluvegir eru þessir:

I. flokkur:

1. Síkárvegur, af Þjóðveginum hjá Bálkastöðum fram með Síká að Fossi.
2. Hrutafjarðarvegur, af Þjóðveginum fyrir ofan Reykjastapa að Mýrum.

4  
14. jan.

3. Heggstaðanesvegur, af þjóðveginum við Miðfjarðarbrú, um Sanda að Bessa-  
stöðum.
4. Svertingsstaðavegur, af þjóðveginum hjá Melstað um Skeiðmel, Tiðaás og  
Neðri-Svertingsstaði að Efri-Svertingsstöðum.
5. Búrfellsvegur, af þjóðveginum fyrir ofan Staðarbakka um Skarfshól að  
Búrfelli.
6. Vesturárdalsvegur, af þjóðveginum við Vesturárdalsbrú um Kollafoss, yfir  
Hrútafjarðarháls á þjóðveginn hjá Brandagili.
7. Austurárdalsvegur, af þjóðveginum hjá Saurum fram Austursíðu og tung-  
una um Hnausakot og væntanlega brú á Austurá að Aðalbóli.
8. Dalabæjavegur, af þjóðveginum hjá Tjörn um væntanlega brú á Katadalsá  
um Tungu að Þorgrímsstöðum.
9. Laugarbakkavegur, af þjóðveginum fyrir austan Miðfjarðará að vélaverk-  
staði hjá Árnesi.
10. Ásavegur, af þjóðveginum hjá Þorfinnsstöðum um Vatnsenda og Stóru-  
Borg um væntanlega brú á Viðidalsá, á gamla þjóðveginn ofan við Laufás.
11. Viðidalsvegur, af þjóðveginum hjá Deildarhól um Viðidalstungu og vænt-  
anlega brú á Viðidalsá að Hrappsstöðum.
12. Fitjárdalsvegur, af þjóðveginum fyrir sunnan Stórhól um Hrisa að Fremri-  
Fitjum.
13. Ásgeirsárvegur, af þjóðveginum á Lækjamótsmelum um Stóru-Ásgeirsá  
fram á móts við Dæli.

## II. flokkur:

1. Óspaksstaðavegur, af þjóðveginum austan Hrútafjarðarár að Óspaksstöðum.
2. Fosselsvegur.
3. Heggstaðavegur, af sýsluveginum hjá Söndum að Heggstöðum.
4. Núpsdalsvegur, af þjóðveginum hjá Efra-Núpi að Þverá.
5. Hlíðardalsvegur, af þjóðveginum sunnan Hamarsár að Hlíð.
6. Katadalsvegur, af sýsluveginum norðan Tungu að Katadal.
7. Breiðabólstaðarvegur, af þjóðveginum norðan Grundarár að Breiðabólstað.
8. Borgarvegur, af þjóðveginum við Grundará um Litlu-Borg að Stóru-Borg.

Fjárframlag úr sýsluvegasjóði til þessa vegar kemur aðeins til greina, meðan hinn nýupptekni Ásabæjarvegur er svo skammt kominn, að hann telst ekki nothæft samband fyrir Ásabæina við aðalvegakerfi sýslunnar.

Til nýbygginga og viðhalds sýsluvega í II. flokki veitist allt að hálfu framlagi úr sýsluvegasjóði móti framlagi frá einstaklingum eða sveitarfélögum. Þó má fram-  
lag til II. flokks sýsluvega aldrei nema meiru en 10% af heildartekjum sýsluvega-  
sjóðs.

### 3. gr.

Í sýsluvegasjóð skal árlega greiða vegaskatt af öllum skattskyldum fasteign-  
um í sýslunni, sem greiðist á manntalsþingi af ábúanda hverrar jarðar, og af eiganda  
hverrar lóðar eða húseignar í kaupúnum. Sýslunefnd ákveður jafnan fyrir eitt ár  
í senn, hve hár skuli vera það ár vegaskattur af löndum og lóðum, enda sé þúsund-  
gjaldið af fasteignamatsverði bundið þeim takmörkum um lágmark og hámark, er  
lög mæli fyrir á hverjum tíma, nema samþykki samgöngumálaráðherra komi til í  
hvert sinn, eftir því sem heimilað er í lögum. Vegaskattur af húseignum skal jafnan  
vera helmingi lægri að hlutfallstölu, en ákveðið hefur verið af löndum og lóðum.

Skatturinn skal miðaður við áætluð gjöld til vegabóta hvert ár, að viðbættu því,  
er umfram kann að hafa eyðzt næsta ár á undan, en að frádregnu áætluðu tillagi  
ríkissjóðs og því, er hreppsfélag eða einstaklingar hafa skuldbundið sig til að leggja  
fram á gjaldárinu. Þegar um slík tillög er að ræða til I. flokks vega, skal vegasjóður

leggja fram að minnsta kosti jafnt á móts við hið framboðna tillag. Með gjöldum til vegabóta teljast vextir og afborganir af lánum, enda hafi ráðherra samþykkt lánskjörin, að fengnum tillögum vegamálastjóra.

4  
14. jan.

#### 4. gr.

Vegaskatt er hreppsfélagi heimilt að greiða úr sveitarsjóði að nokkru eða öllu leyti, sé það samþykkt með meiri hluta atkvæða á lögmætum sveitarfundi, og sé tilkynning komin um það til sýslumanns fyrir 1. apríl. Gildir sú skipan, þar til fundarsamþykktin er afnumin með sama hætti. Greiðir þá hreppsnefndaroddviti skattinn til sýslumanns á gjalddaga.

Nú fellur fasteign úr ábúð og eigandi hennar er ekki útsvarsskyldur í viðkomandi hreppi eða kaupþúni, eða greiðir þar ekki útsvar eftir sömu reglum og aðrir, og er þá hreppsnefnd heimilt að krefja eiganda um vegaskattinn, sem þúsundgjald af eigninni, eftir því sem hann er ákveðinn í lögum.

#### 5. gr.

Í Hvammstangahreppi skal hálfur vegaskatturinn renna í sveitarsjóð, ef hreppsfélagið ver til vegagerðar innan hrepps á því ári að minnsta kosti jafnmiklu fé úr sveitarsjóði, sem hálfum vegaskattinum nemur, auk hreppavegagjaldsins það ár, enda hafi hreppavegagjaldið þá verið ákveðið með hámarki þeirrar upphæðar, er lög heimila.

#### 6. gr.

Jafnhátt hundraðsgjald sé lagt á alla hreppa sýslunnar.

#### 7. gr.

Undanskildar vegaskatti eru kirkjur, skólahús, sjúkrahús og þinghús.

#### 8. gr.

Allir sýsluvegir skulu gerðir akfærir svo fljótt, sem ástæður leyfa og fé er fyrir hendi umfram nauðsynlegt viðhald þeirra vega, sem þegar eru akfærir.

#### 9. gr.

Sýslunefndin skal hlutast til um, að unnið sé að vegagerðinni með vinnusparandi verkfærum, eftir því sem við verður komið. Kaup eða leiga á jarðýtum o. fl. í þessu skyni telst með gjöldum sýsluvegasjóðs.

#### 10. gr.

Sýslunefndin hefur, undir yfirstjórn vegamálastjóra, umsjón þeirra vegagerða og þess viðhalds, sem kostað er af sýsluvegasjóði, og ákveður framlag til nýbygginga hinna einstöku sýsluvega.

Oddviti sýslunefndarinnar hefur fyrir hennar hönd umsjón með öllum sýsluvegum, en hann ræður hæfa verkstjóra til þess að stjórna framkvæmdum.

Að öðru leyti annast hreppsnefnd vegagerðir og viðhald viðkomandi sýsluvega og sér um reikningshald.

Skylt er sýslunefnd að hlýta ráðum vegamálastjóra um framkvæmd vegagerða.

#### 11. gr.

Oddviti sýslunefndar semur árlega reikning sýsluvegasjóðs. Skal reikningur undanfarins árs lagður fram endurskoðaður á sýslufundi til samþykktar, gilda þar um sömu reglur, sem um sýslusjóðsreikninginn. Á sýslufundi skal semja áætlun um tekjur og gjöld sýsluvegasjóðs yfirstandandi ár. Afrit af sýsluvegasjóðsreikningnum ásamt áætluninni, skal oddviti senda vegamálastjóra að afloknum sýslufundi.

4

12. gr.

14. jan. Sýsluvegasjóðurinn skal fá tillag úr ríkissjóði, svo sem ákveðið er í 2. gr. laga nr. 50 17. maí 1947, eða eins og síðar kann að verða ákveðið í lögum um samþykktir um sýsluvegasjóði.

13. gr.

Sýslunefndinni ber að hafa eftirlit með því, að sýsluvegunum sé ekki ofboðið með umferð, þegar svo stendur á, að þeim stendur stór hættu af þungum farar-tækjum. Getur oddviti sýslunefndar, í samráði við viðkomandi hreppsnefnd, og að fengnu samþykki vegamálastjóra, bannað bifreiðaumferð þungra bifreiða um alla sýsluvegina eða einstaka kafla, ef vegir meyrna vegna þess að, klaka leysir úr þeim að vetrinum og á meðan þeir eru blautastir að vorinu. Ber þessa sérstaklega að gæta á nýlögðum vegum.

14. gr.

Gjöldum samkvæmt samþykkt þessari fylgir lögtaksréttur.

15. gr.

Brot gegn samþykkt þessari og fyrirmælum sýslunefndaroddvita til verndar vegum, varðar allt að 200.00 króna sektum, er renna í sýsluvegasjóð, og fer um mál út af slíkum brotum sem almenn lögreglumál.

16. gr.

Með samþykkt þessari eru felld úr gildi, fyrir Vestur-Húnavatnssýslu, öll eldri ákvæði um sýsluvegi, er koma í bága við samþykkt þessa. Sömuleiðis falla úr gildi samþykkt um sýsluvegasjóð Vestur-Húnavatnssýslu, nr. 94 6. nóv. 1929, og samþykkt um breytingu á þeirri samþykkt, nr. 216 27. maí 1943.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Vestur-Húnavatnssýslu hefur samið og samþykkt, samkvæmt lögum nr. 102 19. júní 1933, staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgöngumálaráðuneytið, 14. janúar 1949.*

**Emil Jónsson.**

*Páll Pálmason.*

5

## REGLUGERÐ

14. jan.

um breytingu á reglugerð 26. nóv. 1948, um B-flokk Happraettislaans rikissjods.

4. gr. 1. mgr. orðist svo:

Dregið skal um vinninga og þeim úthlutað tvisvar á ári, í fyrsta sinn 15. febrúar 1949, en síðan á hálfis árs fresti, 15. janúar og 15. júlí ár hvert, þar til lánið verður endurgreitt.

*Fjármálaráðuneytið, 14. janúar 1949.*

**Jóhann P. Jósefsson.**

*Magnús Gislason.*

## GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Keflavíkur.

6

18. jan.

### I. RAFORKA

Rafveita Keflavíkur selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

#### A. Lýsing.

1. Um kwst.mæli á kr. 1.10 hver kwst. Við þessu verði skal selja hvers konar raforkunotkun, sem ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár.
2. Um kwst.mæli á 40 aura hver kwst., auk fastagjalds, er nemi kr. 5.50 á m<sup>2</sup> gólfplatarmáls í rúmi því, er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólf-fleti í búðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 2.00 á ári af m<sup>2</sup>.

#### B. Rafmagn til almennrar heimilisnotkunar.

Um kwst.mæli á 24 aura hver kwst. Auk þessa skal notandi greiða fastagjald, kr. 2.50 á mánuði af hverju íbúðarherbergi.

Í útreikningi á fjölda herbergja skal telja öll íbúðarherbergi og eldhús, en ekki ganga, baðherbergi eða geymslur. Herbergi, sem er minna en 5 m<sup>2</sup>, skal telja sem hálf, en stærra en 25 m<sup>2</sup> sem tvö.

#### C. Vélar.

Þar, sem orkan er notuð til vélareksturs, skal hún seld:

1. Um kwst.mæli á 60 aura hver kwst. Hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma, má krefjast minnsta árgjalds frá kr. 125.00 til kr. 150.00 á hvert uppsett kw. vélanna. Eftir þessum gjaldskrárlið má einnig selja raforku til vinnulagna við byggingar, meðan á byggingu stendur.
2. Um kwst.mæli á 40 aura hver kwst. til vatnsdælna. Eftir þessum gjaldskrárlið má einnig selja raforku til götu- og hafnarlýsingar.
3. Til fiskiðnaðar, ef uppsett rafvélaafli fastra véla er yfir 20 kw., um kwst.mæli þannig:

Fyrstu	100 þús. kwst. ársnotkun á 16 aura hver kwst.
Næstu	50 „ „ „ 15 „ „ „
Umfram	150 „ „ „ 14 „ „ „

Rafveitan áskilur sér rétt til að rjúfa straum allt að 2 stundum um hádegi og 1 stund síðdegis á tímum mesta álags.

#### D. Hitun.

1. Um kwst.mæli á 14 aura hver kwst., enda sé þá minnsta ársnotkun 6000 kwst. Heimilt er að rjúfa straum allt að 3 stundum á sólarhring, en þó mest 1½ stund í senn.
2. Um kwst.mæli á 5 aura hver kwst., ef straumur er rofinn frá kl. 8.30 til kl. 23. Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:
  - a. Að vélaafli, götulínur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
  - b. Að notandinn setji klukkurofa fyrir hitalögnina og kosti viðhald þeirra. Þó getur rafveitustjóri ákveðið, að rafveitan leggi til rofa og annist viðhald þeirra, og kostar þá notandinn tengingu þeirra og greiðir leigu af þeim, samkvæmt reglum, er gilda um leigu mæla.

- 6 c. Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir með sérstökum rofum og hitastillar notaðir.

18. jan.

## II. MÆLALEIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum sem hér segir:

1. Af einfasa mælum upp að 30 Amp. ....	kr. 1.50 á mánuði.
2. — þrífasa mælum 50 Amp. og minni .....	— 3.00 — —
3. — þrífasa mælum 50 til 200 Amp. ....	— 7.00 — —
4. — þrífasa mælum yfir 200 Amp. ....	— 10.00 — —

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í skránni, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækisins. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

## III. HEIMTAUGARGJALD

Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveituna, skal greiða heimtaugargjald, sem miðast við brunabótamat á húsum og mannvirkjum á þann hátt, sem hér segir:

	Brunabótamat:	Jarðlína:	Loftlína:
Frá kr.	0—10000.00	kr. 380.00	kr. 210.00
— —	10000.00—15000.00	— 510.00	— 280.00
— —	15000.00—20000.00	— 600.00	— 360.00
— —	20000.00—25000.00	— 700.00	— 450.00
— —	25000.00—30000.00	— 780.00	— 530.00
— —	30000.00—40000.00	— 880.00	— 600.00
— —	40000.00—50000.00	— 980.00	— 640.00
— —	50000.00—60000.00	— 1060.00	— 680.00
— —	60000.00—70000.00	— 1100.00	— 700.00
— —	70000.00—80000.00	— 1140.00	— 730.00
— —	80000.00—90000.00	— 1170.00	— 760.00
— —	90000.00 og yfir	— 1200.00	— 800.00

Greiði húseigandi áætlaðan helming heimtaugargjalds um leið og heimtaugaruppsetningu er lokið, er heimilt að veita honum gjaldfrest í allt að 12 mánuði á eftirstöðvunum. Heimtaugargjald fellur í gjalddaga, þegar brunabótamat hússins hefur farið fram.

Sé lengd jarðlínuheimtaugar meiri en 15 metrar og loftlínuheimtaugar meiri en 40 metrar, og/eða gildleiki víra meiri en  $3 \times 70$  mm<sup>2</sup>, skal húseigandi greiða kostnað af því, sem fram yfir er.

Ef lagðar eru fleiri en ein heimtaug að húsinu, skal greiða allan kostnað við síðari heimtaug eftir reikningi.

## IV. ÝMIS GJÖLD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduroppnun, 10 krónur.
2. Ef fundin eru óleyfileg vör eða of stór við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún ekki enduroppnuð fyrr en notandinn hefur greitt 10 króna gjald á skrifstofu rafveitunnar.

Hreppsnefnd er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í I. kafla þessarar gjaldskrár, um allt að 20% án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda 6  
18. jan.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, og vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Rafveitu Keflavíkur, nr. 148 4. nóvember 1946.

*Atvinnumálaráðuneytið, 18. janúar 1949.*

**Bjarni Ásgeirsson.**

*Þorv. K. Þorsteinsson.*

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Verðlaunasjóð fullnaðarprófsbarna 7  
í Reykjavík“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 18. 18. jan.  
janúar 1949.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Verðlaunasjóð fullnaðarprófsbarna í Reykjavík.

1. gr.

Stofnandi sjóðs þessa er fyrrverandi skólastjóri Miðbæjarskólans í Reykjavík, Hallgrímur Jónsson.

2. gr.

Sjóðurinn heitir „Verðlaunasjóður fullnaðarprófsbarna í Reykjavík“.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 10000.00 — tíu þúsund — krónur.

4. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í tryggum opinberum sjóðum, eða á annan öruggan hátt, að dómi stjórnar hans.

5. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða. Helmingi ársvaxta sjóðsins skal verja til verðlaunanna, samkvæmt skipulagsskrá þessari, en hinn helmingurinn leggist við höfuðstólinn.

6. gr.

Tilgangur sjóðsins er, að veita árlega 3 fullnaðarprófsbörnum, úr barnaskólum um Reykjavíkurbæjar, verðlaun af ofangreindum hluta vaxta sjóðsins, fyrir frábæra meðferð íslenzkrar tungu. Verðlaunaritgerðirnar skulu bera nokkurn vott um málvendni, leikni og snilli. Íslenzkupraófdómarar barnaskólanna og vel ritfær málhreinsunarmaður, sem fræðsluráð bendir á, skulu dæma börnunum verðlaunin. Keyptar skulu bækur fyrir verðlaunapeningana. Séu þær ritaðar á gullaldarmáli. Efni bókana skal vera sómasamlegt. Skólastjóri þess skóla, sem barnið er í, sem verðlaunin fær, riti nafn barnsins á bók þess og geti um, fyrir hvað verðlaunin séu veitt.



7

7. gr.

18. jan. Stjórn sjóðsins skal skipuð 3 mönnum, er fræðslumálastjóri útnefnið, til tveggja ára í senn. Meðal þeirra skal vera formaður Kennarasambands Íslands.

8. gr.

Stjórn sjóðsins ber að halda gerðabók fyrir sjóðinn og færa í hana skipulags-skrána, fundarsamþykktir, verðlaunaveitingar og annað, sem varðar hag og rekstur sjóðsins. Stjórninni ber enn fremur að færa bók yfir eignir sjóðsins, tekjur og gjöld hans og færa í hana ársreikninga sjóðsins.

9. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

10. gr.

Ársreikninga sjóðsins skal birta í Lögbirtingablaðinu.

11. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

8

## REGLUGERÐ

19. jan.

um viðauka við reglugerð nr. 130 23. sept. 1947, um vöruskömmtnun, takmörkun á sölu, dreifingu og afhendingu vara.

1. gr.

Aftan við 9. gr. reglugerðarinnar komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Skömmtnunarstjóra er heimilt, að fengnu samþykki viðskiptanefndar, að ákveða með auglýsingu samkvæmt því er segir í 3. gr., 3. mgr., að innflytjendum eða framleiðendum sé óheimilt að afhenda tiltekna skömmtnunarvörur nema gegn sérstökum innkaupaheimildum frá skömmtnunarskrifstofu ríkisins, og að reitir af gildandi skömmtnunarseðlum séu þá ekki jafnframt löglegar innkaupaheimildir handa innflytjendum né framleiðendum skömmtnunarvara innanlands, enda setji viðskiptanefnd reglur um veitingu þessara innkaupaheimilda.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 70 5. júní 1947 og lögum nr. 37 12. júní 1939, sbr. lög nr. 59 7. maí 1940, öðlast þegar gildi.

*Viðskiptamálaráðuneytið, 19. janúar 1949.*

**Emil Jónsson.**

*Dórhallur Ásgeirsson.*

**REGLUGERÐ**9  
20. jan.**um breyting á reglugerð nr. 91 20. júlí 1948, um söluskatt.**

## 1. gr.

Ákvörðun skattstjórans í Reykjavík um fjárhæð söluskatts í Reykjavík 4. misseri ársins 1948 skal tilkynnt skattgreiðanda með ábyrgðarbréfi, sem skal póstlagt í síðasta lagi 15. febrúar 1949. Aðrir frestir samkvæmt reglugerð nr. 91 20. júlí 1948 færast aftur um jafnlangan tíma, að því er þessa álagningu í Reykjavík varðar.

## 2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 47. gr. laga nr. 128 29. des. 1947, öðlast þegar gildi.

*Fjármálaráðuneytið, 20. janúar 1949.*

F. h. r.

**Magnús Gíslason.***Einar Bjarnason.***AUGLÝSING**10  
20. jan.**um breyting á gjaldskrá Héraðsrafmagnsveitna ríkisins fyrir Árnes- og Rangárvallasýslur, nr. 53 1. apríl 1948.**

Stafliðir A. og C. í I. kafla gjaldskrárinnar orðist svo:

**A. Lýsing.**

1. Um kwst.mæli á kr. 1.25 hver kwst. Við þessu verði skal selja hvers konar raforkunotkun, sem ekki fellur undir aðra liði þessarar gjaldskrár.
2. Um kwst.mæli á 45 aura hver kwst., auk fastagjalds, er nemi kr. 6.00 á ári á m<sup>2</sup> gólfflatarmáls í rúmi því, er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólf-fleti í búðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 2.00 á ári af m<sup>2</sup>.
3. Þar sem aðstæður leyfa, að dómi rafmagnsveitustjóra, að komið verði upp útlýsingarkerfi, er heimilt að selja rafmagn til útlýsingar á 45 aura hverja kwst., enda hafi uppsetning kerfisins verið kostuð af notanda og endurnýjun ljóskúlna sé einnig kostuð af honum.

**C. Rafmagn til véla.**

1. Um kwst.mæli á 65 aura hver kwst. Hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma á ári má krefjast minnsta árgjalds frá kr. 130.00 til kr. 150.00 á hvert uppsett kw. vélanna.

Eftir þessum gjaldskrárlið má einnig selja rafmagn til nota um vinnulaguir við byggingar, meðan á byggingu stendur.

2. Um kwst.mæli á 10 aura hver kwst., auk fastagjalds af samanlögðu ástimpluðu rafvélaafli, sem hér segir:

225 kr. á árskw. fyrir fyrstu 30 kw.	
185 — — — — næstu 70 —	
135 — — — — umfr. 100 —	

10  
20. jan.

- Minnsta árgjald skal þó vera sem svarar 1000 kwst. ársnotkun á hvert kw. í ástimpluðu rafvélaafli.
3. Ef uppsett rafvélaafli fastra véla við fisk-, kjöt- eða mjólkuriðnað er yfir 20 kw. um kwst.mæli, þannig:

Fyrstu	45000	kwst.	ársnotkun	á	25	aura	hver	kwst.
Næstu	105000	—	—	—	22	—	—	—
Umfr.	150000	—	—	—	19	—	—	—

Minsta árgjald skal þó vera kr. 200.00 á hvert kw. af samanlögðu ástimpluðu rafvélaafli.

Eftir þessum gjaldskrárlið má einnig selja rafmagn til súgþurrkunar á heyi.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnumálaráðuneytið, 20. janúar 1949.*

**Bjarni Ásgeirsson.**

*Þorv. K. Þorsteinsson.*

11  
24. jan.

## AUGLÝSING

um breyting á gjaldskrá Rafveitu Hafnarfjarðar, nr. 47 28. febr. 1947.

1. gr.

III. kafli gjaldskrárinnar orðist svo:

### III. HEIMTAUGARGJALD

Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveituna, skal greiða heimtaugargjald, er miðast við brunabótamat á húsum og mannvirkjum á þann hátt, sem hér segir:

	Brunabótamat:	Heimtaugargjald:	Jarðlína:	Loflína:
1. ....	0— 5000 kr.	300 kr.	170 kr.	
2. ....	5000— 10000 —	380 —	230 —	
3. ....	10000— 12500 —	450 —	280 —	
4. ....	12500— 15000 —	510 —	330 —	
5. ....	15000— 17500 —	560 —	370 —	
6. ....	17500— 20000 —	600 —	420 —	
7. ....	20000— 25000 —	700 —	510 —	
8. ....	25000— 30000 —	780 —	600 —	
9. ....	30000— 40000 —	880 —	650 —	
10. ....	40000— 50000 —	980 —	700 —	
11. ....	50000— 60000 —	1060 —	750 —	
12. ....	60000— 70000 —	1100 —	790 —	
13. ....	70000— 80000 —	1140 —	830 —	
14. ....	80000— 90000 —	1170 —	870 —	
15. ....	90000— 100000 —	1200 —	900 —	
16. ....	100000— 125000 —	1250 —	950 —	
17. ....	125000— 150000 —	1300 —	1000 —	
18. ....	150000— 200000 —	1400 —	1050 —	
19. ....	Yfir 200000 —	1500 —	1100 —	

Heimilt er að miða við umreiknað brunabótamat eftir visitölu byggingarkostnaðar, er Hagstofa Íslands reiknar út.

Sé lengd jarðlínuheimtaugar meiri en 15 m, loftlínuheimtaugar meiri en 40 m og gildleiki víra meiri en  $2 \times 70$  qmm., skal húseigandi kosta það, sem þar er fram yfir. Standi sérstaklega á, eða séu óvenjulega miklir örðugleikar við lagningu heimtaugar, má krefjast sérstaks endurgjalds af húseiganda, en gera skal honum aðvart um það fyrir fram.

Ef lagðar eru fleiri en ein heimtaug að húsinu, skal greiða annan kostnað við siðari heimtaugar eftir reikningi.

Heimtaugargjald fellur í gjalddaga, þegar er lokið er lagningu heimtaugar.

2. gr.

Í stað „3 kr.“ í IV. kafla 1 og 2 gjaldskrárinnar komi: 20 kr.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnuáráðuneytið, 24. janúar 1949.*

**Bjarni Ásgeirsson.**

*Þorv. K. Þorsteinsson.*

## L Ö G R E G L U S A M Þ Y K K T

fyrir Ísafjarðarkaupstað.

12

24. jan.

### I. KAFLI

Um reglu og velsæmi á almannafæri.

1. gr.

Á almannafæri mega uppþot eða óspektir ekki eiga sér stað. Ekki mega menn þyrpast saman á almannafæri, svo að til tálma sé fyrir umferðina. Þegar talað er um almannafæri í samþykkt þessari, er átt við götur, vegi og svæði, sem almenn- ingur fer um, eða ætlað er til almennings afnota, svo sem leikvelli, sölutorg, bryggjur, bólvirki o. s. frv. Um veitingastaði, almennar knattþórðsstofur, afgreiðslustaði bifreiða o. þ. h., kvikmyndahús, leikhús og önnur samkomuhús, gilda ákvæði samþykktar þessarar um almannafæri, eftir því sem við á.

2. gr.

Þegar fjölmenni safnast saman á almannafæri, þar á meðal við dyr kirkna, sölubúða, leikhúsa eða annarra samkomuhúsa, á bryggjum við skipakomur eða annars staðar, þar sem almenn- ingur kemur saman, skal fólk raða sér þannig, að þeir sem fyrst koma fái fyrstir afgreiðslu, og haga sér í öllu eftir þeim fyrirmælum, sem lögreglan eða umsjónarmaður setur, til að varðveita góða reglu.

3. gr.

Á almannafæri má ekki fljúgast á, æpa, kalla, blístra, syngja hátt né hafa í frammi annan hávaða eða ofsalegt eða móðgandi háttalag, sem raskar allsherjarreglu, eða ónáðar vegfarendur, viðstadda, eða þá sem húa í nágrenninu.

12

24. jan.

4. gr.

Bannað er að hafast nokkuð það að, sem raskar næturró manna, og enginn má að ófyrirsynju berja á dyr eða glugga, hringja dyrabjöllum eða hafast neitt það að, sem veldur ónæði.

Bifreiðastjórar skulu gæta þess, að gera engan óþarfa hávaða að næturlagi og skipum er bannað að gefa hljóðmerki við bryggjur eða annars staðar á höfninni frá kl. 23—8, nema siglingareglur krefji eða nauðsynlega þurfi að kalla á hafnsögu-mann eða lækni.

5. gr.

Á götum bæjarins, eða þar sem hætta getur af stafað, má ekki leika knattleik, paradís, feluleik, stikk eða klink, gera rennibrautir, renna sér á skautum eða sleðum, eða hafa um hönd aðrar skemmtanir eða leiki, sem hindra umferðina. Sömu-leiðis er bannað að hanga utan á vögnum, sleðum eða bifreiðum, sem eru á ferð um göturnar, eða festa í þá sleða, handvagna eða annað, er til óþæginda getur orðið.

6. gr.

Hlaðnar byssur má ekki bera um götur kaupstaðarins eða annars staðar á almannafæri. Byssur skal alltaf bera þannig, að hlaupið viti upp. Eigi má skjóta af byssum, skammbyssum, lyklabyssum, örvabogum eða öðrum skotvopnum á eða yfir almannafæri. Á almannafæri má eigi kveikja í púðri, skoteldum eða sprengi-efnum. Þó getur lögreglustjóri veitt undanþágu frá þessu ákvæði, ef sérstaklega stendur á, svo sem um áramót, og séu leyfin bundin við tiltekin svæði. Nauðsyn-legar sprengingar vegna mannvirkja má aðeins gera með sérstöku samþykki lög-reglustjóra og her bæði verkstjóri og sá, sem mannvirkið er unnið fyrir, ábyrgð á, að allrar varúðar sé gætt.

7. gr.

Enginn má ganga dulklæddur á almannafæri, eða í búningi, sem misbýður velsæmi eða getur raskað allsherjarreglu. Sömu-leiðis er bannað að sýna af sér hneykslanlega hegðun, t. d. með því að ávarpa menn ókurteisum eða ósæmilegum orðum, eða með því að sýna þar af sér ósæmilegt látbragð, svo sem að fletta sig klæðum, gera þarfir sínar o. s. frv.

Hneykslanleg hegðun telst það, ef nokkur sést ölvaður á almannafæri.

8. gr.

Enginn má baða sig eða synda nakinn við bryggjur bæjarins eða annars staðar svo nærri landi eða skipum á höfninni, að hneyksli valdi.

9. gr.

Hver sá, sem staddur er á almannafæri, er skyldur að segja til nafns sins og heimilis, þegar lögreglan krefst þess.

10. gr.

Almenningi er skylt að hlýða öllum skipunum lögreglumanna, er þeir gefa til þess að stjórna umferð eða halda uppi góðri reglu á almannafæri. Ef nauðsyn ber til, geta lögreglumenn krafist sér til aðstoðar hvern fulltíða mann, sem viðstaddur er, til að afstýra óreglu eða óspektum á almannafæri, en heimtingu eiga þeir á fullum bótum úr bæjarsjóði fyrir tjón, er þeir kunna að bíða við það, á fatnaði eða limum, en bæjarsjóður á aðgang að hinum seka.

## II. KAFLI

12

Ákvarðanir til að afstýra tálmunum og hættum fyrir umferðina.

24. jan.

## 11. gr.

Enginn má ótilkvaddur slökkva eða kveikja á götuljóskerum bæjarins.

Enginn má taka vatn úr brunahönum bæjarins eða hreyfa við þeim að neinu leyti, nema hann hafi til þess fengið leyfi slökkviliðsstjóra.

Enginn má snerta við brunaboðum bæjarins, nema hann þurfi að gera vart við eldsvoða.

Enginn má raska eða skemma rafmagnsleiðslur eða síma.

Enginn má grafa niður á né opna skolp- eða vatnsæðar bæjarins, nema með leyfi bæjarstjóra.

Brot gegn þessari grein varða sektum, er ekki séu lægri en 200 krónur.

## 12. gr.

Enginn má selja vörur eða reka aðra atvinnu á almannafæri, nema með sérstöku leyfi lögreglustjóra. Börn yngri en 14 ára mega alls ekki selja vörur á almannafæri. Þó skal börnum, 8 ára eða eldri, heimilað að selja dagblöð og fréttablöð og sömuleiðis aðgöngumiða að íþróttasýningum, dagskrá og merki, er gilda fyrir sérstaka hátíðisdaga.

Bannað er sölumönnum að gera vart við sig með ópum, köllum eða söng frá náttmálum til dagmála (sbr. 3. gr.).

## 13. gr.

Án leyfis hlutaðeigandi húsráðanda má enginn láta fyrirberast á húslóðum, húsríðum, húspökum, girðingum, í garðshliðum eða á stöðum, þar sem inn er gengið í hús eða á húslóðir, né fara inn í híbýli hans í söluerindum.

Auk þess getur lögreglan bannað mönnum að hafast við á þessum slóðum, ef hún telur, að það geti valdið óþægindum eða hættu.

## 14. gr.

Stéttir fram með götum eru eingöngu ætlaðar gangandi mönnum, eftir þeim má eigi fara með sleða, reiðhjól, hjólbörur, vagna né önnur aktól, nema barnavagna, og eigi bera, draga, velta eða á annan hátt flytja með sér fyrirferðamikla hluti, svo sem tunnur, hey eða annað, sem tálmar umferðinni. Ljái, gaddhrifur og aðra hluti, sem tjón getur hlotizt af, má aðeins flytja eftir götunni sjálfri, og skal svo um þá búið, að engin hætta stafi af þeim.

## 15. gr.

Á almannafæri má eigi leggja eða setja neitt það, er tálmar umferðinni. Bifreiðar, vagnar, hjólbörur og sleðar mega ekki standa á götum lengur en nauðsynlegt er til að fylla þá og tæma, og aldrei á gangstéttum. Bæjarstjórn ákveður í samráði við lögreglustjóra, hvar á götum eða torgum standa megi vagnar eða bifreiðar, sem notaðir eru til fólks- og vöruflutninga, og setur sérstakar reglur þar að lútandi. Má í þeim reglum ákveða gjald í bæjarsjóð fyrir bifreiðarstæði.

## 16. gr.

Á almannafæri má eigi vinna neina þá vinnu, er hindrar umferðina eða gerir hana hættulega, til dæmis telja við, höggva grjót, járna hesta, gera við bifreiðar eða því um líkt. Á almannafæri og á veggsvölum eða í gluggum, sem vita að almannafæri, má eigi hrista gólfduka, viðra sængurföt, hengja föt til þerris eða annað þess konar.

12

24. jan.

Vöruskápa sjálfsala, gluggaskýlur, auglýsingaspjöld eða annað þess konar má eigi hengja utan á hús þannig, að óþægindi verði að á almannafæri, að dómi lög-  
reglunnar. Í opnum gluggum, sem víta að almannafæri, má eigi láta standa jurta-  
potta eða neitt það, er tjóni getur valdið, ef það fellur niður. Hæð undir glugga-  
skýlur og auglýsingaspjöld, sem standa út frá húshlið fram yfir gangstétt eða götu,  
sé minnst 2.20 m.

18. gr.

Eigi má fleygja glerbrotum, steinum, nöglum, hálmi, ávaxtahýði, pappírslusli  
eða öðru þess konar á almannafæri, né heldur skvetta þar vatni eða öðru, er haft  
getur í för með sér hættu eða óþægindi fyrir vegfarendur.

19. gr.

Börn yngri en 12 ára mega ekki vera á almannafæri seinna en kl. 20 á tíma-  
bilinu 16. september til 15. apríl, og ekki seinna en kl. 22 á tímabilinu 16. apríl til  
15. september, nema í fylgd með fullorðnum, sem bera ábyrgð á þeim.

Börn 12 og 13 ára mega ekki vera á almannafæri seinna en kl. 22 á tímabilinu  
16. september til 15. apríl, og ekki seinna en kl. 23 á tímabilinu 16. apríl til 15. sept-  
ember, nema í fylgd með fullorðnum, sem bera ábyrgð á þeim.

Börn 14 og 15 ára mega ekki vera á almannafæri seinna en kl. 22 á tímabilinu  
16. september til 15. apríl, nema í fylgd með fullorðnum, sem bera ábyrgð á þeim.

Unglingum innan 16 ára er bönnuð óþarfa umferð út í skip, sem liggja á höfninni.

Foreldrar eða forráðamenn barnanna skulu, að viðlögðum sektum, sjá um,  
að ákvæðum þessum sé framfylgt.

20. gr.

Enginn má gera skurð í gangstéttir, götur eða torg bæjarins, né raska þeim á  
neinn hátt, nema hann hafi til þess leyfi bæjarstjóra og samþykki lögreglustjóra,  
enda setji hann aftur í samt lag það, sem raskað var og haldi því við í eitt ár, eftir  
að umbót er lokið og tekin gild af bæjarstjóra. Slík verk skulu unnin þannig, að  
sem minnstur farartálmi sé að, og ætíð skal þess gætt, að vegfarendur séu aðvar-  
aðir um farartálmann með nægilega greinilegum ljósum, er loga skulu frá því að  
dimma fer að kvöldi til þess hjart er að morgni. Að öðru leyti gerir lögreglustjóri  
þær ráðstafanir, er honum þykir þurfa, til að afstýra hættu fyrir vegfarendur. Getur  
hann bannað umferð um götuna að nokkru eða öllu leyti meðan á verkinu stendur,  
eða skipað fyrir um, hvernig umferðinni skuli hagað. Ef slíkt verk dregst úr hófi  
fram, eftir að byrjað er á því, getur lögreglustjóri látið ljúka verkinu eða setja göt-  
una í samt lag aftur á kostnað þess, sem verkið átti að framkvæma. Sama gildir, ef  
ekki er fullnægt viðhaldsskyldu.

21. gr.

Þegar nýtt hús er byggt eða eldra hús rifið og byggt upp að nokkru eða öllu  
leyti, er eiganda, eða þeim, sem sér um verkið, ef húsið liggur við almannafæri, skylt  
að skýra lögreglustjóra frá, áður en verkið byrjar, og sanna fyrir honum heimild  
til verksins. Hann skal haga sér eftir þeim fyrirmælum, sem lögreglustjóri setur,  
til að afstýra farartálma og hættu eða óþægindum fyrir vegfarendur. Verkfæri og  
verkefni má ekki leggja frá sér á almannafæri, nema þar sem lögreglustjórinn leyfir,  
og eigi má það liggja þar lengur en nauðsyn krefur. Mold, mól, leifar af verkefni og  
annað, er af byggingunni stafar, skal eigandinn færa burtu, er húsagerðinni er svo  
langt komið, að því verði við komið. Girðingar, sem kunna að hafa verið reistar til  
að afstýra hættu eða farartálma, skal taka burtu þegar í stað, þegar lögreglan krefst  
þess.

Nú brennur hús eða mannvirki, eða það er tekið burt, án þess að annað sé gert **12**  
 í staðinn, og er þá eiganda skylt að ganga svo frá húsnæðinu, að ekki stafi hætta, **24. jan.**  
 óþrifnaður eða óprýði af.

## 22. gr.

Pallar, stoðir og annar umbúnaður þess konar, sem notaður er við húsasmíðar og aðrar byggingar eða viðgerðir á húsum, skal vera nægilega traustur og þeir, sem nota hann, skulu vera gætnir og áreiðanlegir menn. Á slíkum pöllum utanverðum skal vera að minnsta kosti 20 cm há brik og handrið eða reipi í brjósthæð. Lausir stigar, sem notaðir eru við viðgerðir á húsum, málun, gluggaþvott eða þess konar, skulu vera nægilega traustir og kjálkarnir búnir járngöddum að neðan, ef stiginn er meira en 4 metra langur. Við fjölfarnar götur getur lögreglustjóri fyrirskipað, að vörður standi við stiga, meðan á verki stendur.

Lausir stigar mega ekki standa við húsvegg á almannafæri, eftir að dimmt er orðið.

Brot á þessari grein er á ábyrgð þess, er verkið annast, eða ef hann er eigi tilgreindur, þá á ábyrgð húseiganda.

## 23. gr.

Nú er hús svo hrörlegt, að hætt er við, að það hrynji, eða einhver hluti þess, og getur lögreglustjóri þá bannað að nota húsið og lagt fyrir eigandann að rífa það, eða endurbæta það, svo sem þörf gerist, innan tiltekins tíma. Enn fremur getur lögreglustjóri á kostnað eigandans gert aðrar ráðstafanir, sem hann telur nauðsynlegar til að afstýra hættu fyrir vegfarendur og aðra. Ákvæði þetta nær einnig til þess, þegar steinvegg, trévegg eða annarri girðingu liggur við hrúni eða falli.

## 24. gr.

Vindur og önnur áhöld, sem notuð eru til að hefja upp eða renna niður vörum eða öðru úr húsum, sem liggja að almannafæri, skulu vera nægilega traustar, og þeir, sem nota þær, skulu vera gætnir og áreiðanlegir menn.

## 25. gr.

Nú liggur kjallaraop út að almannafæri og lengra fram en húshliðin, og skal þá vera handrið úr járn, eða öðru tryggilegu efni beggja megin við þau, eigi lægra en 60 cm og lögreglustjóri getur auk þess krafizt, að kjallaraopið sé byrgt með hlemm eða hlera frá því að dimma tekur að kvöldi, unz hjart er að morgni.

Yfir birtugrófum, sem nú eru við stétt eða götur, skulu vera nægilega sterkar járngrindur, eða annar jafntryggur umbúnaður, jafnhátt stéttinni eða götunni. En yfir birtugrófir, sem gerðar kunna að verða framvegis, skal gera svo tryggilega, að enginn óþrifnaður komist ofan í grófina.

## 26. gr.

Um þakrennur og rennsli frá húsum í göturæsin eða rennurnar skal svo um búið, sem fyrir verður mælt í byggingarsamþykkt kaupstaðarins, og er húseiganda skylt að halda hvoru tveggja vel við.

## 27. gr.

Þegar ís leggur á Pollinn eða annars staðar á höfnina má enginn fara út á ísinn, fyrir en hann er orðinn vel heldur. Þyki lögreglustjóra ísinn eigi nógu traustur, skal hann banna alla umferð um hann. Enginn má heldur taka ís af Pollinum eða höggva vakir í hann, nema með leyfi bæjarstjóra og samþykki lögreglustjóra, og ákveður lögreglustjóri þá, hvernig vakirnar skuli girtar eða auðkenndar, svo að engin hætta stafi af þeim.

Fyrir ístökuna greiðist það gjald í bæjar sjóð, sem bæjarstjórnin ákveður.



## III. KAFLI

## Almennar umferðarreglur.

## 28. gr.

Umferð um götur kaupstaðarins skal fara fram eftir reglum þeim, sem settar eru í umferðalögum nr. 24 frá 16. júní 1941 og þessari samþykkt.

Vegfarendum er skylt að sýna fyllstu nærgætni gagnvart öðrum vegfarendum, einkum þegar farið er yfir þvera götu, við vegamót og þar sem viðvörðunarkerki eru sett. Þeim er skylt að haga sér tafarlaust eftir þeim fyrirmælum, sem lögreglan setur um umferðina, hvort sem það er gert með uppfestum auglýsingum, með boðum eða bendingum. Þeim er og skylt að nema staðar samstundis og lögreglan gefur stöðvunarkerki.

Allir vegfarendur skulu samstundis víkja úr vegi fyrir bifreiðum slökkviliðsins, sjúkrabifreiðum og bifreiðum lögreglunnar.

## 29. gr.

Stéttir meðfram götum eru eingöngu ætlaðar gangandi mönnum, og þar mega menn ekki staðnæmast að óþörfu, svo að umferðartruflun valdi.

Fótgangandi vegfarendur skulu, er þeir eru á ferð um götur bæjarins, vegi eða torg, að jafnaði halda sér á gangstéttunum, þar sem þær eru fyrir hendi. Þeir, sem ganga eftir götum eða stígum, þar sem engar gangstéttir eru, eða vegna þess að þeir sakir þrengsla á gangstéttinni verða að víkja út á götuna, eða þurfa að ganga yfir hana þvera, skulu veita umferðinni nána athygli og víkja þegar til hliðar, er viðvörðunarkerki eru gefin. Þegar fótgangandi vegfarendur fara yfir götu, skulu þeir fara beint yfir þvera götu, og yfir gatnamót er bannað að ganga á ská á milli horna.

## 30. gr.

Með hesta og ökutæki, má aðeins fara eftir þeim hluta götunnar, sem ætlaður er til aksturs, en ekki eftir gangstéttum, né vegum, sem ætlaðir eru til annarrar sérstakrar notkunar. Ef ástæða þykir til vegna umferðarhættu, eða af öðrum ástæðum, getur lögreglustjóri eða bæjarstjórn bannað akstur, reið eða hjólreiðar um einstakar götur, enda sé auglýst á gatnamótum, hvaða umferð er bönnuð.

## 31. gr.

Allir, sem fara um götur bæjarins utan gangstétta, hvort heldur eru gangandi, riðandi, í vagni, í bifreið, á hjóli eða öðrum fararkosti, skulu halda sér, gripum sínum og farartækjum á vinstri helmingi akbrautarinnar eingöngu, og svo nærri götubrún, eða gangstétt, sem auðið er. Sá, sem vill komast fram fyrir vegfarendur, skal víkja til hægri handar, þó ekki meir en nauðsyn krefur.

Við vegamót skal, ef þörf gerist, sá biða, sem hefur farartæki á vinstri hönd. Þessi regla leysir vegfarendur þó ekki undan þeirri skyldu, að sýnt fyllstu nærgætni og varkárni við vegamót, þótt þeir eigi þar umferðarréttinn.

Þeir, sem fara um gangstéttir, skulu víkja til vinstri handar, en eru þó ekki skyldir til að víkja út á akbrautina, sé hún á vinstri hönd.

## 32. gr.

Um götuhorn skal aka í kröppum boga, ef snúið er til vinstri handar, en í löngum boga, ef snúið er til hægri. Á götuhornum og gatnamótum er bannað að aka fram fyrir hest eða ökutæki, sem á undan fer. Þegar ekið er út úr hliðum eða um vegamót skal farið hægt.

## 33. gr.

Það er bannað að aka eða riða á hópgöngum eða líkfyldum eða fram hjá þeim. Skal víkja úr vegi fyrir þeim, ef unnt er, eða nema staðar, meðan þær fara fram hjá. Hópganga telst, þegar fólk streymir af íþróttavelli o. þ. h.

Ekki má aka eða riða um götur, þar sem fólk hefur safnast saman til að hlusta á ræðuhöld, söng, hornablástur eða þess háttar.

12

24. jan.

## 34. gr.

Á miðri götu má ekki nema staðar með hesta eða ökutæki, heldur skal það gert sem næst gangstéttinni eða jötujaðri, og skal snúa farartækinu þannig, að hlið þess sé jafnhliða gangstéttinni eða götujaðri. Ekki má nema staðar, þar sem hestur eða ökutæki heldur kyrru fyrir beint á móti hinum megin á götunni. Enn fremur er bannað að nema staðar með hest eða ökutæki á gatnamótum, eða nær þeim en 5 m frá götuhorni, miðað við húsalínu.

## 35. gr.

Með hesta eða ökutæki má ekki nema staðar á götum bæjarins, nema meðan ferming eða afferming á sér stað (sbr. 15. gr.), og skal það gert gangstéttarmegin. Farþegar skulu og þeim megin stíga upp í farartæki og út úr því.

## 36. gr.

Bifreiðastjórar skulu ætíð, er þeir ætla að beygja fyrir götuhorn, eða að fara yfir þvera götu, gefa merki um það í tæka tíð, með þar til gerðu tæki (sbr. 44. gr.) til hvorrar handar þeir ætla að beygja. Sömu leiðis skulu þeir gefa merki, er þeir draga skyndilega úr ferð bifreiðar sinnar, eða stöðva hana.

Bifreiðastjórar, sem aka bifreið, er ekki hefur umgetin tæki, svo og vagnstjórar, riðandi menn og hjólreiðamenn, skulu gefa þessi merki, með því að rétta út hægri eða vinstri hönd, eftir því til hvorrar handar þeir ætla að beygja og með því að rétta hönd beint upp, ef þeir draga úr ferð ökutækis síns eða stöðva það. Merki þessi skal, ef unnt er, gera utan við yfirbyggingu ökutækisins, svo þeir, er á eftir fara, sjái þau greinilega.

## 37. gr.

Bifreiðastjórar og aðrir vagnstjórar, svo og riðandi menn, hjólreiðamenn og aðrir skulu hafa nánar gætur á því, að þyrlla ekki á aðra vegfarendur ryki né sletta á þá for eða vatni. Þegar götur eru mjög þurrar eða forugar og blautar, skulu þeir gæta þess að fara svo hægt, að þeir ati ekki þá, sem þeir fara fram hjá og nema heldur staðar, ef þess gerist þörf.

## 38. gr.

Ef vegfarandi veldur slysi, hvort sem það er hans sök eða ekki, eða verður það á að brjóta ákvæði 37. gr., skal hann þegar nema staðar, kveðja til lögreglumann, skýra frá nafni sínu og heimilisfangi, ef þess er krafist, og skylt skal honum að hjálpa þeim, sem slasast hefur, ef þörf gerist.

## 39. gr.

Hlass, sem flutt er á ökutæki um bæinn, má ekki vera þyngra en svo, að ökutækið beri það auðveldlega; því skal vel fyrir komið og fest, svo að ekki haggist. Ekki má það dragast með jörðu né ná langt út af ökutækinu. Með málmvarning skal svo fara, að ekki hljótist hávaði af.

Ökutæki, sem flutt er á mól, sandur, mold o. þ. h., skulu svo gerð, að ekki hrynji úr þeim, þar sem farið er um.

12  
24. jan.

40. gr.  
Samkvæmt heimild 7. gr. umferðarlaga nr. 24 frá 16. júní 1941, skulu þessar götur teljast aðalbrautir: Fjarðarstræti, Aðalstræti frá bátahöfn að Silfurtorgi, Hafnarstræti og Seljalandsvegur.

Njóta aðalbrautir þess forréttar, að umferð bifreiða og annarra ökutækja frá vegum, er að þeim liggja, skal skilyrðislaust vikja fyrir umferð aðalbrautar, eða staðnæmast, áður en sveigt er inn á aðalbraut, ef þess er þörf.

41. gr.  
Að öðru leyti skal fara eftir ákvæðum bifreiðalaga og umferðalaga.

#### IV. KAFLI Um bifreiðar.

42. gr.  
Bifreið nefnist í samþykkt þessari hvert það ökutæki, sem knúð er áfram af aflvél í ökutækinu sjálfu og ætlað er til að flytja fólk eða varning. Samþykktin nær þó ekki til vagna, sem renna á spori eða ökutækja, sem notuð eru eingöngu af slökkviliði.

43. gr.  
Lögreglustjóri eða bæjarstjórn getur takmarkað eða bannað umferð bifreiða á einstökum götum, ef slík umferð álízt hættuleg eða til sérlegra óþæginda fyrir aðra umferð. Sömuleiðis getur lögreglustjóri eða bæjarstjórn takmarkað bifreiðaferðir innanbæjar að næturlagi.

44. gr.  
Um gerð bifreiða fer eftir bifreiðalögum. Á sérhverri bifreið, sem ekið er um lögsagnarumdæmi Ísafjarðar, skulu vera tæki, sem lögreglustjóri tekur gild og gefa má með greinileg merki um það, til hvorrar handar bifreiðastjóri ætlað sér að beygja, svo og um það, að hann dragi skyndilega úr ferð bifreiðar, eða stöðvi hana (sbr. 36. gr.). Horn þau, sem notuð eru til þess að gefa með hljóðverki innanbæjar, skulu þannig gerð, að þau gefi þægilegt, djúpt og einraddað hljóð.

Um gerð hornanna ákveður lögreglustjóri nánar í samráði við sérfróða menn. Ljós á bifreiðum, sem aka um bæinn, mega ekki vera svo sterk, né þannig stillt, að þau villi vegfarendum sýn.

45. gr.  
Á bifreiðum, sem ekið er um lögsagnarumdæmið á tímabilinu frá 1. ágúst til 15. maí, skulu vera ljós á þeim tíma, sem segir í eftirfarandi töflu:

1. jan.	til 15. jan.	kl. 14.40 til 10.10
16. jan.	— 31. jan.	— 16 — 9
1. febr.	— 14. febr.	— 16.50 — 8.10
15. febr.	— 29. febr.	— 18 — 7
1. marz	— 16. marz	— 19.10 — 5.50
16. marz	— 31. marz	— 20.30 — 4.30
1. apríl	— 15. apríl	— 21.20 — 3.40
16. apríl	— 30. apríl	— 22.20 — 2.40
1. maí	— 15. maí	— 23.35 — 1.25
1. ágúst	— 15. ágúst	— 23.35 — 1.25
16. ágúst	— 31. ágúst	— 22.30 — 2.30
1. sept.	— 15. sept.	— 20.35 — 4.25

16. sept.	til 30. sept.	kl. 19.50 til 5.10
1. okt.	— 15. okt.	— 18.35 — 6.25
16. okt.	— 31. okt.	— 17.30 — 7.30
1. nóv.	— 15. nóv.	— 16.25 — 8.35
16. nóv.	— 30. nóv.	— 15.20 — 9.40
1. des.	— 15. des.	— 14.20 — 10.30
16. des.	— 31. des.	— 13.35 — 11.05

12  
24. jan.

## 46. gr.

Sérhver bifreiðareigandi, sem búsettur er hér í bænum, skal senda lögreglustjóra tilkynningu um bifreið sína, áður en hún er tekin til notkunar, svo og um það, hvar bifreiðin verði geymd, þegar hún er ekki notuð. Lögreglustjóri lætur skoða bifreiðina og greiðir bifreiðareigandi kostnaðinn. Fullnægi bifreiðin ákvæðum bifreiðalaganna og reglugerða samkvæmt þeim og þessarar samþykktar, skrásetur lögreglustjóri hana og afhendir eiganda 2 merki með áletrunum Í og tölumerki, og skal festa annað framan á, en hitt aftan á bifreiðina, og má ekki taka þau af henni eða hylja á nokkurn hátt, meðan bifreiðin er notuð, og ber bifreiðarstjóra að sjá um, að merkjum sé haldið vel hreinum.

Engin önnur merki má setja framan eða aftan á bifreið, sem skrásett er á Ísafirði, nema „Kennslubifreið“.

Verði eigandaskipti að bifreið skal bæði hinn nýi og hinn fyrri eigandi bifreiðarinnar tafarlaust tilkynna það lögreglustjóra.

Bifreiðar, sem eru eign utanbæjarmanna, mega því aðeins fara um götur bæjarins, að framan og aftan á þeim sé greinilegt skrásetningamerki þeirra.

## 47. gr.

Enginn má stýra bifreið, nema hann sé fullra 18 ára að aldri, eða hafi undanþágu frá stjórnarráðinu, og hafi ökuskírteini, er heimili honum að stýra bifreið. Meðan ekið er, má bifreiðarstjóri ekki sleppa hendi af stýri bifreiðar sinnar, og varast skal hann að tala við farþega.

## 48. gr.

Ökuhraða bifreiða skal ávallt stilla svo, að komizt verði hjá slysum, og þannig, að umferð um götuna sé ekki trufluð, og má ökuhraðinn aldrei vera meiri en 25 kílómetrar á klukkustund. Þar sem bifreiðarstjóri sér skammt frá sér, í kröppum bugðum, við gatnamót, þar sem vegur er sleipur og þar sem mikil umferð er, skal gæta sérstakrar varúðar, og má þar aldrei aka hraðar en svo, að stöðva megi bifreiðina þegar í stað.

## 49. gr.

Ef bifreið mætir vögnum eða vegfarendum á stað, þar sem hvorugir komast fram hjá öðrum, skal bifreiðin aka til baka og nema staðar, þar sem hinir komast fram hjá henni.

## 50. gr.

Bifreiðarstjóri skal gefa hljóðmerki með horni sínu í tæka tíð, þegar umferðin gefur tilefni til þess. Hætta skal hann að gefa hljóðmerki, ef hestar hræðast eða verða óróir og ekki má hann gefa hljóðmerki um leið og bifreiðin fer fram hjá hestum.

Bifreiðarstjórar skulu gæta þess, einkum að næturlagi, að gera eigi hávaða um nauðsyn fram með hljóðmerkjum; þeim ber og að sjá um, að farþegar í vögnum þeirra hafi ekki neinn hávaða, er raski friði.

Óheimilt er bifreiðarstjórum að gefa hljóðmerki, nema umferðin gefi tilefni til þess.

12

24. jan.

Bannað er að nota til eldsneytis á bifreiðar steinolíu eða annað, sem reykur stafar af.

51. gr.

52. gr.

Fasta afgreiðslu bifreiða má einungis hafa í því húsnæði og á þeim stað, sem bæjarstjórn hefur samþykkt, að fengnum tillögum lögreglustjóra. Nær þetta ákvæði einnig til þeirra bifreiðastöðva, sem þegar eru starfandi.

53. gr.

Að öðru leyti skal fara eftir ákvæðum bifreiðalaga.

## V. KAFLI

### Um reiðhjól.

54. gr.

Þeir, sem fara á reiðhjólum um götur bæjarins, skulu gæta þess sem hér segir:

- a. Á reiðhjólum mega ekki í senn vera fleiri menn, en hjólið er gert fyrir. Sá, sem stýrir hjóli, skal ætíð halda að minnsta kosti annarri hendi um stýrið og hafa báðar fætur á stigsveifum. Enginn má flytja með sér á hjóli hluti, sem valdið geta hættu eða hindrað umferðina.
- b. Á hverju hjóli skal vera bjalla, sem hefur hveltt hljóð, en ekki horn né annar hljóðgjafi, og skal hjólreiðarmaður láta til hennar heyra, ef hætt er við árekstri.
- c. Ljósker, er snúi fram, skal vera á hverju hjóli, þegar farið er að skyggja. Ljós skal tendrað á þeim tíma, sem ákveðinn er til tendrunar á ljósum bifreiða í 45. gr.
- d. Ökuhraði á hjóli má ekki vera meiri en 25 kílómetrar á klukkustund og þar sem hjólamaður sér skammt frá sér í kröppum bugðum, við gatnamót, þar sem mikil umferð er og þar sem vegur er sleipur, skal gæta sérstakrar varúðar, og má þar aldrei aka hraðara en svo, að stöðva megi hjólið þegar í stað. Sé for eða bleyta á götu, skal aka svo, að ekki slettist á aðra vegfarendur, gangstéttir né byggingar. Skyld er hjólreiðarmanni að nema staðar, ef reið hans veldur því, að hestur fælist eða gerist óró.
- e. Byrjendur mega ekki æfa sig á hjólum á götum bæjarins. Ekki má hjóla á gangstéttum né yfir þær, og ekki inn eða út úr hliðum.
- f. Allar hjólreiðar um bryggjur við höfnina eru bannaðar.

Eigandi hjóls ber ábyrgð á brotum á samþykkt þessari, ef hann lánar það þeim, sem er yngri en 14 ára.

Enginn má aka reiðhjólum, ef hann er undir áhrifum áfengis. Að öðru leyti fer um hjólreiðarmenn eftir 11. gr. umferðarlaga nr. 24/1941.

## VI. KAFLI

### Um reið, hestaflutning og akstur á götum bæjarins.

55. gr.

Á almannafæri má ekki ríða, eða aka hraðara en á hægu brokki, og þar sem mikil er umferð, gatan mjó eða farartálmi á veginum, skal aðeins fara fót fyrir fót. Lögreglan getur skipað svo fyrir, hvenær sem nauðsyn þykir, að fara skuli aðeins fót fyrir fót á tilteknu svæði, og þar sem margir vagnar koma saman á einn stað, getur hún raðað þeim eða skipað þeim að nema staðar um stund.

Ríðandi menn og vagnstjórar skulu í tæka tíð gera viðvart mönnum, sem á undan þeim ganga. Eigi má ríða eða aka um gangstéttir bæjarins.

12

24. jan.

## 56. gr.

Það er með öllu bannað að ríða, beita fyrir vagna eða flytja farangur á höltum eða meiddum hestum, eða svo horuðum, að ekki hafi þeir fullan þrótt. Hestar, sem bíta eða slá skulu auðkenndir á þann hátt, að áberandi skúfur sé festur á ennistopp eða tagl.

## 57. gr.

Ríðandi mönnum, lestartönnum og öðrum, sem flytja farangur á áburðarhestum, er skylt að víkja úr vegi og jafnvel út af götunni fyrir vögnum og bifreiðum, er þeir mæta, ef vagninn kemst ekki leiðar sinnar að öðrum kosti. Með áburðarhesta má ekki hafa lengri viðdvöl á götunum en nauðsynlegt er til að láta upp eða taka ofan klyfjar. Um reiðhesta gildir hið sama, eftir því sem við á.

## 58. gr.

Vagnar skulu vera svo sterkir og vandaðir að smíði, að ekki sé hætt við bilun. Þeir mega ekki vera svo stórir um sig, að þeir hindri umferðina. Vagnar þeir, sem notaðir eru til mjólkurflutnings eða annars flutnings, sérstakrar tegundar, skulu gerðir eins og fyrir kann að vera mælt í sérstökum reglugerðum.

Aktýgin skulu vera haldgóð og hesturinn vel tengdur við vagninn.

Sæti ökumannsins á vagninum skal haga þannig, að hann sjái bæði vel framundan sér og til beggja hliða. Ef hlassið er svo fyrirferðamikild, að það byrgi útsýnið, er ökumanni skylt að ganga vinstra megin við vagninn og teyma hestinn.

## 59. gr.

Ökumenn og vagnstjórar skulu vera nógu sterkir og þroskaðir til þess starfa, enda hafi þeim verið kennt að stýra hesti og vagni af æfðum ökumanni. Hesta má ekki slá með öðru en þar til gerðum keyrum eða ólarsvipum. Vírsvipur eða prik má ekki nota. Aldrei má slá hesta í höfuð, fætur eða nára. Vagnhlass má ekki vera þyngra en svo, að hestum veitist létt að draga það.

## 60. gr.

Sami ökumaður má ekki fara með fleiri en tvo vagna, er tengslaðir séu saman. Það er og bannað að festa sleða eða handvagn við vagna, sem hestum er beitt fyrir.

Tveir vagnar eða fleiri mega ekki vera samhliða. Eigi má nema einn maður ríða við hliðina á vagni.

## 61. gr.

Ökumenn og ríðandi menn mega ekki yfirgefa hesta sína á almannafæri, nema annar maður haldi í taumana, eða hesturinn sé bundinn tryggilega. Á almannafæri má ekki taka beizli af hesti, sem beitt er fyrir vagn, nema meðan honum er gefið.

## 62. gr.

Um sleða, sem hestum er beitt fyrir, gilda sömu reglur og um vagna, að því viðbættu, að á aktýgi hestsins skal festa bjöllur þannig gerðar, að til þeirra heyrast í hæfilegri gjarlægð.

## VII. KAFLI

## Um rekstur gripa og fénaðar um götur bæjarins o. fl.

## 63. gr.

Alifugla má ekki hafa, nema þeir séu í afgirtu svæði eða öruggri vörzlu, og ekki við götu.

## 64. gr.

Búfénaður (nautgripir, sauðfé, geitur o. s. frv.) má ekki ganga laus í bænum, nema maður fylgi til að gæta hans, eða hann sé í öruggri vörzlu. Heimilt er þó bæjarstjóra að leyfa fjörubeit á tímabilinu október til apríl. Um hálsinn á geitfé skal jafnan vera þrihyrnd trégrind, gerð eftir fyrirmælum bæjarstjóra, svo að það ekki smjúgi girðingar og jafnan skal því fylgja maður til gæzlu, nema það sé í annarri öruggri vörzlu.

Fjárhús og önnur hús fyrir búpening má aðeins hafa þar, sem bæjarstjórn akveður.

Ef út af þessu er brugðið, varðar það eiganda sektum samkv. 101. gr. Enn fremur greiðir hann allan kostnað við handsömun og varðveizlu fénaðarins. Selja má fénaðinn til lúkningar kostnaði þessum, ef eigandi greiðir hann ekki.

Bannað er að flytja fénað bundinn í vögnum um bæinn.

## 65. gr.

Á almannafæri mega hestar ekki ganga lausir, og lausa hesta má ekki reka um götur bæjarins, nema verið sé að flytja þá úr haga og í.

Fælnir og slægir hestar mega aldrei ganga lausir. Hesta, sem leika sér eða fara á hlaupum um göturnar, skal handsama. Hesta, sem ráfa umhirðulausir um götur bæjarins, skal lögreglan hýsa og fódra.

Um ábyrgð og kostnað fer eins og segir í 64. gr.

## 66. gr.

Á götum bæjarins mega riðandi menn eigi teyma meira en tvo hesta við hlið sér. Eigi má heldur teyma meira en einn hest samhliða vagni eða hjóli, né fleiri en tvo lausa hesta samhliða.

## 67. gr.

Nautgripir, sem færðir eru til bæjarins, skulu ávallt leiddir í bandi, nægilega traustu, og skal næg gæzla höfð á. Það er með öllu bannað að binda nautgrip í tagl á hesti.

## 68. gr.

Um sauðfjárrekstra, sem koma til bæjarins til útflutnings eða slátrunar, gerir lögreglustjóri þær fyrirskipanir, sem nauðsynlegar þykja til að afstýra farartálma.

## VIII. KAFLI

## Um hunda.

## 69. gr.

Grimma hunda og hunda, sem hafa þann vana að ónáða menn og hræða með glepsi, urri eða gelti, eða sem eru óvenjulega stórir eða eru hættulegir búpeningi manna, ber eigendum að binda eða mýla tryggilega, að viðlagðri sekt samkvæmt 101. gr.

## 70. gr.

Enginn má siga hundi á menn, né að óþörfu á skepnur. Eigi má heldur láta farast fyrir að aftra hundi, ef hann verður var við, að hann ráðist á menn eða skepnur. Hver, sem brýtur á móti þessu, skal sæta sektum, þó ekkert tjón hafi hlotið af. Það er og bannað að egna hunda eða siga þeim saman á almannafæri.

12

24. jan.

## 71. gr.

Blóðhunda, eða aðra grimma hunda, má ekki nota til vörzlu, hvorki utan húss né innan.

## 72. gr.

Að öðru leyti fer um hunda samkvæmt samþykkt frá 9. júní 1931, um hunda-hald.

## IX. KAFLI

## Um friðun almenningsigna o. fl.

## 73. gr.

Mannvirki og hluti, hverju nafni sem nefnast, er ætlaðir eru til almennings-afnota, eða prýðis á almannafæri, svo sem minnisvarða, vatnsból, brunahana, brunaboða, síma, rafleiðslutæki, götuljósker, nafnspjöld á götum og húsum, bekki, girðingar og annað þess háttar, má enginn skemma eða færa úr stað, eigi heldur ata eða saurga, rita, rispa, tjarga, mála eða teikna á þá. Þetta á einnig við þann hluta af húsum, múr- og trégirðingum, sem liggja að almannafæri.

Enginn má raska friði fugla, sem eru á höfninni eða við hana, né annars staðar í lögsagnarumdæminu.

## 74. gr.

Enginn má skemma girðingar, sem eru við almannafæri, né setjast á þær eða klifra yfir eða upp um þær.

Enginn má skemma eða troða ræktaða bletti, grasreiti eða trjágarða, hvort sem eru girtir eða ógirtir.

## 75. gr.

Í kirkjugarðinum mega engir leikir eða önnur ótilhlýðileg hegðun eiga sér stað. Tré eða jurtir, sem gróðursettar eru á grafreitum eða leiðum, má enginn rífa upp eða færa burtu, né spilla eða saurga grafreitina á nokkurn hátt. Enginn má hafa með sér hund inn í kirkjugarðinn. Skepnur má eigi beita í kirkjugarðinum.

Börn yngri en 14 ára mega eigi vera í kirkjugarðinum, nema þau séu í fylgd með fullorðnum, sem ber ábyrgð á framferði þeirra.

## 76. gr.

Brot gegn reglum þeim, sem bæjarstjórnin setur um skemmtigarða, kirkjugarða, leikvelli og önnur opin svæði, varða refsingu samkvæmt samþykkt þessari.

## X. KAFLI

## Um götuspjöld, húsnúmer og uppfestar auglýsingar.

## 77. gr.

Bæjarstjórnin ákveður nöfn á götum og lætur festa upp nafnspjöld eða mála nöfnin á götuhornin, þar sem þurfa þykir. Töluspjöldum, sem bæjarstjórnin hefur látið eða lætur festa á hús, til að tákna húsaröð, skulu húseigendur halda við á sinn kostnað og endurnýja, ef á þarf að halda.



12

24. jan.

Bæjarstjórnin ákveður, hvar festa skuli upp auglýsingar frá yfirvöldum og öðrum stjórnarvöldum, og útvegar á kostnað bæjarsjóðs spjöld í því skyni, svo mörg, sem þurfa þykir.

Auglýsingar um sjónleiki, samsöngva, sýningar og aðrar skemmtanir, sem leyft er að halda, má festa upp, hvar sem er, með samþykki hlutaðeigandi húsráðanda.

Aðrar auglýsingar má festa upp með leyfi húsráðanda, þá er lögreglustjóra hafa verið sendar þær samkvæmt prentfrelsislögnum.

79. gr.

Uppfestar auglýsingar skulu hlutaðeigendur taka niður, þegar þær hafa fullnægt tilgangi sínum, og hreinsa vel staðinn, þar sem þær voru hafðar.

Löglega uppfestar auglýsingar má enginn rífa niður, saurga eða gera ólæsilegar á annan hátt.

## XI. KAFLI

### Um veitingahús, skemmtistaði og almennar skemmtanir.

80. gr.

Allir staðir, þar sem höfð er á hendi almenn veitingasala, matar og drykkja, sem og gístaðir fyrir almenning, skulu háðir sérstöku eftirliti lögreglustjórnarinnar og skal lögreglunni heimill umgangur um húsakynni þau, sem notuð eru í sambandi við veitingarnar.

Veitinga- og greiðasölu má aðeins hafa um hönd í húsnæði, sem að dómi heilbrigðisnefndar er til þess hæft og bæjarstjórnin hefur samþykkt. Þetta ákvæði nær einnig til þeirra veitinga- og greiðasöluhúsa, sem eru eldri en þessi samþykkt.

Á öllum gísthúsum skal haldin nákvæm gestaskrá.

81. gr.

Á almennum veitingastöðum eða samkomustöðum má enginn gerast sekur í ofsalegu atferli eða hávaða, svo að aðrir gestir, húsbóndi, heimilisfólk eða nágrennar hafi ónæði af. Þar má heldur eigi sýna af sér ósæmilega eða hneykslanlega hegðun eða hafa áhættuspil um hönd. Eigi er heimilt að láta ölvuðum manni í té neins konar veitingar umfram lífsnauðsynjar á almennum veitinga- eða samkomustað.

Hverjum þeim, sem hefur á hendi veitingasölu, matar og drykkja, eða selur gistingar, er skylt að gera það, sem í hans valdi stendur til að afstýra því, að nokkuð það fari fram í veitingastofu hans eða gísthúsi, sem er á móti góðri reglu og vel-sæmi. Skal hann sjá um, að loftræsting og þrífnaður sé í góðu lagi. Verði misbrestur á, að reglum þessum sé fylgt, eða fullnægi veitingastaðir ekki skilyrðum 82. gr., er lögreglustjóra heimilt að banna veitingar á þessum stöðum um stundarsakir, eða fyrir fullt og allt, ef ekki er bætt þegar úr ágöllum, að gefinni aðvörun.

82. gr.

Öllum veitingastöðum skal loka frá kl. 23½ til kl. 6, og allir gestir, sem eigi hafa þar náttstað, skulu hafa farið út eigi síðar en ½ stundu eftir að lokað er. Þó má selja ferðamönnum greiða á hvaða tíma sem er, ef þeir fá náttstað á veitingastaðnum eftir lokunartíma, og heimilt skal félögum að halda samkvæmi, dansleiki eða aðrar skemmtanir fram yfir lokunartíma, ef eigi taka þátt í því aðrir en félagsmenn og gestir þeirra. Þó er lögreglustjóra heimilt að skipa svo fyrir, að hífylum þeim, sem skemmtunin fer fram í, sé lokað kl. 23½, og hvorki gestum né félagsmönnum veittur aðgangur eftir þann tíma. Enn fremur mega brúðkaup og önnur boð standa fram yfir hinn tiltekna tíma.

Almennum knattborðsstofum skal lokað kl. 23 til kl. 9. Áður en lokað er, skulu allir gestir vera þaðan í burtu. 12

Unglingum innan 16 ára aldurs er óheimill aðgangur að almennum knattborðsstofum og ber eigendum og umsjónarmönnum stofanna að sjá um, að þeir fái þar ekki aðgang né hafist þar við. 24. jan.

Enn fremur er unglingum innan 16 ára aldurs óheimill aðgangur að dansstöðum og öldrykkjustofum. Einnig er þeim óheimill aðgangur að almennum kaffistofum eftir kl. 21, nema í fylgd með fullorðnum.

Barnaverndarnefnd hefur heimild til þess að ákveða, að unglingar 12—16 ára beri aldursskírteini.

#### 83. gr.

Enginn má halda sjónleiki fyrir borgun, nema hann fái til þess leyfi lögreglustjóra, er ákveður í samráði við bæjarstjóra, hve mikið skuli greiða í bæjarsjóð fyrir hverja sýningu. Leyfi lögreglustjóra þarf einnig til að halda sjónleiki borgunarlaust, í góðgerðaskyni, eða til að styrkja fyrirtæki í almennar þarfir, en fyrir slíka sjónleiki skal ekkert gjald greiða í bæjarsjóð. Íþróttasýningar, myndasýningar, töfrásýningar o. s. frv., eru sömu reglum háðar sem sjónleikir.

#### 84. gr.

Föst kvikmyndahús má ekki starfrækja í bænum, nema með leyfi bæjarstjórnar, og með þeim skilyrðum, að því er útbúnað og loftrými snertir, sem hún tiltekur. Ákveður bæjarstjórnin, hve mikið gjald skuli greiða í bæjarsjóð fyrir leyfið, annað hvort árlega eða fyrir hverja sýningu. Lögreglustjóri getur veitt leyfi til að halda eina og eina kvikmyndasýningu í senn, og ákveður þá í samráði við bæjarstjóra gjald í bæjarsjóð.

#### 85. gr.

Enginn má fyrir borgun halda opinbera samsöngva eða aðrar söngskemmtanir né heldur dansleiki, án leyfis lögreglustjóra, er í samráði við bæjarstjóra ákveður hvert gjald skuli greiða í bæjarsjóð. Án leyfis lögreglustjóra má og ekki kveikja skotelda eða ganga með logandi blys (sbr. 6. gr.).

#### 86. gr.

Hver sá, sem samkvæmt framanskraðu hefur fengið leyfi til að halda sjónleik, dansleik, samsöng eða einhverja þá skemmtun eða sýningu, sem talin er hér að framan, er skyldur að sjá um, að ekkert það fari fram, sem brýtur í bág við reglu eða velsæmi. Ef brestur verður á þessu, er lögreglunni heimilt að slíta samkomunni og skipa áhorfendum og öðrum, sem við eru staddir, að fara í burtu. Lögreglustjóri getur og fyrirskipað skoðun á kvikmyndum og bannað sýningu á myndum, sem hann telur skaðlegar eða siðspillandi.

#### 87. gr.

Húseigendur og húsráðendur geta bannað, að sá, er leyfi hefur fengið til að halda skemmtanir samkvæmt 85.—87. gr. noti það á þeirra lóð. Sömu leiðis er sérhverjum, sem hefur sjúkling á heimili sínu, eða ef aðrar gildar ástæður eru fyrir hendi, heimilt að krefjast þess, að engar almennar skemmtanir, sem háreisti er að, séu hafðar svo nærri húsi hans, að hætta eða tjón geti af því hlotizt.

#### 88. gr.

Við hvert veitingahús eða almennt samkomuhús skal eigandinn láta gera nægilega mörg vatnssalerni, sem gestum er heimill aðgangur að. Skal veitingamaður eða húseigandi sjá um, að þeim sé ávallt haldið vel hreinum.

## XII. KAFLI

## Um almennt hreinlæti, þrífnað o. s. frv.

## 89. gr.

Á almannafæri má enginn fleygja hræjum, rusli eða óhreinindum. Enginn má heldur fleygja neinu slíku í Pollinn. Í ræsi má eigi kasta neinu því, er stíflað geti vatnsrásina. Sorpi, slori, ösku eða óhreinindum má eigi kasta í fjöruna né fram af sjógörðum eða bryggjum. Eigi má heldur skilja þar eftir neitt þess konar, er valdið geti óheilmæmi eða óþrífnaði.

## 90. gr.

Þeir, sem flytja vörur, eldivið, mold, sand- mól, hey eða annað um götur bæjarins, skulu gæta þess vandlega, að flutningalækin séu þannig gerð, eftir nánari ákvörðun lögreglustjóra, að ekki valdi óþrífnaði. Ef eitthvað slæðist eða hrynur niður á almannafæri við flutninginn, fermingu eða affermingu, skal sá er flytur eða flutningum ræður, skyldur að hreinsa það upp þegar í stað.

## 91. gr.

Áburð og annað slíkt, sem óþef leggur af, má aðeins flytja um götur bæjarins í lokuðum vögnum vel þéttum. Má eigi fylla þá svo, að úr þeim hrynji meðan á flutningum stendur.

## 92. gr.

Á húshliðar eða gafla, eða girðingar, sem vita að almannafæri, má eigi hengja eða festa á annan hátt neins konar fiskiföng, né annað, sem óþrífnaður er að, eða óþefur. Eigi má heldur hafa fisktrönur við almannafæri. Lifrabræðslu eða aðra vinnu, sem óþrífnaði veldur eða óhollustu, má eigi hafa á öðrum stöðum en þeim, sem heilbrigðisnefndin ákveður.

## 93. gr.

Á tún, sem liggja að almannafæri, má ekki bera nokkurn þann áburð, sem megnan óþef leggur af.

## 94. gr.

Sorphauga, áburðarhauga, salerni, forir eða því um líkt, má eigi hafa í nánd við almannafæri. Þó getur bæjarstjórnin veitt undanþágu frá þessu ákvæði, að fengu- um meðmælum heilbrigðisnefndar.

## 95. gr.

Skylt er hús- eða lóðareigendum, ef þess er krafizt, að girða lóðir sínar sæm- legum girðingum og halda þeim vel við. Þeim er og skylt að sjá um, að haldið sé hreinum portum og annarri óbyggðri lóð í kringum hús þeirra, eða óbyggðri lóð, þar á meðal rústum.

Enginn má fleygja sorpi, ösku eða öðrum óhreinindum inn á lóð annars manns, eða orsaka að þetta berist inn á lóðina. Hver, sem gerist sekur um slíkt, skal sæta sektum og flytja óhreinindin tafarlaust burtu á sinn kostnað og gera ráðstafanir til að aftra því, að óhreinindin berist af lóð hans á lóð annars manns.

## 96. gr.

Þar sem holræsi er komið í götu, skal húseiganda skylt að leggja holræsi frá húsi sínu út í göturæsið og skal leiða allt skólþ frá því og regnvatn af húsum og lóð út í göturæsið. Húseigandi skal sjá um hreinsun á ræsum þeim, er ganga frá húsinu út í göturæsið eða rennum þeim, sem liggja kunna út í göturennur og sjá um afrennsli í þeim stíflist ekki.

## XIII. KAFLI

Um staðgildi samþykktarinnar, hegningarákvæði, kostnað o. fl.

12

24. jan.

97. gr.

Samþykkt þessi gildir fyrir allt lögsagnarumdæmi Ísafjarðar.

98. gr.

Með mál, sem rísa út af brotum á samþykkt þessari, skal farið sem almenn lögreglumál.

99. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum allt að 1000 krónum, ef ekki liggur við þyngri hegning að lögum. Ef kenna má yfirsjón, er barn yngra en 14 ára drygir, skorti á hæfilegri umsjón foreldra eða annarra, sem barninu ganga í foreldrastað, skal refsa þeim fyrir yfirsjónina, en ekki barninu.

Hagnaður sá, er sökudólgur kann að hafa haft af broti sínu og enginn einstakur maður á löglegt tilkall til, skal upptækur ger og renna, auk sekta, í bæjarsjóð.

100. gr.

Ef einhver lætur það ógert, sem er skylda hans samkvæmt samþykktinni, má lögreglustjóri láta framkvæma það, eða gera nauðsynlegar ráðstafanir til að hindra, að vanrækslan valdi tjóni. Kostnað við þetta og kostnað, sem leiðir af þeim ráðstöfunum, sem lögreglustjórinn gerir til að hindra brot gegn samþykktinni, greiðir bæjarsjóður, en skyldur er hinn seki að endurgreiða kostnaðinn að fullu.

101. gr.

Allan kostnað, sem leiðir af framkvæmd á samþykkt þessari, og eigi verður krafizt af einstökum mönnum, greiðir bæjarsjóður.

102. gr.

Með samþykkt þessari er úr gildi numin lögreglusamþykkt fyrir Ísafjörð, sem öðlaðist gildi 1. júlí 1931, svo og öll önnur ákvæði, sem kunna að koma í bága við samþykkt þessa.

Lögreglusamþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 1 3. jan. 1890, sbr. lög nr. 67 28. nóv. 1919, um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Í dómsmálaráðuneytinu, 24. janúar 1949.*

F. h. r.

**Gústav A. Jónasson.**

*Ragnar Bjarkan.*

## AUGLÝSING

## um söluskatt af innfluttum vörum.

## A.

Af tollverði allrar innfluttrar vöru skal greiða 6% söluskatt, að viðbættum aðflutningsgjöldum og áætlaðri álagningu 10% — tíu af hundraði, — og tekur gjaldskyldan einnig til vara til ríkisstofnana og annarra aðila. Undanþegnar söluskattinum eru vörur þær, sem taldar eru í 2. og 3. gr. tollskrárlaganna og viðgerðir á skipum og flugvélum, svo og vörur þær, sem taldar eru undir B hér á eftir.

Í 1. málsgr. 10. gr. tollskrárlaganna segir fyrir um það, hvað sé tollverð vöru. Frá þeirri reglu gildir sú undantekning, að ekki skal telja farmgjald í tollverði sykurs, sem telst til nr. 1—6 í 17. kafla tollskrárinnar.

## B.

Undanþegnar söluskatti eru þessar innflutningsvörur, auk þeirra, sem taldar eru í 2. og 3. gr. tollskrárlaganna:

Tollskrá		
Kafli	Nr.	
2	1—18	Flesk og annað kjöt og ætir hlutar af dýrum, ót. a.
3	1—5	Fiskur, nýr, ísvarinn, frystur, þurrkaður eða reyktur.
4	1—6	Mjólk, mjólkurafurðir og ný egg.
7	1—8	Grænmeti, nýtt og þurrkað.
22	6—38	Drúfuvín, brennd vín og aðrir áfengir vökvar, ót. a.
23	2	Fóðurmjöl úr fiski og fiskúrgangi, einnig þótt í því séu jurtaefni.
	12	Blöndur af korntegundum og öðrum efnum, ót. a., sem eingöngu verða notaðar sem skepnufóður.
25	9	Borðsalt.
	10	Annað salt.
27	1	Steinkol og brúnkol.
	14	Steinólía, óhreinsuð (hráólía).
	15	Flugvélabenzín.
	17	Aðrar brennsluolíur til véla, ót. a.
	18	Smurningsolíur.
32	6	Vélaáburður og annar þvilíkur áburður úr feiti og feittum sýrum.
35	1—9	Tilbúinn áburður.
40	21	Tunnustafir, tunnubotnar og tunnusvigar úr trjáviði.
	22	Spons úr trjáviði.
	23	Siglugjarðir úr trjáviði.
	24	Annað tilsníðið tunnuefni úr trjáviði.
	26	Trékassar, hálfunnir eða tilsníðnir.
	27	Aðrir trékassar.
	28	Síldartunnur.
	46	Botnrúllur (bobbingar) úr trjáviði.
	47	Botnvörpuhlerar úr trjáviði.
41	6	Netja- og nótakorkur alls konar.
42	2	Strámottur til umbúða.
44	34	Ófóðraðir og óskreyttir pappakassar til umbúða, einnig tilsníðnir.
45	3	Dagblöð og vikublöð.

Tollskrá			
Kaffi	Nr.		
46B	1	Óspunnir nylonþræðir til netagerðar.	<b>13</b>
48	6	Netjagarn úr baðmull.	12. jan.
49	2	Hampur.	
	5	Netjagarn úr hör eða rami.	
	8	Netjagarn úr hampi.	
	9	Botnvörpugarn úr hampi.	
	16	Mottur til umbúða.	
	22	Umbúðastrigi úr jútu.	
50	12	Færi og línur til fiskveiða.	
	13	Öngultaumar.	
	17	Grastóg.	
	18	Kaðlar, einnig þótt í þá sé lagður málmþráður.	
	19	Fiskinet og fiskinetjaslöngur.	
	21	Netjateinungar með blýi eða korki.	
	22	Lóðabelgir.	
52	30	Fiskimjölspokar, þ. e. stórir jútupokar undir fiskimjöl.	
60	15	Netjakúlur.	
63	11	Gjarðajárn.	
	27	Vírkaðlar, einnig þótt í þeim séu spunaefnaþræðir.	
	92	Vörpujárn, „bobbingar“ og aðrir botnvörpuhlutir úr járn, ót. a.	
	97	Netjakúlur.	
64	13	Veiðarfæralásar og hringir í herpinætur o. þ. h.	
66	6	Netjakúlur.	
67	5	Blýlóð (sökku).	
76	1	Flugvélar og hlutar til þeirra.	
	2	Skip 250 tonn eða stærri.	
	4	Herpinótabátar.	
84	9	Fiskiönglar.	

*Fjármálaráðuneytið, 12. janúar 1949.*

**Jóhann P. Jósefsson.**

*Magnús Gíslason.*

## AUGLÝSING

14

28. jan.

um breyting á gjaldskrá Rafveitu Hafnarfjarðar, nr. 47 28. febrúar 1947.

Öll gjöld samkvæmt I. kafla gjaldskrárinnar skal heimilt að innheimta með 5% viðauka, þar til annað kynni að verða ákveðið.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnumálaráðuneytið, 28. janúar 1949.*

**Bjarni Ásgeirsson.**

*Gunnl. E. Briem.*

15  
31. jan.

## REGLUGERÐ

### fyrir Rafveitu Reyðarfjarðar.

#### A. Stjórn og rekstur.

##### 1. gr.

#### *Markmið Rafveitunnar.*

Rafveita Reyðarfjarðar er fyrirtæki, sem hreppsnefnd Reyðarfjarðar starfrækir í þeim tilgangi, að veita raforku um hreppinn og selja hana til heimilisnotkunar, iðnaðar og annarra þarfa.

Rafveitan er eign Reyðarfjarðarhrepps, en skal rekin sem sjálfstætt fyrirtæki með nafninu Rafveita Reyðarfjarðar, og hafa sérstakt reikningshald.

##### 2. gr.

#### *Verksvið og orkuveitusvæði.*

Rafveita Reyðarfjarðar aflar raforku til almenningsþarfa í Reyðarfjarðarhreppi með því að kaupa raforku frá öðrum, eða vinna hana sjálf, og veitir þeirri orku, sem þannig er keypt eða unnin, um orkuveitukerfi rafveitunnar.

Orkuveitusvæði rafveitunnar er lögsagnarumdæmi Reyðarfjarðarhrepps og sá hluti nágrennis hreppsins, sem hreppsstjórn ákveður og ráðherra samþykkir.

Rafveita Reyðarfjarðar hefur einkarétt til sölu á raforku beint til raforku-notenda á orkuveitusvæði sínu.

##### 3. gr.

#### *Stjórn raforkumála. Rafveitustjóri.*

Yfirstjórn raforkumála hreppsins er í höndum hreppsnefndar, en framkvæmdastjórnin skal falin rafveitunefnd ásamt rafveitustjóra, sem hreppsnefnd skipar, að fengnum tillögum rafveitunefndar, og skal hann um rafmagnssérmenntun fullnægja skilyrðum til háspennulöggildingar a. m. k. Hreppsnefndin setur honum erindisbréf. Rafveitustjóri er framkvæmdastjóri rafveitunnar.

Í rafveitunefnd eiga sæti 3 menn, kosnir af hreppsnefnd. Rafveitustjóri á sæti á fundum nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétti.

##### 4. gr.

#### *Verksvið rafveitunefndar.*

Rafveitunefnd hefur á hendi stjórn rafveitunnar, sér um viðhald hennar og umbætur og allt, er að starfrækslu hennar lýtur, kaup og sölu á raforku, fjárhald og reikningsskil. Hún skal gefa hreppsnefnd þær skýrslur, sem óskað er eftir, um starfrækslu og ástand rafveitunnar og leggja ársreikning hennar fyrir hreppsnefnd til úrskurðar samtímis ársreikningum hreppsins.

Rafveitunefnd semur nánari reglur, sem hreppsnefnd skal staðfesta, um einstök atriði þessarar reglugerðar, eftir því sem þörf gerist. Hún gerir einnig tillögur til hreppsnefndar um gjaldskrá fyrir rafveituna, undirbýr samninga um orkukaup og orkusölu og annast framkvæmdir allra raforkumála hreppsins.

Rafveitunefnd skipar alla fasta starfsmenn rafveitunnar, að fengnum tillögum rafveitustjóra, og setur þeim erindisbréf.

## 5. gr.

*Verksvið rafveitustjóra.*

15

31. jan.

Rafveitustjóri stjórnar daglegri starfrækslu og reikningshaldi rafveitunnar, eftirliti, viðhaldi á stöðvum, taugum og öðrum útbúnaði og öllum verklegum framkvæmdum, er snerta hana. Hann hefur eftirlit með rafmagnslagningu á orkuveitusvæðinu, þar með talið efni og tæki, sér um afgreiðslu og innheimtu við kaup og sölu á raforku, efni og tækjum, sem veitan kaupir eða selur.

Rafveitustjóri ræður verkamenn og starfsmenn veitunnar, svo sem þörf er á, auk hinna föstu starfsmanna.

## 6. gr.

*Reikningshald og ráðstöfun tekna.*

Rafveita Reyðarfjarðar hefur sjálfstætt reikningshald og tekur sjálf við greiðslum fyrir selda raforku og öðrum tekjum. Skal tekjum hennar fyrst og fremst varið til að standast straum af öllum greiðsluskuldbindingum hennar, svo sem afborgunum á áhvilandi skuldum, vöxtum og öðrum rekstrarkostnaði, þar með talið fullnægjandi viðhald og endurnýjun virkja og annað, sem nauðsynlegt er til að tryggja öruggan rekstur rafveitunnar, en tekjum, sem umfram kunna að verða, ráðstafar hreppsnefnd.

Rafveitustjóri varðveitir sjóð rafveitunnar samkvæmt nánari reglum, sem hreppsnefnd setur að tillögum rafveitunefndar.

## 7. gr.

*Löggilding rafvirkja. Raflagningarreglur.*

Hreppsnefnd getur ákveðið, að engir aðrir en þeir, sem sérstaklega eru til þess löggiltir, megi taka að sér lagningu á húsveitu og uppsetningu véla og tækja eða framkvæma á sína ábyrgð nokkurt verk, er snertir veitur, sem tengja á við taugakerfi rafveitunnar. Hreppsnefnd setur löggildingarskilyrði, löggildir menn og setur reglur um frágang og tilhögun á verkum þeim, sem falla undir verksvið þeirra, allt að fengnum tillögum rafveitustjóra.

Eigi má löggilda sérstaklega aðra en þá, sem áður hafa hlotið löggildingunni rafmagnseftirlits ríkisins og ekki setja kröfuminni reglur um raflagningar en rafmagnseftirlit ríkisins gerir.

**B. Söluskilmálar.**

## 8. gr.

*Sala raforku.*

Rafveita Reyðarfjarðar selur raforku til almenningsþarfa á orkuveitusvæði sínu, alls staðar þar sem taugakerfi hennar nær til, með þeim skilmálum, sem ákveðnir eru í reglugerð þessari og gjaldskrá rafveitunnar á hverjum tíma.

Raforkan er seld sem ein- eða þrífasa riðstraumur, með 220 volta málspennu og 50 riðum á sekúndu. Þegar sérstakar ástæður mæla með, má rafveitustjóri láta í té orku með annarri spennu og annarri straumtegund.

## 9. gr.

*Umsókn um kaup á raforku.*

Hver, sem óskar að gerast notandi að raforku, verður að fylla út tilætluð umsóknareyðublöð, er fást á skrifstofu rafveitunnar, og skal hann skuldbinda sig með undirskrift sinni, að hlíta settum reglum um kaup á raforku frá rafveitunni. Skal í umsókninni skýrt frá, hve mikið afl þarf, og til hvers það er ætlað.



## 10. gr.

*Umsókn um heimtaug.*

Umsókn um heimtaug eða breytingu á heimtaug skal undirskrifuð af húseiganda, er skuldbindur sig til þess með undirskrift sinni, að greiða heimtaugargjald það, sem ákveðið er í gjaldskrá rafveitunnar.

Heimtaugar með stofnvari eru eign rafveitunnar, enda þótt heimtaugargjaldið hafi verið greitt eftir kostnaði heimtaugar. Rafveitan annast viðhald og endurnýjun heimtaugar án sérstaks endurgjalds, nema heimtaug þurfi að breyta vegna breytingar á húsi. Skal húseigandi greiða kostnaðinn við þá breytingu, og ef ofanjarðarheimtaug er breytt í neðanjarðar, skal húseigandi greiða mismun, sem ákveðinn er í gjaldskrá. Rafveitunni er heimilt að krefjast skuldbindingar um lágmarksnotkun um heimtaug.

Sé um tiltölulega mikla notkun að ræða, og rafveitan þarf, til þess að fullnægja henni, sérstaklega að auka háspennukerfi, auka afl spennistöðvar eða gera meiri háttar viðbætur á lágspennukerfi, er rafmagnsstjóra heimilt að krefjast skuldbindingar umsækjanda um tiltekinn notkunartíma eða þátttöku í kostnaði.

Eigi er skylt að ljúka lagningu jarðstrengsheimtaugar meðan jörð er frosin.

## 11. gr.

*Húsveitur.*

Skylt er að láta löggiltan rafvirkja eða rafveituna, ef hún tekur slík verk að sér, framkvæma alla vinnu við raflagnir og raftæki, hvort heldur er um að ræða nýjar raflagnir eða breytingar eða viðgerð á raflögn.

Löggiltir rafvirkjar annast umsóknir og tilkynningar til rafveitunnar um allar raflagnir fyrir hönd húseigenda eða notenda, samkvæmt því, sem ákveðið er í reglum um raflagnir í Reyðarfjarðarhreppi, en rafveitan annast úttekt á öllum nýlagningum, viðaukum og breytingum á raflögnum.

Engir aðrir en umboðsmenn rafveitunnar mega setja straum á veitu eða hluta af veitu, sem úttektarskyld er fyrir en úttekt hefur farið fram og veitan verið tengd af umboðsmönnum rafveitunnar.

Sé út af þessu brugðið, varðar það þann sektum, sem verkið er unnið fyrir, þann, sem setur strauminn á og loks hinn löggilta rafvirkja, er sá um verkið.

Rafveitan tekur ekki á sig ábyrgð á veitu með úttekt eða tengingu.

Rafveitan áskilur sér rétt til þess að setja þau skilyrði fyrir tengingu á veitu, að notkun um hana verði ekki taugakerfi rafveitunnar ofviða, og þar sem hætta kann að verða á þessu, má setja viðeigandi skilyrði í hvert sinn fyrir notkuninni, þar til úr er bætt.

## 12. gr.

*Sala á raforku til notenda, sem sjálfir hafa orkuvinnslu.*

Veitur, sem að jafnaði nota raforku annars staðar að en frá rafveitunni, má tengja við taugakerfi hennar í því skyni, að rafveitan verði aðallega eða eingöngu notuð til vara með því skilyrði, að greitt sé lágmarksárgjald, sem svarar til þeirrar kvaðar, sem hvílir á rafveitunni vegna tengingarinnar.

Framsala til annarra á raforku, sem keypt er af rafveitunni, er óheimil án leyfis rafveitustjóra.

## 13. gr.

*Eftirlit með húsveitum og tækjum. Gallar á húsveitum.*

Sérhver húsveita, að meðtöldum tækjum til notkunar á raforku, skal fullnægja kröfum þeim, sem settar eru í reglugerð rafmagnseftirlits ríkisins og í reglugerðum rafveitunnar um raflagnir.

Rafveitustjóra er heimilt að hafa eftirlit með öllum húsveitum, gögnum og tækjum, sem notuð eru við hagnýtingu á raforku, og skulu starfsmenn rafveitunnar hafa frjálsan aðgang að öllum herbergjum húss, hvenær sem nauðsynlegt er, til að skoða húsveituna eða hluta hennar eða raftæki, sem nota má við veituna.

Vélar og önnur tæki skulu vera þannig sett og þannig útbúin, að þau starfi án þess að titringi valdi eða truflun á ljósum eða annarri notkun.

Sé mishrestur á þessu eða aðrir gallar á veitu eða tækjum, skal notandi þegar í stað á sinn kostnað láta löggiltan rafvirkja lagfæra þetta.

Nú kemur í ljós við skoðun, sem framkvæmd er af rafveitunni, rafmagns-  
eftirliti ríkisins eða löggiltum rafvirkja, á húsveitu eða tækjum, að galli er á veitu eða tækjum, og skal þá eigandi veitunnar eða tækjanna skyldur til þess að láta gera við gallann á sinn kostnað. Viðgerðin skal framkvæmd af löggiltum rafvirkja.

Rafveitustjóri getur látið taka veituna eða tæki úr sambandi meðan galli er á veitunni eða tækjunum, þar til úr er bætt, eða látið gera við galla á kostnað eiganda.

Húseiganda er skylt að sjá um, að stofntaugar í húsveitu hans séu ávallt nægilega gildar fyrir notkun veitunnar.

Ef óleyfileg vör finnast í veitu, skal notandi veitunnar gerður ábyrgur fyrir, samkvæmt fyrirskipun rafmagnseftirlits ríkisins.

Séu gerðar óleyfilegar tengingar eða breytingar á veitu eða tækjum eða sýnt birðuleysi um meðferð eða viðhald veitu eða tækja, skal farið með það sem galla á veitu, og er heimilt að gera eiganda að greiða aukagjald, sem ákveðið er í gjaldskrá vegna kostnaðar við aukið eftirlit með veitunni.

Það er óleyfilegt, sem ekki fullnægir kröfum, sem settar eru í reglugerðum rafmagnseftirlits ríkisins um raforkuvirki og reglugerðum Rafveitu Reyðarfjarðar.

#### 14. gr.

##### *Mælitæki.*

1. Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir húsveitu, svo og stað fyrir þau og um tengingu.

Notandi mælitækis er sá, sem skráður er fyrir raforkunotkun þeirrar veitu, sem mælitækið er fyrir. Skal hann bera ábyrgð á mælitækinu, svo og raforkunotkun veitunnar, þar til er hann lætur af notkun hennar og hefur sagt upp notkuninni með þeim fyrirvara, sem um getur í 19. gr.

Rafveitan leggur til öll mælitæki og annast um venjulegt viðhald þeirra og endurnýjun á sinn kostnað. Nú verður mælitæki fyrir óvenjulegu hnjaski eða skemmdum, og er þá heimilt að gera notanda að greiða kostnað við viðhald þess eða endurnýjun.

2. Ef notandi óskar, að mælitækið sé leiðrétt, skal hann senda skriflega beiðni um það til rafveitunnar.

Ef þá kemur í ljós við athugun mælitækis, að mesta skekkja sé  $\pm 5\%$  eða minni, er heimilt að gera notanda að greiða kostnað við prófunina. Sé skekkja meiri, skal rafveitan bera kostnað af prófuninni.

Ef notandi vefengir árangur prófunarinnar, skal leita úrskurðar rafmagns-  
eftirlits ríkisins, og er hann bindandi fyrir báða aðila. Kostnað við það skal notandi greiða, ef skekkjan reynist minni en  $\pm 5\%$ , en rafveitan annars.

Hafi kwst.mælir sýnt  $\pm 5\%$  skekkju eða meiri, skal rafveitan áætla leiðréttingu á reikningi rafmagnsnotanda miðað við fyrri notkun, og eftir þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, eftir því, sem næst verður komið, þó ekki fyrir lengra tímabil en 3 mánuði, nema notandi geti sannað, að um lengra tímabil hafi verið að ræða.

- 15 3. Notendur, sem hafa hemil eða rofa, eiga ekki rétt á neinni endurgreiðslu á föstu  
31. jan. verði, þótt þeir telji sig ekki hafa getað náð því afli, sem fasta greiðslan er miðuð við, en rafveitunni er skylt að leiðrétta skekkju hemilsins eða rofans svo fljótt, sem við verður komið.

Ef hemill notanda brennur sundur með stuttu millibili og ástæða er til að ætla, að of mikið sé lagt á hann að staðaldri, hefur rafveitan rétt til að neita um hemil og gera notanda að skilyrði að kaupa orkuna eftir öðrum gjaldskrárlið.

4. Ef notandi hefur aukna straumnotkun vegna galla á veitu sinni eða tækjum, er rafveitan ekki skyld til þess að áætla frádrátt á reikningum notandans þess vegna.
5. Ef svo reynist, að notkun hafi orðið meira en álestur sýnir eða álestur verið skakkur eða útreikningur á reikningsfjárhæðinni, áskilur rafveitan sér rétt til að leiðrétta þessa skekkju eftir á, undir eins og vitað er.
6. Verði uppvíst, að straumur sé notaður á annan hátt en um er samið eða raskað hefur verið mælitækjum eða breytt tengingu, þannig að ekki komi fram öll notkun, skal rafveitan áætla þann straum, sem notaður hefur verið óleyfilega, og skal notandi gjalda fyrir hann þrefalt verð eftir gjaldskrá fyrir allan tímann, sem liðinn er frá síðustu skoðun veitunnar, og þar til er leiðrétt er, nema þyngri refsing liggi við að lögum.

Ef ekki eru fyrir hendi sérstakar upplýsingar um líklega notkun á veitunni, má miða matið við stærð á vörum þeim, sem fyrir veitunni eru.

Við endurtekningu skal rjúfa samband við veituna og gera ráðstafanir til að koma fram ábyrgð á hendur þeim, sem brotlegur hefur gerzt.

#### 15. gr.

##### *Ábyrgð.*

Ef vanskil eða dráttur verður á greiðslu rafmagnsgjalda, getur rafveitan krafizt tryggingar fyrir skilvísri greiðslu. Ef rafmagnsnotkun um mælitæki nægir ekki til þess að greiða raunverulegan afhendingarkostnað raforkunnar um mælitækið, er rafveitunni heimilt að krefjast lágmarksgjalds fyrir notkunina. Að öðrum kosti er rafveitunni heimilt að taka mælitækið niður og loka veitunni eða breyta tengingu hennar.

#### 16. gr.

##### *Gjald fyrir raforku.*

Reikningur fyrir raforku skal að jafnaði afhentur í húsnæði því, þar sem raforkan er notuð, og er reikningurinn fallinn í gjalddaga undir eins og krafizt er um greiðslu. Nánari reglur um innheimtu og um gjalddaga má þó setja í gjaldskrá.

#### 17. gr.

##### *Lokun fyrir veitu og enduroppnun.*

Sé gjald fyrir raforku ekki greitt þegar greiðslu er krafizt, getur rafveitan sent gjaldanda tilkynningu eða afhent hana í húsnæði því, er veita hans er í, um, að hann verði að greiða gjaldið til skrifstofu rafveitunnar innan viku. Dragist greiðsla lengur, er heimilt að taka straum af veitunni, en þó ekki fyrr en þremur dögum eftir að skrifleg tilkynning þess efnis til gjaldanda er afhent honum eða afhent í húsnæði því, sem veita hans er í.

Rafveitunni er heimilt að loka veitunni og senda skuldakröfu, sem hún kann að hafa á hendur notanda til innheimtu með lögtaki:

- a. þegar notandi, þrátt fyrir kröfu og skriflega aðvörun, sem að framan greinir, hefur ekki greitt reikning frá rafveitunni, sem fallinn er í gjalddaga; 15  
31. jan.
- b. þegar ábyrgðarmaður notanda stendur ekki við ábyrgðina;
- c. þegar notandi hefur gerzt brotlegur við reglugerð þessa.

Lokun fyrir veitu af þessum ástæðum losar notandann ekki undan greiðsluskyldu á lokunartímabilinu.

Sé lokað fyrir veitu vegna skulda má að jafnaði ekki opna aftur, nema:

1. skuldin sé greidd að fullu eða fullnægjandi trygging sett fyrir því, að skuldin verði greidd;
2. að greitt sé aukagjald fyrir endurofnun veitunnar samkvæmt gjaldskrá;
3. að trygging sé sett fyrir skilvisri greiðslu framvegis, ef sérstakar ástæður eru til að krefjast slíkrar tryggingar.

Ef notandi raforku óskar eftir, að veita hans sé tekin úr sambandi um tíma, er heimilt að taka aukagjald, samkvæmt gjaldskrá, fyrir endurofnun veitunnar, svo og að taka fulla leigu fyrir mælitæki veitunnar þann tíma, sem veitan var ekki í notkun.

Enginn má framkvæma endurtengingu veitu, nema þeir, sem rafveitan hefur veitt umboð til þess hverju sinni. Sé brotið á móti þessu, skal farið með það sem endurtekna, óleyfilega straumnotkun samkvæmt 14. gr.

### 18. gr.

#### *Rekstrartruflanir.*

Stöðvun á rekstri eða truflanir vegna bilana eða takmarkana á raforkuvinnslunni hefur ekki í för með sér neinar skaðabótaskyldur á hendur rafveitunni, en koma skal á reglulegum rekstri aftur, eins fljótt og auðið er.

Notendur eiga ekki rétt á endurgreiðslu, þótt stöðvun verði vegna bilana eða annarra óviðráðanlegra atvika um langan eða skamman tíma, að öðru leyti en því, sem segir síðar um endurgreiðslu fastagjalds, og rafveitan ber ekki ábyrgð á spennubreytingum undir slíkum kringumstæðum eða afleiðingum af þeim, og eigi heldur af bruna eða slysum, sem verða kunna af völdum rafmagns frá húsveitum rafmagnsnotenda.

Rafveitan áskilur sér rétt til þess að loka fyrir straum til viðgerða og viðhalds eða eftirlits á helgum dögum á þeim tímum, sem heimilisnotkun er almennt minnst, og að nóttu til í maí—júli, svo og endranær, þegar þörf gerist.

Meðan verið er að leggja heimtaugar eða götutaugar, er rafveitunni heimilt að taka straum af því svæði, sem nauðsynlegt er, til þess að framkvæma tengingar.

Komi það fyrir, að takmarka þurfi notkun á raforku um langan eða skamman tíma, ákveður hreppsnefnd, eftir tillögum rafveitunefndar, hver notkun skuli takmörkuð fyrst og á hvern hátt.

Stöðvun á rekstri skal tilkynna fyrir fram, ef unnt er, en þó eiga notendur enga skaðabótakröfu á hendur rafveitunni, þótt straumur hafi verið tekinn af fyrirvaralaust.

Notendur, sem greiða raforku við föstu árgjaldi, eiga rétt á að fá  $\frac{1}{300}$  hluta árgjaldsins endurgreiddan fyrir hvern heilan dag, er þeir missa raforkuna vegna stöðvunar eða truflana á rekstri, þó eigi fyrir skemmri tíma en tvo sólarhringa.

### 19. gr.

*Uppsögn á rafmagnsnotkun og tilkynning um flutning eða breytingu í notkun.*

Sérhver rafmagnsnotkun, er notandi byrjar á eftir nýjum lið gjaldskrár rafveitunnar, er bindandi fyrir hann að minnsta kosti eitt ár, nema um sé að ræða

15 bráðabirgðalagnir eða tilraunataxta, sem eru fullreyndir á skemmri tíma. Þó getur rafveitustjóri leyst notanda undan þessari skuldbindingu þegar sérstaklega stendur á.

Þegar ár er liðið, getur notandi sagt upp notkuninni með eins mánaðar fyrirvara, ef ekki er um annað samið eða annað ákveðið í gjaldskrá rafveitunnar. Skal uppsögn tilkynnt rafveitustjóra skriflega.

Rafveitan áskilur sér sama uppsagnarfrest af sinni hálfu og notandi hefur samkvæmt framansögðu.

Tilkynning um breytingu á notkun frá einum gjaldskrárlið til annars er sama og uppsögn á fyrri notkun og beiðni um nýja, og fer um það, sem að ofan greinir.

Tilkynning um flutning notanda úr einni íbúð í aðra af einum stað á annan á orkuveitusvæðinu má afhenda á innheimtuskrifstofu rafveitunnar með hálfmánaðar fyrirvara, ef um sams konar rafmagnsnotkun er að ræða í hinum nýja notunarstað, ella skal um flutninginn gilda sem um uppsögn á fyrri notkun og beiðni um nýja væri að ræða.

Notandi ber ábyrgð á raforkunotkun þeirrar veitu, sem hann er skráður fyrir, þar til er hann hættir notkun veitunnar og hefur sagt henni upp með þeim fyrirvara, sem hann hefur samkvæmt reglugerð þessari.

#### 20. gr.

##### *Breytingar á gjaldskrá.*

Notanda skal skylt að hlíta ákvæðum gildandi gjaldskrár rafveitunnar og breytingum þeim, sem hreppsnefndin samþykkir og ráðherra staðfestir.

Verði ágreiningur milli rafveitustjóra og notanda um skilning á ákvæðum gjaldskrár eða settum skilyrðum fyrir rafmagnsnotkun, getur notandi krafizt þess, að ágreiningurinn verði lagður undir úrskurð hreppsnefndar.

#### C. Almenn ákvæði.

#### 21. gr.

##### *Brot á reglugerð.*

Brot gegn reglugerð þessari eða gegn reglum, sem settar verða samkvæmt henni, varða sektum allt að 10000 — tíu þúsund — krónum, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt lögum. Ef brot veldur skemmdum á eignum rafveitunnar skal hinn brotlegi þess utan bæta skaðann.

Sektir renna í rikissjóð.

#### 22. gr.

##### *Málsókn.*

Með mál út af brotum á reglugerð þessari eða á reglum, sem settar eru samkvæmt henni, skal farið sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923 og raforkulögum nr. 12 2. apríl 1946, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð fyrir rafveitu Reyðarfjarðarhrepps, nr. 11 1. marz 1932.

*Atvinnumálaráðuneytið, 31. janúar 1949.*

**Bjarni Ásgeirsson.**

*Þorv. K. Þorsteinsson.*

## AUGLÝSING

um framlengingu reglugerðar um fasteignaskatt í Reykjavík,  
nr. 117 22. nóvember 1938.

16

31. jan.

Reglugerð um fasteignaskatt í Reykjavík, nr. 117 22. nóvember 1938, framlengist til þess að gilda áfram um næstu fimm ár frá og með 1. janúar 1949 að telja.

Ákvörðun þessi, sem bæjarstjórn Reykjavíkurkaupstaðar hefur gert og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 67 12. apríl 1945, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 31. janúar 1949.*

**Stefán Jóh. Stefánsson.**

*Jónas Guðmundsson.*

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð hjónanna Sigríðar Friðbertsdóttur og Þorvalds Gissurarsonar, og sonar þeirra, Gissurar Þorvaldssonar frá Selárdal“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 1. febr. 1949.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

17

1. febr.

fyrir Minningarsjóð hjónanna Sigríðar Friðbertsdóttur og Þorvalds Gissurarsonar, og sonar þeirra, Gissurar Þorvaldssonar frá Selárdal.

1. gr.

Sjóðurinn heitir: Minningarsjóður hjónanna Sigríðar Friðbertsdóttur og Þorvalds Gissurarsonar, og sonar þeirra, Gissurar Þorvaldssonar frá Selárdal.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 3341.00 — þrjú þúsund þrjú hundruð fjörutíu og ein króna —. Enn fremur á sjóðurinn 1 hndr. f. m. í jörðinni Suðureyri í Súgandafirði, tekur hann tekjur af því, þó með þeim takmörkunum, að Guðmundur Þorvaldsson, Suðureyri, má hafa leigulaust grasnyt þess, meðan hann getur notað hana.

3. gr.

Sjóðurinn tekur við gjöfum, áheimum og minningargjöfum, leggst það fé við höfuðstól hans.

4. gr.

Fé sjóðsins skal ávaxta í Sparisjóði Súgfirðinga, eða á annan tryggan hátt.

5. gr.

Tilgangur sjóðsins er að viðhalda kirkjugripum Suðureyrarkirkju og að fegra hana og prýða á allan hátt.

17

1. febr.

6. gr.

Meðan árstekjur sjóðsins ná ekki 400 krónum, má verja helming þeirra til að vinna að markmiði hans, en þrem fjórðu hlutum, eftir að þær hafa náð þeirri upphæð, hinn hlutinn leggst við höfuðstól. Það skerðir ekki rétt til að taka af tekjum sjóðsins í þessu markmiði, þó eitt eða fleiri ár liði, svo ekkert sé gert.

7. gr.

Sjóðurinn skal vera undir stjórn sóknarnefndar Staðarsóknar, sér hún um allar fjárreiður sjóðsins og býr til reikninga hans. Skulu þeir endurskoðaðir árlega með reikningum kirkjunnar. Verði sú breyting á skipun kirkjumála, að störf sóknarnefnda falli niður, fellur stjórn sjóðsins undir hliðstæða aðila.

8. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Suðureyri í Súgandafirði, 30. nóv. 1948.

Valdimar Þorvaldsson.

Kr. G. Þorvaldsson.

Guðm. Þorvaldsson.

18

1. febr.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Styrktarsjóð Seyðisfjarðarkirkju“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 1. febr. 1949. Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Styrktarsjóð Seyðisfjarðarkirkju.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Styrktarsjóður Seyðisfjarðarkirkju.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að efla hag kirkjunnar og kirkjulegt starf á Seyðisfirði.

3. gr.

Sjóðinn skal fyrst og fremst nota til þess að sjá kirkjunni fyrir nauðsynlegum tækjum til hennar þjónustu, og að afla henni nýtra tækja, er í framtíðinni kunna að verða talin nauðsynleg til eflingar kirkjulegu starfi í sókninni. Enn fremur skal nota sjóðinn til eflingar kirkjusöngnum. Að öðru leyti hefur stjórn sjóðsins frjálssar hendur um notkun hans til kirkjulegs starfs, þegar þörf krefur og fært þykir.

4. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

1. Allt samskotafé, gjafir og áheit, er kirkjunni kann að áskotnast, nema gefið sé í öðrum tilgangi en þeim, er sjóðurinn hefur.
2. Árleg fjársöfnun til sjóðsins, er stjórn hans gengst fyrir í sambandi við kirkjulega samkomu (kirkjudag Seyðisfjarðarkirkju) o. s. frv.
3. Tekjur af öðrum samkomum, happdrætti eða hlutaveltum, er stjórn sjóðsins kann að gangast fyrir.

## 5. gr.

Þegar sjóðurinn er orðinn kr. 25000.00, að viðlögðum vöxtum og vaxtavöxtum, er stjórn sjóðsins heimilt að nota ársvexti hans eftir þörfum, en höfuðstól má eigi skerða, fyrr en hann nemur kr. 50000.00, en þá er sjóðstjórn heimilt að taka til notkunar allt að  $\frac{1}{10}$  hluta hans, enda séu a. m. k. 5 stjórnarmeðlimir mættir á fundi og ræður þá einfaldur meiri hluti.

18

1. febr.

## 6. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 7 menn, sóknarnefnd, safnaðarfulltrúi og sóknarprestur, og er hann formaður sjóðstjórnar, en gjaldkeri sóknarnefndar skal annast gjaldkerastörf fyrir sjóðinn og nauðsynlegt bókhald.

## 7. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikninga skal endurskoða af tveimur mönnum, er almennur safnaðarfundur tilnefnir. Bera skal reikningana upp til samþykktar á almennum safnaðarfundum.

## 8. gr.

Fé sjóðsins skal ávaxta í útibúi Útvegsbankans á Seyðisfirði, eða á öðrum þeim stað, er talizt geti jafntryggur.

## 9. gr.

Sjóðstjórn ber engin þóknun fyrir störf sín vegna sjóðsins, en gjaldkera má launa eins og stjórninni þykir sanngjarnt.

## 10. gr.

Skipulagsskrá þessari má ekki breyta nema  $\frac{2}{3}$  stjórnarinnar séu því samþykkir.

Skipulagsskrá þessi var samþykkt þannig á sóknarnefndarfundum á Seyðisfirði 18. nóvember 1948.

Erl. Sigmundsson. Jón Vigfússon. Gísli Jónsson.  
Guðrún Gísladóttir. Jóh. Arngrímsson.

## REGLUGERÐ

## um flutningsrétt á ritverkum og tónsmíðum.

19

1. febr.

## 1. gr.

Höfundafélög eða heildarsamtök höfunda fara með almenna aðild til þess að semja um flutningsrétt á ritverkum og tónsmíðum, sem verndar njóta samkvæmt lögum um rithöfundarétt og prentarétt, nr. 13 frá 20. október 1905, enda hafi þau áður öðlast löggildingu menntamálaráðuneytisins. Löggilding skal veitt með þeim skilyrðum, sem menntamálaráðuneytið telur nauðsynleg.

## 2. gr.

Aðila, sem öðlazzt hefur löggildingu samkvæmt 1. gr., skal heimilt að setja gjaldskrá um flutning verka þeirra, sem löggilding hans nær til. Gjaldskrá skal birta í Lögbirtingablaðinu.



19

1. febr.

3. gr.

Rétthafar tónverka og ritsmíða, sem hvorki eru meðlimir löggilts félags né hafa veitt því umboð til að gæta hagsmuna sinna, skulu njóta sama réttar og meðlimir félagsins, að því er snertir upphæð greiðslu fyrir flutning verka þeirra. Innheimtu og aðra hagsmunagæzlu en að framan segir annast félagið einungis samkvæmt umboði í samræmi við samþykktir félagsins.

4. gr.

Menntamálaráðuneytið sker úr ágreiningi um túlkun reglugerðar þessarar.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 49 frá 14. apríl 1943 og kemur í stað reglugerðar nr. 12 frá 21. janúar 1947.

6. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

*Menntamálaráðuneytið, 1. febrúar 1948.*

**Eysteinn Jónsson.**

*Birgir Thorlacius.*

20

3. febr.

## GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Reyðarfjarðar.

### I. RAFORKA

Rafveita Reyðarfjarðar selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

#### A. Lýsing.

1. Um kwst.mæli á kr. 1.20 hver kwst. Við þessu verði skal selja hvers konar raforkunotkun, sem ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár.
2. Um kwst.mæli á 45 aura hver kwst., auk fastagjalds, er nemi 50 aurum á mánuði á hvern m<sup>2</sup> gólfflatarmáls í rúmi því, er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólfleti í búðum, skrifstofum og vinnustofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða 20 aura á mánuði af m<sup>2</sup>.
3. Til götu- og hafnarlýsinga um kwst.mæli á 80 aura hver kwst.

#### B. Almenn heimilisnotkun.

Um kwst.mæli á 30 aura hver kwst. fyrir fyrstu notkun, er nemi:

Í íbúð, sem er 1 herbergi og eldhús, 1300 kwst. á ári			
—, —, —	2	—, —, —	1600 —, —, —
—, —, —	3	—, —, —	1900 —, —, —
—, —, —	4	—, —, —	2100 —, —, —
—, —, —	5	—, —, —	2300 —, —, —
—, —, —	6	—, —, —	2400 —, —, —
—, —, —	7	—, —, —	2500 —, —, —

Notkun umfram þetta greiðist með 15 aurum hver kwst. Auk þess skal greiða

fastagjald, kr. 5.00 á mánuði af einu herbergi hvernar íbúðar og kr. 3.00 á mánuði af hverju herbergi umfram eitt. 20

3. febr.

Til herbergja í íbúð skal telja öll íveruherbergi og eldhús, en ekki ganga, baðherbergi eða geymslur. Herbergi, sem er minna en 5 m<sup>2</sup>, skal telja sem hálf, en stærra en 25 m<sup>2</sup> sem tvö. Þar, sem meðalstærð herbergja í íbúð er minni en 10 m<sup>2</sup>, má miða við samanlagt flatarmál þeirra, þannig að hverjir 10 m<sup>2</sup> jafngildi einu herbergi og hverjir 5 m<sup>2</sup> hálfu herbergi.

### C. Vélar.

Þar, sem orkan er notuð til vélareksturs, skal hún seld:

1. Um kwst.mæli á 65 auru hver kwst. Hafi vélnar mjög stuttan notkunartíma, má krefjast minnsta árgjalds, kr. 150.00 á hvert uppsett kw. vélanna.
2. Til fiskiðnaðar, ef uppsett vélaafl fastra véla er yfir 20 kwst., um kwst.mæli á 20 auru hver kwst. Heimilt er að rjúfa strauminn í allt að 3 stundir á dag á tímum mesta álags rafveitunnar.

### D. Hitun.

Um kwst.mæli á 10 auru hver kwst., enda sé þá minnsta notkun 6000 kwst. á ári. Heimilt er að rjúfa strauminn allt að 3 stundir á dag á tímum mesta álags rafveitunnar.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:

- a. Að notandi setji á sinn kostnað klukkurofa fyrir hitalögnina og kosti viðhald þeirra. Þó getur rafveitustjóri ákveðið, að rafveitan leggi til rofa og annist viðhald þeirra, og kostar þá notandinn tengingu þeirra og greiðir leigu af þeim samkvæmt reglum, er gilda um leigu mælitækja.
- b. Að vélaafl, götulínur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
- c. Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkvæmt fyrir mælum rafveitunnar, ofnar fastengdir með sérstökum rofum og hitastillar notaðir.

## II. MÆLALEIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum samkvæmt eftirfarandi skrá:

1. Af einfasa mælum allt að 30 Amp. ....	kr. 2.00 á mánuði.
2. — þrífasa mælum 50 Amp. og minni .....	— 3.00 — —
3. — þrífasa mælum 50 til 200 Amp. ....	— 7.00 — —
4. — þrífasa mælum yfir 200 Amp. ....	— 10.00 — —

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í skránni, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækjanna. Leiga af mælitækjum skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

## III. HEIMTAUGARGJALD

Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveituna, skal greiða heimtaugargjald sem hér segir:

1. Grunnjald af hverri loftlínuheimtaug ..... kr. 400.00
2. Grunnjald af hverri jarðlínuheimtaug ..... — 600.00

Auk þessa grunnjalds skal greiða kr. 10.00 af hverju þúsundi króna af bruna-

20 bótamati húsa og mannvirkja. Í útreikningi á heimtaugargjaldi skal sleppa hálfu þúsundi eða minna af brunabótamati, en ella hækka upp í heilt þúsund.

Ef brunabótamat á húsi er gamalt, getur rafveitustjóri eða hreppsnefnd samræmt það nýju mati og miðað heimtaugargjaldið við það. Láti húseigandi meta húsið á ný, skal þó heimtaugargjaldið miðast við það mat.

Heimtaugargjald fellur í gjalddaga þegar heimtaugaruppsetningu er lokið eða þegar brunabótamat hefur verið framkvæmt.

Sé lengd jarðlínuheimtaugar meiri en 25 metrar og loftlínuheimtaugar meiri en 60 metrar og gildleiki víra meira en  $3 \times 70$  mm<sup>2</sup>, skal húseigandi greiða kostnað af því, sem fram yfir er.

Ef lagðar eru fleiri en ein heimtaug að sama húsi, skal greiða allan kostnað af síðari heimtaug eftir reikningi.

#### IV. OPNUNARGJALD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir endurofnun, 10 krónur.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún ekki enduropnuð, fyrr en notandinn hefur greitt 10 króna gjald á skrifstofu rafveitunnar.

Hreppsnefnd er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í I. kafla þessarar reglugerðar, um allt að 20%, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda auglýsi hreppsnefndin breytinguna í Lögbirtingablaðinu, áður en til kemur.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir rafveitu Reyðarfjarðarhrepps, nr. 11 1. marz 1932

*Atvinnumálaráðuneytið, 3. febrúar 1949.*

**Bjarni Ásgeirsson.**

*Forv. K. Þorsteinsson.*

21

9. febr.

## AUGLÝSING

um lágmarksverð á nýjum fiski.

Samkvæmt I. kafla laga nr. 100/1948, um dýrtiðarráðstafanir vegna atvinnuveganna, er hér með ákveðið, að frá og með 1. janúar 1949 skuli lágmarksverð á nýjum fiski vera sem hér segir:

**Þorskur, ýsa, langa og sandkoli:**

Slægður með haus .....	kr. 0.65	hvert kg
Slægður og hauseður .....	— 0.845	— —
Óslægður .....	— 0.55	— —
Flattur .....	— 0.96	— —

**Karfi og keila:**

Slægður með haus .....	— 0.25	— —
Slægður og hauseður .....	— 0.36	— —

**Ufsi:**

Slægður með haus .....	kr. 0.34	hvert	kg
Slægður og hausaður .....	— 0.45	—	—

21

9. febr.

**Skötubörð:**

Stór .....	— 0.50	—	—
Smá .....	— 0.35	—	—

**Steinbítur:**

Í nothæfu standi, slægður með haus .....	— 0.45	—	—
--	--------	---	---

**Skarkoli og þykkvalúra:**

I. 1¼ lb. og þar yfir .....	— 1.80	—	—
II. ¾ lb. til 1¼ lb. ....	— 1.50	—	—
III. 250 g til ¾ lb. ....	— 1.10	—	—

**Lúða:**

Lúða undir 15 kg .....	— 1.80	—	—
Stórkjafra, langlúra og grálúða .....	— 1.00	—	—
Háfur .....	— 0.20	—	—

Ákvæði þessi gilda þar til öðruvísi verður ákveðið.

*Sjávarútvegsmálaráðuneytið, 9. febrúar 1949.*

**Jóhann Þ. Jósefsson.**

Gunnl. E. Briem.

**AUGLÝSING**

22

15. febr.

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Þórshafnarkauptún, nr. 130 12. júlí 1939, sbr. auglýsingu nr. 138 28. október 1946.

**1. gr.**

Í staðinn fyrir „lestagjald 20 aura af hverri nettó smálest“ í staflíð a. í 14. gr. II. reglugerðarinnar, komi: lestagjald 40 aura af hverri nettó smálest.

**2. gr.**

Fyrri málsgr. staflíðs c. í 14. gr. II. orðist svo:

c. Vörugjald: Af vörum, sem fluttar eru í land á Þórshöfn eða skipað þaðan út, enn fremur vörum, sem fluttar eru milli skipa í höfninni, skal greiða gjald, sem hér segir:

1. Af salti, kolum og sementi 8 krónur af hverri smálest.
2. Af timbri 16 aura af teningsfeti.
3. Af öllum öðrum aðfluttum vörum 12 krónur af hverri smálest.
4. Af útfluttum vörum, saltfiski, saltkjöti, lýsi, síld, görnnum, hrognum og endursendum umbúðum 8 krónur af smálest.
5. Af útfluttum ísfiski 6 krónur af smálest.
6. Af öðrum útfluttum vörum 12 krónur af smálest.

**22** Reglugerðarbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 15. febr. 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgöngumálaráðuneytið, 15. febrúar 1949.*

**Emil Jónsson.**

*Páll Pálmason.*

**23**  
14. febr.

## REGLUGERÐ

fyrir Rafveitu Grindavíkur.

A. Stjórn og rekstur.

1. gr.

*Markmið rafveitunnar.*

Rafveita Grindavíkur er fyrirtæki, sem Grindavíkurhreppur starfrækir í þeim tilgangi, að veita raforku um hreppinn og selja hana til heimilisnotkunar, iðnaðar og annarra þarfa.

Rafveitan er eign Grindavíkurhrepps, en skal rekin sem sjálfstætt fyrirtæki með nafninu Rafveita Grindavíkur og hafa sérstakt reikningshald.

2. gr.

*Verksvið og orkuveitusvæði.*

Rafveita Grindavíkur aflar raforku til almenningsþarfa í Grindavíkurhreppi með því að kaupa raforku frá rafmagnsveitum ríkisins, svo og vinna hana sjálf í orkuverum, er síðar kunna að verða reist, og veitir þeirri orku, sem þannig er keypt eða unnin, um orkuveitukerfi rafveitunnar.

Orkuveitusvæði rafveitunnar er lögsagnarumdæmi Grindavíkurhrepps og á hluti nágrennis hreppsins, sem hreppstjórn ákveður og ráðherra samþykkir.

Rafveita Grindavíkur hefur einkarétt til sölu á raforku beint til raforkunotenda á orkuveitusvæði sínu.

3. gr.

*Stjórn raforkumála. Rafveitustjóri.*

Yfirstjórn raforkumála hreppsins er í höndum hreppsnefndar, en framkvæmdastjórnin skal falin rafveitunefnd ásamt rafveitustjóra, sem hreppsnefndin skipar að fengnum tillögum rafveitunefndar, og skal hann um rafmagnssérmenntun fullnægja skilyrðum til háspennulöggildingar a. m. k. Hreppsnefndin setur honum erindisbréf. Rafveitustjóri er framkvæmdarstjóri rafveitunnar.

Í rafveitunefnd eiga sæti 3 menn, kosnir af hreppsnefnd. Rafveitustjóri á sæti á fundum nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétti.

4. gr.

*Verksvið rafveitunefndar.*

Rafveitunefnd hefur á hendi stjórn rafveitunnar, sér um viðhald hennar og umbætur og allt, er að starfrækslu hennar lýtur, kaup og sölu á raforku, fjárhald og reikningsskil. Hún skal gefa hreppsnefnd þær skýrslur, sem óskað er eftir, um starfrækslu og ástand rafveitunnar og leggja ársreikning hennar fyrir hreppsnefnd til úrskurðar samtímis ársreikningum hreppsins.

Rafveitunefnd semur nánari reglur, sem hreppsnefnd staðfestir, um einstök atriði þessarar reglugerðar, eftir því sem þörf gerist. Hún gerir einnig tillögur til hreppsnefndar um gjaldskrá fyrir rafveituna, undirbýr samninga um orkukaup og orkusölu og annast framkvæmdir allra raforkumála hreppsins.

Rafveitunefnd skipar alla fasta starfsmenn rafveitunnar, að fengnum tillögum rafveitustjóra, og setur þeim erindisbréf.

#### 5. gr.

##### *Verksvið rafveitustjóra.*

Rafveitustjóri stjórnar daglegri starfrækslu og reikningshaldi rafveitunnar, eftirliti, viðhaldi á stöðvum, taugum og öðrum útbúnaði og öllum verklegum framkvæmdum, er snerta hana. Hann hefur eftirlit með rafmagnslagningu á orkuveitusvæðinu, þar með talið efni og tæki, sér um afgreiðslu og innheimtu við kaup og sölu á raforku, efni og tækjum, sem veitan kaupir eða selur.

Rafveitustjóri ræður verkamenn og starfsmenn veitunnar, svo sem þörf er á, auk hinna föstu starfsmanna.

#### 6. gr.

##### *Reikningshald og ráðstöfun tekna.*

Rafveita Grindavíkur hefur sjálfstætt reikningshald og tekur sjálf við greiðslum fyrir selda raforku og öðrum tekjum. Skal tekjum hennar fyrst og fremst varð til að standast straum af öllum greiðsluskuldbindingum hennar, svo sem afborgunum á áhvilandi skuldum, vöxtum og öðrum rekstrarkostnaði, þar með talið fullnægjandi viðhald og endurnýjun virkja og annað, sem nauðsynlegt er til að tryggja öruggan rekstur rafveitunnar, en tekjum, sem umfram kunna að verða, ráðstafar hreppsnefnd Grindavíkurhrepps.

Rafveitustjóri varðveitir sjóð rafveitunnar samkvæmt nánari reglum, sem hreppsnefnd setur að tillögum rafveitunefndar.

#### 7. gr.

##### *Löggilding rafvirkja. Rafslagningarreglur.*

Hreppsnefnd getur ákveðið, að engir aðrir en þeir, sem sérstaklega eru til þess löggiltir, megi taka að sér lagningu á húsveitu og uppsetningu véla og tækja eða framkvæma á sína ábyrgð nokkurt verk, er snertir veitur, sem tengja á við taugakerfi rafveitunnar. Hreppsnefnd setur löggildingarskilyrði, löggildir menn og setur reglur um frágang og tilhögun á verkum þeim, sem falla undir verksvið þeirra, allt að fengnum tillögum rafveitustjóra.

Eigi má löggilda sérstaklega aðra en þá, sem áður hafa hlotið löggildingunni rafmagnseftirlits ríkisins og ekki setja kröfuminni reglur um raflagningar en rafmagnseftirlit ríkisins gerir.

### B. Söluskilmálar.

#### 8. gr.

##### *Sala raforku.*

Rafveita Grindavíkur selur raforku til almenningsþarfa á orkuveitusvæði sínu, alls staðar þar sem taugakerfi hennar nær til, með þeim skilmálum, sem ákveðnir eru í reglugerð þessari og gjaldskrá rafveitunnar á hverjum tíma.

Raforkan er seld sem ein- eða þrífasa riðstraumur, með 220 volta málspennu og 50 riðum á sekúndu. Þegar sérstakar ástæður mæla með, má rafveitustjóri láta í té orku með annarri spennu og annarri straumtegund.

## 9. gr.

*Umsókn um kaup á raforku.*

Hver, sem óskar að gerast notandi að raforku, verður að fylla út tilætluð umsóknareyðublöð, er fást á skrifstofu rafveitunnar, og skal hann skuldbinda sig með undirskrift sinni, að hlíta settum reglum um kaup á raforku frá rafveitunni. Skal í umsókninni skýrt frá, hve mikið afl þarf, og til hvers það er ætlað.

## 10. gr.

*Umsókn um heimtaug.*

Umsókn um heimtaug eða breytingu á heimtaug skal undirskrifuð af húseiganda, er skuldbindur sig til þess með undirskrift sinni, að greiða heimtaugargjald það, sem ákveðið er í gjaldskrá rafveitunnar.

Heimtaugar með stofnvari eru eign rafveitunnar, enda þótt heimtaugargjaldið hafi verið greitt eftir kostnaði heimtaugar. Rafveitan annast viðhald og endurnýjun heimtaugar án sérstaks endurgjalds, nema heimtaug þurfi að breyta vegna breytingar á húsi. Skal húseigandi greiða kostnaðinn við þá breytingu, og ef ofanjarðarheimtaug er breytt í neðanjarðar, skal húseigandi greiða mismun, sem ákveðinn er í gjaldskrá. Rafveitunni er heimilt að krefjast skuldbindingar um lágmarksnotkun um heimtaug.

Sé um tiltölulega mikla notkun að ræða, og rafveitan þarf, til þess að fullnægja henni, sérstaklega að auka háspennukerfi, auka afl spennistöðvar eða gera meiri háttar viðbætur á lágspennukerfi, er rafveitustjóra heimilt að krefjast skuldbindingar umsækjanda um tiltekinn notkunartíma eða þátttöku í kostnaði.

Eigi er skylt að ljúka lagningu jarðstrengsheimtaugar, meðan jörð er frosin.

## 11. gr.

*Húsveitur.*

Skylt er að láta löggiltan rafvirkja eða rafveituna, ef hún tekur slík verk að sér, framkvæma alla vinnu við raflagnir og raftæki, hvort heldur er um að ræða nýjar raflagnir eða breytingar eða viðgerðir á raflögnum.

Löggiltir rafvirkjar annast umsóknir og tilkynningar til rafveitunnar um allar raflagnir fyrir hönd húseiganda eða notenda, samkvæmt því, sem ákveðið er í reglum um raflagningar í Grindavík, en rafveitan annast úttekt á öllum nýlagningum, viðaukunum og breytingum á raflögnum.

Engir aðrir en umboðsmenn rafveitunnar mega setja straum á veitu eða hluta af veitu, sem úttektarskyld er, fyrr en úttekt hefur farið fram og veitan verið tengd af umboðsmönnum rafveitunnar.

Sé út af þessu brugðið, varðar það þann sektum, sem verkið er unnið fyrir, þann, sem setur strauminn á og loks hinn löggilta rafvirkja, er sá um verkið.

Rafveitan tekur ekki á sig ábyrgð á veitu með úttekt eða tengingu.

Rafveitan áskilur sér rétt til þess að setja þau skilyrði fyrir tengingu á veitu, að notkun um hana verði ekki taugakerfi rafveitunnar ofviða, og þar sem hættu kann að vera á þessu, má setja viðeigandi skilyrði í hvert sinn fyrir notkuninni, þar til úr er bætt.

## 12. gr.

*Sala á raforku til notenda, sem sjálfir hafa orkuvinnslu.*

Veitur, sem að jafnaði nota raforku annars staðar að en frá rafveitunni, má tengja við taugakerfi hennar í því skyni, að rafveitan verði aðallega eða eingöngu notuð til vara með því skilyrði, að greitt sé lágmarksárgjald, sem svarar til þeirrar kvaðar, sem hvílir á rafveitunni vegna tengingarinnar.

Framsala til annarra á raforku, sem keypt er af rafveitunni, er óheimil án leyfis rafveitustjóra. **23**

14. febr.

### 13. gr.

#### *Eftirlit með húsveitum og tækjum. Gallar á húsveitum.*

Sérhver húsveita, að meðtöldum tækjum til notkunar á raforku, skal fullnægja kröfum þeim, sem settar eru í reglugerð rafmagnseftirlits ríkisins og í reglugerðum rafveitunnar um raflagnir.

Rafveitustjóra er heimilt að hafa eftirlit með öllum húsveitum, gögnum og tækjum, sem notuð eru við hagnýtingu á raforku, og skulu starfsmenn rafveitunnar hafa frjálstan aðgang að öllum herbergjum húss, hvenær sem nauðsynlegt er, til að skoða húsveituna eða hluta hennar eða raftæki, sem nota má við veituna.

Vélar og önnur tæki skulu vera þannig sett og þannig útbúin, að þau starfi án þess að titringi valdi eða truflun á ljósum eða annarri notkun.

Sé misbrestur á þessu eða aðrir gallar á veitu eða tækjum, skal notandi þegar í stað á sinn kostnað láta löggiltan rafvirkja lagfæra þetta.

Nú kemur í ljós við skoðun, sem framkvæmd er af rafveitunni, rafmagnseftirliti ríkisins eða löggiltum rafvirkja, á húsveitu eða tækjum, að galli er á veitu eða tækjum, og skal þá eigandi veitunnar eða tækjanna skyldur til þess að láta gera við gallann á sinn kostnað. Viðgerðin skal framkvæmd af löggiltum rafvirkja.

Rafveitustjóri getur látið taka veituna eða tæki úr sambandi, meðan galli er á veitunni eða tækjunum, þar til úr er bætt, eða látið gera við galla á kostnað eiganda.

Húseiganda er skylt að sjá um, að stofntaugar í húsveitu hans séu ávallt nægilega gildar fyrir notkun veitunnar.

Ef óleyfileg vör finnast í veitu, skal notandi veitunnar gerður ábyrgur fyrir, samkvæmt fyrirskipun rafmagnseftirlits ríkisins.

Séu gerðar óleyfilegar tengingar eða breytingar á veitu eða tækjum eða sýnt hirðuleysi um meðferð eða viðhald veitu eða tækja, skal farið með það sem galla á veitu, og er heimilt að gera eiganda að greiða aukagjald, sem ákveðið er í gjaldskrá vegna kostnaðar við aukið eftirlit með veitunni.

Það er óleyfilegt, sem ekki fullnægir kröfum, sem settar eru í reglugerðum rafmagnseftirlits ríkisins um raforkuvirki og reglugerðum Rafveitu Grindavíkur.

### 14. gr.

#### *Mælitæki.*

1. Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir húsveitu, svo og stað fyrir þau og um tengingu.

Notandi mælitækis er sá, sem skráður er fyrir raforkunotkun þeirrar veitu, sem mælitækið er fyrir. Skal hann bera ábyrgð á mælitækinu, svo og raforkunotkun veitunnar, þar til er hann lætur af notkun hennar og hefur sagt upp notkuninni með þeim fyrirvara, sem um getur í 19. gr.

Rafveitan leggur til öll mælitæki og annast um venjulegt viðhald þeirra og endurnýjun á sinn kostnað. Nú verður mælitæki fyrir óvenjulegu hnjaski eða skemmdum, og er þá heimilt að gera notanda að greiða kostnað við viðhald þess eða endurnýjun.

2. Ef notandi óskar, að mælitækið sé leiðrétt, skal hann senda skriflega beiðni um það til rafveitunnar.

Ef þá kemur í ljós við athugun mælitækis, að mesta skekkja sé  $\pm 5\%$  eða minni, er heimilt að gera notanda að greiða kostnað við prófunina. Sé skekkja meiri, skal rafveitan bera kostnað af prófuninni.

Ef notandi vefengir árangur prófunarinnar, skal leita úrskurðar rafmagns-



23

14. febr.

eftirlits ríkisins, og er hann bindandi fyrir báða aðila. Kostnað við það skal notandi greiða, ef skekkjan reynist minni en  $+/\div 5\%$ , en rafveitan annars.

Hafi kwst.mælir sýnt  $+/\div 5\%$  skekkju eða meiri, skal rafveitan áætla leiðréttingu á reikningi rafmagnsnotanda miðað við fyrri notkun, og eftir þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, eftir því, sem næst verður komizt, þó ekki fyrir lengra tímabil en 3 mánuði, nema notandi geti sannað, að um lengra tímabil hafi verið að ræða.

3. Notendur, sem hafa hemil eða rofa, eiga ekki rétt á neinni endurgreiðslu á föstu verði, þótt þeir telji sig ekki hafa getað náð því afli, sem fasta greiðslan er miðuð við, en rafveitunni er skylt að leiðrétta skekkju hemilsins eða rofans, svo fljótt sem við verður komið.

Ef hemill notanda brennur sundur með stuttu millibili og ástæða er til að ætla, að of mikið sé lagt á hann að staðaldri, hefur rafveitan rétt til að neita um hemil og gera notanda að skilyrði að kaupa orkuna eftir öðrum gjaldskrárlíð.

4. Ef notandi hefur aukna straumnotkun vegna galla á veitu sinni eða tækjum, er rafveitan ekki skyld til þess að áætla frádrátt á reikningum notandans þess vegna.
5. Ef svo reynist, að notkun hafi orðið meiri en álestur sýnir eða álestur verið skakkur eða útreikningur á reikningsfjárhæðinni, áskilur rafveitan sér rétt til að leiðrétta þessa skekkju eftir á, undir eins og vitað er.
6. Verði uppvíst, að straumur sé notaður á annan hátt en um er samið eða raskað hefur verið mælitækjum eða breytt tengingu, þannig að ekki komi fram öll notkun, skal rafveitan áætla þann straum, sem notaður hefur verið óleyfilega, og skal notandi gjalda fyrir hann þrefalt verð eftir gjaldskrá fyrir allan tímann, sem liðinn er frá síðustu skoðun veitunnar, og þar til er leiðrétt er, nema þyngri refsing liggja við að lögum.

Ef ekki eru fyrir hendi sérstakar upplýsingar um líklega notkun á veitunni, má miða matið við stærð á vörum þeim, sem fyrir veitunni eru.

Við endurtekningu skal rjúfa samband við veituna og gera ráðstafanir til að koma fram ábyrgð á hendur þeim, sem brotlegur hefur gerzt.

#### 15. gr.

##### *Ábyrgð.*

Ef vanskil eða dráttur verður á greiðslu rafmagnsgjalda, getur rafveitan krafizt tryggingar fyrir skilvísri greiðslu. Ef rafmagnsnotkun um mælitæki nægir ekki til þess að greiða raunverulegan afhendingarkostnað raforkunnar um mælitækið, er rafveitunni heimilt að krefjast lágmarksgjalds fyrir notkunina. Að öðrum kosti er rafveitunni heimilt að taka mælitækið niður og loka veitunni eða breyta tengingu hennar.

#### 16. gr.

##### *Gjald fyrir raforku.*

Reikningur fyrir raforku skal að jafnaði afhentur í húsnæði því, þar sem raforkan er notuð, og er reikningurinn fallinn í gjalddaga undir eins og krafizt er um greiðslu. Nánari reglur um innheimtu og um gjalddaga má þó setja í gjaldskrá.

#### 17. gr.

##### *Lokun fyrir veitu og enduroppun.*

Sé gjald fyrir raforku ekki greitt, þegar greiðslu er krafizt, getur rafveitan sent gjaldanda tilkynningu eða afhent hana í húsnæði því, er veita hans er í, um,

að hann verði að greiða gjaldið til skrifstofu rafveitunnar innan viku. Dragist 23  
greiðsla lengur, er heimilt að taka straum af veitunni, en þó ekki fyrr en þremur 14. febr.  
dögum eftir að skrifleg tilkynning þess efnis til gjaldanda er afhent honum eða  
afhent í húsnaði því, sem veita hans er í.

Rafveitunni er heimilt að loka veitunni og senda skuldakröfu, sem hún kann  
að hafa á hendur notanda, til innheimtu með lögtaki:

- Þegar notandi, þrátt fyrir kröfu og skriflega aðvörun, sem að framan greinir,  
hefur ekki greitt reikning frá rafveitunni, sem fallinn er í gjalddaga;
- Þegar ábyrgðarmaður notanda stendur ekki við ábyrgðina;
- Þegar notandi hefur gerzt brotlegur við reglugerð þessa.

Lokun fyrir veitu af þessum ástæðum losar notandann ekki undan greiðslu-  
skyldu á lokunartímabilinu.

Sé lokað fyrir veitu vegna skulda má að jafnaði ekki opna aftur, nema:

- Skuldin sé greidd að fullu eða fullnægjandi trygging sett fyrir því, að skuldin  
verði greidd;
- að greitt sé aukagjald fyrir enduropnun veitunnar samkv. gjaldskrá;
- að trygging sé sett fyrir skilvisiri greiðslu framvegis, ef sérstakar ástæður eru  
til að krefjast slíkrar tryggingar.

Ef notandi raforku óskar eftir, að veita hans sé tekin úr sambandi um tíma,  
er heimilt að taka aukagjald, samkvæmt gjaldskrá, fyrir enduropnun veitunnar,  
svo og að taka fulla leigu fyrir mælitæki veitunnar þann tíma, sem veitan var ekki  
í notkun.

Enginn má framkvæma endurtengingu veitu, nema þeir, sem rafveitan hefur  
veitt umboð til þess hverju sinni. Sé brotið á móti þessu, skal farið með það sem  
endurtekna, óleyfilega straumnotkun samkvæmt 14. gr.

## 18. gr.

### *Rekstrartruflanir.*

Stöðvun á rekstri eða truflanir vegna bilana eða takmarkana á raforku-  
vinnslunni hefur ekki í för með sér neinar skaðabótaskyldur á hendur rafveitunni,  
en koma skal á regluglum rekstri aftur, eins fljótt og auðið er.

Notendur eiga ekki rétt á endurgreiðslu, þótt stöðvun verði vegna bilana eða  
annarra óviðráðanlegra atvika um langan eða skamman tíma, að öðru leyti en því,  
sem segir síðar um endurgreiðslu fastagjalds, og rafveitan ber ekki ábyrgð á  
spennubreytingum undir slíkum kringumstæðum eða afleiðingum af þeim, og eigi  
heldur af bruna eða slysum, sem verða kunna af völdum rafmagns frá húsveitum  
rafmagnsnotenda.

Rafveitan áskilur sér rétt til þess að loka fyrir straum til viðgerða og viðhalds  
eða eftirlits á helgum dögum á þeim tímum, sem heimilisnotkun er almennt minnst,  
og að nóttu til í maí—júli, svo og endranær, þegar þörf gerist.

Meðan verið er að leggja heimtaugar eða götutaugar, er rafveitunni heimilt  
að taka straum af því svæði, sem nauðsynlegt er, til þess að framkvæma tengingar.

Komi það fyrir, að takmarka þurfi notkun á raforku um langan eða skamman  
tíma, ákveður hreppsnefnd, eftir tillögum rafveitunefndar, hver notkun skuli tak-  
mörkuð fyrst og á hvern hátt.

Stöðvun á rekstri skal tilkynna fyrir fram, ef unnt er, en þó eiga notendur  
enga skaðabótakröfu á hendur rafveitunni, þótt straumur hafi verið tekinn af  
fyrirvaralaust.

Notendur, sem greiða raforku við föstu árgjaldi, eiga rétt á að fá  $\frac{1}{300}$  hluta  
árgjaldsins endurgreiddan fyrir hvern heilan dag, er þeir missa raforkuna vegna  
stöðvunar eða truflana á rekstri, þó eigi fyrir skemmri tíma en tvo sólarhringa.

23

19. gr.

14. febr. *Uppsögn á rafmagnsnotkun og tilkynning um flutning eða breytingu í notkun.*

Sérhver rafmagnsnotkun, er notandi byrjar á eftir nýjum lið gjaldskrár rafveitunnar, er bindandi fyrir hann að minnsta kosti eitt ár, nema um sé að ræða bráðabirgðalagnir eða tilraunataxta, sem eru fullreyndir á skemmri tíma. Þó getur rafveitustjóri leyst notanda undan þessari skuldbindingu þegar sérstaklega stendur á.

Þegar ár er liðið, getur notandi sagt upp notkuninni með eins mánaðar fyrirvara, ef ekki er um annað samið eða annað ákveðið í gjaldskrá rafveitunnar. Skal uppsögn tilkynnt rafveitustjóra skriflega.

Rafveitan áskilur sér sama uppsagnarfrest af sinni hálfu og notandi hefur samkvæmt framansögðu.

Tilkynning um breytingu á notkun frá einum gjaldskrárlið til annars er sama og uppsögn á fyrri notkun og beiðni um nýja, og fer um það sem að ofan greinir.

Tilkynning um flutning notenda úr einni íbúð í aðra af einum stað á annan á orkuveitusvæðinu má afhenda á innheimtuskrifstofu rafveitunnar með hálf mánaðar fyrirvara, ef um sams konar rafmagnsnotkun er að ræða í hinum nýja notkunarstað, ella skal um flutninginn gilda sem um uppsögn á fyrri notkun og beiðni um nýja væri að ræða.

Notandi ber ábyrgð á raforkunotkun þeirrar veitu, sem hann er skráður fyrir, þar til er hann hættir notkun veitunnar og hefur sagt henni upp með þeim fyrirvara, sem hann hefur samkvæmt reglugerð þessari.

20. gr.

#### *Breytingar á gjaldskrá.*

Notanda skal skylt að hlíta ákvæðum gildandi gjaldskrár rafveitunnar og breytingum þeim, sem hreppsnefnd samþykkir og ráðherra staðfestir.

Verði ágreiningur milli rafveitustjóra og notanda um skilning á ákvæðum gjaldskrár eða settum skilyrðum fyrir rafmagnsnotkun, getur notandi krafizt þess, að ágreiningurinn verði lagður undir úrskurð hreppsnefndar.

### **C. Almenn ákvæði.**

21. gr.

#### *Brot á reglugerð.*

Brot gegn reglugerð þessari eða gegn reglum, sem settar verða samkvæmt henni, varða sektum allt að 10000 — tíu þúsund — krónum, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt lögum. Ef brot veldur skemmdum á eignum rafveitunnar skal hinn brotlegi þess utan bæta skaðann.

Sektir renna í rikissjóð.

22. gr.

#### *Málsókn.*

Með mál út af brotum á reglugerð þessari eða á reglugerðum, sem settar eru samkvæmt henni, skal farið sem almenn lögreglumál.

23. gr.

Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnumálaráðuneytið, 14. febrúar 1949.*

**Bjarni Ásgeirsson.**

*Þorv. K. Þorsteinsson.*

## AUGLÝSING

um staðfesting heilbrigðismálaráðuneytisins á heilbrigðissamþykkt fyrir  
Hafnarhrepp í Austur-Skaftafellssýslu.

24

20. jan.

Samkvæmt lögum nr. 35 12. febr. 1940, um heilbrigðisnefndir og heilbrigðissamþykktir, er hér með, eftir tillögum landlæknis, staðfest eftirfarandi heilbrigðissamþykkt fyrir Hafnarhrepp í Austur-Skaftafellssýslu, er hreppsnefnd hreppsins hefur samþykkt.

### HEILBRIGÐISSAMÞYKKT fyrir Hafnarhrepp í Austur-Skaftafellssýslu.

#### Almenn ákvæði.

##### 1. gr.

Heilbrigðissamþykkt þessi gildir fyrir Hafnarhrepp, og skal ákvæðum hennar beitt að fullu í Hafnarkauptúni og nærliggjandi eyjum.

##### 2. gr.

Heilbrigðisnefnd skipa hreppstjóri, og sé hann formaður, héraðslæknir og þrjú megn, kosnir af hreppsnefnd til fjögurra ára í senn, en í fyrsta sinn til þess tíma, er næstu hreppsnefndarkosningar fara fram. Nefndin kýs sér ritara og skiptir að öðru leyti með sér störfum.

##### 3. gr.

Formaður kveður nefndina á fund, þegar honum þykir þörf á, eða einhver nefndarmanna óskar þess. Auk þess sér hann um, að fyrirskipunum nefndarinnar sé hlýtt.

Fundir séu ekki haldnir sjaldnar en tvisvar á ári, vor og haust.

#### Um hreinlæti, þrifnað o. fl.

##### 4. gr.

Nefndinni skal heimilt að rannsaka allt það, er um ræðir í þessari samþykkt eða þýðingu hefur fyrir heilbrigði manna, hvort heldur er á almannafæri eða í einstakra manna eign. Einu sinni á ári skal nefndin skoða allar eignir á því svæði, sem samþykktin nær yfir, og er heimilt að skipta því starfi milli nefndarmanna. Heilbrigðisnefndin skal færa inn í sérstaka bók allt það, er hún finnur aðfinnsluvert. Hún skal fyrst munnlega, og síðan, ef það ber ei árangur, skriflega, skipa þeim, sem hlut eiga að máli, fyrir um það, hvað gera skuli til umbóta.

##### 5. gr.

Telji hreppsnefnd nauðsynlega einhverja þrifnaðar- eða heilbrigðisráðstöfun, sem hefur í för með sér útgjöld úr hreppssjóði, skal hún leggja málið fyrir hreppsnefnd og fara fram á, að féð sé veitt. Þó getur nefndin látið gera bráðnauðsynlegar þrifnaðarbætur án fengins samþykkis hreppsnefndarinnar, ef brýn nauðsyn ber til. að þær séu gerðar tafarlaust, svo sem ef farsótt kemur upp í kaupúninu. Neiti hreppsnefnd slíkri fjárveitingu, er heilbrigðisnefnd heimilt að skjóta málinu til sýslunefndar, sem ræður úrslitum.

24

20. jan.

Nú býr eigandi ekki í húsi sínu, og skal hann þá fela einhverjum fullveðja manni, sem í húsinu býr, að vera húsráðandi. Skal húsráðandi gegna öllum skyldum eftir samþykkt þessari, með tilliti til eignarinnar, sem annars hvíla á húseiganda.

6. gr.

7. gr.

Heilbrigðisnefnd skal hafa gát á, að ekki safnist fyrir óhreinindi á opnum svæðum eða ábyggðum lóðum. Í fjöruna eða á almannafæri má enginn fleygja frá sér slori, hræjum, rusli né öðru því, er valdið getur óhreinindum og óhollustu.

Á húshliðar, gafla eða girðingar, sem vita að götu eða torgi, má ekki hengja fiskiföng eða annað, sem óþrifnaður er að eða óþefur. Ekki má heldur hafa fisktrönur við götu eða á almannafæri.

8. gr.

Öllum portum og annarri óbyggðri lóð umhverfis hús skal halda hreinum, og er það á ábyrgð lóðarhafa, að þess sé gætt.

9. gr.

Enginn húsráðandi má fleygja sorpi, ösku eða öðrum óhreinindum inn á annars manns lóð; geri hann það, skal hann vera skyldur að flytja óhreinindin aftur burtu tafarlaust og á sinn kostnað.

10. gr.

Á hverju vori, í maí eða júní, skal heilbrigðisnefndin láta fara fram hreinsun á öllum göturæsum, opinberum lóðum og opnum svæðum, sem almenningur hefur not af. Kostnaðurinn greiðist úr sveitarsjóði. Þá skulu og allir húsráðendur láta hreinsa öll óhreinindi af lóðum sínum. Vanræki einhver þessa hreinsun, er heilbrigðisnefnd heimilt að láta framkvæma verkið á kostnað lóðarhafa. Kostnað, sem af því leiðir, má taka lögtaki hjá lóðarhafa.

Götur kaптúnsins og ræsi skal hreinsa á kostnað hreppsins, svo oft sem heilbrigðisnefnd þykir þurfa.

#### Um fráráslu.

11. gr.

Þar í kaптúninu, sem ekki næst til sameiginlegrar skolpveitu fram í sjó, og á meðan það er ekki, er heimilt að veita eldhúss- og þvottaskolpi í lokaðar gryfjur, enda séu þær hæfilega langt frá húsi, viðunanlega gerðar að dómi heilbrigðisnefndar og þær hreinsaðar eftir þörfum.

12. gr.

Ef skolpveita er gerð á opinberan kostnað, skulu þeir, sem hús eiga nærri veitunni, skyldir að gera skolpræsi, hver frá sínu húsi, út í þá veitu, og skulu þau ræsi ekki miður gerð en aðalveitan.

13. gr.

Skyldir skulu eigendur blautfisks- og lýsisbræðsluhúsa að gera ræsi frá húsum þessum í sjó fram.

#### Um vatnsból.

14. gr.

Heilbrigðisnefnd skal hafa eftirlit með brunnum í kaптúninu, og vatnsveitu, þegar hún er komin. Vatn, sem tekið er til fiskþvottar, má ekki taka nema úr vatnsveitu eða öðru því vatnsból, sem heilbrigðisnefnd tekur gilt.

**Um íbúðarhús.**

24

## 15. gr.

20. jan.

Öll hús, sem notuð eru til íbúðar, skulu vera svo gerð, að unnt sé að halda þeim hreinum. Gluggar skulu vera á hjörum, að minnsta kosti einn í hverju herbergi.

## 16. gr.

Heilbrigðisnefnd má heimta af leigjanda eða eiganda húss, að ræstað sé íbúðarherbergi, ef herbergið er svo óhreint, að nefndin telur ámælisvert, eða íbúunum hætta búin af því.

## 17. gr.

Sé íbúðarhús svo illa gert, hrörlegt eða þröngt, að heilbrigðisnefnd álitur hættu fyrir heilsu manna að búa í því, þá getur nefndin bannað íbúðina. Skal nefndin þá tilkynna húsráðanda bannið skriflega og færa rök fyrir. Skal fólk þá flytja úr húsinu innan tveggja mánaða frá tilkynningardegi; sé húsið ekki bætt á þeim tíma, svo að heilbrigðisnefnd líki. Heimilt er húseiganda þó, innan 8 daga, að skjóta skipun nefndarinnar til hreppsnefndar, sem þá leggur úrskurð á málið í samráði við héraðslækni, svo fljótt sem unnt er.

## 18. gr.

Kjallara má ekki nota til íbúðar án leyfis heilbrigðisnefndar. Undir íbúðarhúsum má ekki hafa kjallara svo gerða, að vatn standi nokkurn tíma í þeim.

**Um peningshús, hauga og safngryfjur.**

## 19. gr.

Eigi má, án leyfis heilbrigðisnefndar, hafa stórgripi, sauðfé eða hænsn í íbúðarhúsum manna eða byggingum áföstum við íbúðarhús.

## 20. gr.

Heilbrigðisnefnd skal segja fyrir um, hvar peningshús, haughús, haugstæði eða forir mega vera, og má enginn gera þau að nýju, nema hann hafi fengið samþykki heilbrigðisnefndar til þess og hlíti fyrir mælum hennar um frágang og tilhögun. Peningshús og haugstæði, sem eru eldri en þessi samþykkt, getur heilbrigðisnefnd heimtað, að séu lögð niður, færð úr stað eða breytt, ef hún telur að þeim óþrífnað.

**Um salerni.**

## 21. gr.

Hverju íbúðarhúsi skal fylgja salerni, eitt eða fleiri, eftir stærð hússins og fjölda íbúða. Salerni skal þannig gert, að gólfið sé steinsteypt eða úr hefluðum og plægðum gólfborðum, og liggi gólfið hærra en jarðvegurinn í kring. Hafa skal í salerninu saurkagga, vel vatnsheldan, og nái hann fast upp að setu. Setuumbúnaðurinn skal vera laus og allt þannig útbúið, að sem auðveldast sé að þvo og sótt-hreinsa salernið. Hafa má salernið innanhúss í sérstökum klefa, ef góður loftsúgur er í klefanum og það er hreinsað daglega.

## 22. gr.

Í salernum skal seta og gólf jafnan vera hreint og saurilátin tæmd áður en þau fyllast.

## 23. gr.

Heilbrigðisnefnd skal segja til um það, hvar megi láta saur úr salernum.

24

20. jan.

24. gr.  
Ef engin salerni fylgja húsum þeim, sem eldri eru en þessi samþykkt, eða þau eru illa gerð eða óþrifleg, þá getur heilbrigðisnefnd heimtað af húsráðendum, að þeir geri ný salerni samkvæmt 21. gr. Heimilt er heilbrigðisnefnd að láta byggja salerni til almenningsnota, eitt eða fleiri. Kostnað við byggingu þeirra og hirðingu skal greiða úr sveitarsjóði.

### Um sorp og önnur óhreinindi.

25. gr.

Hverju húsi skal fylgja sorpkista, sem heilbrigðisnefnd álitur viðunanlega. Skal í hana safna allri ösku og sorpi, sem til fellur frá húsinu, og það flutt út í sjó, eða á annan þann stað, sem heilbrigðisnefnd samþykkir. Sé misbrestur á, að þessu sé hlýtt, má heilbrigðisnefnd láta útbúa sorpkassa, safna í þá og láta sorpið burt á kostnað húseiganda.

26. gr.

Nú álitur hreppsnefnd heppilegra, að sérstakur maður sé ráðinn til að hreinsa sorp úr bænum, og er henni það þá heimilt.

27. gr.

Það er skylda útgerðarmanna að sjá um, að flytja allt slor og allan fiskúrgang, sem ekki er safnað í gryfjur með ráði heilbrigðisnefndar eða hagnýtt á annan hátt, samdægurs svo langt út á sjó, að það berist ekki aftur upp í fjöruna.

28. gr.

Þegar lóðir eru stokkaðar upp eða beitt, skal öllu rusli af lóðunum og beitúrgangi safnað saman í ilát og það flutt burtu jafnóðum með slorinu.

Formenn og bátaeigendur bera ábyrgð á, að ákvæðum þessarar greinar sé hlýtt.

29. gr.

Til frekari tryggingar ákvæðum 28. gr., skal kjósa á hreppsfundi 2 menn eða fleiri, ef þurfa þykir, sem hafi ásamt heilbrigðisnefnd og bryggjuformanni eftirlit með hreinlæti kringum bryggjur og í beitningarskúrum yfir vertíðina. Geri þeir heilbrigðisnefnd viðvart, ef einhverjir kynnu að brjóta í bága við þessi ákvæði eða önnur þar að lútandi.

30. gr.

Öll fiskverkun og verkun á fiskúrgangi skal fara fram á þeim svæðum, sem heilbrigðisnefnd ákveður til þess.

31. gr.

Á lóð kaupþúsins eða í nágrenni við hana má ekki reka neinn þann iðnað, sem óhollusta fylgir, óþefur eða óþrifnaður. Skal allur iðnaður, þar með talin fiskverkun og annað þvilíkt, háður eftirliti heilbrigðisnefndar og fyrirmælum, að því er hreinlæti snertir, bæði utan húss og innan.

32. gr.

Verksmiðjur, sem reistar kunna að verða, og vinnustofur, þar með talin fiskverkunar- og beitningarhús, skulu háð eftirliti heilbrigðisnefndar og fyrirmælum, að verkafólki sé þar ekki hætta búin af illri aðbúð. Séð skal fyrir nægilegu loftrúmi og loftræstingu. Nægileg upphitun skal vera í öllum vinnustofum, og nær það ákvæði einnig til beitningarhúsa, sem unnið er í að vetrarlagi.

**Um samkomuhús og sölubúðir.****33. gr.**

Heilbrigðisnefnd skal hafa eftirlit með samkomuhúsum og sölubúðum í kaup-  
túninu og sjá um, að slíkir staðir séu hreinsaðir svo oft, sem hún álitur þess þörf,  
og af þeim, sem hún álitur til þess færa. Skulu þessi hús þvegin hátt og lágt og að  
minnsta kosti einu sinni á ári og gólf í þeim hvern þann dag, sem notuð eru.

**34. gr.**

Í verzlunarbúðum, skólum og öllum þeim húsum, sem notuð eru til almennra  
mannfunda, skulu vera nægilega margir hrákadallar, og séu þeir vandlega hreins-  
aðir í hvert sinn, sem húsið er notað.

**35. gr.**

Hverju samkomuhúsi skulu fylgja salerni svo mörg og stór, sem heilbrigðis-  
nefnd telur nauðsynlegt, og þannig útbúin og hirt, sem nefndin mælir fyrir um.

**Um skóla.****36. gr.**

Heilbrigðisnefnd skal skoða skólahús í kauppstúinu, hvort heldur eru í opin-  
berri eign eða einstakra manna, að minnsta kosti tvisvar á ári.

**37. gr.**

Hver kennslustofa skal vera svo stór, samanborið við nemendafjölda, sem hér-  
aðslæknir álitur viðunandi. Allir gluggar skulu vera á hjörum, sé ekki önnur loft-  
ræsting. Gólf skulu þvegin daglega, en ekki sópuð.

**38. gr.**

Ef nemandi eða kennari hefur berklaveiki eða annan næman sjúkdóm og læknir  
álitur, að um smithættu sé að ræða, þá er heilbrigðisnefnd skylt að banna, að  
nemandi eða kennari komi í skólann, þar til smithættan að dómi læknis er um  
garð gengin.

**Um matvæli.****39. gr.**

Heilbrigðisnefnd skal hafa gát á, að ekki sé höfð á boðstólum matvara, sem  
sé svikin, skemmd eða skaðleg fyrir heilsu manna, og eiga frumkvæði að aðgerðum  
þar að lútandi samkvæmt lögum nr. 24 1. febr. 1936, um eftirlit með matvælum og  
öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum, svo og reglugerðum samkvæmt þeim lögum.

**40. gr.**

Nú er bersýnilegt, eða kemur í ljós við rannsókn, að einhver matvara sé skemmd  
eða skaðleg, og skal þá eyðileggja vöruna eða gera hana á einhvern hátt óskaðlega  
heilsu manna á kostnað þess, sem vöruna hefur á boðstólum.

**41. gr.**

Kjöt af veikum skepnum eða sjálfdauðum má ekki selja til manneldis.

**42. gr.**

Heilbrigðisnefnd getur bannað matvælasölu, ef sölustaður virðist óhæfur vegna  
óþrifnaðar. Svo getur nefndin og bannað matvælasölu um stundarsakir, ef næmur  
sjúkdómur er á sölustaðnum og hætt er við, að salan greiði sjúkdómnum götu.



24

20. jan.

**Um slátrun.**

43. gr.

Skepnum má ekki slátra við götu eða á almannaferi, heldur skal það gert að húsabaki eða innan girðingar. Þegar slátrun er lokið, skal þrifa til á blóðvelli og flytja allt burt, sem til óþrifnaðar er.

Sullum skal safna í sérstakt ílát og brenna.

Hundar mega ekki koma nálægt slátrun.

44. gr.

Enginn má slátra skepnum til að selja, nema hann hafi til þess skriflegt leyfi heilbrigðisnefndar, og verður hann að fullnægja þeim ákvæðum um þrifnað og tilhögun, sem hún setur.

**Um hundahald.**

45. gr.

Allt hundahald er óheimilt í kaптúninu.

**Um mjólkursölu.**

46. gr.

Öll mjólkursala skal háð eftirliti heilbrigðisnefndar, og getur nefndin bannað mjólkursölu á eða frá heimili, ef næmur sjúkdómur gengur á heimilinu, eða ástæða er til að halda eða vissa fyrir, að kýrnar séu veikar.

Berklaveikar manneskjur mega hvorki hirða kýr, mjólka eða hafa með höndum þá mjólk, sem selja skal.

47. gr.

Heilbrigðisnefnd getur bannað mjólkursölu, ef óþriflega er farið með mjólkina eða hreinlæti í fjósum og hirðing kunna er í svo löku standi, að erfitt verði að forðast, að mjólkinn óhreinist.

**Um brauðgerðarhús.**

48. gr.

Heilbrigðisnefnd skal hafa gát á þeim brauðgerðarhúsum, sem rekin kunna að verða í kaптúninu. Bakarar eru skildir til að hlýta fyrirmælum hennar, að því er hreinlæti snertir.

Enginn má reisa brauðgerðarhús eða byrja bakaraiðni í eldra húsi nema með fengnu leyfi heilbrigðisnefndar, og skal hann hlýða fyrirmælum hennar um alla tilhögun.

Tóbaksnautn er bönnuð í brauðgerðarhúsum, og enginn má sofa í stofum, sem notaðar eru til brauðgerðar.

49. gr.

Bakarar skulu hafa hvítar yfirhafnir yztar klæða, sem ávallt séu hreinar. Þeir skulu og þvo höfuð sitt og hendur, áður en þeir taka til starfa. Deig má ekki hnoða með fótum.

50. gr.

Þeir menn mega ekki vinna að brauðgerð, sem hafa lungnatæringu eða annan næman sjúkdóm eða opin sár eða útbrot á höndum eða handleggjum.

Bakarar og afgreiðslufólk í brauðbúðum skulu í byrjun hvers árs láta heil-

brigðisnefnd í té heilbrigðisvottorð frá lækni. Auk þess getur nefndin krafizt slíks vottorðs, ef henni þykir ástæða til.

24  
20. jan.

### Um næma sjúkdóma.

#### 51. gr.

Komi hættuleg farsótt upp í hreppnum eða nálægum sveitum, þá er heilbrigðisnefnd heimilt að setja um stundarsakir strangari fyrirmæli um hreinlæti utan húss og innan, burtflutning á óhreinindum o. s. frv., en í samþykkt þessari felast.

### Um kirkjugarða.

#### 52. gr.

Þá er gera skal kirkjugarð, skal leita álits heilbrigðisnefndar, og getur hún heimtað, að garðsstæðið sé þurrkað með lokræsum, ef það er svo rakt, að vatn komi nokkru sinni upp í grafirnar.

Vatnsból má ekki vera nær kirkjugarði á jafnsléttu eða undan brekku en bilið sé 100 m. Allir kirkjugarðar skulu vera grasi grónir. Grafa skal svo djúpt, að tveggja álna moldarlag sé ofan á kistu.

### Um sektir.

#### 53. gr.

Ef menn brjóta samþykkt þessa eða vanrækja að framkvæma á settum fresti nokkra þá skipun, sem heilbrigðisnefnd gefur samkvæmt henni, þá varðar það sektum, allt að 1000 krónum, er renna í sveitarsjóð.

Ef heilbrigðisnefnd kys heldur að láta vinna verk það, sem vanrækt hefur verið, á kostnað þess, sem verkið átti að vinna, þá er henni það heimilt, og skal þá greiða þann kostnað, sem af því leiðir, til bráðabirgða úr sveitarsjóði, en síðan taka hann lögtaki hjá þeim, sem sekur er.

Þetta birtist hér með til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

*Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 20. janúar 1949.*

**Eysteinn Jónsson.**

*Gústav A. Jónasson.*

## REGLUGERÐ

um ríkisábyrgð vegna bátaútvogsins o. fl.

25

15. febr.

#### 1. gr.

Ríkissjóður ábyrgist framleiðendum söluverð það á framleiðslu þeirra til útflutnings, sem ákveðið er í 2., 4. og 6. gr. reglugerðar þessarar.

#### 2. gr.

1. Þorskflök með roði, vafin í pergamentpappír í 3 kg eða 7 enskra punda (lbs.) stykkjum, 8 í ks. á 24 kg eða 56 lbs. nettó, pr. lb. fob. kr. 1.33
2. Þorskflök með roði í 1 kg öskjum án cellophan, 25 öskjur í ks. á 25 kg nettó, pr. lb. fob. — 1.46

25	3. Þorskflök með roði í 2 lbs. öskjum án cellophan, 25 öskjur í ks. á 50 lbs. nettó, pr. lbs. fob. ....	kr. 1.50
15. febr.	4. Þorskflök með roði í ½ kg öskjum án cellophan, 50 öskjur í ks. á 25 kg nettó, pr. lb. fob. ....	— 1.52
	5. Ýsflök vafin í pergamentpappír í 3 kg eða 7 lbs. stykkjum, 8 í ks. á 24 kg eða 56 lbs. nettó, pr. lb. fob. ....	— 1.40
	6. Ýsflök í 2 lbs. öskjum án cellophan, 25 öskjur í ks. á 50 lbs. nettó pr. lb. fob. ....	— 1.60
	7. Steinbitsflök, roðlaus, vafin í pergament í 3 kg eða 7 lbs. stykkjum, 8 í ks. 24 kg eða 56 lbs. nettó, pr. lb. fob. ....	— 1.52
	8. Karfaflök, roðlaus, vafin í pergament í 3 kg eða 7 lbs. stykkjum, 8 í ks. 24 kg eða 56 lbs. nettó, pr. lb. fob. ....	— 1.23
	9. Flatfiskur (skarkoli, þykkvalúra og lúða) I. 1¼ lb. og þar yfir, heilfrystur í 21 lbs. stykkjum (3×7 lbs. í hverju stykki) 3 stk. í ks. 63 lbs. nettó, pr. lb. fob. ....	— 1.50
	10. Flatfiskur (skarkoli, þykkvalúra) II. ¾—1¼ lb. heilfrystur í 21 lbs. stykkjum (3×7 lbs. í hverju stykki) 3 st. í ks. 63 lbs. nettó, pr. lb. fob. ....	— 1.36
	11. Flatfiskur (skarkoli, þykkvalúra) III. 250 g — ¾ lb. heilfrystur í 21 lbs. stykkjum (3×7 lbs. í hverju stykki) 3 stk. í ks. 63 lbs. nettó, pr. lb. fob. ....	— 1.24
	12. Flatfiskflök (skarkoli, þykkvalúra og lúða) vafin í pergament, í 7 lbs. öskjum, 8 í ks. 56 lbs. nettó, pr. lb. fob. ....	— 3.23

Verð það á flökum af bolfiski, sem hér um ræðir, miðast við, að flökin séu þunnildalaus.

## 3. gr.

Ríkissjóður tekur að sér að greiða hraðfrystihúsunum upp í geymslukostnað kr. 25.00 á mánuði hverjum á hverja smálest af frystum fiski, sem framleiddur er á árinu 1949 samkv. skilgreiningu í 2. gr. reglugerðar þessarar. Þó skal ríkissjóður aldrei greiða meira en sem nemur því, sem greitt var í þessu skyni fyrir framleiðslu ársins 1948, að viðbættum kr. 2000000.00. Greiða skal fyrir birgðir eins og þær eru í byrjun hvers mánaðar.

## 4. gr.

1. Þorskur, stór og smár, en þó eigi undir 12", og langa I. fl. incl. 10% II. fl., pr. kg fob. ....	kr. 2.25
2. Þorskur, stór og smár, en þó eigi undir 12", og langa II. fl. Það, sem fram yfir er 10%, er um getur í 1. tölul., pr. kg fob. ....	— 2.00
3. Þorskur, stór og smár, en þó eigi undir 12", og langa III. fl., pr. kg fob. ....	— 1.80
4. Þorskur, stór og smár, en þó eigi undir 12", og langa IV. fl., pr. kg fob. ....	— 1.60
5. Þorskur og langa, handfiskur undir 12" pr. kg fob. ....	— 1.80
6. Ýsa, eigi undir 12", I. fl. incl. 10% II. fl., pr. kg fob. ....	— 2.25
7. Ýsa, eigi undir 12", II. fl. það, sem fram yfir er 10%, er um getur í 6. tölul., pr. kg fob. ....	— 2.00
8. Keila, eigi undir 12", I. fl. incl. 10% II. fl., pr. kg fob. ....	— 1.26
9. Keila, eigi undir 12", II. fl., pr. kg fob. ....	— 1.16
10. Keila, eigi undir 12", III. fl., pr. kg fob. ....	— 1.06
11. Ufsi, eigi undir 12", I. fl. incl. 30% II. fl., pr. kg fob. ....	— 1.55
12. Ufsi, eigi undir 12", II. fl., pr. kg fob. ....	— 1.30
13. Ufsi, eigi undir 12", III. fl., pr. kg fob. ....	— 1.10

## 5. gr.

Ríkissjóður tekur að sér að greiða saltfiskeigendum rýrnun á saltfiski, sem framleiddur er til útflutnings á árinu 1949, sem hér segir:

Fyrir 1. geymslumánuð .....	4½%
— 2. — .....	3 %
— 3. — .....	2½%
— 4. — .....	1½%

25  
15. febr.

og eftir 4. geymslumánuð 1% á mánuði hverjum, þar til fiskurinn hefur verið fluttur út.

Ekki greiðist rýrnun af yngri fiski en eins mánaðar, miðað við lok framleiðslumánaðar og þann dag, sem fermingu hvers farms er að fullu lokið. Þó skal aldrei greiða minni rýrnun fyrir útfluttan fisk, en sem svarar fyrsta geymslumánuði. Hver byrjaður mánuður telst sem heill mánuður.

Rýrnun greiðist þó því aðeins, að útflytjandi eigi enga sök á drætti þeim, sem verða kann á útflutningi fisksins og enn fremur að framleiðandi hafi tilkynnt saltfiskframleiðslu sína samkvæmt settum reglum.

#### 6. gr.

Þorskþunnildi, söltuð, með eða án himnu, fullstaðin, metin og pökkuð í hessian, 25 kg í pakka, pr. kg fob ..... kr. 2.00

#### 7. gr.

Ríkissjóður tekur að sér að greiða framleiðendum fyrir þorskflök söltuð til útflutnings í tunnum á 110—114 kg nettó, fullstaðin og metin, pr. tn. fob .. kr. 48.83

#### 8. gr.

Ábyrgð ríkissjóðs samkvæmt 1. til 6. gr. miðast við, að heimilt sé að verðjafna milli fisktegunda og verkunaraðferða, enda gildir þá ábyrgðin sem meðaltalsábyrgð. Óheimilt er að salta ýsu, ef með nokkru móti er unnt að frysta hana eða selja hana isvarða til útflutnings.

#### 9. gr.

Sjávarútvegsmálaráðuneytið getur ákveðið hversu haga skuli fiskframleiðslu á hverjum stað og tíma með tilliti til hagnýtingar hinna ýmsu fisktegunda, svo og pökkunar, og er þá óheimilt að framleiða aðrar fisktegundir til útflutnings eða verka fiskinn á annan hátt en ráðuneytið hefur ákveðið. Ráðuneytið getur einnig sett reglur um móttöku fisks hjá fiskvinnslustöðvum.

#### 10. gr.

Ábyrgð sú, sem um ræðir í 1. og 2. gr., miðast við að fiskurinn fullnægi á hverjum tíma kröfum fiskmatsins sem I. flokks vara.

#### 11. gr.

Ábyrgð sú, sem um ræðir í 4. gr., miðast við saltfisk, sem er fullsaltaður og fullstaðinn, metinn af löggiltum matsmönnum og pakkaður í hessianstriga.

Ríkisstjórnin getur síðar ákveðið, hvort þurrka skuli einhvern hluta saltfisksins og mun þá ákveða verðtryggingu hans.

#### 12. gr.

Selji hlutasjómenn og útgerðarmenn fisk sinn öðrum, skal kaupandinn, ef krafizt verður, færa sönnur á, sem ráðuneytið metur gildar, að hann hafi greitt það lágmarksverð á fiskinum, sem auglýst hefur verið af ráðuneytinu.

#### 13. gr.

Allir þeir, sem framleiða fisk, er ábyrgð ríkissjóðs samkv. 1. kafla laga nr. 100 1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna, tekur til, skulu gefa skýrslu um framleiðslu sína í því formi og svo oft, sem ráðuneytið telur nauðsynlegt.

25

15. febr.

Ákvæði reglugerðar þessarar ná einungis til þess fisks, sem aflað er af báta-útveginum.

14. gr.

15. gr.

Ríkisstjórnin getur falið sérstakri nefnd að annast alla framkvæmd reglugerðar þessarar.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 100 1948, til að öðlast gildi þegar í stað, og er jafnframt felld úr gildi reglugerð nr. 25 11. febrúar 1948.

*Sjávarútvegsmálaráðuneytið, 15. febrúar 1949.*

**Jóhann P. Jósefsson.**

*Gunnl. E. Briem.*

26

## KANADASJÓÐUR

til styrktar íslenskum námsmönnum.

Ársreikningur 1948.

H ö f u ð s t ó l l :

1. Eign frá fyrra ári, samkvæmt birtum reikningi .....	kr. 127585.87
2. Tekjur umfram gjöld, samkvæmt eftirfarandi reikningi .....	— 3340.39

Kr. 130926.26

Eignum sjóðsins er þannig háttað:

1. Veðdeildarbréf .....	kr. 11000.00
2. Sogsvirkjunarbréf .....	— 1000.00
3. Veðskuldabréf .....	— 83766.68
4. Handhafaskuldabréf með ríkisábyrgð .....	— 26000.00
5. Sparisjóðsinnstæða .....	— 9159.58

Kr. 130926.26

T e k j u r :

1. Vextir af veðdeildarbréfum .....	kr. 540.00
2. — — Sogsvirkjunarbréfi .....	— 40.00
3. — — veðskuldabréfum .....	— 4044.00
4. — — handhafaskuldabréfum .....	— 992.17
5. — — sparisjóðsinnstæðu .....	— 164.22
6. Vaxtamismunur á keyptum handhafabréfum .....	— 1560.00

Kr. 7340.39

G j ö l d :

1. Styrkur til Björns læknis Jónssonar, til framhaldsnáms í læknisfr.	kr. 2000.00
2. — — Björgvins Torfasonar stúdents, til náms í fiskiðnfræði	— 2000.00
3. Lagt við höfuðstól .....	— 3340.39

Kr. 7340.39

*Forsætisráðuneytið, 24. janúar 1949.*

F. h. r.

**Birgir Thorlacius.**

**REIKNINGUR**

27

Spítalaskjóðsins Vinamíning á Eyrarbakka, 1948.

## Tekjur:

1. Í sjóði 1. janúar 1948 .....	kr. 16597.79
2. Gjafir á árinu .....	— 828.00
3. Vextir af spariskjóðsinnstæðu .....	— 384.71
4. Vextir af verðbréfum .....	— 275.00

---

 Kr. 18085.50

## Gjöld:

Í sjóði í árslok, verðbréfum og spariskjóðsbók .....	kr. 18085.50
--	--------------

---

 Kr. 18085.50

Eyrarbakka, 31. desember 1948.

Bragi Ólafsson. Árelíus Níelsson. Aðalheiður Bjarnadóttir.

**REIKNINGUR**

28

Berklavarnaskjóðs Ólafs Halldórssonar, konferenzráðs.

## Ársreikningur 1948.

## Höfuðstóll:

1. Eign frá fyrra ári, samkvæmt birtum reikningi .....	kr. 2068.65
2. Aukning á árinu 1948, samkvæmt eftirfarandi reikningi .....	— 73.38

---

 Kr. 2142.03

## Eignum skjóðsins er þannig háttað:

1. Hlutabréf í Eimskipafélagi Íslands h.f. ....	kr. 200.00
2. Innstæða í spariskjóði .....	— 1942.03

---

 Kr. 2142.03

## Tekjur:

1. Arður af hlutabréfum í Eimskipafélagi Íslands .....	kr. 8.00
2. Vextir af spariskjóðsinnstæðu .....	— 65.38

---

 Kr. 73.38

## Gjöld:

Lagt við höfuðstólinn .....	kr. 73.38
-----------------------------	-----------

---

 Kr. 73.38

Forsætisráðuneytið, 24. janúar 1949.

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

29

**REIKNINGUR****Minnisvarðasjóðs Hannesar Hafsteins.****Ársreikningur 1948.****Höfuðstóll:**

1. Eign frá fyrra ári, samkvæmt birtum reikningi .....	kr. 521.38
2. Aukning árið 1948, samkvæmt eftirfarandi reikningi .....	— 18.23

---

Kr. 539.61**Tekjur:**

Vextir af sparisjóðsinnstæðu .....	kr. 18.23
------------------------------------	-----------

---

Kr. 18.23**Gjöld:**

Lagt við höfuðstólinn .....	kr. 18.23
-----------------------------	-----------

---

Kr. 18.23*Forsætisráðuneytið, 24. janúar 1949.*

F. h. r.

**Birgir Thorlacius.**

30

**REIKNINGUR****Styrktarsjóðs til Svíþjóðarferða, árið 1948.****Höfuðstóll:**

1. Eign frá fyrra ári, samkvæmt birtum reikningi .....	kr. 8045.58
2. Aukning á árinu 1948, samkvæmt eftirfarandi reikningi .....	— 299.18

---

Kr. 8344.76**Eignum sjóðsins er þannig háttáð:**

1. Veðdeildarbréf .....	kr. 7000.00
2. Innstæða í sparisjóði .....	— 1344.76

---

Kr. 8344.76**Tekjur:**

1. Vextir af veðdeildarbréfum .....	kr. 280.00
2. Vextir af sparisjóðsinnstæðu .....	— 19.18

---

Kr. 299.18**Gjöld:**

Lagt við höfuðstólinn .....	kr. 299.18
-----------------------------	------------

---

Kr. 299.18*Forsætisráðuneytið, 24. janúar 1949.*

F. h. r.

**Birgir Thorlacius.**

## Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1949.

*Lög um veitingu ríkisborgararéttar*, undirskrifuð af forsetanum 26. janúar 1949, nr. 1.

*Forsetabréf um að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda*, undirskrifað af forsetanum 13. janúar 1949, nr. 2.

*Lög um samkomudag reglulegs Alþingis 1949*, undirskrifuð af forsetanum 14. febrúar 1949, nr. 3.

*Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að leyfa innflutning á sildarbræðsluskipi*, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 4.

*Lög um kjötmát o. fl.*, undirskrifuð af forsetanum 22. febrúar 1949, nr. 5.

*Lög um afnám laga nr. 54 31. maí 1927, um breyting á lögum nr. 30 20. október 1913, um umboð þjóðjarða*, undirskrifuð af forsetanum 23. febrúar 1949, nr. 6.

*Forsetabréf um heiðursmerki Rauðakross Íslands*, undirskrifað af forsetanum 24. febrúar 1949, nr. 7.

*Lög um breyting á lögum nr. 42 5. apríl 1948, um útflutning og innflutning á islenskum og erlendum gjaldeyri*, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 8.

*Lög um breyting á lögum nr. 64 23. júní 1932, um kirkjugarða*, undirskrifuð af forsetanum 26. febrúar 1949, nr. 9.

*Lög um framlenging á gildi laga nr. 33 7. maí 1928, um skattgreiðslu h/f Eimskipafélags Íslands*, undirskrifuð af forsetanum 28. febrúar 1949, nr. 10.

*Lög um afhending skyldueintaka til bókasafna*, undirskrifuð af forsetanum 8. marz 1949, nr. 11.

*Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja f. h. ríkissjóðs lóð á horni Þverholts og Stakkholts í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur*, undirskrifuð af forsetanum 14. marz 1949, nr. 12.

*Lög um vöruhappdrætti fyrir Samband íslenskra berklasjúklinga*, undirskrifuð af forsetanum 16. marz 1949, nr. 13.

*Lög um breyting á lögum frá 29. des. 1948, um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1949 með viðauka*, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 14.

*Lög um breyting á lögum nr. 59 7. maí 1946, um sérstakar fyrningarafskriftir*, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 15.

*Lög um breyting á lögum nr. 6 9. janúar 1935, um tekjuskatt og eignarskatt*, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 16.

## AUGLÝSING

31

21. febr.

um breyting á reglugerð nr. 164 13. des. 1948, um breytingu á reglugerð nr. 167, 21. des. 1946, um áhættuiðgjöld og flokkun starfsgreina samkv. 113. gr. laga nr. 50 frá 1946, um almannatryggingar.

1. gr.

Breyting sú á iðgjaldi í 3. áhættuflokk, er felst í auglýsingu nr. 164/1948, tekur ekki til iðgjalda vegna ökumanna bifreiða fyrr en við lok yfirstandandi bifreiðaskattsárs.



21. febr. Reglugerð þessi, sem sett er samkv. 113. gr. laga nr. 50/1946, um almannatryggingar, öðlast þegar gildi, og birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 21. febrúar 1949.*

F. h. r.

**Jónas Guðmundsson.**

Gísli Jónasson.

## GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Grindavíkur.

### I. RAFORKA

Rafveita Grindavíkur selur raforku á þann hátt og við því verði sem hér segir:

#### A. Lýsing.

1. Um kwst.mæli á kr. 1.20 hver kwst. Við þessu verði skal selja hvers konar raforkunotkun, sem ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár.
2. Um kwst.mæli á 45 aura hver kwst., auk fastagjalds, er nemi kr. 5.50 á m<sup>2</sup> gólfflatarmáls í rúmi því, er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólfleti í búðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 22.00 á ári af m<sup>2</sup>.
3. Til götu og hafnarlýsingar á kr. 1.00 hver kwst.

#### B. Rafmagn til almennrar heimilisnotkunar.

Um kwst.mæli á 30 aura hver kwst. Auk þessa skal greiða fastagjald, kr. 5.00 á mánuði af einu herbergi hverrar íbúðar og kr. 3.00 á mánuði af hverju herbergi umfram eitt.

Í útreikningi á fjölda herbergja skal telja öll íbúðarherbergi og eldhús, en ekki ganga, baðherbergi eða geymslur. Herbergi, sem er minna en 5 m<sup>2</sup>, skal telja sem hálf, en stærra en 25 m<sup>2</sup> sem tvö.

#### C. Vélar.

Þar, sem orkan er notuð til vélareksturs, skal hún seld:

1. Um kwst.mæli á 65 aura hver kwst. Hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma, má krefjast minnsta árgjalds frá kr. 125.00 til kr. 150.00 á hvert uppsett kw. vélanna. Eftir þessum gjaldskrárlið má einnig selja raforku til vinnulagna við byggingar, meðan á byggingu stendur.
2. Til fiskiðnaðar, ef uppsett rafvélaafl fastra véla er yfir 20 kw., um kwst.mæli á 19 aura hver kwst. Rafveitan áskilur sér rétt til að rjúfa straum allt að 2 stundum um hádegis og 1 stund síðdegis.

#### D. Hitun.

1. Um kwst.mæli á 14 aura hver kwst., enda sé þá minnsta ársnotkun 6000 kwst. Heimilt er að rjúfa straum allt að 3 stundum á sólarhring, en þó hæst 1½ stund í senn.

2. Um kwst.mæli á 5 aura hver kwst., ef straumurinn er rofinn frá kl. 8.30 til 23. **32**  
Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:
- Að vélaafl, götulínur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
  - Að notandinn setji klukkurofa fyrir hitalögnina og kosti viðhald þeirra. Þó getur rafveitustjóri ákveðið, að rafveitan leggi til rofa og annist viðhald þeirra, og kostar þá notandinn tengingu þeirra og greiðir leigu af þeim, samkvæmt reglum, er gilda um leigu mæla.
  - Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir með sérstökum rofum og hitastillar notaðir.

21. febr.

## II. MÆLALEIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum sem hér segir:

1. Af einfasa mælum upp að 30 Amp. ....	kr. 2.00 á mánuði.
2. — einfasa mælum 50 Amp. og minni .....	— 3.00 — —
3. — þrífasa mælum 50 til 200 Amp. ....	— 7.00 — —
4. — þrífasa mælum yfir 200 Amp. ....	— 10.00 — —

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í skránni, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækisins. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

## III. HEIMTAUGARGJALD

Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveituna, skal greiða heimtaugargjald sem hér segir:

1. Grunnjald fyrir hverja loftlínuheimtaug .....	kr. 800.00
2. Grunnjald fyrir hverja jarðlínuheimtaug .....	— 1000.00

Auk þessa grunnjalds skal greiða kr. 12.00 af hverju þúsundi króna af brunabótamati húsa og mannvirkja. Í útreikningi á heimtaugargjaldi skal sleppa hálfu þúsundi eða minna af brunabótamati, en ella hækka upp í heilt þúsund.

Ef brunabótamat á húsi er gamalt getur rafveitustjóri eða hreppsnefnd samrýmt það nýju mati og miðað heimtaugargjaldið við það, láti húseigandi meta húsið á ný, skal þó heimtaugargjaldið miðað við það mat.

Heimtaugargjald fellur í gjalddaga, þegar heimtaugaruppsetningu er lokið, eða þegar brunabótamat hússins hefur verið framkvæmt. Greiði húseigandi áætlaðan helming heimtaugargjaldsins um leið og heimtaugaruppsetningu er lokið, er heimilt að veita honum gjaldfrest í allt að 12 mánuði á eftirstöðvunum.

Sé lengd jarðlínuheimtaugar meiri en 25 metrar og loftlínuheimtaugar meiri en 60 metrar, og (eða) gildleiki víra meiri en  $3 \times 70$  qmm, skal húseigandi greiða kostnað af því, sem fram yfir er.

Ef lagðar eru fleiri en ein heimtaug að húsinu, skal greiða allan kostnað af síðari heimtaug eftir reikningi.

## IV. OPNUNARGJALD

- Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun, 10 krónur.
- Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafar-

32 laust, og verður hún ekki enduropnuð, fyrr en notandinn hefur greitt 10 króna  
21. febr. gjald á skrifstofu rafveitunnar.

Hreppsnefnd er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í I. kafla þessarar gjaldskrár, um allt að 20%, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda auglýsi hreppsnefndin breytinguna í Lögbirtingablaðinu, áður en til hennar kemur.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnumálaráðuneytið, 21. febrúar 1949.*

**Bjarni Ásgeirsson.**

*Þorv. K. Þorsteinsson.*

33

25. febr.

## H A F N A R R E G L U G E R ð

fyrir Vopnafjarðarkauptún.

### I. KAFLI

#### Takmörk hafnarinnar.

##### 1. gr.

Vopnafjarðarhöfn, innri höfnin, takmarkast af línu, sem hugsast dregin frá suðurenda Leiðarhafnarhólma í brúna á Hofsa.

Ytri takmörk hafnarinnar eru fyrir innan línu, sem hugsast dregin úr suðurenda Leiðarhafnarhólma í stefnu utantil við Drangsnæs.

Gjöld af skipum, sem til hafnarinnar leita, skal aðeins miða við innra hafnar-svæðið, en takmörk ytri hafnar eru sett aðeins með tilliti til friðunar fyrir skotum, fugla- og seladrápi og öðrum ágangi.

### II. KAFLI

#### Stjórn hafnarinnar.

##### 2. gr.

Að nýafstöðnum hreppsnefndarkosningum skal hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps kjósa 3 menn í hafnarnefnd, og jafnmarga til vara. Kjörtímabil hafnarnefndar er hið sama og hreppsnefndar. Hafnarnefnd sér um viðhald og endurbætur hafnarinnar og stýrir öllum framkvæmdum, er þar að lúta. Hafnarnefnd annast reikningshald og fjárvörzlu hafnarsjóðs, fyrir hönd hreppsnefndar, enda ber sveitarsjóður ábyrgð á eignum og skuldbindingum sjóðsins.

##### 3. gr.

Til þess að standast kostnað við hafnarmannvirki og árlegan reksturskostnað, skal stofna hafnarsjóð. Í hafnarsjóð renna allar tekjur, sem ákveðnar eru með reglugerð þessari. Við lok hvers reikningsárs skal hafnarnefnd semja reksturs- og efnahagsreikning sjóðsins, og ber henni að hafa fullgert reikninginn ekki síðar en í febrúarlok næsta reikningsár. Reikningar skulu endurskoðaðir og úrskurðaðir á sama hátt og hreppsreikningar.

Fyrir fyrsta nív. ár hvert skal hreppsnefnd hafa samið og lagt fyrir hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld hafnarinnar

á komandi ári. Hreppsnefnd skal síðan fullsemja áætlunina og senda hana sam- 33  
göngumálaráðuneytinu til staðfestingar fyrir árslok ásamt nauðsynlegum skýring- 25. febr.  
um á gjalda- og tekjuliðum.

## 4. gr.

Reikningsár hafnarsjóðs er almanaksárið.

## III. KAFLI

## Um legu skipa og umferð þeirra á höfninni.

## 5. gr.

Fiskiskip og önnur skip, er ekki ferma né afferma, mega aldrei leggjast svo á höfninni, að þau tálmi affermingu annarra skipa, og skulu þau í hvert skipti skyld að hlýða boðum hafnarnefndar, eða umboðsmanns hennar um það, hvar þau megi liggja eða leggjast.

Aldrei mega nein skip leggjast svo nærri bryggju, að eigi sé nægilegt svigrúm fyrir önnur skip, að komast að eða frá.

Tregðist eigandi, skipstjóri eða umráðamaður skips við að hlýða boðum hafnarnefndar, eða umboðsmanns hennar, um að flytja skip sitt, bát eða strengi á höfninni, getur hafnarnefnd látið gera það á kostnað eiganda.

## 6. gr.

Enginn má leggja sérstök legugögn í höfnina, nema leyfi hafnarnefndar komi til, og skal hún ákveða, hvar þau skuli lögð.

Í hverju skipi, að undanskildum skipum, sem hafa leyfi hafnarnefndar til að liggja mannlauk í lægi hafnarinnar, skal jafnan vera einn maður, að minnsta kosti, er geti tekið á móti skipunum hafnarnefndar og látið framkvæma þær, hvort heldur á að færa skipið, eða framkvæma eitthvað annað samkvæmt reglugerð þessari.

## 7. gr.

Ekki má festa skipi við bólvirki né bryggju, nema við festarhringa eða festarstólpa. Festum skal þannig komið fyrir, að þær hindri sem minnst umferð á bryggjunni eða bólvirkinu. Þyki þess eigi nægilega gætt, má krefjast, að bætt sé úr því tafarlaust. Skytt er að hafa tryggar hlifar milli skips og bólvirkis eða bryggju.

## 8. gr.

Gufuskip eða önnur vélskip mega ekki láta vélar ganga með svo miklu afli, að öðrum skipum eða hafnarmannvirkjum stafi hættu af því. Ekki má hleypa vatni á bryggju eða bólvirki að óþörfu.

## 9. gr.

Ef skip lendir á grynningu eða sekkur, þar sem það að áliti hafnarnefndar tálmar greiðri notkun hafnarinnar, skal færa það burt, svo fljótt sem auðið er. Verði dráttur á því, má hafnarnefnd láta færa skipið burt á kostnað eiganda, og er henni heimilt að láta selja skipið til lúkningar kostnaðinum, ef nauðsyn krefur.

Hrökkvi andvirði hins selda skips ekki fyrir kostnaðinum er eigandi þess ábyrgur fyrir eftirstöðvunum.

## IV. KAFLI

## Um notkun bryggju og bólvirkja.

## 10. gr.

Venjulega er skipum heimilt að leggjast við bryggju og bólvirki hafnarinnar í þeirri röð, sem þau koma. Þó skulu, að öðru jöfnu, þau skip, sem sigla eftir fastri

**33** auglýstri ferðaáætlun og flytja póst, hafa rétt til að leggjast að bryggjum og bólvirkjum, þótt önnur skip liggja þar fyrir, og verða þau þá að vika, meðan hin eru afgreidd. Sams konar rétt hafa vélskip fram yfir seglskip. Sé fermingu eða affermingu skips eigi haldið áfram með hæfilegum hraða, að áliti hafnarnefndar, ber því að vika fyrir öðrum skipum, ef hún krefst þess. Enn fremur getur hafnarnefnd eða umboðsmaður hennar vísað skipum frá bryggjum og bólvirkjum, áliti hann það nauðsynlegt vegna veðurs.

11. gr.

Ef nauðsyn ber til, að skipum, sem ferma eða afferma við bryggjur eða bólvirki, sé lagt hlið við hlið, er heimilt að flytja farm þeirra skipa, sem utar liggja, yfir þilför hinna á bjálkabrum. Svo er og skipshöfn og farþegum þeirra skipa, sem utar liggja, heimil nauðsynleg umferð um þilför þeirra skipanna, sem nær liggja.

12. gr.

Við uppskipun og útskipun á kjölfestu, sandi og öðru slíku, er skilt að hafa nægilega sterka hlífðardúka milli skips og bólvirkis, bryggju eða milli skipa, svo ekkert falli fyrir borð. Sé þessa ekki gætt, getur hafnarnefnd stöðvað verkið, unz úr er bætt.

13. gr.

Þeir munir eða vörur, sem affermdar eru eða láta á í skip, mega ekki liggja á bryggjum né bólvirkjum og eigi annars staðar á landi hafnarinnar, en á þeim stöðum, sem ætlaðir eru til geymslu, nema með leyfi hafnarnefndar. Skal flytja burt vörur og muni jafnskjótt og hún krefst þess.

## V. KAFLI

### Hafnarmannvirki einstakra manna og félaga innan hafnarinnar.

14. gr.

Meðfram strandlengju hafnarinnar má ekki gera í sjó fram neina bryggju eða önnur mannvirki, né heldur breyta þeim mannvirkjum, sem fyrir eru, og ekki fylla upp eða dýpka út frá landi, nema hreppsnefndin hafi veitt samþykki til þess, að fengnum tillögum hafnarnefndar. Skjóta má úrskurði hreppsnefndar undir úrskurð samgöngumálaráðuneytisins. Sé slíkt leyfi ekki notað innan tveggja ára, fellur það úr gildi.

Sá, sem fengið hefur leyfi til að gera slíkt mannvirki, skal halda því svo vel við, að engin hætta stafi af því. Brot gegn því varðar sektum allt að 10 þús. krónur, og getur hafnarnefnd látið nema burtu mannvirkið á kostnað eiganda.

Til meiri háttar framkvæmda og ráðstafana skal leita samþykkis samgöngumálaráðuneytisins.

15. gr.

Við bryggjur eða uppfyllingar einstakra manna eða félaga innan hafnarinnar, hafa skip rétt til að leggjast að í sömu röð, er þau koma inn og sækja um það. Þó skulu skip, sem sigla eftir fastri, auglýstri áætlun, hafa forgangsrétt næst skipum eiganda.

16. gr.

Við hverja bryggju einstakra manna eða félaga, sem skipum er ætlað að leggjast að, skal vera umsjónarmaður, er hafnarnefnd samþykkir. Óheimilt skal einstaklingum eða félögum, sem eiga bryggju eða bólvirki innan hafnarinnar, að taka vörugjald af þeim vörum, sem fara þar um, nema samþykki hafnarnefndar komi til.

## 17. gr.

Um lýsingu slikra mannvirkja, þrifnað á þeim og ýmis nauðsynleg áhöld, svo sem stiga, landgöngubrýr, björgunarhringi o. s. frv., fer eftir þeim fyrirmælum, er hafnarnefnd setur á hverjum tíma, og gildir jafnt fyrir allar bryggjur, bólvirki og uppfyllingar á hafnarsvæðinu.

33

25. febr.

## VI. KAFLI

## Um almenna reglu.

## 18. gr.

Hafnarnefnd sér um, að gætt sé almennrar reglu á höfninni og við hana. Er öllum skylt að hlýða boði hennar og banni, og enn fremur annarra þeirra starfsmanna, er hún setur til að gæta reglu. Þyki einhverjum sér óréttur ger, getur hann kært það fyrir hreppstjóra eða sýslumanni, en skipunum hafnarnefndar eða starfsmanna hennar ber að hlýða tafarlaust.

Starfsmenn hafnarinnar skulu gæta allrar kurteisi í starfi sínu.

## 19. gr.

Öll skot við og á höfninni eru stranglega bönnuð.

## 20. gr.

Skylt er að gæta allrar varúðar í meðferð elds og ljósa í skipum á höfninni. Í skipum, sem flytja eldfim efni, má eigi kveikja eld eða ljós nema í eldavélum skipsins eða á ljóskerum. Tóbaksreykingar eru bannaðar í þeim skipum og því svæði, sem unnið er að fermingu þeirra eða affermingu, enda skal það greinilega auglýst. Áliti hafnarnefnd, að hætta geti stafað af fermingu eða affermingu eld-timrar vöru, er henni heimilt að stöðva verkið, unz gerðar hafa verið nauðsynlegar varúðarráðstafanir.

## VII. KAFLI

## Hafnargjöld.

## 21. gr.

Öll skip, 12 smálestir og stærri, skulu greiða hafnargjald, er þau koma á innri Vopnafjarðarhöfn og hafa samband við land.

Undanþegin eru skip, sem leita hafnar vegna óveðurs eða sjóskemmda, svo og varðskip, björgunarskip, skemmtiferðaskip og skip, sem gerð eru út til vísindarannsóknna.

Hafnargjöld greiðast af brúttó-stærð skips og reiknast í heilum tölum.

## 22. gr.

Skip og bátar, sem eru eign búsettra manna á Vopnafirði, skulu greiða hafnargjöld einu sinni á ári, kr. 5.00 af hverri brúttó-smálest, opnir trillubátar 6 smál. og minni kr. 20.00 á ári. Gjaldldagi sé fyrsti ágúst ár hvert. Öll önnur skip nema þau, sem undanskilin eru í 21. gr., 12 smálestir og stærri, greiði kr. 0.40 af hverri brúttó-smálest í hvert sinn, er þau koma til hafnar, þó ekki oft en 6 sinnum á ári.

Innlend strandferðaskip skulu einungis greiða hafnargjald í fyrsta skipti, er þau koma í höfn ár hvert.

## 23. gr.

Undanþegin greiðslu lestagjalds eru herskip, varðskip, björgunarskip, skip, sem hafa skírteini sem skemmtiferðaskip, skip, sem gerð eru út til vísindarannsóknna, skip, sem leita hafna vegna óveðurs, en hafa ekki samband við land, og skip, sem sanna fyrir sjórétti, að þau hafi orðið að leita hafnar vegna sjótjóns.

33

25. febr.

Nú eiga einstaklingar eða félög hafskipabryggju innan hafnarsvæðis og má þá ekki taka í hafnarsjóð bryggjugjald eða gjald af vörum, sem um þær bryggjur fara, fyrr en hafnarsjóður hefur komið upp sambærilegu mannvirki til afgreiðslu skipa.

Heimilt er að innheimta þessi gjöld í hafnarsjóð, þegar byrjað er á framkvæmdum hafnarmannvirkja.

24. gr.

25. gr.

Hvert skip, er leggst að bryggju eða skipi, sem við hana liggur, skal greiða bryggjugjald af brúttóstærð skipsins, talið í heilum tölum:

a. Af aðkomubátum:

5— 12 smálestir .....	kr. 10.00
12— 40 smálestir .....	— 15.00
40— 60 smálestir .....	— 20.00
60—100 smálestir .....	— 30.00
100 smálestir og stærri .....	— 45.00

b. Heimabátar (árgjald):

6—12 smálestir .....	— 50.00
12 smálestir og stærri .....	— 80.00
Trillubáta .....	— 25.00

c. Öll önnur skip, þar á meðal strandferðaskip, skulu greiða kr. 0.20 af hverri nettósmálest.

## VIII. KAFLI

## Vörugjald.

26. gr.

Vörugjald skal greiða af öllum vörum og skepnum, sem útskipað er eða afskipað á höfninni, þó með þeim undantekningum, sem getur um í næstu greinum.

27. gr.

Fyrir vörur, sem samkvæmt farmskrá skipsins eru ákveðnar til umhleðslu og eiga því ekki að leggjast í land, nema um stundarsakir, greiðist aðeins hálfvörugjald.

Af vörum, sem settar eru á land, en eiga að fara aftur með sama skipi, greiðist ekkert vörugjald.

28. gr.

Þessar vörur eru algerlega undanþegnar vörugjaldi:

- Umbúðir, sem endursendar eru, enda sé þess getið á farmskrá.
- Vistir og aðrar nauðsynjar skipa og báta til eigin notkunar.
- Afli skipa, lagður á land, þegar skip kemur úr veiðiför.
- Póstflutningur og venjulegur farþegaflutningur.

29. gr.

Vörugjaldið skal reikna eftir máli eða þyngd með umbúðum, af hverri sendingu sérstaklega, brot úr gjaldeiningu telst heil gjaldeining. Fara skal eftir farmskrá skipa við útreikning vörugjalds, og eru skipstjóri eða afgreiðslumaður skipa, skyldir til að láta hafnarnefnd í té afrit af farmskrá skipsins. Sé engin farmskrá, skal skipstjóri eða formaður báts, gefa drengskaparvottorð um vörumagn, sem fleyta hans hefur fermt eða affermt. Þyki hafnarnefnd ástæða til, getur hún, hvenær sem er, látið ákveða

vörumagnið á þann hátt, er hún telur hentugast. Reynist vörumagnið meira, en upp 33 var gefið, greiðir skipið kostnaðinn. Ef ýmsar vörutegundir eru í sendingu, skal 25. febr. reikna vörugjaldið eftir þeirri tegund, sem hæst gjald skal greiða af.

Vöru skal flokka til vörugjalds, eftir því sem vörugjaldskrá tiltekur, og gjald greiðist eftir því, er þar segir.

Ef vafi leikur á í hverjum flokki skuli telja einhverja vöru, úrskurðar hafnarnefnd, en úrskurði hennar má áfrýja til hreppsnefndar.

#### A. Gjald fyrir aðfluttar vörur.

1. flokkur. Gjald kr. 0.30 hver 100 kg:  
Kol, salt, sement.
2. flokkur. Gjald kr. 0.40 hver 100 kg:  
Blý, brýni, eldfastur leir og steinn, vír, hverfissteynar, kaðlar, kitti, járn og stálvörur, krít, málningarvörur, sódi, þakpappi, þakjárn og asbest.
3. flokkur. Gjald kr. 1.50 hver tunna:  
Benzín og olía á tunnum.
4. flokkur. Gjald kr. 0.60 hver 100 kg:  
Bækur, smurningsolíur, baðlyf, sápuvörur, fiskilínur, kálmeti, kartöflur, hey, kornvörur, leður, linoleum, pappír, strigavörur, rúðugler, segldúk, seglgarn, togleður, tvistur.
5. flokkur. Gjald kr. 0.80 hver 100 kg:  
Ávextir, kaffi, kókó, brauðvörur, jurtafeti, te, sykur, leirvörur.
6. flokkur. Gjald kr. 1.20 hver 100 kg:  
Þurrir ávextir, niðursuðuvörur, eldspýtur, glervörur, glysvarningur, leðurvörur, leikföng, lyfjavörur, léttar vörur, nýlenduvörur, tóbaksvörur, sælgætisvörur, vefnaðarvörur.
7. flokkur. Gjald kr. 0.80 hver 100 kg:  
Aðrar vörur, sem reiknast eftir þyngd.
8. flokkur. Gjald kr. 0.10 hvert teningsfet:  
Timbur, tunnuefni og líkar vörur.
9. flokkur. Gjald kr. 0.20 hvert teningsfet:  
Bifreiðar, húsmunir, hljóðfæri.

#### B. Gjald fyrir brottfluttar vörur.

1. flokkur. Gjald kr. 0.40 hver 100 kg:  
Fiskur í hvers konar ástandi, lýsi, gætur, ís, síld, kjöt, garnir, hrogn, mör, tólg.
2. flokkur. Gjald kr. 0.80 hver 100 kg:  
Ull og ullarvörur, hert skinn.
3. flokkur. Gjald kr. 1.20 hvert kg:  
Dúnn, fiður.
4. flokkur. Gjald fyrir hvern lifandi grip:  
Kindur 1 kr., stórgripir 4 kr.
5. flokkur. Minnsta gjald kr. 0.60 fyrir hvert stykki.  
Þótt vörur flokkaðar undir brottfluttar vörur flytjist til staðarins, eða vörur flokkaðar undir aðfluttar vörur, flytjist frá staðnum, breytir það engu um vörugjaldið. Vörugjald fyrir óvenjulegar vörur, sem vafasamt þykir, hvernig flokka skuli, ákveður hafnarnefnd.

30. gr.

Fyrir að leggja vörur á land hafnarinnar, skal greiða 10 aura fyrir hvern fermetra lands, sem varan þekur, sé hún ekki flutt burt innan tveggja sólarhringa. Gjald



33 þetta reiknast fyrir hverjar 24 klukkustundir, eða brot úr þeim. Gjald fyrir mikið 25. febr. vörumagn má ákveða með samningi.

31. gr.

Fyrir lóðir hafnarinnar, geymsluhús og tæki, sem leigð eru einstökum mönnum eða félögum, um lengri eða skemmri tíma, skal greiða gjald, sem ákveðið verður með samningi.

## IX. KAFLI

### Um innheimtu og greiðslu hafnargjalda.

32. gr.

Hafnarnefnd eða umboðsmaður hennar, sér um innheimtu allra hafnargjalda.

33. gr.

Skipstjóri eða formaður ber ábyrgð á greiðslu lestagjalds og bryggjugjalds. Hafnarsjóður hefur haldsrétt í skipum, unz gjöldin eru greidd. Þegar gjalddagar eru ekki ákveðnir í reglugerð þessari, skal greiða gjöldin áður en skipið fer burt úr höfninni.

34. gr.

Gjald fyrir vörur, sem um getur í 29. gr., greiðir eigandi eða umboðsmaður hans, og hefur hafnarsjóður haldsrétt í vörunni, unz gjaldið er greitt.

Vörugjald af vörum, sem lagðar eru á land á hafnarsvæðinu, fellur í gjalddaga, um leið og varan er sett á land, og vörugjald af vörum, sem fluttar eru úr höfninni, fellur í gjalddaga, þegar vörurnar eru komnar í skip. Afgreiðslumaður skips skal standa skil á greiðslu vörugjaldsins.

Ef skip eða bátur hefur ekki farm sinn skráðan, ber skipstjóri eða formaður ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins.

35. gr.

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari má taka lögtaki.

## IX. KAFLI

### Ýmis ákvæði.

36. gr.

Um skaðabótaskyldu fyrir skemmdir á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum, fer eftir almennum reglum.

Ef samningum verður ekki við komið um skaðabætur fyrir skemmdir á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum, skulu þær ákveðnar af þremur óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Hvorum aðila fyrir sig er heimilt að krefjast yfirmats, en gera skal það, áður en einn mánuður er liðinn frá því, að matsgerð er lokið. Yfirmat skal fram fara af fimm dómkvöddum mönnum.

Kostnaður við yfirmat greiðist af þeim, er hefur krafizt þess, ef matsupphæðinni verður ekki breytt til hækkunar, er nemi 10% af hinn ákveðnu skaðabótaupphæð. Að öðrum kosti greiðir hinn aðilinn kostnaðinn.

37. gr.

Enginn, sem bakað hefur sér refsingu eða skaðabótaskyldu fyrir brot á reglugerð þessari, má fara burt úr höfninni, meðan mál hans er óútkljáð, nema hann setji tryggingu, er hafnarnefnd tekur gilda.

## 38. gr.

33

Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum frá 20.00—10000.00 krónum, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum. Sektirnar renna í hafnarsjóð Vopnafjarðar.

25. febr.

## 39. gr.

Mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara með að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgöngumálaráðuneytið, 25. febrúar 1949.*

**Emil Jónsson.**

*Páll Pálmason.*

## G J A L D S K R Á

34

fyrir Rafveitu Miðneshrepps.

28. febr.

### I. RAFORKA

Rafveita Miðneshrepps selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

#### A. Lýsing.

1. Um kwst.mæli á kr. 1.20 hver kwst. Við þessu verði skal selja hvers konar raforkunotkun, sem ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár.
2. Um kwst.mæli á 45 aura hver kwst., auk fastagjalds, er nemi kr. 5.50 á m<sup>2</sup> gólf-flatarmáls í rúmi því, er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólfleti í búðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 2.00 á ári af m<sup>2</sup>.

#### B. Rafmagn til almennrar heimilisnotkunar.

Um kwst.mæli á 30 aura hver kwst. Auk þessa skal greiða fastagjald kr. 5.00 á mánuði af einu herbergi hvernar íbúðar og kr. 3.00 á mánuði af hverju herbergi umfram eitt.

Í útreikningi á fjölda herbergja skal telja öll íbúðarherbergi og eldhús, en ekki ganga, baðherbergi eða geymslur. Herbergi, sem er minna en 5 m<sup>2</sup>, skal teljast sem hálf, en stærra en 25 m<sup>2</sup> sem tvö.

#### C. Vélar.

Þar sem orkan er notuð til vélareksturs, skal hún seld:

1. Um kwst.mæli á 65 aura hver kwst. Hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma, má krefjast minnsta árgjalds, frá kr. 125.00 til kr. 150.00 á hvert uppsett kw. vélanna. Eftir þessum gjaldskrárlið má einnig selja raforku til vinnulagna við byggingar, meðan á byggingu stendur.
2. Til fiskiðnaðar, ef uppsett rafvélaafl fastra véla er yfir 20 kw., um kwst.mæli á 19 aura hver kwst. Rafveitan áskilur sér rétt til að rjúfa straum allt að 2 stundum um hádegi og 1 stund síðdegis.

## D. Hitun.

28. febr.
1. Um kwst.mæli á 14 aura hver kwst., enda sé þá minnsta ársnotkun 6000 kwst. Heimilt er að rjúfa straum allt að 3 stundum á sólarhring, en þó hæst 1½ stund í senn.
  2. Um kwst.mæli á 5 aura hver kwst., ef straumurinn er rofinn frá kl. 8.30 til 23. Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:
    - a. Að vélaafli, götulinur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
    - b. Að notandinn setji klukkurofa fyrir hitalögnina og kosti viðhald þeirra. Þó getur rafveitustjóri ákveðið, að rafveitan leggi til rofa og annist viðhald þeirra, og kostar þá notandinn tengingu þeirra og greiðir leigu af þeim. samkvæmt reglum, er gilda um leigu mæla.
    - c. Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir með sérstökum rofum og hitastillar notaðir.

## II. MÆLALALEIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum sem hér segir:

1. Af einfasa mælum 30 Amp. og minni .....	kr. 2.00 á mánuði.
2. — einfasa mælum 50 Amp. og minni .....	— 3.00 — —
3. — þrífasa mælum 50 til 200 Amp. ....	— 7.00 — —
4. — þrífasa mælum yfir 200 Amp. ....	— 10.00 — —

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í skránni, skal árleigan vera sem næst 20% af verði mælitækisins. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

## III. HEIMTAUGARGJALD

Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveituna, skal greiða heimtaugargjald, sem miðast við brunabótamat á húsum og mannvirkjum á þann hátt, sem hér segir:

Brunabótamat:		Jarðlína:	Loftlína:
Frá kr.	0— 10000.00	kr. 1000.00	kr. 800.00
— —	10000— 25000.00	— 1300.00	— 1025.00
— —	25000— 50000.00	— 1600.00	— 1350.00
— —	50000— 75000.00	— 1875.00	— 1525.00
— —	75000—100000.00	— 2000.00	— 1600.00
— —	100000 og yfir	— 2100.00	— 1700.00

Ef brunabótamat á húsi er gamalt getur rafveitustjóri samræmt það nýju mati og miðað heimtaugargjaldið við það. Láti húseigandi meta húsið á ný, skal þó heimtaugargjaldið miðast við það mat.

Greiði húseigandi áætlaðan helming heimtaugargjalds um leið og heimtaugaruppsetningu er lokið, er heimilt að veita honum gjaldfrest í allt að 12 mánuði á eftirstöðvunum. Heimtaugargjald fellur í gjalddaga, þegar brunabótamat hússins hefur verið framkvæmt.

Sé lengd jarðlínuheimtaugar meiri en 25 metrar, og loftlínuheimtaugar meiri en 60 metrar, og (eða) gildleiki víra meiri en 3×70 qmm., skal húseigandi greiða allan kostnað við síðari heimtaug eftir reikningi.

## IV. OPNUNARGJALD

34

28. febr.

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun, 10 krónur.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún ekki enduropnuð, fyrr en notandinn hefur greitt 10 króna gjald á skrifstofu rafveitunnar.

Hreppsnefnd er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í I. kafla þessarar gjaldskrár, um allt að 20%, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda auglýsi hreppsnefndin breytinguna í Lögbirtingablaðinu, áður en til hennar kemur.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Rafveitu Miðneshrepps, nr. 93 7. maí 1947.

*Atvinnumálaráðuneytið, 28. febrúar 1949.*

**Bjarni Ásgeirsson.**

*Þorv. K. Þorsteinsson.*

## S A M Þ Y K K T

35

1. marz

## um lokunartíma sölubúða í Akureyrarkaupstað.

## 1. gr.

Sölubúðum á Akureyri skal lokað, eftir því sem ákveðið er í 2., 3. og 4. gr. samþykktar þessarar.

## 2. gr.

Alla virka daga ársins skal sölubúðum lokað eigi síðar en kl. 18. Þó skulu vera frá þessu þær undantekningar, er nú skal greina:

Aðfangadag jóla og gamlársdag skal eigi lokað síðar en kl. 13, nema þessa daga beri upp á mánudag, þá er heimilt að hafa búðir opnar til kl. 16. Síðasta virkan dag fyrir aðfangadag jóla er heimilt að halda sölubúðum opnum til kl. 24. Síðasta laugardag fyrir jól (annan en Þorláksmessu, ef hana ber upp á laugardag), eða annan virkan dag skömmu fyrir jól, er heimilt að halda búðum opnum til kl. 22. Á tímabilinu frá og með 1. október til 30. apríl, skal lokað eigi síðar en kl. 16 á laugardögum (vetrartími). Á tímabilinu frá og með 1. maí til 30. september skal loka eigi síðar en kl. 12 á laugardögum, en á föstudögum er heimilt að halda búðum opnum til kl. 19 (sumartími). Þá er heimilt að halda búðum opnum til kl. 16 laugardaginn næstan fyrir Hvítasunnu.

## 3. gr.

Almenna helgidaga þjóðkirkjunnar, sumardaginn fyrsta, 17. júní og fyrsta mánudag í ágúst mega engar sölubúðir vera opnar. 1. maí og 1. desember skal lokað kl. 12 á hádegi.

## 4. gr.

Frá ákvæðum um lokunartíma sölubúða í samþykkt þessari skulu enn fremur þessar undantekningar:

Brauð- og mjólkursölubúðum má halda opnum á almennum helgidögum, sum-

35 ardaginn fyrsta og 17. júní frá kl. 10 f. h. til kl. 2 e. h., eingöngu til sölu á brauð-  
1. marz vörum, mjólk og mjólkurvörum. Ákvæði samþykktarinnar ná ekki til lyfjabúða.

## 5. gr.

Eftir lokunartíma sölubúða er óheimilt að selja á strætum og torgum, eða annars staðar utan sölubúða kaupmanna, nokkurn þann varning, sem ekki má selja nema samkvæmt verzlunarleyfi. Heimilt er þó að selja einnig á þeim tíma kol, salt, veiðarfæri og vistaförða handa skipum, og sömuleiðis er leyfilegt að taka á móti innlend- um vörum aðkomumanna í geymsluhús verzlana.

## 6. gr.

Þá, sem komnir eru inn í verzlun fyrir lokunartíma, er heimilt að afgreiða eftir að lokað er.

## 7. gr.

Lögreglustjóra er heimilt, þegar sérstaklega stendur á, að veita undanþágu frá samþykkt þessari fyrir einstaka daga og til þess að sala fari fram í góðgerðar- skyni eða til ágóða fyrir stofnanir og fyrirtæki, sem að dómi lögreglustjóra horfa til almenningsheilla.

## 8. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum, 20—500 krónum, og renna sektirnar í bæjarsjóð. Mál út af brotum gegn samþykkt þessari skal reka sem almenn lög- reglumál.

## 9. gr.

Með samþykkt þessari fellur úr gildi samþykkt um lokunartíma sölubúða í Akureyrarkaupstað frá 15. júlí 1937.

Samþykkt þessi, sem gerð er af bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar samkvæmt lögum nr. 17 1. febrúar 1936, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 1. marz 1949.*

F. h. r.

**Jónas Guðmundsson.**

*Gisli Jónasson.*

36

3. marz

## HAFNARREGLUGERÐ

fyrir Hafnarkauptún í Hornafirði.

### I. KAFLI

Takmörk hafnarinnar.

## 1. gr.

Takmörk hafnarinnar eru að vestan Suðurfjörður frá Hornafjarðarós inn að Melatanga. Þaðan hugsuð lína beint í Leiðarhöfða. Þaðan takmarkast höfnin af strandlengjunni sunnan Hafnarkauptúns austur á Heppu, þaðan beina línu í syðsta tanga Ægissíðu og þaðan á austasta tanga á henni. Þaðan eru takmörkin beina línu austast í Mikley út í Austurfjörur, þaðan eftir Austurfjörinni vestur að Horna- fjarðarós.

## II. KAFLI

## Stjórn hafnarinnar.

36

3. marz

## 2. gr.

Í hafnarnefnd eiga sæti 5 menn, kosnir af hreppsnefnd Hafnarhrepps að afloknum hreppsnefndarkosningum, á sama hátt og til sama tíma og aðrar fastanefndir. Varamenn skulu kosnir jafnmargir og á sama hátt. Nefndin kys sér sjálf formann.

## 3. gr.

Hafnarnefnd annast framkvæmdir hafnarmála og eftirlit með höfninni og hafnarmannvirkjum, sér um viðhald og umbætur á hvorutveggja og annast fjárhald hafnarinnar og reikningsskil undir yfirumsjón hreppsnefndar.

## 4. gr.

Öll gjöld, sem reglugerð þessi ræðir um, skulu renna í hafnarsjóð Hafnarhrepps. Skal honum varið til að standast kostnað af mannvirkjum, sem við höfnina eru gerð. Hreppsnefnd veitir fé úr sjóðnum, að fengnum tillögum hafnarnefndar, og ákveður hvernig hann skuli ávaxtast, enda ber hún ábyrgð á eignum hans eins og öðru fé hreppsins.

Við lok hvers rekstursárs skal hafnarnefnd semja reksturs- og efnahagsreikning sjóðsins, og ber henni að hafa fullgert reikninginn ekki síðar en í febrúarlok næsta reikningsár. Reikningar skulu endurskoðaðir og úrskurðaðir á sama hátt og hreppsreikningar.

Fyrir fyrsta nóvember ár hvert skal hafnarnefnd hafa samið og lagt fyrir hreppsnefnd frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld hafnarinnar á komandi ári. Hreppsnefnd skal síðan fullsemja áætlunina og senda hana samgöngumálaráðuneytinu til staðfestingar fyrir árslok, ásamt nauðsynlegum skýringum á gjalda- og tekjuliðum.

## III. KAFLI

## Almennar reglur.

## 5. gr.

Hafnarnefnd sér um, að gætt sé almennrar reglu á höfninni og við hana. Er öllum skylt að hlýða boði hennar og banni tafarlaust og enn fremur þeirra starfsmanna, er hún setur, til þess að gæta reglu. Starfsmenn hafnarinnar skulu gæta allrar kurteisi í starfi sínu.

## 6. gr.

Öll skot við höfnina og á henni eru stranglega bönnuð og sérstaklega skal gæta þess, að skot og fugladráp frá skipum og bátum á höfninni eigi sér ekki stað.

## 7. gr.

Skytt er að gæta allrar varúðar í meðferð elds og ljósa í skipum á höfninni. Í skipum, sem flytja eldfim efni, má ekki kveikja eld eða ljós, nema í eldavél skipsins og á ljóskerum. Tóbaksreykingar eru bannaðar í þeim skipum og á því svæði, sem unnið er að fermingu þeirra eða affermingu. Áliti hafnarnefnd að hætta geti stafað af fermingu eða affermingu eldfimrar vöru, er henni heimilt að stöðva verkið, unz gerðar hafa verið nauðsynlegar varúðarráðstafanir. Bannað er að sjóða tjöru, bik, fernisolíu og annað slíkt, sem eldhætta getur stafað af, í skipum á höfninni, svo og á landi hafnarinnar, nema með sérstöku leyfi hafnarnefndar í hvert sinn.

36

3. marz

Skip mega ekki kasta útbyrðis í höfnina seglfestu, ösku, fiskúrgangi eða öðrum óþrifnaði, er valdið getur grynnkun eða skemmdum á hafnarsvæðinu.

Ekki má taka seglfestu í landi hafnarinnar eða landi einstakra manna á hafnar-  
svæðinu, nema að fengnu leyfi hafnarnefndar og þeirra, er landið kunna að eiga.

## 9. gr.

Á landi hafnarinnar má ekki smíða ný skip, þetta eldri skip eða framkvæma viðgerðir á þeim á annan hátt, nema leyfi hafnarnefndar komi til. Einnig þarf leyfi hafnarnefndar til þess að leggja skipum í fjörur hafnarinnar. Bata, sem ekki eru notaðir að jafnaði, má ekki geyma á stöðum, þar sem þeir eru, að dómi hafnarnefndar eða lögreglustjóra, til óþrifnaðar eða óþæginda.

## IV. KAFLI

## Um legu skipa og umferð þeirra um höfnina.

## 10. gr.

Fiskiskip og önnur skip, er ferma ekki né afferma, mega aldrei liggja svo á höfninni, að tálma fermingu eða affermingu annarra skipa, og skulu þau í hvert skipti skyld að hlýða boði hafnarnefndar eða starfsmanna hennar um það, hvar skulu leggjast.

Ekki má leggja skipum og bátum svo nærri bryggjum, að eigi sé, að dómi hafnarnefndar, nægilegt og gott pláss fyrir önnur skip að komast að og frá, né heldur má leggja netum eða duflum svo nálægt bryggjum, að aðgangur verði ógreiður skipum.

Skip mega aldrei leggja svo út frá sér strengi eða önnur festartæki, að umferð tálmi. Festartæki frá skipi má aldrei leggja yfir alfaraveg.

## 11. gr.

Í hverju skipi, að undanskildum skipum, sem hafa leyfi hafnarnefndar til að liggja mannlauus við festar á höfninni, skal jafnan vera einn maður, að minnsta kosti, er tekið geti á móti fyrirskipunum hafnarstarfsmanna og framkvæmt þær, hvort heldur á að færa skipið eða gera eitthvað annað samkvæmt reglugerð þessari.

## 12. gr.

Vélbátum, sem heima eiga í Hornafirði, eða gerðir eru út þaðan og liggja við sérstök legugögn á höfninni, má ekki leggja svo að hindri eða tefji umferð um höfnina. Hafnarnefnd getur ákveðið hvar og hvernig legufæri þeirra skuli lögð. Enginn má flytja legugögn báts síns, nema með leyfi hafnarnefndar, en heimilt er eiganda þeirra að taka þau upp án leyfis nefndarinnar.

## 13. gr.

Nú tregðast eigandi eða skipstjóri eða umráðamaður skips við að hlýða skipunum hafnarnefndar eða umsjónarmanns, um að flytja skip sitt eða bát eða strengi á höfninni og getur þá hafnarnefnd látið gera það á kostnað og ábyrgð eiganda eða umráðamanns.

## 14. gr.

Eigi má festa skipum við uppfyllingar eða bryggjur, nema við festarhringa eða festarstólpa. Festum skal þannig fyrir komið, að þær hindri sem minnst umferð á bryggjum eða uppfyllingum. Þyki þess ekki nægilega gætt, má krefjast að úr því sé bætt tafarlaust. Skyllt er að hafa tryggar hlifar milli skips og bryggju eða uppfyllingar.

## 15. gr.

Ef skip lendir á grynningum eða sekkur þar sem það, að áliti hafnarnefndar, tálmar greiðri notkun hafnarinnar, skal færa það burt, svo fljótt sem auðið er. Verði dráttur á því, getur hafnarnefnd látið færa skipið burt á kostnað eigandans og er heimilt að láta selja skipið til lúkningar kostnaðinum, ef nauðsyn krefur.

36

3. marz

## V. KAFLI

## Notkun á hafnarbryggjum og geymsluhúsum.

## 16. gr.

Venjulega er skipum heimilt að leggjast við bryggjur hafnarinnar í þeirri röð, sem þau koma. Þó skulu skip, sem sigla eftir fyrir fram ákveðinni auglýstri ferða-áætlun og flytja póst, hafa að öðru jöfnu rétt til þess að leggjast að bryggju, þó önnur skip liggja þar fyrir og verða þau að vikja meðan hin eru afgreidd. Sams konar rétt hafa vélskip fram yfir seglskip. Sé fermingu eða affermingu skips eigi haldið áfram með hæfilegum hraða, að áliti hafnarnefndar, ber því að vikja fyrir öðrum skipum, ef hún krefst þess. Enn fremur getur hafnarnefnd vísað skipum frá bryggjunni, áliti hún það nauðsynlegt vegna veðurs eða annars. Ef ágreiningur rís, ræður hafnarnefnd í hverri röð skip koma að bryggjunni.

## 17. gr.

Ef nauðsyn ber til að skipum, sem ferma eða afferma við bryggjur eða uppfyllingar, sé lagt hverju við hliðina á öðru, er heimilt að flytja farm þeirra skipa, sem utar liggja, yfir þilför hinna á bjálkabrum. Svo er og skipshöfn og farþegum þeirra skipa, er utar liggja, heimil nauðsynleg umferð um þilför þeirra skipa, er nær liggja.

## 18. gr.

Þegar lokið er fermingu eða affermingu, skal afgreiðslumaður eða skipstjóri, ef þörf gerist, láta ræsta bryggju þá eða uppfyllingu, sem notuð hefur verið. Farist það fyrir, má hafnarnefnd láta gera það á þeirra kostnað.

## 19. gr.

Þeir munir eða vörur, sem affermdar eru eða láttnar í skip, mega ekki liggja á bryggju eða uppfyllingu og eigi annars staðar á landi hafnarinnar, en á þeim stöðum, sem ætlaðir eru til geymslu, nema með sérstöku leyfi hafnarnefndar. Skal flytja burtu vörur og muni jafnskjótt og hún krefst þess. Hafnarnefnd getur heimtað gjald eftir vörur, sem láttnar eru liggja á landi hafnarinnar.

## 20. gr.

Fyrir geymslu á vörum eða varningi í húsum hafnarinnar, sem til þess eru sérstaklega ætluð og ekki eru leigð öðrum með samningum, skal eigandi eða umráðamaður varningsins greiða gjald, er í hvert sinn ákveðst af hafnarnefnd. Gjald þetta var greitt áður en varningurinn er fluttur úr húsum hafnarinnar.

## VI. KAFLI

## Hafnarmannvirki einstakra manna og félaga innan hafnarinnar.

## 21. gr.

Meðfram strandlengjunni umhveris höfnina má ekki gera í sjó fram bryggjur eða önnur mannvirki, né heldur breyta eða auka við þau mannvirki, sem fyrir eru, og ekki fylla upp eða dýpka frá landi, nema hreppsnefnd hafi veitt samþykki sitt



- 36 til þess, að fengnum tillögum hafnarnefndar, og gildir leyfið aðeins til eins árs.
3. marz Skjóta má úrskurði hreppsnefndar til úrskurðar samgöngumálaráðuneytisins. Sá, sem fengið hefur leyfi til að gera slík mannvirki, skal halda því svo vel við, að engin hætta stafi af því.

22. gr.

Við bryggjur eða uppfyllingar einstakra manna eða félaga innan hafnarinnar hafa skip rétt til að leggjast að í sömu röð og þau koma inn og sækja um það. Þó skulu skip, sem sigla eftir fastri áætlun, hafa forgangsrétt, næst eiganda.

23. gr.

Við hverja bryggju einstakra manna og félaga, sem skipum er ætlað að leggjast að, getur hafnarnefnd krafizt að sé umsjónarmaður, sem hún tekur gildan.

24. gr.

Um lýsingu slíkra mannvirkja, þrífnað á þeim og ýmis nauðsynleg áhöld, svo sem stiga, landgöngubrýr, björgunarhringi o. s. frv., fer eftir þeim fyrirmælum, er hafnarnefnd setur á hverjum tíma, og gilda jafnt fyrir allar bryggjur og uppfyllingar innan hafnarinnar.

## VII. KAFLI

### Um hafnargjöld.

25. gr.

Öll skip 12 smálestir og þar yfir skulu greiða hafnargjöld, er þau koma á Hornafjarðarhöfn og hafa eitthvert samband við land.

Undanþegin hafnargjaldi eru þó herskip, varðskip, vitaskip, björgunarskip, skemmtiferðaskip, skip, sem gerð eru út til vísindarannsóknna, skip, sem leita hafnar vegna óveðurs, en hafa ekki samband við land, svo og skip, sem leita hafnar vegna sjóskemmda.

Hafnargjöld reiknast af nettóstærð skipa og í heilum tölum, en brotum skal sleppa.

26. gr.

#### *Hafnargjaldskrá.*

- a. Skip, sem eru eign búsettra manna í Hafnarkauptúni og skrásett þar, skulu greiða einu sinni á ári 2 krónur af hverri brúttó smálest, þó aldrei minna en 15 krónur. Auk þess greiða þau heimaskip, er stunda millilandasiglingar, 10 aura af hverri nettó smálest í hvert sinn er þau koma á höfnina úr millilandasiglingu. Lægsta gjald skal þó vera 5 krónur.
- b. Skip, sem sigla eftir opinberum ferðaáætlunum, skulu greiða 10 aura af hverri brúttósmálest í hvert sinn er þau leggjast í höfnina.
- c. Öll önnur skip, sem til hafnar koma, með þeim undantekningum, sem að framan greinir, skulu greiða 20 aura af hverri brúttósmálest.

## VIII. KAFLI

### Um bryggjugjöld og festargjöld.

27. gr.

1. Gjöld af bryggjum hafnarsjóðs:

Hvert skip, sem leggst við bryggju eða uppfyllingu eða að skipi, sem við hana liggur, skal greiða bryggjugjald af nettóstærð skipsins, talið í heilum smálestum, en broti skal sleppt. Greiða skal gjaldið fyrir hvern sólarhring, en hluti

úr sólarhring telst sem heill. Undanþegin bryggjugjaldi eru varðskip, herskip 36 og vísindaleg rannsóknarskip.

3. marz

Gjöldin greiðast sem hér segir:

- a. Af öllum aðkomuskipum greiðast 10 aúrar af hverri nettósmálest. Minnsta gjald skal þó vera 5 krónur.
- b. Bátar og skip, heimilisföst í Hafnarkauptúni, að stærð 10 smálestir og þar yfir, greiði 1 krónu af hverri brúttósmálest á ári. Minni bátar greiði 5 krónur á ári.

Skip, heimilisföst í Hafnarkauptúni, sem stunda millilandasiglingar, greiði þá auk þess bryggjugjald eins og aðkomuskip, meðan á þeim siglingum stendur.

- c. Fyrir sérstaka notkun á hafnarbryggjum eða uppfyllingum, svo sem aðgerð á fiski, flökun, fiskverkun, síldarsöltun o. fl., skal hafnarnefnd ákveða sérstakt gjald fyrir eða semja við viðkomandi aðila.

2. Gjald af bryggjum einstakra manna eða félaga:

Bryggjueigendur greiði ekkert bryggjugjald af sínum eigin fiskiskipum, eða öðrum fiskiskipum, sem stunda sjávarútveg frá Höfn og leggja afla sinn upp á bryggjur þeirra, eða taka vistir sínar og aðrar nauðsynjar til eigin notkunar.

#### 28. gr.

Skip og bátar, önnur en herskip, varðskip og vísindaleg rannsóknarskip, sem nota bryggjufestar, sem hafnarsjóður á, skulu greiða 2 auru af hverri nettósmálest fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, þó aldrei minna en 5 krónur á sólarhring.

### IX. KAFLI

#### Vörugjald.

#### 29. gr.

Vörugjald skal greiða af öllum vörum og skepnum, lifandi og dauðum, sem fermdar voru eða affermdar á höfninni, með þeim undantekningum, er síðar getur.

#### 30. gr.

Af vörum, sem samkvæmt farmskrá skips eru ákveðnar til umhleðslu og eiga því ekki að leggjast á land, nema um stundarsakir, greiðist aðeins hálf vörugjald.

#### 31. gr.

Undanþegnar vörugjaldi eru þessar vörur:

- a. Vörur, sem settar eru á land og eiga að fara aftur með sama skipi, enda sé svo ákveðið í farmskrá.
- b. Vistir og aðrar nauðsynjar báta og skipa, til eigin notkunar, sem fluttar eru úr landi.
- c. Póstflutningur og venjulegur farþegaflutningur, sem ekki er á farmskrá.
- d. Vörur og tæki til hafnarinnar.

#### 32. gr.

Vörugjaldið skal reikna eftir máli eða þyngd, með umbúðum. Brot úr gjald-einingu telst heil. Fara skal eftir farmskrá skipa við útreikning vörugjalds, og er skipstjóri eða skipaafgreiðslan skyld að láta starfsmönnum hafnarinnar í té eftirrit af farmskrá skipsins.

Sé engin farmskrá, skal skipstjóri gefa drengskaparvottorð um vörumagnið, sem skip hans hefur fermt eða affermt. Þyki hafnarnefnd ástæða til, getur hún

36 hvenær sem er látið ákveða vörumagnið á þann hátt, sem hún telur heppilegast.  
3. marz Reynist vörumagnið meira en upp var gefið, greiðir skipið kostnaðinn. Ef ýmsar vörutegundir eru í sömu umbúðum, skal reikna vörugjaldið eftir þeirri tegund, sem hæst gjald er af.

Við útreikning vörugjalds skal leggja saman hvern vöruflokk, sem samanstendur í skránni, ef móttakandi eða sendandi hér er einn og sami aðili.

### 33. gr.

Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því sem vörugjaldskrá tiltekur, og gjald greiðast eins og þar segir. Þó skal aldrei reikna vörugjald minna en 50 aura.

Ef vafi leikur á því, í hvaða flokki skal telja einhverja vöru, skal oddviti skera úr, en úrskurði hans má áfrýja til hafnarnefndar.

### 34. gr.

#### *Vörugjaldskrá.*

1. flokkur. Gjald 80 aurar fyrir hver 100 kg:  
Fiskur, síld, ís, kol, selt, sement, kornvörur, fóðurvörur, áburður, garð-  
ávéxtir, kjöt, lýsi, hráolía og járn.
2. flokkur. Allar aðrar vörur, sem reiknast eftir þyngd, kr. 1.20 fyrir hver 100 kg.
3. flokkur. Gjald fyrir hvert teningsfet af timbri og öðrum vörum, sem reiknaðar eru eftir máli, kr. 0.20.
4. flokkur. Vörur í tunnum, svo sem oliur, benzin o. fl., kr. 2.50 hver tunna.
5. flokkur. Gjald fyrir hvern stórgrip kr. 5.00. Fyrir sauðfé og minni gripi kr. 1.00.
7. flokkur. Gjald fyrir hvern bát kr. 10.00.
6. flokkur. Gjald fyrir hverja bifreið kr. 40.00.

## X. KAFLI

### Um innheimtu og greiðslu hafnargjalda.

#### 35. gr.

Gjalddagi lestagjalds (hafnargjalda) er þegar skipið hefur lagzt á höfnina, gjalddagi bryggjugjalds þegar skipið hefur lagzt við bryggju eða skip, og gjalddagi vörugjalda, þegar skipið, sem vörurnar flytur, er komið á höfnina, ef um aðfluttar vörur er að ræða. Sé um fráfluttar vörur að ræða, fellur vörugjaldið af þeim í gjalddaga þegar vörurnar eru komnar á farmskrá skipsins.

Gjalddagi þeirra gjalda, sem greiðast eiga einu sinni á ári, er 1. júlí.

#### 36. gr.

Skipstjóri ber ábyrgð á greiðslu lestagjalds (hafnargjalda) og bryggjugjalds. Eigandi skips ber þó alltaf ábyrgð á greiðslu allra gjalda samkvæmt reglugerð þessari.

Móttakandi ábyrgist vörugjald af aðfluttum vörum, en sendandi af fráfluttum vörum, annars skipstjóri, ef farmur skips er ekki skráðum. Hafnarsjóður hefur haldsrétt í skipum fyrir skipagjöldum, en í vörum fyrir vörugjöldum, unz gjöldin eru að fullu greidd.

#### 37. gr.

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari má taka lögtaki, og hafa þau sama for-gangsrétt sem opinber gjöld.

XI. KAFLI  
 Ýmis ákvæði.

36

3. marz

## 38. gr.

Um skaðabótaskyldu fyrir skemmdir á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum, fer eftir almennum reglum. Ef samningum verður ekki við komið, um skaðabætur fyrir skemmdir, skulu þær ákveðast af þremur óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Hvor aðili fyrir sig getur krafizt yfirmats, en gera skal það áður en einn mánuður er liðinn frá því að undirmati var lokið. Yfirmat skal framkvæmt af fimm óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmat greiðir sá, sem þess hefur krafizt, ef matsupphæðinni verður ekki breytt honum í vil meira en 10%. Að öðrum kosti greiðir hinn aðilinn kostnaðinn.

## 39. gr.

Sá, sem hefur bakað sér refsingu eða skaðabótaskyldu fyrir brot á reglugerð þessari, má ekki fara burt úr höfninni meðan mál hans er útkljáð, nema hann setja tryggingu, sem hafnarnefnd tekur gilda.

## 40. gr.

Enginn má vænta þess að fá afgreiðslu fyrir skip sitt hjá lögreglustjóra, nema hann sanni, að hann hafi greitt gjöld þau, sem innheimtumaður hafnarinnar á að innheimta, svo og sektir og skaðabætur, sem honum ber að greiða samkvæmt reglugerð þessari.

## 41. gr.

Hverja þá skipun, sem samkvæmt reglugerð þessari má gefa skipi, skal gefa stýrimanni, ef skipstjóri er ekki í skipi. Ef stýrimaður er heldur ekki við, má gefa einhverjum öðrum af skipshöfninni skipunina og er það jafngilt sem skipstjóri hefði fengið hana sjálfur.

## 42. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum allt að 10000 krónum, nema þyngri refsing liggji við eftir almennum lögum. Sektirnar renna í hafnarsjóð.

## 43. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

## 44. gr.

Við gildistöku þessarar reglugerðar er úr gildi numin hafnarreglugerð fyrir Hafnarkauptún í Hornafirði, frá 5. marz 1935.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgöngumálaráðuneytið, 3. marz 1949.*

**Emil Jónsson.**

*Páll Pálmason.*

37  
5. marz

## BRÁÐABIRGÐAGJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Sauðárkróks.

### Um heimtaugargjald.

Fyrir hverja húsveitu, sem tengd er við rafveitukerfi Sauðárkróks, skal greiða heimtaugargjald, miðað við rúmtak húss, samkvæmt eftirfarandi gjaldstiga:

Rúmmál húss í ten.m.:		Heimtaugargjald í kr.:
Frá	0 allt að 100 .....	500.00
—	100 — — 150 .....	575.00
—	150 — — 200 .....	650.00
—	200 — — 250 .....	725.00
—	250 — — 300 .....	800.00
—	300 — — 350 .....	900.00
—	350 — — 400 .....	1000.00
—	400 — — 450 .....	1100.00
—	450 — — 500 .....	1200.00
—	500 — — 550 .....	1300.00
—	550 — — 600 .....	1400.00
—	600 — — 650 .....	1500.00
—	650 — — 700 .....	1600.00
—	700 — — 750 .....	1700.00
—	750 — — 800 .....	1800.00
—	800 — — 850 .....	1900.00
—	850 — — 900 .....	2000.00
—	900 — — 1000 .....	2200.00
—	1000 — — 1100 .....	2400.00
—	1100 — — 1200 .....	2600.00
—	1200 — — 1500 .....	3000.00
—	1500 — — 1750 .....	3500.00
—	1750 — — 2000 .....	4000.00
—	2000 — — 2250 .....	4500.00
—	2250 og yfir .....	5000.00

Gjald þetta er miðað við loftlínu að gildleika  $3 \times 70 \text{ mm}^3$  eða grennri og allt að 60 metra að lengd. Fyrir jarðstreng skal greiða heimtaugargjald, sem er 20% hærra, enda sé jarðstrengur ekki gildari en  $3 \times 70 \text{ mm}^3$ , eða lengri en 25 metrar.

Húseigandi greiðir auk þess allan kostnað af því, ef heimtaug er gildari eða lengri en að framan greinir. Sé fleiri en ein heimtaug lögð að húsinu, greiði húseigandi eftir reikningi allan kostnað, er af því leiðir. Ef sérstök heimtaug er lögð í peningshús eða bifreiðaskúr á byggingarlóð íbúðarhússins, telst hún aukaheimtaug í húsið.

Gjald þetta greiðist með jöfnum greiðslum á tólf mánuðum. Fyrsta greiðsla fari fram 1. apríl 1949 og úr því fyrsta hvers mánaðar, þar til gjaldið er að fullu greitt.

Bæjarstjórn lætur gera skrá yfir öll hús í bænum, er tilgreini rúmtak þeirra, þar með ris og kjallara, allt miðað við utanmál.

Verði síðar lögð jarðlína í stað loftlínu, greiðir húseigandi það, sem á vantar til þess að hann hafi greitt fullt jarðlínu-heimtaugargjald.

Bráðabirgðagjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 37  
20. júní 1923, og raforkulögum nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í 5. marz  
stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnumálaráðuneytið, 5. marz 1949.*

**Bjarni Ásgeirsson.**

*Þorv. K. Þorsteinsson.*

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Styrktarsjóð kennara við Kvenna- 38  
skólann í Reykjavík“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráð- 8. marz  
herra 8. marz 1949.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Styrktarsjóð kennara við Kvennaskólann í Reykjavík.

### 1. gr.

Sjóðurinn heitir Styrktarsjóður kennara við Kvennaskólann í Reykjavík og er stofnaður með dánargjöf Ingibjargar H. Bjarnason, forstöðukonu kvennaskólans, samkvæmt erfðaskrá hennar, dags. 17. júlí 1935.

### 2. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð forstöðukonu Kvennaskólans í Reykjavík og tveimur starfandi kennurum við skólann. Ef einhver af sjóðsnefndarmönnum deyr, hættir störfum við skólann eða gengur úr sjóðstjórninni með öðrum hætti, kjósa hinir, sem eftir eru, mann í stjórnina í hans stað. Um skipun hinnar fyrstu stjórnar sjóðsins eru það þó fyrirmæli stofnanda sjóðsins, að Ragnheiður Jónsdóttir, núverandi forstöðukona skólans, skuli eiga sæti í sjóðstjórninni og vera formaður hennar, meðan hún lifir, og að hún skuli einnig velja meðstjórnendur sína meðan hennar nýtur við.

### 3. gr.

Sjóðstjórnin skal sjá um ávöxtun höfuðstóls sjóðsins og skal hann ávaxtaður í tryggum verðbréfum, sem ábyrgð ríkissjóðs fylgir og að einhverju leyti í Útborgunardeild Söfnunarsjóðs Íslands, eftir því sem við verður komið.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og skal sjóðstjórnin árlega birta reikninga hans í Lögbirtingablaðinu.

### 4. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða. Þar til höfuðstóllinn er orðinn 25000 — tuttugu og fimm þúsund — krónur skal leggja alla vexti af sjóðnum við höfuðstóllinn. Síðan skal leggja  $\frac{1}{2}$  vextina með höfuðstóllinn, þar til hann nemur 50000 — fimmtíu þúsund — krónum, þá skal leggja  $\frac{1}{3}$  vaxtanna við þar til sjóðurinn er orðinn 75000 — sjötíu og fimm þúsund — krónur, en úr því  $\frac{1}{4}$  vaxtanna þar til höfuðstóllinn er kominn upp í 100000 — eitt hundrað þúsund — krónur. Eftir það skal jafnan leggja leggja  $\frac{1}{10}$  vaxtanna við höfuðstóllinn.

### 5. gr.

Þeim hluta af vöxtum sjóðsins, er ekki skal lagður við höfuðstól hans samkv. 4. gr., skal varið til að styrkja þá af kennurum Kvennaskólans í Reykjavík, sem hafa

**38** starfað við skólann tuttugu ár eða lengur, en eru hættir kennslustörfum við skólann  
8. marz og eru svo efnalitlir, að sjóðstjórnin álitur þá styrks þurfandi, án þess þó að þeir  
séu á sveitarframfæri.

## 6. gr.

Umsóknir um styrk úr sjóðnum ber að senda formanni sjóðstjórnar í byrjun  
desembermánaðar og fer úthlutun styrksins fram hinn 14. desember ár hvert, þegar  
um styrkúthlutun er að ræða.

Lágmark veitts styrks sé 300 — þrjú hundruð — krónur á ári og skal styrk-  
þegi, sem einu sinni hefur hlotið styrk úr sjóðnum, ganga, að óbreyttum fjárhags-  
ástandum hans, fyrir öðrum, er sækja um styrk úr sjóðnum.

## 7. gr.

Þegar höfuðstóll sjóðsins er orðinn 100000 — eitt hundrað þúsund — krónur  
eða meira, skal sjóðstjórnin verja nokkrum hluta af ársvöxtum hans til þess að  
styrkja námsmey, eina eða fleiri, er lokið hafa fullnaðarprófi við Kvennaskólann í  
Reykjavík með dugnaði, til framhaldsnáms erlendis, náms, er sjóðstjórnin telur  
þarft og álitur umsækjanda hafa góða hæfileika til. Þær námsmeyjar ganga fyrir  
um styrk, er líklegastar teljast til þess að starfa við skólann að afloknu framhalds-  
námi.

## 8. gr.

Komi það fyrir eitthvert ár, að ekki sé veittur neinn styrkur úr sjóðnum eða eigi  
svo hárr styrkur, sem heimilað er í 4. gr., skulu vextir þeir, sem ekki var úthlutað,  
lagðir við höfuðstólinn.

## 9. gr.

Leggist Kvennaskólinn í Reykjavík niður um skemmri eða lengri tíma, skal  
sjóðurinn hverfa í vörzlu kennslumálaráðuneytisins og skal það ávaxta hann, sam-  
kvæmt 3. gr., þangað til skólinn tekur aftur til starfa eða annar hliðstæður kvenna-  
skóli í Reykjavík, er veitir ungum stúlkum kennslu til munns og handa, álika eða  
meiri en hinn núverandi kvennaskóli gerir og gilda þá ákvæði skipulagsskrár þessarar  
um stjórn og meðferð sjóðsins og styrkveitingar úr honum.

## 10. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

**39** Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Gunnlaugs Þorsteins-  
8. marz sonar læknis“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 8.  
marz 1949.

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Gunnlaugs Þorsteinssonar læknis.

## 1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Gunnlaugs Þorsteinssonar læknis.

## 2. gr.

Sjóðurinn er myndaður af framlagi Jóns Þorsteinssonar fulltrúa, bróður Gunn-  
laugs sáluga, og nokkurra borgara í Þingeyrarlæknishéraði. Sjóðurinn er að upp-  
hæð kr. 12164.90.

## 3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að efla og auka söngmennt í Þingeyrarlæknishéraði, t. d. með því að fá hæfa söngkennara við og við, til leiðbeiningar söngfélaga í héraðinu eða á annan hátt, eftir því sem stjórn sjóðsins telur tilganginum best náð á hverjum tíma.

39

8 marz

## 4. gr.

Sjóðurinn tekur til starfa þegar hann er orðinn 20000 — tuttugu þúsund — krónur. Þangað til ávaxtast hann og eflist af öllum vöxtum hans, gjöfum og fjárafslasamkomum.

## 5. gr.

Eftir að sjóðurinn er orðinn kr. 20000.00 (sjá 4. gr.) má verja  $\frac{3}{4}$  af vöxtum hans samkvæmt 3. gr. Sjóðurinn ávaxtast í Sparisjóði Þingeyrarhrepps eða á öðrum tryggum stað.

## 6. gr.

Stjórn sjóðsins skipa héraðslæknirinn í Þingeyrarhéraði, og er hann formaður, þjónandi prestar innan læknishéraðsins og organisti í Þingeyrarkirkju.

## 7. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Endurskoðendur skulu vera oddviti Þingeyrarhrepps og endurskoðandi hreppsreikninga sama hrepps.

## 8. gr.

Eftir að stofnendur hafa tjáð sig samþykka skipulagsskrá þessari, skal leita staðfestingar á henni af forseta Íslands, og hún síðan birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

Í umboði sjóðstofnenda.

Þingeyri, 10. febrúar 1949.

Þorst. Björnsson.      Ang. Arngrímsson.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Matthildar Þorkeldsdóttur fyrrum ljósmóður á Hellissandi“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 8. marz 1949. 40 8. marz

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

**Minningarsjóðs Matthildar Þorkeldsdóttur fyrrum ljósmóður á Hellissandi.**

## 1. gr.

Sjóðurinn heitir „Minningarsjóður Matthildar Þorkeldsdóttur ljósmóður“, og er stofnaður af Kvenfélagi Hellissands á 100 ára afmæli Matthildar, 8. marz 1948.

## 2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja byggingu sjúkrahúss eða annars hjúkrunarheimilis á Hellissandi.

## 3. gr.

Sjóðinn skal efla með minningargjöfum og sölu minningarspjalda.



40

8. marz

Ekki má veita fé úr sjóðnum, fyrr en hann er orðinn allt að kr. 10000.00.

4. gr.

5. gr.

Sjóðinn má aldrei tæma alveg, heldur efla áfram, og jafnan verja í anda þeirrar fórnufúsu konu, sem hann er stofnaður til minningar um, það er til hjúkrunarstarfa.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 5 menn og skulu 3 tilnefndir af Kvenfélagi Hellissands, en 2 af hreppsnefnd Neshrepps.

Stjórnin skal kosin til þriggja ára í senn.

7. gr.

Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir með reikningum Neshrepps utan Ennis.

8. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í Sparisjóði Hellissands og nágrennis.

9. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

41

10. marz

## GJALDSKRÁ

Löggildingarstofunnar fyrir löggildingu og eftirlit með mælitækjum og vogaráhöldum.

1. gr.

### Löggildingargjöld.

#### 1. Vogarlóð.

Þyngd	1 g til 5 g	kr.	0.70
—	10 g til 20 g	—	1.10
—	50 g	—	1.30
—	100 g til 200 g	—	1.45
—	½ kg	—	1.80
—	1 kg til 2 kg	—	2.55
—	5 kg	—	3.10
—	10 kg	—	4.30
—	20 kg	—	5.40

#### 2. Metaskálar.

Vogarþol	3 kg eða minna	—	18.00
—	5 kg eða minna	—	21.60
—	10 kg eða minna	—	25.00
—	20 kg eða minna	—	29.00
—	30 kg eða minna	—	30.00
—	yfir 30 kg	—	36.00

#### 3. Borðvogir jafnarma.

Vogarþol	3 kg eða minna	—	21.00
—	5 kg eða minna	—	25.00
—	10 kg eða minna	—	29.00

Vogarþol 20 kg eða minna .....	kr. 36.00	41
— 30 kg eða minna .....	— 43.00	10. marz
— yfir 30 kg .....	— 54.00	
4. Tugavogir og hundraðsvogir.		
Vogarþol 100 kg eða minna .....	— 20.00	
— 200 kg eða minna .....	— 25.00	
— 300 kg eða minna .....	— 27.00	
— 500 kg eða minna .....	— 32.00	
— 600 kg eða minna .....	— 35.00	
— 1000 kg eða minna .....	— 40.00	
— 2000 kg eða minna .....	— 50.00	
— yfir 2000 kg .....	— 80.00	
Fyrir löggildingu á reisluvogum með mundangi (vogartungu) greiðist sama gjald og fyrir decimalvogir með sama vogarþoli og auk þess 15 aurar fyrir hvert mark eða skerðingu.		
5. Reislur án mundangs.		
Vogarþol 3 kg eða minna .....	kr. 7.50	
— 10 kg eða minna .....	— 11.00	
— 20 kg eða minna .....	— 15.00	
— 50 kg eða minna .....	— 18.00	
— 100 kg eða minna .....	— 22.00	
— 300 kg eða minna .....	— 26.00	
og auk þess kr. 1.20 fyrir hverjar 20 skerðingar.		
6. Kvarðar.		
Fyrir hvern kvarða, sem löggiltur er, kr. 4.00, auk þess fyrir hverja 10 óskipta cm 50 aura, en ef sentimetranum er skipt í mm fyrir hvern cm kr. 0.30.		
7. Mæliker.		
Stærð 1 dl og 2 dl .....	kr. 2.25	
— ½ lítri .....	— 3.50	
— 1 og 2 lítrar .....	— 4.50	
— 5 lítrar .....	— 10.00	
— 10 lítrar .....	— 15.00	
— 20 lítrar .....	— 20.00	
— 50 lítrar .....	— 30.00	
Enn fremur aukagjald fyrir hvern benzinmæli, þegar hann er löggiltur í fyrsta sinn, kr. 35.00.		
8. Sildarmæliker 150 lítrar .....	kr. 72.00	
— 300 lítrar .....	— 144.00	
— löndunartæki með 4 hólfum hvert fyrir 150 lítra ...	— 268.00	
— löndunartæki með 4 hólfum hvert fyrir 300 lítra ...	— 576.00	

## 2. gr.

## Eftirlitsgjöld.

1. Vogarlóð.		
Þyngd 50 g eða minna .....	kr. 0.60	
— ½ kg eða minna .....	— 1.20	
— 5 kg eða minna .....	— 1.80	
— yfir 5 kg .....	— 2.50	
2. Vogir.		
Vogarþol 5 kg eða minna .....	— 5.00	
— 30 kg eða minna .....	— 10.00	

41	Vogarþol 100 kg eða minna .....	kr. 15.00
10. marz	— 300 kg eða minna .....	— 20.00
	— 600 kg eða minna .....	— 25.00
	— yfir 600 kg .....	— 40.00
3.	Kvarðar.	
	Lengd $\frac{1}{2}$ m til 1 m .....	— 1.50
4.	Mæliker.	
	Stærð $\frac{1}{2}$ lítri eða minna .....	— 1.50
	— yfir $\frac{1}{2}$ lítri .....	— 2.40
	Síldarmál 50 lítrar til 150 lítrar .....	— 25.00
	— 300 lítrar .....	— 50.00
	Löndunartæki 150 til 300 lítrar .....	— 75.00

## 3. gr.

Ef löggilding eða eftirlit fer ekki fram á Löggildingarstofunni, eða á hinum reglu-  
legu eftirlitsferðum, reiknast auk ferðakostnaðar, kaupgjald fyrir starfsmenn Lög-  
gildingarstofunnar, kr. 6.00 um klukkustund eða brot úr klukkustund, þó ekki meir  
en kr. 48.00 á dag, að viðbætti lögmætri verðlagsuppbót.

Gjaldskrá þessi er hér með sett samkvæmt 5. gr. tilskipunar nr. 1 13. marz 1925,  
um mælitæki og vogaráhöld, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni  
öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 179 31. des. 1946, um sama efni.

*Atvinnumálaráðuneytið, 10. marz 1949.*

**Bjarni Ásgeirsson.**

*Þorv. K. Þorsteinsson.*

## REGLUGERÐ

fyrir Hjúkrunarkvinnaskóla Íslands.

## I. KAFLI

## Hlutverk skólans.

## 1. gr.

Hlutverk skólans er að ala upp hæfar hjúkrunarkonur og mennta þær sem bezt  
til þess að vinna hjúkrunarstörf hér á landi.

## II. KAFLI

## Stjórn skólans.

## 2. gr.

Stjórn skólans annast 5 manna skólanefnd undir yfirstjórn ráðherra.

## 3. gr.

Forstöðukona skólans hefur umsjón með starfi og rekstri skólans, svo og eftir-  
lit með kennurum og nemendum.

## 4. gr.

Stjórnarnefnd rikisspítalanna hefur á hendi fjárreiður skólans.

### III. KAFLI

#### Inntökuskilyrði.

42

12. marz

## 5. gr.

Nemendur skulu við inntöku í skólann vera a. m. k. átján ára og ekki yfir þrítugt. Þó getur skólanefnd veitt lítilsháttar tilslakanir frá þessum aldursákvæðum, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

## 6. gr.

Umsækjendur skulu vera heilir heilsu og gæddir því andlegu og líkamlegu atgervi, að þeir séu líklegir til námsins, svo og til hjúkrunarkvennastarfa. Auk almennrar góðrar heilbrigði er lögð áhersla á góða greind, gott siðferði og reglusemi.

Fara skal fram nákvæm rannsókn á heilbrigðisástandi nemenda, áður en þeim er veitt inntaka í skólann.

## 7. gr.

Umsækjendur skulu hafa lokið miðskólaprófi eða færa sönnur á, að þeir hafi hlotið hliðstæða menntun. Umsækjendur, sem hafa hlotið frekari menntun, skulu ganga fyrir að öðru jöfnu.

## 8. gr.

Krafizt er eiginhandar umsókna um inntöku í skólann, og skal senda þær til forstöðukonu skólans eigi síðar en 8 vikum áður en hvert námstímabil hefst.

Umsóknum skal fylgja heilbrigðisvottorð og prófvottorð.

Forstöðukona úrskurðar umsóknir í samráði við skólanefnd.

## 9. gr.

Sex fyrstu mánuðir í skólanum teljast reynslutími, og er heimilt að vísa nemendum burt að þeim tíma loknum, ef þeir reynast óhæfir til náms eða starfs, sem því er samfara.

### IV. KAFLI

#### Kennsla.

## 10. gr.

Námstími er 3 ár og 2 mánuðir, og hefst nýtt námstímabil tvisvar á ári, 1. janúar og 1. ágúst.

Kennsla er bæði bókleg og verkleg. Verkleg kennsla fer fram í Landsspítalanum og í öðrum ríkisspítölum og sjúkrahúsum eftir nánari ákvörðun skólanefndar. Verklegu námi skal hagað svo sem hér segir:

Lyflæknisdeild .....	7	mán.
Handlæknisdeild .....	6½	—
Fæðingardeild .....	2	—
Kvensjúkdómadeild .....	2	—
Húð- og kynsjúkdómadeild .....	2	—
Skurð- og slystofa .....	3	—
Berklahæli .....	2	—
Geðveikrahæli .....	3	—
Önnur sjúkrahús (barnasjúkdómadeild og farsóttahús) ....	6	—

---

33½ mán.

Verklegu námi er skipt á öll námsárin eftir ákvörðunum skólanefndar í samráði við forstöðukonu skólans.

42

11. gr.

12. marz

Bóklegt nám fer fram í þremur námskeiðum, einu á hverju ári, og fellur þá niður verklegt nám hlutaðeiganda á sjúkradeildum.

Fyrsta námskeið, forskóli, stendur yfir í 8 vikur í byrjun hvers námstímabils, og skal skipta námsgreinum á milli kennslustunda sem hér segir:

Lífærafræði og lífeðlisfræði .....	4	stundir á viku.
Heilsufræði .....	2	„
Sýklafræði .....	2	„
Efnafræði .....	2	„
Hjálp í viðlögum .....	2	„
Hjúkrunarsiðfræði .....	2	„
Hjúkrunarfræði .....	4	„
Verklegt nám og æfingar .....	12	„
Ritgerðir .....	2	„

---

32 stundir á viku.

Annað námskeið stendur yfir í 6 vikur og hefst 1. marz og 1. október á öðru námsári, og skal námsgreinum skipt þannig milli kennslustunda:

Handlæknisfræði .....	4	stundir á viku.
Lyflæknisfræði .....	4	„
Sjúkdómafræði .....	2	„
Lyfjafræði .....	2	„
Hjúkrunarfræði .....	6	„
Hjúkrunarsaga .....	2	„
Kvensjúkdómafræði og fæðingarhjálp .....	3	„
Geðsjúkdómafræði .....	2	„
Sálarfræði .....	2	„
Næringarefnafræði .....	2	„
Sjúkramatreiðsla .....	4	„

---

33 stundir á viku.

Þriðja námskeið stendur yfir í 4 vikur á þriðja námsári og hefst 15. nóvember og 15. apríl, og skal námsgreinum skipt þannig milli kennslustunda:

Handlæknisfræði .....	4	stundir á viku.
Lyflæknisfræði .....	4	„
Barnasjúkdómafræði .....	2	„
Lyfjafræði .....	1	„
Húð- og kynsjúkdómafræði .....	2	„
Augnsjúkdómafræði .....	1	„
Háls-, eyrna- og nefsjúkdómafræði .....	2	„
Berklasjúkdómafræði .....	1	„
Almenn heilsuvernd .....	5	„
Félagsfræði .....	2	„
Almenn hjúkrunarfræði .....	8	„
Spítalastjórn .....	1	„

---

33 stundir á viku.

12. gr.

Nemendur, sem lokið hafa prófi hjá Hjúkrunarkvinnaskóla Íslands og unnið á viðurkenndum sjúkradeildum að geðveikrahjúkrun, barnahjúkrun, skurðstofuhjúkr-

un, farsóttahjúkrun, röntgenstörfum o. s. frv., enn fremur á heilsuverndarstöðvum 42  
í 1—2 ár, geta sótt um viðurkenningu í þessum sérgreinum til skólanefndar, sem 12. marz  
veitir slíkar viðurkenningar. Umsóknunum skal fylgja prófvottorð, ef til eru, og vottorð  
frá yfirhjúkrunarkonu viðkomandi stofnunar.

### 13. gr.

Skólanum er heimilt að halda uppi sérnámskeiðum í hjúkrunarfræðum fyrir ljósmæður, í því skyni að gera þær hæfar til þess að taka að sér hjúkrun í umdæmum sínum ásamt ljósmóðurstörfum. Fer um tilhögun námsins eftir sérstakri reglugerð í samráði við forstöðukonu Ljósmæðraskólans.

## V. KAFLI

### Próf.

#### 14. gr.

Próf er í þrennu lagi. Fyrst, er forskóla lýkur, og skal þá prófað í öllum námsgreinum nema líffærafræði og lífeðlisfræði. Niðurstaða prófa og starfsleikni nemanda skal ráða úrslitum um, hvort hann sé fær um að halda áfram námi að reynslutíma loknum. Forskólaeinkunnir teljast ekki með fullnaðarprófseinkunnum.

Í byrjun annars námskeiðs skal prófað í líffæra- og lífeðlisfræði, og er það fullnaðarpróf í þeim námsgreinum.

Loks er fullnaðarpróf, og skal því lokið 15. desember og 15. maí ár hvert.

Um fyrirkomulag prófa ákveður forstöðukona skólans í samráði við skólanefnd að fengnum tillögum kennara.

#### 15. gr.

Kennarar skólans prófa, en landlæknir skipar sérfróða prófdómara.

#### 16. gr.

Einkunnir skal gefa í heilum og hálfum tölum frá 0 og upp í 10. Aðaleinkunn skal finna með því að taka meðaltal af einkunnum allra námsgreina.

#### 17. gr.

Til þess að standast fullnaðarpróf þarf aðaleinkunnina 5 og ekki lægra en 4 í líffærafræði, lífeðlisfræði, handlæknisfræði, lyflæknisfræði og hjúkrunarfræði, og ekki lægra en 1 í neinni annarri námsgrein.

#### 18. gr.

Ef nemandi stentz ekki próf og æskir að reyna aftur, skal skólanefnd ákveða, að fengnum tillögum forstöðukonu skólans, hvort leyfa skuli, svo og hve fljótt og hve mikið af prófinu nemandinn skuli þreyta aftur.

#### 19. gr.

Hver sá nemandi, sem staðizt hefur próf, skal fá skirteini, er sýni aðaleinkunn og fullnaðareinkunn í hverri grein.

## VI. KAFLI

### Nemendur.

#### 20. gr.

Nemendur skulu temja sér þrúðmannlega framkomu í skólanum og utan hans og rækja nám sitt með alúð og stundvísi.

42

12. marz

21. gr.

Ef nemandi hegðar sér ósæmilega, gerir sig sekan um meгна vanrækslu eða vist hans í skólanum telst skaðleg fyrir skólann eða gaagnslaus honum sjálfum að álitu forstöðukonu og kennara, má víkja honum burt úr skólanum um stundarsakir. En telji kennarafundur nauðsynlegt að visa honum úr skólanum að fullu og öllu, skal til þess leita samþykkis skólanefndar.

22. gr.

Um launakjör og hlunnindi nemenda skal ákveðið með sérstökum samningi á milli Félags íslenzkra hjúkrunarkvenna annars vegar og viðkomandi sjúkrahúsa hins vegar, og skulu samningar lagðir fyrir skólanefnd til samþykkis.

## VII. KAFLI

### Kennarar.

23. gr.

Við skólann skal, auk forstöðukonu, vera ein föst kennslukona. Skólanefnd ræður aðra kennara eftir þörfum skólans að fenginni tillögu forstöðukonu.

24. gr.

Forstöðukona hefur á hendi stjórn skólans og tekur þátt í kennslunni. Enn fremur hefur hún eftirlit með nemendum og kennslu, bæði bóklegri og verklegri, og skal sjá um, að nemendur njóti leiðsagnar við störf sín á sjúkradeildum. Hún skal og hafa eftirlit með munum skólans og áhöldum. Hún kallar saman kennarafundi, þegar þurfa þykir, og stjórnar þeim. Hin fasta kennslukona skal auk venjulegra kennslustarfa vera forstöðukonunni til aðstoðar við störf hennar.

25. gr.

Reglugerð nr. 82 22. ágúst 1932, er úr gildi felld að því leyti, sem hún fjallar um Hjúkrunarkvennaskóla Íslands.

Reglugerð þessi öðlast gildi þegar í stað.

Þetta birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Heilbrigðismálaráðuneytið, 12. marz 1949.*

**Eysteinn Jónsson.**

*Gústav A. Jónasson.*

## Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1949.

*Lög um bæjarstjórn í Keflavík*, undirskrifuð af forsetanum 22. marz 1949, nr. 17.

*Lög um kyrrsetningu og lögbann*, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 18.

*Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja landræmu úr Öskjuholtslandi í Landsveit*, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 19.

*Lög um viðauka við lög nr. 128/1947*, um dýrtíðarráðstafanir, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 20.

*Lög um sölu á steinolíu, hráolíu, benzini og smurningsolíu*, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 21.

*Lög um breytingu á lögum nr. 112/1941*, um lax- og silungsveiði, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 22.

*Auglýsing um framboð og kjör forseta Íslands*, undirskrifuð af forsætisráðherra 21. marz 1949, nr. 23.

## **Bréf menntamálaráðuneytisins til stjórnar STEFS (Sambands 43 tónskálda og eigenda flutningsréttar), um löggilding reglugerðar um 2. febr. flutningsrétt á ritverkum og tónsmíðum.**

Með tilvísun til umsóknar STEFS, dags. 1. þ. m., um að STEFI verði veitt löggilding samkv. 1. gr. reglugerðar frá 1. febrúar 1949, um flutningsrétt á ritverkum og tónsmíðum, sbr. l. nr. 49/1943, tekur ráðuneytið fram, að það veitir STEFI (Sambandi tónskálda og eigenda flutningsréttar) hér með löggildingu samkv. téðri reglugerð að því er snertir flutningsrétt á tónsmíðum.

Löggildingin er veitt með eftirfarandi skilyrðum:

1. Starfsemi STEFS skal hagað í samræmi við samþykktir STEFS, er staðfestar séu af menntamálaráðuneytinu og samkvæmt úthlutunarreglum, er einnig séu staðfestar af ráðuneytinu, enda ber STEF fulla ábyrgð á því, að þeim reglum sé fylgt.
2. Reikningar STEFS, gagnrýndir af löggiltum endurskoðanda, skulu afhentir ráðuneytinu fyrir lok febrúarmánaðar ár hvert.
3. Menntamálaráðuneytið getur hvenær sem er afturkallað löggildingu þessa, ef vanræksla eða vanefnd á ofangreindum skilyrðum hefur að þess áliti átt sér stað, eða ef grundvöllur fyrir löggildingu er ekki lengur fyrir hendi að dómi ráðuneytisins.

## **G J A L D S K R Á** fyrir Rafveitu Njarðvíkur.

44

21. marz

### **I. RAFORKA**

Rafveita Njarðvíkur selur raforku á þann hátt og við því verði sem hér segir:

#### **A. Lýsing.**

1. Um kwst.mæli á kr. 1.20 hver kwst. Við þessu verði skal selja hvers konar raforkunotkun, sem ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár.
2. Um kwst.mæli á 45 aura hver kwst., auk fastagjalds, er nemi kr. 5.50 á m<sup>2</sup>

13



44  
21. marz

gólfplatarmáls í rúmi því, er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólf-  
fleti í búðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal  
greiða kr. 2.00 á ári af m<sup>2</sup>.

### B. Rafmagn til almennrar heimilisnotkunar.

Um kwst.mæli á 30 aura hver kwst. Auk þessa skal greiða fastagjald kr. 5.00  
á mánuði af einu herbergi hvernar íbúðar og kr. 3.00 á mánuði af hverju herbergi  
umfram eitt.

Í útreikningi á fjölda herbergja skal telja öll íbúðarherbergi og eldhús, en ekki  
ganga, baðherbergi eða geymslur. Herbergi sem er minna en 5 m<sup>2</sup> skal telja sem  
hálf, en stærra en 25 m<sup>2</sup> sem tvö.

### C. Vélar.

Þar, sem orkan er notuð til vélareksturs, skal hún seld:

1. Um kwst.mæli á 65 aura hver kwst. Hafi vélarinn mjög stuttan notkunartíma,  
má krefjast minnsta árgjalds frá kr. 125.00 til kr. 150.00 á hvert uppsett kv.  
vélanna. Eftir þessum gjaldskrárlíð má einnig selja raforku til götu- og hafnar-  
lýsingar, svo og til vinnulagna við byggingar, meðan á byggingu stendur.
2. Um kwst.mæli á 50 aura hver kwst. til vatnsdælna til heimilisnotkunar.
3. Til fiskiðnaðar, ef uppsett rafvélaafl fastra véla er yfir 20 kw., um kwst.mæli,  
þannig:

Fyrstu	100	þús.	kwst.	ársnotkun	á	17	aura	hver	kwst.
Næstu	50	—	—	—	—	16	—	—	—
Umfram	150	—	—	—	—	15	—	—	—

Rafveitan áskilur sér rétt til að rjúfa straum allt að 2 stundum um hádegi og  
1 stund síðdegis, á tímum mesta álags.

### D. Hitun.

1. Um kwst.mæli á 14 aura hver kwst., enda sé þá minnsta ársnotkun 6000 kwst.  
Heimilt er að rjúfa straum allt að 3 stundum á sólarhring, en þó hæst 1½ stund  
í senn.
2. Um kwst.mæli á 5 aura hver kwst., ef straumurinn er rofinn frá kl. 8.30 til 23.  
Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:
  - a. Að vélaafl, götulinur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
  - b. Að notandinn setji klukkurofa fyrir hitalögnina og kosti viðhald þeirra. Þó  
getur rafveitustjóri ákveðið, að rafveitan leggi til rofa og annist viðhald þeirra,  
og kostar þá notandinn tengingu þeirra og greiðir leigu af þeim, samkvæmt  
reglum, er gilda um leigu mæla.
  - c. Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkvæmt fyrir mælum rafveit-  
unnar, ofnar fasttengdir með sérstökum rofum og hitastillar notaðir.

## II. MÆLALEIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælataekja, sem nota skal fyrir hverri  
veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af  
mælitækjum sem hér segir:

- |  |                    |
|--|--------------------|
| 1. Af einfasa mælum 30 amp. og minni ..... | kr. 2.00 á mánuði. |
| 2. — einfasa mælum 50 amp. og minni .....  | — 3.00 — —         |
| 3. — þrífasa mælum 50 til 200 amp. ....    | — 7.00 — —         |
| 4. — þrífasa mælum yfir 200 amp. ....      | — 10.00 — —        |

44

21. marz

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í skránni, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækisins. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

### III. HEIMTAUGARGJALD

Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveituna, skal greiða heimtaugargjald, sem miðast við brunabótamat á húsum og mannvirkjum á þann hátt, sem hér segir:

Frá kr.	Brunabótamat:	Jarðlína:	Loftlína:
0—	10000.00	kr. 570.00	kr. 310.00
— —	10000.00—15000.00	— 760.00	— 420.00
— —	15000.00—20000.00	— 900.00	— 540.00
— —	20000.00—25000.00	— 1050.00	— 670.00
— —	25000.00—30000.00	— 1170.00	— 800.00
— —	30000.00—40000.00	— 1320.00	— 900.00
— —	40000.00—50000.00	— 1470.00	— 960.00
— —	50000.00—60000.00	— 1590.00	— 1020.00
— —	60000.00—70000.00	— 1670.00	— 1090.00
— —	70000.00—80000.00	— 1740.00	— 1160.00
— —	80000.00—90000.00	— 1810.00	— 1220.00
— —	90000.00—100000.00	— 1880.00	— 1290.00
— —	100000.00—125000.00	— 1950.00	— 1350.00
— —	125000.00—150000.00	— 2100.00	— 1500.00
— —	150000.00—175000.00	— 2250.00	— 1650.00
— —	175000.00 og yfir	— 2400.00	— 1800.00

Greiði húseigandi áætlaðan helming heimtaugargjalds um leið og heimtaugaruppsetningu er lokið, er heimilt að veita honum gjaldfrest í allt að 12 mánuði á eftirstöðvunum. Heimtaugargjald fellur í gjalddaga, þegar brunabótamat hússins hefur verið framkvæmt.

Sé lengd jarðlínuheimtaugar meiri en 15 metrar og loftlínuheimtaugar meiri en 40 metrar og gildleiki víra meiri en  $3 \times 70$  qmm, skal húseigandi greiða kostnað af því, sem fram yfir er. Ef lagðar eru fleiri en ein heimtaug að húsinu, skal greiða allan kostnað við síðari heimtaug eftir reikningi.

### IV. OPNUNARGJALD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduopnun, 10 kr.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún ekki enduopnuð, fyrr en notandinn hefur greitt 10 kr. gjald á skrifstofu rafveitunnar.

Hreppsnefnd er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í I. kafla þessarar gjaldskrár, um allt að 20% án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda auglýsi hreppsnefndin breytinguna í Lögbirtingablaðinu áður en til hennar kemur.

44 21. marz Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá Rafveitu Njarðvíkur, nr. 168 28. ágúst 1947.

*Atvinnumálaráðuneytið, 21. marz 1949.*

**Bjarni Ásgeirsson.**

*Þorv. K. Þorsteinsson.*

45  
21. marz

## GJALDSKRÁ

fyrir vatnsveitu Stykkishólms.

### 1. gr.

Af öllum húsum í lögsagnarumdæmi kaupsins, sem standa við vegi eða opin svæði, þar sem vatnsæðar liggja, skal greiða árlegan vatnsskatt 3% af fasteignamatsverði hússins, þó þannig, að lægsta gjald á einbýlishúsi sé kr. 300.00 og á íbúðarhúsi með 2 íbúðum eða fleiri skal lægsta gjald vera kr. 240.00 á íbúð.

Sama er og um önnur hús, er fá vatn veitt úr vatnsveitu bæjarins.

Nú er hús, er greiða ber af vatnsskatt, ekki virt fasteignamatsvirðingu, og ákveður þá vatnsveitunefnd skattinn.

### 2. gr.

Auk vatnsskatts samkv. 1. gr., skal greiða vatnsskatt fyrir hreyfivélar, gosbrunna, verksmiðjur, baðhús, hvers konar þvottastöðvar, efnalaugar, veitingastaði, sláturhús, iðnaðarfyrirtæki, og fyrir vatn til hvers konar slíkrar notkunar umfram venjulega heimilisnotkun.

Aukavatnsskatt samkv. 1. málsg. skal innheimta eftir mati hreppsnefndar og vatnsveitunefndar.

Nú sættir húseigandi eða vatnsnotandi sig ekki við ákvörðun hreppsnefndar og vatnsveitunefndar, um aukavatnsskatt, og getur hann þá krafizt þess, að gerðardómur úrskurði ágreiningsatriðin, og skal gerðardómurinn þannig skipaður, að húseigandi eða vatnsnotandi tilnefnir einn mann, vatnsveitunefnd annan, en sýslumaður Snæfellsness- og Hnappadalssýslu skipar oddamaninn.

### 3. gr.

Hafnarnefnd ákveður verð á vatni, sem selt er til skipa á höfninni.

Hreppsnefnd og vatnsveitunefnd ákveða endurgjald fyrir vatn, sem hafnar-sjóður fær frá vatnsveitunni, þó ekki undir kr. 1.50 fyrir hvern teningsmetra.

### 4. gr.

Nú er vatni úr vatnsveitunni veitt í hús, eða til einhverrar starfsemi, utan lögsagnarumdæmisins, og skal þá ákveða vatnsskattinn samkvæmt því, er í reglugerð þessari segir.

### 5. gr.

Engum er heimilt að taka vatn úr brunahönum vatnsveitunnar án leyfis slökkviliðsstjóra. Sérstakt leyfi hreppsnefndar og vatnsveitunefndar þarf til að setja vatns-hreyfivélar í samband við vatnsæðarnar.

### 6. gr.

Vatnsskatt samkvæmt reglugerð þessari ber að greiða mánaðarlega eða 12 sinnum á ári, í lok hvers mánaðar, fyrir liðinn mánuð, og ber að greiða skattinn til innheimtumanns vatnsveitunnar.

Vatnsskatt má taka lögtaki, og er hann tryggður með lögveðrétti í eigninni næstu 2 ár eftir gjalddaga, með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfarar- veði. 45 21. marz

Gjaldskrá þessi, sem samín er og samþykkt af hreppsnefnd Stykkishólms, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947, um aðstoð til vatnsveitna, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 21. marz 1949.*

**Stefán Jóh. Stefánsson.**

*Jónas Guðmundsson.*

## SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt fyrir sýsluvegasjóð Borgarfjarðarsýslu,  
nr. 80 1. júní 1942.

46

25. marz

1. gr.

2. gr. sýsluvegasjóðssamþykktarinnar orðist svo:

1. Stóra-Ásvegur: Frá þjóðveginum hjá Úlfsstöðum að Stóra-Ási.
2. Barnafosstrúarvegur: Frá þjóðveginum að Barnafossi.
3. Reykjadalsárvegur: Frá þjóðveginum utanvert við Hamra að þjóðveginum hjá Deildartungu.
4. Syðri-Reykðælavegur: Frá þjóðveginum í Snældubeinsstaðanesi austur Reykholtssdal að Steindórsstöðum.
5. Flókadalsvegur: Frá þjóðveginum hjá Steðja um Skóga og Hæl yfir Geirsá.
6. Klettsvegur: Frá Reykjadalsárvegi um Deildartungu að Kletti.
7. Þingnesvegur: Frá þjóðveginum við Þórdísarholt að Árbakka.
8. Bæjarvegur: Frá þjóðveginum við Þórdísarholt norður fyrir Laugarholt.
9. Kvígsstaðavegur: Frá þjóðveginum við Skjólhól um Heggstaði og Vatnshamra á þjóðveginn hjá Ausu.
10. Skálpastaðavegur: Frá þjóðveginum hjá Fosstúni að Arnþórsholti.
11. Oddsstaðavegur: Frá þjóðveginum hjá Brautartungu um Oddstaði og Gullberastaði að Lundi.
12. Skorradalsvegur: Frá Háafelli um brú á Fitjaá um Bakkakot að Vatnshorni.
13. Mófellsstaðavegur: Frá þjóðveginum vestan Neðri-Hrepps á þjóðveginn við Skorradalsvatnsós.
14. Svinadalsvegur: Frá þjóðveginum við Hól á þjóðveginn hjá Geitbergi.
15. Reynisvegur: Frá þjóðveginum hjá Heynesi að Reyni.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Borgarfjarðarsýslu hefur samið og samþykkt, samkvæmt lögum nr. 102 19. júní 1933, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgöngumálaráðuneytið, 25. marz 1949.*

**Emil Jónsson.**

*Páll Pálmason.*

## HAFNARREGLUGERÐ

fyrir Reykjavíkurhöfn.

### I. KAFLI

#### Takmörk hafnarinnar.

##### 1. gr.

Reykjavíkurhöfn takmarkast landmegin af strandlengju lögsagnarumdæmisins. Sjávarmegin ræður mörkum:

Að sunnan: Skipalægi við strandlengju lögsagnarumdæmisins við Skerjafjörð.

Að norðan: Skipalægi við strandlengjuna og undan henni, að undanskildu svæði, sem takmarkast af netlögum Akureyjar, Engeyjar, Viðeyjar og Lundeyjar.

Þar sem hagar svo til annars staðar, að lögsagnarumdæmi Reykjavíkur er öðrum megin vikur eða vogs, en annað lögsagnarumdæmi hinum megin, fara hafnar- mörk eftir miðjum vogi.

Skjólgarðar þeir, er liggja frá Örfirisey og Ingólfsbryggju, eru takmörk milli ytri og innri hafnarinnar.

### II. KAFLI

#### Stjórn hafnarinnar.

##### 2. gr.

Bæjarstjórn Reykjavíkur hefur á hendi stjórn hafnarmálanna undir yfirumsjón þess ráðuneytis, sem fer með hafnarmál.

##### 3. gr.

Framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni skal fela hafnarstjórn. Hafnarstjórn skal skipuð 5 fulltrúum og 5 varafulltrúum, er bæjarstjórn kýs, 3 úr hópi bæjarfulltrúa og 2 utan bæjarstjórnar. Fulltrúa þessa skal kjósa leynilega með hlutfallskosningu, fulltrúa úr hópi bæjarfulltrúanna sér og fulltrúa utan bæjarstjórnar sér.

Kjörtímabil hafnarstjórnar er hið sama og bæjarráðs Reykjavíkur.

Það er borgaraleg skylda að taka við kosningu í hafnarstjórn. Auk hinna kjörnu fulltrúa mæta borgarstjóri og hafnarstjóri á fundum hafnarstjórnar, og hafa þeir þar málfrelsi og tillögurétt.

Hafnarstjórn kýs formann hafnarstjórnar, og stýrir hann fundum hennar og boðar til þeirra. Kjósa má borgarstjóra eða hafnarstjóra formann hafnarstjórnar, þótt eigi hafi þeir þar atkvæðisrétt.

Hafnarstjórn sér um viðhald og umbætur á höfninni, stýrir öllum framkvæmdum, er þar að lúta, og annast fjárhald hafnarinnar fyrir hönd bæjarstjórnar.

##### 4. gr.

Daglegar framkvæmdir og eftirlit annast hafnarstjóri undir umsjón hafnarstjórnar. Bæjarstjórn skipar hafnarstjóra eftir tillögu hafnarstjórnar. Aðra fasta starfsmenn ræður hafnarstjórn, svo marga, sem þurfa þykir.

## III. KAFLI

47

## Um almenna reglu.

8. apríl

## 5. gr.

Hafnarstjóri sér um, að gætt sé reglu á höfninni og á landi hennar. Er öllum skylt að hlýða fyrirmælum hans eða þess eða þeirra, er hann setur til að gæta reglu. Þyki einhverjum sér óréttur ger af starfsmönnum hafnarinnar, getur hann kært það fyrir hafnarstjóra, en skipun starfsmannsins ber að hlýða þegar í stað.

Starfsmenn hafnarinnar skulu gæta allrar kurteisi í starfi sínu.

## 6. gr.

Þeim, sem ekkert lögmætt erindi eiga, er bannað að dvelja á landi hafnarinnar, ef þeir með því tálma fermingu eða affermingu eða önnur störf, sem þar eru unnin.

## 7. gr.

Skyllt er að gæta allrar varúðar í meðferð elds og ljósa í skipum á höfninni. Í skipum, sem flytja eldfim efni, má eigi kveikja eld eða ljós nema í eldavél skipsins og á lögboðnum ljóskerum. Tóbaksreykingar eru bannaðar í þeim skipum og á því svæði, þar sem unnið er að fermingu eða affermingu.

Bannað er að sjóða tjöru, bik, fernisolíu og annað, sem eldhætta getur stafað af, í skipum á höfninni, svo og á landi hafnarinnar, nema með leyfi hafnarstjóra.

Bannað er að skjóta af byssum eða öðrum skotvopnum við höfnina eða á henni.

Þá er og skipum bannað að blása í flautur eða lúðra á innri höfninni, nema umferðin gefi tilefni til þess.

## 8. gr.

Ekki má kasta í höfnina kjölfestu, ösku, dauðum fiski, matarleifum, fiskúrgangi, vírum, vöruleifum, umbúðum eða öðru þess háttar. Skal það flutt þangað, sem hafnarstjóri vísar til.

## IV. KAFLI

## Um hafnsögu, legu skipa á höfninni og afgreiðslu þeirra.

## 9. gr.

Skip telst í reglugerð þessari sérhvert fljótandi far.

## 10. gr.

Sérhvert skip, sem ætlar til Reykjavíkur og nota vill hafnsögumann, skal gera boð um það til skrifstofu hafnarinnar. Er hafnsögumanni skylt að fara til móts við skipið allt að 1 sjómílu undan Gróttutöngum, ef skipstjóri æskir þess. Vísar þá hafnsögumaður skipinu leið til hafnar og má eigi yfirgefa það án samþykkis skipstjóra, fyrr en skipið er lagzt við festar á höfninni. Heimilt er hafnsögumanni, meðan hann hefur ekki lokið starfi sínu, að banna hverjum þeim, sem ekki á lögmætt erindi, að koma á skipsfjöl. Meðan hafnsögumaður dvelur um borð, ber skipinu að sjá honum fyrir fæði.

## 11. gr.

Ef sjúkdómur er á skipinu eða ástæða þykir til að ætla, að sóttþætta geti stafað af því, ber hafnsögumanni að sjá um, að fylgt sé reglum þeim, sem settar eru í lögum um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands.

47

8. apríl

Þegar skip, sem ekki hefur hafnsögumann um borð, kemur í höfnina, skal skipstjóri eða umboðsmaður skipsins tafarlaust snúa sér til hafnarskrifstofunnar, sem segir honum, hvar skipið megi liggja.

Ekkert íslenskt skip, sem er stærra en 50 nettó rúmlestir, og ekkert erlent skip má fara inn í innri höfnina eða út úr henni án leiðsögumanns, sem hafnarstjóri lætur skipinu í té. Hafnarstjóri getur veitt undanþágu frá ákvæði þessu.

## 13. gr.

Þegar búið er að leggja skipi við festar, má ekki flytja það þaðan aftur án leyfis hafnarstjóra, en skyldur er skipstjóri að flytja skipið, ef hafnarstjóri skipar svo fyrir.

Færist hlutaðeigandi undan að færa skipið eða dragist flutningur þess fram yfir þann tíma, er hafnarstjóri hefur til tekið og fyrirskipað, er hafnarstjóra heimilt að láta flytja skipið á kostnað og ábyrgð hlutaðeiganda.

Brottfarartíma skips skal skipstjóri tilkynna skrifstofu hafnarinnar með að minnsta kosti þriggja klukkustunda fyrirvara.

## 14. gr.

Ef nauðsyn ber til, að skipum, sem fermd eru eða affermd við bryggju eða hafnarbakka, sé lagt hverju við hliðina á öðru, er heimilt að flytja farm þeirra skipa, er utar liggja, yfir þilför hinna á hjálkabrum. Svo er og skipshöfn og farþegum þeirra skipa, sem utar liggja, heimil nauðsynleg umferð um þilför skipa, er nær liggja.

## 15. gr.

Í sérhverju skipi (að þeim undanskildum, sem hafa leyfi hafnarstjóra til að liggja mannlauk á höfninni) skal jafnan vera einn maður að minnsta kosti, er tekið geti á móti skipunum starfsmanna hafnarinnar og framkvæmt þær, hvort heldur á að færa skipið eða gera eitthvað annað samkvæmt reglugerð þessari.

## 16. gr.

Ekkert skip má liggja við dufl eða akkeri á innri höfninni nema með sérstöku leyfi hafnarstjóra. Eigi má heldur teppa umferð með taugum, strengjum eða köðlum, nema hafnarstjóri telji nauðsynlegt. Sérhvert skip, sem ekki er bundið við bryggju eða hafnarbakka, skal hafa uppi fyrirskipuð ljós og dagmerki.

## 17. gr.

Skip, sem koma inn í höfnina, skulu hafa að minnsta kosti eitt akkeri tilbúið í festarauga, og eigi skipið að leggjast við bryggju eða hafnarbakka, skal hliðarbatum, botnvörpuhlerum og þess háttar tækjum sveiflað inn fyrir borðstokkinn, brandar dregnir inn og rám snúið.

## 18. gr.

Eigi má festa skipum við hafnarbakka eða bryggjur nema við festarhringana eða við festarstólpa, að tilvisun hafnarstjóra. — Séu landfestar úr jární, skulu þær vera klæddar, þar sem þær hvíla á hafnarbakkanum eða bryggjunni. Festum skal þannig komið fyrir, að þær hindri sem minnst umferð á bryggjunni eða hafnarbakkanum. Þyki hafnarstjóra þessa ekki nægilega gætt, getur hann krafizt, að bætt sé úr því tafarlaust.

Skylt er að hafa hlífar milli skips og hafnarbakka eða bryggju, ef hafnarstjóri krefst þess.

## 19. gr.

47

Ekki má krækja hökum í bryggjur eða hafnarbakka. Ekki mega gufuskip hleypa vatni á bryggju eða hafnarbakka, hvorki við þvott á þilfari né heldur, er þau hleypa burt gufuvatni, eða á annan hátt, heldur skulu þau girða svo fyrir með hlífum, að vatnið fari beint í höfnina, en komist eigi á bryggjuna eða hafnarbakkann.

8. apríl

## 20. gr.

Gufuskip og önnur vélskip mega ekki láta vélarnar ganga af svo miklu afla, að öðrum skipum eða hafnarvirkjunum stafi hætta af því. Skip, sem liggja við hafnarbakka eða bryggju, skulu draga skutinn frá, áður en vélin tekur til starfa.

## 21. gr.

Ef skip lendir á grynningum eða sekkur þar, sem það, að álitu hafnarstjóra, tálmar greiðri notkun hafnarinnar, skal færa það burt svo fljótt, sem auðið er. Verði dráttur á því, má hafnarstjóri láta færa skipið burt á kostnað eigandans, og er honum heimilt að láta selja skipið til lúkningar kostnaðinum, ef nauðsyn krefur.

## 22. gr.

Áður en kjölfesta er flutt í skip eða úr skipi, skal hafnarstjóra gert viðvart. Ákveður hann, hvar það skuli fara fram.

Við uppskipun og útskipun á kjölfestu, sandi, kolum og öðru þess háttar, er skylt að hafa nægilega sterkar hlifar milli skipsins og hafnarbakkans, bryggjunnar eða bátanna, svo að ekkert falli fyrir borð. Sé þessa eigi gætt, getur hafnarstjóri stöðvað verkið, unz bætt hefur verið úr því, sem áfátt er.

Ekki má sálda kol á bryggju eða hafnarbakka. Skipstjóri skal sjá um, að kjölfesta sú, sem flutt hefur verið á land úr skipi hans, sé þegar í stað flutt burt af löndunarstaðnum þangað, sem hafnarstjóri vísar til.

## 23. gr.

Þegar lokið er fermingu eða affermingu, skal farmeigandi eða skipseigandi, ef þörf gerist, láta ræsta bryggju þá eða hafnarbakka, sem notuð hafa verið. Farist það fyrir, skal hafnarstjóri sjá um, að það sé gert, en farmeigandi eða skipseigandi greiði allan kostnað, sem af því leiðir.

## V. KAFLI

## Um geymsluskip og skip, sem lagt er í lægi.

## 24. gr.

Skip, sem ætluð eru til geymslu, mega ekki liggja á innri höfninni. Á ytri höfninni má aðeins leggja þeim með sérstöku leyfi hafnarstjóra. Leyfið skal bundið því skilyrði, að eigandi skipsins láti taka skipið upp, ef það sekkur, eða sprengja það sundur, svo að það skemmi ekki höfnina, enda sé hafnarstjóra heimilt að láta framkvæma þetta á kostnað eigandans, ef dráttur verður á því af hans hálfu. Hafnarstjóri ákveður legustað geymsluskipa, ákveður, hvaða legufæri skuli nota, og hefur umsjón með, þegar skipunum er lagt.

Á skipum þessum séu að minnsta kosti tveir varðmenn, er hafnarstjóri tekur gilda, skal tendra ljós á skipunum, sýna dagmerki og gera hljóðbendingar eftir þeim reglum, er settar eru í alþjóðasjóferðareglum um skip, sem liggja við akkeri.

Eftirlit og viðhald legufæra er á ábyrgð skipseiganda.



47

8. apríl

Með leyfi hafnarstjóra má leggja skipum í lægi á ytri höfninni. Skipunum skal lagt undir umsjón hafnarstjóra. Ákveður hann legustaðinn, svo og hvaða legufæri skuli nota.

25. gr.

Meðan skip liggur mannaust í lægi, skal ekki sjaldnar en einu sinni á mánuði fara út í það til þess að líta eftir, hvort legufæri eða annað hafi haggast eða bilað, og ef svo reynist, skal lagfæra það svo fljótt, sem auðið er.

Áður en skipstjóri fer af skipinu, skal hann skriflega tilgreina hafnarstjóra siglingafróðan mann, sem búsettur sé í Reykjavík, sem hafa skal umsjón skipsins á hendi. Beinir hafnarstjóri til hans öllum fyrirskipunum, sem skipið varða. Sér hann um, að þeim sé fullnægt. Verði dráttur á því, skal hafnarstjóri láta fullnægja þeim, en skipseigandi greiði allan kostnað, sem af því leiðir.

## VI. KAFLI

### Um fermingu og affermingu eldfimrar vöru.

27. gr.

Skip, sem flytja eldfim efni, svo sem steinolíu, benzín, acetón, terpentínu eða önnur slík efni, sprengiefni, svo sem púður, dynamit, geomet eða þess konar efni, mega ekki fara inn í innri höfnina, fyrr en tilkynnt hefur verið um farm til hafnarstjóra og slökkviliðsstjóra og hafnarstjóri hefur leyft affermingu undir umsjá slökkviliðsstjóra.

28. gr.

Um útskipun á þeim efnum, sem um getur í 27. gr., gilda sömu varúðarreglur og um affermingu.

29. gr.

Áliti hafnarstjóri, að hætta geti stafað af fermingu eða affermingu eldfimrar vöru, er honum heimilt að stöðva verkið, unz gerðar hafa verið nauðsynlegar varúðarráðstafanir.

30. gr.

Skip, sem hafa meðferðis þau eldfim efni, sem getið er í 27. gr., skulu á daginn hafa rautt flagg á framsiglutoppi, en á nóttum rautt ljósker.

## VII. KAFLI

### Um hafnargjöld í Reykjavík.

31. gr.

Við útreikning hafnargjalda af skipum skal alltaf talið í heilum rúmlestum, en sleppa brotum.

#### 1. Lestagjald.

32. gr.

Öll skip, hvort sem þau eru tóm eða hlaðin vörum eða seglfestu, skulu greiða lestagjald í hvert sinn, er þau koma til hafnarinnar, þó með þeim undantekningum, er síðar getur.

## 33. gr.

47

- a. Skip, sem heima eiga í Reykjavík og minni eru en 10 nettó rúmlestir, skulu greiða lestagjald tvisvar á ári, 2. janúar og 1. júlí, kr. 2.50 fyrir hverja nettó rúmlest. Sama gjald greiða og geymsluskip, þótt stærri séu en 10 nettó rúmlestir.

8. apríl

Undanþágu frá þessu getur hafnarstjóri veitt smábátum, sem greiða ekki bryggjugjald.

- b. Öll skip önnur, sem til hafnarinnar koma, nema herskip, varðskip, björgunarskip, skip, sem hafa skirteini sem skemmtiferðaskip, skip, sem gerð eru út til vísindalegra rannsóknna, og skip þau, sem getur um í staflíð c. þessarar greinar, skulu greiða 50 aura fyrir hverja nettó rúmlest.

Innlend fiskiskip og öll þau skip, sem eingöngu sigla með ströndum landsins, skulu þó eigi greiða lestagjald þetta oftár en tvisvar í mánuði, þótt þau komi oftár til hafnar.

- c. Skip, sem leita hafnar vegna illviðris, sjóskaða eða skemmda á skipi, greiða ekki lestagjald, nema þau jafnframt fermi eða affermi einhverjar vörur.

Sama gildir um skip, sem leita hafnarinnar til að setja á land sjúka menn eða látna.

## 2. Vitagjald.

## 34. gr.

Öll þau skip, sem greiða eiga lestagjald, skulu samtímis greiða vitagjald, 5 kr. fyrir fyrstu 50 nettó rúmlestir og 5 aura fyrir hverja nettó rúmlest þar fram yfir.

## 3. Bryggjugjald.

## 35. gr.

Hvert það skip, sem leggst við hafnarbakka eða bryggju, aðra en bátabryggju, skal greiða bryggjugjald af nettó rúmlest skipsins.

Gjaldið skal greiða fyrir hvern sólarhring eða hluta af sólarhring, 20 aura af hverri rúmlest, þó aldrei minna en 20 krónur um sólarhringinn.

Ef skip liggur utan á öðru skipi, sem liggur við hafnarbakka eða bryggju, skal það greiða festargjald, er nemur hálfu bryggjugjaldi.

Herskip og varðskip eru undanþegin bryggjugjaldi.

## 36. gr.

Skip, sem stærri eru en 30 brúttó rúmlestir, skulu greiða 10 krónur fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, sem þau liggja við bátabryggju, en minni skip 4 krónur.

Undanþegin þessu gjaldi eru skip minni en 30 brúttó rúmlestir, sem heima eiga í Reykjavík og eingöngu eru notuð við fólksflutning eða vöruflutning á höfninni.

## 4. Fjörugjald.

## 37. gr.

Fyrir að leggja skipi í fjöru til hreinsunar eða aðgerðar skal greiða 20 aura af hverri rúmlest af nettóstærð skipsins fyrir hvern sólarhring eða hluta af sólarhring, þó aldrei minna en 10 krónur um sólarhringinn.

## 5. Vatnsgjald.

## 38. gr.

Fyrir vatn handa skipum skulu greiða gjald það, sem hafnarstjórn ákveður.

47

8. apríl

## 6. Hafnsögugjald.

39. gr.

Öll skip, sem stærri eru en 30 brúttó rúmlestir, skulu, hvort sem þau nota hafnsögumann eða eigi, skyld að greiða hafnsögugjald í fyrsta sinn á ári hverju, er þau koma frá útlöndum til hafnarinnar.

Komi skip oftár á sama ári, skal það ekki greiða hafnsögugjald, nema það noti hafnsögumann.

Herskip, varðskip, skemmtiferðaskip og þau fiskiskip, sem skrásett eru hér á landi, eru undanþegin hafnsögugjaldi, nema þau noti hafnsögumann.

40. gr.

Hvert það skip, sem notar hafnsögumann til hafnarinnar eða frá höfninni, skal greiða hafnsögugjald.

Auk þess skal greitt sérstakt gjald fyrir leiðsögu skipa um höfnina, þar á meðal inn í og út úr innri höfninni.

41. gr.

Hafnsögugjöld skulu greidd samkvæmt eftirfarandi gjaldskrá:

- a. Fyrir leiðsögu til hafnarinnar 100 krónur fyrir hvert skip, sem er allt að 100 nettó rúmlestir, og 40 aura fyrir hverja nettó rúmlest frá 100 til 3000 nettó rúml. og 10 aurar fyrir hverja nettó rúmlest þar yfir.
- b. Fyrir leiðsögu frá höfninni 100 krónur fyrir hvert skip, sem er allt að 100 nettó rúml., og 20 aurar fyrir hverja nettó rúmlest frá 100 til 3000 rúml. og 5 aurar fyrir hverja nettó rúmlest þar yfir.

Sama gjald skal og greiða fyrir leiðsögu skipa frá ytri höfninni til Skerjafjarðar, einnig frá Skerjafirði á ytri höfn.

- c. Fyrir leiðsögu um höfnina, þar á meðal inn og út úr innri höfninni, greiðist 50 krónur fyrir hvert skip, sem er allt að 100 nettó rúmlestir og 10 aurar að auki fyrir hverja nettó rúmlest fram yfir 100.
- d. Auk þess skal hvert skip, sem hafnsögumann notar til hafnarinnar eða sem skylt er að greiða hafnsögugjald samkv. 39. gr., greiða 3 krónur í hafnsögunjöld.

## 7. Vörugjald.

42. gr.

Vörugjald skal greiða af öllum vörum, svo og skepnum, lifandi eða dauðum, sem skipað er upp eða út á höfninni, með þeim undantekningum, er síðar getur.

43. gr.

Ef vörur, sem samkv. farmskrá skips eiga að fara til annarra hafna en Reykjavíkur, eru látnar á land um stundarsakir, skal aðeins greitt vörugjald, þegar vörurnar eru fluttar í land.

Undanþegnar þessu gjaldi eru þær vörur, sem látnar eru á land um stundarsakir vegna skemmda á skipi.

44. gr.

Af vörum, sem fluttar eru úr landi á skip og fara eiga til annarra hafna innanlands, greiðist hálf vörugjald.

Sama máli gegnir um afla skipa, sem settur er á land eða fluttur á milli skipa, en ætlaður til vinnslu utan Reykjavíkur.

## 45. gr.

47

8. apríl

Þessar vörur eru algerlega undanþegnar vörugjaldi:

- a. Afli skipa, lagður á land þegar skip kemur úr veiðiför, enda sé aflinn ætlaður til neyzlu eða verkunar og vinnslu í Reykjavík.
- b. Innlend nýmjólk og rjómi, sem flyzt til hafnarinnar.
- c. Umbúðir, sem endursendar eru.
- d. Kol, olía, vistir og aðrar nauðsynjar skipa til eigin notkunar, sem fluttar eru úr landi, enn fremur salt og ís, sem flutt er úr landi í íslensk fiskiskip til eigin afnota.
- e. Bréfaþóstur og farangur ferðamanna.

## 46. gr.

Vörugjald skal reikna eftir máli eða þyngd, með umbúðum. Brot úr gjaldeiningu, sem nemur helmingi eða meira, telst heil gjaldeining, en minna brot hálf gjaldeining. Fara skal eftir farmskrá skipa við útreikning vörugjalds, og er skipstjóri skyldur að láta hafnarstjóra í té eftirrit af farmskrá skips síns. Sé engin farmskrá, skal skipstjóri gefa drengskaparvottorð um vörumagn, sem skip hans hefur fermt eða affermt. Þyki hafnarstjóra ástæða til, getur hann, hvenær sem er látið ákveða vörumagnið á þann hátt, sem hann telur hentugastan. Reynist vörumagnið meira en upp var gefið, greiðir skipið kostnaðinn.

Ef ýmsar vörutegundir eru í sendingu, skal reikna vörugjald eftir þeirri tegund, sem hæst gjald ber að greiða af.

## 47. gr.

Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því, sem vörugjaldsskrá til tekur, og greiða gjald eins og þar segir. Þó skal aldrei reikna vörugjald lægra en 1 krónu.

Ef vafi leikur á, í hvaða flokki skuli telja vöru, skal hafnarstjóri úrskurða, en úrskurði hans má áfrýja til hafnarstjórnar.

## 48. gr.

## V ö r u g j a l d s k r á .

1. flokkur. Gjald 40 aurar fyrir hver 100 kg:

Blý, brýni, eldfastur leir og steinn, gaddavír, hverfisteinar, ís, járn, járnkeðjur, járnþípur, kaðlar, kalk, kitti, kol, koparvír, kritt, mürsteinn, ofnar, salt, sement, sódi, stál, stálvír, steypar járnvörur, steypujárn, vikur og vikursteinn, þakjárn, þakpappi, þakplötur.

2. flokkur. Gjald 80 aurar fyrir hver 100 kg:

Áburðarolía, áburður tilbúinn, baðlyf, benzín, bækur, blöð, feiti, fernisólía, fiskur, annar en niðursoðinn, fiskbein, fiskimjöl, fiskilínur, garnir, gæur, hrogn, hey, kálmeti, kartöflur og aðrir garðávextir, kornvörur alls konar, kjöt, leður, línoleum, litarvörur þungar, mör, pappír, pokar, pokastrigi, rúðugler, saumur, segldúkur, seglgarn, síld, síldarmjöl, steinólía og önnur olía til eldsneytis, tól, tjara, togleður, tvistur, vaxdúkur, vírnet, þurrsíld, þvottaefni, þvottasápa.

3. flokkur. Gjald 1.00 kr. fyrir hver 100 kg:

Ávextir nýir, þurrkaðir og niðursoðnir, brauðvörur, kaffi, kakaó, leirvörur, lyf, lyfjavörur, lýsi, mjólk, niðursoðuvörur, nýlenduvörur alls konar, smjör, smjörlíki, smjörlíkisolíur, sundmagi, sykur, te, ull.

4. flokkur. Gjald 3.00 kr. fyrir hver 100 kg:

Dúnn, eldspýtur, fiður, glervörur, glysvarningur og þess háttar léttar vörur, leðurvörur, leikföng, þrjónavörur, skinnvörur, skófatnaður, súkkulaði, sælgætisvörur, tóbaksvörur, vefnaðarvörur, vín og vínandi.

- 47 5. flokkur. Gjald 1.50 kr. fyrir hver 100 kg:  
8. apríl Aðrar vörur, sem reiknast eftir þyngd.
6. flokkur. Gjald 4.00 kr. fyrir hvern teningsmetra:  
Timbur, tunnur og þess háttar vörur, sem reiknast eftir rúmmáli.
7. flokkur. Gjald 6.00 kr. fyrir hvern teningsmetra:  
Dráttarvélar, heyvinnsluvélar, kæliskápar, saumavélar, skilvindur, þvottavélar.
8. flokkur. Gjald 8.00 kr. fyrir hvern teningsmetra:  
Bifreiðir, húsgögn, jarðýtur, orgel, píanó, skurðgröfur, vegheflar og þess háttar vörur, sem reiknast eftir rúmmáli.
9. flokkur. Gjald 5.00 kr. fyrir hvern grip:  
Hestar, nautgripir, svín.

#### 8. Ýmis gjöld til hafnarinnar.

49. gr.

Fyrir geymslu á vörum í húsum og á lóðum hafnarinnar um stundarsakir skal greiða það gjald, sem hafnarstjóri ákveður.

50. gr.

Fyrir lóðir og land hafnarinnar, geymsluhús og verbúðir, sem leigt er einstökum mönnum eða félögum um lengri tíma, skal greiða leigugjald, sem ákveðið verður með samningi.

51. gr.

Fyrir notkun á áhöldum og tækjum hafnarinnar skal greiða það gjald, sem hafnarstjóri ákveður í hvert skipti.

### VIII. KAFLI

#### Um innheimtu og greiðslu hafnargjalda.

52. gr.

Hafnarstjóri sér um innheimtu allra hafnargjalda, og skal greiða gjöldin í skrifstofu hafnarinnar.

53. gr.

Skipstjóri og eigandi skips bera ábyrgð á greiðslu gjalda þeirra, sem greiða ber til hafnarinnar vegna skipsins. Er skipstjóra skylt að afhenda hafnarstjóra þjóðernis- og skrásetningarskírteini skipsins, ef hafnarstjóri krefst þess, og hefur hafnarsjóður haldsrétt yfir skipinu, unz gjöldin eru greidd.

Að svo miklu leyti, sem í reglugerð þessari eru ekki ákveðnir fastir gjalddagar á gjöldunum, skal greiða þau, áður en skip fer burt úr höfninni, og enginn skipstjóri getur vænt þess að fá afgreiðslu fyrir skip sitt hjá tollstjóra, nema hann sanni með vottorði frá hafnarstjóra, að hann hafi greitt öll gjöld sín til hafnarinnar.

54. gr.

Vörugjald og leigu fyrir lóðir og geymsluhús hafnarinnar, samkvæmt 49. gr., greiðir móttakandi af vörum, sem koma til hafnarinnar, og sendandi af vörum, sem fluttar eru úr höfninni. Ef margir eiga vörur með sama skipi, skal afgreiðslumaður skipsins standa hafnarsjóði skil á greiðslunni. Ef skip hefur ekki farm sinn skráðan, ber skipstjóri ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins.

Ef vörur eru fluttar úr einu skipi í annað, greiðir sá vörugjald, er affermir.

Vörugjald af vörum, sem koma til hafnarinnar, fellur í gjalddaga, þegar skipið, sem vörurnar flytur, er komið í höfnina, og vörugjald af vörum, sem fluttar eru úr

höfninni fellur í gjalddaga, þegar vörurnar eru komnar á skip. Skipstjóra og afgreiðslumanni skips er óheimilt að afhenda vörurnar, unz gjaldið er greitt. Hafnar-  
sjóður hefur og haldsrétt í vörum, til tryggingar gjaldinu.

47

8. apríl

## 55. gr.

Leigu af lóðum og húsum hafnarinnar, samkv. 50. gr., svo og gjald fyrir að nota áhöld og tæki hafnarinnar, samkv. 51. gr., greiðir sammingsaðili.

## 56. gr.

Öll gjöld samkvæmt þessari reglugerð má taka lögtaki, og hafa þau forgangs-  
rétt, sem önnur opinber gjöld, sbr. 83. gr. b., tölulið 3, skiptalaganna. Auk þess  
eru skipagjöldin tryggð með lögveði í skipinu, og gengur það veð í tvö ár fyrir  
sammingsveðskuldum.

Skipagjöld teljast í reglugerð þessari öll þau gjöld, sem skipi ber að greiða til  
hafnarinnar, svo sem lestagjald, vitagjald, bryggjugjald, vatnsgjald, hafnsögugjald,  
fjörugjald, gjald fyrir dráttarbáta og aðra aðstoð, sem framkvæmd er af hafnarinnar  
hálfu fyrir skipið.

## IX. KAFLI

## Ýmis ákvæði.

## 57. gr.

Þeir munir eða vörur, sem skipað er upp eða láta á í skip, mega ekki liggja á  
bryggju eða hafnarbakka og eigi annars staðar á landi hafnarinnar en á þeim stöð-  
um, sem ætlaðir eru til geymslu, nema með sérstöku leyfi hafnarstjóra. Skal flytja  
burt muni og vörur jafnskjótt sem hafnarstjóri krefst þess. Sé það eigi gert, lætur  
hafnarstjóri gera það á kostnað og ábyrgð eiganda eða umboðsmanns hans.

## 58. gr.

Um skaðabótaskyldu vegna skemmda á höfninni, mannvirkjum hennar eða  
áhöldum, fer eftir almennum lagareglum.

Ef samningum verður ekki við komið um skaðabætur, skulu þær ákveðnar af  
tveim óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Hvorum aðila fyrir sig er heimilt að  
krefjast yfirmats, en gera skal það áður en 1 mánuður sé liðinn frá því, er mats-  
gerð er lokið. Yfirmat skal framkvæmt af 3 óvilhöllum, dómkvöddum mönnum.  
Kostnaðinn við yfirmat greiðir sá, sem krafðist yfirmats, ef það gengur honum  
ekki í vil. Að öðrum kosti greiðir hinn aðilinn kostnaðinn.

## 59. gr.

Nú veldur skip skemmdum í höfninni eða skipstjóri verður brotlegur við  
ákvæði reglugerðar þessarar, og er þá óheimilt að flytja skipið úr höfninni, áður  
en málið er útkljáð, nema fullnægjandi trygging sé sett fyrir greiðslu, að dómi  
hafnarstjóra.

## 60. gr.

Hafnarstjóra skal þegar tilkynnt um allt það, sem bjargað er í höfninni, en  
hann gefur aftur lögreglunni skýrslu um það.

## 61. gr.

Hverja þá skipun, sem samkvæmt reglugerð þessari má gefa skipi, skal gefa  
stýrimanni, ef skipstjóri er ekki á skipi og eigi heldur umboðsmaður hans, samkv.  
15. gr. Ef stýrimaður er fjarverandi, má gefa einhverjum öðrum af skipshöfninni  
skipunina, og er það jafngilt, sem skipstjóri hefði fengið skipunina sjálfur.

47

8. apríl

Allir þeir, sem æskja afgreiðslu fyrir skip, láns á tækjum eða aðstoðar á einn eða annan hátt hjá höfninni, skulu snúa sér beint til skrifstofu hafnarinnar með beiðni þar að lútandi.

Heimilt er hafnarstjóra að neita þeim aðilum um aðstoð eða afgreiðslu, sem eru í vanskilum með gjöld til hafnarinnar.

63. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 10000 krónum. Sektirnar renna í hafnarsjóð Reykjavíkur.

64. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarþætur og breytingu á sömu lögum, nr. 41 5. apríl 1948, svo og lögum um hafnsögu í Reykjavík, nr. 27 22. nóv. 1918, til að öðlast þegar gildi, og er þá um leið úr gildi numin hafnarreglugerð fyrir Reykjavíkurborg frá 12. nóv. 1917 og reglugerð um hafnargjöld í Reykjavík frá 30. maí 1921 með síðari breytingum á henni, og enn fremur reglugerð um hafnsögu í Reykjavík og hafnsögugjöld í Reykjavík frá 31. des. 1918 (nr. 2 og 3 1919).

*Samgöngumálaráðuneytið, 8. apríl 1949.*

**Emil Jónsson.**

*Páll Pálmason.*

## AUGLÝSING

um viðauka við auglýsingu nr. 13 12. jan. 1949,  
um söluskatt af innfluttum vörum.

48

31. marz

1. gr.

Auk þeirra vara, sem undanþegnar eru í B-lið auglýsingar nr. 13/1949 söluskatti af innfluttum vörum, skulu þessar vörur einnig undanþegnar slíkum skatti við innflutning:

Tollskrá

Kafli Nr.

10	4	Bygg, ómalað.
	5	Hafrar, ómalaðir.
	6	Maís, ómalaður.
11	6	Mjöl úr maís.
	12	Grjón úr maís (kurlaður maís).
	22	Klíð.
25	25	Krít, þvegin.
28	39	Kalsíumkarbonat, fellt.
35	10	Dikalsíumfosfat.

2. gr.

Auglýsing þessi skal þegar koma til framkvæmda í samræmi við ákvæði 19. gr. tollskrárlaganna.

*Fjármálaráðuneytið, 31. marz 1949.*

F. h. r.

**Magnús Gíslason.**

*Einar Bjarnason.*

## Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1949.

*Lög um breyting á lögum nr. 33 12. febr. 1945, um breyting á lögum nr. 30 19. júní 1933, um sjúkrahús o. fl., undirskrifuð af forsetanum 20. apríl 1949, nr. 24.*

*Lög um breyting á lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 25.*

*Lög um hvalveiðar, undirskrifuð af forsetanum 3. maí 1949, nr. 26.*

*Lög um breyting á framfærslulögum nr. 80/1947, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 27.*

*Lög um veitingu ríkisborgararéttar, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 28.*

*Lög um breyting á lögum nr. 20 20. maí 1942, um breyting á lögum nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 29.*

*Lög um breyting á lögum nr. 58 8. sept. 1931, um einkasölu ríkisins á tóbaki, undirskrifuð af forsetanum 6. maí 1949, nr. 30.*

*Lög um breyting á lögum nr. 42 1948, um útflutning og innflutning á íslenzkum og erlendum gjaldeyri, undirskrifuð af forsetanum 9. maí 1949, nr. 31.*

*Auglýsing varðandi gengistryggingarsamning milli Íslands og Frakklands, undirrituð af utanríkisráðherra 30. marz 1949, nr. 32.*

## REGLUGERÐ

49

23. marz

### fyrir vatnsveitu í Blönduóshreppi.

#### 1. gr.

Blönduóshreppur tekur að sér að leggja nýja vatnsveitu um kaupúnið og hefur einkaleyfi á rekstri vatnsveitu og sölu vatns.

Áskilur hreppurinn sér rétt til að nota það af gömlum vatnsleiðslum, sem fyrir eru og nothæfar reynast, án endurgjalds, enda verður þá ekki krafizt stofngjalds samkvæmt 8. gr., þar sem þannig er ástátt, fyrr en endurnýja þarf þessar gömlu leiðslur að dómi umsjónarmanns.

#### 2. gr.

Vatnsveitunefnd skipa 3 aðalmenn og 3 varamenn, sem kosnir eru af hreppsnefnd til fjögurra ára. Annast hún öll framkvæmdarstörf, viðhald og endurbætur vatnsveitunnar, fjármál hennar og umsjón eigna, í samráði við hreppsnefnd.

#### 3. gr.

Hver sá, sem vill komast í samband við vatnsveitu Blönduóss, skal senda vatnsveitunefnd skriflega umsókn þar um. Umsókninni skulu fylgja upplýsingar um, hve mikið vatn hlutaðeigandi telur sig þurfa að nota.

#### 4. gr.

Vatnsveitunefnd getur fyrirskipað takmörkun á vatnsnotkun, ef skortur er á vatni. Þá getur hún og lokað fyrir vatnið þegar þarf, vegna hreinsunar á vatnsgeyminum, eða viðgerðar á vatnsæðum. Slíka lokun skal tilkynna fyrir fram, ef um lengri lokun er að ræða en 3 klukkutíma. Fullan vatnsskatt ber að greiða, þó að slík lokun fari fram.

15



49

23. marz

Hver sá, sem veldur skemmdum á eignum vatnsveitunnar, eða á annan hátt bakar henni skaða, skal bæta það að fullu og sæta sektum, nema þyngri refsing liggji við að lögum.

5. gr.

6. gr.

Umsjónarmaður, er vatnsveitunefnd ræður, hefur eftirlit með öllu, sem að vatnsveitunni lýtur og er öllum vatnsneytendum skylt að hlýða fyrirmælum hans, um eyðslu vatns og notkun þess yfirleitt, svo og um lagfæringar, ef með þarf innauhúss, á pípum eða vatnshönum og tækjum..

7. gr.

Skylt er eiganda að láta af hendi land og landsafnot í þarfir vatnsveitunnar, svo og mannvirki, og þola eignakvaðir, óhagræði og takmörkun á afnotarétti, sem vatnsveitan kann að hafa í för með sér, enda komi fullar bætur fyrir, samkvæmt mati, ef ekki næst samkomulag.

8. gr.

Vatnsskattsskyldur er hver sá húseigandi, sem fengið hefur vatn leitt að húsvegg, og greiðir hann þá stofngjald kr. 200.00 — tvö hundruð krónur —, enda sé lengd leiðslunnar frá götu að húsi ekki yfir 25 metra, en sé leiðslan lengri, greiði húseigandi helming kostnaðar við lagninguna, sem þar er umfram.

9. gr.

Af öllum húsum í lögsagnarumdæmi Blönduósskaupþúns, sem vatn er leitt til úr vatnsveitunni, annarra en þeirra, er um ræðir í 10. gr., skal greiða vatnsskatt árlega, er sé 12% — tólf af þúsundi —, miðað við fasteignamatsverð húsanna, þó aldrei minna en kr. 50.00 — fimmtíu krónur — fyrir hvert hús.

10. gr.

Af húsum þeim, sem nota mikið vatn til annarra þarfa en heimilisnotkunar, svo sem verksmiðjur, baðhús, þvottahús, iðnaðarfyrirtæki, frystihús, gistihús o. fl., skal greiða vatnsskatt 20% — tuttugu af þúsundi — af fasteignamatsverði húsa, ef ekki er greiddur sérstakur aukaskattur vegna rekstursins, eða vatn selt eftir mæli samkvæmt 11. gr., en sé svo, skal greiða vatnsskatt af húsaverði slíkra fyrirtækja samkvæmt 9. gr.

11. gr.

Auk vatnsskatts þess, er um getur í 9. og 10. gr., skal greiða sem hér segir:

1. Fyrir hverja smálest af innveginni mjólk í mjólkurstöð kr. 2.50.
2. Fyrir hvern kjötskrokk í sláturhúsi 6 aura.
3. Fyrir hverja smálest vatns til skipa kr. 6.00.
4. Fyrir hverja smálest vatns til annarra fyrirtækja, ef selt er eftir mæli 50 aura.

12. gr.

Hreppsnefndin getur ákveðið að hækka eða lækka vatnsskatt þennan um allt að 50%.

13. gr.

Reikningsár vatnsveitunnar er almanaksárið og annast vatnsveitunefnd reikningshald og hefur á hendi innheimtu vatnsskatts.

Gjaldlagi vatnsskatts er 1. júlí ár hvert og greiðist vatnsskatturinn í einu lagi fyrir líðandi ár.

Húseigandi ber ábyrgð á greiðslu vatnsskatts af húsinu.

Vatnsskatt má taka lögtaki og er hann tryggður með lögveði í eigninni næstu 49  
tvö ár á eftir gjalddaga, með forgangsveði fyrir hvers konar samningsveði og 23. marz  
aðfararveði.

#### 14. gr.

Brot á reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 500.00, nema þyngri refsing liggi við að lögum.

Mál út af brotum á reglugerð þessari skulu sæta meðferð almennra lögreglu mála.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Blönduóshrepps, staðfestist hér með, samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947, um aðstoð til vatnsveitna, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 23. marz 1949.*

**Stefán Jóh. Stefánsson.**

*Jónas Guðmundsson.*

## JARÐRÆKTARSAMÞYKKT

50

fyrir Búnaðarfélag Tjörnesinga og búnaðarfélagið Ófeigur í  
Reykjahreppi í Suður-Þingeyjarsýslu.

24. marz

Búnaðarfélagin í Tjörness- og Reykjahreppum gera á grundvelli laga nr. 7  
12. jan. 1945, svofellda ræktunarsamþykkt:

### I. KAFLI

**Takmörk samþykktarsvæðis og markmið samþykktar.**

#### 1. gr.

Ræktunarsambandið nær yfir félagssvæði Búnaðarfélags Tjörnesinga og búnaðarfélagsins Ófeigur í Reykjahreppi í Suður-Þingeyjarsýslu.

#### 2. gr.

Tilgangur ræktunarsambandsins er að annast eftirgreind verkefni á öllum jörðum á sambandssvæðinu, að undanskildum þeim, er falla undir ákvæði VI. kafla jarðræktarlaganna, nr. 54 4. júlí 1942, um búferlaflutning:

1. Að ræsa fram land til túnræktar, garðræktar, beitiræktar og engjaræktar. Tekur framkvæmd verksins til fullnaðarframræslu á landinu, þ. e. opnum skurðum, svo og lokræsum, þar sem þess er þörf, eins og fyrir verður mælt af trúnaðarmanni, er Búnaðarfélag Íslands samþykkir til að hafa á hendi undirbúning um, hvernig verkið skuli framkvæmt.
2. Að framkvæma jarðvinnslu á tünnum jarða á ræktunarsambandssvæðinu, sem ekki eru véltæk. Nær það til plægingar, herfingar og jöfnunar landsins. Hverjar vinnsluaðferðir verða viðhafðar á hverjum stað, fer eftir fyrirsögn trúnaðarmanns Búnaðarfélags Íslands.
3. Að taka að sér jarðvinnslu til nýræktar túna eða garða. Nær það til fullnaðarvinnslu landsins á sama hátt og gert er ráð fyrir í síðustu málsgrein undir lið 2.

- 50 4. Að framkvæma sléttun engja, svo þær verði véltækar, hvort heldur það er gert  
24. marz með völtun, vinnslu lands, flóðgarðahleðslu, eða öðrum aðferðum eftir fyrir-  
sofn trúnaðarmanns Búnaðarfélags Íslands.

## II. KAFLI

### Skipun og verk svið framkvæmdastjórnar.

#### 3. gr.

Hvort búnaðarfélag kýs árlega 3 menn í fulltrúaráð fyrir ræktunarsambandið, en fulltrúaráð kýs 3 menn í framkvæmdastjórn til eins árs í senn, og skiptir stjórnin með sér verkum. Stjórnin skal þannig skipuð, að meiri hluti hennar sé kosinn á víxl úr búnaðarfélagunum. Varastjórn skal skipuð jafnmörgum mönnum, kosnum á sama hátt til jafnlangs tíma.

#### 4. gr.

Stjórn ræktunarsambandsins fer með málefni þess. Skal stjórnin annast kaup á nauðsynlegum vélum og verkfærum til skurða og lokræsagerðar, svo og á jarðvinnsluvélum, en skylt er henni, sbr. 8. gr. laga um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum, að hafa samráð við verkfæranefnd ríkisins, um kaup og val vélanna.

#### 5. gr.

Stjórnin sér um kaup á öllu því, er með þarf til reksturs og viðhalds þeim vélum og áhöldum, er keypt verða. Henni ber að hafa þau tryggð fyrir fjárhæð, er svarar til verðgildis þessara eigna, eins og þær eru á hverjum tíma.

#### 6. gr.

Stjórnin annast um allan rekstur vélanna. Henni ber að gera alla verktökusamninga við hina einstöku framkvæmdaaðila á sambandssvæðinu, og ákveða á hverjum tíma og í hverri röð verkefnin eru tekin, sem unnið skal að.

#### 7. gr.

Stjórnin ræður starfsmenn og ákveður launakjör þeirra. Heimilt er stjórninni að ráða framkvæmdastjóra til eins árs í senn. Getur hún með erindisbréfi falið honum framkvæmdastjórn um daglegan rekstur og umsjón með verkstjórn vinnuflokka.

#### 8. gr.

Allir samningar, er stjórnin gerir fyrir hönd ræktunarsambandsins samkvæmt samþykktum þessum, eru skuldbindandi fyrir sambandsheildina, og hreppabúnaðarfélagin, er að samþykktinni standa, án þess að það hafi verið sérstaklega undir þau borið. Stjórn og framkvæmdastjóri bera ábyrgð gerða sinna fyrir umbjóðendum sína.

## III. KAFLI

### Um tilhögun framkvæmda.

#### 9. gr.

Skylt er stjórn ræktunarsambandsins fyrir febrúarlök ár hvert að skrá verkbeiðnir félagsmanna. Skal þar tilgreint hverjar jarðabætur óskað er að unnar séu á því ári, svo og verkmagn þeirra. Skýrslunni fylgi frá verkkaupendum greiðsluskuldbinding hvers fyrir sig.

#### 10. gr.

Að fengnum skýrslum þeim, er um ræðir í 9. gr., ber stjórn ræktunarsambandsins að semja starfs- og rekstraráætlun fyrir yfirstandandi ár. Rísi ágreiningur innan

ræktunarsambandsstjórnar um veigamikil atriði framkvæmdaáætlunar, ber að leggja 50 hana fyrir aðalfund ræktunarsambandsins til úrskurðar. Framkvæmdastjórn er 24. marz skylt að framfylgja samþykkttri starfsáætlun eftir því, sem við verður komið.

#### 11. gr.

Við undirbúning framkvæmdaáætlunar sé þess sérstaklega gætt:

- a. Að þær jarðir, sem minnst véltækt land hafa, sitji fyrir vinnu eftir því sem við verður komið, án þess að valda óhæfilegum aukakostnaði í flutningi véla og verkfæra;
- b. að túnasléttun sé að öðru jöfnu látin sitja fyrir öðrum ræktunarframkvæmdum;
- c. að land það, sem brjóta á til ræktunar, hafi verið ræst fram á fullnægjandi hátt að dómi trúnaðarmanns Búnaðarfélags Íslands;
- d. að framræsla bithaga komi að jafnaði því aðeins til greina, að fullnægt hafi verið framræsluverkefnum vegna tún-, garða- og engjaræktar á þann hátt, að það tefji eigi jarðvinnsluna, svo að því marki verði náð, að allur heyskapur verði tekinn á velfæru landi.

### IV. KAFLI

#### Um verðlagsáskvarðanir og greiðslu kostnaðar.

##### 12. gr.

Kostnaður við framkvæmdir, er í samþykkt þessari getur, greiðist af verkkaupanda, eftir þeim skildaga og á þann hátt, er tilgreint verður í verktökusamningi þeim, er um getur í 6. gr. þessarar samþykktar. Heimilt er stjórn ræktunarsambandsins að láta greiðslu fara fram eftir áætluðum verktöxtum, meðan verkið stendur yfir ár hvert, en fullnaðargreiðsla sé byggð á tilkostnaðarverði, eins og það verður samkvæmt rekstursreikningi hvers árs. Áætlaðir verktaxtar séu miðaðir við tímaeiningu.

##### 13. gr.

Til ræktunarkostnaðar telst greiðsla vinnulauna, allur reksturskostnaður véla og greiðslur fyrningargjalds af þeim, kostnaður við flutninga þeirra milli vinnustaða, viðhald véla, er stafar af eðlilegu sliti þeirra, vaxtagreiðslur, kostnaður við verkstjórn og stjórnarkostnaður. Heimilt er stjórn ræktunarsambandsins að ákveða og leggja á framkvæmdakostnað áhættuþóknun er nemi allt að 5% af heildarkostnaðarverði hvers árs.

##### 14. gr.

Heimilt er stjórn ræktunarsambandsins á þeim tímum, sem ekki er unnt að vinna að skurðgrefti, lokræsagerð eða jarðvinnslu fyrir samþykktaraðila, að taka að sér verkefni í ákvæðisvinnu eða tímavinnu fyrir búendur, hreppsfélag eða aðra aðila á samþykktarsvæðinu eða utan þess, þó þau falli ekki undir ákvæði 2. gr., ef öruggt er að það sé hagkvæmt fyrir ræktunarsambandið, enda sé tryggt að vélakostur sé ekki festur við þessi störf, svo það brjóti í hága við hagsmunum samþykktaraðila.

##### 15. gr.

Rekstrarafgangur af áhættuþóknun, svo og ef ágóði verður af ákvæðisvinnu eða þeim verkum, er um getur í 14. gr., skal leggjast í stofnsjóð ræktunarsambandsins, og varið samkvæmt ákvæðum þeim, er um hann gilda, sbr. 16. gr.

## V. KAFLI

## Fjáröflun og tryggingar.

## 16. gr.

Ræktunarsambandið myndar stofnsjóð til vélakaupa að upphæð 60 þúsund kr. Stofnfé sjóðsins er:

1. Helmingur stofnsjóðsins er framlag Framkvæmdasjóðs ríkisins samkv. 9. gr. laga um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum. Renni framlagið í stofnsjóðs jafnóðum og það greiðist sem styrkur til vélakaupa félagsins.
2.  $\frac{1}{8}$  hluti frá Búnaðarsambandi Suður-Þingeyinga samkvæmt aðalfundargerð þess frá 1. maí 1946.
3.  $\frac{3}{8}$  hlutar stofnfjárins skal lagður fram frá búnaðarfélögum Tjörness- og Reykjahrepps að jöfnu sem óafturkræft fé, þegar samþykkt þessi hefur öðlzt gildi.
4. Auk þess leggjast í stofnsjóð árlega tekjur þær, sem inn koma samkvæmt ákvæðum 15. gr.

## 17. gr.

Komi í ljós síðar að álitu ræktunarsambandsstjórnar, að auka þurfi stofnsjóð, ber henni að gera rökstuddar tillögur um stofnfjárukningu til aðalfunda búnaðarfélaganna. Að fenginni meiri hluta samþykkt í hlutaðeigandi búnaðarfélögum, tekur aðalfundur ræktunarsambandsins fullnaðarákvörðun um málið.

## 18. gr.

Heimilt er framkvæmdastjóra að taka reksturhlán gegn tryggingu í þeim jarðræktarstyrk, er á umbæturnar verður greiddur úr ríkissjóði samkv. ákvæðum II. og V. kafla jarðræktarlaga.

## 19. gr.

Skylt er samþykktaraðilum að hafa greitt til ræktunarsambandsstjórnar  $\frac{3}{4}$  af áætluðu kostnaðarverði, að frádregnum jarðabótastyrk þeirrar vinnu, er þeir hafa pantað, áður en verkið er hafið. Eftirstöðvar greiðist á gjalddaga, er verktöku-samningur ákveður.

## VI. KAFLI

## Um reikningshald og endurskoðun.

## 20. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið, og skal reikningum lokið svo tímanlega, að endurskoðun geti farið fram áður en hinir árlega aðalfundir búnaðarfélaganna eru haldnir eða fyrir aprilmánaðarlok. Skulu endurskoðendur sannprófa að reikningum beri saman við bækur stjórnarinnar.

## 21. gr.

Endurskoðendur séu tveir, kjörnir sinn af hvoru búnaðarfélagi til eins árs í senn. Þeir skulu kynna sér reksturinn sem bezt, og hafa eftirlit með starfrækslu stjórnarinnar í hvívetna. Varaendurskoðendur skal kjósa á sama hátt.

## 22. gr.

Endurskoðaðir reikningar skulu lagðir fram til samþykktar á aðalfundum félaganna og aðalfundi ræktunarsambandsins.

## VII. KAFLI

Um breytingu samþykktá og hvernig samþykkt verði felld úr gildi.

23. gr.

Tillögur er fram kunna að koma til breytingar á samþykkt þessari, skulu lagðar fyrir aðalfundi búnaðarfélaganna og síðan fyrir aðalfund ræktunarsambandsins. Samþykki löglegur aðalfundur breytingarnar með að minnsta kosti % atkvæða í hvoru félagi, skal stjórnin senda breytingarnar Búnaðarfélagi Íslands, er leitar staðfestingar landbúnaðarráðherra á þeim.

24. gr.

Samþykktir þessar má því aðeins nema úr gildi að aðalfundur búnaðarfélaganna samþykki það hvor um sig, og aðalfundur ræktunarsambandsins með  $\frac{3}{5}$  greiddra atkvæða, enda komi samþykki landbúnaðarráðherra til.

25. gr.

Nú óska Búnaðarfélag Húsavíkur og Búnaðarfélag Flateyjarhrepps að gerast aðilar að ræktunarsamþykkt þessari og þátttakendur í ræktunarsambandinu, skal þeim það þá heimilt, þegar löglegur undirbúningur hefur farið fram.

26. gr.

Nú verður ræktunarsambandið leyst upp og skal þá öllum eignum þess skipt á milli búnaðarfélaganna, er að því standa, í sömu hlutföllum og félögin greiddu stofnfjárframlagið í upphafi.

27. gr.

Með brot á samþykkt þessari skal farið sem almenn lögglumál.

28. gr.

Samþykkt þessi gengur í gildi, er hún hefur verið staðfest af landbúnaðarráðherra.

Samþykkt þessi, sem er sett samkvæmt lögum nr. 7 12. janúar 1945, um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum, og reglugerð nr. 36 20. febrúar 1946, um jarðræktarsamþykktir, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

*Landbúnaðarráðuneytið, 24. marz 1949.*

**Bjarni Ásgeirsson.**

*Árni G. Eylands.*

## SAMÞYKKT

um breyting á samþykkt fyrir sýsluvegasjóð Mýrasýslu frá 1. maí 1929.

51

26. marz

1. gr.

2. málsgr. 1. gr. sýsluvegasamþykktarinnar orðist svo:

Þessir eru aðalsýsluvegir í Mýrasýslu:

1. Hvítársíðuvegur: Frá Bjarnastöðum að Fljótstungu.
2. Þverárhliðarvegur: Frá Högnastöðum að Hermundarstöðum.
3. Glitstaðavegur: Frá Þjóðveginum hjá Hreðavatnsskála að Glitstöðum.
4. Ásbjarnarstaðavegur: Frá Kleifavegi að Selhaga.
5. Flóðatangavegur: Frá Stafholti að Flóðatanga.

- 51 6. Ferjubakkavegur: Frá Borgarnesbraut hjá Brennistöðum um Ferjubakka á  
26. marz Hvítárbraut hjá Steinsási.
7. Valbjarnarvallavegur: Frá Borgarfjarðarbraut fyrir ofan Galtarholt að Litla-  
Fjalli.
8. Grímsstaðavegur: Frá Stykkishólmsvegi hjá Urriðaarbrú að Syðri-Hraundal.
9. Hofstaðavegur: Frá Vogalæk að Álftárósi.
10. Álftanesvegur: Frá Álftaneshreppsvegi hjá Kolviðarholti að Álftanesi.
11. Staðarhraunsvegur: Frá Stykkishólmsvegi við Raftás að Hítardal.
12. Einholtavegur: Frá Stykkishólmsvegi hjá Fíflholtum um Einholt að Stóra-  
Kálfalæk.
- Þessir eru aukasýsluvegir í Mýrasýslu:
1. Gilsbakkavegur: Frá Hellisgili fyrir sunnan Gilsbakka að Barnafossubrú.
  2. Veidilækjarvegur: Frá Þjóðveginum hjá Lækjarkoti, um Lækjarkot, Höll að  
Veidilæk.
  3. Steinavegur: Frá Þjóðveginum hjá Lundum að Steinum.
  4. Neðra Nesvegur: Frá Þjóðveginum hjá Þverbrekkum um Hamraenda að Þverá  
móts við Neðra-Nes.
  5. Stangarholtsvegur: Frá Stykkishólmsvegi hjá Langárbrú að Stangarholti.
  6. Rauðanesvegur: Frá Stykkishólmsvegi fyrir vestan Borg um Þursstaði að Rauða-  
nesi.
  7. Álftártunguvegur: Frá Stykkishólmsvegi hjá Álftárbrú að Álftártungu.
  8. Seljavegur: Frá Hraunhreppsvegi hjá Jaðri um Hundastapa, Selja að Hesta-  
keldu.

2. gr.

Með samþykkt þessari er úr gildi numin samþykkt nr. 137 7. júní 1943 um  
breyting á samþykkt um sýsluvegasjóð Mýrasýslu frá 1. maí 1929.

3. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Mýrasýslu hefur samið og samþykkt, samkv.  
lögum nr. 102 19. júní 1933, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum  
þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgöngumálaráðuneytið, 26. marz 1949.*

**Emil Jónsson.**

*Páll Pálmason.*

## REGLUGERÐ

fyrir Rafveitu Suðurfjarðahrepps.

A. Stjórn og rekstur.

1. gr.

*Markmið rafveitunnar.*

Rafveita Suðurfjarðahrepps er fyrirtæki, sem Suðurfjarðahreppur starfrækir  
í þeim tilgangi að veita raforku um hreppinn og selja hana til heimilisnotkunar,  
iðnaðar og annarra þarfa.

Rafveitan er eign hreppsins, en skal rekin sem sjálfstætt fyrirtæki með nafn-  
inu Rafveita Suðurfjarðahrepps og hafa sérstakt reikningshald.

## 2. gr.

52

28. marz

*Verksvið og orkuveitusvæði.*

Rafveita Suðurfjarðahrepps aflar raforku til almenningsþarfa í hreppnum með því að vinna hana sjálf í orkuverum eða kaupa hana frá öðrum, og veitir þeirri orku, sem þannig er keypt eða unnin, um orkuveitukerfi rafveitunnar.

Orkuveitusvæði rafveitunnar er lögsagnarumdæmi Suðurfjarðahrepps og sá hluti nágrennis hreppsins, sem hreppsstjórn ákveður og ráðherra samþykkir.

Rafveita Suðurfjarðahrepps hefur einkarétt til sölu á raforku beint til rafkunotenda á orkuveitusvæði sínu.

## 3. gr.

*Stjórn raforkumála. Rafveitustjóri.*

Yfirstjórn raforkumála hreppsins er í höndum hreppsnefndar, en framkvæmdastjórnin skal falin rafveitunefnd ásamt rafveitustjóra, sem hreppsnefnd skipar að fengnum tillögum rafveitunefndar, og skal hann um rafmagnssérmenntun fullnægja skilyrðum til háspennulöggildingar a. m. k. Hreppsnefnd setur honum erindisbréf. Rafveitustjóri er framkvæmdastjóri rafveitunnar.

Í rafveitunefnd eiga sæti 3 menn, kosnir af hreppsnefnd. Rafveitustjóri á sæti á fundum nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétti.

## 4. gr.

*Verksvið rafveitunefndar.*

Rafveitunefnd hefur á hendi stjórn rafveitunnar, sér um viðhald hennar og umbætur og allt, er að starfrækslu hennar lýtur, kaup og sölu á raforku, fjárhald og reikningsskil. Hún skal gefa hreppsnefnd þær skýrslur, sem óskað er eftir, um starfrækslu og ástand rafveitunnar og leggja ársreikning hennar fyrir hreppsnefnd til úrskurðar samtímis ársreikningum hreppsins.

Rafveitunefnd semur nánari reglur, sem hreppsnefnd skal staðfesta, um einstök atriði þessarar reglugerðar, eftir því sem þörf gerist. Hún gerir einnig tillögur til hreppsnefndar um gjaldskrá fyrir rafveituna, undirbýr samninga um orkukaup og orkusölu og annast framkvæmdir allra raforkumála hreppsins.

Rafveitunefnd skipar alla fasta starfsmenn rafveitunnar, að fengnum tillögum rafveitustjóra, og setur þeim erindisbréf.

## 5. gr.

*Verksvið rafveitustjóra.*

Rafveitustjóri stjórnar daglegri starfrækslu og reikningshaldi rafveitunnar, eftirliti, viðhaldi á stöðvum, taugum og öðrum útbúnaði og öllum verklegum framkvæmdum, er snerta hana. Hann hefur eftirlit með rafmagnslagningu á orkuveitusvæðinu, þar með talið efni og tæki, sér um afgreiðslu og innheimtu við kaup og sölu á raforku, efni og tækjum, sem veitan kaupir eða selur.

Rafveitustjóri ræður verkamenn og starfsmenn veitunnar, svo sem þörf er á, auk hinna föstu starfsmanna.

## 6. gr.

*Reikningshald og ráðstöfun tekna.*

Rafveita Suðurfjarðahrepps hefur sjálfstætt reikningshald og tekur sjálf við greiðslum fyrir selda raforku og öðrum tekjum. Skal tekjum hennar fyrst og fremst varið til að standast straum af öllum greiðsluskuldbindingum hennar, svo sem afborgunum á áhvilandi skuldum, vöxtum og öðrum rekstrarkostnaði, þar með



52 talið fullnægjandi viðhald og endurnýjun virkja og annað, sem nauðsynlegt er til  
28. marz að tryggja öruggan rekstur rafveitunnar, en tekjum, sem umfram kunna að verða, ráðstafar hreppsnefnd.

Rafveitustjóri varðveitir sjóð rafveitunnar samkvæmt nánari reglum, sem hreppsnefnd setur að tillögum rafveitunefndar.

7. gr.

*Löggilding rafvirkja. Raflagningareglur.*

Hreppsnefnd getur ákveðið, að engir aðrir en þeir, sem sérstaklega eru til þess löggiltir, megi taka að sér lagningu á húsveitu og uppsetningu véla og tækja eða framkvæma á sína ábyrgð nokkurt verk, er snertir veitur, sem tengja á við taugakerfi rafveitunnar. Hreppsnefnd setur löggildingarskilyrði, löggildir menn og setur reglur um frágang og tilhögun á verkum þeim, sem falla undir verksvið þeirra, allt að fengnum tillögum rafveitustjóra.

Eigi má löggilda sérstaklega aðra en þá, sem áður hafa hlotið löggildingu rafmagnseftirlits ríkisins og ekki setja kröfuminni reglur um raflagningar en rafmagnseftirlit ríkisins gerir.

**B. Söluskilmálar.**

8. gr.

*Sala raforku.*

Rafveita Suðurfjarðahrepps selur raforku til almenningsþarfa á orkuveituvæði sínu, alls staðar þar sem taugakerfi hennar nær til, með þeim skilmálum, sem ákveðnir eru í reglugerð þessari og gjaldskrá rafveitunnar á hverjum tíma.

Raforkan er seld sem ein- eða þrífasa riðstraumur, með 220 volta málsþennu og 50 riðum á sekúndu. Þegar sérstakar ástæður mæla með, má rafveitustjóri láta í té orku með annarri spennu og annarri straumtegund.

9. gr.

*Umsókn um kaup á raforku.*

Hver, sem óskar að gerast notandi að raforku, verður að fylla út tilætluð umsóknareyðublöð, er fást á skrifstofu rafveitunnar, og skal hann skuldbinda sig með undirskrift sinni, að hlíta settum reglum um kaup á raforku frá rafveitunni. Skal í umsókninni skýrt frá, hve mikið afl þarf, og til hvers það er ætlað.

10. gr.

*Umsókn um heimtaug.*

Umsókn um heimtaug eða breytingu á heimtaug skal undirskrifuð af húseiganda, er skuldbindur sig til þess með undirskrift sinni, að greiða heimtaugargjald það, sem ákveðið er í gjaldskrá rafveitunnar.

Heimtaugar með stofnvari eru eign rafveitunnar, enda þótt heimtaugargjaldið hafi verið greitt eftir kostnaði heimtaugar. Rafveitan annast viðhald og endurnýjun heimtaugar án sérstaks endurgjalds, nema heimtaug þurfi að breyta vegna breytingar á húsi. Skal húseigandi greiða kostnaðinn við þá breytingu, og ef ofanjarðarheimtaug er breytt í neðanjarðar, skal húseigandi greiða mismun, sem ákveðinn er í gjaldskrá. Rafveitunni er heimilt að krefjast skuldbindingar um lágmarksnotkun um heimtaug.

Sé um tiltölulega mikla notkun að ræða, og rafveitan þarf, til þess að fullnægja henni, sérstaklega að auka háspennukerfi, auka afl spennistöðvar eða gera

meiri háttar viðbætur á lágspennukerfi, er rafveitustjóra heimilt að krefjast 52  
 skuldbindingar umsækjanda um tiltekinn notkunartíma eða þátttöku í kostnaði. 28. marz  
 Eigi er skylt að ljúka lagningu jarðstrengsheimtaugar meðan jörð er frosin.

## 11. gr.

*Húsveitur.*

Skylt er að láta löggiltan rafvirkja, eða rafveituna, ef hún tekur slík verk  
 að sér, framkvæma alla vinnu við raflagnir og raftæki, hvort heldur er um að  
 ræða nýjar raflagnir eða breytingar eða viðgerð á raflögnum.

Löggiltir rafvirkjar annast umsóknir og tilkynningar til rafveitunnar um allar  
 raflagnir fyrir hönd húseiganda eða notenda, samkvæmt því, sem ákveðið er í  
 reglum um raflagnir í Suðurfjarðahreppi, en rafveitan annast úttekt á öllum  
 nýlagningum, viðaukum og breytingum á raflögnum.

Engir aðrir en umboðsmenn rafveitunnar mega setja straum á veitu eða hluta  
 af veitu, sem úttektarskyld er fyrir en úttekt hefur farið fram og veitan verið  
 tengd af umboðsmönnum rafveitunnar.

Sé út af þessu brugðið, varðar það þann sektum, sem verkið er unnið fyrir,  
 þann, sem setur strauminn á og loks hinn löggilta rafvirkja, er sá um verkið.

Rafveitan tekur ekki á sig ábyrgð á veitu með úttekt eða tengingu.

Rafveitan áskilur sér rétt til þess að setja þau skilyrði fyrir tengingu á veitu,  
 að notkun um hana verði ekki taugakerfi rafveitunnar ofviða, og þar sem hættu  
 kann að verða á þessu, má setja viðeigandi skilyrði í hvert sinn fyrir notkuninni,  
 þar til úr er bætt.

## 12. gr.

*Sala á raforku til notenda, sem sjálfir hafa orkuvinnslu.*

Veitur, sem að jafnaði nota raforku annars staðar að en frá rafveitunni, má  
 tengja við taugakerfi hennar í því skyni, að rafveitan verði aðallega eða eingöngu  
 notuð til vara með því skilyrði, að greitt sé lágmarksárgjald, sem svarar til þeirrar  
 kvaðar, sem hvílir á rafveitunni vegna tengingarinnar.

Framsala til annarra á raforku, sem keypt er af rafveitunni, er óheimil án  
 leyfis rafveitustjóra.

## 13. gr.

*Eftirlit með húsveitum og tækjum. Gallar á húsveitum.*

Sérhver húsveita, að meðtöldum tækjum til notkunar á raforku, skal fullnægja  
 kröfum þeim, sem settar eru í reglugerð rafmagnseftirlits ríkisins og í reglugerð-  
 um rafveitunnar um raflagnir.

Rafveitustjóra er heimilt að hafa eftirlit með öllum húsveitum, gögnum og  
 tækjum, sem notuð eru við hagnýtingu á raforku, og skulu starfsmenn rafveit-  
 unnar hafa frjálsan aðgang að öllum herbergjum húss, hvenær sem nauðsynlegt  
 er, til að skoða húsveituna eða hluta hennar eða raftæki, sem nota má við veituna.

Vélar og önnur tæki skulu vera þannig sett og þannig útbúin, að þau starfi  
 án þess að titringi valdi eða truflun á ljósum eða annarri notkun.

Sé misbrestur á þessu eða aðrir gallar á veitu eða tækjum, skal notandi þegar  
 í stað á sinn kostnað láta löggiltan rafvirkja lagfæra þetta.

Nú kemur í ljós við skoðun, sem framkvæmd er af rafveitunni, rafmagns-  
 eftirliti ríkisins eða löggiltum rafvirkja, á húsveitu eða tækjum að galli er á veitu  
 eða tækjum, og skal þá eigandi veitunnar eða tækjanna skyldur til þess að láta  
 gera við gallann á sinn kostnað. Viðgerðin skal framkvæmd af löggiltum rafvirkja.

Rafveitustjóri getur látið taka veituna eða tæki úr sambandi meðan galli er á  
 veitunni eða tækjunum, þar til úr er bætt, eða látið gera við galla á kostnað eiganda.

52 Húseiganda er skylt að sjá um, að stofntaugar í húsveitu hans séu ávallt nægi-  
28. marz lega gildar fyrir notkun veitunnar.

Ef óleyfileg vör finnast í veitu, skal notandi veitunnar gerður ábyrgur fyrir, samkvæmt fyrirskipun rafmagnseftirlits ríkisins.

Séu gerðar óleyfilegar tengingar eða breytingar á veitu eða tækjum eða sýnt hirðuleysi um meðferð eða viðhald veitu eða tækja, skal farið með það sem galla á veitu, og er heimilt að gera eiganda að greiða aukagjald, sem ákveðið er í gjaldskrá vegna kostnaðar við aukið eftirlit með veitunni.

Það er óleyfilegt, sem ekki fullnægir kröfum, sem settar eru í reglugerðum rafmagnseftirlits ríkisins um raforkuvirki og reglugerðum Rafveitu Suðurfjarðahrepps.

#### 14. gr.

##### *Mælitæki.*

1. Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir húsveitu, svo og stað fyrir þau og um tengingu.

Notandi mælitækis er sá, sem skráður er fyrir raforkunotkun þeirrar veitu, sem mælitækið er fyrir. Skal hann bera ábyrgð á mælitækinu, svo og raforkunotkun veitunnar, þar til er hann lætur af notkun hennar og hefur sagt upp notkuninni með þeim fyrirvara, sem um getur í 19. gr.

Rafveitan leggur til öll mælitæki og annast um venjulegt viðhald þeirra og endurnýjun á sinn kostnað. Nú verður mælitæki fyrir óvenjulegu hnjaski eða skemmdum, og er þá heimilt að gera notanda að greiða kostnað við viðhald þess eða endurnýjun.

2. Ef notandi óskar, að mælitækið sé leiðrétt, skal hann senda skriflega beiðni um það til rafveitunnar.

Ef þá kemur í ljós við athugun mælitækis, að mesta skekkja sé  $+/- 5\%$  eða minni, er heimilt að gera notanda að greiða kostnað við prófunina. Sé skekkja meiri, skal rafveitan bera kostnað af prófuninni.

Ef notandi véfengir árangur prófunarinnar, skal leita úrskurðar rafmagnseftirlits ríkisins, og er hann bindandi fyrir báða aðila. Kostnað við það skal notandi greiða, ef skekkjan reynist minni en  $+/- 5\%$ , en rafveitan annars.

Hafi kwst.mælir sýnt  $+/- 5\%$  skekkju eða meiri, skal rafveitan áætla leiðréttingu á reikningi rafmagnsnotanda miðað við fyrri notkun, og eftir þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, eftir því, sem næst verður komið, þó ekki fyrir lengra tímabil en 3 mánuði, nema notandi geti sannað, að um lengra tímabil hafi verið að ræða.

3. Notendur, sem hafa hemil eða rofa, eiga ekki rétt á neinni endurgreiðslu á föstu verði, þótt þeir telji sig ekki hafa getað náð því afli, sem fasta greiðslan er miðuð við, en rafveitunni er skylt að leiðrétta skekkju hemilsins eða rofans, svo fljótt sem við verður komið.

Ef hemill notanda brennur sundur með stuttu millibili og ástæða er til að ætla, að of mikið sé lagt á hann að staðaldri, hefur rafveitan rétt til að neita um hemil og gera notanda að skilyrði að kaupa orkuna eftir öðrum gjaldskrárlíð.

4. Ef notandi hefur aukna straumnotkun vegna galla á veitu sinni eða tækjum, er rafveitan ekki skyld til þess að áætla frádrátt á reikningum notandans þess vegna.
5. Ef svo reynist, að notkun hafi orðið meiri en álestur sýnir eða álestur verið skakkur eða útreikningur á reikningsfjárhæðinni, áskilur rafveitan sér rétt til að leiðrétta þessa skekkju eftir á, undir eins og vitað er.

6. Verði uppvíst, að straumur sé notaður á annan hátt en um er samið eða raskað hefur verið mælitækjum eða breytt tengingu, þannig að ekki komi fram öll notkun, skal rafveitan áætla þann straum, sem notaður hefur verið óleyfilega, og skal notandi gjalda fyrir hann þrefalt verð eftir gjaldskrá fyrir allan tímann, sem liðinn er frá síðustu skoðun veitunnar, og þar til er leiðrétt er, nema þyngri refsing liggji við að lögum.

Ef ekki eru fyrir hendi sérstakar upplýsingar um líklega notkun á veitunni, má miða matið við stærð á vörum þeim, sem fyrir veitunni eru.

Við endurtekningu skal rjúfa samband við veituna og gera ráðstafanir til að koma fram ábyrgð á hendur þeim, sem brotlegur hefur gerzt.

#### 15. gr.

##### *Ábyrgð.*

Ef vanskil eða dráttur verður á greiðslu rafmagnsgjalda, getur rafveitan krafizt tryggingar fyrir skilvísri greiðslu. Ef rafmagnsnotkun um mælitæki nægir ekki til þess að greiða raunverulegan afhendingarkostnað raforkunnar um mælitækið, er rafveitunni heimilt að krefjast lágmarksgjalds fyrir notkunina. Að öðrum kosti er rafveitunni heimilt að taka mælitækið niður og loka veitunni eða breyta tengingu hennar.

#### 16. gr.

##### *Gjald fyrir raforku.*

Reikningur fyrir raforku skal að jafnaði afhentur í húsnæði því, þar sem raforkan er notuð, og er reikningurinn fallinn í gjalddaga undir eins og krafizt er um greiðslu. Nánari reglur um innheimtu og um gjalddaga má þó setja í gjaldskrá.

#### 17. gr.

##### *Lokun fyrir veitu og enduropnun.*

Sé gjald fyrir raforku ekki greitt þegar greiðslu er krafizt, getur rafveitan sent gjaldanda tilkynningu eða afhent hana í húsnæði því, er veita hans er í, um, að hann verði að greiða gjaldið til skrifstofu rafveitunnar innan viku. Dragist greiðsla lengur, er heimilt að taka straum af veitunni, en þó ekki fyrr en þremur dögum eftir að skrifleg tilkynning þess efnis til gjaldanda er afhent honum eða afhent í húsnæði því, sem veita hans er í.

Rafveitunni er heimilt að loka veitunni og senda skuldakröfu, sem hún kann að hafa á hendur notanda til innheimtu með lögtaki:

- þegar notandi, þrátt fyrir kröfu og skriflega aðvörun, sem að framan greinir, hefur ekki greitt reikning frá rafveitunni, sem fallinn er í gjalddaga;
- þegar ábyrgðarmaður notanda stendur ekki við ábyrgðina;
- þegar notandi hefur gerzt brotlegur við reglugerð þessa.

Lokun fyrir veitu af þessum ástæðum losar notandann ekki undan greiðsluskyldu á lokunartímabilinu.

Sé lokað fyrir veitu vegna skulda má að jafnaði ekki opna aftur, nema:

- skuldin sé greidd að fullu eða fullnægjandi trygging sett fyrir því, að skuldin verði greidd;
- að greitt sé aukagjald fyrir enduropnun veitunnar samkv. gjaldskrá;
- að trygging sé sett fyrir skilvísri greiðslu framvegis, ef sérstakar ástæður eru til að krefjast slíkrar tryggingar.

Ef notandi raforku óskar eftir, að veita hans sé tekin úr sambandi um tíma, er heimilt að taka aukagjald, samkvæmt gjaldskrá, fyrir enduropnun veitunnar, svo og að taka fulla leigu fyrir mælitæki veitunnar þann tíma, sem veitan var ekki í notkun.

52 Enginn má framkvæma endurtengingu veitu, nema þeir, sem rafveitan hefur  
28. marz veitt umboð til þess hverju sinni. Sé brotið á móti þessu, skal farið með það sem endurtekna, óleyfilega straumnotkun samkvæmt 14. gr.

### 18. gr.

#### *Rekstrartruflanir.*

Stöðvun á rekstri eða truflanir vegna bilana eða takmarkana á raforkuvinnslunni hefur ekki í för með sér neinar skaðabótaskyldur á hendur rafveitunni, en koma skal á reglulegum rekstri aftur, eins fljótt og auðið er.

Notendur eiga ekki rétt á endurgreiðslu, þótt stöðvun verði vegna bilana eða annarra óviðráðanlegra atvika um langan eða skamman tíma, að öðru leyti en því, sem segir síðar um endurgreiðslu fastagjalds, og rafveitan ber ekki ábyrgð á spennubreytingum undir slíkum kringumstæðum eða afleiðingum af þeim, og eigi heldur af bruna eða slysum, sem verða kunna af völdum rafmagns frá húsveitum rafmagnsnotenda.

Rafveitan áskilur sér rétt til þess að loka fyrir straum til viðgerða og viðhalds eða eftirlits á helgum dögum á þeim tímum, sem heimilisnotkun er almennt minnst, og að nóttu til í maí—júli, svo og endranær, þegar þörf gerist.

Meðan verið er að leggja heimtaugar eða götutaugar, er rafveitunni heimilt að taka straum af því svæði, sem nauðsynlegt er, til þess að framkvæma tengingar.

Komi það fyrir, að takmarka þurfi notkun á raforku um langan eða skamman tíma, ákveður hreppsnefnd, eftir tillögum rafveitunefndar, hver notkun skuli takmörkuð fyrst og á hvern hátt.

Stöðvun á rekstri skal tilkynna fyrir fram, ef unnt er, en þó eiga notendur enga skaðabótakröfu á hendur rafveitunni, þótt straumur hafi verið tekinn af fyrirvaralaust.

Notendur, sem greiða raforku við föstu árgjaldi, eiga rétt á að fá  $\frac{1}{100}$  hluta árgjaldsins endurgreiddan fyrir hvern heilan dag, er þeir missa raforkuna vegna stöðvunar eða truflana á rekstri, þó eigi fyrir skemmri tíma en tvo sólarhringa.

### 19. gr.

#### *Uppsögn á rafmagnsnotkun og tilkynning um flutning eða breytingu í notkun.*

Sérhver rafmagnsnotkun, er notandi byrjar á eftir nýjum lið gjaldskrár rafveitunnar, er bindandi fyrir hann að minnsta kosti eitt ár, nema um sé að ræða bráðabirgðalagnir eða tilraunataxta, sem eru fullreyndir á skemmri tíma. Þó getur rafveitustjóri leyst notanda undan þessari skuldbindingu þegar sérstaklega stendur á.

Þegar ár er liðið, getur notandi sagt upp notkuninni með eins mánaðar fyrirvara, ef ekki er um annað samið eða annað ákveðið í gjaldskrá rafveitunnar. Skal uppsögn tilkynnt rafveitustjóra skriflega.

Rafveitan áskilur sér sama uppsagnarfrest af sinni hálfu og notandi hefur samkvæmt framansögðu.

Tilkynning um breytingu á notkun frá einum gjaldskrárlið til annars er sama og uppsögn á fyrri notkun og beiðni um nýja, og fer um það, sem að ofan greinir.

Tilkynning um flutning notanda úr einni íbúð í aðra af einum stað á annan á orkuveituvæðinu má afhenda á innheimtuskrifstofu rafveitunnar með hálfis mánaðar fyrirvara ef um sams konar rafmagnsnotkun er að ræða í hinum nýja notkunarstað, ella skal um flutninginn gilda sem um uppsögn á fyrri notkun og beiðni um nýja væri að ræða.

Notandi ber ábyrgð á raforkunotkun þeirrar veitu, sem hann er skráður fyrir, þar til er hann hættir notkun veitunnar og hefur sagt henni upp með þeim fyrirvara sem hann hefur samkvæmt reglugerð þessari.

## 20. gr.

52

28. marz

*Breytingar á gjaldskrá.*

Notanda skal skylt að hlíta ákvæðum gildandi gjaldskrár rafveitunnar og breytingum þeim, sem hreppsnefnd samþykkir og ráðherra staðfestir.

Verði ágreiningur milli rafveitustjóra og notanda um skilning á ákvæðum gjaldskrár eða settum skilyrðum fyrir rafmagnsnotkun, getur notandi krafizt þess, að ágreiningurinn verði lagður undir úrskurð hreppsnefndar.

## C. Almenn ákvæði.

## 21. gr.

*Brot á reglugerð.*

Brot gegn reglugerð þessari eða gegn reglum, sem settar verða samkvæmt henni, varða sektum allt að 10000 krónum — tíu þúsund krónum —, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt lögum. Ef brot veldur skemmdum á eignum rafveitunnar skal hinn brotlegi þess utan bæta skaðann.

Sektir renna í ríkissjóð.

## 22. gr.

*Málsókn.*

Með mál út af brotum á reglugerð þessari eða á reglugerðum, sem settar eru samkvæmt henni, skal farið sem almenn lögreglumál.

## 23. gr.

Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í s. ö., og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð fyrir rafveitu Suðurfjarðahrepps, nr. 63 22. maí 1919, svo og auglýsing um breyting á þeirri reglugerð, nr. 83 22. des. 1927.

*Atvinnumálaráðuneytið, 28. marz 1949.*

**Bjarni Ásgeirsson.**

*Þorv. K. Þorsteinsson.*

**REGLUGERÐ**

53

12. apríl

fyrir Reykjavíkurflugvöll, um umferð, öryggi o. fl.

## 1. gr.

**Almenn ákvæði.**

Flugvallastjóri ríkisins eða umboðsmaður hans veitir einstaklingum eða félögum heimild til að nota Reykjavíkurflugvöll, vegna farþegaflugs, póstflugs, kennsluflugs o. þ. h. Þegar slíkt leyfi til afnota af flugvellinum er veitt, skal leyfishafi verða háður þeim ákvæðum, sem í gildi eru eða sett verða um greiðslu lendingargjalda, flugskýlisleigu o. s. frv., ásamt þeim skilmálum öðrum, er settir kunna að verða. Sérhvert loftferðafyrirtæki, sem starfrækt er á flugvellinum, skal skila flugvallastjóra ríkisins mánaðarlega skýrslum eftir á um farþegafjölda og magn flutnings, sem farið hefur um flugvöllinn á þess vegum í mánuðinum.

Stjórn og starfsmönnum fyrirtækja, svo og einstaklingum, sem starfrækslu

**53** hafa á flugvællinum, er skylt að kynna sér reglugerð þessa, svo og þær reglur aðrar, sem settar kunna að verða, um umferð, öryggi o. fl. á flugvællinum. Stjórn fyrir-  
12. apríl tækis skal sjá um að menn þess kynni sér þær.

Flugvallastjóri ríkisins eða umboðsmaður hans skal í samráði við flugumferðastjórn ákveða athafna- og afgreiðslusvæði allra loftferðafyrirtækja á flugvællinum, hvort sem um er að ræða einstaklinga eða félög. Loftför skulu ekki fermd eða af-fermd nema á áður ákveðnum afgreiðslusvæðum.

## 2. gr.

### Lágmark skýjahæðar og skyggnis.

Til þess að loftförum sé heimilt að lenda eða hefja flug frá Reykjavíkurflugvælli, skal lágmark skýjahæðar og skyggnis vera sem hér segir:

Flugtak: 130 metra (400 feta) skýjahæð og 1,5 km (1 mílu) skyggni að degi, 150 metra (500 feta) skýjahæð og 1,5 km (1 mílu) skyggni að nóttu.

Lending: 150 metra (500 feta) skýjahæð og 1,5 km (1 mílu) skyggni að degi, 180 metra (600 feta) skýjahæð og 3 km (2 mílna) skyggni að nóttu.

## 3. gr.

### Um aðflug.

Öllum loftförum á leið til Reykjavíkurflugvallar skal stjórnað af flugstjórnar-  
miðstöðinni í Reykjavík, þar til þau koma að:

- a. Takmörkum umferðastjórnarsvæðis Reykjavíkurflugvallar, og eru þau þá undir stjórn umferðarstjórnarinnar þar. Skal radióstefnuviti flugvallarins jafnframt notaður við aðflug í blindflugskilyrðum, í samræmi við gildandi flugreglur.
- b. Takmörkum aðflugstjórnarsvæðis Keflavíkurflugvallar, og skal þá fylgt ákvæðum um aðflug, sem um getur í 2. gr. reglugerðar fyrir Keflavíkurflugvöll, um umferð, öryggi o. fl., 9. október 1948.

## 4. gr.

### Um almenna flugumferð.

Loftför sem koma til eða fara frá umferðastjórnarsvæði Reykjavíkurflugvallar, skulu hafa samband við Reykjavíkurflugturninn og fá þaðan fyrirmæli um lendingu og flugtak. Öll loftför, sem hafa talstöð, skulu hafa hlustvörð á radiótíðni flugturnsins, á meðan þau eru innan umferðastjórnarsvæðis flugvallarins, og þar til þau hafa staðnæmzt á ákvörðunarstað á flugvællinum eða fengið leyfi flugumferðastjórnarinnar til þess að skipta um radiótíðni.

Fyrir loftför, sem fara frá Reykjavíkurflugvælli, skal gera flugáætlanir, sem skila skal umferðastjórn flugvallarins fyrir brottför þeirra.

Loftför skulu jafnan fljúga rangsælis, þ. e. til vinstri handar, umhverfis flugvöllinn, séu þau stödd innan umferðastjórnarsvæðis hans, en þar nær 12 km út frá miðju flugvallarins og eru takmörk þess að ofan í 450 metra (1500 feta) hæð yfir flugvællinum. Loftför, sem koma inn í umferðahring flugvallarins, skulu fljúga a. m. k. hálfan hring (180°) að degi, en heilan hring (360°) að nóttu, umhverfis flugvöllinn, áður en þau koma til landingar. Þó skal flugumferðastjórninni heimilt að veita undanþágu frá þessum ákvæðum, ef henni þykir ástæða til.

Flugumferðastjórninni skal í samráði við flugvallastjóra ríkisins heimilt að takmarka flug loftfara, sem notuð eru til einka- og kennsluflugs, við ákveðinn tíma daglega, eftir því sem þurfa þykir vegna umferðar annarra loftfara eða af öðrum ástæðum. Loftför í reynsluflugi í nágrenni flugvallarins skulu, eftir því sem við verður komið, forðast flug yfir Reykjavíkurborg.

## 5. gr.

53

12. apríl

**Um umferð loftfara á jörðu.**

Loftför skulu fá akstursleiðbeiningar frá Reykjavíkurflugturni í radió, nema leyfi hafi áður verið veitt loftförum, sem ekki hafa radiótæki, og skal þeim þá leiðbeint með sérstökum ljósmerkjum.

Loftförum á leið til flugtaksstöðu skal að jafnaði ekið eftir akbrautum flugvallarins. Þó má að fengnu sérstöku leyfi flugumferðastjórnarinnar aka loftförum eftir flugbrautum og á þetta sérstaklega við þegar um fjölhreyfla loftför er að ræða, en steinsteyptar akbrautir eru ekki fyrir hendi.

Að lokinni lendingu skal loftförum ekið út af flugbrautum svo fljótt, sem við verður komið og skal akstri síðan að jafnaði haldið áfram eftir akbrautum. Um annan akstur á flugvællinum gilda sömu reglur og þarf jafnan leyfi flugturnsins til þess að fara yfir flugbrautir.

Loftförum skal ekið með gætni og ekki hraðar en sem svarar 40 km á klst. Sérstakrar varúðar skal gætt við akstur nálægt byggingum og öðrum mannvirkjum á flugvællinum. Loftförum skal aldrei ekið með eigin afli þeirra inn í flugskýli eða út úr þeim.

## 6. gr.

**Umferð manna og ökutækja.**

Flugvallastjóri ríkisins, eða umboðsmaður hans, hefur fullt skipunarvald gagnvart almenningi á flugvallarsvæðinu. Mönnum er óheimilt að fara inn á flugvallarsvæðið á öðrum en þeim stöðum, sem til þess eru ætlaðir. Ölvuðum mönnum er óheimil umferð um flugvallarsvæðið. Mönnum og ökutækjum er óheimilt að fara út á flugbrautir flugvallarins, nema nauðsyn beri til vegna öryggis flugsins eða vegna viðhalds og endurbóta. Ökutæki þessi skulu áður en þau fara út á flugbrautir, fá leyfi frá flugturninum og enn fremur skulu þau fylgjast með ljósmerkjum, sem flugturninn kann að gefa þeim. Ekki skal ökutækjum ekið eftir akbrautum loftfara nema brýn nauðsyn beri til, og skal þá gætt fyllstu varúðar. Ekki skal gengið eða ekið fyrir enda flugbrautar nema viðkomandi hafi fullvissað sig um að loftfar sé ekki að lenda eða hefja flug yfir þennan brautarenda. Bifreiðum skal ekki ekið um eða stöðvaðar á athafnasvæðum loftfara né heldur ekið inn í flugskýli, nema vegna nauðsynlegra athafna loftfara. Ökutæki skulu ávallt víkja fyrir loftförum, sem þau kunna að mæta.

## 7. gr.

**Um almennt öryggi.**

Flugliðsmaður má ekki stjórna loftfari á eða í grennd við Reykjavíkurflugvöll, nema í fullu samræmi við gildandi flugreglur og reglugerð þessa. Engum nema flugmanni eða flugvélavirkja er heimilt að vera við stjórnæki loftfara þegar hreyflar eru settir í gang, né aka loftförum um flugvöllinn. Jafnan skal maður með slökkvi-tæki vera viðstaddur þegar hreyflar loftfara eru settir í gang. Hreyflar skulu aldrei settir í gang eða reyndir á þeim stöðum, sem kunna að orsaka slyshættu fyrir almenning. Ekki má heldur reyna hreyfla á þeim stöðum, þar sem slíkt gæti valdið truflun á viðskiptum flugturnsins. Farþegar skulu ekki fara inn í loftför eða út úr þeim á meðan hreyflar eru í gangi.

## 8. gr.

**Um eldsvarnir og flugskýli.**

Ekki skal láta eldsneyti á geyma loftfara á meðan þau eru inni í flugskýli eða á meðan hreyflar þeirra eru í gangi. Ekki má reykja eða vera með opinn eld í námunda við loftför. Sérstakrar varúðar skal gætt þegar verið er að setja eldsneyti á þau.



**53 Reykingar í flugskýlum eru bannaðar.**

12. apríl

Ekki skal að jafnaði hreinsa hreyfla eða aðra hluta loftfara með eldfimu efni inni í flugskýlum. Ef slíkt er nauðsynlegt, skal gætt fyllstu varúðar og jafnan hagað svo til, að hægt sé fyrirvaralaust að koma hlut þeim, sem verið er að hreinsa, út úr flugskýlinu. Jafnan skal haga svo til, að auðvelt sé að koma loftförum út og inn í flugskýli og skal varast að hafa fyrir dyrum flugskýlisins nokkrar hindranir, er torveldað gætu slíkt. Skytt er notendum flugskýlis að halda gólfum jafnan vel hreinum og varast skal að skilja eftir tvist, tuskur, bréf og annað slíkt, er orsakað gæti íkveikju, annars staðar en í þar til gerðum lokuðum ílátum. Ef slíkum úrgangi er brennt, skal það gert í öruggri fjarlægð frá byggingum og loftförum og skal fyllstu varúðar gætt og flugturninum gert aðvart í hvert skipti. Fullkomin slökkvitæki skulu jafnan vera í flugskýlum og skulu þau athuguð og endurnýjuð á ákveðnum fresti.

**9. gr.****Um neyðarástand og slys.**

Ef um neyðarástand er að ræða, skal loftfar haga fluginu samkvæmt alþjóða-reglum um neyðarástand og skal þá tekið fullt tillit til öryggis mannlífa og verðmæta og án þess, ef nauðsynlegt telst, að binda sig við ákvæði þessarar reglugerðar. Þegar svo stendur á, skal loftferðaeftirlitinu send bráðabirgðaskýrsla um málið innan 48 klukkustunda og fullkomin skrifleg skýrsla eins fljótt og auðið er.

Berist flugturninum tilkynning um flugslys í síma, skal hann leitast við að fá upplýsingar um nafn þess, er tilkynninguna gaf, símanúmer hans, hvenær og hvar slysið skeði, hvers konar slys sé um að ræða, hvers konar neyðarhjálp sé nauðsynleg og aðrar nauðsynlegar upplýsingar. Síðan skal hann tilkynna hlutaðeigandi aðilum um slysið. Flugturninum er óheimilt að veita öðrum en þeim aðilum, er málið beinlínis varðar, upplýsingar um slys.

Verði flugslys eða annað neyðarástand á flugvælinum, skal flugturninn senda út slysaboð, og skal hver stöð gera það, sem fyrir hana er lagt samkvæmt þeim reglum, sem ákveðnar eru um neyðarástand.

Hafi loftfar orðið fyrir skemmdum, skal það, eða hlutar þess flutt burt af eiginanda þess eða umboðsmanni hans, og/eða á hans ábyrgð og kostnað. Þó skal slíkur brottflutningur ekki framkvæmdur fyrr en loftferðaeftirlitið hefur gefið leyfi til þess.

**10. gr.****Viðurlög.**

Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum, allt að 10000 krónum, varðhaldi eða fangelsi, ef ekki liggur þyngrri refsing við samkvæmt hegningarlögunum.

Farið skal með mál út af brotum á reglugerð þessari sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 32 14. júní 1929, um loftferðir, og lögum nr. 65 31. maí 1947, um viðauka við og breytingar á lögum nr. 24 12. febrúar 1945, um flugvelli og lendingarstaði fyrir flugvélar. Öðlast reglugerðin þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgöngumálaráðuneytið, 12. apríl 1949.*

**Eysteinn Jónsson.**

*Páll Pálmason.*

## S A M Þ Y K K T

54

29. marz

### um sýsluvegasjóð Norður-Múlasýslu.

#### 1. gr.

Í Norður-Múlasýslu skal vera sýsluvegasjóður, samkvæmt lögum nr. 102 19. júní 1933. Kostnaður við þær vegabætur, sem að lögum hvíla á sýslufélaginu, greiðist úr sýsluvegasjóði, eftir því, sem fé er veitt til vegagerða á ári hverju.

#### 2. gr.

Sýsluvegir eru þessir:

- I. Skeggjastaðahreppur:
  1. Frá Höfn út að Steintúni.
  2. Frá Gunnólfsvíkurbökkum á Brekknaheiðarveg hjá Sóleyjarvöllum.
  3. Af þjóðveginum austan við Hólkná að Gunnarsstöðum.
- II. Vopnafjarðahreppur:
  1. Frá þjóðveginum við Oddsgil að Hauksstöðum.
  2. Frá vegamótum þjóðvegar fyrir utan Burstarfell inn að Tungusporði.
  3. Frá Hofsrábrú að austan inn með fjöllum um Guðmundarstaði í Sunnudal.
  4. Frá þjóðveginum við Borgarlæk um Hámundarstaði að Ljósalandi.
  5. Frá Kambi (utan Vopnafjarðarkauptúns) að Leiðarhafnarvita.
  6. Frá Selárbrú að Sundlaug.
  7. Frá Selárbrú um Hróarsstaði, Áslaugarstaði að Leifsstöðum.
  8. Frá Ljósalandi um Purkugerði að Strandhöfn.
  9. Af þjóðvegi um Torfastaði, Ljótsstaði að Lýtingsstöðum.
  10. Frá Svinabökkum um Rauðhóla, Skjaldþingsstaði að Syðri-Vík.
  11. Frá Sunnudal að Borgum yfir Sunnudalsá við Kláf í Hraunfell, Síreksstaði og þaðan að Þorbrandsstöðum.
  12. Af þjóðveginum í Vesturdal að Vakursstöðum.
  13. Að þjóðveginum í Vesturdal nálægt Búastöðum að Ytri-Hlíð.
- III. Jökuldalshreppur:
  1. Frá Hjarðarhagabrá á Jökulsá að Gauksstöðum.
  2. Frá Gauksstöðum að Merki.
  3. Frá brú á Jökulsá hjá Hákonarstöðum að Stuðlafossi.
- IV. Hlíðarhreppur:
  1. Frá Sleðbrjót niður að ferjustað á Jökulsá.
  2. Af þjóðvegi við Fossá heim að Hallgeirsstöðum.
  3. Af þjóðveginum að Surtssstöðum.
  4. Af þjóðvegi við Sauða í Grófarsel og Mássel.
  5. Af þjóðvegi við Vatnsklett í Sleðbrjótssel.
  6. Af þjóðvegi við Fögruhlíð að Hnitbjörgum.
  7. Af þjóðvegi nálægt Langahrauni að Torfastöðum.
  8. Af þjóðvegi við Bakkagerði að Ketilsstöðum.
  9. Af þjóðvegi nálægt Bakkagerði að Eyjaseli.
- V. Tunguhreppur:
 

Af Hróarstunguvegi nyrðri nálægt Stóra-Bakka og þaðan að svifferju við Lagarfljót.
- VI. Fellahreppur:
  1. Af þjóðvegi við Urriðavatn út með vatninu austanvert neðan við Urriðavatnsbæ að Skógargerði.

54

29. marz

2. Af þjóðvegi vestanvert við Urriðavatn vestur með Hafrafellstúni upp yfir Staffellsás utan við Staffellsbæ að Fjallseli.
  3. Frá Upphéraðsvegi á Ormarsstaðamelum um Ormarsstaði, Refsmýri að Miðhúsaseli.
  4. Frá Upphéraðsvegi sunnan Meðalness um Meðalnes að Birnufelli.
  5. Frá sýsluvegi við Fjallsel ofanvert við Svínalæk að Egilsseli.
- VII. Fljótsdalshreppur:
1. Frá brúarstæði á Jökulsá að Kleif í Fljótsdal.
  2. Frá brúarstæði á Jökulsá utan Víðivalla ytri um Suðurdal sunnan Keldár að Sturluflöt.
- VIII. Hjaltastaðahreppur:
1. Frá Bergvaði á Selfljóti um Hreimsstaði, Rauðholt að Hjaltastað og þaðan á þjóðveginn.
  2. Frá Hjaltastað út austan Selfljóts um væntanlega brú á Sandbrekkunesi á þjóðveginn nálægt Gagnstöð.
  3. Frá Selfljótsbrú um Hrafnabjargaurðir að Hrafnabjörgum.
  4. Frá Úthéraðsvegi við Hjaltastað að þingstað hreppsins norðan í Hjaltastaðakleifum.
  5. Af þjóðveginum vestan Gerðisár um Kóreksstaðagerði, Kóreksstaði að Jórvík.
  6. Frá Ásgrímsstöðum um Viðastaði, Dratthalastaði, Ekru, Stórasteinsvað, Tjarnarland á Úthéraðsveg vestur af Hreimsstöðum.
- IX. Borgarfjarðarhreppur:
1. Frá Bakkagerðiskauptúni, Bólbarði, inn sveit fyrir ofan Jökulsá um hlaðið á Hvoli og Gilsárvellum, fyrir neðan túnið á Grund, yfir Fjarðará, skammt fyrir innan Grundarbæ inn og suður Tungur, yfir Þverá utan við ármót Skúmhattardalsár og Lambadalsár og endar þar, þaðan fjallvegur yfir Húsavíkurheiði ofan að Snjóás, en þaðan sýsluvegur að Neshálsi.
  2. Frá Bakkagerðiskauptúni, Bólbarði, niður Heiði, yfir Fjarðará að Desjarmýri.
  3. Vegurinn frá Fjarðarárbú að Höfn í Borgarfjarðarhreppi.
  4. Frá Grund að Hólalandi.
  5. Vegur frá Snjóási í Húsavík út að Húsavík.
- X. Loðmundarfjarðarhreppur:
1. Úr Sævarendakrók að Sævarenda, þar yfir Fjarðará, frá ánni um Stakkahlíðarhóla hjá Háupúfu að Stakkahlíð, þaðan út Hraun um Stekkjahraun, Stakkahlíðarbakka yfir Stóru-Hrauná á brúnni, yfir Litlu-Hrauná ofan við Seljamýri, þaðan yfir Seljamýrartún og meðfram Seljamýrarlæk yfir Nesmela um Nes, eftir Neshökkum að Neshjáleigulæk, þaðan upp Neshjáleigudal að Neshálsi.
  2. Frá veginum á vegamótum milli Fjarðará og Háupúfu, inn Stakkahlíðarhóla, eftir Fjarðarárbökkum, yfir Klippstaðablá og Kirkjuá að Klippstað.
- XI. Seyðisfjarðarhreppur:
- Frá Grýtá um Dvergastein að Selstöðum.

3. gr.

Í sýsluvegasjóð skal árlega greiða vegaskatt af öllum skattskyldum fasteignum í sýslunni. Greiðist hann af ábúendum jarða og eigendum húseigna og lóða. Gjaldldagi á vegaskatti skal vera á manntalsþingi. Hreppsfélagi er heimilt að greiða skatt þenna úr sveitarsjóði að nokkru eða öllu leyti, sé það samþykkt með meiri hluta atkvæða

á lögmætum sveitarfundi og oddvita sýslunefndar tilkynnt um það fyrir 1. apríl. 54  
Gildir sú samþykkt þar til henni er breytt á sama hátt og oddvita sýslunefndar 29. marz  
tilkynnt.

Sýslunefndin ákveður fyrir eitt ár í senn, hve hár skatturinn skuli vera. Má hann ekki vera lægri en 2% og ekki hærri en 12% af land- og lóðaverði samkv. fasteignamati og hálfu lægri af húseignum, nema samþykkt samgöngumálaráðherra komi til í hvert sinn.

## 4. gr.

Gjöld þessi má taka lögtaki samkv. lögum nr. 29 frá 1885.

## 5. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Norður-Múlasýslu hefur samið og samþykkt, samkvæmt lögum nr. 102 19. júní 1933, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgöngumálaráðuneytið, 29. marz 1949.*

**Emil Jónsson.**

*Páll Pálmason.*

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir sjóðinn „Bryndísarminning“, útgefin 54  
á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 31. marz 1949. 31. marz  
Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir sjóðinn Bryndísarminning.

## 1. gr.

Hjónin Sigbrúður Pétursdóttir og Gissur Pálsson, rafvirkjameistari í Reykjavík, hafa stofnað sjóð þennan með 5000 króna höfuðstól, til minningar um dóttur sína, Bryndísi, f. í Reykjavík 18. febrúar 1939, d. 9. sept. 1948.

## 2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja tónlistarstarfsemi barna í barnastúkunum í Reykjavík til samæfinga í söng og hljóðfæraleik. Einkum skal styrkja kennslu í þeim flokkum, sem börn úr öllum barnastúkunum eru þátttakendur í.

## 3. gr.

Ungtemplararáð Reykjavíkur skal vera stjórn sjóðsins, en það skipa: Þingæzlumaður Ungtemplara í Reykjavík og einn fulltrúi frá hverri barnastúku í pinghá Reykjavíkur.

Hætti Ungtemplararáð störfum skulu fulltrúar frá nefndum aðilum mynda stjórn sjóðsins eftir sömu reglu og gildir nú um val í Ungtemplararáð. Skulu þeir kosnir eigi síðar en mánuði eftir að Þingstúka Reykjavíkur heldur aðalfund sinn ár hvert. Þingæzlumaður skal vera formaður sjóðstjórnar, en ritara og gjaldkera

55 kýs nýkjörin stjórn jafnan á fyrsta fundi sínum. Ritari gegnir formannsstörfum í 31. marz forföllum formanns.

## 4. gr.

Stjórnin skal vinna að eflingu sjóðsins á þann hátt, sem henni þykir bezt henta hverju sinni. Þó skal hún árlega, á afmælisdegi Bryndísar, hinn 18. febrúar, eða sem næst þeim degi, efna til barnaskemmtana til ágóða fyrir sjóðinn.

Stjórnin ákveður árlega, venjulega í ársbyrjun, hverjir hljóta styrk úr sjóðnum. Styrkhæfir eru þeir flokkar einir, sem að áliti stjórnarinnar velja hæfa menn til kennslunnar og sýna ótvírætt með starfi sínu, að þeir efli tónlistarstarfsemi innan barnastúknanna á starfssvæði sjóðsins.

## 5. gr.

Höfuðstólinn má aldrei skerða, og helming vaxtanna skal ávallt leggja við höfuðstólinn. Ef sjóðnum berast minningargjafir eða aðrar gjafir, þá skulu þær jafnan leggjast við höfuðstólinn, nema gefandi ákveði annað.

Stjórnin ræður, hve mikið af öðrum tekjum sjóðsins skal lagt við höfuðstólinn árlega og hvað mikið skal veitt árlega til styrktarstarfseminnar. Formaður áritar útborgunarheimildir.

Sjóðinn skal ávaxta í Landsbanka Íslands, í rikisskuldabréfum eða bankavaxtabréfum. Öll verðbréf sjóðsins og sparisjóðsbók höfuðstólsins skulu geymd í verðbréfrageymslu í Landsbanka Íslands. Einungis gjaldkeri og formaður geta sameiginlega tekið það úr vörzlu Landsbankans. Þessi fyrirmæli skulu kunngerð Landsbankanum.

Reikningsár sjóðsins skal vera almanaksárið.

## 6. gr.

Stjórnarfundur er löglegur, ef  $\frac{3}{4}$  stjórnarmanna mæta og tryggt er, að allir hafi fengið fundarboð. Meiri hluti atkvæða allra stjórnarmanna þarf til að gera löglega samþykkt.

## 7. gr.

Allar tekjur og gjöld sjóðsins skal færa í sjóðbók, ásamt reikningsyfirliti 31. des. ár hvert. Gjaldkeri skal annast allar færslur sjóðsins og geyma sjóðbókina. Hann skal hafa tvo ábyrgðarmenn, sem stjórnin tekur gilda.

Ritari færir fundargerðabók og geymir hana. Skipulagsskrá þessi skal færð í þá bók.

Allir fundarmenn skulu undirrita fundargerðirnar.

## 8. gr.

Endurskoðendur Þingstúku Reykjavíkur skulu endurskoða reikning sjóðsins og skal hann birtur á aðalfundi Þingstúku Reykjavíkur ár hvert ásamt skýrslu stjórnarinnar um störf sjóðsins.

Samrit af reikningnum skal senda Stórstúku Íslands IOGT.

## 9. gr.

Ef breytingar verða á skipulagi Góðtemplarareglunnar í framtíðinni, t. d. ef embætti þinggæzlumanns eða framkvæmdanefndar barnastúkna verði lagðar niður, eða ef barnastúkunum í Reykjavík fækkar niður fyrir tvær, skal stjórnin í samráði við laganeftnd Stórstúku Íslands breyta 3. gr. skipulagsskrár þessarar í samræmi við þær breytingar, sem kunna að verða gerðar. Að öðru leyti verður skipu-

lagsskrá þessari ekki breytt, nema tillaga um það hafi verið samþykkt af  $\frac{3}{4}$  hlutum 55 stjórnarmanna og síðar af  $\frac{3}{4}$  framkvæmdanefndarmanna og gæzlumanna barna- 31. marz stúknanna í Reykjavík.

#### 10. gr.

Ef allar barnastúkur landsins og Stórstúka Íslands verða lagðar niður, hverfur sjóður þessi undir yfirstjórn fræðslumála Íslands og skal tekjum hans þá varið til að styrkja til tónlistarnáms íslenzk börn, sem sýna framúrskarandi hæfileika á því sviði.

#### 11. gr.

Skipulagsskrá þessi öðlast gildi, er hún hefur verið samþykkt af Ungtemplara-ráði Reykjavíkur, stórgæzlumanni ungtemplara og stórtemplar í Stórstúku Íslands IOGT. Sömu skilyrðum eru háðar breytingar, sem kunna að verða gerðar á skipulagsskránni samkvæmt 9. gr.

#### 12. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari. Samþykkjum skipulagsskrá þessa.

Reykjavík, 18. febrúar 1949.

F. h. Ungtemplararáðs Reykjavíkur

Gissur Pálsson.

Ingimar Jóhannesson.

Þóra Jónsdóttir,  
stórgæzlum. ungtemplara.

Kristinn Stefánsson,  
stórtemplar.

## AUGLÝSING

um breyting á reglugerð fyrir Keflavíkurflugvöll, um umferð,  
öryggi o. fl., nr. 117 9. október 1948.

56

12. apríl

Önnur málsg. 5. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Flugtak: 65 metra (200 fet) skýjahæð,  $\frac{3}{4}$  km ( $\frac{1}{2}$  míla) skyggni, að degi eða nóttu.

Reglugerðarbreyting þessi er sett samkvæmt lögum nr. 32 14. júní 1929, um loftferðir, og lögum nr. 95 28. desember 1946, um, að ákvæði samnings frá 7. okt. 1946, við Bandaríki Ameríku, er varða aðflutningsgjöld o. fl., skuli öðlast gildi.

Öðlast reglugerðarbreytingin þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgöngumálaráðuneytið, 12. apríl 1949.*

**Eysteinn Jónsson.**

*Páll Pálmason.*

57

20. apríl

## AUGLÝSING

um breyting á gjaldskrá fyrir Rafveitu Siglufjarðar, nr. 197 12. nóv. 1945.

Í stað III. kafla gjaldskrárinnar komi III. og IV. kafli, svo hljóðandi:

## III. HEIMTAUGARGJALD

Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveituna, skal greiða heimtaugargjald, sem miðast við rúmmál húss, utanmál, þar með talinn kjallari og íbúðarfært ris, eins og hér segir:

Rúmmál húss í m <sup>3</sup> :	Heimtaugargjald jarðstrengs:
Allt að 200	kr. 600.00
Frá 200 allt að 300	— 700.00
— 300 — — 400	— 800.00
— 400 — — 500	— 900.00
— 500 — — 600	— 1000.00
— 600 — — 700	— 1100.00
— 700 — — 800	— 1200.00
— 800 — — 900	— 1300.00
— 900 — — 1000	— 1400.00
— 1000 — — 1200	— 1500.00
— 1200 — — 1400	— 1600.00
— 1400 og þar yfir	— 1700.00

Fyrir loftlínu greiðist sem nemur 70% af gjaldinu fyrir jarðstreng.

Sé jarðlínuheimtaug lengri en 15 metrar og loftlínuheimtaug lengri en 40 metrar eða gildleiki víra meiri en  $3 \times 70$  mm<sup>3</sup> skal húseigandi greiða kostnað af því, sem fram yfir er. Ef lagðar eru fleiri en ein heimtaug að sama húsi, greiði húseigandi allan kostnað við síðari heimtaugina eftir reikningi.

Þau hús, sem áður hafa greitt heimtaugargjald eftir reikningi, greiða aðeins mismuninn, ef loftlínu er breytt í jarðstreng. En þau hús, sem ekki hafa greitt heimtaugargjald, greiða það þegar þau hafa fengið heimtaug sína endurbyggða.

Gjald fyrir heimtaug fellur í gjalddaga þegar uppsetningu taugar er lokið.

## IV. OPNUNARGJALD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari ekki verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduopnun, 5 kr.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún ekki opnuð fyrr en notandinn hefur greitt 5 kr. gjald á skrifstofu rafveitunnar.

Bæjarstjórn er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í þessari gjaldskrá um allt að 20%, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnumálaráðuneytið, 20. apríl 1949.

**Bjarni Ásgeirsson.**

*Þorv. K. Þorsteinsson.*

## Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1949.

Lög um breyting á lögum nr. 84 6. júlí 1932, um bifreiðaskatt o. fl., undirskrifuð af forsetanum 14. maí 1949, nr. 33.

Lög um ný orkuver og nýjar orkuveitur rafmagnsveitna ríkisins, undirskrifuð af forsetanum 16. maí 1949, nr. 34.

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Hafnarhreppi þjóðjörðina Hafnarnes, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 35.

Bréf handhafa valds forseta Íslands um þinglausnir, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins 17. maí 1949, nr. 36.

Lög um eignarnámsheimild fyrir Siglufjarðarkaupstað á jörðunum Efri-Skútu og Neðri-Skútu í Siglufirði, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins 23. maí 1949, nr. 37.

Lög um breyting á lögum nr. 28 18. febr. 1943, um stækkun lögsagnarumdæmis Neskaupstaðar, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins sama dag, nr. 38.

Fjárlög fyrir árið 1949, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins 25. maí 1949, nr. 39.

Lög um áburðarverksmiðju, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins 23. maí 1949, nr. 40.

Lög um guldistöku alþjóðasamnings um samræmingu nokkurra reglna varðandi loftflutninga milli landa, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins 25. maí 1949, nr. 41.

Erfðalög, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins 23. maí 1949, nr. 42.

Lög um innflutning og úthlutun jeppabifreiða til landbúnaðarþarfa o. fl., undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins sama dag, nr. 43.

Lög um Landsbókasafn, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins 25. maí 1949, nr. 44.

Fjárukalög fyrir árið 1945, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins sama dag, nr. 45.

Lög um iðnfræðslu, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins sama dag, nr. 46.

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka á móti og ráðstafa framlögum samkvæmt áætlun um fjárhagslega viðreisn Evrópu, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins sama dag, nr. 47.

Lög um hlutatryggingasjóð bátaútvegsins, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins sama dag, nr. 48.

Lög um breyting á lögum um menntaskóla, nr. 58 frá 7. maí 1946, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins sama dag, nr. 49.

Lög um viðauka við lög nr. 109 31. des. 1945, um togarakaup ríkisins, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins sama dag, nr. 50.

Lög um breyting á lögum nr. 44 23. júní 1932, um skipun læknishéraða, og lögum nr. 35 12. febr. 1940, um heilbrigðisnefndir og heilbrigðissamþykktir, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins sama dag, nr. 51.

Lög um fiskiðjuver ríkisins í Reykjavík, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins sama dag, nr. 52.

Lög um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 56/1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins sama dag, nr. 53.

Lög um Laxárvirkjunina, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins sama dag, nr. 54.



*Lög um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra*, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins sama dag, nr. 55.

*Lög um eyðingu refa og minka*, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins sama dag, nr. 56.

*Lög um nauðungaruppboð*, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins sama dag, nr. 57.

*Lög um breyting á raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946*, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins sama dag, nr. 58.

*Lög um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1945*, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins sama dag, nr. 59.

*Lög um breyting á lögum nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt*, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins sama dag, nr. 60.

*Lög um breyting á lögum nr. 37 29. apríl 1946, um áhrif kjötverðs á framfærsluvisitölu*, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins sama dag, nr. 61.

*Lög um eignarnám á lóðum vegna bygginga fyrir Menntaskólann í Reykjavík*, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins sama dag, nr. 62.

58

1. apríl

## GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Suðurfjarðahrepps.

### I. RAFORKA

Rafveita Suðurfjarðahrepps selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

#### A. Lýsing.

1. Um kwst.mæli á kr. 1.75 hver kwst. Við þessu verði skal selja hvers konar raforkunotkun, sem ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár.
2. Til götu- og hafnarlýsingar, um kwst.mæli á kr. 1.25 hver kwst.

#### B. Almenn heimilisnotkun.

Um kwst.mæli á 55 aura hver kwst., auk fastagjalds, er nemi 50 aurum á mánuði fyrir hvern fermetra gólfplatar herbergja í íbúð.

Til herbergja í íbúð skal telja öll íveruherbergi og eldhús, en ekki ganga, baðherbergi eða geymslur.

#### C. Vélanothkun.

1. Um kwst.mæli á kr. 1.00 hver kwst. Hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma, má krefjast minnsta árgjalds, kr. 200.00 á hvert uppsett kw. vélanna.
2. Til vélareksturs í verksmiðjum og frystihúsum, um kwst.mæli á 40 aura hver kwst. Eftir þessum gjaldskrárlið er einnig heimilt að selja raforku til brauðgerðar.

## II. MÆLALEIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum sem hér segir:

1. Af einfasa mælum 30 amp. og minni .....	kr. 2.00 á mán.	58
2. — þrífasa mælum 50 amp. og minni .....	— 3.00 — —	1. apríl
3. — þrífasa mælum 50 til 200 amp. ....	— 7.00 — —	
4. — þrífasa mælum yfir 200 amp. ....	— 10.00 — —	

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í skránni, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækjanna. Leiga af mælitækjum skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

### III. HEIMTAUGARGJALD

Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveituna, skal greiða heimtaugargjald, sem hér segir:

1. Grunngjald af hverri loftlínuheimtaug kr. 500.00.
2. Grunngjald af hverri jarðlínuheimtaug kr. 700.00.

Auk þessa grunngjalds skal greiða kr. 10.00 af hverju þúsundi króna af brunabótamati húsa og mannvirkja. Í útreikningi á heimtaugargjaldi skal sleppa hálfu þúsundi eða minna af brunabótamati, en ella hækka upp í heilt þúsund.

Ef brunabótamat á húsi er gamalt, getur rafveitustjóri eða hreppsnefnd samræmt það nýju mati og miðað heimtaugargjaldið við það. Láti húseigandi meta húsið á ný, skal þó heimtaugargjaldið miðast við það mat.

Heimtaugargjald fellur í gjalddaga, þegar heimtaugaruppsetningu er lokið eða þegar brunabótamat hefur verið framkvæmt. Greiði húseigandi áætlaðan helming heimtaugargjalds þegar heimtaugaruppsetningu er lokið, er þó heimilt að veita honum gjaldfrest á eftirstöðvunum í allt að 12 mánuði.

Séu óvenju miklir örðugleikar við lagningu heimtaugar, eða heimtaug óvenju löng og (eða) gild, má krefja húseiganda sérstaks aukagjalds, er rafveitustjórn ákveður, en gera skal húseiganda aðvart áður en lagning heimtaugar er hafin.

Ef lagðar eru fleiri en ein heimtaug að sama húsi, skal húseigandi greiða allan kostnað af síðari heimtaug eftir reikningi.

Áður greidd heimtaugargjöld skulu dregin frá heimtaugargjöldum samkvæmt þessari gjaldskrá.

### IV. OPNUNARGJALD

1. Hafi gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greidd, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun, 10 krónur.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún ekki enduropnuð fyrr en notandinn hefur greitt 10 krónu gjald á skrifstofu rafveitunnar.

Hreppsnefnd er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í I. kafla þessarar gjaldskrár, um allt að 20%, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda auglýsi hreppsnefndin breytinguna í Lögbirtingablaðinu áður en til hennar kemur.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923 og raforkulögum nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir rafveitu Suðurfjarðahrepps, nr. 64 22. maí 1919.

*Atvinnumálaráðuneytið, 1. apríl 1949.*

**Bjarni Ásgeirsson.**

*Dorv. K. Þorsteinsson.*

59

20. apríl

## AUGLÝSING

um breyting á reglugerð nr. 72 4. maí 1948, um breyting á reglugerð fyrir Eyjafjarðarsýslu um fjallgöngur og fjárskil, nr. 35 16. apríl 1934.

1. gr.

Í stað orðanna „20. september“ í 3. gr. reglugerðarinnar komi: mánudaginn í 22. viku sumars.

2. gr.

2. mgr. 10. gr. orðist svo:

Þeir, sem flytja inn í sýsluna eða taka upp ný mörk milli þess, sem markaskrá er prentuð, skulu, er þeir hafa fengið leyfi markadóms fyrir markinu, auglýsa það fyrir fjallskilastjórum.

Reglugerðarbreyting þessi, sem sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt 41. gr. sveitarstjórnarlaganna, nr. 12 31. maí 1927, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Landbúnaðarráðuneytið, 20. apríl 1949.*

**Bjarni Ásgeirsson.**

Árni G. Eylands.

60

25. apríl

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Verðlaunasjóð Búnaðarsambands Strandamanna“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 25. apríl 1949.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

## Verðlaunasjóðs Búnaðarsambands Strandamanna.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Verðlaunasjóður Búnaðarsambands Strandamanna.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er að upphæð kr. 1254.03, og er hluti Strandasýslu úr Verðlaunasjóði Búnaðarsambands Vestfjarða, sem myndaður var af amtsjóðsleifum Strandasýslu og Norður-Ísafjarðarsýslu, og afhentur var 31. des. 1909, og að viðbættum kr. 2616.08 úr Búnaðarsjóði, eða samtals kr. 3870.11.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að verðlauna fyrirmyndar búnaðarframkvæmdir á sambandssvæðinu. Skal það gert eftir ábendingu trúnaðarmanns og stjórnar sambandsins, og með samþykki aðalfundar búnaðarsambandsins. Verðlaunin skulu vera heiðursskirteini, sem stjórn sambandsins skal ávallt sjá um að séu fyrirbyggjandi, eða verðlaunagripir, sem stjórnin lætur gera eftir fyrirmælum aðalfundar.

## 4. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða, og séu vextir ekki notaðir að fullu, leggist afgangur þeirra við höfuðstólinn. Sjóðinn skal ávaxta í banka eða öðrum tryggum sjóðum eða verðbréfum.

60

25. apríl

## 5. gr.

Sambandsstjórnin semur árlega reikning fyrir sjóðinn. Skal hann fylgja aðalreikningum sambandsins til endurskoðenda og sæti allri sömu meðferð.

## 6. gr.

Breytingar á skipulagsskrá þessari eru háðar sömu reglum og lög sambandsins.

## 7. gr.

Nú er búnaðarsambandið rofið, og skal þá sjóðurinn, ásamt því, sem hann hefur aukizt, afhendast sýslunefnd Strandasýslu til umsjónar.

## 8. gr.

Skipulagsskrá þessi öðlast gildi er hún hefur verið samþykkt á aðalfundi sambandsins og af sýslunefnd Strandasýslu.

## GJALDSKRÁ

61

25. apríl

fyrir vatnsveitu Stórólshvolshverfis í Rangárvallasýslu.

## 1. gr.

Af öllum íbúðarhúsum, sem vatn er leitt til frá vatnsveitunni, skal greiða vatnsskatt árlega þannig:

15% af fasteignamatsverði húsa, allt að kr. 30000.00, og 10% af því, sem umfram er.

Vatnsskattur má þó aldrei vera lægri en kr. 200.00. Séu 2 eða fleiri fjölskyldur (íbúðir) í sama húsi skal vatnsskattur eigi lægri en kr. 200.00 fyrir hverja eina.

## 2. gr.

Skattur fyrir atvinnufyrirtæki og aðra, sem nota vatn til annars en venjulegra heimilis- og búsparfa, skal ákveðinn með samningi við hreppsnefnd Hvolhrepps.

## 3. gr.

Húseigandi ábyrgist greiðslu vatnsskatts, en heimilt er honum að hækka leigu, sem skatti eða skattauka svarar, þótt hún (húsaleigan) hafi áður verið ákveðin.

## 4. gr.

Gjalddagi á vatnsskatti skal vera 1. maí ár hvert fyrir yfirstandandi almanaksár.

## 5. gr.

Vatnsskatt má taka lögtaki og skal hann tryggður með lögveðrétti í hlutaðeigandi húseignum næstu tvö árin eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

- 61 25. apríl Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Hvolhrepps í Rang-  
árvallasýslu, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, sbr.  
lög nr. 93 5. júní 1947 um aðstoð til vatnsveitna, til þess að öðlast gildi þegar í stað  
og birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 25. apríl 1949.*

F. h. r.

Jónas Guðmundsson.

*Gisli Jónasson.*

- 62 27. apríl

## REGLUGERÐ

fyrir Rafveitu Siglufjarðar.

### A. Stjórn og rekstur.

#### 1. gr.

#### *Markmið rafveitunnar.*

Rafveita Siglufjarðar er fyrirtæki, sem Siglufjarðarkaupstaður starfrækir í þeim tilgangi að veita raforku um bæinn og selja hana til heimilisnotkunar, iðnaðar og annarra þarfa.

Rafveitan er eign Siglufjarðarkaupstaðar, en skal rekin sem sjálfstætt fyrirtæki með nafninu Rafveita Siglufjarðar og hafa sérstakt reikningshald.

#### 2. gr.

#### *Verksvið og orkuveitusvæði.*

Rafveita Siglufjarðar aflar raforku til almenningsþarfa í Siglufjarðarkaupstað með því að vinna raforku sjálf í eigin orkuverum, eða afla hennar á annan hátt, ef hentugt þykir, og veitir þeirri orku, sem þannig er keypt eða unnin, um orkuveitukerfi rafveitunnar.

Orkuveitusvæði rafveitunnar er lögsagnarumdæmi Siglufjarðarkaupstaðar og sá hluti nágrennis bæjarins, sem bæjarstjórn ákveður og ráðherra samþykkir.

Rafveita Siglufjarðar hefur einkarétt til sölu á raforku beint til raforkunotenda á orkuveitusvæði sínu.

#### 3. gr.

#### *Stjórn raforkumála. Rafveitustjóri.*

Yfirstjórn raforkumála bæjarins er í höndum bæjarstjórnar, en framkvæmdastjórnin skal falin rafveitunefnd ásamt rafveitustjóra, sem bæjarstjórn skipar að fengnum tillögum rafveitunefndar, og skal hann um rafmagnssérmenntun fullnægja skilyrðum til háspennulöggildingar a. m. k. Bæjarstjórn setur honum erindisbréf. Rafveitustjóri er framkvæmdastjóri rafveitunnar.

Í rafveitunefnd eiga sæti 3 menn, kosnir af bæjarstjórn, eftir sömu reglum og aðrar fastar nefndir bæjarstjórnarinnar. Kjósa skal jafnmarga varamenn. Rafveitustjóri á sæti á fundum nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétti.

#### 4. gr.

#### *Verksvið rafveitunefndar.*

Rafveitunefnd hefur á hendi stjórn rafveitunnar, sér um viðhald hennar og umbætur og allt, er að starfrækslu hennar lýtur, kaup og sölu á raforku, fjárhald

og reikningskil. Hún skal gefa bæjarstjórn þær skýrslur, sem óskað er eftir, um 62  
starfrækslu og ástand rafveitunnar og leggja ársreikning hennar fyrir bæjarstjórn 27. apríl  
til úrskurðar samtímis ársreikningum bæjarins.

Rafveitunefnd semur nánari reglu, sem bæjarstjórn staðfestir, um ein-  
stök atriði þessarar reglugerðar, eftir því sem þörf gerist. Hún gerir einnig til-  
lögur til bæjarstjórnar um gjaldskrá fyrir rafveituna, undirbýr samninga um orku-  
kaup og orkusölu og annast framkvæmdir allra raforkumála bæjarins.

Rafveitunefnd skipar alla fasta starfsmenn rafveitunnar, að fengnum tillögum  
rafveitustjóra, og setur þeim erindisbréf.

#### 5. gr.

##### *Verksvið rafveitustjóra.*

Rafveitustjóri stjórnar daglegri starfrækslu og reikningshaldi rafveitunnar,  
eftirliti, viðhaldi á stöðvum, taugum og öðrum útbúnaði og öllum verklegum fram-  
kvæmdum, er snerta hana. Hann hefur eftirlit með rafmagnslagningu á orkuveitu-  
svæðinu, þar með talið efni og tæki, sér um afgreiðslu og innheimtu við kaup og  
sölu á raforku, efni og tækjum, sem veitan kaupir og selur.

Rafveitustjóri ræður verkamenn og starfsmenn veitunnar, svo sem þörf er á  
umfram hina föstu starfsmenn.

#### 6. gr.

##### *Reikningshald og ráðstöfun tekna.*

Rafveita Siglufjarðar hefur sjálfstætt reikningshald og tekur sjálf við greiðsl-  
um fyrir selda raforku og öðrum tekjum. Skal tekjum hennar fyrst og fremst varið  
til að standast straum af öllum greiðsluskuldbindingum hennar, svo sem afborg-  
unum á áhvilandi skuldum, vöxtum og öðrum rekstrarkostnaði, þar með talið  
fullnægjandi viðhald og endurnýjun virkja og annað, sem nauðsynlegt er til að  
 tryggja öruggan rekstur rafveitunnar, en tekjum, sem umfram kunna að verða,  
ráðstafar bæjarstjórn.

Rafveitustjóri varðveitir sjóð rafveitunnar samkvæmt nánari reglum, sem  
bæjarstjórn setur að tillögum rafveitunefndar.

#### 7. gr.

##### *Löggilding rafvirkja. Raflagningarreglur.*

Bæjarstjórn Siglufjarðar getur ákveðið, að engir aðrir en þeir, sem sérstaklega  
eru til þess löggiltir, megi taka að sér lagningu á húsveitu og uppsetningu véla og  
tækja eða framkvæma á sína ábyrgð nokkurt verk, er snertir veitur, sem tengja á  
við taugakerfi rafveitunnar. Bæjarstjórn setur löggildingarskilyrði, löggildir menn  
og setur reglur um frágang og tilhögun á verkum þeim, sem falla undir verksvið  
þeirra, allt að fengnum tillögum rafveitustjóra.

Eigi má löggilda sérstaklega aðra en þá, sem áður hafa hlotið löggildingunni raf-  
magnseftirlits ríkisins og ekki setja kröfuminni reglur um raflagningar en raf-  
magnseftirlit ríkisins gerir.

### B. Söluskilmálar.

#### 8. gr.

##### *Sala raforku.*

Rafveita Siglufjarðar selur raforku til almenningsþarfa á orkuveitusvæði sínu,  
alls staðar þar sem taugakerfi hennar nær til, með þeim skilmálum, sem ákveðnir  
eru í reglugerð þessari og gjaldskrá rafveitunnar á hverjum tíma.

Raforkan er seld sem ein- eða þrífasa riðstraumur, með 220 volta málspennu

62 og 50 riðum á sekúndu. Þegar sérstakar ástæður mæla með, má rafveitustjóri láta 27. apríl í té orku með annarri spennu og annarri straumtegund.

#### 9. gr.

##### *Umsókn um kaup á raforku.*

Hver, sem óskar að gerast notandi að raforku, verður að fylla út tilætluð umsóknareyðublöð, er fást á skrifstofu rafveitunnar, og skal hann skuldbinda sig með undirskrift sinni, að hlíta settum reglum um kaup á raforku frá rafveitunni. Skal í umsókninni skýrt frá, hve mikið afl þarf, og til hvers það er ætlað.

#### 10. gr.

##### *Umsókn um heimtaug.*

Umsókn um heimtaug eða breytingu á heimtaug skal undirskrifuð af húseiganda, er skuldbindur sig til þess með undirskrift sinni, að greiða heimtaugargjald það, sem ákveðið er í gjaldskrá rafveitunni.

Heimtaugar með stofnvari eru eign rafveitunnar, enda þótt heimtaugargjaldið hafi verið greitt samkvæmt gildandi taxa. Rafveitan annast viðhald og endurnýjun heimtaugar án sérstaks endurgjalds, nema heimtaug þurfi að breyta vegna breytingar á húsi. Skal húseigandi greiða kostnaðinn við þá breytingu, og ef ofanjarðarheimtaug er breytt í neðanjarðar, skal húseigandi greiða mismun, sem ákveðinn er í gjaldskrá. Rafveitunni er heimilt að krefjast skuldbindingar um lágmarksnotkun um heimtaug.

Sé um tiltölulega mikla notkun að ræða, og rafveitan þarf, til þess að fullnægja henni, sérstaklega að auka háspennukerfi, auka afl spennistöðvar eða gera meiri háttar viðbætur á lágspennukerfi, er rafmagnsstjóra heimilt að krefjast skuldbindingar umsækjanda um tiltekinn notkunartíma eða þáttöku í kostnaði.

Eigi er skylt að ljúka lagningu jarðstrengsheimtaugar neðan jörð er frosin.

#### 11. gr.

##### *Húsveitur.*

Skylt er að láta löggiltan rafvirkja, eða rafveituna, ef hún tekur slíkt verk að sér, framkvæma alla vinnu við raflagnir og raftæki, hvort heldur er um að ræða nýjar raflagnir eða breytingar eða viðgerð á raflögnum.

Löggiltir rafvirkjar annast umsóknir og tilkynningar til rafveitunnar um allar raflagnir fyrir hönd húseiganda eða notenda, samkvæmt því, sem ákveðið er í reglum um raflagningar á Siglufirði, en rafveitan annast úttekt á öllum nýlagningum, viðaukum og breytingum á raflögnum.

Engir aðrir en umboðsmenn rafveitunnar mega setja straum á veitu eða hluta af veitu, sem úttektarskyld er fyrr en úttekt hefur farið fram og veitan verið tengd af umboðsmönnum rafveitunnar.

Sé út af þessu brugðið, varðar það þann sektum, sem verkið er unnið fyrir, þann, sem setur strauminn á og loks hinn löggilta rafvirkja, er sá um verkið.

Rafveitan tekur ekki á sig ábyrgð á veitu með úttekt eða tengingu.

Rafveitan áskilur sér rétt til þess að setja þau skilyrði fyrir tengingu á veitu, að notkun um hana verði ekki taugakerfi rafveitunnar ofviða, og þar sem hætta kann að verða á þessu, má setja viðeigandi skilyrði í hvert sinn fyrir notkuninni, þar til úr er bætt.

#### 12. gr.

##### *Sala á raforku til notenda, sem sjálfir hafa orkuvinnslu.*

Veitur, sem að jafnaði nota raforku annars staðar að en frá rafveitunni, má tengja við taugakerfi hennar í því skyni, að rafveitan verði aðallega eða eingöngu

notuð til vara með því skilyrði, að greitt sé lágmarksárgjald, sem svarar til þeirrar kvaðar, sem hvílir á rafveitunni vegna tengingarinnar. **62**

27. apríl

Framsala til annarra á raforku, sem keypt er af rafveitunni, er óheimil án leyfis rafveitustjóra.

## 13. gr.

*Eftirlit með húsveitum og tækjum. Gallar á húsveitum.*

Sérhver húsveita, að meðtöldum tækjum til notkunar á raforku, skal fullnægja kröfum þeim, sem settar eru í reglugerð rafmagnseftirlits ríkisins og í reglugerðum rafveitunnar um raflagnir.

Rafveitustjóra er heimilt að hafa eftirlit með öllum húsveitum, gögnum og tækjum, sem notuð eru við hagnýtingu á raforku, og skulu starfsmenn rafveitunnar hafa frjálstan aðgang að öllum herbergjum húss, hvenær sem nauðsynlegt er, til að skoða húsveituna eða hluta hennar eða raftæki, sem nota má við veituna.

Vélar og önnur tæki skulu vera þannig sett og þannig útbúin, að þau starfi án þess að titringi valdi eða truflun á ljósum eða annarri notkun.

Sé misbrestur á þessu eða aðrir gallar á veitu eða tækjum, skal notandi þegar í stað á sinn kostnað láta löggiltan rafvirkja lagfæra þetta.

Nú kemur í ljós við skoðun, sem framkvæmd er af rafveitunni, rafmagnseftirliti ríkisins eða löggiltum rafvirkja, á húsveitu eða tækjum að galli er á veitu eða tækjum, og skal þá eigandi veitunnar eða tækjanna skyldur til þess að láta gera við gallann á sinn kostnað. Viðgerðin skal framkvæmd af löggiltum rafvirkja.

Rafveitustjóri getur látið taka veituna eða tæki úr sambandi meðan galli er á veitunni eða tækjunum, þar til úr er bætt, eða látið gera við galla á kostnað eiganda.

Húseiganda er skylt að sjá um, að stofntaugar í húsveitu hans séu ávallt nægilega gildar fyrir notkun veitunnar.

Ef óleyfileg vör finnast í veitu, skal notandi veitunnar gerður ábyrgur fyrir, samkvæmt fyrirskipun rafmagnseftirlits ríkisins.

Séu gerðar óleyfilegar tengingar eða breytingar á veitu eða tækjum eða sýnt hirðuleysi um meðferð eða viðhald veitu eða tækja, skal farið með það sem galla á veitu, og er heimilt að gera eiganda að greiða aukagjald, sem ákveðið er í gjaldskrá vegna kostnaðar við aukið eftirlit með veitunni.

Það er óleyfilegt, sem ekki fullnægir kröfum, sem settar eru í reglugerðum rafmagnseftirlits ríkisins um raforkuvirki og reglugerð um Rafveitu Siglufjarðar.

## 14. gr.

*Mælitæki.*

1. Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir húsveitu, svo og stað fyrir þau og um tengingu.

Notandi mælitækis er sá, sem skráður er fyrir raforkunotkun þeirrar veitu, sem mælitækið er fyrir. Skal hann bera ábyrgð á mælitækinu, svo og raforkunotkun veitunnar, þar til er hann lætur af notkun hennar og hefur sagt upp notkuninni með þeim fyrirvara, sem um getur í 19. gr.

Rafveitan leggur til öll mælitæki og annast um venjulegt viðhald þeirra og endurnýjun á sinn kostnað. Nú verður mælitæki fyrir óvenjulegu hnjaski eða skemmdum, og er þá heimilt að gera notanda að greiða kostnað við viðhald þess eða endurnýjun.

2. Ef notandi óskar, að mælitækið sé leiðrétt, skal hann senda skriflega beiðni um það til rafveitunnar.

Ef þá kemur í ljós við athugun mælitækis, að mesta skekkja sé  $+/\div 5\%$



62  
27. apríl

eða minni, er heimilt að gera notanda að greiða kostnað við prófunina. Sé skekkja meiri, skal rafveitan bera kostnað af prófuninni.

Ef notandi véfengir árangur prófunarinnar, skal leita úrskurðar rafmagnseftirlits ríkisins, og er hann bindandi fyrir báða aðila. Kostnað við það skal notandi greiða, ef skekkjan reynist minni en  $+/\div 5\%$ , en rafveitan annars.

Hafi kwst.mælir sýnt  $+/\div 5\%$  skekkju eða meiri, skal rafveitan áætla leiðréttingu á reikningi rafmagnsnotanda miðað við fyrri notkun, og eftir þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, eftir því, sem næst verður komið, þó ekki fyrir lengra tímabil en 3 mánuði, nema notandi geti sannað, að um lengra tímabil hafi verið að ræða.

3. Notendur, sem hafa hemil eða rofa, eiga ekki rétt á neinni endurgreiðslu á föstu verði, þótt þeir telji sig ekki hafa getað náð því afli, sem fasta greiðslan er miðuð við, en rafveitunni er skylt að leiðrétta skekkju hemilsins eða rofans, svo fljótt sem við verður komið.

Ef hemill notanda brennur sundur með stuttu millibili og ástæða er til að ætla, að of mikið sé lagt á hann að staðaldri, hefur rafveitan rétt til að neita um hemil og gera notanda að skilyrði að kaupa orkuna eftir öðrum gjaldskrárlið.

4. Ef notandi hefur aukna straumnotkun vegna galla á veitu sinni eða tækjum, er rafveitan ekki skyld til þess að áætla frádrátt á reikningum notandans þess vegna.
5. Ef svo reynist, að notkun hafi orðið meiri en álestur sýnir eða álestur verið skakkur eða útreikningur á reikningsfjárhæðinni, áskilur rafveitan sér rétt til að leiðrétta þessa skekkju eftir á, undir eins og vitað er.
6. Verði uppvíst, að straumur sé notaður á annan hátt en um er samið eða raskað hefur verið mælitækjum eða breytt tengingu, þannig að ekki komi fram öll notkun, skal rafveitan áætla þann straum, sem notaður hefur verið óleyfilega, og skal notandi gjalda fyrir hann þrefalt verð eftir gjaldskrá fyrir allan tímann, sem liðinn er frá síðustu skoðun veitunnar, og þar til er leiðrétt er, nema þyngri refsing liggi við að lögum.

Ef ekki eru fyrir hendi sérstakar upplýsingar um líklega notkun á veitunni, má miða matið við stærð á vörum þeim, sem fyrir veitunni eru.

Við endurtekningu skal rjúfa samband við veituna og gera ráðstafanir til að koma fram ábyrgð á hendur þeim, sem brotlegur hefur gerzt.

#### 15. gr.

##### *Ábyrgð.*

Ef vanskil eða dráttur verður á greiðslu rafmagnsgjalda, getur rafveitan krafizt tryggingar fyrir skilvísri greiðslu. Ef rafmagnsnotkun um mælitæki nægir ekki til þess að greiða raunverulegan afhendingarkostnað raforkunnar um mælitækið, er rafveitunni heimilt að krefjast lágmarksgjalds fyrir notkunina. Að öðrum kosti er rafveitunni heimilt að taka mælitækið niður og loka veitunni eða breyta tengingu hennar.

#### 16. gr.

##### *Gjald fyrir raforku.*

Reikningur fyrir raforku skal að jafnaði afhentur í húsnæði því, þar sem raforkan er notuð, og er reikningurinn fallinn í gjalddaga undir eins og krafði er um greiðslu. Nánari reglur um innheimtu og um gjalddaga má þó setja í gjaldskrá.

## 17. gr.

62

27. apríl

*Lokun fyrir veitu og endurofnun.*

Sé gjald fyrir raforku ekki greitt þegar greiðsla er krafizt, getur rafveitan sent gjaldanda tilkynningu eða afhent hana í húsnæði því, er veita hans er í, um, að hann verði að greiða gjaldið til skrifstofu rafveitunnar innan viku. Dragist greiðsla lengur, er heimilt að taka straum af veitunni, en þó ekki fyrr en þremur dögum eftir að skrifleg tilkynning þess efnis til gjaldanda er afhent honum eða afhent í húsnæði því, sem veita hans er í.

Rafveitunni er heimilt að loka veitunni og senda skuldakröfu, sem hún kann að hafa á hendur notanda til innheimtu með lögtaki:

- Þegar notandi, þrátt fyrir kröfu og skriflega aðvörun, sem að framan greinir, hefur ekki greitt reikning frá rafveitunni, sem fallinn er í gjalddaga;
- þegar ábyrgðarmaður notanda stendur ekki við ábyrgðina;
- þegar notandi hefur gerzt brotlegur við reglugerð þessa.

Lokun fyrir veitu af þessum ástæðum losar notandann ekki undan greiðslu-skyldu á lokunartímabilinu.

Sé lokað fyrir veitu vegna skuldu má að jafnaði ekki opna aftur, nema:

- Skuldin sé greidd að fullu eða fullnægjandi trygging sett fyrir því, að skuldin verði greidd;
- að greitt sé aukagjald fyrir endurofnun veitunnar samkv. gjaldskrá;
- að trygging sé sett fyrir skilvísri greiðslu framvegis, ef sérstakar ástæður eru til að krefjast slíkrar tryggingar.

Ef notandi raforku óskar eftir, að veita hans sé tekin úr sambandi um tíma, er heimilt að taka aukagjald, samkvæmt gjaldskrá, fyrir endurofnun veitunnar, svo og að taka fulla leigu fyrir mælitæki veitunnar þann tíma, sem veitan var ekki í notkun.

Enginn má framkvæma endurtryggingu veitu, nema þeir, sem rafveitan hefur veitt umboð til þess hverju sinni. Sé brotið á móti þessu, skal farið með það sem endurtekna, óleyfilega straumnotkun samkvæmt 14. gr.

## 18. gr.

*Rekstrartruflanir.*

Stöðvun á rekstri eða truflanir vegna bilana eða takmarkana á raforkuvinnslunni hefur ekki í för með sér neinar skaðabótaskyldur á hendur rafveitunni, en koma skal á reglulegum rekstri aftur, eins fljótt og auðið er.

Notendur eiga ekki rétt á endurgreiðslu, þótt stöðvun verði vegna bilana eða annarra óviðráðanlegra atvika um langan eða skamman tíma, að öðru leyti en því, sem segir síðar um endurgreiðslu fastagjalds, og rafveitan ber ekki ábyrgð á spennubreytingum undir slíkum kringumstæðum eða afleiðingum af þeim, og eigi heldur af bruna eða slysum, sem verða kunna af völdum rafmagns frá húsveitum rafmagnsnotanda.

Rafveitan áskilur sér rétt til þess að loka fyrir straum til viðgerða og viðhalds eða eftirlits á helgum dögum á þeim tímum, sem heimilisnotkun er almennt minnst, og að nóttu til í maí—júli, svo og endranær, þegar þörf gerist.

Meðan verið er að leggja heimtaugar eða götutaugar, er rafveitunni heimilt að taka straum af því svæði, sem nauðsynlegt er, til þess að framkvæma tengingar.

Komi það fyrir, að takmarka þurfi notkun á raforku um langan eða skamman tíma, ákveður bæjarstjórn, eftir tillögum rafveitunefndar, hver notkun skuli takmörkuð fyrst og á hvern hátt.

Stöðvun á rekstri skal tilkynna fyrir fram, ef unnt er, en þó eiga notendur

**62** enga skaðabótakröfu á hendur rafveitunni, þótt straumur hafi verið tekinn af fyrir-  
27. apríl varalaust.

Notendur, sem greiða raforku við föstu árgjaldi, eiga rétt á að fá  $\frac{1}{300}$  hluta árgjaldsins endurgreiddan fyrir hvern heilan dag, er þeir missa raforkuna vegna stöðvunar eða truflana á rekstri, þó eigi fyrir skemmri tíma en tvo sólarhringa.

#### 19. gr.

*Uppsögn á rafmagnsnotkun og tilkynning um flutning eða breytingu í notkun.*

Sérhver rafmagnsnotkun, er notandi byrjar á eftir nýjum lið gjaldskrár rafveitunnar, er bindandi fyrir hann að minnsta kosti eitt ár, nema um sé að ræða bráðabirgðalagnir eða tilraunataxta, sem eru fullreyndir á skemmri tíma. Þó getur rafveitustjóri leyst notanda undan þessari skuldbindingu þegar sérstaklega stendur á.

Þegar ár er liðið getur notandi sagt upp notkuninni með eins mánaðar fyrirvara, ef ekki er um annað samið eða annað ákveðið í gjaldskrá rafveitunnar. Skal uppsögn tilkynnt rafveitustjóra skriflega.

Rafveitan áskilur sér sama uppsagnarfrest af sinni hálfu og notandi hefur samkvæmt framansögðu.

Tilkynning um breytingu á notkun frá einum gjaldskrárlið til annars er sama og uppsögn á fyrri notkun og beiðni um nýja, og fer um það, sem að ofan greinir.

Tilkynning um flutning notanda úr einni íbúð í aðra af einum stað á annan á orkuveitusvæðinu má afhenda á innheimtuskrifstofu rafveitunnar með hálf mánaðar fyrirvara, ef um sams konar rafmagnsnotkun er að ræða í hinum nýja notkunarstað, ella skal um flutninginn gilda sem um uppsögn á fyrri notkun og beiðni um nýja væri að ræða.

Notandi ber ábyrgð á raforkunotkun þeirrar veitu, sem hann er skráður fyrir, þar til er hann hættir notkun veitunnar og hefur sagt henni upp með þeim fyrirvara, sem hann hefur samkvæmt reglugerð þessari.

#### 20. gr.

*Breytingar á gjaldskrá.*

Notanda skal skylt að hlíta ákvæðum gildandi gjaldskrár rafveitunnar og breytingum þeim, sem bæjarstjórn samþykkir og ráðherra staðfestir.

Verði ágreiningur milli rafveitustjóra og notanda um skilning á ákvæðum gjaldskrár eða settum skilyrðum fyrir rafmagnsnotkun, getur notandi krafizt þess, að ágreiningurinn verði lagður undir úrskurð bæjarstjórnar.

### C. Almenn ákvæði.

#### 21. gr.

*Brot á reglugerð.*

Brot gegn reglugerð þessari eða gegn reglum, sem settar verða samkvæmt henni, varða sektum allt að 10000 — tíu þúsund — krónum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum. Ef brot veldur skemmdum á eignum rafveitunnar skal hinn brotlegi þess utan bæta skaðann.

Sektir renna í ríkissjóð.

#### 22. gr.

*Málsókn.*

Með mál út af brotum á reglugerð þessari eða reglugerðum, sem settar eru samkvæmt henni, skal farið sem almenn lögreglumál.

## 23. gr.

Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar i stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnumálaráðuneytið, 27. apríl 1949.*

**Bjarni Ásgeirsson.**

*Þorv. K. Þorsteinsson.*

62

27. apríl

**REGLUGERÐ****um rafveitusjóð Mýrasýslu.**

63

6. maí

## 1. gr.

Til þess að standa straum af héraðsframlagi til héraðsrafmagnsveitna ríkisins í Mýrasýslu, og að stuðla að því á annan hátt, að fullnægt verði þörfum íbúa sýslunnar á raforku, stofnar sýslan sjóð, er nefnist: Rafveitusjóður Mýrasýslu.

## 2. gr.

Í rafveitusjóð skulu renna:

- a. Heimtaugargjöld samkvæmt 4. og 5. gr. þessarar reglugerðar.
  - b. Hluti Mýrasýslu af tekjuafgangi héraðsrafmagnsveitna ríkisins samkv. 30. gr. raforkulaganna.
  - c. Vextir af fé sjóðsins.
- Sjóðnum má enn fremur afla tekna:
- d. Með niðurjöfnunum á hreppsfélög sýslunnar, allt að 5 af hverju þúsundi af virðingarverði skattskyldra fasteigna samkvæmt fasteignamati;
  - e. á hvern þann hátt annan, sem sýslunefnd ákveður og lög heimila.

## 3. gr.

Sýslunefnd getur tekið lán handa rafveitusjóði, ef gjöld sjóðsins verða í bili meiri en tekjur hans hrökkva fyrir, en vextir og afborganir af þeim lánum teljast síðan til gjalda sjóðsins.

## 4. gr.

Hver sá, er óskar að kaupa rafmagn úr fyrirhugaðri héraðsrafmagnsveitu ríkisins í sýslunni, skal hafa greitt heimtaugargjald í rafveitusjóð áður en lagning veitunnar er hafin, eða gert skriflegan samning um greiðslu þess og má þá krefjast þess, að trygging verði sett fyrir greiðslunni. Upphæð heimtaugargjalds ákveðst samkvæmt fyrirráðum 5. gr.

## 5. gr.

Heimtaugargjald hvers rafmagnskaupanda skal vera 30 af hverju hundraði af samanlögðu fasteignamatsverði lands og húsa að viðbættum 2000 krónum, enda sé samanlögð lengd háspennulína og lágspennulína hinnar fyrirhuguðu veitu ekki yfir 1 km á hvern rafmagnskaupanda að meðaltali.

Fari línulengd fram úr því, skulu heimtaugargjöld rafmagnskaupanda hinnar fyrirhuguðu veitu hækka samtals sem nemur áætluðu kostnaðarverði af þeim línunum, sem fram yfir eru, og skal kostnaðarverðinu deilt jafnt á alla kaupendurna, nema samkomulag verði með þeim um aðra skiptingu sín á milli.

63

6. maí

6. gr.

Oddviti sýslunefndar hefur allt bókhald, fjárreiður og innheimtu fyrir rafveitusjóð. Hann semur árlega reikning rafveitusjóðs. Skal reikningur undanfarins árs lagður fram á sýslufundi til samþykktar og gilda þar um sömu reglur, sem um sýslusjóðsreikninginn. Á sýslufundi skal semja áætlun um tekjur og gjöld rafveitusjóðs yfirstandandi ár. Skal oddviti sýslunefndar leita tillagna raforkumálastjóra um lagningu nýrra héraðsrafmagnsveitna, og aukningar eldri veitna í sýslunni á hverju ári nægilega snemma, til þess að leggja þær fyrir fundinn. Framlag til héraðsrafmagnsveitu getur sýslunefndin bundið við ákveðin mannvirki. Afrit af rafveitusjóðsreikningnum og áætlun um tekjur og gjöld skal oddviti sýslunefndar senda raforkumálastjóra að afstöðnum sýslufundi.

7. gr.

Úr rafveitusjóði má ekki greiða styrk til annarrar héraðsrafmagnsveitu í sýslunni en héraðsrafmagnsveitu ríkisins, nema veitan hafi reglugerð staðfesta af ráðherra, er heimili henni að njóta styrks úr rafveitusjóði sýslunnar, og rafmagnsnotendur hennar greiði sjóðnum heimtaugargjöld samkvæmt 4. og 5. gr. þessarar reglugerðar.

8. gr.

Ef einstakir bændur í sýslunni eða fleiri saman reisa vatnsaflsrafstöðvar til heimilisnota utan þess svæðis, sem héraðsrafmagnsveitunni er ætlað að ná til í náinni framtíð, má veita þeim til þess lán úr rafveitusjóði allt að  $\frac{2}{3}$  kostnaðar með 2% vöxtum til 15 ára, enda séu stöðvarnar vel gerðar að dómi raforkumálastjóra. Umsóknir um lán úr sjóðnum sendist oddvita sýslunefndar, en sýslunefnd ákveður lánveitingar.

Reglugerð þessi, sem sýslunefnd Mýrasýslu hefur samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnumálaráðuneytið, 6. maí 1949.*

**Bjarni Ásgeirsson.**

*Þorv. K. Þorsteinsson.*

64

6. maí

## REGLUGERÐ

fyrir rafveitusjóð Borgarfjarðarsýslu.

1. gr.

Til þess að standa straum af héraðsframlagi til héraðsrafmagnsveitna ríkisins í Borgarfjarðarsýslu og að stuðla að því á annan hátt, að fullnægt verði þörfum íbúa sýslunnar á raforku, stofnar sýslan sjóð, er nefnist: Rafveitusjóður Borgarfjarðarsýslu.

2. gr.

Í rafveitusjóð skulu renna:

- a. Heimtaugargjöld samkvæmt 4. og 5. gr. þessarar reglugerðar;
- b. hluti Borgarfjarðarsýslu af tekjuafgangi héraðsrafmagnsveitna ríkisins samkv. 30. gr. raforkulaganna;
- c. vextir af fé sjóðsins.

Sjóðnum má enn fremur afla tekna:

- d. Með niðurjöfnunum á hreppsfélög sýslunnar allt að 5 af hverju þúsundi af virðingarverði skattskyldra fasteigna samkvæmt fasteignamati; 6. maí
- e. á hvern þann hátt annan, sem sýslunefnd ákveður og lög heimila.

### 3. gr.

Sýslunefnd getur tekið lán handa rafveitusjóði, ef gjöld sjóðsins verða í bili meiri en tekjur hans hrökkva fyrir, en vextir og afborganir af þeim lánum teljast síðan til gjalda sjóðsins.

### 4. gr.

Hver sá, er óskar að kaupa rafmagn úr fyrirhugaðri héraðsrafmagnsveitu ríkisins í sýslunni, skal hafa greitt heimtaugargjald í rafveitusjóð áður en lagning veitunnar er hafin, eða gert skriflegan samning um greiðslu þess og má þá krefjast þess, að trygging verði sett fyrir greiðslunni. Upphæð heimtaugargjalds ákveðst samkvæmt fyrirmælum 5. greinar.

### 5. gr.

Heimtaugargjald hvers rafmagnskaupanda skal vera 30 af hverju hundraði af samanlögðu fasteignamatsverði lands og húsa að viðbættum 2000 kr., enda sé samanlögð lengd háspennu- og lágsþennulína hinnar fyrirhuguðu veitu ekki yfir 1 km á hvern rafmagnskaupanda að meðaltali.

Fari línulengd fram úr því, skulu heimtaugargjöld rafmagnskaupanda hinnar fyrirhuguðu veitu hækka samtals sem nemur áætluðu kostnaðarverði af þeim línunum, sem fram yfir eru, og skal kostnaðarverðinu deilt jafnt á alla kaupendurna, nema samkomulag verði með þeim um aðra skiptingu sín á milli.

### 6. gr.

Oddviti sýslunefndar hefur allt bókhald, fjárreiður og innheimtu fyrir rafveitusjóð. Hann semur árlega reikning rafveitusjóðs. Skal reikningur undanfarins árs lagður fram á sýslufundi til samþykktar og gilda þar um sömu reglur, sem um sýslusjóðsreikninginn. Á sýslufundi skal semja áætlun um tekjur og gjöld rafveitusjóðs yfirstandandi ár. Skal oddviti sýslunefndar leita tillagna raforkumálastjóra um lagningu nýrra héraðsrafmagnsveitna og aukningar eldri veitna í sýslunni á hverju ári nægilega snemma, til þess að leggja þær fyrir fundinn. Framlag til héraðsrafmagnsveitu getur sýslunefndin bundið við ákveðin mannvirki. Afrit af rafveitusjóðsreikningnum og áætlun um tekjur og gjöld skal oddviti sýslunnar senda raforkumálastjóra að afstöðnum sýslufundi.

### 7. gr.

Úr rafveitusjóði má ekki greiða styrk til annarrar héraðsrafmagnsveitu í sýslunni en héraðsrafmagnsveitu ríkisins, nema veitan hafi reglugerð, staðfesta af ráðherra, er heimili henni að njóta styrks úr rafveitusjóði sýslunnar og rafmagnsnotendur hennar greiði sjóðnum heimtaugargjald samkvæmt 4. og 5. grein þessarar reglugerðar.

### 8. gr.

Ef einstakir bændur í sýslunni eða fleiri saman reisa vatnsaflsrafstöðvar til heimilisnota utan þess svæðis, sem héraðsrafmagnsveitunni er ætlað að ná til í náninni framtíð, má veita þeim til þess lán úr rafveitusjóði allt að  $\frac{2}{3}$  kostnaðar með 2% vöxtum til 15 ára, enda séu stöðvarnar vel gerðar að dómi raforkumálastjóra. Umsóknir um lán úr sjóðnum sendist oddvita sýslunefndar, en sýslunefnd ákveður lánveitingar.

64 Reglugerð þessi, sem sýslunefnd Borgarfjarðarsýslu hefur samþykkt, staðfest-  
6. maí ist hér með samkvæmt raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast þegar  
gildi og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnumálaráðuneytið, 6. maí 1949.*

**Bjarni Ásgeirsson.**

*Þorv. K. Þorsteinsson.*

65  
10. maí

## **HAFNARREGLUGERÐ**

fyrir Drangnes við Steingrímsfjörð.

### **I. KAFLI**

#### **Takmörk hafnarinnar.**

##### **1. gr.**

Höfnin takmarkast af línu, sem hugsast dregin frá nesinu inn og fram af Kerlingunni í stefnu á Ennishöfða, að austan, en að vestan af línu, sem hugsast dregin fram af Hamrinum í stefnu á Heydalsá. Að sunnan fram á fjörðinn takmarkast höfnin af beinu framhaldi línu, er hugsast dregin úr Vatnsnestá um suðurenda Grimseyjar.

### **II. KAFLI**

#### **Stjórn hafnarinnar.**

##### **2. gr.**

Að nýafstöðnum hreppsnefndarkosningum skal hreppsnefnd Kaldrananeshrepps kjósa 3 menn í hafnarnefnd og jafnmarga til vara, og ákveða formann nefndarinnar. Kjörtímabil hafnarnefndar er sama og hreppsnefndar. Hafnarnefnd sér um að reglugerð þessari sé hlýtt, sér um innheimtu gjalda þeirra, sem ákveðin eru samkvæmt reglugerð þessari, gegn innheimtulaunum eða föstum launum, sem um semur, sér um viðhald og endurbætur hafnar og lendingarbóta, og stýrir öllum framkvæmdum, er þar að lúta. Hafnarnefnd annast reikningshald og fjárvörzlu hafnarsjóðs, fyrir hönd hreppsnefndar, enda ber hreppsnefnd ábyrgð á eignum sjóðsins, sem öðrum eignum hreppsins, svo og öllum skuldbindingum sjóðsins.

### **III. KAFLI**

#### **Um almenna reglu.**

##### **3. gr.**

Hafnarnefnd sér um að gætt sé reglu á hafnarsvæðinu og mannvirkjum þess, og er öllum, er hlut eiga að máli, skylt að hlýða boði hennar og banni tafarlaust. En geta síðan, ef þeim finnst sér óréttur ger, skotið máli sínu til lögreglustjóra.

##### **4. gr.**

Óheimilt er skipum eða bátum að kasta útbyrðis seglfestu, ösku, kolum eða öðru, sem valdið getur skemmdum á hafnarsvæðinu.

##### **5. gr.**

Skylt er öllum að gæta varúðar um allt, er slysum gæti valdið.

## 6. gr.

Hafnarnefnd, svo og aðrir starfsmenn hafnarsvæðisins, skulu gæta allrar kurteisi í starfi sínu.

65

10. maí

## IV. KAFLI

## 7. gr.

Bátar, sem ganga til veiða úr Steingrimsfirði, hafa rétt til notkunar á bryggju í þeirri röð, sem þeir koma að henni, en skylt er þeim að fara frá henni strax og þeir hafa lokið erindi sínu, ef aðrir þurfa að komast að. Meðan bátur er á floti við bryggju, skal jafnan vera einn maður af skipshöfninni til taks, ef færa þarf bát eða framkvæma aðrar skipanir frá hafnarverði.

## 8. gr.

Allir bátar, sem ganga til veiða frá höfninni, eru skyldir að eiga legufæri, sem tekin eru gild af trúnaðarmönnum hafnarinnar og lagt þar undir þeirra eftirliti þannig, að þau hindri ekki greiðan aðgang að bryggjum hafnarinnar. Legufærum, sem lagt er án leyfis, eða í trássi við hafnarnefnd eða trúnaðarmenn hennar, má taka upp eða færa til á kostnað hlutaðeiganda.

## V. KAFLI

## Um hafnarsjóð.

## 9. gr.

Til þess að standast kostnað við lendingarbætur og hafnarmannvirki og til árlegs reksturskostnaðar, skal stofna hafnarsjóð. Í hafnarsjóð renna allar tekjur, sem ákveðnar eru með reglugerð þessari. Við lok hvers rekstrarárs skal hafnarnefnd semja reksturs- og efnahagsreiknig sjóðsins ekki síðar en í febrúarlok næsta reikningsárs. Reikningar skulu endurskoðaðir og úrskurðaðir á sama hátt og hreppsreikningar. Fyrir 1. nóvember ár hvert skal hafnarnefnd hafa samið og lagt fyrir hreppsnefnd Kaldrananeshrepps frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld hafnarinnar á komandi ári. Hreppsnefnd skal síðan fullsemja áætlunina og senda hana samgöngumálaráðuneytinu til staðfestingar fyrir árslok, ásamt nauðsynlegum skýringum á gjalda- og tekjuliðum.

## 10. gr.

Reikningsár hafnarsjóðs er almanaksárið.

## VI. KAFLI

## Hafnargjöld.

## 11. gr.

Hvert aðkomuskip greiði í hvert skipti, er það leitar hafnar, kr. 0.30 af hverri nettó smálest, með þeim undantekningum þó, er nú skal greina.

Innlend strandferðaskip skulu aðeins greiða gjald þetta einu sinni á ári, og þá í fyrsta sinn, er þau koma á höfnina eða á gjalddaga, er um semst.

Algerlega undanþegin þessu gjaldi eru herskip, varðskip, björgunarskip, skip, sem hafa skirteini sem skemmtiferðaskip, og skip, sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna. Einnig skip, sem leita hafnar vegna óveðurs, sjóskaða eða skemmda á einhvern hátt, nema þau jafnframt fermi eða affermi einhverja vöru. Sama gildir um skip, sem leita hafnar til að setja á land sjúka eða látna menn.



Af hverri smálest af slægðum afla greiðist kr. 4.00.

## 12. gr.

## 13. gr.

*Vörugjaldskrá.*

1. fl. Ull, 5 aurar af hverju kg.
  2. — Kjöt, 3 aurar af hverju kg.
  3. — Garnir og gærur, 3 aurar af kg.
  4. — Matur og kornvara, 2 aurar af kg.
  5. — Kaffi, fóðurvörur, áburður útlendur, 1½ eyrir af kg.
  6. — Stykkjavara, 2 aurar af kg.
  7. — Salt, sement, kol og byggingarvörur nema timbur, 6 kr. af smál.
  8. — Timbur, unnið og óunnið, 10 aurar af hverju teningsfeti.
  9. — Tunnur, tómar, 50 aurar af hverri.
  10. — Sauðfé, 50 aurar af hverri kind.
  11. — Frystur og ísvarinn fiskur, kr. 5.00 fyrir smálest.
  12. — Saltsild, 75 aurar af tunnu.
  13. — Beitusild, kr. 5.00 af smálest.
  14. — Olía, benzín, hey, kr. 5.00 af smálest.
- Gjald þetta reiknast jafnt fyrir fermingu og affermingu skipa og báta.

## 14. gr.

Undanþegið vörugjaldi er póstflutningur og farangur ferðamanna, allt að 25 kg, svo og vistir og aðrar nauðsynjar til báta og skipa til eigin notkunar, sem fluttar eru úr landi.

## 15. gr.

Vörugjald skal reiknað eftir máli eða þyngd með umbúðum. Skipstjóri eða formaður ber ábyrgð á greiðslu skipa- eða bátagjalda, svo og rétt uppgefnu vörumagni, en viðtakandi vöru eða afgreiðslumaður skipa á vörugjaldi. Hefur hafnarsjóður haldsrétt á skipi, eða bát, þar til skipagjöld eru greidd, nema öðruvísi semjist um, en í vörum sé vörugjald ekki greitt. Ef skip eða bátur hefur ekki farm sinn skráðan, ber skipstjóri eða formaður ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins. Ef margs konar vörur eru í sömu sendingu, skal reikna vörugjaldið eftir þeirri vörutegund, sem hæst vörugjald reiknast af. Gildir þar um úrskurður hafnarnefndar, en úrskurði hennar má skjóta til lögreglustjóra.

## VII. KAFLI

## Bryggjugjöld.

## 16. gr.

Hvert skip, er leggst að bryggju eða skipi, sem liggur við bryggju hafnar- sjóðs, greiði bryggjugjald sem hér segir:

Öll aðkomuskip, 15 smálestir eða stærri, greiði 20 aura af hverri brúttó smálest. Minnsta gjald skal þó vera kr. 3.00. Aðkomubátar undir 15 smálestum greiði kr. 1.50.

Bátar, sem stunda veiðar héðan, greiði kr. 1.00 af brúttó smálest á mánuði eða brot úr mánuði.

Bryggjugjald reiknast fyrir hverjar 24 klst. eða brot úr þeim.

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari má taka lögtaki.

## VIII. KAFLI

## Eignatjón og bætur.

65

10. maí

## 17. gr.

Þeir, sem valdir verða að tjóni á bryggjunni eða öðrum mannvirkjum eða á áhöldum hafnarsjóðs, skulu bótaskyldir, annað hvort greiði þeir tjónið með upphæð, er um semur við hafnarnefnd, eða viðgerðarkostnað eftir reikningi.

## 18. gr.

Um skaðabótaskyldu fyrir tjón, sem tilfært er í næstu grein hér á undan, fer eftir almennum lagafyrirmælum.

## 19. gr.

Takist ekki samningar um bætur, skulu þær ákveðnar af 3 óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Hvorum aðila um sig er heimilt að krefjast yfirmats og skal þá krafa um það borin fram innan mánaðar frá því, er matsgerð lauk. Yfirmat skal framkvæmt af 5 óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmat greiði sá, er þess hefur krafizt, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meira en sem svarar 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð, að öðrum kosti greiði hinn aðilinn kostnaðinn.

## 20. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 10000.00, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt almennum lögum. Sektir renna í hafnarsjóð.

## 21. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara sem almenn lögglumál.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og landingarbætur, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgöngumálaráðuneytið, 10. maí 1949.*

**Emil Jónsson.**

*Páll Pálmason.*

## HAFNARREGLUGERÐ

66

fyrir Höfn við Bakkafjörð.

12. maí

## I. KAFLI

## Takmörk hafnarinnar.

## 1. gr.

Höfnin takmarkast af beinni línu, er hugsast dregin úr Svartsnesi í Skarfa-tanga.

## II. KAFLI

## Um stjórn hafnarinnar.

## 2. gr.

Hreppsnefnd Skeggjastaðahrepps kýs 3 menn í hafnarnefnd til fjögurra ára í senn. Enn fremur tvo varamenn til sama tíma.

**66** Hafnarnefnd skal ætíð kjósa að loknum hreppsnefndarkosningum.  
 12. maí Hafnarnefnd kýs formann úr sínum hópi.

Hafnarnefnd sér um að reglugerð hafnarinnar sé hlýtt. Hún sér og um innheimtu á gjöldum til hafnarsjóðs, gegn innheimtulaunum þeirra eða kaupi, sem um semur.

Hafnarnefnd ber, undir yfirstjórn hreppsnefndar og yfirumsjón atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins, að hafa framkvæmd allra hafnarmála, sjá um viðhald og umbætur á höfninni og stýra öllum framkvæmdum, er þar að lúta. Hún annast fjárhald hafnarsjóðs, innheimtu og reikningsskil fyrir hönd hreppsnefndar.

### 3. gr.

Stofna skal sérstakan sjóð, sem nefnist hafnarsjóður. Í hann renna allar tekjur hafnarinnar, sem ákveðnar eru í þessari reglugerð.

Hafnarsjóði skal eftir ákvæðum hreppsnefndar varið í þarfir hafnarinnar, til greiðslu á kostnaði við stjórn hennar, til umbóta á henni, til byggingar hafnarmannvirkja og viðhaldi á þeim o. s. frv.

Óheimilt er að nota fé hafnarinnar til annarra fyrirtækja hreppsins eða binda það í lánum til þeirra.

### 4. gr.

Hreppsnefnd veitir fé úr sjóðnum til hafnarframkvæmda, eftir tillögum hafnarnefndar og ákveður hvernig hann skuli ávaxtast, enda ber hún ábyrgð á eignum hans, eins og öðrum eignum hreppsins.

Reikningsár hafnarsjóðs er almanaksárið.

Reikningar hafnarsjóðs skulu fylgja hreppsreikningnum og endurskoðast og úrskurðast ásamt honum.

### 5. gr.

Fyrir 1. nóv. ár hvert ber hafnarnefnd að hafa samið og lagt fram fyrir hreppsnefnd Skeggjastaðahrepps frv. til áætlunar um tekjur og gjöld hafnarsjóðs á komanda ári. Sveitarstjórn skal hafa fullsamið áætlunina og sent hana samgöngumálaráðuneytinu til staðfestingar fyrir árslok, ásamt nauðsynlegustu skýringum á tekju- og gjaldaliðum.

## III. KAFLI

### Almennar reglur.

#### 6. gr.

Hafnarnefnd sér um að gætt sé reglu í höfninni og á landi hennar. Öllum er skylt að hlýða boði hafnarnefndar og hanni. Þyki einhverjum sér óréttur ger, getur hann kært fyrir lögreglustjóra. En skipun hafnarnefndar ber að hlýða tafarlaust og varðar sektum, ef út af er brugðið.

#### 7. gr.

Skylt er að gæta varúðar um allt það, er valdið getur bruna. Ekki má skjóta eða bera skotvopn á hafnarsvæðinu, nema með leyfi hafnarnefndar.

#### 8. gr.

Ekki má kasta í höfnina ösku, kolum, fiskúrgangi eða neinu öðru, er valdið getur skemmdum á henni, frá skipum eða bátum, er þar liggja, né flytja það frá landi út í höfnina, nema með leyfi hafnarnefndar. Meðfram strandlengjunni umhverfis höfnina má ekki gera neina bryggju eða önnur mannvirki, né fylla upp eða dýpka út frá landi, nema eftir tillögum hafnarnefndar og með samþykki hreppsnefndar Skeggjastaðahrepps.

## IV. KAFLI

## Um notkun bryggju.

## 9. gr.

Heimilt skal bátum og skipum að leggjast að bryggju í þeirri röð, sem þau koma, en skylt að fara frá bryggju, er þau hafa lokið erindi sínu, séu aðrir, sem óska athafnasvæðisins og eins, ef þau teljast þar til tafar öðrum. Hið sama gildir hvort um er að ræða upp eða útskipun.

## V. KAFLI

## Um gjöld til hafnarsjóðs.

## 10. gr.

Öll skip 12 smálestir brúttó og þar yfir skulu greiða hafnargjöld, er þau koma á höfnina og hafa eitthvað samband við land. Undanþegin hafnargjaldi eru þó herskip, varðskip, björgunarskip, skemmtiferðaskip, skip, sem gerð eru út til vísindarannsókna, skip, sem leita hafnar vegna sjóskemmda, skip, sem leita hafnar vegna óveðurs, en hafa ekki samband við land. Hafnargjöld greiðast af brúttóstærð skips og reiknast í heilum tölum. Skip, sem sigla eftir opinberum ferðaáætlunum, skulu greiða 0.20 af hverri smálest í hvert sinn, er þau leggjast á höfnina. Innlend strandferðaskip skulu þó einungis greiða hafnargjald í fyrsta sinn á ári hverju, er þau koma á höfnina, en ekkert, þó þau komi aftur á því ári. Öll önnur skip, sem til hafnar koma, með þeim undantekningum, er að framan greinir, skulu greiða 40 aura af hverri smálest.

## 11. gr.

Öll aðkomuskip og aðkomubátar, nema varðskip, herskip og vísindaleg rannsóknarskip, skulu greiða í bryggjugjald 20 aura af hverri brúttó smálest í hvert sinn, sem þau leggjast að bryggju hafnarinnar eða að skipum, sem við hana liggja. Lægsta gjald skal þó vera 8 kr., sé skipið 12 smálestir að stærð eða þar yfir, annars 4 kr. af þilfarsbátum, en 2 kr. af opnum vélbátum.

Gjaldið greiðist fyrir hverjar 24 klst. eða minna.

Bátar, heimilisfastir, 12 smálestir eða meira að stærð skulu greiða 1 kr. á sólarhring fyrir afnot af bryggju og löndunartækjum hafnarinnar, þó ekki meira en 50 kr. á ári. Minni vélbátar greiði 50 aura á sólarhring, þó ekki minna en 25 kr. á ári. Fyrir hvern uppskipunarbát skal greiða 30 kr. um árið.

## 12. gr.

Greiða skal 1% af brúttó andvirði afla þeirra báta, er leggjast afla á land á hafnar-  
svæðinu.

## 13. gr.

Af vörum, sem fluttar eru á land eða skipað út innan takmarka hafnarinnar, sem greinir í fyrstu grein reglugerðar þessarar, skal greiða vörugjald sem hér greinir:

1. Af salti, kolum, sementi, tilbúnum áburði og fódurvörum kr. 6.00 af smál.
2. Af saltfiski, öðrum fiski, síld og gærum kr. 6.00 af smál.
3. Af kjöti öðru en saltkjöti kr. 6.00 af smál.
4. Af saltkjöti í heilum tunnum kr. 1.50 af tunnu.
5. Af saltkjöti í hálfum tunnum kr. 0.75 af tunnu.
6. Af tómum tunnum heilum kr. 0.75 af tunnu.
7. Af hálfum tunnum tómum kr. 0.50 af tunnu.
8. Af olíum, benzíni og lýsi kr. 10.00 af smál.
9. Af kornvöru, kaffi, sykri og garðávöxtum kr. 10.00 af smál.

- 66 10. Af timbri kr. 0.15 á ten.fet.  
 12. maí 11. Af stórgripum kr. 5.00 fyrir hvern grip.  
 12. Af sauðfé og geitum kr. 1.00 fyrir hverja kind eða geit.  
 13. Af búslóð og öðrum vörum, sem reiknast í teningsfetum kr. 0.20 fyrir ten.fet.  
 14. Af öllum öðrum flutningi kr. 1.00 fyrir 100 kg.  
 Minnsta gjald af öllum gjaldskyldum vörum er kr. 0.50.

## 14. gr.

Undanþeginn vörugjaldi er póst- og farþegaflutningur. Einnig vistir og aðrar nauðsynjar fluttar úr landi til skipa og báta, sem liggja í höfn og þau nota til eigin þarfa.

## 15. gr.

Vörugjald skal reikna eftir mati eða þyngd með umbúðum. Fara skal eftir farmskrám skipa við útreikning vörugjalds og er skipstjóri skyldur að láta hafnarnefnd í té eftirrit af farmskrá skipsins. Sé engin farmskrá, skal skipstjóri eða formaður báts gefa drengskaparvottorð um vörumagn, sem skip hans hefur fermt eða affermt.

Þyki hafnarnefnd ástæða til, getur hún hvenær sem er látið ákveða vörumagnið á þann hátt, sem hún telur hentugast.

Ef ýmsar vörutegundir eru í sömu sendingu skal reikna vörugjaldið eftir þeirri tegund, sem hæst gjald skal reikna af.

Annars skal flokka vörur til vörugjalds, eftir því sem gjaldskrá tiltekur og reiknast eins og þar segir. Ef vafi leikur á því í hvaða flokki skuli telja einhverja vöru, úrskurðar hafnarnefnd, en úrskurði hennar má skjóta til hreppsnefndar.

## 16. gr.

Vörugjald greiðir eigandi varanna eða umboðsmaður, og ber formaður báts ábyrgð á greiðslunni. Hafnarsjóður hefur haldsrétt á vörunni unz gjaldið er greitt.

Ef skip eða bátar hafa ekki farm sinn skráðan ber skipstjóri eða formaður ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins. Vörugjald af vörum, sem lagðar eru á land, fellur í gjalddaga strax og varan er komin í land og vörugjald af vörum, sem fluttar eru úr landi, fellur í gjalddaga þegar varan er komin í skip.

## 17. gr.

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari má taka lögtaki.

## VI. KAFLI

## Ýmis ákvæði.

## 18. gr.

Um skaðabótaskyldur fyrir skemmdir á hafnarbótum, mannvirkjum eða áhöldum fer eftir almennum lagafyrirmælum.

Ef samningum verður ekki komið við um skaðabætur fyrir skemmdir á lendingarbótum, mannvirkjum eða áhöldum, má ákveða það af þrem óvilhøllum, dómkvöddum mönnum.

Hvorum aðila fyrir sig er heimilt að krefjast yfirmats, en gera skal það áður en einn mánuður er liðinn frá því er matsgerð var lokið. Yfirmat skal framkvæmt af fimm óvilhøllum, dómkvöddum mönnum.

Kostnað við mat greiðir sá, er þess hefur krafizt, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meira en sem svarar 10% af hinn ákveðnu endurgjaldsupphæð. Að öðrum kosti greiðir hinn aðilinn kostnaðinn.

## 19. gr.

66

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 10000 krónum, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt almennum lögum. Sektir renna í hafnarsjóð. 12. maí

## 20. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

## 21. gr.

Að öðru leyti en hér er tekið fram fer reglugerð þessi eftir lögum nr. 29 frá 23. apríl 1946, um hafnargerðir og landingarbætur.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og landingarbætur, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi hafnarreglugerð fyrir Höfn við Bakkafjörð, nr. 97 13. maí 1947.

*Samgöngumálaráðuneytið, 12. maí 1949.*

**Emil Jónsson.**

**Páll Pálmason.**

## HAFNARREGLUGERÐ

67

fyrir Sauðárkrók.

14. maí

### I. KAFLI

#### Takmörk hafnarinnar.

## 1. gr.

Sauðárkrókshöfn tekur yfir botn Skagafjarðar, vestan Hegraness innan beinnar línu, er hugsast dregin úr næsta melhorni norðan við Gönguskarðsárós í vitann í Hegranesi.

### II. KAFLI

#### Stjórn hafnarinnar.

## 2. gr.

Bæjarstjórn Sauðárkróks hefur á hendi stjórn hafnarmálanna undir yfirumsjón þess ráðuneytis, sem fer með hafnarmál.

## 3. gr.

Að nýafstöðnum bæjarstjórnarkosningum skal bæjarstjórn Sauðárkróks kjósa 3 menn í hafnarnefnd, og jafnmarga til vara. Kjörtímabil hafnarnefndar er hið sama og bæjarstjórnar. Hafnarnefnd sér um viðhald og endurbætur hafnarinnar og stýrir öllum framkvæmdum, er þar að lúta. Hafnarnefnd annast reikningshald og fjárvörzlu hafnarsjóðs, fyrir hönd bæjarins, enda ber bæjarsjóður ábyrgð á eignum og skuldbindingum sjóðsins.

## 4. gr.

Bæjarstjórnin ræður hafnarvörð og aðra starfsmenn hafnarinnar að fengnum tillögum hafnarnefndar, setur þeim starfsreglur og ákveður laun þeirra.

Hafnarnefnd kys sér formann, er boðar til fundar og stýrir þeim, sér um bók-

**67** anir á fundargerðum og ályktunum nefndarinnar og hefur umsjón og eftirlit með  
14. maí fjármálum hafnarinnar.

Hafnarnefnd heldur fundi svo oft sem þurfa þykir og er formanni hafnarnefndar skylt að boða til fundar, æski einn nefndarmanna þess.

#### 5. gr.

Við lok hvers rekstursárs skal hafnarnefnd semja reksturs- og efnahagsreikning sjóðsins, og ber henni að hafa fullgert reikninginn ekki síðar en í febrúarlok næsta reikningsárs. Reikningar skulu endurskoðaðir og úrskurðaðir á sama hátt og reikningar bæjarsjóðs.

Fyrir fyrsta nóvember ár hvert skal hafnarnefnd hafa samið og lagt fyrir bæjarstjórn Sauðárkróks frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld hafnarinnar á komandi ári. Bæjarstjórn skal síðan fullsemja áætlunina og senda hana samgöngumálaráðuneytinu til staðfestingar fyrir árslok, ásamt nauðsynlegum skýringum á gjalda- og tekjuliðum.

#### 6. gr.

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari renni í hafnarsjóð Sauðárkróks, er varið skal til byggingar hafnarmannvirkja og viðhalds á þeim, svo og til annarra umbóta á hafnarsvæðinu.

Fé úr sjóðnum veitir bæjarstjórn, að fengnum tillögum hafnarnefndar.

#### 7. gr.

Reikningsár hafnarsjóðs er almanaksárið.

### III. KAFLI

#### Um legu skipa og umferð þeirra á höfninni.

#### 8. gr.

Fiskiskip og önnur skip, er ekki ferma né afferma, mega aldrei leggjast svo á höfninni, að þau tálmi affermingu annarra skipa, og skulu þau í hvert skipti skyld að hlýða boðum hafnarnefndar eða umboðsmanns hennar um það, hvar þau megi liggja eða leggjast.

Aldrei mega nein skip leggjast svo nærri bryggju, að eigi sé nægilegt svigrúm fyrir önnur skip, að komast að eða frá.

Tregðist eigandi, skipstjóri eða umráðamaður skips við að hlýða boðum hafnarnefndar eða umboðsmanns hennar, um að flytja skip sitt, bát eða strengi á höfninni, getur hafnarnefnd látið gera það á kostnað eiganda.

#### 9. gr.

Enginn má leggja sérstök legugögn í höfnina nema leyfi hafnarnefndar komi til, og skal hún ákveða hvar þau skuli lögð.

Í hverju skipi, að undanskildum skipum, sem hafa leyfi hafnarnefndar til að liggja mannlús í lægi hafnarinnar, skal jafnan vera einn maður, að minnsta kosti er geti tekið á móti skipunum hafnarnefndar og látið framkvæma þær, hvort heldur á að færa skipið, eða framkvæma eitthvað annað samkvæmt reglugerð þessari.

#### 10. gr.

Ekki má festa skipi við bólvirki né bryggju, nema við festarhringa eða festarstólpa. Festum skal þannig komið fyrir, að þær hindri sem minnst umferð á bryggjunni eða bólvirkinu. Þyki þess eigi nægilega gætt, má krefjast að bætt sé úr því tafarlaust. Skylt er að hafa tryggar hlífar milli skips og bólvirkis eða bryggju.

## 11. gr.

Vélskip mega ekki láta vélar ganga með svo miklu afli, að öðrum skipum eða hafnarmannvirkjum stafi hættu af því. Ekki má hleypta vatni á bryggju eða bólvirki að óþörfu.

## 12. gr.

Ef skip lendir á grynningu eða sekkur, þar sem það að áliti hafnarnefndar, tálmar greiðri notkun hafnarinnar, skal færa það burt, svo fljótt sem auðið er. Verði dráttur á því, má hafnarnefnd láta færa skipið burt á kostnað eiganda, og er henni heimilt að láta selja skipið til lúkningar kostnaðinum, ef nauðsyn krefur.

Hrökkvi andvirði hins selda skips ekki fyrir kostnaðinum, er eigandi þess ábyrgur fyrir eftirstöðvunum.

## IV. KAFLI

## Um notkun bryggna og bólvirkja.

## 13. gr.

Venjulega er skipum heimilt að leggjast við bryggju og bólvirki hafnarinnar í þeirri röð, sem þau koma. Þó skulu, að öðru jöfnu, þau skip, sem sigla eftir fastri auglýstri ferðaáætlun og flytja póst, hafa rétt til að leggjast að bryggjum og bólvirkjum, þótt önnur skip liggja þar fyrir, og verða þau þá að víkja, meðan hin eru afgreidd. Sams konar rétt hafa vélskip fram yfir seglskip. Sé feringu eða affermingu skips eigi haldið áfram með hæfilegum hraða, að áliti hafnarnefndar, ber því að víkja fyrir öðrum skipum, er hún krefst þess. Enn fremur getur hafnarnefnd eða umboðsmaður hennar vísað skipum frá bryggjum og bólvirkjum, áliti hann það nauðsynlegt vegna veðurs.

## 14. gr.

Ef nauðsyn ber til að skipum, sem ferma eða afferma við bryggjur eða bólvirki, sé lagt hlið við hlið, er heimilt að fylltja farm þeirra skipa, sem utar liggja, yfir þilför hinna á bjálkabrum. Svo er og skipshöfn og farþegum þeirra skipa, sem utar liggja, heimil nauðsynleg umferð um þilför þeirra skipanna, sem nær liggja.

## 15. gr.

Við uppskipun og útskipun á kjölfestu, sandi og öðru slíku, er skylt að hafa nægilega sterka hlífðardúka milli skips og bólvirkis, bryggju eða milli skipa, svo ekkert falli fyrir borð. Sé þessa ekki gætt, getur hafnarnefnd stöðvað verkið unz úr er bætt.

## 16. gr.

Þeir munir eða vörur, sem affermdar eru eða láta á í skip, mega ekki liggja á bryggjum né bólvirkjum og eigi annars staðar á landi hafnarinnar en á þeim stöðum, sem ætlaðir eru til geymslu, nema með leyfi hafnarnefndar. Skal flytja vörur og muni á brott jafnskjótt og hún krefst þess.

## V. KAFLI

## Um almenna reglu.

## 17. gr.

Hafnarnefnd sér um að gætt sé almennrar reglu á höfninni og við hana. Er öllum skylt að hlýða boði hennar og banni, og enn fremur annarra þeirra starfsmanna, er hún setur til að gæta reglu. Þyki einhverjum sér óréttur ger, getur hann kært það fyrir lögreglustjóra, en skipunum hafnarnefndar eða starfsmanna hennar ber að hlýða tafarlaust.

Starfsmenn hafnarinnar skulu gæta allrar kurteisi í starfi sínu.



67

14. maí

18. gr.

Skýlt er að gæta allrar varúðar í meðferð elds og ljósa í skipum á höfninni. Í skipum, sem flytja eldfim efni, má eigi kveikja eld eða ljós nema í eldavélum skipsins eða á ljóskerum. Tóbaksreykingar eru bannaðar í þeim skipum og á því svæði, sem unnið er að fermingu þeirra eða affermingu, enda skal það greinilega auglýst. Állti hafnarnefnd að hætta geti stafað af fermingu eða affermingu eldfimrar vöru, er henni heimilt að stöðva verkið, unz gerðar hafa verið nauðsynlegar varúðar-ráðstafanir.

Bannað er að skjóta af byssum eða öðrum skotvopnum við höfnina eða á henni.

## VI. KAFLI

### Hafnarmannvirki einstakra manna og félaga innan hafnarinnar.

19. gr.

Meðfram strandlengju hafnarinnar má ekki gera í sjó fram neina bryggju eða önnur mannvirki, né heldur breyta þeim mannvirkjum sem fyrir eru, og ekki fylla upp eða dýpka út frá landi, nema bæjarstjórn hafi veitt samþykki til þess, að fengnum tillögum hafnarnefndar. Skjóta má úrskurði bæjarstjórnar undir úrskurð þess ráðuneytis, sem fer með hafnarmál. Sé slíkt leyfi ekki notað innan tveggja ára fellur það úr gildi.

Sá, sem fengið hefur leyfi til að gera slíkt mannvirki, skal halda því svo vel við, að engin hætta stafi af því. Brot gegn því varðar sektum allt að 10 þús. krónum og getur hafnarnefndin látið nema burtu mannvirkið á kostnað eiganda.

Til meiri háttar framkvæmda og ráðstafana skal leita samþykkis ráðuneytisins.

20. gr.

Við bryggjur eða uppfyllingu einstakra manna eða félaga innan hafnarinnar, hafa skip rétt til að leggjast að í sömu röð er þau koma inn og sækja um það. Þó skulu skip, sem sigla eftir fastri auglýstri áætlun, hafa forgangsrétt næst skipum eiganda.

21. gr.

Við hverja bryggju einstakra manna eða félaga, sem skipum er ætlað að leggjast að, skal vera umsjónarmaður, er hafnarnefnd samþykkir. Óheimilt skal einstaklingum eða félögum, sem eiga bryggju eða bólvirki innan hafnarinnar, að taka vörugjald af þeim vörum, sem fara þar um, nema samþykki hafnarnefndar komi til.

22. gr.

Um lýsingu slíkra mannvirkja, þrifnað á þeim og ýmis nauðsynleg áhöld, svo sem stiga, landgöngubrýr, björgunarhringi o. s. frv., fer eftir þeim fyrirmælum, er hafnarnefnd setur á hverjum tíma, og gildir jafnt fyrir allar bryggjur, bólvirki og uppfyllingar á hafnarsvæðinu.

## VII. KAFLI

### Um hafnsögu.

23. gr.

Ekkert skip, sem er stærra en 30 smálestir brúttó, má sigla inn eða út úr innri höfninni, leggja að eða frá bryggju, eða flytja sig til á innri höfninni, nema undir stjórn hafnsögumans. Undanþegin eru öll fiskiskip, er eiga heima á Sauðárkróki eða stunda þaðan veiðar, svo og bátur sá, sem heldur uppi ferðum milli Akur-

eyrar og Sauðárkróks með styrk úr ríkissjóði. Hafnsögumanni er heimilt að banna 67  
allar samgöngur við skip, áður en hann hefur lokið starfi sínu um borð.

14. maí

Ef sjúkdómur er á skipinu eða ástæða er til að ætla, að sóttþætta geti stafað af því, ber hafnsögumanni að sjá um, að um borð í skipinu sé fylgt reglum þeim, sem settar eru í lögum gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands.

## 24. gr.

Hvert skip, sem ætlar til Sauðárkróks og ber að nota hafnsögumann, skal, er það kemur inn á línu, er hugsast dregin úr Hegranesi í Gönguskarðsá, gefa merki um, að það óski hafnsögumanns, og skal þá hafnsögumaður fara út í skipið svo fljótt sem unnt er.

Hafnsögumaður má ekki yfirgefa skipið án samþykkis skipstjóra fyrr en það er lagzt við festar á höfninni, enda ber skipinu að sjá honum fyrir fæði, meðan hann dvelur um borð.

## 25. gr.

Laun hafnsögumanna greiðist úr hafnarsjóði Sauðárkrókskaupstaðar. Hafnarsjóður leggur til hafnsögubát og önnur nauðsynleg tæki, svo og aðstoðarmann, ef þörf er á.

## VIII. KAFLI

## Um geymsluskip og skip, sem lagt er í lægi.

## 26. gr.

Sérstakt leyfi hafnarnefndar þarf í hvert sinn til þess að leggja megi á höfninni skipum, sem ætluð eru til geymslu, eða lagt er í lægi og skal eigandi láta taka skipið upp, ef það sekkur, eða láta sprengrja það sundur eða taka af grunni, svo að það skemmi eigi höfnina, og sé því eigi fullnægt innan hæfilegs frests, getur hafnarnefnd látið gera það á kostnað eiganda.

Hafnarvörður ákveður í hvert sinn, hvar slíku skipi skuli lagt, hve traust legufæri skuli vera og hvernig þeim skuli komið fyrir.

Nú sannar eigandi geymsluskips með vottorði tveggja óvilhallra manna, er útnefndir séu af hafnarnefnd, að skip hans sé svo þétt, að ekki stafi nein hættu af, hvað leka snertir, þó að mannaust sé, þá er honum leyfilegt að leggja skipinu og láta það liggja án þess, að menn séu í því á þeim tíma árs, er ekki verður heimtað ljós á skipum. Skylt er eiganda að flytja skipið úr stað, ef hafnarnefnd eða hafnarvörður krefst þess.

Ljós skulu tendruð á skipum þessum, þegar hafnarvörður krefst þess.

## 27. gr.

Meðan skip liggur mannaust á höfninni, skal ekki sjaldnar en einu sinni í viku fara út í það til þess að líta eftir, hvort legufæri eða annað hafi haggast eða bilað, og ef svo reynist, skal lagfæra það svo fljótt sem auðið er.

Eigi ber hafnarsjóður ábyrgð á þeim skipum, sem lagt er í lægi í höfninni.

## IX. KAFLI

## Um lestagjöld og ljósagjöld.

## 28. gr.

Öll skip, hvort sem þau eru tóm eða hlaðin, skulu greiða hafnargjöld, sem miða skal við brúttósmálestátölu skipsins í hvert skipti, er þau koma inn á hafnarsvæðið, þó með þessum undantekningum:

- 67 Herskip, varðskip, björgunarskip, skip, sem hafa skirteini sem skemmtiferða-  
 14. maí skip, skip, sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna, skip, sem leita hafna vegna óveðurs, en hafa ekki samband við land, og skip sem sanna fyrir sjórétti, að þau hafi orðið að leita hafnar vegna sjóttjóns.

## 29. gr.

- a. Skip og bátar 12 brúttósmálestir að stærð og stærri, sem eru eign manna búsettra á Sauðárkróki og gerð út þaðan til fiskveiða og flutninga, svo og önnur skip og bátar, sem gerðir eru út frá Sauðárkróki a. m. k. tveggja mánaða tíma á ári, skulu greiða lestagjöld einu sinni á ári, 2 krónur af hverri brúttósmálest skips eða báts, þó aldrei minna en 50 kr. ári.
- b. Önnur innlend fiskiskip 12 til 50 brúttósmálestir greiði 60 aura fyrir hverja brúttósmálest í hvert skipti, er þau koma til hafnarinnar, en eigi skulu þau greiða lestagjald þetta oftár en tvisvar í sama mánuði, þótt þau komi oftár til hafnarinnar.
- c. Öll önnur skip, er til hafnarinnar koma (nema þau, sem undanþegin eru lestagjaldi samkv. 28. gr.) skulu greiða 30 aura lestagjald fyrir hverja brúttósmálest í hvert skipti, er þau koma til hafnarinnar. Strandferðaskip, sem sigla eftir fyrir fram auglýstri áætlun greiði þó aðeins 20 aura lestagjald af brúttósmálest. Innlend strandferðaskip skulu þó einungis greiða lestagjald í fyrsta sinn á ári hverju, er þau koma á höfnina, en ekkert þó þau komi aftur á því ári.
- d. Hafi skip, gjaldskylt samkv. b-lið, legið í 6 daga, skal það greiða lestagjald að nýju fyrir hverja 6 daga eða brot úr þeim, þó skulu flutningaskip, sem bíða eftir sildarfarmi, ekki greiða gjaldið fyrr en eftir 10 daga. Verði skip veðurtept, telst sá tími ekki með.
- e. Af íslenzkum geymsluskrokkum og veiðiskipum, þar sem unnið er úr sjófangi, t. d. sildarsöltun, og bræðsluskipum, skal gjalda aukagjald 50 aura af hverri smálest. Sama aukagjald skal gjalda af íslenzkum skipum, sem á höfninni safna í sig sild, sem ætluð er til bræðslu og af íslenzkum dráttarskipum slíkra skipa.

Erlend skip (ef leyft yrði að safna í þau sild til verksmiðjuíðnaðar) svo og dráttarskip slíkra skipa, greiði þrefalt aukagjald.

Gjalddagi lestagjalds samkv. a-lið þessarar greinar skal vera 1. ágúst ár hvert. Annars er lestagjaldið þegar fallið í gjalddaga, er skipið hefur varpað akkerum á hafnarsvæðinu.

## 30. gr.

Öll skip, sem koma til hafnarinnar á tímabilinu frá 1. ágúst til 14. maí, að báðum dögum meðtöldum, og hafnargjöld greiða samkv. hafnarreglugerðinni, skulu greiða ljósagjöld sem hér segir:

- a. Skip, sem um getur í 29. grein a-lið, greiði 15 krónur á ári.
- b. Skip, sem um getur í 29. grein b-lið, skulu greiða í hvert sinn, er þau koma til hafnar, gjald miðað við brúttósmálest, sem hér segir:
 

Skip allt að 50 smálestir .....	kr. 4.50
Skip 50 smálestir og þar yfir .....	— 6.00
- c. Öll önnur skip greiði:
 

Skip undir 200 smál. ....	— 7.50
Skip frá 200 til 400 smál. ....	— 15.00
Skip yfir 400 smál. ....	— 45.00

Þó greiði farþegaskip yfir 400 smál. 2 aura af hverri brúttósmálest í hvert skipti.

d. Bátar allt að 12 brúttósmálestum greiða hafnargjald, bryggjugjald og ljósagjald .....	kr. 3.00	67	14. maí
en bátar 12 til 25 smál. brúttó greiði í hvert sinn, er þeir leita hafnar	— 4.50		

Vélbátar 5 smálestir og minni, sem eru eign manna búsettra á Sauðárkróki, greiði kr. 20.00 á ári í hafnargjald. Vélbátar 5—12 smálestir greiði kr. 35.00 á ári.

### 31. gr.

Undanþegin ljósagjaldi eru sömu skip og undanþegin eru greiðslu lestagjalds.

### 32. gr.

Hafnarnefnd er heimilt að vikja frá þessari gjaldskrá teljist sérstakar ástæður fyrir hendi, enda hafi hún til þess samþykki bæjarstjórnar á hverjum tíma.

### 33. gr.

Vörugjald skal greiða af öllum vörum og skepnum, sem útskipað er, eða afskipað á höfninni, með þeim undantekningum, sem getur um í næstu greinum.

### 34. gr.

Fyrir vörur, sem samkvæmt farmskrá skipsins eru ákveðnar til umhleðslu og eiga því ekki að leggjast í land, nema um stundarsakir, greiðist aðeins hálf t vörugjald.

Af vörum, sem settar eru á land, en eiga að fara aftur með sama skipi, greiðist ekkert vörugjald.

### 35. gr.

Þessar vörur eru algerlega undanþegnar vörugjaldi:

- Umbúðir, sem endursendar eru, enda sé þess getið á farmskrá.
- Vistir og aðrar nauðsynjar skipa og báta til eigin notkunar, sem fluttar eru úr landi.
- Póstflutningur og venjulegur farþegaflutningur.

### 36. gr.

Vörugjaldið skal reikna eftir máli eða þyngd með umbúðum af hverri sendingu sérstaklega; brot úr gjaldeiningu telst heil gjaldeining. Fara skal eftir farmskrá skipa við útreikning vörugjalds, og eru skipstjóri eða afgreiðslumaður skipa skyldir til að láta hafnarnefnd í té afrit af farmskrá skipsins. Sé engin farmskrá, skal skipstjóri eða formaður báts gefa drengskaparvottorð um vörumagn, sem fleyta hans hefur fermt eða affermt. Þyki hafnarnefnd ástæða til, getur hún hvenær sem er látið ákveða vörumagnið á þann hátt, er hún telur hentugast. Reynist vörumagnið meira en upp var gefið, greiðir skipið kostnaðinn. Ef ýmsar vörutegundir eru í sendingu, skal reikna vörugjaldið eftir þeirri tegund, sem hæst gjald skal greiða af.

### 37. gr.

Vöru skal flokka til vörugjalds eftir því, sem vörugjaldskrá tiltekur, og gjald greiðist eftir því er þar segir.

Ef vafi leikur á í hverjum flokki skuli telja einhverja vöru úrskurðar hafnarnefnd, en úrskurði hennar má áfrýja til bæjarstjórnar.

### 38. gr.

#### Vörugjaldskrá.

#### a. Aðfluttar vörur:

- flokkur. Gjald 1 kr. hver hundrað kg:  
Kornvörur, sykur.

- 67  
14. maí
2. flokkur. Gjald 85 aurar hver 100 kg:  
Kol, fóðurvörur, áburður.
  3. flokkur. Gjald 50 aurar hver 100 kg:  
Salt.
  4. flokkur. Gjald 55 aurar hver 100 kg:  
Sement.
  5. flokkur. Gjald kr. 1.25 hver 100 kg:  
Allar vörur, sem ekki heyra undir aðra flokka og greiðast eftir þyngd.
  6. flokkur. Gjald 1 kr. hver 100 kg:  
Olía og benzín. Hver tunna af olíu og benzíni kr. 3.00.
  7. flokkur. Gjald 25 aurar hvert stykki:  
Tómar tunnur og föt, uppsett og óuppsett.
  8. flokkur. Gjald 18 aurar hvert teningsfet:  
Timbur.
  9. flokkur. Gjald 40 aurar hvert ten.fet:  
Aðrar vörur, sem reiknast eftir máli.
  10. flokkur. Gjald 5 kr. fyrir stórgrip og kr. 1.50 fyrir sauðkind.
  11. flokkur. Gjald 75 aurar hvert stykki:  
Stykkjavara.
- b. Útfluttar vörur:
1. flokkur. Gjald kr. 1.80 hver 100 kg:  
Kjöt.
  2. flokkur. Gjald 50 aurar hver tunna:  
Sild.
  3. flokkur. Gjald 1 kr. hver 100 kg:  
Mjólk, skyr og hey.
  4. flokkur. Gjald 60 aurar hver 100 kg:  
Hraðfrystur fiskur og saltfiskur.
  5. flokkur. Gjald kr. 1.25 hver 100 kg:  
Allar vörur, sem reiknast eftir þyngd, ótaldar annars staðar.
  6. flokkur. Gjald 50 aurar hvert stykki:  
Umbúðir og tómar tunnur.
  7. flokkur. Gjald 75 aurar hvert stykki:  
Stykkjavara.

## 39. gr.

Skipstjóri eða formaður ber ábyrgð á greiðslu lestagjalds og bryggjugjalds. Hafnarsjóður hefur haldsrétt í skipum unz gjöldin eru greidd. Þegar gjalddagar eru ekki ákveðnir í reglugerð þessari, skal greiða gjöldin áður en skipið fer burt úr höfninni.

## 40. gr.

Gjald fyrir vörur, sem um getur í 38. gr. greiðir eigandi eða umboðsmaður hans, og hefur hafnarsjóður haldsrétt í vörunni, unz gjaldið er greitt.

Vörugjald af vörum, sem lagðar eru á land á hafnarsvæðinu, fellur í gjalddaga um leið og varan er sett á land, og vörugjald af vörum, sem fluttar eru úr höfninni, fellur í gjalddaga, þegar varan er komin í skip. Afgreiðslumaður skips skal standa skil á greiðslu vörugjaldsins.

Ef skip eða bátur hefur ekki farm sinn skráðan, ber skipstjóri eða formaður ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins.

**X. KAFLI**  
**Um aflagjöld.**

**67**  
14. maí

41. gr.

Af heildarafla skips greiðist 5 kr. af hverri smálest fiskjar óslægðum, sem landað er á hafnarsvæðinu, nema af síld. Af hverju máli eða tunnu síldar greiðist 35 aurar. Gjald þetta er kræft um leið og afla er landað, og greiðist það af eiganda skips eða umboðsmanni hans.

Skyldir eru skipstjórar og formenn að gefa hafnarverði upp heildarafla skips í hvert sinn. Ef það er ekki gert skal hafnarvörður áætla aflamagnið og innheimta samkv. þeirri áætlun. Hafnarsjóður hefur haldsrétt á afla, þar til gjöldin eru að fullu greidd.

Heimilt er hafnarnefnd að semja um aflagjald af heimabátum.

**XI. KAFLI**  
**Um hafnsögugjald.**

42. gr.

Öll skip, sem eru að stærð 30 smálestir brúttó eða meira, sbr. 23. gr., skulu hvort sem þau nota hafnsögumann eða ekki, vera skyld til að greiða hafnsögugjald í fyrsta skipti á árinu, er þau koma á höfnina og leggjast við festar innan takmarka Sauðárkrókshafnar.

Undanþegin hafnsögugjaldi eru þó öll herskip og varðskip, björgunarskip, vitaskip ríkissjóðs, skemmtiskip og fiskiskip, nema þau noti hafnsögumann.

Komi skip oftár á sama ári og fari ekki nema á ytri höfnina, skal það eigi greiða hafnsögugjald, nema það noti hafnsögumann.

43. gr.

Hafnarnefnd eða umboðsmaður hennar getur leyft skipum, sem stunda veiðar frá Sauðárkróki að greiða öll gjöldin, þegar þau hætta veiðum og fara þaðan.

44. gr.

Hafnarnefnd er heimilt að vika frá þessari gjaldskrá til lækkunar, teljist sérstakar ástæður fyrir hendi, enda hafi hún til þess samþykki bæjarstjórnar á hverjum tíma.

45. gr.

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari má taka lögtaki.

46. gr.

Hafnsögugjöld skulu greidd samkv. eftirfarandi gjaldskrá af brúttó-smálest.

- a. Fyrir leiðsögn til hafnarinnar 20 aurar á hverja brúttósmálest skipsins, þó aldrei minna en 60 krónur.
  - b. Fyrir leiðsögn frá höfninni hálf gjald, þó aldrei minna en 30 krónur.
  - c. Fyrir færslu skipa um höfnina greiðist 60 kr. í hvert skipti.
- Allt hafnsögugjald rennur í hafnarsjóð.

**XII. KAFLI**  
**Um bryggjugjöld.**

47. gr.

Hvert skip, sem leggst við bryggju eða bólvirki hvar sem er á höfninni eða að skipi, sem liggur við bólvirki eða bryggju, skal greiða bryggjugjald eftir stærð skipsins, talið í heilum smálestum, en brotum skal sleppa.

67 Gjöldin skulu vera sem hér segir:

14. maí a. Bátar og skip, 12 smálestir að stærð og þar yfir, sem eru eign búsettra manna á Sauðárkróki og skrásett þar, greiði 4 kr. á ári af hverri brúttó-smálest. Fari þau skip í millilandasiglingar greiði þau auk þess bryggjugalld eins og aðkomuskip, meðan á þeim siglingum stendur, reiknað frá þeim degi, er undirbúningur slíkra siglinga hefst.
- b. Öll aðkomuskip greiði 10 aura af hverri brúttósmálest fyrir hvern hálfan sólarhring eða hluta af sólarhring. Minnsta gjald skal þó vera 10 krónur í hvert skipti. Liggi þau skip utan á öðru skipi greiði þau hálf gjald. Sama máli gegnir, ef þau liggja við bryggjur eða birgðaskip, sem eru eign einstakra manna, eða fyrirtækja. Sama máli gegnir um þau aðkomuskip, sem fiskveiðar stunda og gerð eru út frá Sauðárkróki. Varðskip og björgunarskip eru undanþegin bryggjugalldi, nema þegar þau flytja vörur eða farþega og taka gjald fyrir.
- c. Fyrir sérstaka notkun á bryggjum, hólverkjum og uppfyllingum, svo sem aðgerð á fiski, flökun, fiskverkun, sildarsöltun o. fl., skal hafnarnefnd ákveða sérstakt gjald eða semja við viðkomandi aðila.

### XIII. KAFLI

#### Um innheimtur og greiðslur hafnargjalda.

48. gr.

Hafnarnefnd eða umboðsmaður hennar sér um innheimtu allra hafnargjalda og skal greiða gjöldin á skrifstofu hans.

### XIV. KAFLI

#### Ýmis ákvæði.

49. gr.

Um skaðabótaskyldu fyrir skemmdir á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum, fer eftir almennum reglum.

Ef samningum verður ekki við komið um skaðabætur fyrir skemmdir á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum, skulu þær ákveðnar af þremur óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Hvorum aðila fyrir sig er heimilt að krefjast yfirmats, en gera skal það áður en einn mánuður er liðinn frá því að matsgerð er lokið. Yfirmat skal fara fram af fimm dómkvöddum mönnum.

Kostnaður við yfirmat greiðist af þeim, er hefur krafizt þess, ef matsupphæðinni verður ekki breytt til hækkunar, er nemi 10% af hinnu ákveðnu skaðabótaupphæð. Að öðrum kosti greiðir hinn aðilinn kostnaðinn.

50. gr.

Seglfestu, sand, mól eða annað efni til bygginga er bannað að taka á hafnar-svæðinu, nema með leyfi landeiganda og hafnarnefndar.

Beitutaka er bönnuð á hafnarsvæðinu, nema með leyfi hafnarnefndar, sem ákveður gjaldið fyrir beitutökuna.

51. gr.

Enginn, sem bakað hefur sér refsingu eða skaðabótaskyldu fyrir brot á reglugerð þessari, má fara burt úr höfninni meðan mál hans er óútkljáð, nema hann setji tryggingu, er hafnarnefnd tekur gilda.

52. gr.

Hverja þá skipun, sem samkv. reglugerð þessari má gefa skipi, skal gefa stýrimanni, ef skipstjóri er eigi á skipinu, og eigi heldur umboðsmaður hans. Ef stýri-

maður er fjarverandi má gefa einhverjum öðrum af skipshöfninni skipunina og er það jafngilt, sem skipstjóri hefði fengið skipunina sjálfur.

67  
14. maí

## 53. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum allt að kr. 10000.00, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt lögum.

Sektirnar renna í hafnarsjóð Sauðárkróks.

## 54. gr.

Mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara með að hætti opinberra mála.

## 55. gr.

Við gildistöku þessarar reglugerðar fellur úr gildi hafnarreglugerð fyrir Sauðárkrókshöfn, nr. 136 16. des. 1938, og reglugerðarbreyting frá 11. maí 1942.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgöngumálaráðuneytið, 14. maí 1949.*

**Emil Jónsson.**

Páll Pálmason.

## REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 134 27. júlí 1945 um skyldu skipa og flugfara til að koma á tilteknar hafnir eða flugstöðvar til þess að fá fyrstu afgreiðslu hér á landi.

68  
9. maí

Auk þeirra hafna, sem skip nú mega fá fyrstu afgreiðslu á samkvæmt 1. grein reglugerðarinnar, má frá 1. júní n. k. einnig veita skipum fyrstu afgreiðslu í Keflavík og á Húsavík.

*Fjármálaráðuneytið, 9. maí 1949.*

F. h. r.

**Magnús Gíslason.**

Einar Bjarnason.



## Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1949.

*Auglýsing um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands*, undirskrifuð af forsætisráðherra 17. maí 1949, nr. 63.

*Auglýsing um samning milli Íslands og alþjóðafflugmálastofnunarinnar varðandi flugþjónustu*, undirskrifuð af utanríkisráðherra 20. maí 1949, nr. 64.

*Auglýsing um afnám vegabréfsáritana*, undirskrifuð af utanríkisráðherra 25. maí 1949, nr. 65.

*Auglýsing um staðfestingu alþjóðasamnings varðandi loftflutninga milli landa*, undirskrifuð af utanríkisráðherra 30. maí 1949, nr. 66.

*Auglýsing um viðbótarsamning milli Íslands og Póllands*, undirskrifuð af utanríkisráðherra 31. maí 1949, nr. 67.

*Lög um bifreiðaskatt o. fl.*, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins 25. maí 1949, nr. 68.

*Auglýsing um vegabréfsáritanir til hernámssvæða vesturveldanna í Þýzka-landi*, undirskrifuð af skrifstofustjóra utanríkisráðuneytisins 13. apríl 1949, nr. 69.

*Auglýsing um viðskiptasamning milli Íslands og Finnlands*, undirskrifuð af utanríkisráðherra 31. maí 1949, nr. 70.

*Auglýsing um viðskiptasamning milli Íslands og Bretlands 1949*, undirskrifuð af utanríkisráðherra sama dag, nr. 71.

### 69 31. maí **Bréf fjármálaráðuneytisins til allra skattstjóra, yfirskattanefnda og ríkisskattanefndar, um frádráttarhæf tryggingariðgjöld.**

Að gefnu tilefni skal það hér með gert kunnugt, að tryggingariðgjöld, sem frádráttarhæf eru samkvæmt 10. gr. laga nr. 6/1935, skulu teljast til frádráttar á því almanaksári, sem þau eru greidd.

70  
30. marz

## RÆKTUNARSAMÞYKKT

fyrir Ræktunarsamband Norður-Þingeyinga austan Öxarfjarðarheiðar.

### I. KAFLI

Takmörk samþykktarsvæðisins og markmið.

#### 1. gr.

Ræktunarsambandið nær yfir eftirgreind hreppabúnaðarfélag á félagssvæði Búnaðarsambands Norður-Þingeyinga: Búnaðarfélag Langnesinga, Búnaðarfélag Þórshafnar, Búnaðarfélag Þistilfjarðar og Búnaðarfélagið Arður, sunnan við ytri háls.

#### 2. gr.

Ræktunarsambandið tekur að sér, á þann hátt, sem fyrir er mælt í þessari samþykkt, eftirgreind verkefni á öllum jörðum á félagssvæðinu, að undanskildum þeim, er falla undir ákvæði VI. kafla jarðræktarlaga, nr. 54 4. júlí 1942, um búferlaflutning:

1. Að ræsa fram land til túnræktar, garðræktar, beitiræktar og engjaræktar. Tekur

framkvæmd verksins til fullnaðarframræslu á landinu að opnum skurðum, svo og lokræsum, þar sem þess er þörf, eins og fyrir verður mælt af trúnaðarmanni, er Búnaðarfélag Íslands samþykkir til þess að hafa á hendi undirbúning um hvernig verkið skuli framkvæmt. 70

30. marz

2. Að framkvæma jarðvinnslu á tünnum jarða á félagssvæðinu, sem ekki eru véltæk. Nær það til plægingar, herfingar og jöfnunar landsins. Hverjar vinnsluaðferðir verða viðhafðar á hverjum stað, fer eftir fyrirsögn trúnaðarmanns Búnaðarfélagi Íslands.
3. Að taka að sér jarðvinnslu til nýræktar, túna og garða. Nær það til fullnaðarvinnslu landsins á sama hátt og gert er ráð fyrir í síðustu málsgrein undir lið 2.
4. Að framkvæma sléttun engja, svo þær verði véltækar, hvort heldur það er gert með völtun, vinnslu lands, flóðgarðahleðslu eða öðrum aðferðum eftir fyrirsögn trúnaðarmanns Búnaðarfélags Íslands.

## II. KAFLI

### Skipun og verk svið framkvæmdastjórnar.

#### 3. gr.

Ræktunarsambandið velur sér þriggja manna framkvæmdastjórn. Skal hún kjörin á aðalfundi sambandsins til þriggja ára. Gengur einn maður úr stjórn árlega. Tvö fyrstu árin eftir hlutkesti og síðan í röð eftir starfsaldri. Stjórnarnefndarmenn má endurkjósa. Um val fulltrúa á aðalfund ræktunarsambandsins fer eftir sömu reglu sem um val fulltrúa á aðalfund búnaðarsambands Norður-Pingeyinga.

#### 4. gr.

Stjórnin skiptir með sér verkum. Formaður boðar til allra funda og stýrir þeim. Ritari sér um bókun fundargerða. Gjaldkeri hefur á hendi reikningshald fyrir allar framkvæmdir félagsins og annast allar greiðslur og innheimtur eftir tilvísun formanns.

#### 5. gr.

Stjórn ræktunarsambandsins annast kaup á nauðsynlegum vélum og verkfærum til skurðar- og lokræsagerðar, svo og á jarðvinnsluvélum, en skylt er henni, sbr. 8. gr. laga um jarðræktar- og húsaðarsamþykktir í sveitum, að hafa samráð við Verkferanefnd ríkisins um kaup og val á vélunum.

#### 6. gr.

Stjórnin sér um kaup á öllu því er með þarf til reksturs og viðhalds þeim vélum og áhöldum, er keypt verða. Henni ber að hafa þau tryggð fyrir fjárhæð, er svarar til verðgildis þessara eigna, eins og þær eru á hverjum tíma.

#### 7. gr.

Stjórnin annast um allan rekstur vélanna. Henni ber að gera og undirrita alla verkþökusamninga, við hina einstöku framkvæmdaaðila á ræktunarsambandssvæðinu og ákveður á hverjum tíma og í hverri röð verkefni eru tekin, sem unnið skal að.

#### 8. gr.

Stjórnin ræður starfsmenn og ákveður launakjör þeirra. Heimilt er stjórninni að ráða framkvæmdastjóra til eins árs í senn, getur hún með erindisbréfi falið honum framkvæmdastjórn um daglegan rekstur og umsjón með verkstjórn vinnuflokka.

## 9. gr.

Allir samningar, er stjórnin og framkvæmdastjóri gera fyrir hönd ræktunarsambandsins, samkvæmt samþykktum þessum eða ályktunum aðalfundar sambandsins, eru skuldbindandi fyrir félagsheildina og hreppabúnaðarfélögin, er að samþykkt standa, án þess að það hafi verið sérstaklega undir þá borið.

Stjórn og framkvæmdastjóri bera ábyrgð gerða sinna fyrir aðalfundi ræktunarsambandsins og aðalfundi Búnaðarsambands Norður-Þingeyinga.

## III. KAFLI

## Um tilhögun framkvæmda.

## 10. gr.

Skylt er stjórnnum hreppabúnaðarfélaganna, hverri á sínu svæði, fyrir janúarlok ár hvert, að skrá verkbeiðnir félagsmanna. Skal það tilgreina hverjar jarðabætur óskað er að unnar séu á því ári, svo og verkmagn þeirra.

Skýrslum þessum ber að skila til ræktunarsambandsstjórnar eigi síðar en 1. febrúar ár hvert. Skýrslunni fylgdi frá verkkaupendum greiðsluskuldbinding hvers fyrir sig, og enn fremur yfirlýsing félagsstjórnar hreppabúnaðarfélagsins um að það takist á hendur ábyrgð á greiðslum sinna félagsmanna fyrir þau verk, sem hjá þeim verða unnin á því starfsári.

## 11. gr.

Að fengnum þeim skýrslum, er um ræðir í 10. gr., ber stjórn ræktunarsambandsins að semja starfs- og rekstursáætlun fyrir yfirstandandi ár. Rísi ágreiningur innan ræktunarsambandsstjórnar um veigamikil atriði framkvæmdaáætlunar, ber að leggja hana fyrir aðalfund ræktunarsambandsins til samþykktar.

Framkvæmdastjórn er skylt að framfylgja samþykktari starfsáætlun eftir því sem við verður komið.

## 12. gr.

Við undirbúning framkvæmdaáætlunar sé þess sérstaklega gætt:

1. Að þær jarðir, sem minnst véltækt land hafa, sitji fyrir vinnu, eftir því sem við verður komið, án þess að valda óhæfilegum aukakostnaði í flutningi véla og verkfæra;
2. að túnasléttun, að öðru jöfnu, sé látin sitja fyrir öðrum ræktunarframkvæmdum;
3. að land það, sem brjóta á til ræktunar hafi verið ræst fram á fullnægjandi hátt, að dómi trúnaðarmanns Búnaðarfélags Íslands;
4. að framræsla bithaga komi að jafnaði því aðeins til greina, að fullnægt hafi verið þeim framræsluverkefnum vegna tún-, garð- og engjaræktar á þann hátt, að það tefji eigi jarðvinnsluna, svo því marki verði náð, að allur heyfengur verði tekinn á vélfæru landi.

## IV. KAFLI

## Um verðlagsákvæðanir og greiðslu kostnaðar.

## 13. gr.

Kostnaður við framkvæmdir er í samþykkt þessari getur, greiðist af verkkaupanda, eftir þeim skildaga og á þann hátt, er tilgreint verður í verktökusamningi þeim, er um getur í 7. gr. þessarar samþykktar. Heimilt er stjórn ræktunarsambandsins að láta greiðslur fara fram eftir áætluðum verktöxtum meðan verkið

stendur yfir ár hvert, en fullnaðargreiðsla fari fram samkv. kostnaðarverði, eins og það verður samkvæmt rekstursreikningi hvers árs. Áætlaðir verktaxtar séu miðaðir við tímaeiningu. 70 30. marz

## 14. gr.

Til reksturskostnaðar telst greiðsla vinnulauna, allur reksturskostnaður véla og greiðsla fyrningargjalds af þeim, kostnaður við flutning þeirra á milli vinnustaða, viðhald véla, er stafar af eðlilegu sliti þeirra, vaxtagreiðslur, kostnaður við verkstjórn og stjórnarkostnaður. Heimilt er ræktunarsambandsstjórn að ákveða og leggja á framkvæmdakostnað áhættuþóknun, er nemi allt að 5% af heildarkostnaði hvers árs.

## 15. gr.

Aðalfundur ræktunarsambandsins getur heimilað framkvæmdastjórn að taka ákveðin verk, sem tilgreind eru í 2. gr. þessarar samþykktar, í ákvæðisvinnu, enda sé lögð fyrir aðalfund kostnaðaráætlun og verklýsing af því, sem vinna á.

## 16. gr.

Heimilt er framkvæmdastjórn á þeim tíma, sem ekki er unnt að vinna að skurðgrefti, lokræsagerð eða jarðvinnslu fyrir samþykktaraðila, að taka að sér verkefni fyrir búendur, hreppsfélag eða aðra aðila á samþykktarsvæðinu, þó þau falli ekki undir ákvæði 2. gr., ef öruggt er að það sé hagkvæmt fyrir ræktunarsambandið, enda sé tryggt, að vélakostur sé ekki festur við þessi störf, svo það brjóti í hága við hagsmuni samþykktaraðila.

## 17. gr.

Rekstursafgangur af áhættuþóknun, svo og er ágóði verður af ákvæðisvinnu eða þeim verkum, er um getur í 16. gr., skal leggjast í stofnsjóð ræktunarsambandsins og varið samkvæmt ákvæðum þeim, er um hann gilda, sbr. 18. gr.

## V. KAFLI

## Fjáröflun og tryggingar.

## 18. gr.

Ræktunarsambandið myndar stofnsjóð til vélakaupa. Stofnfjárhæð hans er kr. 8000.00.

Tekjur stofnsjóðs eru:

1. Helmingur stofnfjárins er framlag framkvæmdasjóðs ríkisins, þá er það greiðist, samkvæmt ákvæðum 9. gr. laga um jarðræktar- og húsaðarsamþykktir í sveitum, sem styrkur til vélakaupa sambandsins.
2. Hinn hluti stofnfjárins skal lagður fram sem óafturkræft framlag af Búnaðarsambandi Norður-Þingeyinga og hreppabúnaðarfélögum þeim, er að samþykkt þessari standa, í þeim hlutföllum, að búnaðarsambandið leggur fram  $\frac{3}{5}$  hluta en hreppabúnaðarfélögin sameiginlega  $\frac{2}{5}$  hluta fjárins.
3. Auk þess leggjast í stofnsjóð árlegar tekjur þær, sem inn koma samkvæmt ákvæðum 17. greinar.

## 19. gr.

Stofnfjárframlag búnaðarsambandsins og hreppabúnaðarfélaganna greiðist inn til ræktunarsambandsstjórnar þá er samþykkt þessi hefur öðlazzt gildi. Framlag hvers hreppabúnaðarfélags skal greitt í hlutföllum við fasteignamat lands og ræktunarlóða. Þó skal hver verðeining ræktunarlóða aðeins bera hálfan gjaldþunga móti einingu í öðru landverði.

70

30. marz

20. gr.  
Komi í ljós síðar, að álit framkvæmdastjórnar og aðalfundar ræktunarsambandsins, að auka þurfi stofnsjóð, ber henni að gera rökstuddar tillögur um stofnfjárukningu til stjórnar búnaðarsambandsins, er tilkynni það hreppabúnaðarfélögunum, áður en fulltrúar eru kosnir á aðalfund búnaðarsambandsins.

Ef meiri hluti löglega kjörinna fulltrúa á aðalfundi búnaðarsambandsins ákveða stofnfjárukningu, er hún bindandi fyrir hreppabúnaðarfélögin.

21. gr.

Heimilt er framkvæmdastjórn að taka reksturslán gegn tryggingu í þeim jarðræktarstyrk, er á umbæturnar verður greiddur úr rikissjóði, samkv. ákvæðum II. og V. kafla jarðræktarlaga.

22. gr.

Skytt er samþykktaraðilum að hafa greitt til framkvæmdastjórnar  $\frac{3}{4}$  af áætl-uðu kostnaðarverði, að frádregnum jarðabótastyrk þeirrar vinnu, er þeir hafa pantað áður en verkið er hafið. Eftirstöðvarnar greiðast með gjalddaga, er verktökusamun- ingur ákveður.

## VI. KAFLI

### Um reikningshald og endurskoðun.

23. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Skal reikningsskilum og endurskoðun reikninga lokið, og aðalfundur ræktunarsambandsins haldinn svo tímanlega ár hvert, að reikningarnir verði lagðir fyrir aðalfund Búnaðarsambands Norður-Þing- eyinga til athugunar og endanlegrar samþykktar.

24. gr.

Endurskoðendur séu tveir kjörnir á aðalfundi ræktunarsambandsins til eins árs í senn. Þeir skulu kynna sér reksturinn sem bezt, og hafa eftirlit með starfrækslu framkvæmdastjórnar í hvívetna.

25. gr.

Endurskoðaðir reikningar skulu lagðir fram til samþykktar á aðalfundi rækt- unarsambandsins. Þar gefur framkvæmdastjórn skýrslu um starfsemina, svo og endurskoðendur, ef tilefni er til þess.

## VII. KAFLI

### Um breyting samþykta og hvernig samþykkt verði úr gildi felld.

26. gr.

Tillögur, er fram kunna að koma til breytinga á samþykkt þessari frá hreppa- búnaðarfélögunum eða framkvæmdastjórn, skulu sendar stjórn Búnaðarsambands Norður-Þingeyinga, er sendir þær aftur til allra aðila, er að ræktunarsamþykkt standa, samkv. 1. gr., til umsagnar. Þær skulu síðan ásamt umsögnum búnaðar- félaganna lagðar fyrir aðalfund Búnaðarsambands Norður-Þingeyinga. Samþykki löglegur aðalfundur breytingarnar með að minnsta kosti  $\frac{3}{5}$  atkvæðisbærra fulltrúa, skal stjórn sambandsins senda breytingarnar Búnaðarfélagi Íslands, er leitar stað- festingar landbúnaðarráðherra á þeim.

27. gr.

Samþykktir þessar má því aðeins nema úr gildi, að rökstutt álit meiri hluta samþykktaraðila liggja fyrir um að tilgangi samþykktar verði ekki náð, og lögmætur

aðalfundur búnaðarsambandsins samþykki það með að minnsta kosti  $\frac{3}{5}$  atkvæðis-  
bærra fundarmanna, enda komi samþykki landbúnaðarráðherra til.

70  
30. marz

28. gr.

Með brot á samþykkt þessari skal farið sem almenn lögglumál.

29. gr.

Samþykkt þessi gengur í gildi er hún hefur verið staðfest af landbúnaðar-  
ráðherra.

Samþykkt þessi, sem er sett samkvæmt lögum nr. 7 12. janúar 1945, um jarð-  
ræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum, og reglugerð nr. 36 20. febr. 1946, um  
jarðræktarsamþykktir, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist  
til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

*Landbúnaðarráðuneytið, 30. marz 1949.*

**Bjarni Ásgeirsson.**

*Árni G. Eylands.*

## AUGLÝSING

71  
20. maí

um að Keflavík verði sérstakt skipaskráningarumdæmi.

Ráðuneytið hefur ákveðið, að framvegis verði Keflavík sérstakt skipaskrán-  
ingarumdæmi og fái umdæmisbókstafina KE.

*Fjármálaráðuneytið, 20. maí 1949.*

F. h. r.

**Magnús Gíslason.**

*Einar Bjarnason.*

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Ingibjargar Geir-  
þrúðar (Stellu) Guðmundsdóttur“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms-  
málaráðherra 23. maí 1949.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Ingibjargar Geirþrúðar (Stellu) Guðmundsdóttur.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Ingibjargar Geirþrúðar (Stellu) Guðmunds-  
dóttur.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður til minningar um Ingibjörgu Geirþrúði (Stellu) Guð-  
mundsdóttir af foreldrum hennar Guðmundi Péturssyni kaupmanni og konu hans  
Þorgerði Bogadóttur.

Stofnfé sjóðsins er 10 000 krónur.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja bágstadda sjúklinga í Sjúkrahúsi Ísafjarðar, og skulu þeir ganga fyrir, sem mestir eru einstæðingar eða af öðrum ástæðum mest hjálparþurfi að álitu sjúkrahússlæknis og yfirhjúkrunarkonu.

## 3. gr.

## 4. gr.

Sjóðinn skal ávaxta á tryggilegan hátt.

## 5. gr.

Vaxtatekjur sjóðsins skal fyrst í stað leggja við höfuðstólinn. Gefendur hafa ákveðið að leggja fram árlega 500 kr. til úthlutunar meðan þeim endist líf og heilsa og eru þess umkomin, og má ekki skerða sjóðinn eða vaxtatekjurnar meðan það verður.

Þegar gefendur hætta að leggja fram þetta framlag, má verja  $\frac{3}{4}$  af tekjum sjóðsins til styrkveitinga árlega, en  $\frac{1}{4}$  skal leggjast við höfuðstólinn. Þegar sjóðurinn er orðinn 25 þús. kr. má verja  $\frac{1}{2}$  teknanna til styrkveitinga.

## 6. gr.

Úthlutun úr sjóðnum skal fara fram 26. janúar ár hvert, en þessi dagur er afmælisdagur Stellu. Fyrsta úthlutunin fór fram 26. janúar 1949.

## 7. gr.

Styrkveitingum úr sjóðnum má aldrei verja til annars en persónulegra þarfa styrkþeganna, t. d. má ekki nota þær til greiðslu daggjalda eða annars kostnaðar við sjúkrahússdvölinu, né greiðslu annarra skulda.

## 8. gr.

Sjóðnum stjórna yfirlæknir Sjúkrahúss Ísafjarðar og yfirhjúkrunarkona. Enn fremur Guðmundur Pétursson meðan hans nýtur við, en eftir hans dag tekur sóknarprestur Ísafjarðar sæti í stjórninni.

Störf stjórnarinnar eru:

1. að sjá um að sjóðurinn sé ávallt geymdur á tryggum stað,
  2. að stuðla að því, að afla sjóðnum tekna með því að kynna hlutverk hans,
  3. að skrá í bók reikninga sjóðsins og allar ákvarðanir um sjóðinn og starfrækslu hans,
  4. að sjá um að skipulagsskránni verði framfylgt.
- Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.  
Reikninga sjóðsins ber að endurskoða árlega.

## 9. gr.

Leita skal stjórnarstaðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 30. apríl 1949.

Þorgerður Bogadóttir.

Guðmundur Pétursson.

**S A M Þ Y K K T**

73

28. maí

**um forkaupsrétt og forleigurétt á lóðum í Hvammstangakaupþúni.**

Samkvæmt heimild í lögum nr. 22 frá 23. júní 1932, um forkaupsrétt kaupstaða og kaupþúna á hafnarmannvirkjum o. fl., hefur hreppsnefnd Hvammstangahrepps samþykkt á fundi sínum 11. maí 1949 að áskilja Hvammstangahreppi forkaups- og forleigurétt á eftirtöldum lóðum og fasteignum á verzlunarlóð kaupþúnsins.

1. Eignar- og leigulóðir Kaupfélags Vestur-Húnvetninga, sem að sjó liggja ásamt mannvirkjum.
2. Leigulóðir Sigurðar Davíðssonar norðan Syðri-Hvammsár, ásamt mannvirkjum.
3. Fasteignin „Bakki“ með leigulóð, eigandi Ketilríður Einarsdóttir.
4. Fasteignin „Pósthús“ með leigulóð, eigandi Björn P. Blöndal.
5. Fasteignin „Árbakki“ með leigulóð, eigandi Auðbjörg Gunnlaugsdóttir.
6. Fasteignin „Hvammur“ með leigulóð, eigandi Hannes Jónsson.
7. Fasteignin „Móberg“ með leigulóð, eigandi Magnús Guðjónsson.
8. Fasteignin „Melar“ með leigulóð, eigandi d/b Jóhannesar Eggertssonar.
9. Fasteignin „Gilsbakki“ með leigulóð, eigandi Magnús Guðjónsson.
10. Tún sunnan og vestan Gilsbakkalóðar, eigandi Sigurður Davíðsson.
11. Fasteignin „Arnes“ með leigulóð, eigandi Sigurður Tryggvason.
12. Fasteignin „Bakki“ með leigulóð, eigandi Sigurrós Sigurðardóttir.
13. Allar lóðir og fasteignir Sigurðar Pálmasonar.
14. Land Sigurðar Davíðssonar meðfram höfninni norðan „Kúskeljakletts“.
15. Fasteignin „Guðmundarhús“ með leigulóð, eigandi Jóhann Benediktsson.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi og gildir í 5 ár frá dagsetningu hennar að telja. Birtist hún hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 28. maí 1949.*

**Stefán Jóh. Stefánsson.**

*Jónas Guðmundsson.*

**S A M Þ Y K K T**

74

31. maí

**um fjárskipti á Snæfellsnesi á svæðinu vestan varnargirðingar úr Skógarnesi í Álftafjörð.****1. gr.**

Svæði það sem samþykkt þessi nær til er (hreppar og hreppshlutar): Miklaholtshreppur, Staðarsveit, Breiðuvíkurreppur, Neshreppur, Ytri Ólafsvíkurreppur, Fróðárhreppur, Eyrarsveit, Helgafellssveit og Stykkishólmur.

**2. gr.**

Útrýming alls sauðfjár og geitfjár á þessu svæði skal fara fram haustið 1949, eða svo fljótt sem við verður komið. Fjáfjöldi á svæðinu um síðastliðin áramót var um 12000.

**3. gr.**

Fulltrúaráð fjárskiptanna skipa 24 menn eða 3 fyrir hvern hrepp og hlutfallslega hreppshluta, samkvæmt 25. gr. laga nr. 44 9. maí 1947, og jafn margir til vara. Framkvæmdanefnd skipa 3 menn og aðrir 3 til vara, kosnir af fulltrúaráði.



Aðalstörf fjárskiptanefndar eru:

- a. Að sjá um fullkomna eyðingu hins gamla fjárstofns á sem hagfelldastan hátt;
- b. að sjá um að einangrun svæðisins sé tryggð eftir þörfum;
- c. að beita sér fyrir kaupum á ósýktu fé inn á svæðið, og sjá yfirleitt um að allar framkvæmdir séu í sem beztu lagi og í samræmi við gildandi lög og fyrirmæli.

5. gr.

Sameiginlegur kostnaður sem tilheyrir fjárkaupunum og ekki greiðist úr ríkissjóði (ríkissjóður greiðir flutningskostnað lamba) skal jafna niður á innkeypt fé.

6. gr.

Fjárskiptanefnd skal starfa að málefnum fjárskiptasvæðisins í samráði við sauðfjársjúkdómanefnd og framkvæmdastjóra hennar.

Samþykkt þessi, sem er sett samkvæmt lögum nr. 44 9. maí 1947, um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnumálaráðuneytið, 31. maí 1949.*

**Bjarni Ásgeirsson.**

*Árni G. Eylands.*

## SAMÞYKKT

um fjárskipti á svæðinu milli Héraðsvatna og varnargirðinga í Eyjafirði.

1. gr.

Svæði það, sem samþykkt þessi nær til, er (hreppar og hreppshlutar): Holts- hreppur, Haganeshreppur, Fellshreppur, Hofshreppur, Hofsóshreppur, Hólahreppur, Viðvíkurhreppur og Akrahreppur í Skagafjarðarsýslu, Saurbæjarhreppur og tveir bæir úr Öngulstaðahreppi og fjórir úr Hrafnagilshreppi framan girðingar, Glæsi- bæjarhreppur norðan varnargirðingar, Öxnadalshreppur Skriðuhreppur, Arnarnes- hreppur, Árskógshreppur, Svarfaðardalshreppur, Dalvíkurhreppur og Hriseyjar- hreppur í Eyjafjarðarsýslu, lögsagnarumdæmi Siglufjarðar og Ólafsfjarðar.

2. gr.

Útrýming alls sauðfjár og geitfjár á þessu svæði skal fara fram haustið 1949, eða svo fljótt, sem við verður komið. Svæðið skal vera sauðlaust eitt ár. Þó skal sauðfjársjúkdómanefnd og framkvæmdanefnd fjárskiptanna á svæðinu heimilt, að undangenginni ýtarlegri rannsókn, að draga um eitt ár slátrun á þeim svæðum, sem sannað verður, að mæðiveiki eða garnaveiki hefur ekki orðið vart, eða taka þar inn nýjan fjárstofn sama haust og niðurskurður fer fram.

3. gr.

Fulltrúaráð fjárskiptanna skipa 57 menn, eða þrír fyrir hvern hrepp og bæjar- félag, samkvæmt 25. gr. laganna, og jafnmargir til vara. Framkvæmdanefnd skipa 5 menn, og aðrir 5 til vara, kosnir af fulltrúaráði.

## 4. gr.

75

31. maí

Aðalstörf fjárskiptanefndar eru:

- a. Að sjá um fullkomna eyðingu hins gamla fjárstofns á sem hagfelldastan hátt;
- b. að sjá um að einangrun svæðisins sé tryggð eftir þörfum;
- c. að beita sér fyrir kaupum á ósýktu fé inn á svæðið, fyrst og fremst frá Vestfjörðum;
- d. að sjá yfirleitt um að allar framkvæmdir séu í sem beztu lagi og í samræmi við gildandi lög og fyrirmæli.

## 5. gr.

Sameiginlegur kostnaður, sem tilheyrir fjárkaupunum og ekki greiðist úr ríkissjóði (ríkissjóður greiðir flutningskostnað lamba) skal jafna niður á innkeypt fé. Annar kostnaður skiptist niður á hreppana og bæjarfélögin í hlutfalli við bóta-skylda fjártölu þeirra.

## 6. gr.

Fjárskiptanefnd skal starfa að málefnum fjárskiptasvæðisins í samráði við sauðfjársjúkdómanefnd og framkvæmdastjóra hennar. Auk þess skal framkvæmdanefnd beita áhrifum sínum til aukinna tekjumöguleika fyrir þá bændur, sem ekki hafa aðstöðu til mjólkursölu eða annarrar tekjuöflunar, t. d. með því, að hlutast til um að þeir við fjárskiptin fái hlutfallslega fleiri líflömb, og á annan hátt eftir því sem fært þykir.

Samþykkt þessi, sem er sett samkvæmt lögum nr. 44 9. maí 1947, um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnumálaráðuneytið, 31. maí 1949.*

**Bjarni Ásgeirsson.**

Árni G. Eylands.

## REIKNINGUR

76

yfir tekjur og gjöld Minningarsjóðs Flekkudalshjóna árið 1948.

## T e k j u r :

1. Eign í ársbyrjun:	
Innstæða í Söfnunarsjóði .....	kr. 48073.98
2. Vextir .....	— 2266.56
	<hr/>
	Kr. 50340.54

## G j ö l d :

1. Úthlutað Ingibjörgu Halldórsdóttur .....	kr. 2000.00
2. Eign í árslok:	
Innstæða í Söfnunarsjóði .....	— 48340.54
	<hr/>
	Kr. 50340.54

Biskupinn yfir Íslandi, Reykjavík, 19. janúar 1949.

**Sigurgeir Sigurðsson.**

77

**REIKNINGUR**

yfir tekjur og gjöld Gjafasjóðs Thoru Melsted árið 1948.

		T e k j u r :	
1. Eign í ársbyrjun:			
Innstæða í Söfnunarsjóði .....			kr. 1852.52
2. Vextir .....			— 88.89
			Kr. 1941.41
		G j ö l d :	
Eign í árslok:			
Innstæða í Söfnunarsjóði .....			kr. 1941.41
			Kr. 1941.41

Biskupinn yfir Íslandi, Reykjavík, 25. janúar 1949.

Sigurgeir Sigurðsson.

78

**REIKNINGUR**

yfir tekjur og gjöld hins Almenna kirkjusjóðs Íslands 1948.

		T e k j u r :	
1. Eign í ársbyrjun .....			kr. 1320131.06
2. Innlög á árinu .....			— 342558.17
3. Vextir á árinu:			
a. Af lánum .....		kr. 15852.44	
b. — skuldabréfum .....		— 30880.00	
c. — innstæðu í Landsbanka Íslands .....		— 5041.48	
			— 51773.92
4. Endurgreitt af lánum .....			— 26313.33
5. Til jafnaðar við gjaldalið 2 .....			— 67000.00
6. Til jafnaðar við gjaldalið 4. ....			— 52637.93
			— 1643991.25
		G j ö l d :	
1. Úttekið af innstæðum .....			Kr. 1860414.41
2. Lán veitt á árinu .....			kr. 64060.00
3. Kostnaður .....			— 6411.90
4. Vaxtaafgangur .....			— 52637.93
5. Til jafnaðar við tekjulið 4 .....			— 26313.33
6. Eign í árslok:			
a. Í lánum .....		kr. 390540.88	
b. Í verðbréfum .....		— 850100.00	
c. Í Landsbanka Íslands .....		— 403350.37	
			— 1643991.25

Kr. 1860414.41

Biskupinn yfir Íslandi, Reykjavík, 19. janúar 1949.

Sigurgeir Sigurðsson.

## SKÝRSLA

78

um eign kirkna í hinum Almenna kirkjusjóði árið 1948.

Kirkjur	Eign í árs- lok 1947		Tekið út	Vextir á árinu		Eign í árs- lok 1948
	Kr.	au.		Kr.	au.	
<b>N.-Múlaprófastsdæmi:</b>						
1. Skeggjastaðakirkja ..	5346.44	3801.38	—	309.05	9456.87	
2. Hofteigskirkja .....	3261.00	400.00	—	114.13	3775.13	
3. Kirkjubæjarkirkja ..	11172.42	718.75	—	391.03	12282.20	
4. Hjaltastaðarkirkja ...	2863.88	718.75	—	100.24	3682.87	
5. Eiðakirkja .....	1521.27	718.75	—	53.24	2293.26	
6. Ásskirkja í Fellum ..	7988.74	80.50	—	279.61	8348.85	
7. Valþjófsstaðarkirkja .	2999.77	80.50	1800.00	89.24	1369.51	
8. Hofskirkja í V.f. ....	2932.79	—	—	102.65	3035.44	
9. Sleðbrjótiskirkja .....	456.78	1018.75	—	16.04	1491.57	
<b>S.-Múlaprófastsdæmi:</b>						
10. Vallanesskirkja .....	9.00	—	—	0.31	9.31	
11. Þingmúlakirkja .....	954.87	—	—	33.42	988.29	
12. Klippstaðarkirkja ...	913.40	—	—	31.97	945.37	
13. Vestdalseyrarkirkja ..	39.18	—	—	1.37	40.55	
14. Mjóafjarðarkirkja ...	2.45	—	—	—	2.45	
15. Neskirkja í Norðf. ..	21.17	250.00	—	0.74	271.91	
16. Stöðvarkirkja .....	20.30	—	—	0.71	21.01	
17. Eydalakirkja .....	12702.30	—	—	444.58	13146.88	
18. Hofskirkja í Álftaf. .	670.08	125.00	—	23.45	818.53	
19. Kolfreyjustaðarkirkja	924.40	800.00	—	55.68	1780.08	
20. Djúpavogskirkja ....	—	125.00	—	—	125.00	
21. Berufjarðarkirkja ...	—	125.00	—	—	125.00	
22. Berunesskirkja .....	—	125.00	—	—	125.00	
<b>A.-Skaftafellsprófastsd.:</b>						
23. Stafafellskirkja .....	5528.55	1235.00	—	193.50	6957.05	
24. Einholtskirkja .....	1.24	—	—	—	1.24	
25. Kálfafellsstaðarkirkja	82.30	—	—	2.88	85.18	
26. Hofskirkja í Örafum	11678.96	520.00	—	408.76	12607.72	
27. Kirkjusjóður Hafnar í Hornafirði .....	16364.87	2000.00	—	607.77	18972.64	
28. Bjarnanesskirkja ....	—	1235.00	—	—	1235.00	
<b>V.-Skaftafellsprófastsd.:</b>						
29. Prestsbakkakirkja ...	7002.91	3750.00	—	245.10	10998.01	
30. Reyniskirkja .....	4.23	2612.70	—	—	2616.93	
31. Grafarkirkja .....	3038.22	2846.66	—	106.33	5991.21	
32. Kálfafellskirkja .....	2045.39	3750.00	—	71.59	5866.98	

78

Kirkjur	Eign í árs- lok 1947		Tekið út	Vextir	Eign í árs- lok 1948	
	Kr.	au.				Kr.
33. Skeiðflatarkirkja ....	125.52		2612.69	—	4.40	2742.61
34. Langholtskirkja .....	8278.26		2846.67	—	289.74	11414.67
35. Þykkvabæjarkirkja ..	—		2846.67	—	—	2846.67
36. Víkurkirkja .....	—		2612.70	—	—	2612.70
<b>Rangárvallaprófastsd.:</b>						
37. Stórólshvolskirkja ..	949.90		838.00	—	33.25	1821.15
38. Oddakirkja .....	80.08		838.00	—	2.80	920.88
39. Keldnakirkja (bygg- ingarsjóður) .....	12666.43		838.00	—	44.32	2148.75
40. Kálholt skirkja .....	121.10		1125.00	—	4.23	1250.33
41. Háabæjarkirkja .....	—		1125.00	—	—	1125.00
42. Árbæjarkirkja .....	—		1125.00	—	—	1125.00
43. Krosskirkja .....	3291.99		1220.50	—	115.22	4627.71
44. Akureyjarkirkja .....	—		1220.50	—	—	1220.50
45. Ásólfskálakirkja ....	25.23		2555.59	—	0.88	2581.70
46. Eyvindarhólakirkja ..	6406.26		2555.59	—	224.22	9186.07
47. Stóradalskirkja .....	3803.04		2555.58	—	133.11	6491.73
48. Breiðabólstaðarkirkja	33.71		1249.94	—	1.28	1284.93
49. Hlíðarendakirkja ....	—		1249.94	—	—	1249.94
50. Skarðskirkja .....	4436.61		2701.20	—	159.38	7297.19
51. Marteinstungukirkja .	—		1981.00	—	—	1981.00
52. Hagakirkja .....	—		1981.00	—	—	1981.00
53. Landakirkja í Vestm.	22.43		—	—	0.78	23.21
54. Voðmúlstaðakapella .	956.68		215.00	—	37.40	1209.08
<b>Árnessprófastsdæmi:</b>						
55. Mosfellskirkja í Grn. .	10837.33		187.50	10500.00	257.46	782.29
56. Klausturhólakirkja ..	688.50		4687.50	—	24.10	5400.10
57. Búrfellskirkja .....	—		187.50	—	—	187.50
58. Miðdalskirkja .....	2748.89		187.50	—	96.21	3032.60
59. Þingvallakirkja .....	1099.86		600.00	—	38.50	1738.36
60. Úlfliótsvatnskirkja ..	—		600.00	—	—	600.00
61. Strandarkirkja .....	557444.78		80005.83	7000.00	19549.24	649999.85
62. Kotstrandarkirkja ...	50.11		1103.34	—	1.75	1155.20
63. Hjallakirkja .....	12.70		1103.33	—	0.44	1116.47
64. Haukadalskirkja .....	182.09		525.00	—	6.37	713.46
65. Torfastaðakirkja ....	—		525.00	—	—	525.00
66. Bræðratungukirkja ..	—		525.00	—	—	525.00
67. Úthlíðarkirkja .....	6523.71		525.00	—	228.32	7277.03
68. Skálholtskirkja .....	107.42		525.00	—	3.76	636.18
69. Gaulverjabæjarkirkja.	7447.28		2800.00	—	260.65	10507.93
70. Stokkseyrarkirkja ...	150.69		800.00	—	5.28	955.97
71. Eyrarbakakirkja ....	4690.35		800.00	—	164.16	5654.51
72. Hraungerðiskirkja ...	1173.81		751.34	—	41.08	1966.23

Kirkjur	Eign í árs- lok 1947		Tekið út		Vextir		Eign í árs- lok 1948	
	Kr.	au.	Kr.	au.	Kr.	au.	Kr.	au.
73. Laugardælakirkja ....	-	751.33	-	-	-	-	751.33	
74. Villingaholtskirkja ..	-	751.33	-	-	-	-	751.33	
75. Ólafsvallakirkja .....	2735.83	250.00	2500.00	-	71.81	-	557.64	
76. Stóra-Núpskirkja ....	-	250.00	-	-	-	-	250.00	
77. Hrepphóla kirkja ....	-	250.00	-	-	-	-	250.00	
78. Hrunakirkja .....	-	1350.00	-	-	-	-	1350.00	
79. Tungufellskirkja ....	-	1350.00	-	-	-	-	1350.00	
<b>Kjalarnessprófastsdæmi:</b>								
80. Grindavíkurkirkja ...	1979.04	753.75	-	-	69.26	-	2802.05	
81. Kirkjuvogskirkja .....	-	753.75	-	-	-	-	753.75	
82. Brautarholt skirkja ..	281.74	366.67	-	-	10.03	-	658.44	
83. Lágafellskirkja .....	1094.82	366.67	1000.00	-	29.57	-	491.06	
84. Viðeyjarkirkja .....	-	366.66	-	-	-	-	366.66	
85. Njarðvíkurkirkja ....	65.55	242.81	-	-	2.30	-	310.66	
86. Útskálakirkja .....	9.82	262.82	-	-	0.58	-	273.22	
87. Hvalsnesskirkja .....	117.68	392.81	-	-	7.03	-	517.52	
88. Keflavíkurkirkja ....	-	242.81	-	-	-	-	242.81	
89. Kálfatjarnarkirkja ...	901.50	-	800.00	-	31.55	-	133.05	
90. Hafnarfjarðarkirkja .	16933.20	-	-	-	592.46	-	17525.66	
91. Saurbæjark., Kjalarn.	10.48	1798.50	-	-	0.37	-	1809.35	
92. Reynivallakirkja ....	3439.85	1798.50	-	-	120.40	-	5358.75	
<b>Reykjavíkurprófastsd.:</b>								
93. Dómkirkjan .....	162810.41	-	30000.00	-	5610.86	-	138421.27	
<b>Borgarfjarðarprófastsd.:</b>								
94. Saurbæjarkirkja ....	2785.90	500.00	-	-	97.50	-	3383.40	
95. Leirárkirkja .....	-	500.00	-	-	-	-	500.00	
96. Hallgrímsk. í Saurbæ	50576.71	1575.00	-	-	1770.18	-	53921.89	
97. Reykholt skirkja .....	6799.53	1600.00	-	-	243.82	-	8643.35	
98. Stóra-Ásskirkja .....	-	600.00	-	-	-	-	600.00	
99. Gilsbakkakirkja .....	5651.98	600.00	-	-	197.82	-	6449.80	
100. Síðumúlakirkja .....	1176.00	600.00	-	-	41.16	-	1817.16	
101. Lundarkirkja .....	13.68	1796.20	-	-	0.47	-	1810.35	
102. Bæjarkirkja .....	49.43	1796.20	-	-	1.73	-	1847.36	
103. Hvanneyrarkirkja ....	-	1796.20	-	-	-	-	1796.20	
104. Fitjakirkja .....	-	1796.20	-	-	-	-	1796.20	
<b>Mýraprófastsdæmi:</b>								
105. Stafholt skirkja .....	10467.07	945.00	10460.00	-	122.27	-	1074.34	
106. Hvammskirkja í N.dal	3064.75	1175.00	-	-	110.51	-	4350.26	
107. Norðtungukirkja ....	-	945.00	-	-	-	-	945.00	

Kirkjur	Eign í árslok 1947		Lagt inn		Tekið út		Vextir		Eign í árslok 1948	
	Kr.	au.	Kr.	au.	Kr.	au.	Kr.	au.	Kr.	au.
108. Hjarðarholtskirkja ..	-		945.00		-		-		945.00	
109. Borgarkirkja .....	3927.39		1392.25		-		143.33		5462.97	
110. Álftártungukirkja ....	583.29		1192.25		-		20.41		1795.95	
111. Kirkjusjóður Borgarn.	22550.54		1192.25		-		789.27		24532.06	
112. Álftanesskirkja .....	-		1192.25		-		-		1192.25	
113. Staðarhraunskirkja ..	-		2037.50		-		-		2037.50	
114. Akrakirkja .....	-		2037.50		-		-		2037.50	
<b>Snæfellsnessprófastsd.:</b>										
115. Miklaholtskirkja .....	-		3000.00		-		26.25		3026.25	
116. — viðhaldssjóður ...	-		1000.00		-		-		1000.00	
117. Kolbeinsstaðakirkja .	4.84		2433.33		-		-		2438.17	
118. Ytri-Rauðamelskirkja.	2139.54		2433.33		-		74.88		4647.75	
119. Fáskrúðarbakkakirkja	-		2433.34		-		-		2433.34	
120. Breiðabólsstaðarkirkja	4369.45		700.00		-		152.93		5222.38	
121. Narfeyrarkirkja .....	944.94		700.00		-		33.07		1678.01	
122. Setbergskirkja .....	1129.44		-		-		39.53		1168.97	
123. Kirkjusj. Kviabryggju	8388.34		-		-		293.59		8681.93	
124. Kirkjusj. Grafarness .	3535.00		1480.00		-		128.04		5143.04	
125. Ólafsvíkurkirkja ....	-		900.00		-		-		900.00	
126. Ingjaldshólskirkja ...	-		900.00		-		-		900.00	
127. Brimilsvallakirkja ...	-		900.00		-		-		900.00	
128. Helgafellskirkja .....	153.38		166.67		-		5.37		325.42	
129. Stykkishólmskirkja ..	-		166.67		-		-		166.67	
130. Bjarnarhafnarkirkja .	-		166.66		-		-		166.66	
131. Hellnakirkja .....	90.00		900.00		-		3.15		993.15	
132. Búðakirkja .....	22500.00		900.00		-		787.50		24187.50	
133. Staðastaðarkirkja ....	-		900.00		-		-		900.00	
<b>Dalaprófastsdæmi:</b>										
134. Stóra-Vatnshornsk. ..	27.34		1937.50		-		0.96		1965.80	
135. Snóksdalskirkja .....	5244.44		1937.50		-		183.56		7365.50	
136. Kvinnabrekkukirkja .	-		1937.50		-		-		1937.50	
137. Hjarðarholtskirkja ..	-		1937.50		-		-		1937.50	
138. Hvammskirkja .....	48.85		1400.00		-		1.71		1450.56	
139. Dagverðarnesskirkja .	-		1400.00		-		-		1400.00	
140. Staðarfellskirkja ....	-		1400.00		-		-		1400.00	
141. Staðarhólskirkja ....	244.76		3300.00		-		8.56		3553.32	
142. Skarðskirkja .....	-		3300.00		-		-		3300.00	
143. Garpsdalskirkja .....	-		3300.00		-		-		3300.00	
<b>Barðastrandarprófastsd.:</b>										
144. Bildudalskirkja .....	226.24		-		-		7.92		234.16	
145. Selárdalskirkja .....	5913.19		-		-		206.96		6120.15	

Kirkjur	Eign í árslok 1947		Tekið út		Vextir		Eign í árslok 1947	
	Kr.	au.	Kr.	au.	Kr.	au.	Kr.	au.
146. Sauðlauksdalskirkja .	4173.00		1873.34		—		148.50	6194.84
147. Saurbæjarkirkja .....	—		1753.33		—		—	1753.33
148. Breiðavíkurkirkja ...	—		1753.33		—		—	1753.33
149. Staðarkirkja á Reykjan.	1740.89		556.54		—		62.61	2360.04
150. Reykhólakirkja .....	1537.68		458.33		—		54.82	2050.83
151. Gufudalskirkja .....	1367.72		458.33		—		47.86	1873.91
152. Flateyrarkirkja .....	374.80		510.00		—		13.17	897.97
153. Skálmárnessmúlak. ..	—		500.00		—		—	500.00
154. Brjánslækjarkirkja ..	21.65		750.00		—		0.75	772.40
155. Hagakirkja .....	—		750.00		—		—	750.00
156. Stóra-Laugardalsk. ..	2037.44		960.00		—		81.81	3079.25
157. Eyrarkirkja .....	—		560.00		—		—	560.00
<b>V.-Ísafjarðarprófastsd.:</b>								
158. Holtsk. í Önundarf. .	1960.39		348.10		—		70.79	2379.28
159. Flateyrarkirkja .....	—		280.00		—		—	280.00
160. Kirkjubólaskirkja ....	—		280.00		—		—	280.00
161. Mýrakirkja .....	19238.89		4451.47		—		673.36	24363.72
162. Sæbólaskirkja .....	459.68		1451.46		—		16.08	1927.22
163. Núpaskirkja .....	67.95		1451.47		—		2.38	1521.80
164. Hraunskirkja .....	5512.86		925.00		—		199.49	6637.35
165. Þingeyrarkirkja .....	—		375.00		—		—	375.00
166. Staðark. í Súgandaf. .	121.40		—		—		4.25	125.65
<b>N.-Ísafjarðarprófastsd.:</b>								
167. Ísafjarðarkirkja .....	43044.87		—		—		1506.57	44551.44
168. Vatnsfjarðarkirkja ..	1433.66		2341.67		—		50.17	3825.50
169. Nauteyrarkirkja .....	—		2341.67		—		—	2341.67
170. Unaðsdalskirkja ....	—		2341.66		—		—	2341.66
171. Hólskirkja í Bolungav.	—		1150.00		—		—	1150.00
172. Ögurkirkja .....	—		3090.00		—		—	3090.00
173. Eyrarkirkja .....	—		3090.00		—		—	3090.00
<b>Strandaprófastsdæmi:</b>								
174. Staðarkirkja í Steingrf.	6990.39		800.00		—		263.32	8053.71
175. Prestsbakkakirkja ...	4722.57		—		—		165.29	4887.86
176. Staðarkirkja í Hrutaf.	1327.22		—		—		46.45	1373.67
177. Árnesskirkja .....	6989.08		—		—		244.61	7233.69
178. Óspakseyrarkirkja ..	16.26		575.00		—		0.57	591.83
179. Kollafjarðarnesskirkja	—		575.00		—		—	575.00
<b>Húnavatnsprófastsdæmi:</b>								
180. Staðarbakkakirkja ...	81.41		125.00		—		2.84	209.25
181. Melstaðarkirkja .....	3.15		125.00		—		—	128.15



78

Kirkjur	Eign í árslok 1947		Tekið út	Vextir		Eign í árslok 1948	
	Kr.	au.		Kr.	au.	Kr.	au.
182. Efra-Núpskirkja . . . .	32.69	125.00	-	1.14	158.83		
183. Kirkjuhvammskirkja .	-	125.00	-	-	125.00		
184. Hofskirkja á Skg. . . . .	2008.70	-	-	70.30	2079.00		
185. Höskuldsstaðakirkja .	4158.87	1400.00	-	145.56	5704.43		
186. Spákonufellskirkja ..	22.53	-	-	0.79	23.32		
187. Bergsstaðakirkja . . . .	1270.12	3823.34	-	127.87	5221.33		
188. Bólsstaðarhlíðarkirkja	-	1223.33	-	-	1223.33		
189. Holtastaðakirkja . . . .	-	1223.33	-	-	1223.33		
190. Blönduósskirkja . . . . .	5118.33	266.67	-	179.14	5564.14		
191. Þingeyrakirkja . . . . .	-	266.67	-	-	266.67		
192. Undirfellskirkja . . . . .	-	266.66	-	-	266.66		
193. Tjarnarkirkja á Vn. .	3.94	-	-	-	3.94		
194. Auðkúlukirkja . . . . .	2455.83	1000.00	-	85.95	3541.78		
195. Svinavatnskirkja . . . .	-	1000.00	-	-	1000.00		
<b>Skagafjarðarprófastsd.:</b>							
196. Sauðárkróskirkja ..	7123.29	540.00	-	249.31	7912.60		
197. Reynisstaðarkirkja ..	-	540.00	-	-	540.00		
198. Glaumbæjarkirkja ...	18.09	337.50	-	0.63	356.22		
199. Viðimýrarkirkja . . . . .	54.91	337.50	-	1.92	394.33		
200. Mælifellskirkja . . . . .	41.02	559.50	-	1.43	601.95		
201. Reyjakirkja . . . . .	-	559.50	-	-	559.50		
202. Goðdalakirkja . . . . .	2236.38	559.50	-	78.27	2874.15		
203. Ábæjarkirkja . . . . .	-	559.50	-	-	559.50		
204. Fellskirkja í Slhl. ...	13.00	375.00	-	0.45	388.45		
205. Hofskirkja . . . . .	-	375.00	-	-	375.00		
206. Miklabæjarkirkja . . . .	2102.88	633.34	-	73.60	2809.82		
207. Flugumýrarkirkja ...	33.49	633.33	-	1.17	667.99		
208. Silfrastaðakirkja . . . .	-	633.33	-	-	633.33		
209. Barðskirkja . . . . .	3366.23	375.00	-	117.82	3859.05		
210. Knappstaðakirkja . . . .	1014.51	375.00	-	35.51	1425.02		
211. Ketukirkja . . . . .	1280.99	-	-	44.83	1325.82		
212. Hvammskirkja í Laxd.	661.72	-	-	23.15	684.87		
213. Viðvíkurkirkja . . . . .	1182.34	250.00	-	41.38	1473.72		
214. Hólakirkja . . . . .	130.20	250.00	-	4.56	384.76		
215. Rípurkirkja . . . . .	13.95	250.00	-	0.49	264.44		
216. Hofsstaðakirkja . . . .	-	250.00	-	-	250.00		
<b>Eyjafjarðarprófastsd.:</b>							
217. Grímseyjarkirkja . . . .	37.95	2787.50	-	1.33	2826.78		
218. Glæsibæjarkirkja . . . .	250.39	3200.00	-	8.76	3459.15		
219. Lögmannshlíðarkirkja	214.11	3200.00	-	7.49	3421.60		
220. Akureyrarkirkja . . . .	-	3200.00	-	-	3200.00		
221. Kaupangskirkja . . . . .	12.04	187.50	-	0.42	199.96		
222. Saurbæjarkirkja . . . . .	8732.98	187.50	-	305.65	9226.13		

Kirkjur	Eign í árslok 1947		Lagt inn		Tekið út		Vextir		Eign í árslok 1948	
	Kr.	au.	Kr.	au.	Kr.	au.	Kr.	au.	Kr.	au.
223. Munkaþverárkirkja ..	4401.37		187.50		—		154.04		4742.91	
224. Hólakirkja .....	—		187.50		—		—		187.50	
225. Grundarkirkja .....	—		187.50		—		—		187.50	
226. Möðruvallakirkja .....	—		187.50		—		—		187.50	
227. Bægisárkirkja .....	1000.29		712.50		—		35.01		1747.80	
228. Bakkakirkja .....	—		712.50		—		—		712.50	
229. Vallakirkja .....	55.31		1350.00		—		1.93		1407.24	
230. Tjarnarkirkja .....	17.64		1350.00		—		0.61		1368.25	
231. Stærra-Árskógsk. ....	0.63		1350.00		—		—		1350.63	
232. Hríseyjarkirkja .....	—		1350.00		—		—		1350.00	
233. Urðakirkja .....	—		1350.00		—		—		1350.00	
234. Upsakirkja .....	—		1350.00		—		—		1350.00	
235. Möðruvallakl.kirkja ..	3881.13		—		—		135.84		4016.97	
<b>S.-Þingeyjarprófastsd.:</b>										
236. Laufáskirkja .....	1148.81		1312.50		—		40.21		2501.52	
237. Grenivíkurkirkja ....	139.54		1312.50		—		4.88		1456.92	
238. Þönglabakkakirkja ..	4110.45		1312.50		—		143.87		5566.82	
239. Svalbarðskirkja .....	—		1312.50		—		—		1312.50	
240. Hálskirkja .....	1317.88		693.75		—		46.13		2057.76	
241. Brettingsstaðakirkja .	1968.71		693.75		—		68.90		2731.36	
242. Illugastaðakirkja ....	18.54		693.75		—		0.65		712.94	
243. Draflastaðakirkja ....	—		693.75		—		—		693.75	
244. Þóroddsstaðarkirkja .	339.33		1340.00		—		11.87		1691.20	
245. Ljósavatnaskirkja ....	—		1340.00		—		—		1340.00	
246. Lundarbrekkukirkja .	—		1340.00		—		—		1340.00	
247. Skútustaðakirkja ....	88.21		3364.50		—		3.09		3455.80	
248. Reykjahlíðarkirkja ..	—		3364.50		—		—		3364.50	
249. Grenjaðarstaðarkirkja	5959.30		643.35		—		208.57		6811.22	
250. Nesskirkja .....	264.65		643.35		—		9.26		917.26	
251. Einarsstaðakirkja ....	—		643.35		—		—		643.35	
252. Þverárkirkja .....	—		643.35		—		—		643.35	
253. Flateyjarkirkjusjóður	10266.90		—		—		359.34		10626.24	
<b>N.-Þingeyjarprófastsd.:</b>										
254. Skinnastaðarkirkja ..	1749.39		450.00		—		61.22		2260.61	
255. Presthólakirkja .....	127.99		450.00		—		4.48		582.47	
256. Garðskirkja .....	—		450.00		—		—		450.00	
257. Víðihólskirkja .....	1.38		450.00		—		—		451.38	
258. Ásmundarstaðakirkja	1.19		48.21		—		1.57		50.97	

78

Kirkjur	Eign í árslok 1947		Lagt inn		Tekið út		Vextir		Eign í árslok 1948	
	Kr.	au.	Kr.	au.	Kr.	au.	Kr.	au.	Kr.	au.
259. Svalbarðskirkja .....	8225.52		—		—		287.89		8513.41	
260. Sauðanesskirkja .....	168.72		—		—		5.86		174.58	
Samtals	1268554.93		342558.17		64060.00		44300.22		1591353.32	

Sé vaxtaafgangsupphæðinni, kr. 52637.93, bætt við ofangreinda upphæð, kr. 1591353.32, verður eign sjóðsins í árslok eins og segir í aðalreikningnum, kr. 1643991.25.

Biskupinn yfir Íslandi, Reykjavík, 19. janúar 1949.

Sigurgeir Sigurðsson.

79

## REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Vallholtslegats árið 1948.

### Tekjur:

1. Eign í ársbyrjun:			
a. Veðdeildarbréf .....	kr. 2600.00		
b. Innstæða í Söfnunarsjóði .....	— 6919.45		
c. Innstæða í Landsbanka Íslands .....	— 1796.75		
d. Eignin Ytra-Vallholt .....	— 7100.00		
			kr. 18416.20
2. Vextir á árinu:			
a. Af veðdeildarbréfum .....	kr. 135.00		
b. — innstæðu í Söfnunarsjóði .....	— 332.11		
c. — innstæðu í Landsbanka Íslands .....	— 66.15		
			— 533.26
3. Eftirgjald Ytra-Vallholts .....			— 275.00
			kr. 19224.46

### Gjöld:

1. Úthlutað ekkjum .....	kr. 192.00		
2. Greitt vegna fyrirhleðslu Héraðsvatna .....	— 83.00		
3. Eign í árslok:			
a. Veðdeildarbréf .....	kr. 2600.00		
b. Innstæða í Söfnunarsjóði .....	— 7251.56		
c. Innstæða í Landsbanka Íslands .....	— 1997.90		
d. Eignin Ytra-Vallholt .....	— 7100.00		
			— 18949.46
			kr. 19224.46

Biskupinn yfir Íslandi, Reykjavík, 24. janúar 1949.

Sigurgeir Sigurðsson.

## Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1949.

*Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 85 15. desember 1948, um aðstoð til útvegsmanna, er sildveiðar stunduðu sumarið 1948, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins 29. júní 1949, nr. 72.*

*Bráðabirgðalög um viðauka við lög nr. 100 29. desember 1948, um dýrtíðar-ráðstafanir vegna atvinnuveganna, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins 2. júlí 1949, nr. 73.*

*Bráðabirgðalög um togarakaup ríkisins, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins sama dag, nr. 74.*

*Auglýsing um afnám vegabréfsáritana, undirskrifuð af utanríkisráðherra 10. apríl 1949, nr. 75.*

*Auglýsing um viðskiptasamning milli Íslands og Tékkóslóvakíu, undirskrifuð af utanríkisráðherra 31. maí 1949, nr. 76.*

*Auglýsing um viðskiptasamning milli Íslands og Hollands, undirskrifuð af utanríkisráðherra sama dag, nr. 77.*

*Tilskipun um viðauka við tilskipun nr. 8 11. apríl 1933, um alþjóðlegar sjóferðareglur, sem fylgt skal á íslenskum skipum, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins 29. júní 1949, nr. 78.*

*Auglýsing um viðskiptasamning milli Íslands og Danmerkur, undirskrifuð af utanríkisráðherra 9. júlí 1949, nr. 79.*

## REGLUGERÐ

80

25. maí

### um blöndun undanrennudufts í brauð og aðrar brauðgerðarvörur.

#### 1. gr.

Landbúnaðarráðherra getur ákveðið með auglýsingu að blanda skuli íslenzku undanrennudufti í öll brauð, sem bökuð eru eingöngu eða aðallega úr hveiti, svo sem heilhveitibrauð, franskbrauð, kringlur, skonrok og tvíbökur. Magn duftsins skal ákveðið og tilgreint í hundraðshlutum af þurrefni brauðs.

#### 2. gr.

Á sama hátt getur landbúnaðarráðherra ákveðið að blanda skuli íslenzku undanrennudufti í kökutegundirnar: jólakaka, sódakaka, vinarbrauð og aðrar þær kökutegundir, sem bakaðar eru úr vinarbrauðsdeigi, enn fremur í allar tegundir af kexi.

Magn duftsins skal ákveðið í hundraðshlutföllum af þurrefni í kökum og kexi.

Rísi ágreiningur út af því, hvort einhver vörutegund sé brauð eða kaka, sker landbúnaðarráðherra úr ágreiningnum.

#### 3. gr.

Landbúnaðarráðherra ákveður með auglýsingu, hve miklu magni af þurrmjólkurdufti skuli blanda í brauð og kökur, samkvæmt ákvæðum 1. og 2. greinar þessarar reglugerðar. Ráðherra getur einnig með auglýsingu ákveðið nánar um tegundir af brauði, kökum og kexi, sem skylt er að blanda í undanrennudufti, allt eftir því sem henta þykir á hverjum tíma með tilliti til framleiðslu þurrmjólkur og hollustu brauðvara.

#### 4. gr.

Í allt hrökkbrauð, sem bakað er úr rúgi, hveiti eða höfrum, og annað brauð, sem bakað er með svipuðum hætti, skal blanda svo miklu af íslenzku undanrennudufti, að í þurrefni brauðsins séu að minnsta kosti 10% af undanrennudufti.

80

25. maí

Undanrennuduft það, sem notað er í brauð og aðrar brauðgerðarvörur samkvæmt reglugerð þessari, skal fullnægja skilyrðum þeim um samsetningu og hreinleika, sem sett eru í reglugerð nr. 136 frá 19. október 1946, um mjólk og mjólkurvörur.

6. gr.

Eftirlitsmaður sá, sem um getur í 3. tölulið 17. gr. reglugerðar nr. 136 frá 19. október 1946, um mjólk og mjólkurvörur, skal hafa eftirlit með því. að ákvæðum reglugerðar þessarar sé hlýtt. Eftirlitsmanni skal jafnan heimilt að taka sýnishorn af brauði eða brauðaefti til rannsóknar. Brauðgerðarmönnum er skylt að veita eftirlitsmanni allar þær upplýsingar um framleiðsluna, sem hann óskar og starf hans varðar, og skal honum jafnan heimilt að athuga viðskiptabækur brauðgerðarhúsa.

7. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum frá 100 til 5000 króna, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum.

8. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 22 13. janúar 1938, um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að fyrirskipa blöndun á þurrmjólk í brauð í brauðgerðarhúsum, og til þess að ákveða hámarksverð á brauði og þurrmjólk.

Reglugerðin öðlast gildi 1. júní 1949.

*Landbúnaðarráðuneytið, 25. maí 1949.*

**Bjarni Ásgeirsson.**

*Árni G. Eylands.*

81

1. júní

## REGLUGERÐ

fyrir veðmálastarfsemi í sambandi við kappreiðar Hestamannafélagsins „Fákur“ í Reykjavík.

1. gr.

Veðfjárupphæðir greinast í 5 kr., 10 kr., 25 kr. og 50 kr., sem greiðast veðmálastofnuninni gegn afhendingu veðmiða.

2. gr.

Veðjað er um, hver hestur verði hlutskarpastur í hverjum flokki, svo og í úrslitahlaupum.

3. gr.

Veðfjárupphæðum hvers hlaups skal skipt þannig:

- a. 80% skal skipt hlutfallslega á þá upphæð, sem veðjað hefur verið á þann hest, sem vinnur.
- b. Afganginum (20%) skal varið til reksturs kappreiðanna, til viðhalds og umbóta á skeiðvelli félagsins og til reiðveggar Reykvíkinga. Má tillag til reiðveggarins aldrei nema minna en 10% af hagnaði félagsins af veðmálastarfseminni.

4. gr.

Að loknu hverju hlaupi skulu veðmálin reiknuð út, útkoman auglýst og vinningar útborgaðir þegar í stað gegn framvísun veðmiða.

## 5. gr.

Engin upphæð verður endurgreidd af veðfé lögðu á hest, sem hleypur upp eða fer ekki af stað eða af öðrum ástæðum kemur ekki til greina samkvæmt kappreiðareglum félagsins.

81

1. júní

## 6. gr.

Ef hlaup verður ógilt í heild, endurgreiðist veðfé að frádregnum 20%.

## 7. gr.

Vinningar útborgast aðeins í heilum krónum, og er ekki ábyrgt, að innskot fáiast að fullu aftur.

## 8. gr.

Deir, sem veðja, eru í einu og öllu háðir kappreiðareglum félagsins og úrskurðum dómnefndar, t. d. missir hestur rétt til verðlauna, er knapi er dæmdur úr leik o. s. frv.

## 9. gr.

Veðmiðar verða ekki innleystir síðar en 1 klst. eftir síðasta hlaup og því aðeins, að þeir séu með læsilegum tölum.

## 10. gr.

Ungmenni innan 18 ára fá ekki að veðja.

## 11. gr.

Reglugerð þessi gengur í gildi 1. janúar 1949 og gildir til 5 ára.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 23 1945 og birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Í dómsmálaráðuneytinu, 1. júní 1949.*

F. h. r.

**Gústav A. Jónasson.**

*Baldur Möller.*

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir sjóðinn „Kristjónugjöf“, útgefin á venjulegan hátt að mandatunum af dómsmálaráðherra 9. júní 1949.

Skipulagsskráin er þannig:

82

9. júní

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir sjóðinn Kristjónugjöf.

(Eign Kvennaskólans í Reykjavík.)

## 1. gr.

Sjóðurinn heitir Kristjónugjöf og er gefinn Kvennaskólanum í Reykjavík árið 1947 til minningar um frú Kristjönu Sveinbjarnardóttur, Ingibjörgu H. Bjarnason forstöðukonu og Mariu Jóhannsdóttur skáldkonu.

## 2. gr.

Sjóðurinn á að vera í vörzlu Nemendasambands Kvennaskólans í Reykjavík, er kys árlega 4 konur í úthlutunarnefnd, en forstöðukona skólans skal jafnan sjálf-

82 kjörin ásamt þeim í úthlutunarnefnd. Leggist nemendasamband skólans niður, skal 9. júní sjóðurinn vera í vörzlu forstöðukonu, og tilnefnið hún þá 2 fyrrverandi námsmeyjar skólans með sér í úthlutunarnefnd, en námsmeyjar tilnefna 2 úr sínum hópi á því ári, er úthlutun fer fram.

Úthlutun úr sjóðnum skal fara fram í marzmánuði ár hvert.

### 3. gr.

Stjórn Nemendasambands Kvennaskólans skal sjá um ávöxtun á höfuðstóli sjóðsins, og skal hann ávaxtaður í tryggum verðbréfum, sem ábyrgð ríkissjóðs fylgir, eða í Söfnunarsjóði Íslands, eftir því sem þykir henta.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið, og skal árlega birta endurskoðaða reikninga hans í Lögbirtingablaðinu og í skýrslum skólans.

### 4. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða, þar til sjóðurinn nemur kr. 40000.00 — fjörutíu þúsund krónum — skal leggja alla vexti af sjóðnum við höfuðstólinn. Síðan skal leggja  $\frac{1}{2}$  vexti við höfuðstólinn, þar til hann nemur kr. 50000.00 — fimmtíu þúsund krónum —, þá skal leggja  $\frac{1}{3}$  vaxtanna við sjóðinn þar til hann nemur kr. 100000.00 — eitt hundrað þúsund krónum. Eftir það skal leggja  $\frac{1}{10}$  vaxta við höfuðstólinn. Þegar sjóðurinn hefur náð þeirri upphæð, má færa út starfssvið hans, ef ástæða þykir til, en jafnan skal sjóðurinn þó fyrst og fremst vera styrktarsjóður námsmeyja skólans.

### 5. gr.

Þeim hluta vaxta sjóðsins, er eigi skal lagður við höfuðstólinn samkvæmt því, sem fyrir er mælt í 4. gr., skal varið til styrktar fátækum stúlkum, er nám stunda í skólanum af ástundun og dugnaði. Jafnan skal sjá til þess, að styrkur sá, sem úthlutað er, sé það riflegur, að hann komi styrkþegum að verulegu gagni. Styrk úr sjóðnum má og veita námsmeyjum skólans, er lokið hafa námi í skólanum, til framhaldsnáms, bæði hér á landi og erlendis, ef nám þeirra þykir þarft og þær stunda það af ástundun og dugnaði.

### 6. gr.

Umsóknir um styrk úr sjóðnum ber að senda formanni sjóðstjórnar fyrir 20. febrúar og fer úthlutun fram í marzmánuði, eins og fyrir er mælt í 2. gr.

### 7. gr.

Komi það fyrir eitthvert ár, að eigi sé veittur styrkur úr sjóðnum eða ekki eins hárr styrkur og heimilað er í 4. gr., skulu vextir þeir, sem eigi er úthlutað, lagðir við höfuðstólinn.

### 8. gr.

Leggist Kvennaskólinn í Reykjavík niður um skemmri eða lengri tíma, skal ávaxta sjóðinn samkvæmt 3. og 7. gr. Þangað til skólina tekur aftur til starfa eða annar algerlega hliðstæður kvennaskóli í Reykjavík, sem veitir ungum stúlkum kennslu til munns og handa, álíka eða meiri en Kvennaskólinn í Reykjavík gerir nú, og gilda þá ákvæði skipulagsskrár þessarar um stjórn og meðferð sjóðsins og styrkveitingar úr honum.

### 9. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Brynju Hlíðar“, 83  
 útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 9. júní 1949. 9. júní  
 Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Brynju Hlíðar, lyfjafræðings og félagsforingja kvenskátá-  
 félagsins Valkyrjan, Akureyri, er fírst í flugslysi 29. maí 1947.

### 1. gr.

Sjóðurinn heitir: Minningarsjóður Brynju Hlíðar.

### 2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 24225.23 — tuttugu og fjögur þúsund tvö hundruð tuttugu og fimm krónur 23/100 —, sem eru minningargjafir og tekjur af bazar og kaffisölu kvenskátáfélagsins Valkyrjan, Akureyri, og skal stjórn hans skipuð þremur konum, félagsforingja og tveim öðrum, sem kosnar eru af foringjaráði kvenskátáfélagsins Valkyrjan. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum.

Reikningur sjóðsins skal birtur árlega í „Skátablaðinu“.

### 3. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í Landsbanka Íslands, eða annarri tryggri peningastofnun.

### 4. gr.

Sjóðurinn tekur við gjöfum og áheitum þeirra, er vilja efla vöxt hans og styðja tilgang hans. Hann gefur út minningarsþjöld og geta þeir, sem óska að minnast látinna vina og vandamanna, fengið slík þjöld keypt, og greitt fyrir það gjald, er þeim sjálfum lízt. Einnig falla til hans tekjur af fjáröflun félagsins.

### 5. gr.

Sjóðnum skal varið til byggingar félagsheimilis kvenskátáfélagsins Valkyrjan, Akureyri. Má þó aldrei taka meira úr sjóðnum en svo, að 5000 kr. séu eftir. Þegar lokið er greiðslum við byggingu félagsheimilisins, skal ávaxta sjóðinn óskertan þangað til hann nemur 30 þúsund krónum. Má þá verja vöxtum höfuðstólsins til viðhalds og reksturs félagsheimilisins.

### 6. gr.

Komi sú tíð, að ekki sé þörf allra vaxtanna til viðhalds og reksturs félagsheimilisins, má verja þeim til eflingar skátastarfs innan félagsins.

### 7. gr.

Fari svo, að kvenskátáfélagið Valkyrjan hætti störfum, ber Bandalagi íslenskra skáta að varðveita sjóðinn óskertan þangað til:

1. að félagið yrði endurreist;

2. að annað kvenskátáfélag yrði stofnað á Akureyri með sama nafni.

Líði svo 5 ár, að ekkert kvenskátáfélag sé starfandi á Akureyri, er Bandalagi íslenskra skáta heimilt að verja vöxtum sjóðsins í þágu skátamála, þangað til kvenskátáfélag rís upp á Akureyri.

### 8. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Akureyri, 9. nóvember 1948.

**Margrét Hallgrímsdóttir**, félagsforingi.



84

10. júní

**REGLUGERÐ**

um úthlutun og dreifingu smærri dráttarvéla til landbúnaðarþarfa.

Samkvæmt 12. gr. laga nr. 43 23. maí 1949, um innflutning og úthlutun jeppa-bifreiða til landbúnaðarþarfa o. fl., eru hér með sett eftirfarandi ákvæði.

1. gr.

Nefnd sú, er um ræðir í 2. gr. laga nr. 43/1949, skal auk úthlutunar bifreiða hafa með höndum úthlutun smærri dráttarvéla, er fluttar verða til landsins eftir að reglugerð þessi öðlast gildi og ekki hefur þá þegar verið úthlutað svo bindandi sé.

Einnig getur nefndin sett ákvæði um sölu þeirra dráttarvéla, er hún úthlutar, í samræmi við ákvæði 8. gr. laganna um sölu bifreiða.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

*Atvinnumálaráðuneytið, 10. júní 1949.*

**Bjarni Ásgeirsson.**

*Þorv. K. Þorsteinsson.*

85

11. júní

**AUGLÝSING**

um afnám reglugerðar nr. 131 23. september 1947, um sölu og afhendingu benzíns og takmörkun á akstri bifreiða.

Reglugerð nr. 131 23. september 1947, um sölu og afhendingu benzíns og takmörkun á akstri bifreiða, er úr gildi fallin.

*Viðskiptamálaráðuneytið, 11. júní 1949.*

**Emil Jónsson.**

*Þórhallur Ásgeirsson.*

86

20. júní

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Tónmenntasjóð Stefs“, útgefin á venjulegan hátt að mandatun af dómsmálaráðherra 20. júní 1949. Skipulagsskráin er þannig:

**SKIPULAGSSKRÁ**

fyrir Tónmenntasjóð Stefs.

1. gr.

Sjóðurinn nefnist Tónmenntasjóður Stefs og er eign Stefs, Sambands tónskálda og eigenda flutningsréttar. Stofnfé sjóðsins er kr. 12978.80 — tólf þúsund níu hundruð sjötíu og átta 80/100 krónur, og eru það 8% af tekjuafgangi Stefs til 31. desember 1948.

## 2. gr.

86

20. júní

Tilgangur sjóðsins er að styðja útbreiðslu íslenzkrar tónlistar með því:

- a. að styrkja með fjárframlögum endurrítun, fjölrítun, ljósmyndun eða prentun íslenzkra tónverka eða upptöku þeirra, enda fari Stef með flutningsrétt verkanna;
- b. að styrkja með fjárframlögum flutning íslenzkra tónverka innanlands og utan, ef Stef fer með flutningsrétt þeirra;
- c. að styrkja með fjárframlögum þátttöku Íslendinga í tónlistarmótum hér á landi og erlendis, ef þau geta talizt til stuðnings á útbreiðslu íslenzkra tónverka, sem Stef hefur flutningsrétt að.

## 3. gr.

Stjórn Stefs annast stjórn sjóðsins og varðveitir og ávaxtar fé hans. Hún má ráðstafa höfuðstólnum í samræmi við ákvæði 2. gr.

## 4. gr.

Ársreikningar sjóðsins skulu gerðir upp með ársreikningi Stefs af löggiltum endurskoðanda og síðan endurskoðaðir af endurskoðendum Stefs. Eftir það skulu þeir lagðir fyrir aðalfund Stefs til úrskurðar með ársreikningi félagsins og síðan sendir menntamálaráðuneytinu með reikningi Stefs.

## 5. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

**AUGLÝSING**

87

21. júní

**varðandi innheimtu á veitingaskatti.**

Samkvæmt heimild í lögum nr. 124 30. desember 1943, um breyting á lögum nr. 99 19. júní 1933, um veitingaskatt, hefur ráðuneytið ákveðið, að undanþáguhámarksverð það, sem um getur í 2. gr. laga nr. 99/1933, skuli, þar til öðruvísi verður ákveðið, frá og með 1. n. m. vera kr. 8.50, enda sé innifalið í því verði andvirði allrar þjónustu.

*Fjármálaráðuneytið, 21. júní 1949.*

F. h. r.

**Einar Bjarnason.**

*Sig. Áskelsson.*

88

27. júní

**REGLUGERÐ**

um breyting á reglugerð nr. 123 25. nóv. 1938, um tollheimtu og tolleftirlit.

## 1. gr.

5. gr. orðist svo:

Sérstakir tollgæzlumenn eru tollstjórum til aðstoðar eftir því sem erindisbréf þeirra og reglur, sem þeim eru settar, segja fyrir um.

Tollgæzlumennirnir starfa undir stjórn tollstjóranna eftir því sem fjármálaráðuneytið nánar ákveður.

## 2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. júlí 1949.

*Fjármálaráðuneytið, 27. júní 1949.***Jóhann Þ. Jósefsson.***Einar Bjarnason.*

89

30. júní

**GJALDSKRÁ**

héraðsrafmagnsveitna ríkisins fyrir Borgarfjarðar- og Mýrasýslur.

**I. RAFORKA**

Héraðsrafmagnsveitur ríkisins selja raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

**A. Lýsing.**

1. Um kwst.mæli á kr. 1.30 hver kwst.
2. Um kwst.mæli á 50 aura hver kwst., auk fastagjalds af rúmi því, sem lýsa skal, er nemi kr. 6.00 á ári af hverjum fermetra gólfflatar í búðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 2.00 á ári af hverjum fermetra.

**B. Almenn heimilisnotkun.**

Um kwst.mæli á 35 aura hver hwst., auk fastagjalds, er nemi kr. 5.00 á mánuði af einu herbergi hvernar íbúðar og kr. 3.00 af hverju herbergi umfram eitt.

Til herbergja í íbúð skal telja öll herbergi, sem ætluð eru íveruherbergi, og eldhús, en ekki ganga, baðherbergi eða geymslur. Herbergi, sem er minna en 5 m<sup>2</sup>, skal reikna sem hálf, en stærra en 25 m<sup>2</sup> sem tvö. Þar, sem meðalstærð herbergja í íbúð er minni en 10 m<sup>2</sup>, má miða við samanlagt flatarmál þeirra, þannig að hverjir 10 m<sup>2</sup> jafngildi einu herbergi og 5 m<sup>2</sup> hálfu herbergi.

Raforku, sem notuð er við búskap, er heimilt að selja samkvæmt þessum gjaldskrárlíð. Greiða skal þá fastagjöld af húsum og vélum samkvæmt reglum, sem rafmagnsveitustjóri setur.

*Bráðabirgðaaákvæði.* Fyrst um sinn er heimilt að haga sölu á raforku samkvæmt gjaldskrárlíð B. þannig, að auk fastagjaldsins greiðist 35 aurar á kwst. fyrir fyrstu notkun, er nemi:

1500 kwst. á ári fyrir 1 herbergi og eldhús, að viðbættum  
150 kwst. á ári fyrir hvert herbergi, sem að auki er,  
en fyrir notkun umfram þetta greiðist 20 aurar á kwst.

89

30. júní

### C. Vélanotkun.

1. Um kwst.mæli á 70 aura hver kwst. Hafi vélnar mjög stuttan notkunartíma á ári, má krefjast minnsta árgjalds frá kr. 130.00 til kr. 150.00 á hvert uppsett kw. vélanna.
2. Um kwst.mæli á 11 aura hver kwst., auk fastagjalds af samanlögðu ástimpluðu rafvélaafli, sem hér segir:
 

225 kr. á árskw. fyrir fyrstu	30 kw.
185 — — — — næstu	70 —
135 — — — — umfram	100 —

Minnsta árgjald skal þó vera sem svarar 1000 kwst. ársnotkun á hvert kw. í ástimpluðu rafvélaafli.

3. Til fisk-, kjöt- eða mjólkuriðnaðar, ef uppsett rafvélaafli fastra véla er yfir 20 kw., um kwst.mæli, þannig:

Fyrstu	45000 kwst. ársnotkun á 25 aura hver kwst.
Næstu	105000 — — — — 22 — — —
Umfram	150000 — — — — 19 — — —

Minnsta árgjald skal þó vera kr. 200.00 á hvert kw. af samanlögðu ástimpluðu rafvélaafli.

Eftir þessum gjaldskrárlíð má einnig selja raforku til súgþurrkunar á heyi.

Útiloka skal stóra hreyfla á tímanum kl. 10.45 til 12 fyrir hádegi og enn fremur ber að útiloka allar aðrar vélar, eftir því sem unnt er, þegar spenna er lág og aðrar ástæður gera það nauðsynlegt að dómi rafmagnsveitustjóra.

### D. Hitun.

1. Um kwst.mæli á 15 aura hver kwst., enda sé þá minnsta notkun 6000 kwst. á ári. Notkun umfram 10000 kwst. á ári greiðist með 12 aurum hver kwst. Sala á raforku samkvæmt þessum gjaldskrárlíð er háð því skilyrði, að straumurinn sé rofinn í allt að 3 klst. á dag á tímum mesta álags, um hádegið og síðdegis, en eigi lengur en 1½ klst. í senn. Rafmagnsveitustjóri ákveður lokunartíma hjá hverjum notanda.
2. Um kwst.mæli á 5 aura hver kwst. til næturhitunar, enda sé þá straumurinn rofinn frá kl. 8.30 til 23.  
Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:
  - a. Að vélaafli, línur og spennar þoli álagið að dómi rafmagnsveitustjóra.
  - b. Að klukkurofar séu fánlegir og notandi kosti tengingu þeirra og greiði leigu eftir þá samkvæmt reglu, sem gildir um leigu mæla.
  - c. Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkvæmt fyrirmælum héraðs-rafmagnsveitna ríkisins, ofnar fasttengdir með sérstökum rofum og hitastillar notaðir.

### E. Önnur raforkunotkun.

1. Raforku til suðu má selja til gisti- og veitingahúsa, sjúkrahúsa og annarra slíkra staða á 30 aura hverja kwst., enda sé notkunin mæld um sérmæli og suðu-tækin fasttengd.
2. Til nota um vinnulagnir við byggingar, meðan á byggingu stendur, á 70 aura hverja kwst.

- 89** Alla aðra raforkunotkun, sem ótalin er og ekki kemst undir aðra liði þessarar 30. júní gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A 1. Þegar sérstaklega stendur á, getur rafmagnsveitustjóri þó selt raforku eftir sérstökum samningi, en eigi lengur en til eins árs í senn.

## II. MÆLALEIGA

Rafmagnsveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir veitu hverri, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum sem hér segir:

- |  |                    |
|--|--------------------|
| 1. Af einfasa mælum 30 amp. og minni ..... | kr. 2.00 á mánuði. |
| 2. — þrífasa mælum 50 amp. og minni .....  | — 3.00 — —         |
| 3. — þrífasa mælum 50 til 200 amp. ....    | — 7.00 — —         |
| 4. — þrífasa mælum yfir 200 amp. ....      | — 10.00 — —        |

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í skránni, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækjanna. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

## III. HEIMTAUGARGJALD

Heimtaugargjald skal greitt samkvæmt reglugerð héraðsrafmagnsveitna ríkisins og reglugerð rafveitusjóðs viðkomandi sýslu.

## IV. OPNUNARGJALD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun, 20 kr.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún ekki enduropnuð fyrir en notandinn hefur greitt umboðsmanni héraðsrafmagnsveitna ríkisins 20 króna gjald. Gjaldið skal greitt á aðsetursstað umboðsmannsins.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnumálaráðuneytið, 30. júní 1949.*

**Bjarni Ásgeirsson.**

*Porv. K. Þorsteinsson.*

**90**

2. júlí

## ARÐSKRÁ

fyrir Veidifélag Reykjadalársár í Borgarfirði.

1. Deildartunga .....	88 einingar.
2. Gróf .....	10 —
3. Sturlureykir .....	40 —
4. Skáney .....	38 —
5. Grímsstaðir .....	33 —
6. Reykholt .....	58 —
7. Breiðabólstaðir .....	78 —

8. Úlfsstaðir .....	33 einingar.	<b>90</b>
9. Hofstaðir .....	101 —	2. júlí
10. Uppsálar .....	58 —	
11. Kollslækur .....	34 —	
12. Giljar .....	26 —	
13. Auðsstaðir .....	49 —	
14. Búrfell .....	49 —	
15. Rauðsgil .....	103 —	
16. Steindórsstaðir .....	50 —	
17. Vilmundarstaðir .....	95 —	
18. Hægindi .....	34 —	
19. Kópareykir .....	55 —	
20. Kjalvararstaðir .....	57 —	
21. Snældubeinsstaðir .....	32 —	
22. Kleppjárnsreykir .....	13 —	
23. Hamrar .....	63 —	
24. Stóri-Kroppur .....	119 —	
25. Bær (Bæjarfljót báðum megin) .....	80 —	
26. Klettur (að Bæjarfljóti) .....	104 —	

---

Alls 1500 einingar.

Arðskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 112 9. október 1941, um lax- og silungsveiði, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt falla úr gildi eldri ákvæði um sama efni.

*Atvinnumálaráðuneytið, 2. júlí 1949.*

**Bjarni Ásgeirsson.**

*Árni G. Eylands.*

## S A M Þ Y K K T

fyrir Veiðifélag Kjósarhrepps.

**91**

5. júlí

### 1. gr.

Félagið heitir Veiðifélag Kjósarhrepps. Heimili þess og varnarþing eru Reynivellir í Kjósarhreppi.

### 2. gr.

Verkefni félagsins er að auka fiskgengd á félagssvæðinu með þeim ráðum, sem henta á hverjum tíma, innan ramma laganna, að vinna að viðhaldi góðrar fiskgengdar á vatnasvæðinu og að leigja veiðisvæðið til stangaveiða.

### 3. gr.

Félagið nær til veiðiréttar allra eftirtaldrar jarða, sem land eiga að eða veiðirétt í Laxá, Bugðu og Meðalfellsvatni, ásamt lækjum, sem í það falla, en þær eru Neðri-Háls, Valdastaðir, Sogn, Reynivellir, Vindás, Hækingsdalur, Fremri-Háls, Ýrafell, Möðruvellir, Eyjar, Þorlaksstaðir, Hurðarbak, Káranes, Káraneskot, Laxárnes, Meðalfell, Flekkudalur, Grjóteyri og Sandur.

## 91

5. júlí

Óheimilt skal hverjum manni að veiða á félagssvæðinu, nema hann hafi samþykki félagsstjórnarinnar eða aðila, sem stjórnin hefur með samningi veitt ráðstöfunarrétt yfir veiðinni, sbr. næstu gr. Öll veiðileyfi skulu skrifleg vera og tilgreina veiðitíma, veiðisvæði og veiðitæki.

## 5. gr.

Heimilt er félagsstjórninni að leigja veiði á félagssvæðinu einstökum mönnum eða félögum. Þó má slíkt leyfi ekki vera nema til eins árs í senn, nema lögmætur fundur samþykki og tekið hafi verið fram í fundarboði, að slíkt veiðileyfi verði til umræðu.

Nú gerir félagsstjórnin samning við fleiri aðila en einn um veiðirétt á sama veiðisvæði á sama tíma, og skulu slíkir samningar bundnir því skilyrði, að aðilarnir skuli hlíta úrskurði stjórnarinnar um skiptingu veiðidaga á milli þeirra, ef þeir koma sér ekki saman um hagnýtingu veiðinnar.

## 6. gr.

Stjórn félagsins skipa fimm menn, sem eru kosnir skriflega á aðalfundi til þriggja ára í senn, formaður sérstaklega, en fjórir meðstjórnendur sameiginlega. Gangi þeir úr stjórninni á víxl þannig, að formaður gengur úr eftir eitt ár, tveir meðstjórnendur eftir tvö ár og tveir eftir þrjú ár, og helzt svo sama röð áfram. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorast undan endurkosningu, nema sérstök forföll hamli, eða hann hafi verið í þrjú ár í stjórn. Kjósa skal tvo varamenn og tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn, þannig, að annar varamaðurinn og annar endurskoðandinn gangi út annað árið, en hinir hitt árið.

## 7. gr.

Stjórn félagsins hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma, og semur við þá um þóknun fyrir.

Formaður er fulltrúi félagsins út á við og kveður stjórnina til fundar, þegar honum þurfa þykir, eða ef minnst tveir meðstjórnendur krefjast þess. Að öðru leyti skiptir stjórnin með sér verkum.

Á stjórnarfundum ræður afl atkvæða úrslitum mála.

## 8. gr.

Aðalfundur heldur félagið í marzmánuði ár hvert. Aðalfundur skal boðaður skriflega með minnst viku fyrirvara og sé fundarefnis getið í fundarboðinu.

Á aðalfundi ræður einfaldur meiri hluti atkvæða úrslitum, nema um sé að ræða breytingar á samþykktum félagsins eða arðskrá.

## 9. gr.

Aukafundur heldur stjórnin þegar henni þykir ástæða til eða ef  $\frac{1}{4}$  félagsmanna æskir þess, og tilgreinir fundarefnið.

## 10. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikninga í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, aðskrá, fundargerðir og bréf.

## 11. gr.

Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá, sem lögmætur fundur hefur samþykkt og undirrituð er af að minnsta kosti  $\frac{2}{3}$  fé-

lagsmanna. Gildir hún til fimm ára. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

91

5. júlí

## 12. gr.

Brot á samþykkt þessari varða sektum samkvæmt lögum nr. 112 9. okt. 1941, um lax- og silungsveiði. Fara skal með mál út af brotum sem almenn lögreglumál.

## 13. gr.

Samþykkt félagsins verður ekki breytt nema með samþykki  $\frac{2}{3}$  félagsmanna.

## 14. gr.

Félaginu má slíta ef  $\frac{2}{3}$  félagsmanna samþykkja það á tveim lögmætum félagsfundum í röð, sem boðaðir séu í því augnamiði og skal ekki líða skemmri tími milli funda en mánuður.

Samþykkt þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 112 9. október 1941, um lax- og silungsveiði, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Landbúnaðarráðuneytið, 5. júlí 1949.*

**Bjarni Ásgeirsson.**

*Árni G. Eylands.*

## SAMÞYKKT

fyrir Veiðifélagið Birtingur í Dalasýslu.

92

6. júlí

## 1. gr.

Félagið heitir Veiðifélagið Birtingur. Heimili þess og varnarþing er að Jörfa í Haukadalshreppi.

## 2. gr.

Félagið hefur umráð yfir öllum rétti til lax- og silungsveiði í Haukadalsá austan Haukadalsvatns og vatnasvæði hennar til fiskigengra staða.

Félagsmenn eru allir ábúendur þeirra jarða, er land eiga að nefndum vötnum: Stóra-Vatnshorn, Skriðukot, Leikskálar, Núpur, Smyrlahóll, Giljaland, Skarð, Kross, Villingadalur, Mjóaból, Hamrar, Jörfi, Saurstaðir og Litla-Vatnshorn.

## 3. gr.

Markmið félagsins er að efla nytjafiskistofn veiðisvæðisins, svo að hann geti orðið arðsæll. Félagið hyggst að vinna að því á eftirfarandi hátt:

- Leyfa aðeins stangaveiði.
- Klekja eða kaupa minnst 100 seiði fyrir veiddan fisk, þó ekki urriða.
- Sleppa seiðum í góða læki eða aðra góða staði og sem fjærst ruðningshættu.
- Klekja eða kaupa seiði af góðum bleikjustofni, sjóbirtingi eða laxi.

## 4. gr.

Stjórnina skipa 3 menn: formaður, gjaldkeri og ritari, og 3 menn til vara. Þeir skulu kosnir til 5 ára. Ganga þeir úr stjórninni á víxl þannig: Eftir 3 ár gengur einn úr á ári eftir hlutkesti.

Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorazt undan kosningu, nema hann hafi setið 5 ár í stjórn.



92

6. júlí

Stjórnin hefur á hendi umsjón með öllum framkvæmdum félagsins milli aðalfunda. Hún hefur eftirlit með því, að samþykkt félagsins sé hlýtt og má ráða menn sér til aðstoðar.

5. gr.

6. gr.

Aðalfundur heldur félagið ekki síðar en 15. maí ár hvert.

Aðalfundur er lögmætur:

- a. ef hann er boðaður skriflega með minnst 3 daga fyrirvara og sé fundarefnis getið í fundarboði;
- b. sé meiri hluti stjórnar og  $\frac{2}{3}$  félagsmanna mættir;
- c. hafi fundur ekki orðið lögmætur, skal boða til fundar á ný með sama fyrirvara, og er hann þá lögmætur án tillits til hve margir mæta.

7. gr.

Aðalfundur kýs stjórn og endurskoðanda félagsreikninga. Hann kveður á um laun stjórnar og annarra starfsmanna félagsins. Afl atkvæða ræður úrslitum mála á fundum, nema um breytingar á samþykktum sé að ræða eða félagsslit.

8. gr.

Aukafundur heldur stjórnin, þegar henni þykir ástæða til, eða ef minnst  $\frac{1}{4}$  félagsmanna æskir þess og tilgreinir fundarefni.

9. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Skulu reikningar fullgerðir fyrir aðalfund og lagðir þar fram endurskoðaðir til úrskurðar.

10. gr.

Öllum arði og gjöldum af starfsemi félagsins skal jafnað niður á félagsmenn eftir arðskrá. Gildir hún til 10 ára. Náist ekki samkomulag um nýja arðskrá að þeim tíma liðnum, gildir gamla arðskráin áfram.

11. gr.

Veiðitilboð má ekki opna nema í viðurvist tveggja stjórnenda, og sé annar formaður, enda hafi stjórnin öll vitað að opna skyldi veiðitilboð.

12. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum samkvæmt lögum nr. 112 9. október 1941, um lax- og silungsveiði.

13. gr.

Samþykkt verður ekki breytt nema á aðalfundi og  $\frac{3}{4}$  mættra félagsmanna samþykki breytinguna.

14. gr.

Að því leyti, sem ekki er fram tekið í samþykkt þessari, fer um málefni þessi eftir landslögum um lax- og silungsveiði.

15. gr.

Ef sýnt þykir, að félagið geti ekki náð tilgangi sínum, má krefjast félagsslita. Skal það tilgreint í fundarboði. Má slíta félaginu, ef  $\frac{3}{4}$  félagsmanna á löglegum fundi samþykkja það, þó því aðeins að lögleg forföll hafi ekki hindrað málefna-skilning eða fundarsókn.

Samþykkt þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 112 9. október 1941, um lax- og silungsveiði, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Landbúnaðarráðuneytið, 6. júlí 1949.*

**Bjarni Ásgeirsson.**

*Árni G. Eylands.*

## REGLUGERÐ

um launakjör á símstöðvum og póstafrgreiðslum.

93

6. júlí

### 1. gr.

Samkvæmt 21. gr. laga nr. 60 12. marz 1945, um laun starfsmanna ríkisins, og 8. gr. laga nr. 8 9. jan. 1935, er hér með sett eftirfarandi reglugerð um launakjör á símstöðvum og póstafrgreiðslum.

### 2. gr.

Starfsmenn við póstafrgreiðslustörf á Akureyri, Ísafirði, Siglufirði, Seyðisfirði og Vestmannaeyjum njóta sömu launakjara og starfsmenn póststofunnar í Reykjavík. Póst- og símamálastjórnin ákveður starfsmannafjölda á ofangreindum stöðvum og flokkun þeirra samkvæmt lögum um laun starfsmanna ríkisins.

### 3. gr.

Árslaun síma- og póstafrgreiðslumanna á eftirtöldum stöðvum séu sem hér segir:  
**Kr. 8400.00:** Síma- og póstafrgreiðslumenn: Akranesi, Keflavík, Neskaupstað og Selfossi.

**Kr. 7800.00:** Síma- og póstafrgreiðslumenn: Blönduósi, Borgarnesi, Eskifirði og Stykkishólmi. Símtjórar: Húsavík og Patreksfirði.

**Kr. 7200.00:** Póstafrgreiðslumenn: Hafnarfirði, Húsavík, Sauðárkróki og Vestmannaeyjum. Síma- og póstafrgreiðslumaðurinn, Egilsstöðum.

**Kr. 6000.00:** Síma- og póstafrgreiðslumenn: Bildudal, Bolungavík, Brúarlandi, Búðardal, Dalvík, Djúpuvík, Eyrarbakka, Fáskrúðsfirði, Gerðum, Grindavík, Hjaltseyri, Hrisey, Hveragerði, Hvolsvelli, Ólafsfirði, Raufarhöfn, Sandgerði, Skagaströnd, Stokkseyri, Suðureyri, Vopnafirði, Þingeyri og Þórshöfn. Símtjórar: Flateyri, Hólmavík, Hvammstanga, Ólafsvík, Sauðárkróki og Vík í Mýrdal. Póstafrgreiðslumaður, Patreksfirði.

Launin eru miðuð við það, að hlutaðeigandi símtjórar og póstafrgreiðslumenn vinni fyrir stofnunina fullkomið eins manns verk. Geti þeir það eigi sjálfir af einhverjum ástæðum, ber þeim að greiða af eigin launum því aðstoðarfólki, sem þeir taka þess vegna. Eigi skal þeim heldur greitt fyrir aðstoð vegna starfs, sem greitt er fyrir sérstaklega, svo sem innheimtustarfa o. fl. Ef þóknun fyrir störf vegna orlofslaganna fer yfir kr. 1000.00 á ári, greiðist það, sem umfram er, stofnuninni, og gildir það jafnt fyrir alla póstafrgreiðslumenn í 3. og 4. gr.

### 4. gr.

Síma- og póstafrgreiðslumenn á eftirtöldum stöðvum hafa árslaun að meðtalinni aðstoð sem hér segir:

**Kr. 5400.00:** Síma- og póstafrgreiðslumenn: Hofsósi, Kirkjubæjarklaustri, Kópaskeri, Laugarvatni og Sandi.

**93** Kr. 4800.00: Símtjórinn, Krossum í Eyjafirði. Póstafgreiðslumaðurinn, Hvamms-  
6. júlí tanga.

Kr. 4200.00: Síma- og póstafrgreiðslumenn: Borgarfirði, Grafarnesi og Súðavík. Póstafgreiðslumenn: Flateyri, Hólmavík og Ólafsvík.

Kr. 3600.00: Síma- og póstafrgreiðslumenn: Breiðdalsvík, Drangnesi, Eiðum, Króksfjarðarnesi og Stöðvarfirði. Símtjórar: Breiðumýri og Djúpavogi.

Kr. 3000.00: Síma- og póstafrgreiðslumenn: Flatey á Breiðafirði, Fosshóli, Reykholti, Skógum í Fnjóskadal, Svignaskarði og Grenjaðarstað. Símtjórinn, Skútu-  
stöðum. Póstafgreiðslumenn: Einarstöðum, Stað í Hrutafirði og Vík í Mýrdal.

Kr. 2400.00 Síma- og póstafrgreiðslumenn: Grenivík, Höfnum, Svalbarðseyri, Torfastöðum, Varmahlíð í Skagafirði og Bakkafirði. Símtjórinn í Haganesvík.

Kr. 2100.00: Síma- og póstafrgreiðslumenn: Ás í Vatnsdal, Bólstaðarhlíð og Minniborg. Símtjórinn í Ásgarði í Grímsnesi.

Kr. 1800.00: Póstafgreiðslumenn í Djúpavogi og Haganesvík. Síma- og póstafrgreiðslumenn: Arnarstapa á Mýrum, Arngerðareyri, Ásgarði í Dölum, Síðumúla, Staðarfelli, Fossvöllum, Skarði í Lundarreykjadal og Gaulverjabæ. Símtjórar: Mællifelli, Varmahlíð undir Eyjafjöllum, Þingvöllum, Hnausum og Hvanneyri.

Kr. 1200.00: Síma- og póstafrgreiðslumenn: Ásum í Gnúpverjahreppi og Hallormsstað. Póstafgreiðslumaður í Mjóafirði.

#### 5. gr.

Þeir símtjórar og póstafrgreiðslumenn, sem laun taka samkvæmt 3. gr. í þessari reglugerð, svo og fastráðnar símastúlkur, hafa sömu réttindi og skyldur sem aðrir starfsmenn pósts og síma. Til forstöðumanna annarra símstöðva og póstafrgreiðslna skal greiða orlofsfé sérstaklega, en greiðsla fyrir aðstoð vegna forfalla telst innifalin í launinum. Póst- og símamálastjórnin setur nánari ákvæði um rekstur símstöðva og póstafrgreiðslna.

#### 6. gr.

Á póstafrgreiðslum og símstöðvum, þar sem eru ein eða fleiri starfstúlkur auk forstöðumanns, skulu þær ráðnar af póst- og símamálastjórninni að fengnum tillögum forstöðumanns, og ákveður póst- og símamálastjórnin fjölda þeirra á hverjum stað.

Byrjunarlaun þessara stúlkna skulu vera kr. 3600.00 á ári og hækka um kr. 300.00 á ári í 4 ár upp í kr. 4800.00.

#### 7. gr.

Húsaleigu, ljós, hita og ræstingu vegna rekstrar póstafrgreiðslna og 1. fl. B og 2. fl. símstöðva greiðir stofnunin, og skal yfirskattanevnd í hverju héraði meta greiðslur þessar. Úrskurði yfirskattanefndar má skjóta til rikisskattanefndar. Á þeim stöðvum, þar sem símtjórar og póstafrgreiðslumenn hafa húsnæði til íbúðar í húseignum pósts og síma, skal það metið af yfirskattanevnd og dregið frá launum þeirra mánaðarlega. Ljós og hita greiði þeir hlutfallslega við póst og síma.

#### 8. gr.

Þriðja hvert ár skal endurskoða reglugerð þessa.

Ef veruleg breyting verður á afgreiðslu- eða rekstrarskilyrðum símstöðvar eða póstafrgreiðslu á milli þess sem endurskoðun fer fram, skal henni að nýju skipað í launaflokk.

Endurskoðun reglugerðar þessarar skal framkvæmd af þriggja manna nefnd, er ráðherra skipar, og sé einn þeirra tilnefndur af B.S.R.B.

Við aukaendurskoðun samkvæmt 2. mgr. greinar þessarar, skal kveðja til þann 93  
fulltrúa endurskoðunarnefndar, sem B.S.R.B. hefur tilnefnt. 6. júlí

Á símsstöðvum á gisti- og veitingastöðum beri þeir að verulegu leyti kostnað við símaafgreiðslu vegna gesta sinna.

#### 9. gr.

Þóknun fyrir rekstur 3. flokks símsstöðva sé sem hér segir:

1. Föst ársþóknun, er nemi:
 

a. Til stöðva, sem hafa	0—400 útf. afgr. ....	kr. 120.00
b. — — — —	401—1000 — — .....	— 240.00
c. — — — —	1001—1800 — — .....	— 360.00
d. — — — —	yfir 1800 — — .....	— 480.00

 miðað við afgreiðslufjölda næstliðins árs.
2. 35 auro fyrir hvert útfarið viðtalsbil í símtölum og hvert útfarið símskeyti (önnur en þjónustu- og veðurskeyti).
3. Fyrir hvern símnotanda kr. 12.00 á ári.

#### 10. gr.

Á launagreiðslur samkvæmt reglugerð þessari greiðist verðlagsuppbót, eins og hún er ákveðin á hverjum tíma.

#### 11. gr.

Reglugerð þessi gildir frá 1. apríl 1949 að öðru leyti en breyting á starfstíma stöðvanna, er öðlast gildi, þegar nauðsynlegar ráðstafanir hafa verið gerðar þar að lútandi.

Með reglugerð þessari er felld úr gildi reglugerð um sama efni frá 24. maí 1946.

*Samgöngumálaráðherrann, 6. júlí 1949.*

**Emil Jónsson.**

*Guðmundur Hliðdal.*

## REGLUGERÐ

94

7. júlí

um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Siglufjarðarkaupstað, nr. 61 18. júlí 1928.

#### 1. gr.

VII. kafli, 22. gr., b- og c-liðir hafnarreglugerðarinnar, orðist svo:

- b. Innland fiskiskip greiði 20 auro fyrir hverja smálest í hvert skipti, sem þau koma til hafnar, þó aldrei minna en 4 krónur.
- c. Öll önnur skip, sem koma til hafnar, nema herskip, varðskip, björgunarskip, skemmtiferðaskip, skip, sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna, og skip, sem leita hafnar vegna sjóskemmda, er sannast í sjóprófi, skulu greiða 30 auro í lestagjald fyrir hverja smálest í hvert sinn, er þau koma til hafnar, þó aldrei minna en 6 krónur.

Strandferðaskip ríkisins greiði þó einungis 15 auro fyrir hverja nettósmálest og án viðbótargjalds.

#### 2. gr.

VIII. kafli, 27. gr., a-liður orðist svo:

- a. Gjald af bryggjum hafnarsjóðs:

Hvert skip, sem leggst við hölvirki eða bryggju, eða við skip, sem liggur við bryggju eða hölvirki, skal greiða bryggjugjald 12 auro af nettósmálest skipsins. Hálf smálest reiknast sem heil, en minna broti sé sleppt.

94  
7. júlí

Gjaldið skal greiða fyrir hvern hálfan sólarhring eða hluta úr hálfum sólarhring, sama af smálest, þó aldrei minna en 6 krónur.  
Varðskip eru undanþegin bryggjugjaldi.

Reglugerðarbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur, til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgöngumálaráðuneytið 7. júlí 1949.*

**Emil Jónsson.**

*Páll Pálmason.*

95

## REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Prestsekknasjóðs árið 1948.

### Tekjur:

1. Eign frá fyrra ári:			
a. Skuldabréf .....	kr.	21300.00	
b. Innstæða í Söfnunarsjóði .....	—	96874.21	
c. Innstæða í Landsbanka Íslands .....	—	31340.45	
			kr. 149454.66
2. Gjafir .....	—		295.00
3. Vextir á árinu:			
a. Af skuldabréfum .....	kr.	1775.00	
b. — innstæðu í Söfnunarsjóði .....	—	4647.07	
c. — innstæðu í Landsbanka Íslands .....	—	525.35	
			— 6947.42
			Kr. 156697.08

### Gjöld:

1. Styrkur veittur .....	kr.	100.00	
2. Eign í árslok:			
a. Skuldabréf .....	kr.	20300.00	
b. Veðbréf .....	—	28500.00	
c. Innstæða í Söfnunarsjóði .....	—	101461.28	
d. Innstæða í Landsbanka Íslands .....	—	6335.80	
			— 156597.08
			Kr. 156697.08

Biskupinn yfir Íslandi, Reykjavík, 25. janúar 1949.

**Sigurgeir Sigurðsson.**

**REIKNINGUR**

96

yfir tekjur og gjöld Minningarsjóðs Sigurðar Melsteðs árið 1948.

## T e k j u r :

1. Eign í ársbyrjun:			
a. Veðdeildarbréf .....	kr.	2000.00	
b. Innstæða í Landsbanka Íslands .....	—	2806.79	
		<hr/>	kr. 4806.79
2. Vextir á árinu:			
a. Af veðdeildarbréfum .....	kr.	100.00	
b. — innstæðu .....	—	106.67	
		<hr/>	— 200.67
			<hr/>
			Kr. 5007.46

## G j ö l d :

Eign í árslok:			
a. Veðdeildarbréf .....	kr.	2000.00	
b. Innstæða í Landsbanka Íslands .....	—	3007.46	
		<hr/>	kr. 5007.46
			<hr/>
			Kr. 5007.46

Biskupinn yfir Íslandi, Reykjavík, 19. janúar 1949.

Sigurgeir Sigurðsson.

**REIKNINGUR**

97

yfir tekjur og gjöld Árgjaldasjóðs árið 1948.

## T e k j u r :

1. Eign í ársbyrjun:			
a. Veðdeildarbréf .....	kr.	700.00	
b. Innstæða í Landsbanka Íslands .....	—	2491.48	
		<hr/>	kr. 3191.48
2. Vextir á árinu:			
a. Af veðdeildarbréfum .....	kr.	35.00	
b. — bankainnstæðu .....	—	88.01	
		<hr/>	— 123.01
			<hr/>
			Kr. 3314.49

## G j ö l d :

Eign í árslok:			
a. Veðdeildarbréf .....	kr.	700.00	
b. Innstæða í Landsbanka Íslands .....	—	2614.49	
		<hr/>	kr. 3314.49
			<hr/>
			Kr. 3314.49

Biskupinn yfir Íslandi, Reykjavík, 19. janúar 1949.

Sigurgeir Sigurðsson.

98

**REIKNINGUR**

yfir tekjur og gjöld Dalhoffslegats árið 1948.

		T e k j u r :		
1. Eign í ársbyrjun:				
a. Veðdeildarbréf .....		kr.	1200.00	
b. Ríkisskuldabréf .....		—	1000.00	
c. Innstæða í Landsbanka Íslands .....		—	5484.43	
			<hr/>	kr. 7684.43
2. Vextir á árinu:				
a. Af veðdeildarbréfum .....		kr.	60.00	
b. — ríkisskuldabréfi .....		—	27.50	
c. — innstæðu í Landsbanka Íslands .....		—	225.76	
			<hr/>	— 313.26
				Kr. 7997.69
				<hr/>
				Kr. 7997.69
				<hr/>
				Kr. 7997.69
				<hr/>
				Kr. 7997.69

Biskupinn yfir Íslandi, Reykjavík, 19. janúar 1949.

Sigurgeir Sigurðsson.

99

**REIKNINGUR**

yfir tekjur og gjöld Kollektusjóðs Jóns Eiríkssonar árið 1948.

		T e k j u r :		
1. Eign í ársbyrjun:				
a. Veðdeildarbréf .....		kr.	9100.00	
b. Innstæða í Söfnunarsjóði .....		—	17651.11	
c. Innstæða í Landsbanka Íslands .....		—	16194.27	
			<hr/>	kr. 42945.38
2. Vextir .....				— 1051.80
				<hr/>
				Kr. 43997.18
				<hr/>
				Kr. 43997.18
				<hr/>
				Kr. 43997.18

Biskupinn yfir Íslandi, Reykjavík, 25. janúar 1949.

Sigurgeir Sigurðsson.

## Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1949.

*Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 30 1. febrúar 1936, um breyting á og viðauka við siglingalög nr. 56 30. nóvember 1914, undirskrifuð af forsetanum 29. júlí 1949, nr. 80.*

*Auglýsing um, að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum, undirskrifuð af forsætisráðherra 21. júlí 1949, nr. 81.*

*Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 3 14. febrúar 1949, um samkomudag reglulegs Alþingis 1949, undirskrifuð af forsetanum 16. ágúst 1949, nr. 82.*

*Bráðabirgðalög um breyting á lögum um kosningar til Alþingis, nr. 80 7. sept. 1942, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 83.*

*Forsetabréf um þingrof, undirskrifað af forsetanum 12. ágúst 1949, nr. 84.*

*Forsetabréf um kosningar til Alþingis, undirskrifað af forsetanum sama dag, nr. 85.*

*Auglýsing um viðskiptasamkomulag milli Íslands og Svíþjóðar, undirskrifuð af utanríkisráðherra 20. júlí 1949, nr. 86.*

*Auglýsing um framlengingu gengistryggingarsamnings milli Íslands og Frakklands, undirskrifuð af utanríkisráðherra 19. ágúst 1949, nr. 87.*

## REGLUGERÐ

100

23. júlí

**um breytingar til bráðabirgða á fjallskilareglugerð Austur-Húnavatnssýslu, nr. 98 15. júlí 1941, er gildi meðan bannað er að reka sauðfé til heiða.**

1. Leitir fari fram norðan varnargirðinga laugardag í 22. viku sumars. Réttir sunnudaginn næst á eftir.
2. Leitir fari fram á afréttum sunnan varnargirðingar, miðvikudag til föstudags í 23. viku sumars. Stóð sé réttáð laugardag í sömu viku.
3. Síðari leitir sunnan varnargirðingar fari fram á fimmtudag og föstudag og síðari rétt laugardaginn í 24. viku sumars.
4. Fjárskiladagur sé óbreyttur.
5. Stóðeigendum er skylt að reka öll stóðhross, sem ekki eru ætluð til sölu eða slátrunar að sumrinu, fyrir 1. júlí suður fyrir varnargirðingar. Sé það vanrækt ber hreppsnefndum að sjá um rekstur stóðsins á kostnað eigenda. Söluhross, sem heima eiga að vera, skal mála á lend. Sé það vanrækt, er heimilt að reka þau til afréttar.

Reglugerð þessi, sem sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt 41. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 12 31. maí 1927, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Landbúnaðarráðuneytið, 23. júlí 1949.*

**Bjarni Ásgeirsson.**

**Árni G. Eylands.**



101  
23. júlí

## REGLUGERÐ

um breytingar og viðauka við fjallskilareglugerð Vestur-Húnavatnssýslu,  
nr. 121 frá 24. júlí 1940.

### 1. gr.

12. gr. orðist svo:

Hreppstjóri skal, áður en 14 vikur eru af sumri, senda viðkomandi hreppsnefnd skrá yfir landverð allra jarðeigna í hreppnum, ásamt skýrslu um tölu sauðfjár og hrossa, er sundurliðuð sé í samræmi við ákvæði 2. gr.

Skýrsla þessi skal samin eftir síðasta skattframtali. Verði breyting á búfjártölu framteljanda frá síðasta skattframtali, skal hann sannanlega tilkynna hana hreppstjóra, áður en 12 vikur eru af sumri, og tekst hún þá til greina á skýrslu hreppstjóra.

Eins ber að tilkynna um öll kaup og sölu búpenings, sem fram hefur farið á þessu tímabili, enda sé kaupandi fjallskilaskyldur af keyptum búpeningi.

### 2. gr.

13. gr. orðist svo:

Fjallskilaskyld er allt sauðfé og öll hross veturgömul og eldri. Hver fjallskilaskyldur maður skal leggja til fjallskila á þann hátt, er hreppsnefnd ákveður.

Hreppsnefnd skal meta allan fjallskilakostnað upprekstrarfélagsins til peningaverðs og jafna honum niður á alla þá, sem fjallskil eiga að greiða, samkvæmt eftirfarandi gjaldskyldu ákvæðum.

Af heildar fjallskilakostnaði skal  $\frac{1}{4}$  lagður á landverð allra jarðeigna í hreppnum, er greiðist af ábúanda, en sé um eyðibýli að ræða, skal eigandi greiða gjaldið.  $\frac{3}{4}$  fjallskilakostnaðarins skal jafna niður á búfjáreign samkvæmt skýrslu þeirri frá hreppstjóra, er um ræðir í 1. gr. Skal þá jafnt auratal lagt á hverja hryssu sem 6 kindur, og hvert hross annað sem 4 kindur, en á tvær ær framtaldar sem 3 kindur. Þó er hreppsnefndum Hvammstangahrepps, Kirkjuhvammshrepps og Þverárhrepps heimilt að leggja lægra gjald á hross.

### 3. gr.

Við 14. gr.:

Í stað „fjáreigandi“ í annarri málsgrein, komi: hann.

### 4. gr.

Við 15. gr.:

Í stað „skýrslu um tölu fjár og stóðhross manna í hreppnum að vorinu“ komi: Skýrslur þær, er um getur í 1. gr.

### 5. gr.

Við 18. gr.:

Úr greininni falli orðin „á fjáreigendur“.

### 6. gr.

22. gr. orðist svo:

Ef fjallskilaskyldur maður hefur engan hæfan mann til gangna og getur eigi útvegað hann, skal hann tilkynna það skriflega hreppsnefnd eða fjallskilastjóra 6 dögum áður en fjallgöngur byrja, og borgar hann þá göngurnar sektarlaust, en án tillits til mats á þeim, en hreppsnefnd eða fjallskilastjóri annast um að útvega mann

í göngurnar fyrir sanngjarna borgun. Á sama hátt skal útvega hesta, fæði og annað, sem vantar. **101**

Skylt er hverjum fjallskilaskyldum manni, er krafizt er, að borga sanngjarnlega ómök og fyrirhöfn hreppsnefndar eða fjallskilastjóra. **23. júlí**

### 7. gr.

28. gr. orðist svo:

Ef enginn rekstrarfær maður er heima, er rekstur kemur á bæ, skal rekstrarmaður skilja úr fé það, er eftir á að verða, en reka svo reksturinn til næsta rekstrarfærs manns. Greiða skal rekstrarmanni þóknun fyrir rekstur umfram eina bæjarleið, er sé kr. 0.70 á einfaldan km að viðbætti verðlagsuppbót.

Rekstrarmaður fær þóknun sína greidda úr fjallskilaskýði, en fjallskilaskýður innheimtir gjaldið aftur hjá hlutaðeigandi ábúendum eða eigendum, ef um eyðibýli er að ræða.

### 8. gr.

Við 40. gr.:

Inn í 3. málsg. greinarinnar, á eftir orðunum „50 aorum um sólarhringinn“ bætist: að viðbætti verðlagsuppbót.

### 9. gr.

Breytingar þessar og viðaukar við fjallskilareglugerð Vestur-Húnavatnssýslu gilda fyrst um sinn, meðan fjárfækkunar gætir af völdum fjárskiptanna, og sýslunefnd hefur ekki gert aðra ákvörðun.

Reglugerð þessi, sem sýslunefnd Vestur-Húnavatnssýslu hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt 41. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 12 31. maí 1927, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Landbúnaðarráðuneytið, 23. júlí 1949.*

**Bjarni Ásgeirsson.**

*Árni G. Eylands.*

## AUGLÝSING

um eftirlitsgjald af fóðurlöndum.

**102**

25. júlí

Samkvæmt 5. gr. laga nr. 63 31. maí 1947, um eftirlit með framleiðslu og verzlun með fóðurvörur, hefur ráðuneytið ákveðið, að ákvæði auglýsingar nr. 202 25. október 1947, um eftirlitsgjald af fóðurlöndum, skuli gilda óbreytt árið 1949.

*Atvinnumálaráðuneytið, 25. júlí 1949.*

**Bjarni Ásgeirsson.**

*Þorv. K. Þorsteinsson.*

**103** Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Líknarsjóð Hallgrímskirkju í 25. júlí Reykjavík“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 25. júlí 1949.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Líknarsjóð Hallgrímskirkju í Reykjavík.

### 1. gr.

Sjóðurinn heitir Líknarsjóður Hallgrímskirkju í Reykjavík.

### 2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af Helga Gíslasyni bónda, frá Kirkjubrú á Álftanesi, með kr. 2000 — tvö þúsund krónum — til minningar um eiginkonu hans, Sigurbjörtu Halldórsdóttur, er andaðist 25. júlí 1941. Tilgangur sjóðsins er að styrkja nauðstadda í Hallgrímsprestakalli í Reykjavík.

### 3. gr.

Stjórn sjóðsins skipa fimm menn, einn maður kosinn af sóknarnefnd, til 5 ára, og sé hann formaður, báðir þjónandi prestar safnaðarins, féhirðir sóknarnefndar, og ein kona, kosin til 5 ára af stjórn kvenfélags safnaðarins. Stjórnin kys úr sínum hópi féhirði og ritara. Stjórnin er ólaunuð.

### 4. gr.

Sjóðurinn skal ávaxtaður í Aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands. Allar tekjur, er sjóðnum berast, svo sem vexti af innstæðu, gjafir og áheit, skal leggja við höfuðstólinn þar til sjóðurinn er orðinn 10 þúsund krónur, eftir það má úthluta  $\frac{3}{4}$  ársvaxtanna, en  $\frac{1}{4}$  ársvaxta, svo og gjafir og áheit, skal leggja við höfuðstólinn.

Þegar sjóðurinn er orðinn 50 þúsund, er heimilt að úthluta öllum ársvöxtum hans, en allar aðrar tekjur skulu ávallt lagðar við höfuðstólinn.

### 5. gr.

Þegar sjóðurinn er orðinn 10 þúsund krónur, skal stjórnin, 10.—12. desember ár hvert, úthluta styrkjum úr sjóðnum. Ekki skal veita sama styrkþega styrk oftár en einu sinni, nema allar ástæður mæli með því og  $\frac{1}{2}$  stjórnar samþykki.

### 6. gr.

Engar útborganir úr sjóðnum mega eiga sér stað, nema þær, er um getur í 5. gr., svo og smáupphæðir, sem óhjákvæmilegar eru vegna sjóðsins sjálfs, t. d. prentun, ritföng o. fl.

### 7. gr.

Gjaldkeri sjóðsins skal 18.—20. desember ár hvert, eftir að sjóðurinn er tekinn til starfa, afhenda styrkþegum styrki þeirra gegn kvittun þeirra, eða forráðamanna þeirra, ef styrkþegi getur ekki sjálfur kvittað fyrir móttöku styrksins. Kvittanir þessar skulu vera fylgiskjöl með ársreikningi sjóðsins.

Ársreikningur skal endurskoðaður af endurskoðendum safnaðarreikninganna, og berast upp til samþykktar á aðalsafnaðarfundi.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

## 8. gr.

103

Leita skal staðfestingar á skipulagsskrá þessari og hún birt í B-deild Stjórnartíðinda. 25. júlí

Reykjavík, 17. júlí 1949.

Sigurbjörn Einarsson.

Helgi Gíslason.

Gísli Jónasson.

## AUGLÝSING

104

28. júlí

um breyting á gjaldskrá fyrir landssímamann frá 28. des. 1946.

## 1. gr.

Öll símagjöld samkvæmt I.—IV. kafla og VIII.—X. kafla hækka um 10%.

## 2. gr.

Í V. kafla A. 1. breytast símtalagjöldin þannig:

Um	0— 25 km	línulengd	.....	kr.	2.00
—	25—100	—	—	.....	— 3.50
—	100—225	—	—	.....	— 4.50
—	225—350	—	—	.....	— 6.00
—	350—475	—	—	.....	— 7.00
	Yfir 475	—	—	.....	— 8.00

## 3. gr.

Í VI. kafla A. breytast gjöld fyrir innanlandsskeyti, 1.—6. liður, þannig:

1. *Venjuleg símskeyti*: 35 au. fyrir hvert orð. Minnsta gjald kr. 3.50.
2. *Innanbæjarskeyti*: 20 au. fyrir hvert orð. Minnsta gjald kr. 2.00.
3. *Blaðaskeyti*: 10 au. fyrir hvert orð. Minnsta gjald kr. 2.00.
4. *Hraðskeyti*: Tvöfalt venjulegt skeytagjald. Minnsta gjald kr. 7.00.
5. *Veðurskeyti*: Sama og venjulegt skeytagjald. Minnsta gjald einnig hið sama. Veðurskeyti hafa þó forgang fyrir öðrum skeytum.
6. *Heillaskeyti*: Sama gjald og fyrir venjuleg símskeyti, en auk þess greiðist aukagjald fyrir skrauteyðublöð, kr. 4.00—10.00, eftir gerð eyðublaðsins.

Jóla- og nýárskeyti með ákveðnum textum kosta kr. 8.00 milli stöðva, en innanbæjar kr. 6.00.

## 4. gr.

Gjald fyrir útburð skeyta og fyrir boðsendingar samkvæmt 11. lið VI. kafla og 6. lið XI. kafla hækkar um 10%.

## 5. gr.

Gjaldskrárbreyting þessi er gerð samkvæmt 12. gr. laga nr. 30 1941, um fjarskipti, og gengur breytingin samkvæmt 1. gr. í gildi 1. október 1949, en breytingar samkvæmt 2., 3. og 4. gr. 1. ágúst 1949.

Samgöngumálaráðherrann, 28. júlí 1949.

Emil Jónsson.

Guðmundur Hliðdal.

105  
30. júlí

## REGLUGERÐ

### um vinnslu og umbúnað á hvalkjöti.

#### I. KAFLI

##### Almenn ákvæði.

##### 1. gr.

Hvalkjöt, sem ætlað er til sölu, skal farið með og búið um samkvæmt reglum þessum.

##### 2. gr.

Hvalveiðimönnum og þeim, sem verka og búa um hvalkjöt, er skylt að hlýta þeim reglum, sem atvinnumálaráðuneytið setur í samráði við dýralækna og eftirlitsmenn á þessu sviði.

#### II. KAFLI

##### Blóðtæming, kviðrista og hvaldráttur.

##### 3. gr.

Alla hvali, sem dregnir eru á land til vinnslu, skal blóðtæma, svo fljótt sem auðið er, þó aldrei síðar en  $\frac{1}{2}$  klst. eftir aflifun. Blæðingin skal framkvæmd á þann hátt, að opna hinar stóru hálsslagæðar.

##### 4. gr.

Á stórhveli skal strax gerð 2 metra löng kviðrista, svo að innfyli losni meðan á drættinum stendur og sjór geti leikið um kviðholið til hreinsunar og kælingar.

Smáhveli skal einnig rista á kvið, sé það ekki skorið strax um borð.

#### III. KAFLI

##### Hvalskurður á landi.

##### 5. gr.

Hvalskurður skal hafinn um leið og hvalurinn er kominn að landi á þar til gerðum skurðfleti.

##### 6. gr.

Skurðflötur verður að vera hreinn og hafa nægilegan halla, svo að vatn og blóð o. fl. geti runnið af honum. Kjötið má ekki snerta skurðflöt. Það skal skorið í hæfilega stór stykki og lagt í körfur, kassa eða vagna til flutnings beint í kælírum.

Í kælírumi skal kjötið strax eftir skurð hengt upp á króka úr aluminium eða ryðvörðum vír. Í kælírumi skal vera gegnumblástur og kjötið kælt þar í 5 til 3 gráður Celsius.

#### IV. KAFLI

##### Flutningur kjötsins til umbúðastöðva og frystihúss.

##### 7. gr.

Frá kælírumi skal kjötið flutt í aluminiumkössum eða þvílíkum hreinlegum umbúðum til umbúðastöðva. Meðan á flutningi stendur skal svo um kjötið búið, að hvorki regn, ryk eða önnur óhreinindi komist að því.

## V. KAFLI

## Matskröfur við afhendingu í hvalveiðistöð.

105

30. júlí

## 8. gr.

Hvalkjötsskoðun skal dýralæknir hafa á hendi. Allt óheilmæmt hvalkjöt skal dæma óhæft til manneldis, svo og ef eftirtaldir sjúkdómar eru fyrir hendi:

1. Blóðleysi (anæmia).
2. Mör-stór, með eða án dreps (gangræn).
3. Sníkjudýr (parasítar) víða í kjöti.
4. Bjúgur í stórum stíl.
5. Megurð, megn.
6. Hítasótt (acut).
7. Gula.
8. Illkynja æxli.
9. Júgurbólga (acut, septic).
10. Melanosis (general).
11. Legbólga (acut, septic).
12. Þvag í blóði eða þvaglykt af kjöti.
13. Pericarditis (septic).
14. Lungnabólga (gangrænous).
15. Pyæmia.
16. Septicæmia eða septiskar eitranir.

## 9. gr.

Við afhendingu á verkunarstöð skal kjötið vera nýtt og laust við spik, þykkan himnur, lausar eða stórar sinar, fituhnykla, innyfli og hvítu himnuna milli spiklags og kjöts.

## VI. KAFLI

## Vinnustöðvar.

## 10. gr.

Vinnuherbergi, þar sem hvalkjöt er verkað og um það búið, skulu vera heilmæmt og björt, með vatnsleiðslum eða aðgangi að sjó, sem hægt sé að dæla inn eftir þörfum. Dýralæknar og eftirlitsmenn skulu hafa eftirlit með vinnuherbergjum. Sýnishorn af vatni má taka til rannsóknar. Reynist vatnið óhreint má stöðva starfsemina, þar til bót er á því ráðin. Til þess að vinnuherbergi geti talizt heilmæmt, verður gólf þess, veggir og loft að vera úr efni, sem auðvelt er að halda hreinu og beflausu. Sama gildir og um áhöldin, sem notuð eru.

## 11. gr.

Strangasta hreinlæti verður að hafa við alla vinnu við hvalskurðinn. Vinnuherbergi og áhöld skulu vandlega hreinsuð dag hvern að verki loknu. Allan úrgang skal tafarlaust fjarlægja frá þeim stöðum, þar sem hvalkjöt er verkað, geymt eða sett í umbúðir. Fólk, sem verkar og býr um kjöt, skal vera hreinlátt og þrifalega til fara. Bannað er að reykja og hrækja á vinnustöðvum. Skytt er og að gæta þrifnaðar úti umhverfis vinnustöðvar.

## VII. KAFLI

## Móttaka, hreinskurður, mat o. fl.

## 12. gr.

Við móttöku hvalkjöts, vigtun, flokkun og umbúnað skal forðast, að það sóttmengist eða rýrni að gæðum.

105

30. júlí

13. gr.

Kjötið skal hreinskorið á þar til gerðum borðum. Hið hreinskorna kjöt skal lagt á ristar, ef þörf gerist, og verður að vera vel kælt áður en það er sett í umbúðir.

14. gr.

Hvalkjöt er flokkað þannig:

A. Til manneldis:

I. flokkur: Steikarkjöt.

II. flokkur: Pylsukjöt.

B. Til skepnufóðurs eða áburðar:

III. flokkur: Úrgangskjöt.

Með steikarkjöt í I. flokki er átt við bita af hreinskornu hvalkjöti, skorið úr hrygg og síðuvöðvum hvalsins. Í því mega ekki vera himnur, spik, brjósk eða breiðar sinalengjur. Af minni sinatægjum má eigi vera nema mjög lítið í kjötinu.

Fita má ekki sjást í steikarkjöti.

Pylsukjöt er smáskorið kjöt og tungukjöt.

Allt annað kjöt er notað sem skepnufóður eða áburður.

15. gr.

Það er á valdi dýralæknis, sem kjötskoðunina annast, að banna að afhenda slæmt hvalkjöt til manneldis.

16. gr.

Gæðamat á hvalkjöti annast kjötmatsmenn undir umsjón yfirkjötmatsmanns og ber þeim að hlíta þeim fyrirætlum, sem hann gefur. Kjötmatsmenn skulu skipaðir af hlutaðeigandi lögreglustjóra eftir tilnefningu yfirkjötmatsmanns.

Á hvalveiðistöð skal ætíð starfa kjötmatsmaður. Hann metur kjötið og flokkar strax og kjötskurður hefst, að svo miklu leyti sem framkvæmanlegt er þar á staðnum. Kjötmatsmaður skal starfa á pökkunar- og frystistað og framkvæmir þar endanlegt mat og flokkun á kjötinu og sér um, að vinnubrögð þar séu öll hin beztu.

Kostnað við matið greiði hlutaðeigandi hvalveiðistöð, svo og þann kostnað, sem yfirmatsmaður kann að hafa varðandi eftirlitið o. þ. u. l.

17. gr.

Við framkvæmd hvalkjötsskoðunarinnar hafa dýralæknar og matsmenn aðgang að öllum vinnustöðvum og geymslustöðum. Þeir hafa og rétt til að opna umbúðir með hvalkjöti og taka sýnishorn af því til rannsóknar.

18. gr.

Skoðunarmenn geta stöðvað sendingar, ef verulega er brugðið út af settum reglum um vinnslu hvalkjötsins, umbúnað, frystingu eða flutning.

## VIII. KAFLI

### Umbúnaður á nýju og ísvörðu hvalkjöti.

19. gr.

Nýtt hvalkjöt, sem sent er og selt til manneldis innanlands, skal setja í hreina, nýja kassa af ákveðinni stærð eða aðrar umbúðir, sem viðurkenndar eru af yfirmatsmanni. Taki flutningur kjötsins lengri tíma en sólarhring, skal smámulinn ís látinn í kassana, ef aðrar kæliaðferðir eru ekki notaðar. Undir kassalokinu skal pergament- eða pergaloïdpappír látinn hylja kjötið.

Séu kassar með ísvörðu kjöti ekki sendir þegar af stað, verður að geyma þá á 105 svo köldum stað, að ísinn bráðni ekki, nema að nýr ís sé settur í kassana áður en 30. júlí þeir eru sendir af stað. Ekki má negla lokin á kassana fyrr en rétt áður en flutningur hefst.

### IX. KAFLI

Verkun á frosnu hvalkjöti, umbúnaður, frysting og geymsla.

20. gr.

Í frystingu má aðeins láta gott hvalkjöt, sem verkað hefur verið samkvæmt settum reglum. Kjötið skal fryst strax og það er komið í umbúðir.

21. gr.

Við frystinguna má kjötið ekki koma í snertingu við kælivökva eða kælivélar.

22. gr.

Kjötið skal vera gegnfrosið innan 4 klukkustunda.

23. gr.

Hvalkjöt skal fryst og geymt í sérstökum kæliklefum. Hvalkjöt, sem ætlað er til skepnufóðurs, skal geymt út af fyrir sig í sérstökum klefum.

Skylt er verkstjórum hraðfrystihúsa að sjá um, að hvalkjötskössunum sé þannig hlaðið, að þeir séu að minnsta kosti 5—10 cm frá gólfi, veggjum og kælivélum. Kjötið skal geymt í 15 gr. C. kulda eða þar yfir.

### X. KAFLI

Umbúðir og merking.

24. gr.

Hvalkjötsumbúðir skulu merktar:

1. Kjöttegund, sbr. 14. gr.
2. Þyngd.
3. Dagsetning frystingar, sé um hana að ræða.

Til merkingar skal notað: Brennimörk, gúmmístimpla eða merki úr málm.

### XI. KAFLI

Flutningur á nýju og frystu hvalkjöti.

25. gr.

Fara skal varlega með hvalkjöt í kössum og öðrum umbúðum.

Við flutninga á landi og útskipun ber að varast harkalega og óhreinlega meðferð. Ekki má setja kassa með ísvörðu hvalkjöti upp á endann. Sérstaklega ber að forðast að láta lítt kælt kjöt liggja í umbúðum umfram það, sem nauðsynlegt er.

### XII. KAFLI

Bann gegn innanlandssölu og útflutningi ýmsra tegunda hvalkjöts.

26. gr.

Ekki má flytja til útlanda aðra flokka hvalkjöts en steikarkjöt og pylsukjöt, sbr. 14. gr.



105

30. júlí

Bannað er að flytja út hvalkjöt, sem ekki er fryst samkvæmt fyrirmælum reglugerðar þessarar.

27. gr.

28. gr.

Bannað er að afhenda hvalkjöt, sem við skoðunina reynist ekki heilnæmt og nýtt eða vegna óbragðs getur ekki talizt hæf verzlunarvara.

29. gr.

Hvalkjöt, sem ætlað er til mannelis, skal við afsendingu vera þannig, að ætla megi það hæft til mannelis, þegar það er komið á ákvörðunarstað.

## XIII. KAFLI

## Undanþáguákvæði m. m.

30. gr.

Atvinnumálaráðuneytið getur sett nánari reglur og veitt undanþágu frá reglugerðarákvæðum þessum, ef það telur ástæðu til.

31. gr.

Prentað eintak þessarar reglugerðar skal vera á áberandi stað á öllum hvalveiðistöðvum og á öðrum vinnustöðvum, þar sem unnið er að hagnýtingu hvalkjöts.

32. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 10000 krónum, ef ekki liggur þyngrri refsing við að lögum.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 92/1935 og lögum nr. 26/1949, til að öðlast gildi þegar í stað.

*Atvinnumálaráðuneytið, 30. júlí 1949.*

**Bjarni Ásgeirsson.**

*Gunnl. E. Briem.*

106

4. ágúst

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Gjafasjóð Sturlu Jónssonar, kaupmanns í Reykjavík, til minningar um foreldra hans, Jón Pétursson háyfirdómara og Sigbrúði Friðriksdóttur“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 4. ágúst 1949.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Gjafasjóð Sturlu Jónssonar, kaupmanns í Reykjavík, til minningar um foreldra hans, Jón Pétursson háyfirdómara og Sigbrúði Friðriksdóttur.

1. Sjóðurinn nefnist Gjafasjóður Sturlu Jónssonar til styrktar fátækum börnum, er þarfnast spítalavistar á barnaspítala þeim, er kvenfélagið Hringurinn í Reykjavík gengst fyrir byggingu á.
2. Stofnfé sjóðsins er kr. 50000.00 — fimmtíu þúsund krónur — í 1. veðréttar-

bréfi Sturlu Friðrikssonar í húseigninni Laufásvegi 51 í Reykjavík, er ávaxtast með 5% vöxtum, talið frá 1. júlí 1948. **106**

3. Sjóðurinn skal standa undir stjórn forstöðulæknis þessa barnspítala ásamt landlækni og yfirhjúkrunarkonu spítalans.
4. Það fé sjóðsins, er innborgast í vöxtum og/eða afborgunum af veðskuldabréfinu undir 2. tölulið, skal ávaxtast í veðdeildarbréfum eða öðrum trygguðum veðbréfum, er ríkissjóður ábyrgist, og skulu bréfin áritast um, að þau séu eign sjóðsins. Upphæðir, er ekki nema 1000 kr., mega þó standa í sparisjóði.
5. Stofnfé sjóðsins og það, sem við kann að leggjast samkvæmt þessari skipulagsskrá, má aldrei skerða.
6. Þar til spítalinn tekur til starfa leggjast allir vextirnir af sjóðnum við höfuðstólinn.
7. Af vöxtum sjóðsins eftir að spítalinn tekur til starfa, má verja  $\frac{1}{10}$  — níu tiundu — hlutum ár hvert, en  $\frac{1}{10}$  skal ávallt leggjast við höfuðstólinn. Þeim vöxtum, er koma til úthlutunar árlega, skal verja til styrktar fátækum börnum, er á barnspítalanum dvelja, og ekki þiggja af sveit, eða foreldrar þeirra, til fatagjafa eða á annan hátt, þegar þau fara af spítalanum, og ákveður sjóðstjórnin hvort styrkurinn skuli veittur í einu lagi eða honum skipt milli fleiri barna. Verði eitthvert ár úthlutað minna en  $\frac{1}{10}$  hlutum vaxtanna, leggst mismunurinn við höfuðstól sjóðsins.
8. Reikninga sjóðsins ber sjóðstjórninni að gera upp árlega og skulu reikningar hans birtir í B-deild Stjórnartíðindanna.
9. Leita skal forsetastaðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Sem skiptaforstjórar í dánarbúi Sturlu Jónssonar, kaupmanns í Reykjavík, leyfum við okkur að beiðast þess, að ofanskráð skipulagsskrá megi öðlast staðfestingu forseta Íslands.

Virðingarfullt, Reykjavík, 6. október 1948.

F. h. skiptaforstjóranna í dánarbúi Sturlu Jónssonar.

Lárus Fjeldsted. Ólafur Ólafsson.

## REGLUGERÐ

um vöruhappdrætti Sambands íslenzkra berklasjúklinga.

**107**

5. ágúst

### 1. gr.

Ágóða af vöruhappdrætti Sambands íslenzkra berklasjúklinga (hér í reglugerðinni framvegis skammstafað SÍBS) skal varið til að greiða stofnkostnað við byggingarframkvæmdir vistheimilisins í Reykjalandi.

Eignum happdrættisins skal, ef það verður lagt niður, verja á sama hátt.

### 2. gr.

Stjórn SÍBS fer með yfirstjórn happdrættisins og hefur á hendi reikningshald þess eða felur það framkvæmdastjóra. Hún skal færa ákvarðanir, er happdrættið varða, í gerðabók sína. Stjórnin ræður framkvæmdastjóra happdrættisins.

### 3. gr.

Reikningsár happdrættisins er almanaksárið. Fjármálaráðuneytið skipar 2 endurskoðendur reikninganna. Þóknun til þeirra greiðist af fé happdrættisins.

107

5. ágúst

4. gr.

Fjármálaráðuneytið skipar þriggja manna happdrættisráð til þriggja ára í senn og ákveður formann þess. Það ákveður þóknun happdrættisráðsmannanna, er greiðist af fé happdrættisins.

Happdrættisráð skal hafa aðgang að bókum og skjölum happdrættisins og skal því veitt sú vitneskja um starfsemina, sem það óskar. Það skal tafarlaust tilkynna fjármálaráðuneytinu, ef það telur ákvæði laga nr. 13 16. marz 1949 eða reglugerða, setta samkvæmt þeim, brotin.

Happdrættisráð hefur eftirlit með og úrskurðarvald um drætti, svo sem síðar segir.

5. gr.

Happdrættið gefur árlega út 50000 — fimmtíu þúsund — hluti í 6 flokkum. Hver hlutamiði ber áprentað númer frá 1—50000 og auk þess merki SÍBS, verð, síðasta endurnýjunardag, dráttardag og innlausnarfrést. Á hann skal prenta eiginhandarnafn framkvæmdastjóra happdrættisins, og á honum skal vera undirskrift eða eiginhandarstimpill umboðsmanns.

6. gr.

Vinningar eru samanlagt 5000 að tölu í öllum 6 flokkum og eru samanlagt að verðmæti kr. 1200000.00 miðað við smásöluverð.

Stjórn SÍBS ákveður vinningatöluna og verðmæti þeirra í hverjum flokki, er fari stighækkandi, en þó séu aldrei færri en 300 vinningar í 1. flokki og ekki fleiri en 1500 vinningar í 6. flokki. Verðmæti vinninganna að meðaltali í hverjum flokki skal vera svipað.

7. gr.

Verð ársmiða er 60 kr., en endurnýjunarmiða í hverjum flokki 10 kr. Ef menn vilja kaupa hlutamiða, eftir að drættir eru byrjaðir á árinu, skal greiða fyrir hann, auk verðs hans í flokki þeim, sem næst á að draga í, samanlagt verð hlutarins í öllum þeim flokkum, sem dregið hefur verið í á árinu.

8. gr.

Hlutamiðar eru seldir á skrifstofu SÍBS í Reykjavík og hjá umboðsmönnum happdrættisins víðs vegar um landið.

Endurnýjun hlutamiða hefst að 15 dögum liðnum frá síðasta drætti og varir til kvölds síðasta endurnýjunardags, sem skráður er á hvern miða. Endurnýjun skal fara fram hjá þeim umboðsmanni, sem hefur selt miðann.

9. gr.

Um vinninga í 1. flokki skal dregið 5. febrúar, og síðan 5. annars hvors mánaðar eða næsta virkan dag á eftir, ef þann dag ber upp á helgidag.

10. gr.

Áður en dregið er í 1. flokki skal leggja í hlutastokkinn 50000 miða, sem merktir eru tölunum 1 til 50000. Áður en dregið er í hverjum hinna síðari flokka skal leggja í hlutastokkinn jafnmarga miða, sem síðast voru úr honum dregnir og með sömu tölum.

Samtímis skal leggja í vinningastokkinn miða, sem á eru prentaðir vinningar þeir, einn á hvern miða, sem draga skal um í það skipti samkvæmt vinningaskrá, er stjórn SÍBS semur, en happdrættisráð þarf að samþykkja.

Miðana skal láta í stokkana að viðstöddu happdrættisráði, sem skal gæta þess, að allt fari löglega fram. Happdrættisráð skal innsigla hlutastokkinn að drætti loknum og gæta þess, að innsiglið sé óbrotið, þegar miðar verða látnir í stokkinn fyrir

næsta drátt. Það skal og gæta þess, að rétt miðatala með réttum númerum og vinningum sé látin í stökkana. Ef dráttur hefst ekki strax, þegar lokið er að láta miðana í stökkana, skal innsigla þá unz dráttur hefst. **107**  
5. ágúst

Að minnsta kosti 2 happdrættisráðsmenn skulu vera viðstaddir hvern drátt til eftirlits.

Dráttur fer þannig fram, að fyrst er dreginn miði úr hlutastokknum og skal númer hans þegar fært inn í þar til gerða dráttabók, síðan er dreginn miði úr vinningastokknum, sem segir til, hvað unnizt hefur á hið útdregna hlutanúmer, og skal það einnig samstundis fært inn í dráttabókina. Þannig skal haldið áfram unz allir miðar eru dregnir úr vinningastokknum.

Jafnskjótt sem lesið hefur verið númer af miða, sem dreginn er úr hlutastokknum, skal hann dreginn á þráð, svo hver miðinn af öðrum þannig, að fyrst kemur sá miðinn, sem fyrst var dreginn út, en síðast sá, sem síðast var dreginn út. Á sama hátt skulu vinningamiðarnir dregnir upp á þráðinn, þannig að næst hverjum útdregnum hlutamiða liggji tilsvareandi vinningsmiði. Að drætti loknum skal þræðinum ofið um miðana, endarnir bundnir saman og innsiglaðir með innsigli happdrættisráðs.

Þegar að drætti loknum skal bera númerin og vinningana á þræðinum saman við númerin og vinningana, sem færðir hafa verið inn í dráttabókina og gæta þess, að rétt sé innfært. Eftirlitsmennirnir skulu færa í gerðabók happdrættisráðs, að þeir hafi gætt að innsiglu á stökkunum og að rétt tala miða með réttum númerum og vinningum hafi verið sett í stökkana og hvernig dráttur hafi farið fram.

#### 11. gr.

Vinningaskrá skal gefin út að loknum hverjum drætti og skal hún fást ókeypis hjá öllum umboðsmönnum happdrættisins.

#### 12. gr.

Eigandi miða, sem hlotið hefur vinning, skal snúa sér til þess umboðsmanns, er seldi miðann. Umboðsmaðurinn stimplar þá vinningsmerki á miðann, ritar á hann hver vinningurinn er, dagsetningu og skrifar nafn sitt undir.

Í upphafi hvers árs eiga menn kost á því að kaupa hlutamiða með sama númeri, sem þeir hafa haft næsta ár á undan, ef þeir snúa sér til umboðsmanns happdrættisins á þeim tíma, sem stjórn SÍBS auglýsir. Þetta gildir þó því aðeins, að umboðsmaðurinn hafi fengið umrætt númer aftur frá skrifstofu happdrættis SÍBS.

#### 13. gr.

Allir vinningarnir greiðast í vörum og er vöruhappdrætti SÍBS óheimilt að greiða andvirði þeirra í peningum.

#### 14. gr.

Vinninga afhenda einungis viðurkenndir birgðasalar happdrættisins. Ef vinningurinn er ekki ákveðin vörutegund er vinnanda í sjálfsveld sett hvaða vörutegund eða verðmæti hann kys sér af því, er birgðasali hefur á boðstólum fyrir happdrættið. Vinning má ekki afhenda nema gegn stimpluðum og árituðum miða samkvæmt 12. grein. Umboðsmenn happdrættisins skulu láta viðskiptamönnum þess ókeypis í té skrá yfir birgðasalana.

Á vinningaskrá skal auglýst, hvenær afhending vinninga hefst. Ef mótmæli koma fram gegn afhendingu vinnings til handhafa hlutamiða, áður en afhending hefst samkvæmt auglýsingunni, skal vinningur ekki afhentur fyrr en 8 vikur eru liðnar frá því að afhending átti að hefjast og skal hann þá afhentur handhafa miðans

**107** nema sannað sé, að mál sé þingfest til úrskurðar um eignarrétt vinningsins og skal 5. ágúst þá vinningurinn ekki afhentur, fyrr en dómsúrskurður er fallinn.

Ef miði, sem vinning hlýtur, hefur glatazt, getur eigandi hans snúið sér til stjórnar SÍBS með beiðni um að fá vinninginn afhentan, en fylgja skal vottorð umboðsmanns, sem seldi miðann, um það, að samkvæmt bókum hans hafi umsækjandi keypt miðann. Slík beiðni þarf að komast í hendur stjórnar SÍBS innan 6 mánaða frá drætti, en hafi vinningur samkvæmt miðanum þegar verið afhentur, er beiðnin kom fram, er happdrættið laust allra mála.

15. gr.

Vinningar, sem enginn hefur vitjað innan eins árs frá drætti, verða eign happdrættisins.

16. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 13 16. marz 1949, um vöruhappdrætti fyrir Samband íslenzkra berklastrjúklinga, öðlast þegar gildi.

#### Ákvæði til bráðabirgða.

1949 fer dráttur fram í fyrsta skipti 5. október og verða aðeins 2 flokkar á því ári. Verð ársmiða 1949 verður 20 kr. og endurnýjunarmiða 10 kr. Vinningafjöldi og vinningaverðmæti skal vera svo sem eðlilegt væri í 3. og 4. flokki samkvæmt 6. gr. Á þessu ári verður miðað við einungis  $\frac{1}{2}$  hlutatölunnar og  $\frac{1}{2}$  vinningatölunnar samkvæmt 5. grein.

*Fjármálaráðuneytið, 5. ágúst 1949.*

**Jóhann P. Jósefsson.**

*Magnús Gíslason.*

**108**

8. ágúst

## GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Seyðisfjarðar.

### I. RAFORKA

Rafveita Seyðisfjarðar selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

#### A. Lýsing.

1. Um kwst.mæli á kr. 1.20 hver kwst. Við þessu verði skal selja hvers konar raforkunotkun, sem ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár.
2. Um kwst.mæli á 45 aura hver kwst. auk fastagjalds, er nemi 50 aurum á mánuði á hvern m<sup>2</sup> gólfplatarmáls í rúmi því, er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólfleti í búðum, skrifstofum og vinnustofum, en fyrir ganga og geymslur skal greiða 20 aura á mánuði af m<sup>2</sup>.
3. Gjald fyrir götu- og hafnarlýsingu ákveður bæjarstjórn eftir tillögu rafveitunefndar, þó ekki lægra gjald en 40 aura fyrir hverja kwst.

#### B. Almenn heimilisnotkun.

Um kwst.mæli á 30 aura hver kwst., auk fastagjalds, er nemi kr. 5.00 á mánuði af einu herbergi hvernar íbúðar og kr. 3.00 á mánuði af hverju herbergi umfram eitt. Til herbergja í íbúð skal telja öll íveruherbergi og eldhús, en ekki ganga, bað-

herbergi eða geymslur. Herbergi, sem er minna en 5 m<sup>2</sup>, skal telja sem hálf, en stærra en 25 m<sup>2</sup> sem tvö. Þar sem meðalstærð herbergja í íbúð er minni en 10 m<sup>2</sup> má miða við samanlagt flatarmál þeirra, þannig að hverjir 10 m<sup>2</sup> jafngildi einu herbergi og hverjir 5 m<sup>2</sup> hálfu herbergi. 108  
8. ágúst

### C. Vélarekstur.

Um kwst.mæli á 65 aura hver kwst. Hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma, má krefjast minnsta árgjalds, kr. 150.00 á hvert uppsett kw. vélanna.

### D. Sérsamningar.

Þegar sérstaklega stendur á, er heimilt að selja raforku eftir sérstökum samningi, þó eigi lengur en til eins árs í senn.

## II. MÆLALEIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum sem hér segir:

1. Af einfasa mælum 30 amp. og minni .....	kr. 2.00 á mánuði.
2. — þrífasa mælum 50 amp. og minni .....	— 3.00 — —
3. — þrífasa mælum 50 til 200 amp. ....	— 7.00 — —
4. — þrífasa mælum yfir 200 amp. ....	— 10.00 — —

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í skránni, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækisins. Leiga af mælitækjum skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

## III. HEIMTAUGARGJALD

Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveituna, skal greiða heimtaugargjald sem hér segir:

1. Grunnjald af hverri loflínuheimtaug .....	kr. 300.00
2. Grunnjald af hverri jarðlínuheimtaug .....	— 500.00

Auk þessa grunnjalds skal greiða kr. 6.00 af hverju þúsundi króna brunabótamats húsa og mannvirkja. Í útreikningi á heimtaugargjaldi skal sleppa hálfu þúsundi eða minna af brunabótamati, en ella hækka upp í heilt þúsund.

Ef brunabótamat á húsi er gamalt, getur rafveitustjóri eða bæjarstjórn samræmt það nýju mati og miðað heimtaugargjaldið við það. Láti húseigandi meta húsið á ný, skal þó heimtaugargjaldið miðast við það mat.

Heimtaugargjald fellur í gjalddaga, þegar heimtaugaruppsetningu er lokið eða þegar brunabótamat hefur verið framkvæmt, en bæjarstjórn er heimilt að setja nánari reglur um innheimtu þessara gjalda.

Sé lengd jarðlínuheimtaugar meiri en 25 metrar, loftlínuheimtaugar meiri en 60 metrar og (eða) gildleiki víra meiri en  $3 \times 70$  mm<sup>2</sup>, skal húseigandi greiða kostnað af því, sem fram yfir er.

Ef lagðar eru fleiri en ein heimtaug að sama húsi, skal greiða allan kostnað af síðari heimtaug eftir reikningi.

108

8. ágúst

## IV. OPNUNARGJALD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun, 10 kr.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún ekki enduropnuð, fyrr en notandinn hefur greitt 10 kr. gjald á skrifstofu rafveitunnar.

Bæjarstjórn er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í I. kafla þessarar gjaldskrár, um allt að 20%, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda auglýsi bæjarstjórnin breytinguna í Lögbirtingablaðinu, áður en til hennar kemur.

## Bráðabirgðaákvæði.

Meðan óhjákvæmilegt er að hafa ljóshemla í notkun vegna hugsanlegs dráttar á uppsetningu nýrra mælitækja, má rafveitunefnd selja rafmagn um þá eftir gömlu gjaldskránni, með allt að 50% álagi.

Gjaldskrá þessi, sem bæjarstjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923 og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi numin gjaldskrá nr. 3 15. janúar 1943 fyrir rafveitu Seyðisfjarðarkaupstaðar.

*Atvinnumálaráðuneytið, 8. ágúst 1949.*

**Bjarni Ásgeirsson.**

*Þorv. K. Þorsteinsson.*

109

9. ágúst

## REGLUR

um stangaveiði í Langá í Mýrasýslu.

## 1. gr.

Í Langá frá ósum að Sveðjufossi skal leyft að veiða með 4 stöngum samtímis. Stangafjöldinn skiptist á einstök svæði í ánni þannig: Fyrir landi jarðarinnar Langárfoss skal heimilt að veiða með  $1\frac{1}{4}$  stöng og tilsvarendi fyrir löndum jarðanna, sem land eiga á móti Langárfossi við ána. Þar fyrir ofan og að Sveðjufossi skal leyfð  $1\frac{1}{2}$  stöng.

Ef ókleift reynist fyrir veiðieigendur að leigja veiðina í Langá, eins og hún skiptist á svæðin, skal veiðimálastjóra heimilt að leyfa, að veitt sé með fleiri stöngum í senn, heldur en gert er ráð fyrir hér að framan, um stuttan tíma í einu, en þó því aðeins, að um jafnlangan tíma sé veitt með færri stöngum, sem því svarar.

## 2. gr.

Stangaveiði skal leyfð 16 klukkustundir á sólarhring, frá kl. 6 að morgni til kl. 10 að kvöldi hvern dag. Heimilt skal þó að færa áður nefndan veiðistundafjölda til á deginum fyrir heilt veiðitímabil, að fengnu samþykki veiðimálastjóra, ef allir aðilar óska þess og koma sér saman um tímann.

## 3. gr.

Reglur þessar gilda í 5 ár.

Reglur þessar eru settar samkvæmt lögum nr. 112/1941, til að öðlast gildi 15. maí 1950, og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

109

9. ágúst

*Atvinnumálaráðuneytið, 9. ágúst 1949.*

**Bjarni Ásgeirsson.**

*Gunnl. E. Briem.*

## REGLUGERÐ

110

10. ágúst

um skyldu til að halda eftir af kaupi upp í þinggjaldagreiðslur.

### 1. gr.

Kaupgreiðendur bera ábyrgð á greiðslu þinggjalda þeirra manna, sem þeir greiða kaup, eftir því sem nánar er fyrir mælt í reglugerð þessari.

### 2. gr.

Allir kaupgreiðendur skulu, þegar innheimtumaður þinggjalda krefst þess, skyldir til að láta honum í té skýrslu, munnlega eða skriflega, eftir því sem innheimtumaður óskar, um nöfn launþega, sem taka kaup hjá þeim, stöðu þeirra, fæðingardag, fæðingarár, heimilisfang, launakjör, upphæð kaups, hvernig það er greitt, gjalddaga og önnur atriði, sem nauðsynlegt er að upplýst séu, er gera skal kröfu um greiðslu gjalda af kaupum.

Krefjast má innheimtumaður framangreindra skýrslna með munnlegri kröfu eða skriflegri, svo og með almennri auglýsingu, og skulu skýrslurnar látnar í té innan þess tíma, er innheimtumaður ákveður.

Allir þeir, sem hafa með höndum atvinnurekstur með aðkeyptu vinnuafli verkafólks, skulu, ef þess er krafist af innheimtumanni, skyldir til að senda honum kaupskrár sínar eða afrit af þeim það snemma, að unnt sé að gera kröfu um greiðslu á þinggjöldum þeirra, er við kaupum eiga að taka, áður en til útborgunar kemur.

### 3. gr.

Nú hefur launþegi ekki greitt þinggjöld sín að fullu á réttum gjalddaga og skal kaupgreiðanda hans þá skylt samkvæmt kröfu innheimtumanns gjaldanna að halda eftir af kaupum launþega nægilegri fjárhæð til greiðslu gjaldanna ásamt dráttarvöxtum og kostnaði.

Orðið kaup í reglugerð þessari tekur til hvers konar kaups, launa, aflahlutar eða annarrar þóknunar, þ. á m. eftirlauna og styrktarfjár, og það jafnt hvort greiðslan er samkvæmt vinnusamningi, verksamningi (akkorði), eða öðrum samningum eða ákvörðunum.

Kaupgreiðandi telst sérhver sá, er innir framangreindar greiðslur af hendi, hvort sem er fyrir sjálfan sig eða aðra, þ. á m. kaupgreiðslustöðvar, en launþegi sá, sem rétt á til þeirra greiðslna.

### 4. gr.

Til lúkningar greiðslum þeim, sem um ræðir í 3. gr., skal þó ekki haldið eftir meira en  $\frac{1}{3}$  af því kaupum, sem til útborgunar á að koma, ef í hlut á launþegi, sem á fyrir heimili að sjá, en ella  $\frac{1}{2}$ . Nú er kaup greitt að einhverju leyti í öðru en peningum, svo sem fæði, húsnæði eða öðrum hlunnindum, og skulu hlunnindi þessi þá talið með, þegar út er reiknaður sá hluti kaupsins, sem eftir skal haldið, og á því verði, sem þau eru almennt metin til skatts á hverjum stað.



## 5. gr.

Kaupgreiðandi, sem fyrir hefur verið lagt á þann hátt, sem um ræðir í 3. gr., að halda eftir af kaupi, skal við næstu útborgun — þar með taldar hvers konar greiðslur upp í kaup — og framvegis við útborganir, þar til hin umkröfðu gjöld með vöxtum og kostnaði eru að fullu greidd, draga af kaupi gjaldanda þann hluta þess, sem skylt er að halda eftir samkvæmt 3. og 4. gr., og skal hverri þeirri fjárhæð, sem þannig er haldið eftir, skilað innheimtumanni innan sex virkra daga frá hverjum útborgunardegi talið, og er sú greiðsla bindandi fyrir gjaldandann.

## 6. gr.

Nú hættir launþegi að taka kaup hjá kaupgreiðanda, sem krafinn hefur verið um greiðslur upp í gjöld hans og gjöldin eru ekki að fullu greidd, og skal kaupgreiðandi þá án tafar tilkynna innheimtumanni brottför launþegans, svo og hvenær hann hafi farið og hvert, ef vitað er.

## 7. gr.

Gjaldandi eða kaupgreiðandi mega ekki slíta vinnusamningi fyrir það eitt, að krafizt hefur verið að gjöld skulu greidd af kaupi gjaldanda.

## 8. gr.

Ef kaupgreiðandi

- a. vanrækir að láta innheimtumanni í té umkrafðar skýrslur og upplýsingar um launþega innan tiltekens frests;
- b. greiðir kaup, án þess að halda eftir þeirri fjárhæð, sem skylt var samkvæmt reglugerð þessari;
- c. skilar eigi til innheimtumanns svo sem segir í 5. gr.;
- d. tilkynnir ekki innheimtumanni, svo sem segir í 6. gr., brottför gjaldanda; þá ábyrgist hann sem geymslufé þá fjárhæð, sem haldið hefur verið eftir hjá gjaldanda, en sem eigin þinggjöld það, sem halda hefði mátt eftir hjá honum, ef kaupgreiðandi hefði ekki vanrækt skyldur þær, sem honum bar að rækja samkvæmt reglugerð þessari. Fé þetta má taka lögtaki hjá kaupgreiðanda sem hans eigin þinggjöld væru.

Nú vanrækir kaupgreiðandi að halda fé eftir upp í gjöld launþega, skila innheimtu fé eða umkröfðum skýrslum samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar og varðar það þá sektum, ef eigi er úr bætt innan hæfilegs frests, er innheimtumaður ákveður, nema þyngri refsing sé við lögð að lögum.

## 9. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 45. gr. laga nr. 6 frá 9. júní 1935, um tekju- og eignarskatt, samanber lög nr. 60 frá 25. maí 1949, um breytingu á þeim lögum, öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er úr gildi numin reglugerð nr. 65 frá 26. júní 1944.

*Fjármálaráðuneytið, 10. ágúst 1949.*

**Jóhann Þ. Jósefsson.**

*Magnús Gíslason.*

## REGLUGERÐ

111

11. ágúst

um viðauka við reglugerð nr. 25 15. febrúar 1949, um ríkisábyrgð vegna bátaútvegsins o. fl.

### 1. gr.

Ríkissjóður ábyrgist framleiðendum söluverð það á framleiðslu þeirra til útlutnings, sem ákveðið er í 2. gr.:

1. Þorskflök, roðlaus í 1 kg öskjum án cellophan, 25 öskjur í ks. á 25 kg nettó, pr. lb. fob. ....	kr. 1.62
2. Þorskur, með haus, heilfrystur í 30 lbs. stykkjum, 3 stk. í ks. 90 lbs. nettó, pr. kg fob. ....	— 1.75
3. Þorskur, hausaður, heilfrystur í 30 lbs. stykkjum, 3 stk. í ks. 90 lbs. nettó, pr. kg fob. ....	— 1.98
4. Þorskur, hausaður og sporðskorinn, heilfrystur í 30 lbs. stykkjum, 3 stk. í ks. 90 lbs. nettó, pr. kg fob. ....	— 2.08

### 2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 100/1948 til að öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegsmálaráðuneytið, 11. ágúst 1949.*

Jóhann P. Jósefsson.

*Gunnl. E. Briem.*

## REGLUGERÐ

112

12. ágúst

um breyting á reglugerð um gerð og notkun bifreiða, nr. 72 24. júní 1937.

### 1. gr.

3. gr. orðist þannig:

1. Á hverri bifreið skulu vera tvö skrásetningarmarki, annað framan á og hitt aftan á bifreiðinni. Skal þeim komið fyrir og fest vel á áberandi stað, þar sem eftirlitsmaður bifreiða tiltekur og má aldrei hylja þau og ekkert má skyggja á þau.

Hvert lögsagnarumdæmi skal einkennt með bókstaf, sem hér greinir:

Reykjavík .....	R
Mýra- og Borgarfjarðarsýsla .....	M
Akraneskaupstaður .....	E
Snæfellsness- og Hnappadalssýsla .....	P
Dalasýsla .....	D
Barðastrandarsýsla .....	B
Ísafjarðarkaupstaður og Ísafjarðarsýsla .....	Í
Strandasýsla .....	T
Húnavatnssýsla .....	H
Sauðárkrókskaupstaður og Skagafjarðarsýsla .....	K
Siglufjarðarkaupstaður .....	F
Ólafsfjarðarkaupstaður .....	Ó
Akureyrarkaupstaður og Eyjafjarðarsýsla .....	A
Þingeyjarsýsla .....	Þ

112	Seyðisfjarðarkaupstaður og Norður-Múlasýsla .....	S
12. ágúst	Neskaupstaður .....	N
	Suður-Múlasýsla .....	U
	Skaftafellssýsla .....	Z
	Vestmannaeyjakaupstaður .....	V
	Rangárvallasýsla .....	L
	Árnessýsla .....	X
	Hafnarfjarðarkaupstaður og Gullbringu- og Kjósarsýsla ..	G
	Keflavíkurkaupstaður .....	Ö

Gerð skrásetningarmerkja, stærð og lögum stafa skal vera samkvæmt eftirfarandi reglum:

Merkir skulu vera rétthyrnd, aflöng spjöld, 130 mm á hæð úr 2 mm þykku aluminium.

Stafir skulu vera með steinskrift, þrykkir í spjaldið. Rönd skal vera á brún-um, 5 mm breið, þrykkt á sama hátt. Stafirnir og röndin skulu vera fægð og bera lit málsins, en grunnur svartur, málaður með gljálausri málningu. Stafir skulu vera 90 mm á hæð, 55 mm á breidd og breidd stafleggja 15 mm. Framan við tölustafi skal vera einkennisbókstafur lögsagnarumdæmis. Bil milli tölustafa skal vera 10 mm, en bil milli bókstafs og tölustafa 30 mm.

Á bifhjólum (tvíhjóla bifreiðum) skulu skrásetningarspjöldin vera 90 mm á hæð og stafir minni í sama hlutfalli. Þau skulu vera máluð með hvítum stöfum á svörtum grunni.

Dómsmálaráðuneytið og bifreiðaeftirlit ríkisins fyrir þess hönd sér um tilbúning allra skrásetningarmerkja. Skulu bifreiðaeftirlitsmenn, hver í sínu umdæmi, eftir ákvörðun lögreglustjóra, afhenda skrásetningarmerki, enda greiði bifreiðaeigandi við kaupbeiðni andvirði þeirra, eins og það verður ákveðið af dómsmálaráðuneytinu. Endurnýja ber skrásetningarmerki, ef það verður ógreinilegt, þannig að orkað geti tvímælis, hvert umdæmistölumerki bifreiðar sé.

Við endurnýjun skrásetningarmerkja á bifreiðum skal nota þá gerð merkja, er að framan greinir, þó skal nota hina eldri gerð meðan núverandi birgðir endast. Eftir 1. apríl 1952 skal eingöngu nota skrásetningarmerki samkvæmt reglugerð þessari.

Bifreiðareiganda ber að skila aftur, án endurgjalds, skrásetningarmerki við endurnýjun þess eða ef bifreið er afskráð. Nú verður önnur bifreið skrásett með sama umdæmistölumerki á nafn þess, er átti hina afskráðu bifreið, og skal hann fá hin sömu skrásetningarspjöld án endurgjalds, ef þau eru nothæf.

2. Framan eða aftan á bifreiðum mega ekki vera nein þau merki eða stafir, sem að álit bifreiðaeftirlitsmanns geta glapið eða villt lögreglumanni sýn, þegar greina þarf skrásetningarmerki bifreiðar.

Bifreiðaeftirlitsmaður má leyfa merki, stafi eða auglýsingar á hliðum bifreiða og inni í þeim, þó eigi á glerrúðum, sem ökumaður þarf að sjá út um. Verði ágrein- ingur sker lögreglustjóri úr.

3. Lögreglustjóri getur í einstökum tilfellum heimilað akstur bifreiða, sem eigi eru skrásettar. Þegar svo stendur á, skal nota bráðabirgðaskrásetningarmerki, sem er eins og venjuleg skrásetningarmerki að öðru leyti en því, að grunnur skal vera rauður. Bráðabirgðamerki þessi má aldrei nota lengur á sömu bifreið en tvær vikur og einungis innan sama umdæmis, nema sérstakt leyfi lögreglustjóra komi til. Bifreiðar með bráðabirgðamerkjum eru háðar sömu reglum, sem gilda um aðrar bifreiðar. Bifreiðareiganda ber að greiða 3 kr. fyrir dag hvern, eða hluta úr degi, er hann hefur bráðabirgðaskrásetningarmerki í sínum vörzlum.

## 2. gr.

112

12. ágúst

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 23 16. júní 1941, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Í dómsmálaráðuneytinu, 12. ágúst 1949.*

**Bjarni Benediktsson.**

*Sigurgeir Jónsson.*

## REGLUGERÐ

113

16. ágúst

### um hvalveiðar.

## 1. gr.

Óheimilt er að veiða:

- Sléttbaka, nema þegar nota skal aflann eingöngu til manneidis á Íslandi.
- Hvalkálfa, hvali á spena og kvenhvali, sem kálfar eða hvalir á spena fylgja.
- Steypireyðar innan við 70 fet (21.3 m), langreyðar innan við 55 fet (16.8 m), sandreyðar innan við 40 fet (12.2), hnúfubaka innan við 40 fet (10.7 m) og búrhvali innan við 35 fet (10.7 m). Þó má veiða steypireyðar yfir 65 fet (19.8 m), langreyðar yfir 50 fet (15.2 m) og sandreyðar yfir 35 fet (10.7 m) fyrir íslenskar landstöðvar, enda sé hvalkjötið þá notað til manneidis eða skepnufóðurs á Íslandi.

## 2. gr.

Óheimilt er að nota móðurskip eða bát í sambandi við það til veiða eða vinnslu á skiðishvölum:

- Á svæðinu norðan við 66° norðlægrar breiddar; þó skal það bann eigi ná til svæðisins frá 66° til 72° norðlægrar breiddar, frá 150° austlægrar lengdar austur til 140° vestlægrar lengdar.
- Á Atlantshafi og þeim hafsvæðum, sem að því liggja norðan við 40° norðlægrar breiddar.
- Í Kyrrahafinu og þeim hafsvæðum, sem að því liggja, austan við 150° vestlægrar lengdar milli 40° suðlægrar breiddar og 35° norðlægrar breiddar.
- Á Kyrrahafi og hafsvæðum, sem að því liggja, vestan við 150° vestlægrar lengdar milli 40° suðlægrar breiddar og 20° norðlægrar breiddar.
- Í Indverska hafinu og hafsvæðum, sem að því liggja, norðan við 40° suðlægrar breiddar

## 3. gr.

Óheimilt er að nota móðurskip eða bát í sambandi við það til veiða eða vinnslu á skiðishvölum á svæðinu sunnan við 40° suðlægrar breiddar frá 70° vestlægrar lengdar vestur að 160° vestlægrar lengdar.

## 4. gr.

Óheimilt er að nota móðurskip eða bát í sambandi við það til veiða eða vinnslu á hnúfubak á svæðum sunnan við 40° suðlægrar breiddar.

## 5. gr.

- Óheimilt er að nota móðurskip eða bát í sambandi við það til veiða eða vinnslu á skiðishvölum á svæðinu sunnan við 40° suðlægrar lengdar, nema á tímabilinu 15. desember til 1. apríl ár hvert, að báðum dögum meðföldum.

- 113** b. Þrátt fyrir ákvæði a-liðs þessarar greinar, skal heimil vinnsla á hvölum, sem  
16. ágúst veiddir eru á leyfðu tímabili, enda þótt því tímabili sé lokið.

## 6. gr.

Hámark veiðimagns á svæðinu sunnan við 40° suðlægrar breiddar skal ákveðið í samráði við atvinnuáráðuneytið.

## 7. gr.

Óheimilt er að nota landstöð eða veiðiskip í sambandi við hana til veiða eða vinnslu á skíðishvölum, lengur en 6 mánuði á ári, og skal notkunin vera samfleytt.

## 8. gr.

Óheimilt er að nota móðurskip, sem notað hefur verið á veiðitímabili sunnan 40° suðlægrar breiddar, til vinnslu á skíðishvölum á öðru svæði í sama skyni innan eins árs frá lokum þess tímabils.

## 9. gr.

Veiddan hval skal afhenda landstöð eða móðurskipi og skal unnið úr aflanum til fullnustu með suðu eða á annan hátt.

Í geymslurúmi skal frostið ekki vera minna en  $-15^{\circ}$  C., og er áriðandi að það haldizt sem jafnast þann tíma, sem kjötið er geymt. Grindur eða listar skulu vera við gólf og útveggi til að forðast skemmdir á vörinni vegna hitabreytinga.

## 15. gr.

Kjöt og slátur má eigi hraðfrysta í öðrum frystihúsum en þeim, sem löggilt eru til þess eða starfrækt sem fullkomin hraðfrystihús til frystingar á fiski til útflutnings. Um hraðfrystingu og geymslu á kjötinu skulu gilda sömu reglur og gilda um hraðfrystingu og geymslu á fiski til útflutnings.

Um vinnuáðstöðu við verkun kjötsins til frystingar, hraðfrystingu og geymslu þess, skulu gilda sömu reglur og um fisk, sem verkaður er og frystur á þennan hátt til útflutnings

Brytjun kjötsins og þökkun skal framkvæmd í sérstökum vinnuklefa, en sé klefinn á öðrum tímum en þeim, sem hraðfrysting kjöts fer fram í frystihúsinu, notaður við verkun á öðrum matvörum, svo sem fiski eða garðávöxtum, skal hann gerður vandlega hreinn áður en verkun kjötsins hefst í klefanum.

Kjöt, sem brytjað er til hraðfrystingar, skal pakkað og fryst án tafar. Ef notaðar eru umbúðir úr pergamenti eða öðru óloftþéttu efni, skulu pakkarnir íshúðaðir að lokinni frystingu. 155  
8. sept.

Umbúðir um hraðfryst kjöt skulu greinilega merktar einkennismerki hlutaðeigandi frystihúss, og hvaða kjöt er í pökkunum, svo og hvenær kjötið er fryst.

Ef aðrar vörur eru geymdar í hraðfrystihúsinu, skal kjötið geymt í sérstökum klefa, svo tryggt sé að það spillist ekki af lykt eða við önnur áhrif frá þeim.

#### 16. gr.

Söltun á kjöti skal fara fram í sérstökum klefa. Tunnur með saltkjöti skulu helzt geymdar í yfirbyggðu köldu skýli, en sé þess eigi kostur, í forsælu og varðar fyrir skini sólar.

#### 17. gr.

Við flutning á kjöti úr sláturhúsi til sölustaða eða í aðrar geymslur skal gæta fyllsta hreinlætis. Flutningstæki skulu vera hreinleg og eigi má flytja kjöt óvarið á opnum vögnum. Á flutningatækjum, sem kjöt er flutt með, má eigi samtímis flytja aðrar vörur, sem með óhreinindum eða lykt geta spillt kjötinu. Ákvæði þessi gilda einnig um alla aðra flutninga á kjöti, svo sem í skip, við flutning á heimaslátrúðu kjöti til kjötskoðunar eða á sölustað o. s. frv.

#### 18. gr.

Þau ákvæði í I. kafla þessarar reglugerðar, er lúta að heilbrigði starfsfólks vinnubrögðum, umgengni og hreinlæti í sláturhúsum, skulu sérprentuð og skal hver sá, er stjórnar sláturhúsi, sjá um að slík sérprentun sé hengd upp á áberandi stöðum í húsinu.

## II. KAFLI

### Um heilbrigðisskoðun og merkingu kjöts.

#### Almenn ákvæði.

#### 19. gr.

Hin opinbera heilbrigðisskoðun á kjöti skal framkvæmd af dýralæknum, eftir því sem aðstæður leyfa, sbr. 9. gr. laga nr. 124 1947, um dýralækna, og 7. gr. laga nr. 5 1949, um kjötmat o. fl.

1. Dýralæknar og læknar, sem framkvæma kjötskoðun, verða að hafa góða sjón og mega ekki vera haldnir smitandi berklum.
2. Trikinskoðun skal eingöngu framkvæmd af dýralæknum eða undir þeirra umsjón og ábyrgð af þar til lærðum mönnum. Yfirdýralæknir segir fyrir um hvar trikinskoðun skuli framkvæmd og á hvaða dýrum.
3. Sé nauðsynlegt að fá úr því skorið við sýklarannsókn, hvort kjöt sé hæft til manneldis, má senda sýnishorn af kjötinu til rannsóknar á Rannsóknarstofu háskólans í meinafræði, er framkvæmir hana gegn hæfilegri þóknun.
4. Skylt er dýralæknum og læknum, sem framkvæma kjötskoðun, að hlíta þeim reglum, sem hér eru settar.

#### Skoðun lifandi sláturfénaðar.

#### 20. gr.

Aðalhlutverk kjötskoðunar er að verja heilbrigði fólks gegn þeim marvíslegu hættum, sem neyzla kjöts getur haft í för með sér. En full trygging, frá heilbrigðis-

**155** legu sjónarmiði séð, er því aðeins fengin, að allur sláturfénaður sé faglega skoðaður, 8. sept. ekki aðeins kjöt og innfyli eftir slátrun, heldur og sláturfénuðurinn á fæti.

1. Við skoðunina verður dýralæknirinn að leitast við að gera sér sem gleggsta grein fyrir heilsufari sláturfénaðarins og öðru, sem getur haft þýðingu við sjálfa kjötskoðunina, en einkum á hann að beina athygli sinni að því, hvort um smitandi eða septiska sjúkdóma eða eitranir geti verið að ræða.
2. Til þess að geta myndað sér skoðun eða álit um heilsufar sláturfénaðarins yfirleitt, verður dýralæknirinn að athuga:
  - a. Holdafar skepnunnar.
  - b. Heilsufar skepnunnar: Augnaráð, húð, háralag og ytri líkamshita.
  - c. Limaburð skepnunnar, liðamót, ytri lymfukirtla og naflastæði á ungvíðum.
  - d. Hvort geti verið að ræða um rennsli úr munni, nösnum eða skeið eða skitu.
  - e. Andardrátt og júgur.

#### 21. gr.

1. Virðist dýralækni skepna vera sjúk, verður hann að rannsaka hana nákvæmlega, mæla líkamshitann m. m. Ef ástæða þykir til, skal dýralæknir leita upplýsinga um heilsufar skepnunnar undanfarið.
2. Sé líkamshitinn óeðlilega hár, en að álitu dýralæknis skammvinnur, skal eiganda ráðlagt að fresta slátrun skepnunnar.
3. Komist dýralæknir að þeirri niðurstöðu við skoðun á alvarlega sjúkri skepnu, að ekkert sé unnið við það að fresta slátrun, þá lætur hann slátra henni tafarlaust.
4. Hafi sláturfénaður verið rekinn langar leiðir til slátrunar, einkum í heitu veðri, eða fluttur á vögnum eða skipum, geta sjúkdómsauðkenni iðulega komið í ljós af völdum flutningsins, og ber þá að fresta slátrun um stundarsakir.
5. Skoðunin skal framkvæmd sjálfan slátrunardaginn og mega ekki líða meira en 12 klst. frá þeirri skoðun og til slátrunar.
6. Við skoðunina verður að vera góð birta (dagsbirta, rafljós eða ljós þess í gildi).
7. Dýralækni ber að hafa gát á því, að misþyrming og ómannúðleg meðferð dýra eigi sér ekki stað í sláturhúsinu.

#### Kjötskoðun.

#### 22. gr.

1. Dýralæknirinn skal hafa eftirlit með því, að hreinlæti sé um hönd haft í sláturhúsinu og að kjötið óhreinkest ekki þar eða sóttmengist. Hann á sjálfur að vera hreinlátur, bæði hvað hans persónu, klæðnað og áhöld snertir. Framkoma hans öll á að vera þannig, að til fyrirmyndar sé þeim, er við slátrunina fást. Hann á að hafa hreina kyrtla til skiptanna. Hnífa og önnur áhöld, sem hann notar við skoðunina, ber honum að halda vel hreinum. Sóttmengist þau, verður að sótthreinsa þau tafarlaust eða að minnsta kosti áður en þau eru notuð á ný.
2. Dýralæknir á ekki að skera í berklahnúta eða aðrar meinsemdir, nema hann sé tilneyddur. En beri svo til, verður hann að forðast að framkvæma þá rannsókn á borðum, bekkjum eða kössum, sem starfsfólkið leggur klæðnað sinn á og áhöld, eða þar, sem heilnæmt kjöt kynni að vera lagt.
3. Dýralæknirinn á helzt að vera til staðar í sláturhúsinu dag hvern meðan á slátrun stendur, til þess að geta fylgzt með öllu og séð um, að allt sé í lagi. Að öðrum kosti er honum um megn að geta skoðað innfyli hvers skrokks fyrir sig, fram hjá honum geta og farið ýmsar yfirtroðslur og brek, sem slátrarar og annað starfsfólk kynni að hafa í frammi, jafnvel í blóra við dýralækni.
4. Kjötskoðunina á að framkvæma eftir föstum reglum og í góðri birtu, helzt við dagsbirtu.

5. Endist dagur ekki til skoðunarinnar, getur stimplun kjötsins beðið næsta dags. 155  
Þegar sérstakar ástæður eru fyrir hendi má dýralæknir einnig fresta skoðun 8. sept.  
til næsta dags.

## 23. gr.

**Fullorðna nautgripi** skal skoða þannig:

*Höfuðið* er skoðað fyrst og á þann hátt, að skornar eru ein eða tvær lengdarristur í innri og ytri tyggingarvöðva, allt eftir þykkt þeirra. Er þar leitað að sullum (*Cysticercus bovis*). Finnist einn sullur, verður að hefja leit í öllum tyggingarvöðvunum, þynd, hjarta, tungu, háls- og kviðarvöðvum að fleiri sullum. Því næst skal skoða lymphoglandulæ retropharyngeales, lymphogl. subparotideales, góm, nasir og augu.

*Tungan* er skoðuð, þukluð og athugað hvort ekki kunnir að vera berklahnútar annars vegar eða heggja megin við hana, skorið skal í gl. tonsillaris og vélinda skoðað. Skorið er í retrofaryngeal- og submandibularkirtlana, barki og barkakýli er opnað og skoðað.

*Lungun*. Við lungnaskoðunina er fyrst skorið í bronkial- og mediastinalkirtlana, því næst eru lungnalapparnir nákvæmlega þuklaðir með báðum höndum og til áréttingar eru lengdar- eða þverristum lagðar í öftustu lappana.

*Hjartað* og *gollurshús* er opnað og skoðað að utan og innanverðu. Þindin er skoðuð frá báðum hliðum.

*Lifur*. Framhlið lifrarinnar er skoðuð fyrst og þá tekið til athugunar litarfár, löggun og stærð, hvort rendur eða jarkar hafi eðlilega þykkt. Í portalkirtlana á afturfleti lifrarinnar er rist.

*Miltið* er skoðað og þuklað, síðan eru 2—3 lengdarristur lagðar í það.

*Magi* og *þarmar* eru athugaðir, en ekki þykir ástæða til að opna þá, nema grunur sé vakinn um sjúklegar breytingar.

*Netjan* er skoðuð og rist í mesenterialkirtlana.

*Legið* er athugað og leghornin opnuð.

*Nýrun* ber að skoða og nýrnahjúpurinn er tekinn af, en ekki þykir ástæða til að rista þau í sundur, nema sjúklegar breytingar séu sjáanlegar á ytra yfirborði þeirra.

*Júgríð* er skoðað og þuklað og djúp rista lögð í hvorn júgurhelming. Supramammæru kirtlarnir eru ristir í sundur. Þegar innnyflin hafa verið skoðuð, er skrokkurinn sjálfur skoðaður. Þá er fyrst að athuga pleura og peritoneum. Lfg. inguinalis profunda eru athugaðir og skornir í sundur. Litið er eftir bólgu í afturfóta hnjá- og hækilliðum, mörum og öðrum meiðslum á skrokknum.

Sé um berkla að ræða og 1—2 berklahnútar hafa fundizt við skoðunina, skal skoða fleiri kirtla og beinakerfi til hlítar til þess að ganga úr skugga um, hve víða þá sé að finna í líkamanum. Í vafasömum tilfellum er sýkla og smásjárannsókn nauðsynleg.

## 24. gr.

**Hross.** Skoðun hrossskrokka fer eftir sömu reglum og nautgripaskoðunin, en þó ber að athuga sérstaklega: Hafi hrossið haft kveisu, verður að athuga meltingarfærin, hvort háráðarnar í kviðarholinu innanvert séu blóðfylltar, hvort lumbosacral-kirtlarnir séu þrútnir og hæmorrhagiskir, hvort annarlegur þefur sé í kviðarholinu, hvort meðalalykt sé af kjötinu og hvort ekki séu sjáanlegir blóðinfiltrationir í bóg- og lendarvöðvum, sem merki þess, að hrossið hafa hent sér niður og velt sér.

Sé hrossið hvítt eða grátt, skal skera bóga frá, þar eð melanosarkom velur sér einkum stað undir herðablaðinu ofanvert, þá ber og að fletta vöðvunum á lærinu innanverðu frá vegna melanosarkoma.

Enn fremur ber dýralækni að athuga, hvort ekki séu æxlismyndanir á penis,

**155** lymphogl. inguinales profundæ og í innri lærvöðvum, eða krónískar ígerðir í regio 8. sept. inguinalis eftir geldingu.

## 25. gr.

**Kálfar.** Við kálfaskoðunina er einkum að athuga, hvort um sýkingu geti verið að ræða af völdum paracoli-, paratyfus- og colibaktería, þar sem mönnum getur stafað mikil hættu af þannig sýktu kjöti. Paracolibaxillose auðkennir sig á því, að miltið er vanalegast mjög bólgið, þarmarnir eru meir og minna stundum mjög bólguir, degeneration í lifur, og oft eru örsmáir necrosehnútar í henni. Í lungnalöppum eru oft sjáanlegar smáar hæmorrhagískar þéttingar og sero-fibrínösar bólgur í stærri liðum.

Paratyfus auðkennir sig á magnaðri garnabólgu, mesenterialkirtlarnir eru þrútnir, en vanalega eru litlar eða engar breytingar í öðrum líffærum.

Colibacillose, sem tekur einkum ungfálfa (í 1. vikunni) auðkennir sig á svip- aðan hátt og paracolibacillose. Það er oft vanda bundið, jafnvel æfðum dýralækni, að skera úr um þessar sýkingar og skal þá taka smásjá til rannsóknar, eða senda sýnishorn á rannsóknarstofu.

## 26. gr.

**Sauðfé.** Í stórum dráttum er farið eftir sömu reglum við sauðfjárskoðun og nautgripaskoðunina. En þar eð allflest hinna viðurkenndu sláturhúsa hér á landi eru ætluð til sauðfjárslátrunar, ber dýralækni að athuga og ganga ríkt eftir því, að settum fyrirmælum um innréttingu þeirra og allan aðbúnað sé fylgt.

Við sjálfa skoðunina ber margs að gæta, því margt sjúklegt getur komið fyrir í mörgu fé. En það helzta, sem fyrir kann að bera, er þetta:

*Bráðapestin.* Það ber eigi sjaldan við, að bráðapestarsjúklingar séu í fjár- rekstrum. Við vandlega skoðun fyrir slátrun ættu þeir ekki að fara fram hjá dýra- lækni, en jafnbráður sjúkdómur og pestin er, getur brotízt út á meðan féð bíður slátrunar. Ber það við, að slíkum sjúklingum sé slátrað í sláturhúsum, þótt óverj- andi sé, og skrokknur rennt fram í skoðunarraðir. Sé bráðapestin á háu stigi, leggur megnan óþef af innyflum og skrokknur. Rauðir og rauðbláir flekkir og svartbláir blettir sjást á slímhúð vinstrar, garnir eru meir og minna bólgnar, lyf- kirtlar bólgnir og hæmorrhagískir, miltið er bólgið, miltpulpan meir og dökk á lit, megn lífhimnubólga, sem með hinum blóðfylltu háraðum slær brúnleitum litblæ á allt kviðholið. Gula (Ichterus) lokal og generell, leynir sér ekki vegna litarins, en sá litur á ekki og má ekki vera á sauðfjáfítu frekar en á svinsfleski. Þess ber þá og að gæta, að guli liturinn hverfur að mestu leyti við olíu- og rafljós. Er því ráðlegast að taka vara fyrir slíkum tilfellum, og skoðun er alltaf tryggust við ægsbirtu.

*Lungnakvillar* af ýmsu tagi eru algengir. Mest ber þó á orma-bronchopneu- monium, septicæmia hæmorrhagica og mæðiveiki. Þessum sjúkdómum fylgja iðu- lega samgróningar í brjósthóli, þéttingar í lungum og abscesmyndanir.

*Sullir.* Dýralækni ber að hafa gát á, að sullir séu, jafnóðum og fyrir kunna að koma, teknir frá og látnir í sérstök ílát, og þeim síðan brennt. Sullinn *Coenurus cerebralis*, sem veldur höfuðsótt eða vanka, er að finna í höfðinu, oftast framan á eða undir heilanum. *Echinokokkar* í lungum og lifur eru ekki fáséðir, einkum í fullorðnu fé. *Netjusullurinn*, *Cysticercus tenuicollis*, er algengur í kviðholinu, einkum á netju og lifur.

*Lífhimnubólgur* eru ekki fágætar, oft afleiðingar erfiðrar fæðingar, fóstur- láts, rotnaðra hilda og magnaðrar legbólgu í því sambandi. Undirflog með gang- ræni og abscesmyndunum er ekki óalgengt.

*Hundsbit* eru tíð, einkum á hækklum og lærum. Eru sárin oft djúp með blæð-

ingum inn á milli vöðva og vöðvapráða. Liðabólgur, beinbrot og smá og stór ör eru algeng fyrirbæri. **155**

8. sept.

*Harðsperra.* Eftir langan og erfiðan rekstur fær sauðfé, og þá einkum feit lömb, harðsperru. Verður hennar helzt vart á skrokknum við serösar útsvitanir á bringu og undir herðablöðum. Sternalvöðvarnir eru spilltir, oft eins og blóðhlaup. Bezt er að fá úr því skorið með því að skera bóg eða bóga frá skrokknum.

## 27. gr.

*Svín.* Dýralæknir skal ávallt byrja á skoðun mesenterialkirtla (lokal miltisbruni, en einkum berklar). Sé um hænsnaberklasmítun að ræða eru hinar sjúklegu breytingar í lymfukirtlum lifrar og lungna oft engar eða svo smávægilegar og ógreinilegar, að varla verður úr því skorið, hvort um berkla sé að ræða eður eigi, en í háls- og mesenterial-kirtlunum eru breytingarnar greinilegri Því næst skal skoða milti, lifur, lungu, nýru, höfuð, hálskirtla og kropp. Við svínaskoðun ber dýralækni að hafa berkla í huga og ef grunur um þá er vakinn, skal hafin ýtarleg leit að þeim í öllum líffærum og um allan skrokkinn, því að þótt berklaveiki sé ekki algeng í svínunum hér á landi, þá hafa þó komið í ljós nokkur alvarleg berklaveikistilfelli í svínunum eigi alls fyrir löngu. Enn fremur skal dýralæknir veita smáblæðingum á nýrum og hjarta athygli, því að þær m. a. eru glögg auðkenni svínaþestar.

*Trikinskoðun.* Sýnishornin eru fyrst og fremst tekin af þindarálmunum, sem næst sininni eða af þindarvöðvunum, þar sem þeir festast við rifbeinin. Þar næst er heppilegast að taka sýnishorn af tunguvöðvum og vöðvum á barkakýli. Kjötbiti á stærð við kríuegg er skorinn af vöðvunum á tilgreindum stöðum. Af þessum kjötbita eru skornar 14 smáagnir, hver þeirra á stærð við hrísgrjón. Þær eru svo flattar út á milli tveggja glerplatna (Kompressorium) og skoðaðar vandlega í þar til gerðri smásjá (Trichinoskop). Vanalega smásjá má einnig nota í þessu skyni.

## Skoðun á aðfluttu kjöti.

## 28. gr.

Við skoðun á aðfluttu kjöti verður dýralæknir alltaf að vera á verði um það, að kjötið sé ekki af sjálfdaudum skepnum, eða sem slátrað er vegna slysfara. Óleyfilegt er að selja eða afhenda kjöt af sjálfdaudum skepnum til manneðis, í hvaða mynd sem er.

Sláturfjárufurðir, sem reynast spilltar eða sýktar, svo að hætta geti stafað af að nota þær til manneðis, eftir úrskurði kjötskoðunarlæknis, skulu þegar í stað ónýttar á þann hátt, að tryggt sé að engin hætta geti stafað af þeim.

Ekki má slátra í sláturhúsi sjúku sláturfé, er nokkur sýkningarhætta getur stafað af að álitu kjötskoðunarlæknis, nema sérstakur klefi sé til þeirra afnota einna í sláturhúsinu. Sjálfdaudar skepnur má ekki flytja inn í sláturhús, né á lóð þess, nema til komi leyfi kjötskoðunarlæknis, enda geri hann sér þá þegar ljóst, hver dauðaorsökin hafi verið, og fyrirskipi ráðstafanir samkvæmt því.

Á sjálfdaudum skepnum eru allar æðar blóðfylltar og fituvefur allur með rauðbrúnum blæ, vöðvar dökkir á lit og oft sjást serösar útsvitanir á milli þeirra.

Séu smáæðar í fituvef, einkum á hálsi, herðakambi og hrygg, blóðfylltar, bendir það vanalegast til þess, að um sjúkling sé að ræða, sem hafi verið slátrað vegna slysfara. Við nánari skoðun er athugað, hvort intercostalæðar, smáæðar í nýrmör og í grindarholi séu blóðfylltar, svangurinn er ristur í sundur til þess að athuga hvort smáæðarnar í innanverðu læri séu blóðfylltar eða hvort ekki séu smáblæðingar í band- og fituvef. Enn fremur ber að rista lendarvöðvana sundur að endilöngu til þess að sjá, hvort ekki sé um blæðingar, serösar útsvitanir eða óeðlilega lykt að ræða. Auk þessa eru allir kroppkirtlar skornir sundur og skoðaðir, bógar og innri



**155** lærvöðvar skornir frá. Undir bóg og milli lærvöðva sjást oft blæðingar í band- og fituvef og serösar útsvitanir, þegar um sjúkar skepnur er að ræða. Hafi sjúklingurinn haft hitasótt, eru vöðvar oft dökkir, dökkrauðir með gljáandi skurðflötum. Við átöku eru vöðvarnir þvalir og af þeim leggur oft ramman þef. Að öðru leyti er aðflutt kjöt skoðað á venjulegan hátt og sem að framan er lýst.

Þegar um aðflutt og heimaslátrað kjöt er að ræða, verður að gera þá kröfu, að innfyli fylgi hverjum skrokk, að minnsta kosti lifur, milti og lungu.

### Val og sending sýnishorna til sýklarannsóknar.

29. gr.

1. Til þess að gera kjötskoðunina enn öruggari, er í mörgum tilfellum nauðsynlegt að grípa til sýklarannsóknar til þess að fá úr því skorið, hvort kjötið sé hæft til manneldis.
2. Þar sem ekki eru tæki til sýklarannsóknar í sláturhúsi, verður að velja sýnishorn til sendingar á rannsóknarstofu, þannig:
  - a. Óskert milti og óskert nýra.
  - b. Að minnsta kosti tvo óskerta lymfukirtla.
  - c. Vöðvart (ca. 250 g) með hinnum, helzt af togvöðvum ganglimanna.
  - d. Sé um líffærasjúkdóm að ræða, skal senda álitlegan hluta hins sjúka líffæris ásamt tilheyrandi lymfukirtlum óskertum.
3. Sýnishornin skal taka með sótthreinsuðum áhöldum svo fljótt sem auðið er. Þau mega ekki óhreinkast og ekki vera látin í umbúðir glóðvolg. Þau skal vefja inn í þerripappír eða hreinan blaðpappír og senda í þéttum trékassa. Umbúðir úr málm má ekki nota.
4. Til þess að forðast misgrip skal merkja sýnishornin nákvæmlega. Þeim skal og fylgja lýsing á eðli sjúkdómsins og sjúklegum breytingum, sem sjáanlegar eru.
5. Sendingunni verður að hraða svo sem auðið er.

### Heilbrigðisflokkun og stimpilmerking kjöts.

30. gr.

Kjöt skal dæmt í þrjá flokka eftir heilbrigði og gæðum:

1. fl. Kjöt, óaðfinnanlegt með öllu.
2. fl. Hæft kjöt.
3. fl. Óhæft kjöt.

31. gr.

Við flokkun kjötsins skal það stimplað eða merkt þannig:

1. fl. kjöt skal merkt með jafnarma þríhyrningi og tölunni 1 innan í þríhyrningnum. Bláan kjötlit skal nota við merkingu á þessum flokki. Landbúnaðarráðherra getur ákveðið, að breyta til um merkingu á 1. fl. kjöti, sem ætlað er til útflutnings, komi fram kröfur um slíka breytingu.

2. fl. kjöt skal merkt með jafnarma þríhyrningi og tölunni 2 innan í þríhyrningnum. Svartan kjötlit skal nota við merkingu á þessum flokki.

3. fl. kjöt skal merkt með aflöngum ferhyrningi og orðinu — sjúkt — innan í ferhyrningnum. Rauðan kjötlit skal nota við merkingu á þessum flokki.

Auk þessa skal löggildingarmerki eða löggildingarnúmer sláturhússins koma fram í kjötstimplum, sem þar eru notaðir til merkingar kjöts.

Yfirdýralæknir skal gefa fyrirmæli um stærð og gerð kjötstimpla og tegundir lita, sem notaðir eru við stimplunina. Hann skal einnig gefa fyrirmæli um, hvar og hvernig stimpla skuli á skrokka og slátur o. s. frv.

## Smitandi sjúkdómar.

32. gr.

155

8. sept.

*Illkynjaðir smitandi sjúkdómar.*

Við kjötskoðun dæmist og flokkast kjöt þannig:

1. *Rabies* (hundaeði). Kjötið óhæft af þeirri skepnu, sem bitin er.
2. *Miltisbruni* eða *miltisbrandur*. Óhæft.
3. *Snifi*. Óhæft.
4. *Mænutyfus*. Óhæft.
5. *Illkynjuð lungnabólga* í hrossum. Óhæft.
6. *Smitandi koklömum* í nautgripum. Óhæft.
7. *Illkynjuð lungnabólga* í nautgripum. Óhæft.
8. *Nautgripapest*. Óhæft.
9. *Munn- og klaufaveiki*. Óhæft.
10. *Fjárbóla*. Sé sýkin á háu stigi, dæmist kjötið óhæft, annars í 2. fl.
11. *Illkynjuð klaufaveiki* í sauðfé (*Foot-rot*). Á byrjunarstigi veikinnar og vægum tilfellum dæmist kjötið í 1. fl. Á herra stigi og sé skepnan farin að láta á sjá, hvað holdafar snertir, 2. fl., en óhæft, sé hor, septicæmi eða pyæmi komið til.
12. *Svinapest*. Óhæft.

33. gr.

*Aðrir smitandi sjúkdómar.*

1. *Rauðsýki*. Þegar um acut rauðsýki er að ræða, dæmist kjötið óhæft. Sé hnútarosen eða endocarditis á lágu stigi má dæma kjötið í 2. fl., að fráskildum sjúkum líffærum.
2. *Influenza* í hrossum. Óhæft.
3. *Kverkaskitur* (*Adenitis Equorum*). 2. fl., ef hrossið er hitalaust, en óhæft, sé hiti og metastase.
4. *Septicæmia hæmorrhagica*. Óhæft í acut tilf., en 1. eða 2. fl. í chron. tilf. og ræður þá holdafar skepnunnar mestu. Lifur og lungu dæmast þó óhæf.
5. *Coryza gangrænosa bovum*. Óhæft.
6. *Bráðapest*. Óhæft.
7. *Miltisbrunaemfysem*. Óhæft.
8. *Ödema maligni*. Óhæft.
9. *Tetanus*. Óhæft.
10. *Pyæmi og septicæmi*. Óhæft.
11. *Acut naflabólga*. Óhæft.
12. *Dysenteri og septiskur enteritis*. Óhæft.
13. *Kálfadiarrhoe*. Óhæft.
14. *Kálfadifteritis*. Óhæft.
15. *Tuberculosis*. Óhæft, nema um mjög væga og alveg takmarkaða berkla sé að ræða, þá 1. eða 2. fl., eftir atvikum.
16. *Aktinomycoze*. Óhæft, sé sýkin á háu stigi, En sé aðeins eitt líffæri eða líkamshluti sýktur, má dæma kjötið í 1. fl. eða 2. fl. eftir ástæðum. Hinir sýktu líkamspartar dæmast þó að sjálfsögðu óhæfir.
17. *Mæðiveiki*. Óhæft, ef hor eða kakexi á sér stað, annars 1. fl. eða 2. fl. Ræður þar holdafar skepnunnar, hvorn flokkinn kjötið dæmist í, en lifur og lungu óhæf.
18. *Paratuberculosis*. Óhæft, ef hor eða kakexi á sér stað, annars 1. eða 2. fl., eftir holdafari. Garnir og garnmör óhæft.
19. *Blóðmiga* í nautgripum. Óhæft. Í vægum tilfellum þó 2. fl.

155

8. sept.

**Krónísk vanheilindi.**

34. gr.

1. *Leukæmi* og *pseudoleukæmi*. Óhæft.
2. *Anæmi* og *hor*. Óhæft.
3. *Hydræmi*. Óhæft, þegar skepnan er horuð og með vatnssótt, annars 2. fl.
4. *Rachitis*. 1. fl., þegar holdafarið er gott. 2. fl. rýrt kjöt. Óhæft horað kjöt, ógeðslegt og með óþef.
5. *Osteomalacia*. Óhæft, þegar megurð, liðabólgur og legusár eiga sér stað, annars 2. fl.
6. *Tumores benignæ*. 1. fl., æxlin skorin frá og eyðilögð.
7. *Melanosarcom*. 1. fl., þegar um eitt lítið æxli er að ræða. Óhæft, þegar miklar æxlismyndanir eru til staðar og metastase.
8. *Karcinomatose* og *sarcomatose*. Í 2. fl., má dæma kjötið þó að þessar æxlismyndanir séu lítilsháttar í einu líffæri, án þess að þau hafi haft sýnileg áhrif á holdafar skepnunnar. Hið sýkta líffæli dæmist að sjálfsögðu óhæft. — Óhæft dæmist kjötið, þegar metastase og megurð er komin til.
9. *Botryomykose*. 1. eða 2. fl. eftir útbreiðslu. Sýkt líffæri og líkamshlutar óhæft.

**Sjálfseitranir o. þ. h.**

35. gr.

1. *Acut tympanitis*. 2. fl., sé skepnunni slátrað í byrjun veikinnar. Óhæft á seinna skeiði veikinnar og kjötið er illa útlitandi og þefillt.
2. *Krónísk indigestion* í kúm. Óhæft.
3. *Ichterus*. 1. fl., þegar gulan er staðbundin við lifur. Lifrín óhæf. 2. fl. alger gula. Lifur og nýru og þarmar óhæfir.  
Margula skrokka verður að telja óhæfa.
4. *Uræmi*. Óhæft.
5. *Hæmoglubinuri*. Óhæft.
6. *Doði*. Óhæft.

**Eitranir.**

36. gr.

1. *Acut eitranir*. Óhæft.
2. *Subacut eða krónískar eitranir* með sjúklegum breytingum í för með sér (lífhimnubólga, fitudegeneration o. s. frv.). Óhæft.

37. gr.

1. *Kjöt með óþef* eða óbragði af völdum sjúkdóms. Óhæft.
2. *Kjöt með óþef* eða óbragði vegna fóðrunar með fisk- eða fiskimjöli m. m. 2. fl. jafnvel óhæft, ef mikið kveður að ágallanum.
3. *Óþefur eða óbragð* vegna meðalanotkunar. Óhæft.

**Líffærasjúkdómar.**

38. gr.

*Sjúkdómar í taugakerfinu.*

1. *Acut heilabólga*. Óhæft.
2. *Krónísk heilabólga*. 1. fl. Fylgi megurð, 2. fl. eða óhæft.
3. *Suppurativ og íkorös heilabólga*. Óhæft.
4. *Mykso- og neurofibrom* á intercostal acillar-taugum o. s. frv., 1. fl., ef einstakir

hnútar eru á intercostal taugunum. Hinn sjúki taugavefur fjarlægist. Óhæft, 155  
ef mikið kveður að sýkinni. 8. sept.

### Sjúkdómar í hjarta og æðakerfi.

39. gr.

1. *Pericarditis traumatica*. 2. fl., hafi skepnan verið hitalaus. Hjarta og gollurs-hús óhæft.
2. *Ulcerös endocarditis*. Óhæft.
3. *Verrucös endocarditis*. Óhæft (sjá þó rauðsýki).
4. *Kölkun í hjarta og aðalæðum*. 1. fl., en sýktir líkamspartar fjarlægjast. 2. fl., sé kölkunin víða og einnig í smærri æðum.
5. *Ormatrombose í aorta* og fleiri æðum. 2. fl. En svo stórfelldar geta truflanirnar í blóðrásinni til netju og þarma orðið að kjötið dæmist óhæft.

### Sjúkdómar í lungum.

40. gr.

1. *Acut infectiös bronchopneumonia* í nautgripum. Óhæft.
2. *Subacut bronchopneumonia* í kálfum og vetrungum. Óhæft, en má þó dæma í 2. fl., ef lungnabólgan er mjög væg og ungvíðið í góðum holdum.
3. *Pleuropneumonia í svinum*. 2. fl., sé sjúkdómurinn króniskur og engir metastasar, annars óhæft.
4. *Pneumonia catarrhalis* í svinum. 1. eða 2. fl., sem fer eftir því, hve alvarlegur sjúkdómurinn er. Lungu og hjarta óhæft.
5. *Aspirations-pneumonia*. Óhæft.
6. *Lungnagangræn*. Óhæft.
7. *Bronchitis*. 1. eða 2. fl. Lungun óhæf.
8. *Gamlir innluktir necrose-hnútar* o. þ. h. 1. eða 2. fl. Lungun óhæf.

### Sjúkdómar í brjósthimnu.

41. gr.

1. *Secunder brjósthimnubólga*. Dæmist eftir sjúkdóminum, sem hún stafar af.
2. *Diffus serofbrinös*, suppurativ og ikorös brjósthimnubólga. Óhæft.
3. *Samgróningur og óhrein brjósthimna*. 1. fl. Lungun óhæf.
4. *Vessasafn í brjóstholi*. 2. fl., sé holdafarið gott og enginn bjúgur. Óhæft, ef megrun og bjúgur fylgja.

### Sjúkdómar í meltingarfærum.

42. gr.

1. *Acut maga- og garnakvef*. 1. fl, ef skepnan er hitalaus og engar sjúklegar breytingar sjáanlegar annars staðar, nema þroti og roði í netjukirtlum. Óhæft, ef hitasótt og megn bólga á sér stað í þörmum og milti og degeneration í lif-færum.
2. *Krónískt maga- og garnakvef*. 1. eða 2. fl., sé holdafar gott eða sæmilegt, en sé kjötið magurt og þefillt, dæmist það óhæft.
3. *Krupös, difteritisk eða septisk garnabólga*. Óhæft.
4. *Kveisa og stíflur* í hrossum. 2. fl. í vægum tilfellum. Annars óhæft.
5. *Vulnus perforans* á alikálfamaga. Óhæft, komi megn lífhimnubólga til, annars 2. fl.

155

8. sept.

## Sjúkdómar í lífhimnu.

43. gr.

1. *Acut lífhimnubólga*. Óhæft.
2. *Afmörkuð fibrínös lífhimnubólga*. 1. eða 2. fl.
3. *Vatnssótt*. 2. fl., sé holdafar gott og enginn bjúgur, óhæft ef megurð og bjúgur fylgja.

## Sjúkdómar í lifrinni.

44. gr.

1. *Angiomæ og hæmorrhagiæ*. 1. fl., en lifrin 2. fl. eða óhæf.
2. *Cirrhose*. 1. fl., ef holdafar er gott, annars 2. fl. Lifrin óhæf.
3. *Fituínfiltration*. 1. fl. Lifrin 2. fl., eða óhæf.
4. *Necrose* og inniluktir abscessar:
  - a. *Acut sýking*. Óhæft.
  - b. *Afmörkuð necrose* og inniluktir abscessar. 2. fl. Lifrin óhæf.
  - c. *Einstakir inniluktir abscessar*. 1. fl. Lifrin óhæf.
5. *Miliær og submiliær lifrarnecrose* í kálfum (paracolibacillose). Óhæft.

## Sjúkdómar í þvagfærum.

41. gr.

1. *Uræmi*. Óhæft.
2. *Acut nýrnabólga*. Óhæft.
3. *Purulent nýrnabólga*. Óhæft.
4. *Pyelonefritis diphtheritica* (í nautgripum). 1. fl., ef sýkin er annars vegar og holdafar gott. Nýrun óhæf. — 2. fl., ef sýkin er í báðum nýrum, en væg. Nýrun óhæf. — Óhæft dæmist kjötið, ef það er magurt og þvaglykt af því.
5. *Krónísk nýrnabólga* og *cystunýra*. 1. fl., ef holdafar er gott. Nýrun óhæf. Hafi sýkin megurð eða hor í för með sér dæmist kjötið óhæft.
6. *Blöðrubólga*. 2. fl. eða óhæft.
7. *Sprungin þvagblaðra* og *urinös lífhimnubólga* sem afleiðing. Óhæft.

## Sjúkdómar í getnaðarfærum.

46. gr.

1. *Acut legbólga*. Óhæft.
2. *Krónísk legbólga*. Óhæft, ef kjötið er horað og graftarhroði er í leginu, annars 2. fl. eftir atvikum.
3. *Fósturlát í kúm*. 2. fl., ef kúnni er slátrað skömmu eftir fósturlátið og hún reynist hitalaus.
4. *Retentio secundinarum*. 2. fl., hafi skepnan verið skoðuð af dýralækni skömmu fyrir slátrun og hún reynzt hitalaus. Óhæft dæmist kjötið, hafi skepnan haft hitasótt af septiskum hroða í leginu.
5. *Distokia* og ófullnægjandi fæðingarhjálp. 2. fl., en hreinsa ber vel grindarholið innanvert.
6. *Invertio uteri seu ruptura uteri*. 2. fl., ef slátrun er framkvæmd skömmu eftir að legið úthverfðist eða brast í sundur. Annars óhæft.
7. *Katarrhölsk eða purulent jógurbólga*. 1. fl., ef bólgan er á lágu stigi. 2. fl., ef bólgan er á herra stigi. Júgrið dæmist óhæft. Óhæft í septiskum tilfellum.
8. *Septísk eða gangrænös jógurbólga*. Óhæft.
9. *Gamlir necrosehnútar* og inniluktir abscessar í júgri. 1. fl. Júgrið óhæft.

## Sjúkdómar í beinum, liðum og sinaskeiðum.

155

47. gr.

8. sept.

1. *Beinbrot*:

- a. Nýtt, ósóttmengað brot. 1. fl. Allt marið og spillt kjöt umhverfis brotið skal skorið frá, sem og tilheyrandi lymfueitlar.
  - b. Opið og sóttmengað beinbrot. Óhæft.
2. *Tognun* um liðamót. 1. fl. Liðamótin óhæf.
  3. *Pigmentation i beinum*. Óhæft, sé hún á háu stigi, annars 1. eða 2. fl.
  4. *Liðabólga*, ekki infectiös. 1. fl., en hinn bólgni liður óhæfur.
  5. *Liðabólga* (purulent og í mörgum liðum). Sbr. Pyæmi, 33. gr. 10.
  6. *Liðabólga* í einum lið (fibrinös eða krónískt purulent).
    - a. Hross; 2. fl., hafi líkamshitinn mælt undir 39° C. fyrir slátrun, annars óhæft.
    - b. Nautgripir; 2. fl., hafi líkamshitinn mælt undir 40° C. fyrir slátrun, annars óhæft.
    - c. Kálfar og svin: Óhæft, eða 2. fl., að undangenginni sýklarannsókn.

## Sjúkdómar í vöðvum.

48. gr.

*Vöðvadegeneration*. Óhæft þegar vöðvar um allan líkamann eru spilltir. Séu aðeins einstakir vöðvar spilltir, dæmast þeir óhæfir, en skrokkurinn í 1. eða 2. fl. eftir ástæðum.

## Húðsjúkdómar m. m.

49. gr.

1. *Ný sár og mör*:

- a. 1. fl., ef sárin eru ný eða gróandi og smá marblettir. Skemmdir skornar frá.
  - b. 2. fl., sé um stórfelld mör að ræða.
2. *Sóttmengud sár* og flegmone. 2. fl., hafi skepnan verið hitalaus og að undangenginni sýklarannsókn, annars dæmist kjötið óhæft.
  3. *Eczem* og krónísk húðbólga á svinum. 1. fl., sé kvillinn á afmörkuðum svæðum og holdafar gott. Skemmdir partar flegnir af. 2. fl., ef mikil brögð eru að húðkvillanum. Skemmdir fjarlægist. — Óhæft dæmist kjötið, ef svinið er lítið og magurt.
  4. *Herpes tonsurans*. 1. fl., ef smáir hringormablettir eru á höfðinu. Höfuðið dæmist óhæft. — Óhæft, ef hringormurinn er dreifður meir og minna um allan skrokkinn og holdafar miður gott.
  5. *Sarkopteskláði* á svinum. 1. fl., sé kláðinn aðeins á fótunum. 2. fl., sé kláðinn víðar um líkamann. Bólgur kirtlar fjarlægist. Óhæft dæmist kjötið sé kláðinn magnaður og skepnan orðin mögur.
  6. *Psoropteskláði* á sauðfé. 1. fl., sé veikin á lágu stigi og holdafar gott. — 2. fl., þegar talsverð brögð eru að veikinni og skepnan mögur. — Óhæft, þegar veikin er á mjög háu stigi og kakexi.

## Snýkjudyrr innvortis.

50. gr.

1. *Cysticercus inermis*. 2. fl., þegar 1—3 alveg óvirkir sullir finnast á aðalstöðvum. Vöðvarnir, sem þeir héldu til í, óhæfir. — Óhæft dæmist kjötið, þegar einn glær og minnst 4 óvirkir sullir finnast.

- 155 2. *Cysticercus cellulosæ*. Óhæft. Finnist hinar tvær framangreindu sullategundir, skal hlutaðeigandi héraðslækni gert aðvart.
8. sept. 3. *Echinococcus polymorphus*. 2. fl. Líffærin óhæf, sem sullirnir eru í. Sullirnir skulu brenndir.
4. *Coenurus cerebralis*. 1. fl., sé holdafar gott. 2. fl., eigi megurð sér stað. Hausinn óhæfur.
5. *Cysticercus tenuicollis*. 1. fl., ef um fáa sulli er að ræða. Sullirnir brenndir. — 2. fl., ef mikið er um sulli í kviðarholinu og jafnvel í brjóstholi og holdafar rýrt.
6. *Tæniæ* í sauðfé. 2. fl., sé skepnan mögur, annars 1. fl.
7. *Trichina spiralis*. Óhæft.
8. *Strongylides* í öndunarfærum nautgripa, sauð- og geitfjár og svína, og í melt-ingarfærum nautgripa, sauð- og geitfjár. — 1. fl., ef holdafar er gott. — 2. fl., sé holdafar rýrt. — Óhæft, sé um hor að ræða. Hin sýktu líffæri óhæf.
9. *Strongylides* í sauðfjárlungum. 1. fl., ef holdafar er gott. — 2. fl., sé holdafar rýrt. — Óhæft, sé um kakexi að ræða. Lungun óhæf.
10. *Sarkosporidies*. Séu snýkjudýr þessi aðeins í afmörkuðum hluta líkamans dæmist kjötið í 2. fl., hinn sýkti líkamshluti óhæfur. — Óhæft dæmist kjötið, séu sarkosporidiar finnanlegir í vöðvum um allan líkamann.

#### Kjöt af fóstrum, göltum o. fl.

51. gr.

1. *Ófullburða* kálfar. Óhæft.
2. *Geithafrakjöt*. Óhæft, leggi óþef af því.
3. *Galtakjöt*. Fullorðnir geltir dæmast í 2. fl. Unggeltir dæmast í 1. fl., ef engan óþef leggur af kjötinu og ekkert óbragð sé að því við suðuprófun.

#### Kjöt af slösuðum og sjálfdaudum skepnum.

52. gr.

1. *Kjöt af skepnum*, sem farast af slysförum, en blæða út. 2. fl., ef kjötið er vel verkað rétt eftir slysið og vel útlítandi. Óhæft að öðrum kosti.
2. *Kjöt af skepnum*, sem deyja af sjúkdómsorsökum. Óhæft.

#### Kjöt spillt eftir slátrun.

53. gr.

1. *Kalkútfelling* í lungum og þind. 1. fl., en lungu og þind óhæf.
2. *Útblásið kjöt* eða útblásin lungu. Kjötið óhæft, lungun óhæf.
3. *Óhreinkað kjöt*. 2. fl., eftir að möguleg hreinsun hefur farið fram.
4. *Skemmt kjöt*. Sé rotnun komin í kjötið, dæmist það óhæft, Súrt kjöt dæmist þannig: Sé aðeins um súrt sliksjulag utan á kjötinu að ræða, sem hægt er að þvo af, t. d. með sódavatni, þá má dæma kjötið í 2. fl., annars telst það óhæft.
5. *Lýsandi kjöt*. 2. fl., þegar um smáa lýsandi bletti er að ræða, sem hægt er að skafa eða flá af. Óhæft, ef skemmdin er í mjög stórum stíl.
6. *Rauðdilótt kjöt*. Hlítir sama dómi og lýsandi kjöt.
7. *Myglað kjöt*. Sé myglan eða myglublettirnir aðeins á yfirborðinu og hægt sé að skafa eða þvo þá af, dæmist kjötið í 2. fl., annars er kjötið dæmt óhæft.
8. *Kjötmaurar*. Kjötið hlítir sama dómi og lýsandi eða rauðdilótt kjöt.
9. *Kjöt með víum og maðkað kjöt*. Takist að hreinsa kjötið algerlega, má dæma það í 2. fl., annars telst það óhæft.

## III. KAFLI

## Um störf yfirkjötmatsmanna og kjötmatformanns.

155

8. sept.

## 54. gr.

Atvinnumálaráðherra skipar fjóra yfirkjötmatsmenn og hafi hver þeirra ákveðið starfssvæði. Einn þeirra fjöggra skipar ráðherra kjötmatformann.

## 55. gr.

Yfirkjötmatsmenn skulu hafa sem fyllsta þekkingu á verkun og meðferð kjöts og annarra sláturfjárafurða, og kynna sér sem allra þezt allar þær breytingar, er kunna að verða á kröfum þeim, er erlendir eða innlendir neytendur og kaupendur eða umboðsmenn þeirra gera til þessara vara.

## 56. gr.

Yfirmatsmenn skulu leggja kapp á að fullnægt verði á viðunandi hátt þeim kröfum, sem gerðar eru til þess að slátrun, flokkun, verkun og geymsla sláturfjárafurða geti verið í sem þeztu lagi, varðandi hagsmuni framleiðenda og neytenda vörunnar.

## 57. gr.

Yfirmatsmenn skulu líta eftir því, að heilbrigðisskoðun á kjöti og öðrum sláturfjárafurðum sé ekki framkvæmd af öðrum en þeim, sem fengið hafa löggildingu ráðuneytisins til þess starfa, samkvæmt 5. og 7. gr. laga nr. 5 1949, um kjötmat o. fl. Þá skulu yfirmatsmenn, hver í sínu umdæmi kynna sér ásigkomulag slátur- og frystihúsa og gera kvartanir við þá aðila, sem hús þessi löggilda og eftirlit þeirra annast, ef húsín að þeirra dómi uppfylla ekki þær kröfur, sem gerðar eru til slíkra húsa.

## 58. gr.

Yfirmatsmenn skulu, hver í sínu umdæmi, senda hlutaðeigandi lögreglustjóra tillögur sínar um, hverjir skulu skipaðir kjötmatsmenn í lögsagnarumdæmi hans. Skal vanda val þeirra eftir því, sem kostur er á. Ekki má skipa sem kjötmatsmenn forstöðumenn eða eigendur fyrirtækja, sem slátrun annast eða verzla með sláturfjárafurðir, þá sem taka slátrun í ákvæðisvinnu eða aðra menn, sem riðnir eru við kaup eða sölu vörunnar á þann hátt, að ætla megi þá hlutdræga í matinu að dómi yfirkjötmatsmanns. Nú vanrækir kjötmatismaður starf sitt, sýnir hlutdrægni við matið eða leysir það illa af hendi á einhvern hátt, að dómi yfirkjötmatsmanns, og er yfirkjötmatsmanni þá heimilt að víkja honum frá um stundarsakir, en tilkynna skal hann hlutaðeigandi lögreglustjóra samstundis þessa ráðstöfun, sem þá víkur hinum brotlega kjötmatsmanni endanlega frá störfum og skipar annan matsmann í hans stað.

## 59. gr.

Yfirkjötmatsmenn skulu ferðast um umdæmi sitt eftir þörfum, einukum í sláturttíð, haustslátrun, og haga ferðum þannig, að eftirlitið komi að sem þeztum notum. Þeir skulu hvarvetna líta eftir öllu því, er við kemur slátrun, verkun og geymslu sláturfjárafurða, og leiðbeina um það, sem ábótavant er. Sérstaklega ber þeim að leiðbeina kjötmatsmönnum við matið og yfirleitt að kosta kapps um að þeir verði sem færastir í starfinu. Yfirkjötmatismaður skal skera úr ágreiningi, sem fyrir kann að koma við kjötmatið.

## 60. gr.

Nú verður yfirkjötmatismaður þess vís, að einhverir sláturleyfishafar eða aðrir brjóta á móti ákvæðum kjötmatslaganna, og ber honum þá að skýra hlutaðeigandi lögreglustjóra frá því tafarlaust. Yfirkjötmatsmenn skulu hafa aðgang að slátrunar-



155 skýrslum hjá sláturleyfishöfum og einnig hjá þeim aðila, er sláturleyfin veitir. Í 8. sept. lok hvers árs skulu yfirkjötmatsmenn senda kjötmatsformanni greinargerð um slátrunina á svæðinu og starfsskýrslu. Yfirkjötmatsmaður skal, ef hann óskar að láta af störfum, leita eftir vel hæfum manni, er geti tekið við yfirkjötmatsstarfinu. Skal fráfarandi yfirkjötmatsmaður veita þeim, sem við tekur, allar þær upplýsingar, er hann getur í té látið, svo sá, er við starfinu tekur, verði sem hæfastur til að leysa það vel af hendi.

## 61. gr.

Yfirkjötmatsmenn skulu, áður en þeir taka til starfa, rita undir drengskaparheit um, að þeir vilji hlýta reglum þessum, og með alúð og samvizkusemi rækja skyldur þær, sem á þeim hvíla í starfi þeirra. Þeir verða og að sætta sig við þær breytingar, sem gerðar kunna að verða á reglum þessum.

## 62. gr.

Starfssvæði hvers yfirkjötmatsmanns skal vera sem hér segir:

1. Frá Breiðamerkursandi vestur um land að Gilsfjarðarbotni.
2. Frá Gilsfjarðarbotni um Vestfirði að Bitrufjarðarbotni.
3. Frá Bitrufirði um Norðurland austur að Skjálfanda.
4. Frá Skjálfanda austur um land að Breiðamerkursandi.

## 63. gr.

Kjötmatsformaður skal hafa forgöngu um þau atriði, er snerta verksvið yfirkjötmatsmanna. Hann skal hafa samband við hina yfirkjötmatsmennina í því skyni, að sem fyllst samræmi sé í kjötmati og allri meðferð sláturfjárafurða. Getur hann með samþykki landbúnaðarráðherra kallað yfirkjötmatsmennina á sinn fund, þegar hann telur þess þörf vegna yfirmatsins. Kjötmatsformaður hefur heimild til, með samþykki landbúnaðarráðherra, að halda námsskeið með kjötmatsmönnum, sláturhússtjórum og slátrurum, ef það er talið nauðsynlegt.

## 64. gr.

Kjötmatsformaður skal, eftir því sem við verður komið, gera athugun á mati, meðferð og geymslu á kjöti og öðrum sláturfjárafurðum, frá hinum ýmsu stöðum landsins, sem ætlaðar eru til útflutnings eða til sölu á helztu markaðsstöðum innanlands. Verði kjötmatsformaður þess vís, að mat á sláturfjárafurðum sé eigi í samræmi við gildandi reglur, skal hann láta fara fram endurmat og vinna að því í samráði við viðkomandi yfirkjötmatsmann og hlutaðeigandi aðila, að slíkt þurfi ekki að endurtaka sig. Kostnað af endurmati greiði sláturleyfishafi. Nú verður kjötmatsformaður þess var, að sláturfjárafurðir hafa skemmt við geymslu, of lítið frost, eða flutninga, og skal hann þá gera sömu aðilum aðvart. Enn fremur skal hann, ef um meiri háttar skemmdir er að ræða, gera heilbrigðisyfirvöldunum á staðnum aðvart.

Kjötmatsformaður skal, að loknu starfi ár hvert, senda landbúnaðarráðuneytinu skýrslu um störf sín og annarra yfirkjötmatsmanna á árinu.

## IV. KAFLI

## Um störf kjötmatsmanna, flokkun, merkingu og meðferð sláturfjárafurða.

## 65. gr.

Allt kjöt og slátur af sláturfénaði, sem um getur í lögum um kjötmat o. fl., sem flutt er á erlendan markað eða til sölu innanlands í kjötbúðum og öðrum opinberum sölustöðum, skal flokkað, metið og merkt eftir tegundum og gæðum af kjötmatsmönnum, sem starfa undir umsjón yfirkjötmatsmanna.

## 66. gr.

Kjötmatismaður skal sjá um, að slátrun fari ekki fram fyrir en sláturfénaður hefur fengið hæfilega hvíld á slátrunarstað. Hann skal ganga ríkt eftir, að fláning og öll meðferð afurðanna sé sem hreinlegust og bezt, svo þær haldi sínu fulla gildi.

155

8. sept.

## 67. gr.

Að lokinni slátrun skal hreinsa burtu blóð og óhreinindi úr skrokknum. Nota skal til þess volgt vatn og þerra skrokkinn vel á eftir, enda hafi hann ekki óhreinkast við fláningu. Áður en kindaskrokkar kólna skal bregða sterkum spotta um framleggi fremst og strengja á banakringlu beggja vegna, þannig að hálsinn vísi í beina stefnu frá herðakambi, svo bógarnir þrýstist sem bezt saman. Þessi bönd má ekki taka af fyrir en eftir frystingu. Rófurni skal stungið á milli lærvöðvanna, svo hún haldist þar föst.

## 68. gr.

Kjötið skal hanga í kjötsal sláturhússins í 12—24 klukkustundir áður en það er sett inn í forkæli frystihúss. Skrokkarnir skulu hanga á hækklajárnum, svo þeir breyti ekki lögun. Kjötsalur skal að fullu tæmdur áður en slátrun hefst að morgni, sé hann í einu lagi, annars sá hluti salsins, sem byrjað er að hengja upp í.

## 69. gr.

Gæðamat skal fara fram í kjötsal sláturhúss, en ekki fyrir en kjötið hefur kólnað að verulegu leyti. Kjötmatismaður skal um leið og hann metur, athuga hvern skrokk vandlega, svo honum sjáist ekki yfir ýmsa galla, sem á skrokknum kunna að vera, marbletti, hundsbit, bólgu vegna þreytu, óhreininda eða aðra vinnugalla o. fl., er fella kjötið í mati eða gera það ósöluhæft, séu mikil brögð að slíku. Alls þessa skal kjötmatismaður gæta, og gera sitt ýtrasta til að halda samræmi í matinu og hafa það sem allra nákvæmast.

## 70. gr.

- I. Dilkakjöt, sem selja á innanlands, nýtt eða fryst, eða flytja á erlendan markað, skal meta eftir gæðum í 3 flokka. Í fyrsta flokk eru látnir allir skrokkar, sem eru holdmiklir og ógallaðir að útliti. Í annan flokk skal setja miðlungsskrokka, sem þó eru allvel holdfylltir. Í þriðja flokk skal setja alla holdlitla eða magra skrokka, teljist þeir söluhæfir. Kjötið skal vegið áður en það er fryst og skipt í þyngdarflokka, sem hér segir:

	I. fl.	II. fl.	III. fl.
a. Skrokka, sem vega 12.5 kg og minna, skal merkja	6	6X	6XX
— — — 13—16 kg — —	2	2X	2XX
— — — 16.5—19 kg — —	8	8X	8XX
— — — 19.5—22.5 kg — —	4	4X	4XX
— — — 23 kg og yfir — —	T	TX	TXX

Heimilt er þó, í samráði við helztu söluaðila, að merkja eftir gæðaflokkum D I, D II og D III og sleppa þyngdarflokkuninni.

- b. Dilkakjöt til söltunar skal metið gæðamati í þrjá flokka á sama hátt og kjöt til frystingar og skulu tunnur merktar D I, D II og D III.
- II. Kjöt af fullorðnu og veturgömlu fé, sem selja á nýtt, fryst eða saltað, skal flokkað, metið gæðamati og merkt, sem hér segir:
- a. Kjöt af sauðum og algeldum ám tveggja vetra skal merkja S I, ef skrokkarnir eru vel holdfylltir og feitir, en S II séu þeir rýrari.
- b. Kjöt af geldum ám, sem eru eldri en þriggja vetra, skal merkja G I, ef skrokkarnir eru holdmiklir og vel feitir.

155  
8. sept.

- c. Kjöt af geldu veturgömlu fé skal merkja VI, ef skrokkarnir eru holdmiklir og vel feitir, en VII séu þeir rýrari. Rýra skrokka af veturgömlum hrútum skal setja í Æ I.
- d. Kjöt af mylkum ám og rýru geldfé skal merkja Æ I, ef skrokkarnir eru sæmilega holdgóðir, en Æ II séu þeir rýrari, teljist þeir söluhæfir til neyzlu. Kjöt af holdgóðum mylkum ám, þriggja vetra og yngri, má merkja með Æ I Z.
- e. Kjöt af fullorðnum hrútum, teljist það söluhæft, skal merkja HI, ef skrokkarnir eru holdgóðir, en H II séu þeir rýrari. Merkin skal setja á miða, sem bundnir séu við skrokkana, eigi að selja kjötið nýtt eða fryst, en á tunnubotna, ef um saltkjöt er að ræða, og skal þá setja framan við merkin: *Spaðsattað* eða *Stórhöggvið*, eftir því sem við á.

Á merkimiða skal prenta læknisvottorð, undirskrifað af lækni þeim, sem skoðað hefur kjötið, en hins vegar einkamerki seljanda, ásamt flokksmerki kjötsins.

#### 71. gr.

Ráðherra getur, ef þörf krefur, heimilað eftirfarandi merkingu á stórhöggnu kindakjöti til útflutnings:

Kjöt af lömbum, ef skrokkarnir eru þriflegir og vega 12 kg eða þar yfir: Ia. Kjöt af lömbum, ef skrokkarnir vega undir 12 kg, ef það telst útflutningshæft: Ib.

Kjöt af veturgömlu fé, ef skrokkarnir vega 14 kg eða þar yfir: Ic.

Kjöt af fullorðnu (að undanskildu kjöti af fullorðnum hrútum, er ekki skal tekið til útflutnings), ef skrokkarnir eru þriflegir og vega 17 kg og þar yfir: Id.

Annað kjöt af fullorðnu fé, ef það er útflutningshæft: II.

Ef nauðsyn krefur getur ráðherra ákveðið aðrar merkingar á kindakjöti en um getur í þessari grein og 70. gr., sem ætlað er til útflutnings, hvort sem um er að ræða saltkjöt eða freðkjöt.

Saltkjöt til útflutnings skal merkt þannig, að á efra helmingi tunnubotsins standa skýrum stöfum: *Íslenzkt saltkjöt*, og þar fyrir neðan viðeigandi flokkunarmerki. Á neðri helmingi tunnubotsins skal vera einkamerki útflytjanda, a. m. k. tveir bókstafir fyrir nafn hans og heimilisfang, nema auglýst firmamerki sé.

#### 72. gr.

Kjöt, sem ætlað er til frystingar, skal, eftir að hafa kólnað í kjötsal sláturhúss, samanber 68. gr., hanga í forkæli 12—24 klukkustundir við 0 til  $\div$  2° C. Því næst skal kjötið flutt í frystiklefa og hanga þar í 12—24 klukkustundir við minnst  $\div$  20° C. Þegar frystingu er lokið skulu skrokkarnir klæddir í grisjupoka og þeim vandlega staflað í geymslurúm og skal frostið þar ekki vera minna en  $\div$  15° C. Áriðandi er að frostið haldist sem jafnast meðan kjötið er geymt. Kjötmatsmenn skulu fullvissa sig um, að kjötið sé nægilega vel frosið áður en því er staflað, og fylgjast með því, að frostið í hinum einstöku klefum frystihússins sé eins og tilskilið er.

#### 73. gr.

Við framskipun og hvers konar flutninga eða tilfærslu á nýju eða frystu kjöti, skal þess gætt, að meðhöndla það þannig, að það spillist ekki á neinn hátt eða tapi í útliti.

Ef umbúðir óhreinast eða rifna, skal skipta um þær.

#### 74. gr.

Þegar kjöt er saltað í tunnur skulu kjötmatsmenn sjá um, að þær tunnur, sem saltað er í, séu í góðu lagi, vel hreinar og vel bentar, og að ekkert það hafi verið í þeim áður, er haft geti áhrif á bragð kjötsins, lykt eða útlit. Þeir sjá um, að ekkert

kjöt verði látið í tunnurnar, sem ekki hefur áður verið skoðað, viðurkennt og stimplað af kjötskoðunarlækni. Kjötmatsmenn sjá um, að kjötið sé vel kælt áður en það er saltað, og hæfilega mikið af hreinu salti sé notað, eða sem næst 10 kg af salti í hver 112 kg af stórhöggnum kjöti, og um 10 kg í hver 130 kg af spaðkjöti. Í hver 112 kg af kjöti skal setja um 80 g af góðum saltþétri. Þegar kjöt er stórhöggvið skal skipta hverjum skrokk í sex hluta, þannig að fyrst sé kroppurinn klofinn að endilöngu, sem næst miðjum hrygg, og því næst hverjum helmingi skipt í þrjá parta, þ. e. framstykki, miðstykki og læri. Miðstykkinu skulu fylgja 4 rif, allur huppurinn, klettið og hryggurinn aftur úr. Þó skal skrokknum því aðeins skipt í sex hluta að hver þeirra vegi 2 kg eða þar yfir, annars skal honum skipt í 4 hluta.

Spaðkjöt skal höggvið eða sagað sundur í hæfilega stóra bita, þannig að kjöt-lögin verði ekki of þykk. Kjötinu skal raðað vel í tunnuna og þjappað saman. Stórhöggvið kjöt skal pækla strax eftir söltun og skal pækillinn vera a. m. k. 24 stig á pækilmæli og skal pækillinn búinn til úr hreinu vatni (ekki sjó eða slæmu vatni), og síður gegnum léreft um leið og hann er látinn á kjötið. Matsmenn skulu sjá um að endurpæklun fari fram svo oft, sem þörf er á meðan kjötið er geymt. Spaðsaltað kjöt skal einnig pækla, eftir því sem nauðsynlegt er talið.

Tunnur skulu athugaðar og bættar, ef leki kemst að þeim, og sjá skal til þess, þegar flutningur eða tilfærsla fer fram, að þær séu pækilfylltar og í góðu ásigkomulagi.

### Um meðferð og verkun hausa og innyfla.

#### 75. gr.

Ef hausar eða innyfli eru ætluð til sölu á opinberum markaði innanlands eða utan, skal verkun og meðferð þeirra vera í sem beztu lagi.

- Hausa skal aðgreina eftir því, hvort þeir eru af lömbum eða fullorðnu fé. Þá skal kæla sem bezt strax að slátrun lokinni. Séu þeir ætlaðir til geymslu skal frysta þá lausa á grindum eða flekum og geyma þá í hæfilega stórum pokum.
- Lifur skal aðgreina, eftir því, hvort hún er úr dilkum eða fullorðnu fé. Ef hún er fryst skal láta hana í hæfilega stórar dósir eða öskjur.
- Hjörtu, nýru og eistu, sem ætluð eru til geymslu, skal frysta laus á pönnum eða öskjum og geyma í hæfilega stórum kössum eða pokum.
- Mör skal kæla vandlega strax að slátrun lokinni. Sé hann ætlaður til geymslu skal frysting fara fram í nægilega þunnum lögum, svo hann frjósi sem fyrst í gegn.
- Blóð skal kæla vel í hæfilega stórum ílátum. Ef það á að geymast, skal það fryst í pönnum eða formum (ekki tunnum) og geyma það síðan í kössum eða grysjupokum.
- Vambir skulu vandlega hreinsaðar og þvegnar. Ef þær eru frystar skal raða þeim í pönnur og geyma síðan í pokum.
- Garnir skulu þvegnar úr köldu vatni og stroknar vandlega, svo óhreinindi verði ekki eftir í þeim. Þær skulu hankaðar upp og saltaðar með fingerðu salti í vel heldar tunnur. Skal pækla þær eftir þörfum meðan á geymslu stendur.

Miða skal við sama frostmark í frystiklefum og geymslurúmum, þar sem frysta á og geyma hausar og innyfli, eins og þar sem frysting og geymsla á kjöti fer fram.

### Flokkun og merking á nautgripakjöti.

#### 76. gr.

Kjöt af algeldum kvígum, 5 mánaða til 3 ára, uxum á sama aldri og nautkálfum 5 mánaða til 2 ára skal merkja AK I, séu skrokkarnir holdmiklir og vel útlitandi, en AK II séu þeir lakari.

**155** Kjöti af nautum frá 2 til 6 ára skal merkja N I, séu skrokkarnir holdmiklir og vel útlítandi, en N II séu þeir lakari.

Kjöti af kálfum  $\frac{1}{2}$ —5 mánaða skal merkja ÚK I, séu skrokkarnir vel útlítandi, en lakari skrokka á þeim aldri og yngri en  $\frac{1}{2}$  mánaðar skal merkja ÚK II.

Kjöti af kúm 5 ára og yngri skal merkja K I, séu skrokkarnir holdgóðir og vel útlítandi.

Kjöti af kúm, eldri en 5 ára og rýrari yngri kúm, skal merkja K II, séu skrokkarnir sæmilega útlítandi.

Kjöti af rýrum kúm, gömlum nautum og annað nautgripakjöt, teljist það söluhæft, skal merkja K III.

### Flokkun og merking á hrossakjöti.

77. gr.

Kjöti af folöldum skal merkja Fo I, ef skrokkarnir eru holdgóðir og vel útlítandi.

Kjöti af tryppum á aldrinum 1—5 vetra, skal merkja Tr I, séu skrokkarnir vel útlítandi og hæfilega feitir.

Kjöti af hrossum á aldrinum 6—9 vetra skal merkja Hr I, ef skrokkarnir eru vel útlítandi og hæfilega feitir.

Kjöti af hrossum 10—15 vetra skal merkja Hr II, enda séu skrokkarnir vel útlítandi og ekki of feitir.

Kjöti af hrossum 16 vetra og eldri og lakara kjöti af yngri hrossum, þar á meðal óhæfilega feitt kjöt, skal merkja Hr III, teljist það söluhæft á opinberum markaði.

Kjöti af stórgripum skal hluta þannig í sundur, að hver skrokkur sé sagaður að endilöngu eftir miðjum hrygg og bringan klofin til helminga, en síðan skal þverskera helmingana þannig, að 2—3 rif fylgi afturparti. Hálsæðar skulu skornar frá og jafnframt strjúpi, hafi hann blóðgazt.

### Flokkun og merking á svínakjöti.

78. gr.

Kjöti af grísum allt að 7 mánaða gömlum, sem fengið hafa viðeigandi fóðrun, skal merkja Sv I.

Kjöti af eldri grísum og ungum gyltum skal merkja Sv II, séu skrokkarnir hæfilega feitir.

Annað kjöt af eldri svinum og lakara kjöt af yngri svinum skal merkja Sv III.

### Um hraðfrystingu á kjöti og öðrum sláturfjárafurðum.

79. gr.

Nú fer fram hraðfrysting á kjöti og innyflum og gilda þá sömu reglur og að framan greinir um slátrun, mat, meðferð og merkingu eins og þegar venjuleg frysting á sér stað. Um aðgreiningu, brytjun, umbúnað, frystingu o. fl. skal fara eftir fyrir-mælum yfirkjötmatsmanna.

### Ýmis ákvæði.

80. gr.

Kjötmatsmönnum er skylt að gæta þess vandlega, að merkimiðar og merkiplötur sé ekki notað á annan hátt en við á samkvæmt reglugerð þessari.

81. gr.

Þegar kjöt eða aðrar sláturfjárafurðir eru fluttar úr landi, eða til sölu á markaðsstaði innanlands, skal fylgja vottorð kjötmatsmanns um að kjötið sé flokkað og

metið og farið með það að öllu leyti eftir hinum fyrirskipuðu reglum. Í vottorðinu 155 skal tilgreind tala og þyngd í hverjum flokki og tegundar fyrir sig. Sé um frysta eða 8. sept. saltaða vöru að ræða, skal tilgreina geymslutíma.

## 82. gr.

Kjötmatsmenn skulu starfa í samræmi við ákvæði reglugerðar þessarar og samkvæmt fyrirmælum yfirkjötmatsmanns.

Kjötmatsmönnum er skylt, eftir því sem við verður komið, vegna matsins, að vinna við verkun kjötsins og skal kaup þeirra vera 25% hærra en venjulegt verkamanna kaup á staðnum.

## 83. gr.

Kjötmatsmenn skulu, áður en þeir taka til starfa, undirrita drengskaparheit um, að rækja starf sitt með alúð og samvirkusemi, og fara eftir þeim reglum, er settar eru um það. Landbúnaðarráðuneytið stílar þeim heitið.

## 84. gr.

Með reglugerð þessari er úr gildi numið:

Reglugerð nr. 79 27. júlí 1933, um sláturhús og frystihús.

Reglur nr. 80 27. júlí 1933, um störf yfirkjötmatsmanns og aðstoðarmanna hans.

Fyrirmæli nr. 81 27. júlí 1933, um kjötskoðun, merkingu á kjöti o. fl.

Reglur nr. 82 10. ágúst 1933, um störf kjötmatsmanna.

Reglur nr. 82 15. júlí 1935, um breyting á reglum frá 10. ágúst 1933, um störf kjötmatsmanna.

Auglýsing nr. 87 25. júlí 1935, um merkingu á frystu kjöti til útflutnings.

Auglýsing nr. 140 29. júlí 1939, um breyting á fyrirmælum nr. 81 27. júlí 1933, um kjötskoðun, merkingu á kjöti o. fl.

Auglýsing nr. 156 20. september 1941, um breyting á kjötskoðunargjaldi samkv. auglýsingu nr. 140 29. júlí 1939.

Reglur nr. 179 3. september 1943, um breyting á reglum um störf kjötmatsmanna, nr. 82 10. ágúst 1933.

Reglur nr. 232 30. desember 1943, um breyting á reglum um störf kjötmatsmanna, nr. 82 10. ágúst 1933.

Enn fremur aðrar reglur, auglýsingar og fyrirmæli, er út kunna að hafa verið gefin, varðandi kjötmat o. fl. þar að lútandi.

Reglugerð þessi er sett samkv. lögum nr. 5 23. febrúar 1949, um kjötmat o. fl., til að öðlast þegar gildi, og birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Landbúnaðarráðuneytið, 8. september 1949.*

**Bjarni Ásgeirsson.**

*Árni G. Eylands.*

## REGLUGERÐ

fyrir læknisvitjanasjóð Breiðabólstaðarhéraðs í Vestur-Skaftafellssýslu.

### 1. gr.

Sjóðurinn heitir Læknisvitjanasjóður Breiðabólstaðarhéraðs í Vestur-Skaftafellssýslu. Er starfssvið hans fimm hreppar nefnds héraðs: Hörgslandshreppur, Kirkjubæjarhreppur, Leiðvallarhreppur, Skaftártunguhreppur og Álftavershreppur. — Sjóður þessi er stofnaður samkvæmt lögum nr. 59 4. júlí 1942, um læknisvitjanasjóði.

### 2. gr.

Markmið sjóðsins er að styrkja íbúa nefndra hreppa til læknisvitjana eða auðvelda þeim lækniþóknina á annan hátt, og hlynna að heilbrigðismálum héraðsins yfirleitt.

### 3. gr.

Í stjórn sjóðsins eru: Sýslumaðurinn í (Vestur-)Skaftafellssýslu og tveir menn kosnir af oddvitum þeirra hreppa, er að sjóðnum standa. Sýslumaðurinn er formaður sjóðstjórnarinnar og er reikningshaldari og gjaldkeri sjóðsins.

### 4. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

1. Tillag ríkissjóðs, er nemur árlega 2 — tveim — krónum á hvern íbúa þeirra hreppa, er að sjóðnum standa.
2. Tillag hreppanna, er nemur árlega 1 — einni — krónu á hvern íbúa áðurnefndra hreppa.
3. Læknisvitjanastyrkir, sem veittir kunna að verða.
4. Aðrar tekjur, sem sjóðnum kunna að hlotnast.

### 5. gr.

Að liðnu hverju almanaksári og eigi síðar en fyrir lok marz mánaðar næsta ár skulu allir reikningar yfir kostnað þann, sem sjóðnum er ætlað að greiða eða taka þátt í, vera komnir til formanns sjóðstjórnarinnar og skal þá sjóðstjórnin úthluta styrkjum úr sjóðnum.

### 6. gr.

Tillagi ríkissjóðs, samkvæmt 1. tölulið 4. gr., ásamt tilskildu þriðjungstillagi á móti, svo og læknisvitjanastyrkjum, sem veittir kunna að verða í fjárlögum til héraðsins, samkv. 3. lið 4. gr., má aðeins verja til styrktar héraðsbúum vegna kostnaðar af læknisvitjunum.

Héraðsbúar njóta að jafnaði læknisvitjanastyrks úr sjóðnum í hlutfalli við kostnað þeirra af læknisvitjunum. Þó geta þeir ekki vænt slikra styrkja úr sjóðnum, sem ekki hafa orðið fyrir minnst kr. 30.00 kostnaði á árinu.

Að öðru jöfnu ganga þeir fyrir um styrki, sem lengst og erfiðast eiga til lækni að sækja.

### 7. gr.

Fé sjóðsins skal ávaxta eftir því sem við verður komið, og á tryggan hátt, en gæta skal þess jafnan, að sá hluti þess, sem verja ber til læknisvitjanastyrkja, sé jafnan handbær, ef til þarf að taka.

## 8. gr.

156

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið, og skulu reikningar sjóðsins endurskoðaðir af endurskoðanda sýslusjóðsreikninga Vestur-Skaftafellssýslu árlega. Skal landlækni sent eitt eintak reikninga sjóðsins, áður en tillag ríkisins til sjóðsins verður greitt fyrir næsta ár.

9. sept.

## 9. gr.

Sjóðstjórnin skal haga starfsemi sjóðsins þannig, að þeir héraðsbúar, sem eru í sjúkrasamlagi, verði að öðru jöfnu ekki verr settir að því, er tekur til aðstoða sjóðsins, en aðrir héraðsbúar.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 59 4. júlí 1942, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi frá deginum í dag að telja.

*Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 9. september 1949.*

**Eysteinn Jónsson.**

*Ragnar Bjarkan.*

## G J A L D S K R Á

157

fyrir Rafveitu Hveragerðis.

10. sept.

### I. RAFORKA

Rafveita Hveragerðis selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

#### A. Lýsing.

1. Um kwst.mæli á kr. 1.20 hver kwst. Við þessu verði skal selja hvers konar raforkunotkun, sem ekki fellur undir aðra liði þessarar gjaldskrár.
2. Um kwst.mæli á 45 aura hver kwst. auk fastagjalds, er nemi kr. 6.00 á ári á m<sup>2</sup> gólfflatarmáls í rúmi því, er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólf-fleti í búðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 2.00 á ári af m<sup>2</sup>.

#### B. Almenn heimilisnotkun.

1. Um kwst.mæli á 30 aura hver kwst. Auk þess skal greiða fastagjald, 5 kr. á mánuði af fyrsta herbergi hvernar íbúðar og 3 kr. á mánuði af hverju herbergi, sem umfram er.

Í útreikningi á fjölda herbergja skal telja öll herbergi, sem ætluð eru til íbúðar, og eldhús. Herbergi, sem er minna en 5 m<sup>2</sup>, skal telja sem hálf, en stærra en 25 m<sup>2</sup> sem tvö. Þar sem meðalstærð herbergja í íbúð er undir 10 m<sup>2</sup>, má miða við samanlagt flatarmál þeirra, þannig að hverjir 10 m<sup>2</sup> jafngildi einu herbergi og 5 m<sup>2</sup> hálfu herbergi.

Rafmagnsnotkun í gripahúsum og öðrum húsum, sem notuð eru við búskap, er heimilt að selja samkvæmt þessum gjaldskrárlið. Rafveitustjóri setur reglur um útreikning fastagjalds af þeim húsum.

2. Heimilt er að selja gistihúsum og matsölustöðum raforku til suðu á 25 aura hverja kwst. og aðra notkun samkvæmt A-lið.



157

10. sept.

**C. Vélanotkun.**

1. Um kwst.mæli á 65 aura hver kwst. Hafi vélnarar mjög stuttan notkunartíma á ári, má krefjast minnsta árgjalds, frá kr. 130.00 til 150.00 á hvert uppsett kw. vélanna. Eftir þessum gjaldskrárlið má einnig selja rafmagn til götulýsingar, svo og til nota um vinnulagnir við byggingar meðan á byggingu stendur.
2. Um kwst.mæli á 10 aura hver kwst., auk fastagjalds af samanlögðu ástimpluðu rafvélaafli, sem hér segir:

225 kr. á árskw. fyrir fyrstu	30 kw.
185 — — — — næstu	70 —
135 — — — — umfram	100 —

Minnta árgjald skal þó vera sem svarar 1000 kwst. ársnotkun á hvert kw. í ástimpluðu rafvélaafli.

3. Heimilt er að selja raforku til súgþurrkunar á heyi á 25 aura hverja kwst.

**D. Hitun.**

1. Um kwst.mæli á 14 aura hver kwst., enda sé þá minnsta notkun 6000 kwst. á ári. Notkun umfram 10000 kwst. á ári greiðist með 12 aorum hver kwst. Sala á raforku samkvæmt þessum gjaldskrárlið er háð því skilyrði, að straumurinn sé rofinn frá kl. 10.30 til 12 og frá kl. 18 til kr. 19.
2. Um kwst.mæli á 5 aura hver kwst. Sala á raforku samkvæmt þessum gjaldskrárlið er háð því skilyrði, að straumurinn sé rofinn frá kl. 8.30 til 23. Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:
  - a. Að vélaafli, götulínur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
  - b. Að notandinn setji klukkurofa fyrir hitalögnina og kosti viðhald þeirra. Þó getur rafveitustjóri ákveðið, að rafveitan leggi til rofa og annist viðhald þeirra, og kostar þá notandinn tengingu rofanna og greiðir leigu af þeim, samkvæmt reglum, er gilda um leigu mælitækja.
  - c. Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir með sérstökum rofum og hitastillar notaðir.

**II. MÆLALEIGA**

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum sem hér segir:

1. Af einfasa mælum 30 amp. og minni ..... kr. 2.00 á mánuði.
2. — þrífasa mælum 50 amp. og minni ..... — 3.00 — —
3. — þrífasa mælum 50 til 200 amp. .... — 7.00 — —
4. — þrífasa mælum yfir 200 amp. .... — 10.00 — —

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í skránni, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækjanna. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

**III. HEIMTAUGARGJALD**

Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveituna, skal greiða heimtaugargjald. Skal það vera sem hér segir:

1. Grunnjald fyrir hverja loftlínuheimtaug kr. 400.00.
2. Grunnjald fyrir hverja jarðlínuheimtaug kr. 600.00.

Auk þessa grunngjalds skal greiða kr. 10.00 af hverju þúsundi króna af brunabótamati húsa og annarra mannvirkja. Hálfu þúsundi eða minna í brunabótamati skal sleppa í útreikningi þessum, en ella hækka upp í heilt þúsund. 157  
10. sept.

Ef brunabótamat á húsi er gamalt, getur rafveitustjóri eða hreppsnefnd samræmt það nýju mati og miðað heimtaugargjaldið við það. Láti húseigandi meta húsið á ný, skal þó heimtaugargjaldið miðast við það mat.

Húseigandi greiði grunngjald heimtaugar um leið og heimtaugaruppsetningu er lokið. Hinn hluti heimtaugargjaldsins fellur í gjalddaga, þegar brunabótamat hússins hefur verið framkvæmt.

Sé lengd jarðlínuheimtaugar meiri en 25 metrar og loftlínuheimtaugar meiri en 60 metrar og/eða gildleiki víra meiri en  $3 \times 70$  qmm., skal húseigandi greiða að fullu kostnað af því, sem fram yfir er.

Ef lagðar eru fleiri en ein heimtaug að sama húsi, skal greiða allan kostnað við síðari heimtaug eftir reikningi.

#### IV. OPNUNARGJALD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun, 10 kr.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust og verður hún ekki opnuð fyrr en notandinn hefur greitt 10 krónu gjald á skrifstofu rafveitunnar.

#### V. BRÁÐABIRGÐAÁKVÆÐI

1. Fyrst um sinn skal útiloka stóra hreyfla á tímanum kl. 10.45 til 12 fyrir hádegis, og enn fremur ber að útiloka allar aðrar vélar eftir því sem unnt er, þegar spennan er lág og aðrar ástæður gera það nauðsynlegt að dómi rafveitustjóra.
2. Þegar sérstaklega stendur á getur rafveitustjóri, að fengnu samþykki rafveitunefndar, selt rafmagn eftir sérstökum samningi, en þó eigi lengur en til eins árs í senn.

Hreppsnefnd er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í I. kafla þessarar gjaldskrár, um allt að 20%, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda auglýsi hreppsnefndin breytinguna í Lögbirtingablaðinu áður en til hennar kemur.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923 og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Rafveitu Hveragerðis, nr. 96 27. júlí 1948.

*Atvinnumálaráðuneytið, 10. september 1949.*

**Bjarni Ásgeirsson.**

*Þorv. K. Þorsteinsson.*

158

16. sept.

## REGLUGERÐ

um aðstoð til útvegsmanna, er síldveiðar stunduðu á tímabilinu 1945 til 1948.

## 1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að kveða svo á, að útgerðarmönnum og útgerðarfyrirtækjum, er síldveiðar stunduðu sumarið 1948, verði veitt að nokkru eða öllu:

1. Uppgjöf á innlestum sjóveðskrófum og öðrum lögveðskrófum samkvæmt 1. mgr. 2. gr. laga nr. 85 15. des. 1948.
2. Uppgjöf á lánum samkvæmt 2. mgr. 2. gr. sömu laga.
3. Uppgjöf á lánum, sem þeim voru veitt úr ríkissjóði vegna aflabrests á sumar-síldveiðum 1945 og 1947.

## 2. gr.

Skilyrði fyrir uppgjöf krafna og skulda samkvæmt 12. gr. eru þessi:

1. Að útgerðarmaður sæki um aðstoð og sé að dómi skilanefndar, sem getur í 5. gr. laga nr. 85 15. des. 1948, vel hæfur til að reka útgerð.
2. Að útgerðarmaður hafi látið skilanefnd í té fullkomna greinargerð, undirritaða að viðlögðum drengskap, um fjárhag sinn og maka síns, svo og veitt henni færi á að láta kunnáttumenn meta eignir sínar.
3. Að skilanefnd telji útgerðarmanni ekki kleift að standa við skuldbindingar sínar eða reka útgerð á heilbrigðum grundvelli án aðstoðar.
4. Að samningar náist við lánardrottna útgerðarmanns um nægilegan afslátt, að dómi skilanefndar, á öðrum skuldum hans, til þess að áframhaldandi rekstur verði rekinn á fjárhagslega tryggum grundvelli.

## 3. gr.

Þeir útgerðarmenn, er aðstoðar leita, skulu ásamt beiðni sinni senda skilanefnd, auk efnahagsskýrslu skv. 2. lið 2. gr., nákvæmar upplýsingar um samninga þá, er þeir geta náð við lánardrottna sína, aðra en ríkissjóð, sbr. 4. lið 2. gr.

## 4. gr.

Nú telur skilanefnd sennilegt, að veita beri skuldunaut aðstoð og aðstoðarbeiðandi treystist eigi að semja við lánardrottna sína án aðstoðar skilanefndar, skal hún þá láta birta einu sinni í Lögbirtingablaðinu áskorun til lánardrottna hans og ábyrgðarmanna, um að lýsa kröfum sínum fyrir skilanefnd innan 4 vikna frá birtingu auglýsingar. Skal í auglýsingunni tekið fram, að allar ótryggðar kröfur falli niður ógildar, ef þeim er ekki lýst innan hins tiltekna frests. Ef lánardrottinn, sem ekki hefur lýst viðurkenndri kröfu innan hins tiltekna frests, færir síðar, meðan á samningaumleitunum stendur, líkur fyrir því, að hann hafi eigi átt þess kost að sjá auglýsinguna, svo sem vegna fjarveru, sjúkdóms o. s. frv., er skilanefnd þó heimilt að taka kröfu hans til greina. Að öðru leyti falla niður þær kröfur, sem eigi er lýst innan hins tiltekna frests.

## 5. gr.

Að liðnum innköllunarfresti skal skilanefnd, svo fljótt sem unnt er, taka ákvörðun um, hvort hún telur fært að veita skuldunaut aðstoð. Ef hún telur, að skuldunautur geti komið til greina, skal honum þegar í stað tilkynnt það, annað hvort bréflega eða með símskeyti.

## 6. gr.

158

Nú telur skilanefnd, að umsækjandi fullnægi þeim skilyrðum, sem sett eru fyrir aðstoð, og skal hún þá, svo fljótt sem auðið er, semja frumvarp til skuldaskila fyrir hann. Skilmerkilega skal þar tekið fram, hve háan hundraðshluta skuldunaut er ætlað að greiða af skuldum sínum.

## 7. gr.

Þegar eftir að sammingsfrumvarp það, sem í 6. gr. getur, er fullsamið, skal skilanefnd tilkynna það með ábyrgðarbréfi eða símskeyti öllum þeim lánardrottnum, er kröfu hafa lýst, og boða þá á fund með hæfilegum fyrirvara. Samtímis skal skuldunaut sjálfum tilkynnt efni sammingsins, og skal hann innan 5 daga, frá því er tilkynning barst honum í hendur, segja til um, hvort hann treystist til að ganga að honum. Ef svarið er neitandi, skal fundarboð afturkallað í tæka tíð. Þangað til fundurinn er haldinn, skal frumvarp eða staðfest eftirrit liggja á skrifstofu skilanefndar lánardrottnum til sýnis.

## 8. gr.

Á fundi lánardrottna, er getur í 7. gr., skal skilanefnd leggja fram sammingsfrumvarp svo og nákvæman efnahagsreikning skuldunauts, staðfestan af nefndinni. Lánardrottinn geta krafizt allra skýrslna um hag skuldunauts þeirra, er skilanefnd getur látið í té. Þeim er og heimilt að hera fram breytingartillögur við frumvarpið, og skulu þær ræddar og bornar undir atkvæði sérstaklega. Ef þær verða samþykktar, hefur skilanefnd heimild til að taka frumvarpið aftur, ef hún telur þær verulegu máli skipta. Að öðrum kosti ber skilanefnd frumvarpið undir atkvæði lánardrottna, þegar að loknum umræðum og atkvæðagreiðslum um breytingartillögur.

## 9. gr.

Ef frumvarpið hlýtur atkvæði lánardrottna eða umboðsmanna þeirra, er fara með meira en helming samanlagðra upphæða krafna þeirra lánardrottna, sem á fundi eru og samningnum er ætlað að taka til, hefur skilanefnd heimild til að staðfesta það, og bindur það þá lánardrottna, er greitt hafa atkvæði á móti því eða eigi hafa á fund komið. Leysir það þá skuldunaut undan skyldu til að greiða þann hundraðshluta hverrar sammingskröfu, sem undan er skilinn í samningnum, bæði gagnvart lánardrottni sjálfum, ábyrgðarmönnum og öðrum, er annars hefðu átt endurgjaldskröfu á hendur honum fyrir greiðslu skuldarinnar.

## 10. gr.

Þegar eftir að samningur er staðfestur, skal skilanefnd útbúa skjöl varðandi skuldaskil og sjá um, að formlega sé gengið frá öllu því, sem samningurinn kveður á um.

## 11. gr.

Samningurinn haggar eigi heimild lánardrottins til að ganga að tryggingu eða ábyrgð, sem þriðji maður hefur sett fyrir kröfum á hendur skuldunaut.

## 12. gr.

Samningur hefur engin áhrif á þær kröfur, sem hér greinir:

1. Skuldir tryggðar með veði, þó því aðeins, að skuldarupphæð nemi eigi meiru en verðmæti veðsins, að dómi skilanefndar eða sérstakra tveggja matsmanna, tilnefndra af skilanefnd. Ef skuld er hærri en verðmæti veðsins samkvæmt mati þessu, ná samningar til þess hluta skuldarinnar, sem fer fram úr veði veðsins, enda óski veðhafi ekki eftir kaupum á hinni veðsettu eign fyrir að minnsta kosti 15% hærra verð en matsverð.

- 158** 2. Forgangskröfur samkvæmt 8. kap. 83. gr. skiptalaganna, að svo miklu leyti  
16. sept. sem eigur skuldunauts teljast hrökkva fyrir þeim.

## 13. gr.

Frá því skuldunautur hefur óskað aðstoðar skilanefndar og þangað til samningaumleitunum er lokið, má hann ekki selja eignir sínar umfram venjulega afurðasölu og ekki veðsetja þær, nema fyrir nauðsynlegum rekstrarlánnum, og yfirleitt ekki gera neinar þær ráðstafanir, er veruleg áhrif geti haft á efnahag hans. Ef í ljós kemur eftir að samningur hefur verið staðfestur, að skuldunautur hafi brotið ákvæði greinar þessarar, er skilanefnd heimilt að ógilda samning án fyrirvara.

## 14. gr.

Jafnskjótt sem skilanefnd hefur tekið við aðstoðarbeiðni, skal það tilkynnt skiptaráðanda, og er þá hvers konar aðför vegna skulda skuldunauts óheimil á hendur honum og ábyrgðarmönnum hans, þangað til samningaumleitunum er lokið. Eigi verður heldur bú hans tekið til gjaldþrotaskipta þenna tíma. Nú takast eigi samningar og bú skuldunauts er tekið til gjaldþrotaskipta, áður en sex mánuðir eru liðnir frá því er samningaumleitunum lauk, og við skiptin kemur í ljós, að skuldunautur hefur brotið gegn ákvæðum 13. gr., og má þá með málssókn rifta þeim samningum og greiðslum, er ólöglega hafa farið fram samkvæmt reglum gjaldþrotaskiptalaga, enda sé málssókn hafin innan sex vikna frá því er búskipti byrja. Tímabilið frá því er skilanefnd hefur tekið við aðstoðarbeiðni og þangað til samningaumleitunum er lokið, telst ekki með fyrningartíma skuldar, víxilréttar né neinna réltargerða.

## 15. gr.

Ráðherra ákveður, hvenær skuldaskilum samkvæmt lögum þessum skuli lokið.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 100 29. desember 1938, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

*Atvinnudlaráðuneytið, 16. september 1949.*

**Jóhann Þ. Jósefsson.**

*Gunnl. E. Briem.*

**159**

16. sept.

## AUGLÝSING

um bann við útflutningi nokkurra tegunda flatfiskjar, sem flytja skal á

Viðskiptadeild utanríkisráðuneytisins hefur ákveðið, að frá og með deginum í dag eða þar til öðruvísi verður ákveðið, skuli óheimilt að selja í fisktökuskíp eða flytja út með þeim skarkola, þykkvalúru og smálúðu til sölu á erlendum markaði í ísvörðu ástandi.

Brot gegn þessu varðar refsingu samkvæmt lögum nr. 11 frá 12. febrúar 1940, svo og reglugerð, dags. 6. september 1948.

*Utanríkisráðuneytið, viðskiptadeild, 16. september 1949.*

**Gunnlaugur Pétursson.**

*Páll Ásg. Tryggvason.*

## REGLUR

160

26. okt.

### um gerð bjargbelta, bjargvesta, bjarghringa o. fl.

Samkvæmt 34. og 76. gr. laga nr. 68 5. júní 1947, um eftirlit með skipum, eru hér með settar reglur um gerð bjargbelta, bjargvesta og skilyrði fyrir viðurkenningu á þeim.

#### 1. gr.

Bjargbelti og bjargvesti, sem notuð eru á íslenskum skipum, skulu búin til úr því efni og vera af þeirri gerð, sem skipaskoðun ríkisins viðurkennir.

Sérhvert bjargbelti eða bjargvesti skal þannig búið til, að það haldi máttlausum mannlíkama sem næst lóðréttum í vatni, og alltaf heldur í þá áttina að höfuðið hallist aftur á bak.

Beltið verður að fullnægja þessum ákvæðum, hvort heldur það er sett utan um líkamann eða því er smeigt yfir höfuðið.

#### 2. gr.

##### Lýsing á gerð bjargvesta úr korki.

1. Bjargvesti skal, þegar það er tilbúið, vera 125 cm á lengd.
2. Handleggsop skulu vera ferhyrnd, um  $20 \times 20$  cm, en bogamynduð í hornunum.
3. Korkið í hverju hólfi má vera í tveimur helmingum, negldum saman með tré-nöglum. Séu korkstykkinn ekki nægilega stór til að fylla hólfið, má bæta fleiri stykkjum við og negla þau saman á sama hátt.

Brúnirnar á korkinu skulu sléttaðar.

4. Hólf skulu vera það stór, að efnið geti hlaupið þegar það er vott.
5. Bandgöng skulu gerð það rúm, að böndin (sjá 6. gr.) verði léttilega dregin til, þó vestið sé vott.
6. Sé notuð hamplína í böndin, skal vel frá endunum gengið.
7. Bjargvesti skal greinilega merkt með varanlegum stöfum, nafni verksmiðjunnar eða vörumerki. Sú hlið, sem snýr að baki og frá skal merkja „Bak“. Áður en bjargvesti eru seld um borð í skip, skulu þau hafa fengið viðurkenningu skipaskoðunar ríkisins.

#### 3. gr.

##### Lýsing á gerð bjargvesta úr kapoki.

1. Bjargvesti skal, þegar það er tilbúið, vera 125 cm á lengd.
2. Handleggsop skulu vera ferhyrnd,  $18 \times 10$  cm, og bogmynduð í hornunum.
3. Kapokinu, 700 g, skal skipt í 4 púða, og séu tveir á bakinu og tveir að framan. Bakpúðarnir skulu vera 5 cm styttri (upp og niður) en brjóstpúðarnir, sem einnig skulu vera breiðari en bakpúðarnir.
4. Bandop skal haft það rúmt, að bandið (sjá 6. gr.) verði léttilega dregið til, þó vestið sé vott.
5. Bandið skal sauma fast í miðju, svo það dragist ekki úr.
6. Sé notuð hamplína í bandið skal vel frá endum hennar gengið.
7. Bjargvesti úr kapoki skulu merkt á sama hátt og bjargvesti úr korki.

#### 4. gr.

##### Efni og fleytimagn.

Sem tróð í bjargbelti eða bjargvesti má nota kork, kapok eða annað efni, sem viðurkennt er af skipaskoðun ríkisins. Hreindýrshár, sef, korkmylsnu, smákork eða

**160** aðra afganga af nefndum efnunum má ekki nota. Bjargbelti eða bjargvesti blásin út 26. okt. með lofti eru ekki viðurkennd.

*a. Bjargbelti og bjargvesti úr korki.*

Kork, sem notað er, skal vera 1. flokks að gæðum og ekki vega yfir 0,194 kg hver  $\text{dm}^3$  (5,5 kg hvert enskt rúmfet). Korkið verður að vera hreint og í stykkjum, sem ekki eru minni en  $165 \text{ m}^3$  (10 enskir rúmpumlungar). Undanþegin eru þó axlastykki eða önnur slík stykki.

Bjargbelti eða bjargvesti úr korki skulu geta flotið í hreinu vatni með 7,5 kg af járn í 24 klst.

*b. Bjargbelti og bjargvesti úr kapoki.*

Kapok það, sem notað er, skal vera hreint Java-kapok og 1. flokks að gæðum. Í því má ekkert fræ vera eða önnur óhreinindi. Í hverju bjargbelti eða bjargvesti skal vera minnst 0,7 kg (24 oz.) af kapoki, jafnt troðið, og skal það geta flotið með 8 kg af járn í 24 klst.

**5. gr.**

**Dúkur.**

Dúkurinn getur verið úr líni eða bómull, er fullnægi þessum ákvæðum:

1. Líndúkur, sem er 0,685 m á breidd (27 enskir þuml.), má ekki vega minna en 1866 g hver metri (6 oz. pr. yard). Sé dúkurinn breiðari, skal þunginn vera í sama hlutfalli og áður greint. Dúkurinn skal vera nýr og heill, en ekki með gljáa né litarefnum, en má vera hvort sem er bleikjaður eða óbleikjaður.
2. Bómullardúkur verður að vera hreinn, óbleikjaður og ekkert lím má vera í honum eða önnur óviðkomandi efni. Bómullardúkur, sem er 0,685 m á breidd (27 enskir þuml.), má ekki vega minna en 155 g hver metri (5 oz. pr. yard), og hlutfallslega jafnmikið, sé dúkurinn af annarri breidd.
3. Leyft skal að nota íborinn (inpregneret) bómullardúk, sé það gert af framleiðanda sjálfum. Efni svo sem „Antispoil“ og „Cuprinol“ eru viðurkennd og notuð til þessa.

**6. gr.**

**Bönd.**

Böndin, sem notuð eru í beltin eða vestin, skulu ofin úr língarni og vera minnst 3 cm á breidd ( $1\frac{1}{4}$  enskur þuml.). Þeim skal þannig komið fyrir, að fljótt og auðvelt sé að herða á þeim og hnýta. Í stað línbands má nota hamplínu sem er 19 mm í ummál. Böndin skulu fest í beltið eða vestið á þann hátt, að auðvelt sé að skipta um þau.

**7. gr.**

**Saumur.**

Allir saumar skulu vera úr línþræði, sem ekki sé mjórri en nr. 25 (enskt þráðmál). Opin, sem korkinu er stungið inn um, skulu saumuð saman með tvöföldum þræði.

**8. gr.**

**Merking.**

Öll bjargbelti og bjargvesti skulu merkt á greinilegan og varanlegan hátt með nafni verksmiðjunnar eða vörumerki, og áður en þau eru tekin í notkun, viðurkennd af skipaskoðun ríkisins.

Bjargbelti og bjargvesti má ekki mála.

## 9. gr.

160

## Viðurkenning.

26. okt.

Beiðni um viðurkenningu á hjargbeltum og hjargvestum skal senda Skipaskoðun ríkisins og skal henni fylgja fyrirmynd með nákvæmri lýsingu og greinargerð um, hvernig nota skuli.

Fullnægi þau settum reglum, gefur skipaskoðunin út viðurkenningarvottorð. Viðurkenningin er látin í té án endurgjalds, en kostnaður vegna viðurkenningarinnar, ef einhver er, greiðist af beiðanda.

Þegar viðurkenning er fengin, hvílir sú skylda á framleiðanda að láta skipaskoðun ríkisins í té leiðbeiningar til skipaskoðunarmanna með mynd og lýsingu á því, hvernig á að setja hjargbeltið eða vestið á sig, og sams konar leiðbeiningar skulu látnar af hendi til þeirra, er kaupa hjargbelti eða vesti.

## 10. gr.

## Bjarghringar.

Bjarghringar skulu gerðir úr heilu korki eða korkstykkjum, trénegldum og vel felldum saman, eða öðru efni, sem skipaskoðun ríkisins viðurkennir. Hreindýrahár, sef, kapok, korkspæni eða korkmylsnu má ekki nota, og heldur ekki hjarghringa, sem blásnir eru upp með lofti.

Bjarghringur skal geta flotíð í hreinu vatni í 24 klst. með 14,5 kg af jární. Utan um korkið skal saumaður strigi, vel málaður og með kaðalumgerð. Innanmál hringsins skal vera minnst 45 cm (18 enskir þuml.). Bjarghringar skulu málaðir rauðir og hvítir í fjórum reitum, hvítum og rauðum til skiptis. Á þá skal einnig mála nafn skipsins og heimilisfang, eða sé það fiskiskip, nafn skipsins, umdæmisbókstafi og tölur.

## 11. gr.

Brot gegn reglum þessum varða sektum.

## 12. gr.

Reglur þessar öðlast þegar gildi.

*Samgöngumálaráðuneytið, 26. október 1949.*

**Emil Jónsson.**

*Páll Pálmason.*

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Blóma- og trjáræktarsjóð Súgfirð- 161  
inga“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 21. sept. 1949. 21. sept.  
Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Blóma- og trjáræktarsjóð Súgfirðinga.

## 1. gr.

Sjóðurinn heitir: Blóma- og trjáræktarsjóður Súgfirðinga.

## 2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður með 1000 — eitt þúsund — króna gjöf frá Þórði Þórðarsyni og Sigríði Einarsdóttur á 50 ára hjúskaparafmæli, til minningar um Sigríði Ástu dóttur þeirra, er lézt 2. des. 1946.



161

21. sept.

Tekjur sjóðsins eru gjafir og áheit, enn fremur sala minningarkorta o. fl., er sjóðstjórnin ákveður.

3. gr.

4. gr.

Sjóðurinn er eign kvenfélagsins Ársól og skipa stjórn hans þrjár konur, kosnar á aðalfundi félagsins ár hvert.

5. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða. Skal sjóðurinn ávaxtast þar til hann er orðinn 5 þús. krónur og má þá veita úr honum allt að helmingi af árstekjum sjóðsins. Þegar sjóðurinn er orðinn 10 þúsund krónur, má verja allt að  $\frac{3}{4}$  árstekna samkvæmt tilgangi sjóðsins.

6. gr.

Tilgangur sjóðsins er að verðlauna fyrir góða hirðingu blóma- og trjagarða við íbúðarhús í Suðureyrarhreppi, og skal jafnframt taka tillit til snyrtingar og útlits húsanna sjálfra.

7. gr.

Stjórn sjóðsins hefur á hendi umsjón hans og geymir eignaskilríki og önnur skjöl. Skal hún halda gerðabók um ákvarðanir til fjáröflunar og úthlutunar úr sjóðnum, er til kemur, og semja ársreikning. Ársreikning sjóðsins skal árlega birta með efnahagsreikningi kvenfélagsins Ársól.

8. gr.

Sjóðurinn skal fyrst um sinn ávaxtast í Sparisjóði Súgfirðinga, en stjórn sjóðsins skal skylt að flytja hann í Landsbanka Íslands að nokkru leyti eða öllu, ef hún telur það tryggara.

9. gr.

Leita skal staðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Þannig samþykkt á fundi kvenfélagsins Ársól 7. nóv. 1948.

Helga G. Þórðardóttir. Kristey Hallbjörnsdóttir. Svava Valdimarsdóttir.  
Þuríður Kristjánsdóttir. Ágústa Þórðardóttir.

162

23. sept.

## REGLUGERÐ

### um þjóðleikhús.

1. gr.

#### Verkefni.

Í þjóðleikhúsinu skal iðka leiklist og þær listgreinar aðrar, sem leiksviði eru tengdar. Starfsemi þessa skal leikhúsið rækja þannig, að hún verði íslenzkri menningu sem öflugust stoð.

Aðalhlutverk þjóðleikhússins skal vera:

1. að flytja íslenzka og erlenda sjónleiki og enn fremur söngleiki og leikdansa, eftir því sem við verður komið;
2. að vera til fyrirmyndar um meðferð íslenzkrar tungu;
3. að halda skóla til eflingar íslenzkri leikmennt.

Þjóðleikhúsið skal flytja leikrit í ríkisútvarpið, sjónleiki utan Reykjavíkur og vinna að eflingu leiklistar hvarvetna á landinu, eftir því sem við verður komið. 162  
23. sept.

## 2. gr.

### Stjórn.

Þjóðleikhússtjóri og þjóðleikhúsráð stjórna leikhúsinu undir yfirstjórn menntamálaráðuneytisins. Menntamálaráðherra ræður þjóðleikhússtjóra. Í þjóðleikhúsráði eiga fimm menn sæti, skipaðir af menntamálaráðherra. Fjórir skulu skipaðir samkvæmt tillögum fjögurra fjölmennustu stjórnmalaflokka á Alþingi, en einn samkvæmt tillögu félags íslenskra leikara. Ráðherra skipar einn þeirra formann ráðsins. Þjóðleikhúsráð skal vera ólaunað.

## 3. gr.

### Þjóðleikhúsráð.

Hlutverk þjóðleikhúsráðs er að hafa eftirlit með starfsemi og rekstri leikhússins. Leita skal tillagna þjóðleikhúsráðs um allar meiri háttar ákvarðanir, er stofnunina varða, t. d. fjárhagsáætlun leikhússins, fjölda fastráðinna leikara, verð aðgöngumiða, og þau málefni, er formaður ráðsins eða þjóðleikhússtjóri æskja að það fjalli um.

Þjóðleikhúsráð heldur fundi eigi sjaldnar en mánaðarlega þann tíma, sem leikhúsið starfar, og auk þess þegar þjóðleikhússtjóri, formaður eða meiri hluti ráðsins æskir. Formaður kveður þjóðleikhúsráð til funda og stýrir þeim. Þjóðleikhússtjóri á sæti á fundum ráðsins og hefur þar málfrelsi og tillögurétt, en eigi atkvæðisrétt.

Halda skal nákvæma gerðabók um störf þjóðleikhúsráðs.

## 4. gr.

### Þjóðleikhússtjóri.

Þjóðleikhússtjóri stjórnar öllum rekstri þjóðleikhússins. Hann ræður leikara og aðra starfsmenn, nema skrifstofustjóra, enda hafi menntamálaráðuneytið og þjóðleikhúsráð samþykkt fjölda starfsmanna og ráðningarkjör.

Þjóðleikhússtjóri ákveður í samráði við bókmenntaráðunaut hvaða leikrit skuli sýnd. Þjóðleikhússtjóri ræður, hver vera skuli leikstjóri hvers leikrits og segir fyrir um í samráði við leikstjóra, hversu hlutverkum skuli skipt milli leikara.

Leiktímabilið ber þjóðleikhússtjóra að vera til viðtals á ákveðnum tíma, sem tilgreindur sé við skrifstofu hans, enda sé hann eigi fjarverandi úr bænum í erindum leikhússins eða forfallaður á annan hátt.

## 5. gr.

### Skrifstofustjóri.

Menntamálaráðherra ræður skrifstofustjóra þjóðleikhússins. Hann skal vera þjóðleikhússtjóra til aðstoðar við rekstur leikhússins og vinna þau störf, er þjóðleikhússtjóri felur honum.

## 6. gr.

### Bókmenntaráðunautur.

Bókmenntaráðunautur þjóðleikhússins annast gagnrýni og könnun leikrita og annars bókmenntaefnis og gerir tillögur um val leikrita. Honum ber að kynna sér eftir föngum íslensk og erlend leikrit, lesa ný leikrit, sem leikhúsinu berast, sbr. 30. gr., og segja álit sitt á þeim eins fljótt og unnt er og eigi síðar en fjórum mánuðum

162 eftir að þau berast, nema sérstök atvik hamli. Bókmenntaráðunautur skal veita 23. sept. skriflega umsögn um leikrit, ef þjóðleikhússtjóri æskir.

#### 7. gr.

##### Leikstjórar.

Leikstjóri gerir tillögur til þjóðleikhússtjóra um skipting hlutverka milli leikara. Jafnframt gerir hann tillögur um leiktjöld, búninga, húsgögn og annað, er varðar leiksýningu og hefur um það samráð við leiktjaldamálara og leiksviðsstjóra. Leikstjóri stjórnar öllum æfingum leiksins og ber höfuðábyrgð á búningi og flutningi leikritsins. Jafnframt leiðbeinir hann leikendum um meðferð hlutverka. Loks ber honum að halda uppi aga á leiksviði í sambandi við leikæfingar. Leikstjóri gætir þess, ásamt leiksviðsstjóra, að fullrar stundvísi sé gætt við leikæfingar og leiksýningar.

#### 8. gr.

##### Leiksviðsstjóri.

Leiksviðsstjóri er leikstjóra til aðstoðar við undirbúning leiksýninga og æfinga, gerir tillögur um leiktjöld, búninga og húsgögn og leggja þeir tillögur sínar fyrir þjóðleikhússtjóra.

Leiksviðsstjóri heldur skrá um alla hluti, sem við koma leiksviðinu, hefur þá í sinni vörzlu og gætir þess, að þeir séu til reiðu, þegar á þarf að halda. Hann semur skrá um allt, er þarf til sýninga á hverju leikriti, tilgreinir hvað þurfi að kaupa og gerir um það kostnaðaráætlun. Hann heldur dagbók um æfingar, skrásetur fjarveru leikara og starfsmanna leiksviðsins og tilgreinir fjarvistarástæður. Sé leikari fjarverandi sakir veikinda, ber að tilkynna það leiksviðsstjóra. Þjóðleikhússtjóri getur krafizt læknisvottorðs af leikara eða starfsmanni, sem er fjarverandi sakir veikinda, svo og að hann sé skoðaður af lækni leikhússins.

Leiksviðsstjóri afhendir eintök hlutverka til leikara og hvíslara og tekur við þeim aftur að lokinni notkun. Kvitta skal fyrir viðtöku hlutverkanna. Þá hefur hann yfirstjórn á öllu tæknilegu starfi á leiksviðinu og umsjón með leikfatnaði og leiksviðsmunum.

#### 9. gr.

##### Leiktjaldamálari.

Leiktjaldamálari gerir í samráði við leikstjóra uppdrætti og tillögur um leiktjöld og malar þau. Þá gerir hann einnig í samráði við leikstjóra tillögu um búninga, húsgögn og annan búnað á leiksviðinu, og gerir líkón af því, ef þurfa þykir.

#### 10. gr.

##### Ljósameistari.

Ljósameistari stjórnar leiksviðslýsingu allri í samráði við leikstjóra og leiksviðsstjóra. Skal hann jafnan vera viðstaddur leiksýningar og einnig leikæfingar, þegar leikstjóri æskir. Hann hefur umsjón með öllum ljósatækjum hússins og lýsingu.

#### 11. gr.

##### Aðrir starfsmenn.

Um verksvið og skyldur annarra starfsmanna en tilgreindir eru í reglugerð þessari, fer eftir ráðningarsamningi við þá.

## 12. gr.

162

**Leikritaval.**

23. sept.

Þjóðleikhússtjóri ákveður í samráði við bókmenntaráðunaut, hvaða leikrit skuli flutt í þjóðleikhúsinu. Val leikrita skal einnig rætt í leikritanefnd, er í eiga sæti þjóðleikhússtjóri, einn fulltrúi valinn af þjóðleikhúsráði og annar valinn af fastráðnum leikurum. Skulu hinir tveir síðarnefndu kjörnir til tveggja ára í senn.

## 13. gr.

**Ráðning leikara.**

Þjóðleikhússtjóri ræður leikara og gerir við þá ráðningarsamning, sbr. 4. gr. Leikarar skulu ráðnir til eins árs í senn eða til lengri tíma, allt að fimm árum, eða í einstök hlutverk. Leikár telst frá 1. júlí til 30. júní. Ráðningarsamningar miðast við leikár eða frá þeim tíma, er þeir ganga í gildi og til loka leikársins, nema um ráðningu í einstök hlutverk sé að ræða. Hvor aðili, þjóðleikhússtjóri og fastráðinn leikari, getur sagt upp samningi, enda sé það gert eigi síðar en þrem mánuðum áður en ráðningartíminn er útrunninn. Ef hvorugur aðili segir upp samningi fyrir tilgreindan tíma, framlengist hann óbreyttur um jafnlangan tíma og hann gildi áður.

## 14. gr.

**Launakjör og leyfi leikara.**

Laun fastráðinni leikara og annarra fastráðinna starfsmanna skulu ákveðin í launalögum, en þangað til það verður gert skulu þau ákveðin af menntamálaráðherra með hliðsjón af ákvæðum launalaga. Laun greiðast fyrirfram mánaðarlega Laun þeirra leikara, sem ráðnir eru í einstök hlutverk, greiðast eftir á. Fastráðnir leikarar njóta tveggja mánaða sumarleyfis árlega á því tímabili, er þjóðleikhúsið starfar ekki.

## 15. gr.

**Fjöldi leiksýninga.**

Leiki fastráðinn leikari oftast en 150 sinnum á leikári á vegum þjóðleikhússins, ber honum sérstök greiðsla fyrir þær leiksýningar, sem umfram eru. Leikara er skylt að mæta til æfinga allt að fjóra tíma hvern virkan dag, en lengur fjórar síðustu æfingarnar, ef leikstjóri æskir.

## 16. gr.

**Eftirlaun.**

Starfsmenn þjóðleikhússins, sem ráðnir eru til minnst eins árs eða með þriggja mánaða uppsagnarfresti, skulu greiða iðgjöld til lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og njóta þar sömu réttinda og aðrir starfsmenn ríkisins.

Þeir af fastráðnum starfsmönnum þjóðleikhússins, sem áður hafa unnið hliðstæð störf í þágu íslenzkrar leiklistar, skulu einnig eiga kost á að njóta eftirlaunaréttar fyrir þann starfstíma. Ráðherra ákveður réttindatíma hvers og eins, að fengnum upplýsingum og tillögum félags íslenzkra leikara.

## 17. gr.

**Heiðurssýningar.**

Þjóðleikhúsið getur, ef þjóðleikhússtjóri og þjóðleikhúsráð samþykkja, efnt til sérstakra sýninga til heiðurs framúrskarandi listamönnum, er lengi hafa starfað við leikhúsið, enda njóti þeir teknanna af þeim sýningum.

## 18. gr.

**Fatnaður leikara.**

Þjóðleikhúsið leggur til þá leikbúninga, sem frábrugðnir eru hversdagsfatnaði eða samkvæmisfötum, en slíkan fatnað leggur leikari sér til sjálfur. Ef leikari reynist hafa óvenjuleg útgjöld vegna fatnaðar til notkunar á leiksviði, tekur leikhúsið þátt í slíkum kostnaði, eftir mati þjóðleikhússtjóra.

## 19. gr.

**Tilkynningar.**

Leiksýningar og æfingar skulu auglýstar á þeim stað í leikhúsinu, sem leikarar og aðrir starfsmenn, er þær varða, eiga auðveldan aðgang að. Ef breyting er gerð á leiksýningu eða æfingu sama daginn og hún á að fara fram, ber að tilkynna leikendum það sérstaklega.

## 20. gr.

**Skipting hlutverka.**

Leikara er skylt að leika hlutverk sitt í hvaða leikriti sem er, án sérstakrar æfingar, ef hann hefur leikið það einhvern tíma síðasta mánuðinn.

Einnig er leikara skylt að leika hvert það hlutverk, sem þjóðleikhússtjóri ákveður. Telji leikari sér hins vegar ekki fært að taka að sér hlutverk, sem honum hefur verið úthlutað og færir þau rök fyrir, sem þjóðleikhússtjóri og leikstjóri taka gild, má veita honum undanþágu frá því, fari hann fram á það eigi síðar en í lok fyrstu samlestraræfingar. Krefjast má skriflegrar greinargerðar frá leikara, þar sem hann tilgreinir ástæður fyrir því, að hann neitar eða biðst undan að leika hlutverkið.

## 21. gr.

**Fjarvist úr bænum.**

Enginn fastráðinn leikari við þjóðleikhúsið má, án samþykkis þjóðleikhússtjóra, fara burt úr bænum á ráðningartímabilinu, nema í sumarleyfi eða hann njóti sérstaks leyfis frá störfum, enda tilkynni hann þjóðleikhússtjóra dvalarstað sinn.

## 22. gr.

**Veikindaforföll.**

Veikindaforföll ber hverjum fastráðnum starfsmanni við þjóðleikhúsið án tafar að tilkynna skrifstofu þess. Þjóðleikhússtjóri eða starfsmaður sá, er hann hefur talið umsjá slíkra mála, getur krafizt vottorðs frá lækni þjóðleikhússins.

## 23. gr.

**Trúnaðarmál leikhússins.**

Óheimilt er leikurum og öðrum starfsmönnum að skýra frá trúnaðarmálum leikhússins, svo sem fyrirhuguðum leiksýningum, skipting hlutverka eða öðru, er leikhúsið varðar. Ekki er leikara við þjóðleikhúsið heimilt að koma fram sem leikdómara á opinberum vettvangi.

Starfsmönnum þjóðleikhússins ber að sýna þjóðleikhúsinu fulla trúmennsku. Þjóðleikhússtjóri lætur fréttastofnunum í té upplýsingar varðandi leikhúsið, eftir því sem hann telur við eiga.

## 24. gr.

**Uppsögn vegna óviðráðanlegra atvika.**

Verði þjóðleikhúsið að hætta störfum af óviðráðanlegum ástæðum, svo sem vegna bruna, styrjaldar, eða annarra óviðráðanlegra atvika, getur þjóðleikhússtjóri,

að fengnu samþykki Þjóðleikhúsráðs og menntamálaráðuneytis, sagt öllum leikurum og öðrum starfsmönnum upp starfi með þriggja mánaða fyrirvara. **162**

23. sept.

## 25. gr.

**Gestasýningar.**

Þjóðleikhússtjóra er heimilt að ráða innlenda og erlenda leikstjóra eða leikara sem gesti í einstök hlutverk, þegar hann telur þess þörf eða æskilegt, og er leikurum þjóðleikhússins skylt að leika með þeim eins og öðrum leikurum leikhússins. Á sama hátt er leikurum skylt að leika undir stjórn leikstjóra, sem ráðinn er sem gestur til leikstjórnar. Einnig er þjóðleikhússtjóra heimilt að ráða heila leikflokka sem gesti til þess að flytja leikrit, söngleiki eða leikdansa í þjóðleikhúsinu.

## 26. gr.

**Leikferðir.**

Leikurum þjóðleikhússins er skylt, án sérstaks endurgjalds, að leika utan þjóðleikhússins í leikferðum, er þjóðleikhúsið efnir til innan lands eða utan, þó eigi lengur en fjórar vikur á ári, nema sérstaklega sé um samið. Þjóðleikhúsið ber allan kostnað af ferðum þessum.

## 27. gr.

**Leikstörf fyrir aðra.**

Enginn fastráðinn leikari eða annar starfsmaður má á leiktímabilinu taka að sér leikstörf fyrir aðra en þjóðleikhúsið, leikstjórn eða önnur störf, sem tengd eru leiksviði, án samþykkis þjóðleikhússtjóra. Gildir þetta ákvæði hvort sem um er að ræða sýningar, sem auglýstar eru í ágóðaskyni eða góðgerðastarfsemi, og hvort sem listamaðurinn fær greitt fyrir starf sitt eða eigi. Einnig er fastráðnum leikara óheimilt, nema með leyfi þjóðleikhússtjóra, að leika í kvikmynd á því tímabili, sem leikhúsið starfar.

## 28. gr.

**Brot gegn reglugerðinni.**

Þjóðleikhússtjóri getur á hvaða tíma leikárs sem er vikið frá starfi með styttri fyrirvara en um getur í 14. gr., hverjum þeim leikara eða öðrum starfsmanni þjóðleikhússins, er hann hefur ráðið, og sekur gerist um brot á reglugerð þessari. Sé um ítrekað brot að ræða eða stórfellt, má vikja honum fyrirvaralaust.

## 29. gr.

**Leikskóli.**

Þjóðleikhúsið rekur leikskóla samkvæmt sérstakri reglugerð. Þjóðleikhússtjóri ræður kennara og annað starfslíð hans.

## 30. gr.

**Handrit leikrita.**

Rithöfundur, sem æskir að fá leikrit flutt í þjóðleikhúsinu, sendi um það beiðni ásamt leikritinu vélrituðu eða prentuðu. Ber þjóðleikhússtjóra, eftir að hann hefur borið það undir bókmenntaráðunaut leikhússins, að veita ákveðið svar um, hvort leikritið verður tekið til flutnings eða ekki, áður en sex mánuðir eru liðnir frá því að honum barst handritið.

## 31. gr.

**Samstarf við ríkisútvarpið.**

Náið samstarf skal vera milli þjóðleikhússins og ríkisútvarpsins. Þjóðleikhúsið lætur ríkisútvarpinu í té leikrit til flutnings, eftir því sem samkomulag verður um milli þjóðleikhússtjóra og útvarpsráðs. Starfsmönnum þjóðleikhússins ber ekki sérstök þóknun fyrir slíkan flutning.

## 32. gr.

**Notkun hússins til annars en leiksýninga.**

Þegar leikhúsið er ekki notað til leiksýninga, má nota það til hljómleikahalds og kvikmyndasýninga.

## 33. gr.

**Reikningsskil.**

Þjóðleikhússtjóri lætur gera rekstrar- og efnahagsreikninga þjóðleikhússins, er sýni ljóslega fjárhag stofnunarinnar og einstakra starfsgreina.

Reikningana, ásamt fylgiskjölum, skal senda aðalendurskoðanda ríkisins til endurskoðunar. Samrit reikninganna skal samtímis senda menntamálaráðuneytinu.

## 34. gr.

**Rekstrarsjóður.**

Verði tekjuafgangur af rekstri þjóðleikhússins, skal hann lagður í rekstrarsjóð þess. Verði rekstrarhalli, skal hann greiddur úr rekstrarsjóði þjóðleikhússins. Með rekstrarkostnaði leikhússins telst allur kostnaður við þjóðleikhúsbygginguna, eftir að hún er fullgerð. — Ríkissjóður ber ekki ábyrgð á skuldbindingum þjóðleikhússins, og þjóðleikhúsbyggingin stendur ekki til tryggingar skuldbindingum þess.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 13. gr. laga nr. 86 5. júní 1947, um þjóðleikhús, öðlast þegar gildi.

*Í menntamálaráðuneytinu, 23. september 1949.*

**Eysteinn Jónsson.**

*Birgir Thorlacius.*

**G J A L D S K R Á****fyrir Rafveitu Hafnarfjarðar.****I. RAFORKA**

Rafveita Hafnarfjarðar selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

**A. Lýsing.**

1. Um kwst.mæli á kr. 1.00 hver kwst.
2. Um kwst.mæli á 35 auru hver kwst., auk fastagjalds, er nemi kr. 5.00 á ári af hverjum fermetra gólfflatar, er lýsa skal. Þar, sem gólfpletir eru tiltölulega stórir, miðað við ljósmagn, er heimilt að veita afslátt á fastagjaldi samkvæmt reglum, er rafveitustjóri setur. Minnsta fastagjald skal þó vera kr. 125.00 á ári.

**B. Almenn heimilisnotkun.**

163

Um einn kwst.mæli fyrir alla notkun á heimilinu á 20 aura hver kwst., og auk þess fastagjald, kr. 30.00 á ári fyrir hvert herbergi, sem ætlað er til íbúðar, og eldhús, en ekki ganga, baðherbergi eða geymslur. Heimilt er að miða fastagjald við gólfflöt, og skal þá greiða kr. 3.60 af hverjum fernetra.

27. sept.

**C. Vélanotkun.**

1. Um einn kwst.mæli, þannig:

Fyrir fyrstu	1000 kwst.	ársnotkun	70	aurar	hver	kwst.
— næstu	2000	—	—	60	—	—
— þar næstu	4000	—	—	50	—	—
— — —	8000	—	—	40	—	—
— — —	15000	—	—	30	—	—
— umfram	30000	—	—	20	—	—

2. Um mæla, þannig reiknað:

160 kr. árskw.	fyrir fyrstu	50 kw.
130 — —	— næstu	50 —
100 — —	— umfram	100 —

Auk þess greiðist kwst.gjald, er reiknast þannig, miðað við eitt ár:

Fyrstu	200000 kwst.	á 7 aura	hver kwst.
Umfram	200000	— - 6	— — —

**D. Hitun.**

1. Til upphitunar húsa, enda sé rafmagnsupphitun aðalupphitun hússins, um sér-mæli fyrir hitalögnina:

a. Á 20 aura hver kwst.

b. Á 12 aura hver kwst., enda megi þá rjúfa strauminn í eina klst. um hádegið.

c. Á 10 aura hver kwst., enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag, á tímum mesta álags rafveitunnar, um hádegið og síðdegis, en þó eigi lengur en eina og hálf klst. í senn.

d. Á 5 aura hver kwst. næturnotkunar, er fer fram frá kl. 22 til kl. 8, enda sé notuð eingöngu, eða því nær eingöngu, næturrafmagn til upphitunar hússins.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til húshitunar:

1. Að vélaafl, götulínur og spennar þoli álagið, að dómi rafveitustjóra.

2. Að notandi kosti tengingu klukkurofa og greiði leigu fyrir hann samkvæmt reglum, sem gilda fyrir leigu mæla.

3. Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir með sérstökum rofum og hitastillar notaðir.

2. Til hitunar í handiðn, iðnaði eða atvinnurekstri um tviðgjaldsmæli, á 8 aura hver kwst. frá kl. 22 til kl. 8 og á 40 aura hver kwst. frá kl. 8 til 22.

**E. Önnur notkun.**

1. Rafveitustjórn er heimilt að veita afslátt frá framangreindum verðlagsákvæðum á liðum A og D á orku, sem notuð er á sumrin, ef um töluverða aukningu frá vetrarnotkun er að ræða, eða ef orkan er eingöngu notuð á sumrin.

2. Til nota við vinnulagnir við byggingar, meðan á byggingu stendur, um kwst.-mæli á 70 aura hver kwst.



- 163**  
27. sept.
3. Gjöld fyrir götu- og hafnarlýsingu ákveður bæjarstjórn eftir tillögu rafveitustjórnar.
  4. Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitustjóri selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert skipti, þó eigi lengur en til eins árs í senn, nema til komi samþykki rafveitustjórnar.

## II. MÆLALEIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir veitu hverri. Heimilt er að taka leigu fyrir mælitæki, er nemur allt að 20% af meðalverði hvernar tegundar.

## III. HEIMTAUGARGJALD

Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveituna, skal greiða heimtaugargjald, er miðast við brunabótamat á húsum og mannvirkjum á þann hátt, sem hér segir: Fyrir jarðlínuheimtaug:

Grunngjald kr. 600.00 og auk þess  
0.8% af brunabótamati upp að 200 þúsund kr.  
og 0.2% af brunabótamati umfram 200 þúsund kr.

Fyrir loftlínuheimtaug:

greiðist 70% af heimtaugargjaldi fyrir jarðlínuheimtaug.

Þar, sem brunabótamat er gamalt, skal heimtaugargjaldið miðað við umreiknað brunabótamat, eftir vísitölu byggingarkostnaðar, er Hagstofa Íslands reiknar út.

Sé lengd jarðlínuheimtaugar meiri en 15 m, loftlínuheimtaugar meiri en 40 m og/eða gildleiki víra meiri en  $3 \times 70$  qmm., skal húseigandi kosta það, sem þar er fram yfir. Standi sérstaklega á, eða séu óvenjulegir örðugleikar við lagningu heimtaugar, má krefjast sérstaks endurgjalds af húseiganda, en gera skal honum aðvart um það fyrir fram.

Ef lagðar eru fleiri en ein heimtaug að húsinu, skal greiða allan kostnað við síðari heimtaugar eftir reikningi.

Heimtaugargjald fellur í gjalddaga þegar er lokið er lagningu heimtaugar.

## IV. OPNUNARGJALD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun, 20 krónur.
2. Ef fundin eru við skoðun óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún eigi opnuð aftur fyrr en notandi hefur greitt 20 krónu gjald á skrifstofu rafveitunnar.

Bæjarstjórn er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í gjaldskrá þessari, um allt að 10%, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda sé breytingin auglýst í Lögbirtingablaðinu áður en til hennar kemur.

Gjaldskrá þessi, sem bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. janúar 1923, og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir rafveitu Hafnarfjarðar, nr. 47 28. febrúar 1947, ásamt síðari breytingum á henni.

163  
27. sept.

*Atvinnumálaráðuneytið, 27. september 1949.*

**Bjarni Ásgeirsson.**

*Þorv. K. Þorsteinsson.*

## REGLUGERÐ

164  
7. okt.

### um barnavernd í Húsavík.

#### 1. gr.

Í umdæmi barnaverndarnefndar Húsavíkur er bannað að selja börnum og ungl-  
ingum innan 16 ára aldurs tóbak, gefa þeim það, eða stuðla að því að þau neyti þess.

#### 2. gr.

Bannað er að selja börnum spýtubrjóstsykur og aðrar þær sælgætisvörur, sem  
að dómi héraðslæknis og barnaverndarnefndar geta talizt óhollar börnum og ungl-  
ingum.

#### 3. gr.

Engar leiksýningar, kvikmyndasýningar eða aðrar opinberar skemmtanir, sem  
börnum og ungl-  
ingum er ætlaður aðgangur að, má halda, nema barnaverndarnefnd  
hafi verið gefinn kostur á að kynnast efni þeirra, og ákveður hún þá, að því athug-  
uðu, hvort börnum og ungl-  
ingum skuli leyfður aðgangur að þeim.

#### 4. gr.

Börnum á barnaskólaaldri er bannað að vera á almannafæri eftir klukkan 21,  
og ungl-  
ingum innan 16 ára eftir klukkan 22, á tímabilinu frá 1. sept. til 30. apríl,  
nema í fylgd með aðstandendum eða af atvinnuástæðum.

Foreldrum eða aðstandendum barnanna ber að sjá um, að ákvæðum þessum  
sé framfylgt.

#### 5. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum og skal farið með mál þeirra vegna  
eins og fyrir segir í barnaverndarlögunum.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt 2. gr. laga nr. 76 frá 19. júní 1933,  
um breyting á lögum nr. 43 frá 1932, um barnavernd, til þess að öðlast þegar gildi,  
og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Dómsmálaráðuneytið, 7. október 1949.*

F. h. r.

**Gústav A. Jónasson.**

*Ragnar Bjarkan.*

165

7. okt.

**AUGLÝSING**

um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Hrísey, nr. 146 30. október 1948.

1. gr.

Við 21. gr. b. bætist nýr flokkur, sem orðist svo:

13. flokkur. Gjald 80 aurar fyrir hver 100 kg: Hraðfrystur fiskur.

2. gr.

22. gr. hafnarreglugerðarinnar orðist svo:

Skip og bátar, sem leggja afla sinn á land í Hríseyjarhöfn eða umhlaða honum á hafnarsvæðinu, skulu greiða gjald af afla, miðað við brúttó söluverð, þannig:

Af þorskveiðum 1%.

Af síldveiðum  $\frac{1}{3}$ %.

3. gr.

Nýr liður bætist við hafnarreglugerðina, er orðist svo:

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Meðan ekki er öðruvísi ákveðið og brún þörf er á vegna kostnaðarsamra umhöta á höfninni, er heimilt að innheimta öll gjöld, sem ákveðin eru í reglugerð þessari, með allt að 50% álagi. Heimild þessi nær þó ekki til hækkunar gjalds á hraðfrystum fiski í 13. flokki, sbr. 1. gr. hér að framan.

4. gr.

Breyting þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerðarbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgöngumálaráðuneytið, 7. október 1949.*

**Emil Jónsson.**

*Páll Pálmason.*

166

7. okt.

**FLOKKUNARREGLUR**

og skrá yfir fasteignaiðgjöld fyrir Brunabótafélag Íslands.

**FASTEIGNAIÐGJÖLD****I. KAFLI****Almennar reglur um ákvörðun iðgjalda.**

1. gr.

Reglur þessar gilda um hvers konar byggingar. Öll iðgjöld eru reiknuð af váttryggingarverði eða því verðmæti, sem upp hefur verið gefið, ef ekki er váttryggt samkvæmt virðingu.

2. gr.

Iðgjöldin eru fyrir váttryggingu í eitt ár, og greiðast þau fyrir fram.

Sé um váttryggingu fyrir styttri tíma að ræða, reiknast  $\frac{1}{2}$  hluti ársiðgjalds fyrir

hvern mánuð eða brot úr mánuði,  $\frac{1}{3}$  eða meira telst heill mánuður, en minna broti er sleppt.

Ef breytingar verða á váttryggingum, sem valda breytingu á iðgjöldum, reiknast hin breyttu iðgjöld hlutfallslega til loka váttryggingarársins.

166  
7. okt.

### Smitunarákvæði.

#### 3. gr.

Ef í húsi er rekin atvinna eða iðnaður eða þar eru birgðir eða annað, sem gerir það að verkum, að reikna verður hærra iðgjald en lágmarksíðgjaldið, skal iðgjaldslækkunin gilda jafnt um alla bygginguna.

Sama gildir um sambyggð timburhús, nema fullkominn eldtraustur veggur sé á milli þeirra.

Eldtraustur veggur telst vera 20 cm þykkur steinsteypuveggur eða 30 cm þykkur steinveggur, sem nær minnst 30 cm upp fyrir húspökina.

Veggur með gáttum eða dyrum telst ekki eldtraustur, nema í þeim séu eldtraustar hurðir og hlerar (sbr. 9. gr.).

### Sérstakir skildagar.

#### 4. gr.

Það er skilyrði fyrir gildi váttrygginga með því iðgjaldi, sem ákveðið er í iðgjaldaskránni, að váttryggjandi afhendi skriflega yfirlýsingu (eftir því sem við á), um að eftirtöldum skilyrðum sé fullnægt. Að öðrum kosti er iðgjaldið minnst  $\frac{1}{2}\%$  hærra á öllum flokkum.

#### 1. Húsaskildagi.

*Eldstæði og reykháfar* séu gerðir eftir lögum um brunamál, eins og þau eru á hverjum tíma, og reglugerðum, sem á þeim eru byggðar. Þó er ekki krafizt breytinga, er ný lög og reglugerð er sett, á eldstæðum og reykháfum, sem fullnægt hafa ákvæðum fyrri laga og reglugerða.

#### a. Eldstæði, sem brenna föstu eldsneyti.

*Eldstæði* skulu vera ógölluð. Þau mega ekki standa nær timbri eða viðarlíki en svo, að minnst 23 cm séu á milli. Gólf undir þeim sé lagt málmlötu eða öðru eldtraustu efni, er taki minnst 30 cm fram fyrir þau og 23 cm til hliða. Á verkstæðum skal gólf þakið eldtraustu efni minnst 50 cm að framan og til hliða; 50 cm djúpan málmkassa, viðfestan eldstæðið, skal hafa framan við það.

*Opin eldstæði* (kamínur) má ekki hafa í timburhúsum, nema slökkviliðsstjóri hafi samþykkt umbúnað þeirra, enda sé það ekki í sambandi við reykháf frá öðrum eldstæðum.

*Miðstöðvarkattlar* með hitaflöt stærri en 2 ferm. skulu vera í sérstökum herbergjum, múruðum eða múrhúðuðum í hól og gólf. Eldnæma hluti má ekki geyma nær miðstöðvarkötum eða reykleiðslum frá þeim en í 50 cm fjarlægð.

Hitunar- og eldunartæki, sem orðið geta heitari en 100° C, séu minnst 23 cm frá timbri eða viðarlíki, hvernig sem þau eru hituð.

*Lofthitunarfarnar* séu um gerð og frágang settir í samráði við brunamálaeftirlitið og slökkviliðsstjóra.

*Reykháfar* standi á eldtraustum grunni, séu úr eldtraustu efni, mega ekki hallast meir en 15° og ekki þó yfir stiga, skulu vera ferstrendir að jafnaði, veggþykktin minnst 12 cm og kragar gegnum timburgólf og þök minnst 23 cm. Innanmál sé 23 cm á hvern veg; hæð upp úr húsmæni minnst 65 cm eða lárétt fjarlægð frá reykopi til þakflatar minnst 3 m. Reykháfa má ekki þilja né klæða pappa eða

166 striga; mega ekki liggja að fataskáp. Um pípuskeyti við reykháf skal vera múraður  
7. okt. járnhringur og örygg samfesting.

Reykháfar í verksmiðjum skulu gerðir eftir fyrirmælum í byggingarsamþykktum.

Sótop skulu vera nægilega mörg, minnst tvö,  $23 \times 23$  cm við, lokuð með járnhurð í járnurmerð.

Reykpípur frá eldstæðum í reykháf skulu vera minnst 10 cm viðar, steyptar eða úr járni, lagðar stytztu leið á sömu hæð. Fjarlægð timburs eða viðarlíkis frá reykopi sé minnst 23 cm. Lengd reykpípu úr járni má vera mest 3 m.

#### b. Oliuhitunartæki.

Gerð þeirra og uppsetning skal vera eftir ákvæðum, sem um það eru sett í 24.—27. gr. reglugerðar um brunamál 1949. Staðsetning þeirra og umbúnaður oliugeyma, pípuleiðslur og umbúnaður þeirra, brennarar og öryggistæki, geymsla og meðferð oliubirgða, skal vera eftir 28.—35. gr. sömu reglugerðar.

#### 2. Skildagi um þurrkun.

Þegar framleiddur hiti er notaður við atvinnurekstur eða til þurrkunar á vörubirgðum, er skildagi váttryggingarinnar þessi:

Eldnæmir hlutir, sem þurrkaðir eru við framleiddan hita, mega eigi vera nær hitunarfærum, hitaleiðslupípum eða hitaleiðslugöngum en svo, að 1 metri sé á milli upp á við og 60 cm til hliðanna og eigi nær eldstæði en svo, að 1 m sé á milli, hvort heldur er upp á við eða til hliðanna. Svo skal og uppi yfir hitunarfærum, hitaleiðslupípum og hitaleiðslugöngum, í 60 m hæð að minnsta kosti, hafa þannig gerðan útbúnað, að óhult sé, að þeir hlutir, sem verið er að þurrka, geti ekki dottið niður á pípur eða leiðslur, sem hitinn kemur frá.

Eigi má þurrka í ketilherbergjunum sjálfum. Við eldstæði má eigi vera meira eldsneyti en svarar eins dags þörf í mesta lagi.

Glæður, ösku og gjall frá eldstæðum skal láta í eldtrygg ilát úr málmi eða steini eða slökkva vandlega í því og flytja það síðan út úr húsinu á óhultan stað.

#### 3. Skildagi um sprengiefni (púður o. fl.).

Um púður og annað sprengiefni (þar með teljast flugeldar o. þ. h.) er skildagi þessi:

a) Í einkahúsum má ekki geyma sprengiefni.

b) Í verzlunarhúsum má ekki hafa í búðinni og herbergjum, sem eru áföst henni, meira en 2 kg af sprengiefni, en auk þess má geyma í íbúðarherbergjum í sama húsi birgðir, sem nema allt að 10 kg alls. Enn fremur má í öðrum húsum sömu eignar geyma sem svarar 10 kg af púðri, ef þau eru í minnst 3 m fjarlægð frá öðrum húsum eða eru aðgreind frá þeim með eldtraustum vegg; þó má aldrei vera minna en 10 m fjarlægð á milli birgðanna í húsunum. Tvö kg af flugeldum o. þ. h. teljast jafngilda einu kg af púðri.

Umbúðir um púður eiga að vera pappahulstur eða blikkhulstur og ekki meira en  $\frac{1}{2}$  kg í hverju hulstri, en þau ber aftur að hafa í trékössum og ekki meira en 5 kg í hverjum kassa. Flugelda ber einnig að geyma í trékössum.

Verzlunarbirgðir og hvers konar sprengiefni ber að geyma í sérstökum herbergjum (klefum), sem til þess eru ætluð eingöngu. Þau skulu vera á efstu hæð og sé hurðum læst á milli þess, sem sóttar eru birgðir í þau.

#### 4. Skildagi um lýsingu.

Þegar til lýsingar er notað gas, acetylén- eða annað ljósgas, skal það skilyrði sett í skírteinið, að gasgeymirinn sé settur utanhúss, og þá að minnsta kosti 3

metra frá húsum, sem eru í 1. og 2. fl., 6 m frá 3. fl. húsum og 12 m frá 4. fl. húsum (sbr. kaflann um húsaskiptingu).

Sé fyrirkomulagið á annan veg, hækka iðgjöldin fyrir þær byggingar, sem eru nær útbúnaðinum en ofan greinir, um minnst 20%.

Raflýsing hefur ekki í för með sér iðgjaldahækkun, ef allur útbúnaðurinn er á þann hátt sem lög mæla fyrir; að öðrum kosti hækkar iðgjald það, er um ræðir, um 50%.

- a) Lampa má ekki hengja nær þaki eða lofti en svo, að 1 m sé á milli. nema um steinhvelfing sé að ræða eða tréð sé varið með eldtraustu efni, er fest sé innan á sjálft þakið eða loftið. Eldfimt efni má ekki heldur vera nær lampa eða öðru ljósi en að framan er sagt. Ljós, sem færð eru úr stað, skulu útbúin með öruggum hlífum. Lömpum með tilheyrandi skal halda hreinum.
- b) Leiðslur frá ljósmetisbrúsum skulu varðar gegn ytri skemmdum 1.5 m upp frá gólfi að minnsta kosti.
- c. Ljósmetisbrúsana skal setja í hylki, er séu úr óbrennanlegu efni og opin að ofan; eiga þau að vera því sem næst jafnhá ljósmetisbrúsunum og sandur á botninum. Þetta nær þó ekki til brúsa með kolsýruþrýstingi, ef á kolsýrugeyminum er málmtappi, er bráðni við lítinn hita, og ljósmetið auk þess rennur út úr smágeymi, er sé niðri í ljósmetisvökvanum í brúsanum.
- d) Undir upphitunarsprittgeymi lampans á að vera nægilega stór lekabolli.
- e) Eigi má nota lampa, sem svo eru gerðir, að ljósmetisgeymirinn er áfastur við sjálfa lampaumgerðina og fyrir ofan logann.

*Ath. Ef ekki er farið eftir skildögunum, reiknast tvöfalt iðgjald samkvæmt iðgjaldaskrá.*

#### 5. Skildagi um aflvélar.

Þar, sem aflvélar eru notaðar eða gufuþrýsting, gilda þessi ákvæði, nema annað sé sérstaklega fram tekið:

- a) *Fastur gufuketill og gufuvél.* Gufuketilsklefinn skal vera eldtraustur í hólf og gólf, en ef katlarnir eru að minnsta kosti 1.3 m frá loftinu, má það vera úr tré, sem sé eldvarið. Reykháfurinn sé byggður samkvæmt fyrirmælum laga um brunamál (sjá húsaskildaga). Eigi má þurrka á gufukatlinum eða í nánd við hann.

*Sé þessum ákvæðum fylgt, hefur gufuketillinn enga iðgjaldshækkun í för með sér. Að öðrum kosti hækka iðgjöldin um 3%.*

- b) *Olíumótorar.* Ef mótörinn er í sérstöku þar til gerðu húsi, eldtraustu eða eldvörðu í hólf og gólf, eða ef mótörinn er í sérstöku herbergi, eldtraustu eða eldvörðu á sama hátt, hurðin úr tré en eldvarin á alla vegu og eins dyraumbúnaðurinn, hefur steinolíumótörinn enga iðgjaldahækkun í för með sér. *Að öðrum kosti reiknast aukagjald 5%.*
- c) *Benzínmótorar.* Húsið eða klefinn, sem mótörinn er í, skal vera eldtraustur í hólf og gólf og má eigi nota til annarra hluta. Eldstæði má þar eigi vera. Ef mótörinn er í sérstöku mótörhúsi, sem eigi er áfast öðrum húsum, má loftið þó vera úr tré, en verður þá að vera eldvarið. Bjart skal vera í herberginu og vel húið um loftumrás við loft og gólf með óbyrgðum loftopum út í bert loft, og skulu þau vera þannig sett, að gasið komist ekki inn í önnur herbergi gegnum glugga eða önnur op, sem nærri liggja. Veggir að næstu herbergjum skulu vera heilir, eða að minnsta kosti eigi önnur op á þeim en nauðsynleg eru fyrir hreyfiás eða pípur. Skulu þá vera járnþynnur utan um ásinn eða pípunar, er falli alveg að þeim og séu festar í vegginn. Hurðin lokist sjálfkrafa og sé úr jární eða tré og þá eldvarin og eins dyraumbúnaðurinn; skal vera hægt að ljúka hurðinni

166  
7. okt.

upp út á við. Í gluggum sé járnþent gler í fastri járnumgerð. Herbergi uppi yfir mótórhherberginu má eigi nota til geymslu.

Útstraumspípan sé úr járni og fest saman með skrúfugrúpum (Flancher) eða fast samanskrúfuðum hólkum. Hún má eigi liggja gegnum þak eða loft, heldur út í múrvegginn út í bert loft. Á pípuopinu skal vera neistanet, og má opið eigi vera nær tré, hálm eða öðru þess háttar en svo, að  $6\frac{1}{4}$  m sé á milli. Ef engir slíkir eldfimur hlutir eru nær en svo, að yfir  $12\frac{1}{2}$  metra bil sé á milli, þarf ekkert neistanet.

Nú eru staðhættir þessum útbúnaði til fyrirstöðu, og má pípuopið þá liggja niður í vatn í brunni fyrir utan húsið. Á brunninum sé járnlok, sem falli alveg að.

Í mótórhherberginu má eigi vera annað benzín en í vökvageymi mótorsins. Aðrar benzínbirgðir skal annað hvort geyma í iláti, er grafið sé í jörð niður og þakið yfir, eða í eldtraustum klefa; má hann að vísu vera áfastur mótórhherberginu, en sé þó algerlega aðskilinn frá því með samfelldum múrvegg. Hurðir séu að jafnaði læstar og lykkillinn í vörzlu fullveðja manns.

Til lýsingar í mótó- og benzínforðahúsum má einungis hafa rafmagnsvakúmlampa með tvöföldu gleri og séu öryggi og tenglar að utanverðu eða með loftheldum umbúnaði. Að öðrum kosti sé ljós að utanverðu bak við lofthelt járnþent gler.

Banna skal með uppfestum auglýsingum í herbergjunum að reykja eða nota þar óbyrgt ljós.

Skýlt er að leggja öll notuð fægigögn í til þess ætlaðan járnkassa með járnloki.

Sé framantöldum skilyrðum ekki fullnægt, hækkar iðgjaldið um 10%.

- d) *Rafmagnsmótorar.* Rafmagnsvélum (mótórum, rafölum, spennibreytum, straumskiptum) skal komið svo fyrir, að eldur sem kynni að koma upp í þeim, geti eigi kveikt í eldnæmum efnum. Frá ræsum skal svo gengið, að þeir geti eigi valdið slíkri hitun á hlutum, sem kviknað getur í, að hætt sé við bruna. Sé nokkur þau tæki, sem að ofan eru nefnd, í herbergi, þar sem sprengihætt efni eru framleidd og geymd, eða þar sem sprengihætta getur stafað af gastegundum, eldnæmu ryki, físi eða trefjum, skal gengið frá tækjunum með sérstöku tilliti til sprengihættunnar.

### Almennir skildagar.

#### 5. gr.

Eftirfarandi skildagar skulu prentaðir á laus pappaspjöld, til þess gerð að hengja þau upp á áberandi stöðum, í verkstæðum, á vinnustöðum og í vörugeymslum.

- a) Hvarvetna þar, sem fægigögn (tvístur o. fl.), sem mengast olíu, eru notuð, skal þeim safnað í þar til ætlaða járnkassa.
- b) Hvarvetna þar, sem safnast eldfimt efni (sag, spæmir, ryk) eða eldfimt gas getur myndast, er bannað að kveikja bert ljós, reykja eða bera um óbyrgt ljós.
- c) Ekki má stytta rafleiðslur með hnútum og ekki bregða þeim um nagla eða járnkróka o. þ. k. Glóðarlampar mega ekki snerta eldfima hluti. Handlampar eiga að vera varðir með málmgrind eða málmneti.
- d) Hvarvetna þar, sem farið er með benzín eða aðra vökva eða efni, sem breytast ört í eldfimt gas, er bannað að kveikja og fara með óbyrgt ljós.
- e) Hvarvetna í geymslum er bannað að reykja tóbak og bera um óbyrgt ljós.

## 6. gr.

166

7. okt.

Ef iðgjaldið í sérstökum tilfellum yrði óvenju hátt, eða sé um hús að ræða, sem byggð eru venju fremur tryggilega gegn eldsvoða, er félaginu heimilt að ákveða lægra iðgjald, ef þess er skriflega farið á leit og nægilegar upplýsingar eru fyrir hendi. Á sama hátt er rétt að hækka iðgjöld, ef sérstaklega stendur á, eða ef til greina koma atriði, sem ekki er tekið tillit til í iðgjaldareglum.

## Afslættir fyrir slökkvivarnir.

## 7. gr.

a. *Opinberar slökkvivarnir.*

Afsláttur, sem gefinn er eða gefinn kann að verða fyrir opinberar slökkvivarnir á tilteknum stöðum, gildir almennt, nema annað sé tekið fram í einstökum tilfellum.

b. *Einkaslökkvivarnir (innan húss).*

Gefa má 5% afslátt af iðgjaldi, ef á hverri hæð húss er vatnsslanga eigi mjórri en 1" í þvermál og tengjanleg við vatnsleiðslu innan húss, tilheyrandi vatnsveitu, sem vátryggingafélagið tekur gilda í þessu tilliti. Hver slanga má ekki vera lengri en 15 m, en þær verða að vera svo margar, að þær nái um alla hæðina. Í stað vatnsslanganna geta komið viðurkennd slökkvitæki eða hússlökkvidælur.

*Fyrir slökkvitæki, sem áskilin eru í brunamálaareglugerðum, er þó ekki veittur sérstakur afsláttur.*

Heimilt er félaginu að hafa eftirlit með því, að einkaslökkvitæki séu ávallt nothæf.

## Eldtraust og eldvarin gerð húsa.

## 8. gr.

Orðin *eldtraustur* og *eldvarinn* tákna það, sem hér verður greint, nema annað sé sérstaklega tekið fram:

Veggir, gólf, loft og þök nefnast eldtraust, sé það byggt úr steinsteypu eða múrsteini eða því líku efni; járn öll séu hulin í steypunni.

Herbergi teljast eldtraust, ef þau eru albyggð eins og að framan greinir. Gáttir, sem eru nær eldfimu efni, s. s. öðrum húsum, vörum, dyrum, gluggum eða efri timburhæðum sama húss en 6 m, skulu vera byrgðar annað hvort með eldvörðum hurðum eða 7 mm þykku járnþentu gleri í járnnumgerð.

Veggir, gólf, loft og þök nefnast eldvarin, ef grind er úr járn, klædd bárujárn, eða öðru jafnelldraustu efni, sömuleiðis undirlög úr timbri klædd járujárn með óeldfimum pappa á milli eða öðru álíka óeldfimu efni.

Herbergi teljast eldvarin, sem að innan eru albyggð eins og að ofan greinir um eldvarða gerð. Um fjarlægðir og umbúnað gátta gildir sama og um eldtraust herbergi.

Hurðir teljast eldvarðar, sem smíðaðar eru úr tvöföldu lagi af krosslögðum harðviði, minnst 2½ cm á þykkt, klæddum á bæði borð með 1 mm þykkum tinuðum eða galvaniseruðum járnplötum, greyptum saman á jöðrunum.

Dyraumgerð og dyragólflista (þröskuld) sé eins varið, ef það er úr timbri. Öðruvísi gerðar hurðir má taka gildar, séu þær gerðar á jafnelldraustan hátt.

Þök (að utan) teljast eldvarin, sem lögð eru með flisum, bárujárn, steinplötum, tígulsteinum eða öðru efni jafnelldraustu.

## Húsaskipting.

## 9. gr.

## I. flokkur.

Hús með steinveggjum eða steinsteypu eða járnveggjum og eldvörðu þaki, þar sem allir innveggir, loft, gólf og stigar er eldtraust og hvergi er í húsínu



**166** (þar með talinn kjallari þess og rishæð) óeldvarið timbur, nema hurðir og gluggar

7. okt.

II. flokkur.

Önnur hús með steinveggjum eða steinsteypu og eldvörðu þaki.

III. flokkur.

Hús með útveggjum, sem eru allir klæddir bárujárni, múrhúð, skífum, asbesti eða öðru jafngildu eldvarnarefni og með eldvörðu þaki.

Þegar allir innveggir, gólf og loft slíkra húsa er eldvarið, er heimilt að gefa 20% afslátt af iðgjaldinu.

IV. flokkur.

Öll önnur hús.

Sambyggð hús án nokkurs eldhættis atvinnurekstrar flokkast hvert fyrir sig, ef þau eru aðgreind með steinvegg eða steinsteypuvegg og þökin ekki sambyggð.

Í sériðgjaldaflokknum eru hús:

Í kaupstöðum, kauptúnum og sveitaþorpum táknuð með bókstafnum .....	A
Á sömu stöðum, þegar húsín eru í 30 m fjarlægð eða meir með bókstafnum	B
Í sveitum (dreifbýli) .....	C

## II. KAFLI

### Iðgjaldaskrá.

#### 1. Almenn iðgjöld.

Hús, þegar ekki er reiknað sérstakt iðgjald:	Húsaskipting			
	Ársiðgjald af 1000 kr.			
	I.	II.	III.	IV.
A. Í kaupstöðum, kauptúnum og sveitaþorpum ....	1,5	3	5	7
B. Í sömu þegar húsín eru í 30 m fjarlægð eða meira	1,2	2,4	4	5,6
C. Í sveitum (dreifbýli) .....	1,2	2,5	2,5	2,5

Afsláttur, sem til greina getur komið:

1. Fyrir innanhúss slökkvivarnir, sem félagið tekur gildar, 5%.
2. Fyrir sérstakar og opinberar slökkvivarnir, sem ákveðinn er eða ákveðinn verður.

#### 2. Sérstök iðgjöld.

Þar sem iðnrekstur, önnur notkun húsanna eða sérstaklega eldfim efni eða sprengiefni valdi iðgjaldshækkun:

	Húsaskipting			
	Ársiðgjald af 1000 kr.			
	I.	II.	III.	IV.
Astgasstöðvar (Acetylen) .....	6,5	10	16,8	24
	5,2	8	13,4	19,2
	3,9	6	10	10

Áburðarverksmiðjur.

Sjá beinamjölverksmiðjur.

Bátasmíðastöðvar.

Sjá skipasmíðastöðvar.

Beinamjölsverksmiðjur.	I.	II.	III.	IV.	166
a. Sé unnið eingöngu úr útipurrkuðu efni og gætt skildaga um aflvélar .....	{A. 4	6	11,5	13,5	7. okt.
	{B. 3,2	4,8	9,2	10,8	
	{C. 2,4	3,6	6,9	6,9	
b. Annars sem síldarverksmiðjur.					
Belgjagerð .....	{A. 5	7,5	12	14,5	
Alm. skild. a. og e.	{B. 4	6	9,6	11,6	
	{C. 3	4,5	7,2	7,2	

**Beykisverkstæði.**

Sjá trésmiðaverkstæði.

**Bifreiðageymsla.**

1. Fyrir bílskúr og geymslu einnar bifreiðar breytist ekki iðgjald hússins sé skildaga gætt.

2. Annars .....	{A. 3,5	5,25	8,75	10,75
Alm. skild. d. og e.	{B. 2,8	4,2	7	8,6
	{C. 2,1	3,1	5,25	5,25

**Sérskildagar:**

a. Hvorki má tæma eða fylla benzíngeyma inni í húsinu.

b. Ekki má hafa innanhúss annað benzín en það, sem er á bílnum.

c. Hafa skal í geymsluhúsinu slökkvitæki.

3. Bifreiðageymsla almenn:

Tvær bifreiðar eða fleiri, sé skild. gætt .....	{A. 6	9	10,5	12,5
	{B. 4,8	7,2	8,4	10
	{C. 3,6	5,4	6,3	6,3

Skildagar sömu og við einkageymslu 1—3 og auk þess:

Upphita má aðeins með gufu, vatni eða rafmagni. Rafmagnsöfnar mega ekki vera heitari á yfirborði en 150° C. Allar rafmagnsleiðslur verða að vera einangraðar. Innanhúss má nota aðeins rafmagnsljós með loftþéttum hjálmum og slökkvurum. Öryggi og tenglar eiga einnig að vera loftþétt og utanhúss. Tóbaksreykingar eru bannaðar.

Vindauga eiga að vera á þaki og við gólf.

4. Annars .....	{A. 7,5	11,25	12,75	14,75
	{B. 6	9	10,2	11,8
	{C. 4,5	6,75	7,65	7,65
Bifreiða- (bifhjóla o. s. frv.) viðgerðarverkstæði ..	{A. 7,5	11,25	15,75	17,75
	{B. 6	9	12,6	14,2
	{C. 4,5	6,75	9,5	9,5

**Sérskildagar:**

Ef sprautumálning (með „Celluloselakki“ eða öðrum eldfimum vökva með lægra logamarki en 21° C.) fer ekki fram í sérstöku eldtraustu herbergi, hækkar iðgjaldið um 5%.

Í skirteinið á að setja svo hljóðandi skildaga: „Ben-

166

7. okt. zíngeymsla á váttryggingarstaðnum fram yfir það, sem kynni að vera í benzíngeymum bifreiðanna, má aðeins eiga sér stað að fyrir fram fengnu leyfi viðkomandi slökkviliðs, en þó má benzínmagnið aldrei nema meiru en 16 lítrum. Eigi má tæma eða fylla geyma bifreiðanna innan húss. Eigi má hita upp bifreiðageymsluna nema með gufu, vatni eða rafmagni. Rafmagnsöfnar mega ekki vera heitari á yfirborði en 150° C. Allar rafmagnsleiðslur eiga að vera nægilega einangraðar. Aðeins má nota rafljós með loftþéttum hjálmum, leiðslur og slökkvarar eiga að vera loftþéttir eða utanhúss.

Alm. skild. d. og e.

	I.	II.	III.	IV.
Blikksmiðjur	{ A. 3 B. 2,4 C. 1,8	4,5 3,6 2,7	8,4 6,7 5	10,8 8,6 5
Blómaverzlanir	{ A. 2 B. 1,8 C. 1,2	3 2,7 2,7	7 5,6 4,2	9 7,2 4,2
Bókaverzlanir	{ A. 2,5 B. 2 C. 1,5	4 3,2 2,7	8 6,4 4,8	10 8 4,8
Bókbandsstofur	{ A. 3 B. 2,4 C. 1,8	4,5 3,6 2,7	8,4 6,7 5	10,8 8,6 5
Alm. skild. b.				
Bólsturverkstæði	{ A. 3 B. 2,4 C. 1,8	4,5 3,6 2,7	8,4 6,7 5	10,8 8,6 5
Alm. skild. b. og e.				
Brauðgerðarhús	{ A. 2,5 B. 2 C. 1,5	4 3,5 2,7	8,4 6,7 5	10,8 8,6 5
Brauðabúðir (og mjólkur).				
Húsiðgjaldið óbreytt.				
Dósaverksmiðjur	{ A. 3 B. 2,4 C. 1,8	4,5 3,6 2,7	8,4 6,7 5	10,8 8,6 5
Dráttarbrautir.				
Sjá skipasmíðastöðvar.				
Efnagerðir.				
1. Séu eingöngu notuð eða framleidd óeldfim efni	{ A. 3 B. 2,4 C. 1,8	4,5 3,6 2,7	8,4 6,7 5	10,8 8,6 5
2. Séu notuð eða framleidd efni, sem ekki eru sérstaklega eldfim	{ A. 3,5 B. 2,8 C. 2,1	5,6 4,5 3,4	9,4 7,5 5,6	11,8 9,5 5,6
3. Séu notuð eða framleidd eldfim efni	{ A. 5,2 B. 4,1 C. 3,1	7,8 6,2 4,6	11,6 9,3 7	14 11,2 7
Alm. skild. b. og e.				

<b>Efnalaugar.</b>		I.	II.	III.	IV.	<b>166</b>
1. Séu ekki notuð eldfim efni (vökvar) .....	{A.	3	4,5	8,4	10,8	7. okt.
Alm. skild. a.	{B.	2,4	3,6	6,7	8,6	
	{C.	1,8	2,7	5	5	
2. Séu eldfim efni notuð .....	{A.	4,5	6	9,3	11,5	
Alm. skild. a., b., d. og e.	{B.	3,6	4,8	7,5	9,2	
	{C.	2,7	3,6	5,6	5,6	
<b>Fatahreinsun og pressun.</b>						
1. Séu ekki notuð eldfim efni (vökvar) .....	{A.	3	4,5	8,4	10,8	
Alm. skild. a.	{B.	2,4	3,6	6,7	8,6	
	{C.	1,8	2,7	5	5	
2. Séu eldfim efni notuð .....	{A.	4,5	6	9,3	11,5	
Alm. skild. a., b., d. og e.	{B.	3,6	4,8	7,5	9,2	
	{C.	2,7	3,6	5,6	5,6	
<b>Fiskbarning.</b>						
Sjá harðfiskbarning.						
<b>Fiskimjölsverksmiðjur.</b>						
Sé iðgjald ekki sérstaklega ákveðið.						
a. Sé unnið eingöngu úr þurru efni og gætt sér-	{A.	4	6	11,5	13,5	
skildaga um aflvélar .....	{B.	3,2	4,8	9,2	10,8	
	{C.	2,4	3,6	6,9	6,9	
b. Annars sem síldarmjölsverksmiðjur og með sömu						
skildögum.						
<b>Fiskþurrkunarhús.</b>						
1. Sé gætt skildaga um þurrkun og aflvélar ....	{A.	3,5	5	8,5	10,5	
	{B.	2,8	4	6,8	8,4	
	{C.	2,1	3	5,1	5,1	
2. Annars .....	{A.	4,5	6	11	13,5	
	{B.	3,6	4,8	8,8	10,8	
	{C.	2,7	3,6	6,6	6,6	
<b>Frystihús.</b>						
1. Án vélgangs .....	{A.	1,5	2	4	6	
	{B.	1,2	1,6	3,2	4,8	
	{C.	1	1,2	2,4	2,4	
2. Séu allar vélar reknar með rafmagni frá al-	{A.	4	6	10	11	
mennings rafstöð, og sé gætt skild. um aflvélar	{B.	3,2	4,8	8	8,8	
Alm. skild. a.	{C.	2,4	3,6	6	6	
3. Annars .....	{A.	6	9	13,5	14,5	
Skildagi um aflvélar.	{B.	4,8	7,2	10,8	11,6	
Alm. skild. a., d. og e.	{C.	3,6	5,4	8,1	8,1	
<b>Funda- og samkomuhús.</b>						
1. Án veitinga og leiksýninga .....	{A.	2,5	3,75	7	9	
	{B.	2	3	5,6	7,2	
	{C.	1,5	2,7	4,2	4,2	
2. Með veitingum og/eða leyfi til einstakra leik-	{A.	3,5	5	9	11	
sýninga .....	{B.	2,4	4	7,2	8,8	
	{C.	1,8	3	5,4	5,4	

166

7. okt.

		I.	II.	III.	IV.
Gistihús .....	{ A.	3	4,5	8,4	10,8
	{ B.	2,4	3,6	6,7	8,6
	{ C.	1,8	2,7	5	5
Glerslípun .....	{ A.	3	4,5	8,4	10,8
	{ B.	2,4	3,6	6,7	8,6
	{ C.	1,8	2,7	5	5
Alm. skild. a.					
Gosdrykkjagerð .....	{ A.	3	4,5	8,4	10,8
	{ B.	2,4	3,6	6,7	8,6
	{ C.	1,8	2,7	5	5
Alm. skild. a.					
Gróðurhús .....	{ A.	2,5	4	6	8
	{ B.	2	3,2	4,8	6,4
	{ C.	1,5	2,7	3,6	3,6
Gullsmíðaverkstæði .....	{ A.	3	4,5	8,4	10,8
	{ B.	2,4	3,6	6,7	8,6
	{ C.	1,8	2,7	5	5
Gúmmískógerð og skóviðgerðarverkstæði .....	{ A.	3	4,5	8,4	10,8
	{ B.	2,4	3,6	6,7	8,6
	{ C.	1,8	2,7	7,2	7,2
Alm. skild. a., b. og d.					
Hampiðja .....	{ A.	5	7,5	12	14,5
	{ B.	4	6	9,6	11,6
	{ C.	3	4,5	7,2	7,2
Alm. skild. a., b. og e.					
<b>Handiðnaðarverkstæði.</b>					
1. Án vélgangs .....	{ A.	2,5	4	6,5	8,5
	{ B.	2	3,2	5,2	6,8
	{ C.	1,5	2,7	3,9	3,9
2. Með vélgangi .....	{ A.	3	4,5	8,4	10,8
	{ B.	2,4	3,6	6,7	8,6
	{ C.	1,8	2,7	5	5
Alm. skild. a., b. og e.					
Harðfiskbarning .....	{ A.	2,5	4	7	9
	{ B.	2	3,2	5,6	7,2
	{ C.	1,5	2,7	4,2	4,2
Hárgreiðslustofur .....	{ A.	3	4,5	8,4	10,8
	{ B.	2,4	3,6	6,7	8,6
	{ C.	1,8	2,7	5	5
Hreinlætisvörugerð (sápugerð o. fl.) .....	{ A.	3	4,5	8	10,8
	{ B.	2,4	3,6	6,7	8,6
	{ C.	1,8	2,7	5	5
Alm. skild. a.					
Sérskild. um aflvélar, liður a.					
Hús í smíðum .....	{ A.	3	3	8,5	8,5
	{ B.	3	3	8,5	8,5
	{ C.	3	3	3	3
(Þar með talið efni á staðnum.)					
Sérskildagi: Reykháf má ekki taka í notkun fyrr en hann er fullgerður og allt mótatimbur fjarlæggt.					
Húsgagnafóðrun .....	{ A.	3	4,5	8,4	10,8
	{ B.	2,4	3,6	6,7	8,6
	{ C.	1,8	2,7	5	5
Alm. skild. b. og e.					
<b>Hænsnabú.</b>					
1. Séu ekki notaðir eldfimir vökvar við upphitun fósturmæðra .....	{ A.	5	7,5	11,5	14,5
	{ B.	4	6	9,2	11,6
	{ C.	3	4,5	6,9	6,9

	I.	II.	III.	IV.	166
2. Annars .....	{A. 5,5	10	35	40	7. okt.
Alm. skild. b., c. og d.	{B. 5,2	8	28	32	
	{C. 3,9	6	21	21	

**Hvalveiðistöðvar.**

Iðgjaldið sé sérstaklega ákveðið.

**Iðnfyrirtæki, sem ekkert sérstakt iðgjald er ákveðið um.**

1. Án vélgangs .....	{A. 2,5	4	6,5	8,5
	{B. 2	3,2	5,2	6,8
	{C. 1,5	2,7	3,9	3,9
2. Séu vélar allar reknar með rafmagni frá al- mennings aflstöð .....	{A. 3,25	5,2	8,5	11
Alm. skild. a. og b.	{B. 2,6	4,1	6,8	8,8
	{C. 2	3,1	5,1	5,1
3. Annars .....	{A. 4	6	10	13
Alm. skild. a. og b.	{B. 3,2	4,8	8	10,4
	{C. 2,4	3,6	6	6
Íshús (án vélgangs) .....	{A. 1,5	2	4	6
	{B. 1,2	1,6	3,2	4,8
	{C. 1	1,2	2,4	2,4
Járnsmiðjur og járnsteypa .....	{A. 3	4,5	8,4	10,8
Alm. skild. a.	{B. 2,4	3,6	6,7	8,6
	{C. 1,8	2,7	5	5
Kaffibrennsla og kaffibætisgerð .....	{A. 3	4,5	8,4	10,8
Alm. skild. a., b. og c.	{B. 2,4	3,6	6,7	8,6
	{C. 1,8	2,7	5	5

**Kassagerð.**

Sjá trésmiðaverkstæði.

Kertagerð .....	{A. 3	4,5	8,4	10,8
Alm. skild. a.	{B. 2,4	3,6	6,7	8,6
	{C. 1,8	2,7	5	5
Kexgerð .....	{A. 2,5	4	8,4	10,8
	{B. 2	3,2	6,7	8,6
	{C. 1,5	2,7	5	5
Kirkjur .....	{A. 1,5	2	3,5	5
	{B. 1	1	2	3
	{C. 1	1	2	3
Klæða-(ullar-)verksmiðjur .....	{A. 3	4,5	8,4	10,8
Alm. skild. a., b. og c.	{B. 2,4	3,6	6,7	8,6
	{C. 1,8	2,7	5	5
Klæðskeraverkstæði .....	{A. 2,5	4	8	10
	{B. 2	3,2	6,4	8
	{C. 1,5	2,7	4,8	4,8
Korkiðja .....	{A. 3	4,5	8,4	10,8
Alm. skildagar a. og b.	{B. 2,4	3,6	6,7	8,6
	1,8	2,7	5	5
Kornmyllur .....	{A. 2,5	4	8,4	10,8
	{B. 2	3,2	6,7	8,6
	{C. 1,5	2,7	5	5

## 166 Kvikmyndahús.

7. okt.

1. Með neðanskráðum skildaga .....

	I.	II.	III.	IV.
{A.	5	7	11	15
{B.	4	5,6	8,8	12
{C.	3	4,2	6,6	6,6

- a. *Sýningarklefi* skal vera eldtraustur á alla vegu (veggir, loft, gólf), sömuleiðis hurð, hurðarkarmur og hliðarklefi, ef til er, enn fremur herbergisbúnaður (hurðir, bekkir). Hurð skal opnast út.

*Til upphitunar* má hafa aðeins miðstöðvar-eða rafmagnsöfna, sem eigi verða heitari en 80° C. Hlíf skal vera ofan á ofnum.

*Ekkert samband* má vera milli klefans og áhorfendasalar, nema sýningarop og gægjugöt.

*Fatageymsla* og hvers konar geymsla önnur er bönnuð í klefanum og göngum frá honum.

Á útvegg klefans má vera gluggi, 0.25 m<sup>2</sup> að stærð, með venjulegu gleri, til undankomu, ef eldur kemur upp í klefanum.

- b. *Sýningarop* og *gægjur* mega ekki vera stærri en 150 cm<sup>2</sup>, þer að loka þeim reykþétt með a. m. k. 5 mm þykkum glerrúðum í járn- eða múr-ramma. Auk þess þer að hafa a. m. k. 2 mm þykkar járnplötur, sem á auðveldan hátt sé hægt að renna fyrir öll opin. Plötum þessum skal vera hægt að stjórna frá einum stað nálægt sýningarvél og öðrum nálægt útgöngudyrum sýningarklefans.
- c. *Filmspólur* skulu vera úr jární og ekki stærri en svo, að á þeim geti verið 600 m löng filma. Hirzlur undir þær skulu vera úr jární eða öðru eldtraustu efni, þær skulu hólfaðar með lóðréttum skilrúmum, og sé eitt hólfi fyrir hverja filmspólu.
- d. *Til lýsingar* í sýningarklefa má aðeins nota rafmagn. Til lýsingar á sjálfri sýningarvélinni má þó nota kolbogaljós. Stranglega er bönnuð tóbaksreyking í sýningarklefanum og að fara þar með hvers konar opinn eld.
- e. *Stjórn sýningarvéla* skulu annast menn, sem til þess hafa lært, sem segir í reglugerð um kvikmyndasýningar 12. marz 1947.
- f. *Handslökkvitæki* með kemisku slökkviefni skal ávallt vera í sýningarklefanum, enn fremur 1 × 1.25 m asbestteppi.
- g. Að öðru leyti gilda skildagar þeir, sem greinir í reglugerð um kvikmyndasýningar 12. marz 1947.
- h. *Meðferð og slökkviáhöld*.  
Eigi mega aðrir fást við vélar og áhöld í sýn-

ingarherberginu en fullkomlega áreiðanlegir og verkfróðir menn.

Óbyrgt ljós má eigi nota, og bannað er með öllu að kveikja á eldspýtu eða reykja.

Spólur, sem ekki eru í sýningarvélinni eða verið er að spóla upp á, skal geyma í járnkassa úr minnst 2 mm járnþynnu og með loki, er falli alveg að.

Í sýningarherberginu skal ávallt vera viðurkennt slökkvitæki.

	I.	II.	III.	IV.
2. Sé sýningarherbergið aðeins eldvarið (í stað eldtraust), en útbúnaður að öðru leyti eins ..	{ A. 10	14	22	30
	{ B. 8	11,2	17,6	24
	{ C. 6	8,4	13,2	13,2
3. Að öðrum kosti .....	{ A. 20	28	38	45
	{ B. 16	22,4	30,4	36
	{ C. 12	16,8	22,8	22,8

Ef áhaldaherbergið er eldvarið að innan, lækkar iðgjaldið um 40%.

Vátryggingin nær eigi til skemmda, sem rafmagnsstraumurinn veldur á áhöldum.

Skemmdir á filmum, sem eru í sýningarvélinni, verða eigi bættar.

Lakkgerð .....	{ A. 5	7	9	12
Sjá málningar- og lakkverksmiðjur.	{ B. 4	5,6	7,2	9,6
	{ C. 3	4,2	5,4	5,4
Leðurvörugerð .....	{ A. 3	4,5	8,4	10,8
Alm. skild. a. og b.	{ B. 2,4	3,6	6,7	8,6
	{ C. 1,8	2,7	5	5

#### Leikfangagerð.

Sjá trésmíðaverkstæði.

#### Leikhús.

1. Fast leikhús .....	{ A. 4	6	10	12,5
	{ B. 3,2	4,8	8	10
	{ C. 2,4	3,6	6	6
2. Þegar leyfi er til að halda einstöku sinnum sýningar .....	{ A. 3	5	9	11
	{ B. 2,4	4	7,2	8,8
	{ C. 1,8	3	5,4	5,4
Leirvörugerð (leirbrennsla) .....	{ A. 3	4,5	8,4	10,8
	{ B. 2,4	3,6	6,7	8,6
	{ C. 1,8	2,7	5	5
Ljósmyndastofur .....	{ A. 3	4,5	8,4	10,8
	{ B. 2,4	3,6	6,7	8,6
	{ C. 1,8	2,7	5	5
Lyfjabúðir, lyfjagerð .....	{ A. 3	4,5	8,4	10,8
	{ B. 2,4	3,6	6,7	8,6
	{ C. 1,8	2,7	5	5
Lýsisvinnsla (gufubræðsla) .....	{ A. 4	6	11	13,5
	{ B. 3,2	4,8	8,8	10,8
	{ C. 2,4	3,6	6,6	6,6



166

7. okt. Ef önnur bræðsluaðferð er notuð, ákveðst iðgjaldið sérstaklega.

**Málningar- og lakkverksmiðjur.**

	I.	II.	III.	IV.
1. Án opinna eldstæða og lakksuðu .....	{A. 5	7	9	12
	{B. 4	5,6	7,2	9,6
	{C. 3	4,2	5,4	5,4
2. Með opnum eldstæðum, en án lakksuðu .....	{A. 7	9,8	12,5	15,5
	{B. 5,6	7,8	10	12,4
	{C. 4,2	5,8	6	6
3. Með lakksuðu, en án opinna eldstæða .....	{A. 9	12,5	16	19,5
	{B. 7,2	10	12,8	15,6
	{C. 5,4	7,5	9,6	9,6
4. Með lakksuðu og opnum eldstæðum .....	{A. 10,8	15	19,2	23,4
	{B. 8,6	12	15,3	18,7
	{C. 6,5	9	11,5	11,5

Ef aflvélar (gangvélar) eru í verksmiðjuhúsinu, reiknast viðbótariðgjald 3%.

Ef lakksuða er einangruð í eldtraustum klefa, lækkar iðgjaldið um 10%.

Ef lakksuða er einangruð í eldvörðum klefa, lækkar iðgjaldið um 5%.

Alm. skild. a., b., c., d. og e.

Málningarverkstæði .....	{A. 5	7	9	12
Alm. skild. d.	{B. 4	5,6	7,2	9,6
	{C. 3	4,2	5,4	5,4
Mjólkurbú .....	{A. 2,5	4	8	10
	{B. 2	3,2	6,4	8
	{C. 1,5	2,7	4,8	4,8
Mjólkur- og brauðbúðir. Húsiðgjaldið óbreytt.	{A. 5	7,5	12	14,5
Netagerð og netagerðarverkstæði .....	{B. 4	6	9,6	11,6
Skildagi um þurrkun.	{C. 3	4,5	7,2	7,2
Sérskildagi um aflvélar.	{A. 3	4,5	8,4	10,8
Niðursuðuverksmiðjur .....	{B. 2,4	3,6	6,7	8,6
Alm. skild. a.	{C. 1,8	2,7	5	5
Sérskildagi um aflvélar.	{A. 7	10	13	16
Olíufatagerð (sjóklæðagerð) .....	{B. 5,6	8	10,4	12,8
Alm. skild. a. og e.	{C. 4,2	6	7,8	7,8
Ostagerð .....	{A. 2,5	4	8	10
	{B. 2	3,2	6,4	8
	{C. 1,5	2,7	4,8	4,8
Pappavöru- og pappírsgerð .....	{A. 3	4,5	8,4	10,8
Alm. skild. b. og e.	{B. 2,4	3,6	6,7	8,6
	{C. 1,8	2,7	5	5
Prentmyndagerð .....	{A. 3	4,5	8,4	10,8
Alm. skild. a. og d.	{B. 2,4	3,6	6,7	8,6
	{C. 1,8	2,7	5	5

	I.	II.	III.	IV.	166 7. okt.
<b>Prentsmiðjur</b> .....	{ A. 3	4,5	8,4	10,8	
Alm. skild. a. og d.	{ B. 2,4	3,6	6,7	8,6	
Sérskildagi um aflvélar.	{ C. 1,8	2,7	5	6	
<b>Prjónastofur</b> .....	{ A. 2,5	4	8	10	
	{ B. 2	3,2	6,4	8	
	{ C. 1,5	2,7	4,8	4,8	
<b>Rafstöðvar.</b>					
1. Almennar rafstöðvar.					
a. Vatnsaflsstöðvar.					
Iðgjald ákveðst sérstaklega.					
b. Aðrar .....	4	6	10	11	
2. Einkarafstöðvar (í dreifbýli).					
a. Vatnsaflsstöðvar .....	2	3,5	5	5	
b. Aðrar .....	4	6	10	10	
Tryggingin nær þó ekki til tjóns, sem verður á raf- orkuvélum, leiðslum og tækjum, þegar tjónið orsakast af gangi véla, óreglulegri spennu, skammhlaupi eða slikum orsökum.					
<b>Raftækjaverkstæði</b> .....	{ A. 3	4,5	8,4	10,8	
Alm. skild. a.	{ B. 2,4	3,6	6,7	8,6	
	{ C. 1,8	2,7	5	5	
<b>Rakarastofur</b> .....	{ A. 2	3	7	9	
	{ B. 1,6	2,4	5,6	7,2	
	{ C. 1,2	1,8	4,2	4,2	
<b>Reiðhjólaverkstæði</b> .....	{ A. 4	6	9	12	
Alm. skild. a. og d.	{ B. 3,2	4,8	7,2	9,6	
	{ C. 2,4	3,6	5,4	5,4	
<b>Reykhús</b> .....	{ A. 4	6	8	11	
	{ B. 3,2	4,8	6,4	8,8	
	{ C. 2,4	3,6	4,8	4,8	
<b>Samkomuhús.</b>					
Sjá funda- og samkomuhús.					
<b>Sápugerð</b> .....	{ A. 3	4,5	8,4	10,8	
	{ B. 2,4	3,6	6,7	8,6	
	{ C. 1,8	2,7	5	5	
<b>Saumastofur</b> .....	{ A. 2,5	4	8	10	
	{ B. 2	3,2	6,4	8	
	{ C. 1,5	2,4	4,8	4,8	
<b>Síldarverksmiðjur.</b>					
1. Verksmiðjuhús (sé iðgjald ekki sérstaklega ákveðið) .....					
Skild. um aflvélar.	{ A. 4,5	6,75	12,25	15,25	
Alm. skild. a., b. og c.	{ B. 3,6	5,4	9,8	12,2	
	{ C. 2,7	4	7,35	7,35	
2. Mjölgeymsluhús .....					
Alm. skild.	{ A. 3	4,5	9,5	12	
	{ B. 2,4	3,6	7,6	9,6	
	{ C. 1,8	2,7	5,7	5,7	
3. Lýsisgeymar úr steinsteypu og/eða stáli 2.25%.					
4. Bryggjur og síldarþrær 3%.					

		I.	II.	III.	IV.
<b>166</b>					
7. okt.	Við 2., 3. og 4. Ef iðgjaldið er ekki ákveðið sérstaklega.				
Sjóklæðagerð	.....	{A. 7	10	13	16
Alm. skild. a. og e.		{B. 5,6	8	10,4	12,8
		{C. 4,2	6	7,8	7,8
Skermagerð	.....	{A. 3	4,5	8,5	10,8
Alm. skild. d.		{B. 2,4	3,6	6,7	8,6
		{C. 1,8	2,7	5	5
<b>Skípa- og bátasmíðastöðvar, ásamt dráttarbraut og öllu tilheyrandi.</b>					
1. Án aflvéla	.....	{A. 6,5	9	12	14
Alm. skild. a., b., c. og e.		{B. 5,2	7,2	9,6	11,2
		{C. 3,9	5,4	7,2	7,2
2. Með aflvélum	.....	{A. 7	10,5	14	16
Skild. um aflvélar.		{B. 5,6	8,4	11,2	12,8
Alm. skild. a., b., c. og e.		{C. 4,2	6,3	8,4	8,4
Fari smíðin að öllu fram utanhúss 10.5%.					
Sérskildagi: Biksuða má ekki eiga sér stað nær húsum, dráttarbrautum eða birgðum en 15 metra.					
Skólahús	.....	{A. 2	3	7	9
		{B. 1,6	2,4	5,6	7,2
		{C. 1,2	2,7	4,2	4,2
Skósmíðaverkstæði	.....	{A. 3	4,5	8,4	10,8
		{B. 2,4	3,6	6,7	8,6
		{C. 1,8	2,7	5	5
Skrifstofuhús	.....	{A. 2	3	7	9
		{B. 1,6	2,4	5,6	7,2
		{C. 1,2	2,7	4,2	4,2
Skýrgerð	.....	{A. 2,5	4	8	10
		{B. 2	3,2	6,4	8
		{C. 1,5	2,7	4,8	4,8
Sláturhús	.....	{A. 2	3	7	9
		{B. 1,6	2,4	5,6	7,2
		{C. 1,2	2,7	4,2	4,2
Smjörgerð	.....	{A. 2,5	4	8	10
		{B. 2	3,2	6,4	8
		{C. 1,5	2,7	4,8	4,8
Smjörlíkisgerð	.....	{A. 3	4,5	8,4	10,8
		{B. 2,4	3,6	6,7	8,6
		{C. 1,8	2,7	5	5
Sprautumálningarverkstæði	.....	{A. 6	10	14	17
		{B. 4,8	8	11,2	13,6
		{C. 3,6	6	8,4	8,4

Aths. Ef verkstæðið er hluti af húsi, sem annar rekstur er í, reiknast sama iðgjald af öllu húsinu.

Alm. skild. a. og d.

		I.	II.	III.	IV.	166
Stáltunnugerð .....	{A.	3	4,5	8,4	10,8	7. okt.
	{B.	2,4	3,6	6,7	8,6	
	{C.	1,8	2,7	5	5	
Alm. skild. a. Skildagi um aflvélar.						
Súkkulaðigerð .....	{A.	3	4,5	8,4	10,8	
	{B.	2,4	3,6	6,7	8,6	
	{C.	1,8	2,7	5	5	
Sútunarverksmiðjur .....	{A.	3	4,5	8,4	10,8	
	{B.	2,4	3,6	6,7	8,6	
	{C.	1,8	2,7	5	5	
Skild. um aflvélar (a.).						
Sælgætisgerð .....	{A.	3	4,5	8,4	10,8	
	{B.	2,4	3,6	6,7	8,6	
	{C.	1,8	2,7	5	5	
Skild. um aflvélar.						
Söðlasmíðaverkstæði .....	{A.	3	4,5	8,4	10,8	
	{B.	2,4	3,6	6,7	8,6	
	{C.	1,8	2,7	5	5	
Talsímastöðvarhús. Iðgjald eins og af íbúðarhúsi. Skild. um aflvélar (d.).						

#### Trésmíðaverkstæði og timbursmíðjur.

1. Án vélgangs .....	{A.	2,5	4	6,5	8,5
	{B.	2	3,2	5,2	6,8
	{C.	1,5	2,7	3,9	3,9

#### 2. Með vélgangi.

Iðgj. reiknast eins og 1 með viðbót:

1% fyrir hverja vél, þó ekki hærra en 5%.

Aths. Límfonar og hefilbekkir valda ekki hækkun.

Skildagar um öll trésmíðaverkstæði:

- Auglýsingar skulu vera uppfestar, er banni tóbaksreykingar og að ganga um með óbyrgt ljós.
- Framan við eldhólf eldstæða skal vera járnkassi 50 cm djúpur og þannig fyrir komið, að glæður og neistar frá eldhólfinu falli í hann.
- Timbur má ekki vera nær eldstæðum en 1 m.
- Tréspæni og sag verður að hreinsa daglega úr verkstæðinu.
- Tuskur og tvist o. þ. h., sem orðið er gegndreypt í olíu, ber að geyma í járnkassa með járnloki. Sé skild. ekki gætt, hækkar iðgj. um 40%.

#### Tunnuverksmiðjur.

Sjá trésmíðaverkstæði.

Ullarverksmiðjur .....	{A.	3	4,5	8,4	10,8
	{B.	2,4	3,6	6,7	8,6
	{C.	1,8	2,7	5	5
Alm. skild. a., b. og c.					
Úrsmíðaverkstæði .....	{A.	2	3	7	9
	{B.	1,6	2,4	5,6	7,2
	{C.	1,2	1,8	4,2	4,2
Veiðarfæraviðgerðir .....	{A.	5	7,5	12	14,5
	{B.	4	6	9,6	11,6
	{C.	3	4,5	7,2	7,2

		I.	II.	III.	IV.
166					
7. okt.					
Vélsmiðjur .....	{A.	3	4,5	8,4	10,8
Alm. skild. a.	{B.	2,4	3,6	6,8	8,6
Skild. um aflvélar.	{C.	1,8	2,7	5	5
	{A.	3	4,5	7	9
Veitingastaðir (hús), matsala, kaffisala o. fl. ...	{B.	2,4	3,6	6,8	8,6
	{C.	1,8	2,7	5	5
Fyrir leiksýningar um stundarsakir, sjá leikhús, stafl. b.					
	{A.	2,5	3,75	7,5	10,5
Verzlunar- og vörugeymsluhús .....	{B.	2	3	6	8,4
Alm. skild. e.	{C.	1,5	2,7	4,5	4,5
	{A.	3	4,5	8,4	10,8
Þvottahús og þvottastöðvar .....	{B.	2,4	3,6	6,7	8,6
	{C.	1,8	2,7	5	5
	{A.	3	4,5	8,4	10,8
Ölgerð og gosdrykkja .....	{B.	2,4	3,6	6,7	8,6
Sérskild. um aflvélar.	{C.	1,8	2,7	5	5
Alm. skild. a.					

#### Lausafjáridgjöld.

Iðgjöld fyrir lausafé eru samkvæmt gjaldskrá Sambands brunatryggjenda á Íslandi (SBÁÍ), útgefinni 1. janúar 1949, en félagið er meðlimur í sambandinu. Breytingar, sem kunna að verða gerðar á gjaldskrá SBÁÍ, gilda einnig fyrir félagið, á meðan það er aðili að sambandinu.

Flokkunarreglur þessar og iðgjaldaskrá öðlast gildi 15. október 1949, og eru jafnframt úr gildi felldar flokkunarreglur og iðgjaldaskrá frá 15. október 1932 og auglýsing um breyting á flokkunarreglum og iðgjaldaskrá Brunabótafélags Íslands frá 15. okt. 1932, útgeft 9. okt. 1947.

*Félagsmálaráðuneytið, 7. október 1949.*

F. h. r.

Jónas Guðmundsson.

*Gisli Jónasson.*

167

10. okt.

## REGLUGERÐ

um brunavarnir og brunamál.

### I. Almenn ákvæði.

#### 1. gr.

Reglugerð þessi gildir:

- Í kaupstöðum, nema Reykjavík, og í kaupþúnum, sem hafa 200 íbúa eða fleiri, hvort heldur eru sjálfstæð hreppsfélög eða hluti úr hreppsfélagi. Skal á hverjum stað kjósa brunamálanefnd og skipa slökkvilið, er búið sé þeim slökkviliðum, sem ákveðið er í brunamálasamþykkt.
- Í sveitum eftir því, sem við getur átt, og kemur þá hreppsnefnd í stað brunamálanefndar og bygginganefndar og oddviti eða fulltrúi hans, kosinn af hreppsnefnd í stað slökkviliðsstjóra.

## 2. gr.

Í kaupþúnum, þar sem ekki er byggingarsamþykkt, svo og í sveitum, skal hreppsnefnd eða fulltrúi hennar taka ákvarðanir um þau mál, er snerta brunavarnir og ella eru í byggingarsamþykkt.

## 3. gr.

Starf yfirumsjónarmanns brunavarna nefnist í reglugerð þessari brunavarnaeftirlit ríkisins eða brunavarnaeftirlitið.

## 4. gr.

Sveitarstjórn gerir með samþykki brunavarnaftirlits ríkisins samþykkt um þau atriði brunamála, sem greinir í reglugerð þessari, og önnur, er snerta kaupstaðinn (kaupþúnið) sérstaklega.

## II. Stjórn brunamála.

## 5. gr.

Bæjarstjórnnum í kaupstöðum og hreppsnefndum í kaupþúnum og sveitum skal skylit að annast og kosta brunamálaeftirlit og brunavarnir, samkvæmt ákvæðum laga nr. 37 1. apríl 1948, um brunavarnir og brunamál, og reglugerðar þessarar, og hafa eftirlit með, að þeim sé hlýtt.

## 6. gr.

Bæjarstjórn í kaupstöðum, en hreppsnefnd í kaupþúnum, sem reglugerð þessi nær til, skal kjósa brunamálanefnd og skipa slökkvilið, er búið sé þeim slökkviliðum, sem ákveðið er í brunamálasamþykkt, sbr. 4. gr. Í kaupstöðum er heimilt að fela bæjarráði störf brunamálanefndar.

Bæjarstjóri eða hreppsnefndaroddiviti, ef hann er búsettur innan kaupþúsins, skal vera formaður nefndarinnar, ella skal hreppsnefnd kjósa formann, er sé búsettur í kaupþúnum. Auk formanns skal nefndin skipuð minnst 2 mönnum, sem kosnir eru til fjögurra ára í senn, og 1—2 mönnum til vara. Um endurkosningu gilda sömu reglur og í öðrum slíkum nefndum. Að minnsta kosti 1 nefndarmanna skal vera byggingafróður (húsameistari, trésmiður eða múrari). Enn fremur skal eiga sæti í nefndinni lögreglustjóri (hreppstjóri) eða fulltrúi hans. Nefndin kys sér varaformann.

Nefndin skal halda fundi svo oft, sem þörf er og jafnan, ef slökkviliðsstjóri eða lögreglustjóri æskir þess. Nefndin er starfhæf, ef meiri hluti hennar er á fundi. Um ákvarðanir ræður afl atkvæða, en ef atkvæði eru jöfn, ræður atkvæði formanns. Nefndin skal halda gerðabók. Slökkviliðsstjóri, eða í forföllum hans varaslökkviliðsstjóri, skal sitja fundi brunamálanefndar. Hann hefur þar tillögurétt, en ekki atkvæðisrétt, og á rétt á að fá bókað álit sitt í gerðabók nefndarinnar.

## 7. gr.

Bæjarstjórn (hreppsnefnd) skal leita umsagnar brunamálanefndar um öll mál, er snerta brunamál kaupstaðarins (kaupþúsins). Hún skipar slökkviliðsstjóra og varaslökkviliðsstjóra að fengnum tillögum brunamálanefndar og ákveður þeim laun eða þóknun fyrir starf þeirra, er greiðist úr bæjarsjóði (sveitarsjóði).

## 8. gr.

Brunamálanefnd skal hafa á hendi, undir umsjón bæjarstjórnar eða hreppsnefndar, eftirlit með brunavörnum og slökkviliði. Hún skal sjá um, að framkvæmd þessara mála sé samkvæmt lögum og reglugerðum og láta sér annt um nauðsynlegar umbætur á þessu sviði.

- 167** Brunamálanefnd tilnefnið aðra starfsmenn slökkviliðsins en slökkviliðsstjóra, 10. okt. og varaslökkviliðsstjóra eftir tillögum slökkviliðsstjóra og samkvæmt heimild bæjarstjórnar eða hreppsnefndar um greiðslu þóknunar fyrir starfið. Í samþykkt (sbr. 4. gr.) má ákveða að fastir starfsmenn skuli ráðnir af bæjarstjórn eftir tillögum brunamálanefndar.

### III. Slökkvilið og slökkvitæki.

#### 9. gr.

Slökkviliðsstjórinn, en í forföllum hans varaslökkviliðsstjórinn, er yfirmaður og stjórnandi alls slökkviliðsins. Hann hefur og umsjón með slökkvitækjum öllum.

Kynna skal almenningi á staðnum, á hagkvæman hátt, hver sé slökkviliðsstjóri, hvar hann býr og hverjir séu honum næstir yfirmanna í slökkviliðinu. — Slökkviliðsstjóri og varaslökkviliðsstjóri mega aldrei vera báðir burtu af staðnum, nema settur sé varamaður í þeirra stað á meðan í samráði við brunamálanefnd.

Sveitarstjórn ákveður, eftir tillögum brunamálanefndar, hver einkenni slökkviliðið skuli bera, þegar það er að starfi sínu.

#### 10. gr.

Allir verkfærir karlmenn 18—55 ára að aldri, sem heimilisfastir eru í kaupstaðnum (kaupþúninu), að undanskildum presti, lækni, lyfsala og símstjóra, og þeim mönnum, sem með læknisvottorði sanna, að þeir séu ekki færir til vinnu, eru skyldir til þjónustu í slökkviliði.

Skulu þeir vera skyldir að mæta við æfingar allt að 4 sinnum á ári og auk þess tafarlaust, hvenær sem eldsvoða ber að höndum. Heimilt er brunamálanefnd að undanþiggja menn 50 ára og eldri, svo og menn aðra en þá, sem taldir eru í 1. málsg. er hafa sérstökum störfum að gegna.

Slökkviliðsstjóra er heimilt að kveðja svo marga menn til aðstoðar við að slökkva eld, sem hann telur þörf fyrir, og getur enginn skorast undan þeirri skyldu. Þeir, sem þannig taka þátt í slökkvistarfi eða æfingum, skulu inna það af hendi endurgjaldslaust, en hafa sama skaðabótarétt á hendur sveitarsjóði sem slökkviliðsmenn.

Heimilt er sveitarstjórn að ákveða í samþykkt, að liðsmenn slökkviliðsins fái greiðslu fyrir hverja klukkustund, er þeir eru sérstaklega til þess kvaddir að vinna í þjónustu þess við æfingar, eða við að slökkva eld, eftir gjaldskrá, er sveitarstjórn setur.

Bæjarstjórn í kaupstöðum er heimilt að ákveða í samþykkt, að slökkviliðið skuli skipað fastráðnum liðsmönnum og ákveða tölu þeirra og þóknun fyrir starfið. Má þá jafnframt takmarka þegniskyldu til þjónustu í slökkviliði eða fella hana niður.

Það er skylda hvers og eins, sem viðstaddur er eldsvoða, hvort sem hann er í slökkviliðinu eða ekki, að láta í té alla þá aðstoð, sem hann getur, ef slökkviliðsstjórinn krefst þess, og hlýða í öllu fyrirskipunum slökkviliðsstjóra. Það er skylda hvers eins, er verður var við að eldsvoði sé að koma upp, að hefja viðvörunarkall og gera slökkviliðinu aðvart á þann hátt, sem fyrir er mælt í samþykkt eða á annan hátt.

#### 11. gr.

Slökkviliðsstjóra er skylt að sjá um, að æfingar séu haldnar svo oft á ári, sem áskilið er í samþykkt.

Slökkviliðsstjóri stjórnar æfingum slökkviliðsins og ber ábyrgð á, að ávallt séu nógu margir í slökkviliðinu, og það sé vel æft. Þegar eldsvoða ber að höndum ákveður hann, hvernig slökkviliðinu skuli fyrir komið, og allt hvað gera skuli til

þess að slökkva eldinn og varna útbreiðslu hans. Þó má hann ekki rífa niður hús til varnar útbreiðslu elds, nema samþykki lögreglustjóra komi til, eða þess, er fer með umboð hans við eldsvoðann. Ef slökkviliðsstjóri er forfallaður, gengur vara-slökkviliðsstjóri í hans stað, og sé hann heldur ekki viðstaddur, þá hefur yfirstjórn á hendi sá af liðsmönnum, sem slökkviliðsstjóri, í samráði við brunamálanefnd, hefur fyrir fram ákveðið til þess.

Slökkviliðsstjóri getur sagt upp liðsmönnum slökkviliðsins án nokkurs fyrirvara, ef hann finnur ástæðu til, og ráðið aðra í þeirra stað til bráðabirgða, en þó skal hann gera brunamálanefnd grein fyrir uppsögninni og ræður hún síðan menn í stað þeirra, sem vikið hefur verið úr liðinu. Allir liðsmenn í slökkviliðinu eru skyldir til að tilkynna slökkviliðsstjóra með viku fyrirvara, ef þeir af gildum ástæðum geta ekki gegnt starfi sínu í slökkviliðinu.

Flokksstjórar skulu skyldir til að tilkynna slökkviliðsstjóra, ef þeir fara burt úr kaupstaðnum daglangt, og liggur sekt við, ef út af er brugðið.

#### 12. gr.

Sérhver slökkviliðsmaður er, að viðlagðri sekt, skyldur til að mæta til æfinga og til þess að slökkva eld, þegar hann er til þess kallaður, hvar sem hann er innan lögsagnarumdæmis kaupstaðarins eða kaupsins, og hlýða þá í öllum atriðum, öllu því, er yfirmaður hans skipar honum. Enginn má heldur, án leyfis yfirmanna, yfirgefa eldsvoða, áður en slökkt er, né slökkviliðsæfingu, áður en henni er lokið.

#### 13. gr.

Lögreglustjóri, ef hann býr í kaupstaðnum eða kaupsinu, en ella þar búsettur fulltrúi hans, skal ásamt lögregluliði kaupstaðarins eða kaupsins annast löggæzlu við slökkviliðsæfingar og eldsvoða. Við æfingar og eldsvoða skal lögregluliðið vera undir yfirstjórn slökkviliðsstjóra.

Lögregluliðið skal í samráði við slökkviliðsstjóra halda uppi góðri reglu við eldsvoða og æfingar, sjá slökkviliðinu fyrir greiðum aðgangi að brunastað, stöðva umferð um nærliggjandi götur, afgirða svæði, sem slökkviliðið þarf fyrir áhöld sín, fjarlægja þaðan allt óviðkomandi fólk og taka í sína umsjá muni, sem bjargað er frá bruna, þar til þeir eru afhentir réttum aðilum. Brunamálanefnd kveður til aðstoðar lögregluliðinu hæfilega marga menn meðal þeirra, er skyldir eru til þess að vera í slökkviliðinu.

#### 14. gr.

Slökkviliðsmenn allir, sem tilkvaddir eru af slökkviliðsstjóra, skulu skyldir að hlýða boðum hans og annarra yfirmanna sinna. Þeir skulu njóta verndar og réttinda opinberra starfsmanna, þá er þeir eru að starfi sínu. Slökkviliðsmenn og aðrir, sem vinna að eldvörnum eftir kvaðningu slökkviliðsstjóra eða lögreglustjóra, skulu vera slysatryggðir við æfingar og störf sín í þágu eldvarna, samkvæmt ákvæðum laga um slysatryggingu.

Þeir, sem skemma fót sín í þágu eldvarna, eiga rétt á að fá skemmdirnar endurgreiddar úr bæjarsjóði eða sveitarsjóði, enda séu þau ekki vátryggð gegn eldtjóni í einhverju brunabótafélagi. Skemmdir skal meta, ef ekki næst samkomulag.

#### 15. gr.

Ákveða skal í samþykkt, hver slökkviahöld og tæki til öryggis eða björgunar úr eldi, kaupstaðir eða kaupsin skuli eiga, sbr. 4. og 6. gr.

Þar, sem er til vatnsveita, nothæf til eldvarna, skal setja upp hæfilega marga brunahana, ella skal skylt að tryggja sem bezt vatn til að slökkva eld, með brunnum, vatnsþróm, uppistöðum í lækjum o. s. frv.

Það er á ábyrgð umsjónarmanns vatnsveitunnar og slökkviliðsstjóra, að allir



10. okt. **167** brunahanar séu óskemmdir og ávallt í nothæfu standi, hvenær sem vatn þarf að taka úr þeim. Enginn má taka vatn úr brunahönum, né hreyfa við þeim að nokkru leyti, nema hann hafi til þess fengið leyfi slökkviliðsstjóra og umsjónarmanns vatnsveitunnar.

Slökkviáhöld skal geyma í slökkvistöð í eldtraustum húsakynnum, eftir því sem við verður komið.

#### 16. gr.

Skylt er sérhverjum húseiganda að leyfa, að vatn sé tekið úr vatnshönum í húsi hans til að slökkva með eld, gegn fullu endurgjaldi úr bæjarsjóði fyrir skemmdir á húsi og öðrum fjármunum, sem af því hlýzt, og má enginn, sem í húsinu er, leggja tálmanir fyrir, að slökkviliðið hafi greiðan aðgang að vatnshönum í húsinu. Meðan verið er að slökkva eldsvoða, eru bæjarbúar skyldir að takmarka vatnsnotkun sína svo, að þeir noti vatn aðeins til nauðsynlegustu heimilisþarfa.

#### 17. gr.

Ef hús brennur þar, sem vatnsveita liggur ekki að, eða vatn úr brunahönum nægir ekki, er sérhverjum skylt að lána þau tæki, er hann hefur, til að flytja í vatn og leyfa að vatn sé tekið úr vatnsbólum þeim, sem á lóð hans eru, eða hann hefur umráð yfir. Ef tæki, sem lánað hefur verið, skemmist eða týnist, skal fullt endurgjald koma fyrir úr sveitarsjóði.

### IV. Reykháfar og eldfæri.

#### 18. gr.

Reykháfar í húsum skulu steyptir úr sterkri steinsteypu eða gerðir úr öðru jafneldtraustu efni, standa á fastri undirstöðu og hvíla aldrei á timburgólfi. Reykháfur má ekki hallast meira en  $15^\circ$  frá lóðréttri línu og aldrei út yfir stiga, nema með leyfi bygginganefndar.

Reykháfar skulu að jafnaði vera ferstrendir, veggþykkt þeirra eigi minni en 12 cm og innanmál 23 cm á hvern veg. Þeir skulu ná minnst 65 cm upp fyrir húsmæni eða gerðir þannig, að lárétt fjarlægð frá reykháfsopi til þakflatar sé minnst 3 m. Innanfletir reykháfa skulu vera sléttir, og holrúm þeirra má ekki skerða með leiðslum eða öðru, nema að fengnu leyfi slökkviliðsstjóra.

Óheimilt er að hækka reykháf með pípum, nema með leyfi slökkviliðsstjóra.

Sé reykháf ætlað að flytja svo mikinn reyk, að 23 cm vídd nægi ekki, eða þurfi reykháfur að ná meira en 3 metra upp úr þaki, ber að fara eftir fyrirmælum í byggingarsamþykkt.

#### 19. gr.

Þar, sem reykháfur liggur í gegnum timburgólf, þak eða timburvegg, skal fjarlægð vera minnst 23 cm frá innri brún reykháfs að máttarviðum.

Gólf-, loft- og veggklæðningar, svo sem gólfdukur, veggfóður eða því um líkt, mega ganga að reykháf, en ekki vera festar við hann. Yfir samskeyti má leggja lista, er festur sé við reykháfinn með múrnöglum.

Reykháf má aldrei þilja eða klæða með pappa eða striga. Þó skal heimilt að mála reykháf og líma á hann veggfóður. Úthliðar hans skulu ætíð vera sýnilegar og auðvelt að komast að þeim til viðgerðar. Ekki má reykháfur liggja að fataskáp. Utan um hverja pípu frá eldstæði skal múra járnhring í reykháfinn, þannig gerðan, að hvorki pípan né hringurinn geti ýtzt inn fyrir innri brún reykháfsins.

#### 20. gr.

Á hverjum reykháf skulu vera nægilega mörg, en þó aldrei færri en tvö  $23 \times 23$  cm sótop, svo að auðvelt sé að hreinsa hann og ná sóti úr honum. Sótopi skal loka

með járnhurð í járnumgerð, og skal gerð hennar háð samþykki slökkviliðsstjóra, sem ákveður fjölda sótopa eftir stærð húsa. **167**

10. okt.

Reykháf má ekki taka í notkun, fyrr en hann er fullgerður og allt mótatimbur fjarlæggt.

Reyk frá eldstæðum, sem kynt eru kolum eða öðru föstu eða fljótandi eldsneyti, skal leiða í reykháfa um hlaðna eða steipta reykginga eða minnst 10 cm víðar járnþipur.

Fjarlægð frá innri brún reykleiðslna að timbri eða viðarlíki skal ávallt vera minnst 23 cm. Reykþipur úr járnri mega ekki vera lengri en 3 m, nema með leyfi byggingarnefndar. Þær skulu leiddar stytztu leið í reykháf á sömu hæð og eldstæðið.

#### 21. gr.

Fjarlægð eldstæðis frá timbri eða viðarlíki skal vera minnst 23 cm. Gólf undir eldstæðum skal lagt málmplötum eða öðru eldtraustu efni, er nái minnst 30 cm fram fyrir þau og 23 cm til annarra hliða. Sé um límofn eða annað eldstæði að ræða á verkstæðum, þar sem farið er með eldfim efni, skal gólfið þakið eldtraustu efni minnst 50 cm út fyrir ytri brún eldstæðisins á alla vegu, og fyrir framan eldholið skal auk þess hafa 50 cm háan kassa úr málm, festan við ofninn, svo að glæður úr honum hljóti að falla í kassann.

#### 22. gr.

Opin eldstæði (kaminur) má því aðeins hafa í timburhúsum eða steinhúsum með timburgólfi, að slökkviliðsstjóri hafi samþykkt umbúnað þeirra. Skal hvert slíkt eldstæði ávallt vera í beinu sambandi við reykháf, sem flytur ekki reyk frá öðrum eldstæðum.

#### 23. gr.

Slökkviliðsstjóri skal, í samráði við brunavarnaeftirlitið, samþykkja gerð og allan frágang lofthitunarofna.

Miðstöðvarköttlum, sem hafa stærri hitaflöt en 2,0 m<sup>2</sup>, skal koma fyrir í sérstökum herbergjum, múruðum eða sementshúðuðum í hólfi og gólf. Eldnaema hluti má ekki geyma nær miðstöðvarköttlum eða reykleiðslum frá þeim en í 50 cm fjarlægð.

Öll eldunar- og hitunartæki, sem geta orðið heitari en 100° Celsius, skulu ætíð vera minnst 23 cm frá timbri eða viðarlíki, þótt ekki séu hituð með eldi.

### V. Olíukynditæki til upphitunar húsa.

#### A. Almenn ákvæði.

#### 24. gr.

Sérhver húseigandi, sem kemur fyrir olíukynditækjum í húsi sínu, í sambandi við reykháf, hvort heldur um er að ræða nýja kyndistöð, eða eldri kyndistöð, sem áður hefur verið kynt á annan hátt, skal tilkynna kyndibúnað þennan til slökkviliðsstjóra, en í sveitum til oddvita eða skipaðs eftirlitsmanns, sem síðan lætur framkvæma skoðun og gefur út vottorð um ástand kyndibúnaðarins. Óheimilt er að taka kynditækin í notkun, fyrr en vottorð liggur fyrir um, að fulltrúi brunavarnaeftirlitsins hafi samþykkt búnað allan og leyft, að þau verði tekin í notkun.

Þau tæki, sem hafa verið sett upp, áður en reglugerð þessi öðlast gildi, skulu tafarlaust tilkynnt, svo þau hljóti viðurkenningu á sama hátt og ný tæki.

Óheimilt er að gera breytingar á kynditækjum, er sett hafa verið upp, nema með leyfi skoðunarmanns.

167

10. okt.

Áður en oliukynditækjum er komið fyrir í eldstæði, sem áður hefur verið kynnt á annan hátt, skal framkvæma gagngerða sóthreinsun á eldstæðinu og öllum reykögungum.

26. gr.

Einungis þau oliukynditæki má selja og setja upp, sem viðurkennd hafa verið af brunavarnaeftirlitinu. Öllum kynditækjum skal fylgja leiðarvisir um uppsetningu og notkun.

Rafbúnaður allur skal fullnægja kröfum rafmagnseftirlits ríkisins.

27. gr.

Sá einn má annast uppsetningu oliukynditækja, sem til þess hefur hlotið viðurkenningu brunavarnaftirlitsins, og ber hann ábyrgð á, að búnaður allur sé samkvæmt reglugerð þessari.

*B. Hitun með eldsneytisolíu, sem hefur blossamark hærra en 60° C.*

28. gr.

*Staðsetning og stærð oliugeyma.*

1. Oliugeymir utanhúss skal í kaupstöðum og kaupúnum grafinn í jörð, nema þar sem slökkviliðsstjóri heimilar að hafa hann ofanjarðar. Grafa skal fyrir undirstöðu geymis svo djúpt, og búa vel um, að frost eða grunnvatn raski ekki legu hans, og skal fylla þétt að með sandi eða mól. Fylling ofan á geymi skal vera minnst 60 cm. Geyminn skal ryðverja að utan með tjöru, biki, eða öðru slíku efni.

Þar sem heimilt er að hafa geymi ofanjarðar, má hann ekki vera nær timburvegg en 5.0 metra. Skal búa um geyminn á traustri undirstöðu, svo hann raskist ekki.

2. Oliugeymi má hafa innanhúss, enda sé fullnægt eftirfarandi skilyrðum:

Oliugeymum, er rúma samtals yfir 3000 lítra, skal koma fyrir í sérstökum geymsluklefa í kjallara hússins, nema slökkviliðsstjóri heimili annan stað, eða í sveitum, fulltrúi brunavarnaftirlitsins. Til þess að geyma slíkan oliuforða innanhúss þarf leyfi slökkviliðsstjóra, er segir fyrir um nauðsynlegar ráðstafanir til öryggis. Gólf, veggir og loft klefa skal vera fullkomlega þétt og úr eldtraustu efni. Veggir úr járnbentri steypu skulu vera minnst 10 cm þykkir, en 20 cm ef steypa er ójárnbent. Ljósambúnaður skal vera fullkomlega eldtryggur. Dyr á geymsluklefa mega ekki vera neðar en svo, að fyrir neðan þröskuld rúmist allur sá oliuforði, sem mest er ætlað til, að hægt sé að geyma innan klefans. Hurðir skulu opnast út, vera eldtraustar og sjálflokandi. Sérstök loftrás með öryggisneti skal vera frá geymsluklefa undir bert loft.

Enginn innanhússgeymir má rúma meira en 10000 lítra og í geymaklefa mega ekki vera fleiri en 3 slíkir geymar. Samanlagður oliuforði innanhúss má aldrei vera meiri en 30000 lítrar.

3. Oliugeymum, er rúma samtals allt að 3000 lítra, má koma fyrir í sérstöku kjallaraherbergi, sem ekki er notað til annarra þarfa, og eldstæði er ekki í.

Til þess að geyma slíkan oliuforða innanhúss þarf leyfi slökkviliðsstjóra, er segir fyrir um nauðsynlegar ráðstafanir til öryggis.

4. Oliugeymi eða dagneyzluhylki, er rúmar allt að 200 lítra, í íbúðar- eða verzlunarhúsi, en 1500 lítra í verksmiðjuhúsi, má koma fyrir í kyndistöð hússins, ef fullnægt er eftirfarandi kröfum:

Gólf skal vera úr eldtraustu efni, hurð, veggir og loft, sem ekki eru úr

eldtraustu efni, skulu klædd eldtraustu efni til logavarnar. Hurð skal opnast út. **167**

Geymum skal þannig fyrir komið, að hvorki þeir eða pípan frá þeim geti hitnað frá eldstæðinu, eða að leki frá þeim geti runnið til eldstæðisins eða í reyk göng eða reykþípur. Skal á fulltryggan hátt séð fyrir leka frá geymum annað hvort á þann hátt, að hafa þá í steinsteyprí þró, sem rúmi allt innihald þeirra, eða að runnið geti frá þeim beint í skolplögn, t. d. að gólfrist í kyndistöðinni. 10. okt.

### 29. gr.

#### *Oliugeymar og olíupípur.*

Geymar fyrir eldsneytisolíu skulu vera úr stálplötum, rafsoðnir eða hnoðaðir, og efnisþykkt þeirra hið minnsta, sem hér segir:

Geymar fyrir allt að	150 l	plötubykkt	1.5 mm
— —	150 til 500 l	—	2.0 —
— —	500 til 1500 l	—	2.5 —
— —	meira en 1500 l	—	3.0 —

Ekki má nota glerþípur til þess að sýna olíuhæð í geymi. Olíuhæðarvisum skal þannig fyrir komið, að ekki geti lekið út með þeim.

Olíupípur allar skulu vel festar og þannig fyrir komið, að þær verði ekki fyrir höggum eða annarri áreynslu utan frá. Efni þeirra skal vera járn eða annar nægilega traustur málmur. Pípukeyti öll skulu vera á sýnilegum, aðgengilegum stöðum. Slöngur eða hreyfanlegar pípur má ekki nota.

Geymsluhylki skulu vera með læstum áfyllingarstút. Sé geymir innanhúss, skal áfyllingarstúturinn ná út úr útvegg eða vera rétt fyrir innan læst op í útvegg.

Á hverjum geymi skal vera loftþípa, sem endi undir beru lofti. Skal pípuendinn beygður niður, svo ekki geti rignt eða fennt inn í pípunu. Fyrir pípuopinu skal vera net úr málmþræði (476 möskvar á ferþumlung).

Neðarlega á geymi mega ekki vera önnur göt eða stútar, en þau sem ætluð eru fyrir píputengingar til brennara eða dagneyzluhylkis eða annarra geymsluhylkja. Þó má botnlás vera á geyminum, en hann skal jafnan vera lokaður með blindkraga.

Allir aðrir stútar skulu vera á efsta hluta geymisins. Ef geymir er stærri en svo, að hann rúmi 1000 lítra, skal mannsmuga vera á honum.

Á olíupípunni frá geyminum til brennarans skal vera lás eða loka, það langt frá eldstæðinu, að hættulaust verði komið að honum, þó loganum slái til baka fram úr eldstæðinu.

Ef dagneyzluhylki stendur hærra en eldstæðið eða ef dagneyzluhylki er ekki notað og olían er tekin beint frá aðalgeymi til brennarans og geymirinn stendur hærra en eldstæðið, skal pípubrotsloki vera á pípunni fast við hylkið eða geyminn.

Við litla geyma er þó leyfilegt að hafa ekki pípubrotsloka, en þannig skal gengið frá við geyminn, að þó pípan bresti, geti aldrei runnið meira frá honum en svarar til mestu notkunar við brennsluna.

Til þess að hindra að óhreinindi og vatn, sem kunna að vera í olíunni, komist til brennarans, skal síu og gruggglaði vörðu með vírneti komið fyrir á olíupípunni. Skal þetta vera sem næst geymi eða dagneyzluhylki.

Ef notuð er olíutunna sem dagneyzluhylki, skal höfð sama tunnan, en ekki skipt um, er tunnan tæmist.

Olíu má aldrei geyma í tunnum í kyndistöð.

### 30. gr.

#### *Brennarar og öryggistæki.*

Brennarar og öryggistæki skulu vera af gerð, sem hlotið hefur viðurkenningu brunavarnaeftirlitsins. Brennarar skulu vera sjálfvirkir.

**167** Ef kyndingin er ekki undir stöðugu eftirliti, skal litið til hennar öðru hvoru og oliukynditæki skulu búin fullkomlega öruggum útbúnaði, sem sjálfkrafa lokar fyrir oliuaðstreymið, ef eldurinn slokknar eða ef loftstraumurinn til brennarans stöðvast.

Sé hitastillingu þannig fyrir komið, að sjálfvirkur búnaður slökkvi og kveiki logann á ný, skal þannig frá gengið, að tveir eða fleiri kveikineistar komi hver á fætur öðrum, þegar brennsla á að byrja. Hins vegar skal svo langur tími líða milli oliuinnspýtinga, ef ekki kviknar, að fulltryggt sé, að allt gas eða eimur frá fyrri innspýtingu sé rokið út, þegar næsta innspýting kemur.

Vinni brennari með dragsúg og það kaldur, að ekki sé hætta á, að olían eimist af snertingu við hann, skal þannig gengið frá, að ef slokknar á brennarannum, renni olían í skál eða holla, sem með þyngd sinni hefur áhrif á lokunarþúnað, sem lokar fyrir oliuaðstreymið, enda séu slíkir eldhol ekki innmuruð eða í þeim hlutir, sem geta glóhitnað.

Þannig skal frá eldstæði gengið, að það sé ávallt opið út í reykhálf. Ef þannig er gengið frá reykspjalði, að hægt sé að loka því að fullu, skal hæfilega stórt gat sett á spjalðið. Sé vélsúgur notaður, skal loftsnældan annað hvort vera ástengd við hreyfil þann, sem knýr hana, eða knúin með fleygreimum, og skulu þá reimarnar vera að minnsta kosti tvær.

Aðalrofi fyrir rafstraum til oliukynditækja, skal vera utan við eða rétt innan við dýrnar inn í kyndistöðina.

### 31. gr.

#### *Hitun eldsneytisolíu.*

Olía, sem hefur blossamark fyrir ofan 60° C., má hita áður en hún fer til brennarans.

Til hitunar á oliunni má einungis nota heitt vatn eða mettaðan eim, sem hefur ekki meira en 3 kg/cm<sup>2</sup> yfirþrýsting, eða rafmagn.

Við rafmagnshitun skulu hitararnir vera fastir, fullkomlega lokaðir og með sjálfvirkum hitastilli (termostat). Sé slíkur hitari komið fyrir í geymi eða dagneyzluhylki, skal hitastilli þannig stillt, að hiti oliunnar við hitarann geti aldrei farið fram úr 55° C. Rafbúnaður allur við hitara og önnur tæki í sambandi við oliukynditækin skal vera samkvæmt kröfum rafmagnseftirlits ríkisins.

Afrás frá geymi skal ávallt vera fyrir ofan efsta hluta hitastillisins.

Sé gegnstreymishitari notaður, skal svo frá gengið með hitastilli, að hiti oliunnar geti aldrei farið fram úr hitastigi, sem er 10° fyrir neðan blossamark hennar.

*C. Sérstök ákvæði fyrir oliukynditæki, sem nota olíu með blossamarki undir 60° C.*

### 32. gr.

Leyfilegt er að nota til hitunar húsa og annarrar hitunar eldsneytisolíu, sem hefur blossamark neðan við 60° C., þó ekki neðan við 35° C. Þar sem slíkt eldsneyti er notað gilda sérákvæði 33.—35. gr.

### 33. gr.

Utanhúss má einungis geyma olíu í geymum, sem grafnir eru í jörð og má geymirinn mest rúma 1500 lítra. Verksmiðjur og stærri fyrirtæki geta þó fengið að hafa stærri olíuforða að fengnu sérstöku leyfi brunamálanefndar.

Innanhúss skal hafa geyma í lokuðum kjallaraherbergjum, sem ekki eru notuð til annars, sbr. 28. gr. Mesti forði, sem þannig er geymdur, má vera í kaupstöðum og kauptúnum 500 l, en annars staðar í strjálbýli 1500 l.

## 34. gr.

167

Þó oliukyndingartæki hafi sjálfvirkan lokunarútbúnað á oliuaðstreymi, sbr. 30. gr., skal svo frá gengið, að olía, sem kann að renna niður, nái aldrei til eldstæðis, en safnist fyrir í þar til gerðan geymi, eða renni beint að gólfríst í lokræsi.

Ef blöndunarbrennari er notaður, sem að nokkru eða öllu leyti eimar eldsneytið og blandar því við loftið, má ekki vera steinn eða múr í eldstæðinu. Slíkt efni getur valdið sprengingu vegna glóhitunar.

## 35. gr.

Oliú, sem hefur blossamark fyrir neðan 60° C., má ekki hita á neinn hátt áður en hún fer til brennarans.

*D. Gæzla og eftirlit.*

## 36. gr.

Þegar kveikt er á oliubrennara, hvort heldur er eftir stutta eða langa stöðvun brennslunnar, skal þess vandlega gætt, að sterkur loftstraumur hafi leikið um eldholið stundarkorn, áður en kveikt er. Reykspjöld og loftop neðan og framan á eldstæðinu skulu vera opin.

Sé brennari þannig gerður, að hita þurfi hann, áður en kveikt er, skal geyma vökva þann eða efni það, sem notað er við hitunina, í tilluktu íláti á góðum stað, hæfilega langt frá eldstæðinu.

## 37. gr.

Í geymslulefa eða kyndistöð má ekki geyma nein eldfim efni, svo sem tréull, tréspæni, pappír eða þess háttar. Ekki má heldur geyma þar sprengifim efni eða efni, sem sjálfkveikja getur stafað af.

## 38. gr.

Við dyr hverrar kyndistöðvar skal vera ílát, sem rúmi að minnsta kosti 25 l af þurrum sandi, ásamt hæfilega stórru reku. Skal nota sand þennan til þess að slökkva með eld, sem kynni að kvikna utan eldstæðisins.

## 39. gr.

Í hverri kyndistöð skal uppsetningarmaður oliukynditækis festa upp spjald, sem brunavarnaeftirlitið leggur til, með áprentuðum greinilegum leiðarvísí um gæzlu og hirðingu kynditækjanna.

## 40. gr.

Þar, sem er brunamálanefnd, skal hún skipa eftirlitsmann með oliukynditækjum. Í sveitum, þar sem ekki er brunamálanefnd, skal hreppsnefnd fá til eftirlitsstarfans svo færan mann, sem kostur er á. Eftirlitsmaðurinn skal hafa viðurkenningu brunavarnaftirlitsins, er heimili honum að annast uppsetningu slíkra tækja, sbr. 27. gr.

## 41. gr.

Eftirlit með oliukynditækjum skal fara fram tvisvar á ári.

Eftirlitsmaður skal færa í sérstaka bók, er brunavarnaftirlit ríkisins leggur til, stutta skýrslu um ástand tækja og annað, sem máli skiptir. Þar sem sami maður annast almennt eftirlit eldfæra, skal hann færa skýrslu sína í eftirlitsbók eldfæra. Í eftirlitsbók skal rita athugasemdir um skoðunina og gera grein fyrir því, sem talið er þurfa viðgerða við eða umbóta. Eftirlitsmaður skal setja hæfilegan frest til að lagfæra það, sem ábótavant er. Sé viðgerðin ekki framkvæmd innan tiltekins tíma,

167 skal slökkviliðsstjóri á þeim stöðum, þar sem hann er, en ella oddviti, kæra hús-  
10. okt. eiganda til sekta.

Ef eftirlitsmaður telur hættulegt að nota oliukynditæki vegna ólags eða bilunar, er honum heimilt að taka það tafarlaust úr notkun og fyrirbyggja notkun þess með innsigli, þar til viðgerð hefur farið fram. Brunavarnaeftirlitinu er heimilt að setja nánari reglur um oliukynditæki.

## VI. Hreinsun reykháfa og eldfæraeftirlit.

### 42. gr.

Í kaupstöðum og kauptúnum skal bæjarstjórn eða hreppsnefnd skipa sólara og eftirlitsmann með eldfærum, þar með talin oliukynditæki (sbr. V. kafla) eftir til-  
lögum brunamálanefndar, og setja þeim erindisbréf.

Bæjarstjórn eða hreppsnefnd skal setja samþykkt um framkvæmd starfsins og ákveða gjald fyrir það, er húseigendur greiði. Slík samþykkt öðlast gildi, er ráðu-  
neytið hefur staðfest hana. Gjöldin má taka lögtaki.

### 43. gr.

Húseigendur bera ábyrgð á því, að reykháfum í húsum þeirra sé vel við haldið  
og að sótarar hafi frjálstan og óhindraðan aðgang að sótopum reykháfa.

### 44. gr.

Sótarar skulu hreinsa reykháfa undir stjórn slökkviliðsstjóra og eru ábyrgir  
í starfi sínu gagnvart honum. Þeir skulu hreinsa reykháfana vel og koma sótinu  
fyrir á öruggum stað utanhúss. Verði sótarar varir vanrækslu í meðferð sótopa  
eða reykháfa, svo sem ef þeim er ekki haldið nægilega við, gerðir ónothæfir eða  
hættulegir, skulu þeir aðvara húseiganda, sem ber skylda til að bæta tafarlaust úr  
því, sem ábótavant er. Vanrækslu skal slökkviliðsstjóri kæra til sekta.

Í sveitum ber hver húseigandi ábyrgð á, að hreinsun reykháfa sé framkvæmd  
vandlega og svo oft sem þarf.

Sóturum ber að ganga eins hreinlega um húsin og auðið er og kappkosta að  
valda íbúum húsanna sem minnstum óþægindum. Umkvartanir á hendur sóturum  
skulu sendar slökkviliðsstjóra skriflega.

### 45. gr.

Reykháfa skal hreinsa svo oft, sem þörf gerist, og eigi sjaldnar en 3 sinnum á  
ári, ef þeir eru notaðir að staðaldri, nema slökkviliðsstjóri mæli öðruvísi fyrir.  
Brunamálastjórnin getur sett sérstök ákvæði um hreinsun reykháfa í húsum, þar  
sem heitt vatn er notað til hitunar og gas eða rafmagn til eldunar, en þvottapottar  
kyntir með kolum eða öðru eldsneyti.

Daginn áður en sóthreinsun fer fram, skal sótari tilkynna húseiganda og af-  
henda honum eyðublað, er húseigandi, eða annar í hans stað, undirritar að henni  
lokinni. Á þriggja mánaða fresti skal sótari afhenda slökkviliðsstjóra eyðublöðin  
sem skilríki fyrir því, að hreinsunin hafi farið fram.

### 46. gr.

Eftirlit með eldfærum, reykþípum og reykháfum skal fara fram að minnsta  
kosti einu sinni á ári hverju í öllum húsum í kaupstöðum og kauptúnum. Í sveit-  
um ber hver húseigandi, undir eftirliti hreppsnefndar, ábyrgð á, að eldfæri og reyk-  
háfar séu í góðu lagi.

Heimilt er hreppsnefnd að skipa eftirlitsmann og setja samþykkt um starfið og ákveða gjald fyrir það. 167

10. okt.

Í kaupstöðum og kauptúnum skal bæjarstjórn eða hreppsnefnd skipa sótara og eftirlitsmann með eldfærum eftir tillögum brunamálanefndar. Skulu þeir sjá um, að ákvæðum 13. gr. laga um brunavarnir og brunamál, svo og skilyrðum reglugerðar þessarar og öðrum fyrirmælum brunamálanefndar, sé fullnægt í hvívetna.

#### 47. gr.

Eftirlitsmönnum eldfæra ber sérstaklega að athuga:

Að frágangur eldfæra og reykháfa sé samkvæmt gildandi reglum og að þeim sé vel við haldið.

Að umgengni öll í miðstöðvarherbergjum og geymsla á eldsneyti sé eins og vera ber.

Að eldfim efni eða sprengiefni séu ekki geymd í húsum umfram það, sem leyfi-legt er, og að tryggilega sé frá þeim gengið.

Að handslökkvitæki hússins séu í lagi.

#### 48. gr.

Eftirlitsmenn skulu færa bækur um störf sín, þar sem tilgreint er, hvaða dag skoðun hefur farið fram í hverju húsi. Inn í bækurnar rita þeir athugasemdir sínar um skoðunina og gera grein fyrir því, sem þeir telja þurfa viðgerðar við og leggja fyrir, að það sé lagfært þegar í stað, ef þeim brunahætta stafar af, en ella setja þeir frest til að framkvæma viðgerðina. Sé viðgerðin ekki framkvæmd á tilteknum tíma, skal slökkviliðsstjóri kæra húseiganda til sekta samkv. 52. gr. laga um brunavarnir og brunamál.

Eftirlitsbækur eldfæra skulu viðurkennast af brunavarnaeftirliti ríkisins og skulu geymdar þar, sem brunavarnaftirlitið hefur greiðan aðgang að þeim.

Ef brunavarnaftirliti ríkisins þykir eitthvað ábótavant um framkvæmd eftirlitsins, er því heimilt að láta fara fram sérstakt eftirlit á kostnað bæjar- eða sveitarsjóðs.

#### 49. gr.

Heimilt er váttryggingarfélögum að láta fara fram athugun á eldfærum og reyk- háfum á sinn kostnað.

### VII. Um öryggistæki í húsum.

#### 50. gr.

Í samkomuhúsum, veitingahúsum, gistihúsum, skólum, sjúkrahúsum, ípróttahúsum, barna- og elliheimilum og öðrum slíkum stöðum, þar sem margt fólk kemur saman eða dvelst, svo og í verksmiðjum, vinnustofum, vörugeymslum, benzínafgreiðslum og öðrum þeim stöðum, sem brunavarnaftirlitið eða slökkviliðsstjóri telur nauðsynlegt, skulu vera nothæf handslökkvitæki.

Brunamálanefnd getur, að fengnu samþykki bæjarstjórnar (hreppsnefndar), látið setja brunaslöngur í samband við vatnsveitu húsanna á kostnað húseiganda, og er hann skyldur að viðhalda slíkum slökkvitækjum og endurnýja þau og má ekki nota þau til neins annars en slökkviráðstafana.

#### 51. gr.

Á þriðju hæð timburhúsa og ofar (kjallari, sem að hálfu leyti er grafinn í jörð eða meira, telst ekki hæð) ber að hafa björgunarkaðla, eða önnur jafngild björgunartæki, að minnsta kosti við einn glugga í hverri íbúð. Sama gildir um steinhús, sem



**167** að verulegu eða öllu leyti eru þiljuð með timbri. Í húsum, þar sem margt fólk kemur saman eða dvelst, sbr. 50 gr., ákveður brunamálanefnd í samráði við brunavarnaeftirlitið, hvar skuli hafa slík björgunartæki. Enn fremur hefur brunamálanefnd og brunavarnaftirlitið heimild til að fyrirskipa aðrar varúðarráðstafanir, er talið er þurfa, t. d. sérstakar viðvörðunarbjöllur í sambandi við raflagnir hússins.

#### 52. gr.

Slökkviliðsstjóri, í samráði við brunavarnaftirlitið, ákveður hverju sinni, hve mörg framangreind tæki skulu vera og hvar og hvernig þeim skuli fyrir komið, og segir fyrir um viðhald þeirra og endurnýjun.

Húseigendum er skylt að afla sér tækjanna á sinn kostnað og kosta uppsetningu þeirra og viðhald.

Handslökkvitæki eða björgunarkaðla má ekki selja almenningi hér, nema þau hafi verið viðurkennd af brunavarnaftirlitinu. Allir, er selja slík tæki, skulu leita viðurkenningar brunavarnaftirlitsins fyrir þeim.

### VIII. Varúðarráðstafanir í samkomuhúsum o. fl.

#### 53. gr.

Starfsemi á þeim stöðum, er um ræðir í 50. gr., eða aðra slíka, má ekki reka, nema brunamálanefnd hafi samþykkt húsnæði það, sem notað er, og að kröfum hennar um öryggi gegn eldsvoða sé fylgt í öllum greinum.

Framangreinda starfsemi skal ekki leyfa í nýjum húsum, nema þar sem burðarveggir, gólf og stigar eru úr eldtraustu efni og innveggir að minnsta kosti úr lítt eldnæmu efni. Í húsum, sem notuð eru til slíkrar starfsemi, er reglugerð þessi öðlast gildi, getur brunamálanefnd veitt undanþágu frá þessum kröfum, enda sé þá skylt að fylgja sérstökum fyrirmælum brunavarnaftirlitsins og brunamálanefndar um öryggi gegn eldsvoða.

#### 54. gr.

Í þeim húsum, sem um ræðir í 50. gr., skal eingöngu nota rafmagnsljós, þar sem þess er kostur, og sé umbúnaður rafmagnslagna, ljósa og tækja samkvæmt reglum rafmagnseftirlits ríkisins. Húseiganda ber að sjá um, að öllum þessum umbúnaði sé vel við haldið og hann fullnægi ávallt framangreindum reglum. Skal hann nægilega oft láta sannprófa, að svo sé, og senda slökkviliðsstjóra skýrslur eftirlitsmanns um slíka athugun. Þar, sem ekki er kostur rafljósa, skal um búnað olíuljósa eða annarra lampa hlíta ákvörðun slökkviliðsstjóra, en oddvita, þar sem ekki er slökkviliðsstjóri.

#### 55. gr.

Í samkomuhúsum, sem stöðugt eru notuð til kvikmynda- og leiksýninga, skulu stólar og bekkir vera fastir. Þó skal leyft að hafa lausa stóla í stúkum, er eigi taka fleiri en 10 áhorfendur. Fjarlægðin milli stólaraða, mælt frá sætisbaki að sætisbaki, skal vera minnst 80 cm, séu setur stólanna hreyfanlegar, en 1 m, sé setan föst. Breidd hvers stóls skal eigi vera minni en 50 cm.

Hvergi skulu vera fleiri sæti í röð en svo, að mest séu 12 sæti að næsta gangi eða annarri útgönguleið.

Breidd ganga milli sætaraða eða til hliðar, svo og breidd annarra ganga, stiga og dyra, sem nota þarf til útgöngu, skal ákveða þannig: Minnsta breidd þeirra sé 1.2 m fyrir fyrstu 150 áhorfendur og síðan 33 cm í viðbót fyrir hverja 50 áhorfendur, sem nota þurfa gangana, stigana eða dyrnar, og hlutfallslega fyrir annan fjölda. Þessa breidd ganga, stiga og dyra má hvergi skerða, svo sem með fatageymslum, horðum,

stólum eða lausamunum. Áhorfendur mega ekki standa á þessum stöðum meðan 167  
sýningar fara fram. 10. okt.

## 56. gr.

Allar dyr á samkomusölum og göngum frá þeim skulu opnast út og hurðir falla þannig að vegg, að þær skerði ekki útgönguleiðina. Skal ávallt vera hægt að opna þær fyrirvaralaust af hverjum sem er, og skulu þær greinilega auðkenndar með rauðum ljósum, og getur brunamálanefnd lagt fyrir, að ljós þessi séu frá sérstökum rafgeymum.

Í samkomusölum, þar sem 50 manns eða fleiri hafa sæti, skal ávallt hafa minnst tvær útgöngudyr, aðaldir salsins og varadyr, skal þeim þannig fyrir komið, að fólksstraumurinn greinist í tvær gagnstæðar áttir. Útgangarnir mega ekki liggja á sömu hlið hússins, heldur að tveimur götum eða hæfilega stórum húsagarði og götu, nema með leyfi brunamálanefndar.

Stigar mega aldrei liggja beint að útgöngudyrum. Frá stiga að dyrum skal ávallt vera a. m. k. 120 cm langur pallur. Frá áhorfendasvölum skulu vera minnst tveir stigar, lýstir utan frá um glugga á vegg eða þaki. Stigarnir mega ekki liggja niður í áhorfendasalinn, og fólksstraumnum frá þeim skal beint þannig, að hann rekist ekki á eða mæti fólki á leið að öðrum útgöngum.

Gluggatjöld, veggtjöld og dyratjöld úr eldnæmu efni eða efni, sem myndar mikinn reykt við bruna, má ekki nota í samkomusölum.

## 57. gr.

Leiksvið má ekki útbúa í samkomuhúsum nema með leyfi brunamálanefndar, enda samþykki hún allan umbúnað leiksviðsins.

Á leiksviðum skulu vera vatnsleiðslur með að minnsta kosti tveimur áföstum 1"—1½" víðum og minnst 5 m löngum slöngum með stútum. Slöngunum skal þannig komið fyrir beggja vegna með hliðum leiksviðsins, að auðvelt sé að komast að þeim og nota þær. Á hverju leiksviði skulu enn fremur vera að minnsta kosti tvö 9 lítra viðurkennd handslökkvitæki. Fyrir leiksviðinu skulu vera óeldfim tjöld, sem brunamálanefnd samþykkir.

Búningsherbergi leikenda, leiktjalda- og búningsgeymslur og útbúnaður þeirra allur skal vera háður samþykki brunamálanefndar.

## 58. gr.

Bannað er að halda opinberar jólatréssamkomur, nema leyfi lögreglustjóra eða hreppstjóra komi til. Má ekki halda þær í öðrum húsum en þeim, sem teljast vel útbúin til þess, m. a. um útbúnað dyra, stiga og annarra skilyrða til útgöngu. Ber sérstaklega að gæta ýtrustu varúðar um meðferð kertaljósa á jólatrjám og ljósa eða elds í kringum þau.

## 59. gr.

Reykingar eru bannaðar á áhorfendasvæðum leikhúsa og kvikmyndahúsa.

## 60. gr.

Öryggisútbúnaður í sýningarklefum kvikmyndahúsa skal vera samkvæmt reglugerð um öryggisútbúnað sýningartækja við kvikmyndasýningar, nr. 49 12. marz 1947.

## 61. gr.

Í húsum utan kaupstaða eða kauptúna, sem 2. gr. laga um brunavarnir og brunamál nær ekki til og þar sem margt fólk kemur saman eða dvelst, skal brunavarnaeftirlitið hafa sérstaka umsjón með öryggistækjum og umbúnaði, en falið getur það oddvita eða öðrum að framkvæma eftirlitið. Auk þess skal eigandi hússins til-

167 nefna ákveðinn mann, sem býr í húsinu eða í námunda við það, til þess að hafa á hendi stöðugt eftirlit með, að öryggistæki og umbúnaður sé jafnan í góðu lagi, svo sem fyrir er mælt í lögum og reglugerð eða lagt fyrir af brunavarnaeftirlitinu.

Kostnaður við slíkt eftirlit greiðist úr sveitarsjóði, en heimilt er að krefjast endurgreiðslu frá húseiganda, er í hlut á.

#### 62. gr.

Brunavörður skal ávallt vera til eftirlits í samkomuhúsum við leiksýningar, fjölleikasýningar og jólatrésskemmtanir. Brunamálanefnd getur enn fremur ákveðið, að brunavörður skuli vera í sýningarskálum, markaðsskálum, hlutaveltum og öðrum opinberum stöðum, þar sem miklu er komið fyrir af eldnæmum efnum. Brunamálanefnd setur nánari reglur um framangreinda brunavörzlu og ákveður gjald fyrir hana, er greiðist af eigendum samkomuhúsanna.

### IX. Bifreiðaskýli og bifreiðaverkstæði. Íbúðar- og peningshús í sveitum.

#### 63. gr.

Bifreiðaskýli og bifreiðaverkstæði í kaupstöðum og kaupstúnum skulu gerð úr steinsteypu eða öðru jafneldtryggu efni, nema þar sem brunamálanefnd heimilar aðra gerð.

Í sveitum er heimilt að gera slík skýli úr timbri, en þá skulu þau standa í minnst 10 metra fjarlægð frá timburhúsi, en 6 metra frá steinhúsi, nema eldvarnarveggur sé á þá hlið, sem að snýr.

Sömu ákvæði gilda um skýli til geymslu dráttarvéla eða annarra véla, sem nota benzín.

Benzínvélar til ljósa, súgþurrkunar eða annarra nota, skal búa um í eldtraustum klefum og má þar ekki geyma neitt eldfimt efni, nema eldsneyti í neyzluhyllki vélarinnar, er sé mest 25 l að rúmmáli.

#### 64. gr.

Bifreiðaskýli og bifreiðaverkstæði mega því aðeins vera í íbúðarhúsum eða sambyggð þeim, að engar dyr eða önnur op séu á milli þeirra og húsanna.

Séu bifreiðaskýli, sem byggð eru í sambandi við íbúðarhús, stærri en fyrir tvær bifreiðar, skulu þau hólfuð sundur með eldtraustum veggjum, svo að aldrei standi saman fleiri en tvær bifreiðar í hverju hólf.

#### 65. gr.

Heimilt er brunamálanefnd að setja sérstök fyrirmæli um fyrirkomulag, stærð og notkun bifreiðaskýla og bifreiðaverkstæða, sem rúma fleiri en 6 bifreiðar.

#### 66. gr.

Benzín má ekki vera í geymum bifreiða, sem sýndar eru í verzlunum eða geymdar um lengri tíma á stöðum, er fullnægja ekki þeim kröfum, sem gerðar eru til bifreiðaskýla almennt. Benzín má hvorki taka af né láta á geyma bifreiða á framangreindum stöðum. Rafgeymir bifreiðar skal tekinn úr sambandi, meðan bifreiðin er geymd þannig.

#### 67. gr.

Bifreiðaskýli og bifreiðaverkstæði má hvorki nota til geymslu á eldfimum efnum né til vörugeymslu almennt, nema því aðeins, að þiljað sé milli með eldtraustum vegg.

## 68. gr.

Bifreiðaskýli skulu vera loftræst með tveimur opum niður við gólf, sínu á hvor-  
um vegg, þar sem því verður við komið, annars á tveimur stöðum á framhlið.

167

10. okt.

## 69. gr.

Bifreiðaskýli og bifreiðaverkstæði má ekki hita upp með kolaofnum, gasofnum, olíuofnum, rafmagns-glóðarofnum né opnum eldstæðum.

Bifreiðaskýli og bifreiðaverkstæði skal lýsa upp með rafljósum, þar sem þess er kostur, og skulu leiðslur og annar ljósaútbúnaður vera samkvæmt reglum Rafmagnseftirlits ríkisins. Þar sem ekki er kostur rafmagns, má einungis nota vel byrgð ljósker.

Feitmengaðan tvist og tuskur má ekki geyma í bifreiðaskýlum eða bifreiðaverkstæðum, nema í eldtraustum loftþéttum ílátum.

Í bifreiðaskýlum og bifreiðaverkstæðum er bannað að reykja.

## 70. gr.

Í sveitum er frá þeim tíma, er reglugerð þessi öðlast gildi, óheimilt að reisa sambyggð bæjarhús og peningshús, nema þar, sem peningshús eru fyrir 6 gripi eða færri og húsín úr steinsteypu. Bannað er að hafa heyhliður sambyggðar við bæjarhús, nema peningshús sé á milli.

Jafnan skal gæta þess, að raflagnir fullnægi kröfum rafmagnseftirlits ríkisins.

Þar, sem vatnsveita er á sveitabæ, skal, eftir því sem komið verður við, hafa slöngu, sem tengja má við vatnsveituna, litla vatnsdælu, handslökkvitæki eða annan viðbúnað til þess að slökkva eld.

Um auð bil milli húsa í sveitum með tilliti til brunavarna gilda ákvæði 40. gr. laga um brunavarnir og brunamál.

## X. Verksmiðjur, vinnustofur og vöruheymsluhús.

## 71. gr.

Verksmiðjur, vinnustofur og önnur atvinnufyrirtæki, sem eldhætta stafar af, má ekki setja á stofn í kaupstöðum og kauptúnum, breyta né reka nema fullnægt verði kröfum brunamálanefndar um öryggisráðstafanir.

## 72. gr.

Nú sækir slíkt atvinnufyrirtæki um leyfi til rekstrar og leitar þá sveitarstjórn tillagna brunamálanefndar áður en leyfið er veitt. Brunamálanefnd setur hverju sinni þær reglur, er henni þykir þurfa, um stofnun og rekstur fyrirtækjanna, umfram þær almennu reglur, sem settar eru með þessari reglugerð. Sama gildir um þau fyrirtæki, sem þegar eru starfandi, en hafa ekki fengið leyfi brunamálanefndar til rekstrarins, eða fullnægja ekki settum skilyrðum fyrir slíkum rekstri.

## 73. gr.

Engin meiri háttar slík atvinnufyrirtæki má reka í húsum, sem jafnframt eru notuð til íbúðar. Minni háttar rekstur, sem telja má hættulítinn fyrir íbúa hússins, má hafa í íbúðarhúsi, að fengnu leyfi brunamálanefndar, enda sé þá fullnægt öllum þeim skilyrðum, sem brunamálanefnd kann að setja um reksturinn í slíkum húsum. Skal þess sérstaklega gætt, að húsnæði það, sem notað er til rekstrarins, sé nægjanlega einangrað frá hlibýlum manna með múrveggjum eða múrhuðun á veggjum og loftum. Atvinnurekstur, sem notar eldfim efni, sem sprengingarhætta stafar af, má aldrei fara fram í húsum, sem notuð eru til íbúðar.

167

10. okt.

Eldfim efni eða lausa hluti, svo sem eldsneyti, timbur, viðarlíki, hefilspæni, sag, bólstur, fatnað eða þess háttar, má ekki hafa nær gufukötlum, miðstöðvarkötlum, kolaofnum, límofnum eða öðrum eldstæðum og reykleiðslum frá þeim en í 50 cm fjarlægð, né láta þau liggja að rafmagnshreyflum.

74. gr.

75. gr.

Leiðslur fyrir ókælda gufu skulu vera tryggilega einangraðar eða a. m. k. 5 cm frá viðum og öðrum eldnæmum hlutum.

76. gr.

Glæður, gjall og annan úrgang úr eldstæðum skal láta í fullkomlega eldraust ílát úr málmí eða steini utanhúss.

77. gr.

Í verksmiðjum og vinnustofum, þar sem eldfim efni eru höfð um hönd, skal nota rafljós til lýsingar. Sé ekki hægt að koma því við eða ef bilun verður á rafmagnstækjum, rafmagnslögnum eða raforkugjafa, má einungis nota lokuð ljósker. Ljósaperur mega aldrei liggja að viðum eða viðarlíki. Í ofangreindum verksmiðjum og vinnustofum er bannað að reykja og nota óbyrgð ljós.

78. gr.

Rafmagnstaugar má ekki stytta með hnútum eða vefja þeim um króka, nagla eða aðra hluti, er leitt geta rafstraum. Þess skal og gætt, að einangrun rafmagnstauga skemmist ekki af núningi eða öðrum orsökum. Rafmagnslagnir má hvorki nota til að hengja á þær hluti né tengja við þær snúrur eða víra. Atvinnufyrirtækjum ber að sjá um, að allur rafmagnsbúnaður sé samkvæmt reglum rafmagnseftirlits ríkisins og að honum sé vel haldið við. Athugun á rafmagnsbúnaðinum skal að jafnaði fara fram einu sinni á ári eða eftir nánari ákvörðun slökkviliðsstjóra.

79. gr.

Fægigögn, svo sem tvist, tuskur, hamp o. þ. h., sem notuð hafa verið til að þurrka eða fægja vélarhluta, skal brenna á hverju kvöldi eða geyma á óhultum stað í eldtraustum, loftþéttum ílátum.

Annar eldnæman úrgang skal daglega eftir vinnutíma hreinsa burt af vinnustöðvum og flytja á öruggan stað, þar sem óviðkomandi menn eiga ekki aðgang að.

80. gr.

Eldnæma hluti, sem hafðir eru til umbúða eða notaðir til iðnaðar, svo sem tréspæni, hálm, hey, hamp, tvist, tréull o. þ. h., skal geyma í sérstöku herbergi, og má ekki hafa meira af slíkum efnum í vinnustöðvum en notað er hvern dag.

81. gr.

Í timbursmiðjum, húsgagnavinnustofum og öðrum verkstæðum, sem svipuð eldhætta stafar af, skal enn fremur gætt þessara varúðarreglna:

- a. Eld má ekki fara með, nema í eldstæði eða ofni. Fyrir framan hverja ofnhurð skal vera kassi úr málmí, er sé að minnsta kosti 50 cm á hæð, og sé hann þannig áfastur ofninum, að allar glæður og eldur úr honum detti í kassann.
- b. Þegar límpotturinn er tekinn af eldstæðinu, skal setja hann á málmplötu, er nái a. m. k. 8 cm út fyrir pottinn á alla vegu. Brún málmplötunnar skal beygð upp á við.

- c. Þar, sem ekki er rafmagnsljós, má eingöngu nota steinoliuvegglampa eða lokað ljósker, en hvorki borðlampa eða kertaljós. **167**
- d. Ekki má fleygja eldspýtu á gólfið, þegar kveikt hefur verið á henni, heldur skal fleygja henni í ofninn eða leggja hana á málmplötu eða annan stað, þar sem vissa er fyrir, að hún geti ekki kveikt eld frá sér. 10. okt.
- e. Tréspænicir, hey eða aðrir slíkir eldfimur hlutir, mega ekki liggja dreifðir um smíðahúsgólfið, dag frá degi. Á hverjum degi, að endaðri vinnu, skal þeim sópað saman og þeir hornir úr smíðahúsinu, eða þeim komið fyrir á sérstökum stað í smíðahúsinu, sem ætlaður er fyrir þá. Miklar birgðir af tréspónum skal geyma í lokuðum klefa, þar sem engin sérstök eldhætta getur stafað af.
- f. Miklar birgðir af trésmíðaeftni mega ekki liggja í göngum eða stígum, og heldur ekki utan við smíðahúsið, nema sérstakt leyfi brunamálanefndar komi til. Ekki má geyma meira eldfimt smíðaeftni í smíðahúsinu, en þarf til þess að vinnan verði innt af hendi viðstöðu- og tafarlaust.
- g. Þegar vinnunni er lokið að kveldi, og áður en smíðirnir fara úr smíðahúsinu, skal slökkva allan eld og ljós og loka húsinu, svo að óviðkomandi menn komist ekki í það.
- h. Í sérhverju smíðahúsi, þar sem vatnsveita er, skal vera sérstakur vatnskranir með viðfestri slöngu, ella skal vera þar slökkvitæki með slökkvívökva, af þeirri gerð, er brunavarnaeftirlitið tekur gilda. Brunamálanefnd getur veitt undanþágu frá þessum ákvæðum fyrir verkstæði, þar sem vinna að jafnaði aðeins 1—2 menn.
- i. Í sérhverju smíðahúsi skal vera prentað eintak af reglum þessum fest á vegg, þar sem auðvelt er að lesa það. Forstöðumaður smíðahússins skal sjá um, að reglum þessum sé hlýtt, og hinnar mestu varúðar sé að öllu leyti gætt í meðferð á eldi og ljósi.

## 82. gr.

Í verksmíðjuhúsum, vinnustöðvum og öðrum húsum, sem notuð eru til atvinnurekstrar, má ekki geyma neitt í anddyrum, göngum eða stígum, sem hindrað getur öðlilegan umgang um húsin.

## 83. gr.

Um útbúnað og rekstur acetylangasgerðar setur brunavarnaeftirlitið reglur, þegar þurfa þykir.

Birgðir af gas- og súrhyllkjum skal geyma í eldtraustum húsum, sem eru ekki sambyggð öðrum húsum. Engin önnur eldfim efni má hafa þar um hönd.

Á vinnustöðvum skal eigi hafa fleiri gas- eða súrhyllki en til daglegra nota, og skal þeim komið fyrir á sérstökum vögnum, svo að auðvelt sé að flytja þau úr stað. Þar skulu festar upp áskoranir á áberandi stöðum um, að menn komi hylkj-unum strax á öruggan stað, ef eldsvoða ber að höndum.

Þar, sem gas- og súrhyllki eru geymd, skal vera góð loftræsting og þess ávallt gætt, að auðvelt sé að komast að þeim og að þau geti ekki oltið um koll.

Ávallt skal fara varlega með gas- og súrhyllki. Þau mega ekki verða fyrir höggum og ekki vera notuð sem viðnám eða undirstaða við flutning hluta.

Hylkin má ekki setja nálægt hitaleiðslum, við opinn eld, nálægt eldfimum efnunum eða geyma þau í sólarhita.

Hönum hylkjanna skal ávallt loka vandlega, eftir að þau hafa verið notuð.

Við notkun súrhyllkja skal þess vandlega gætt, að feiti komist ekki að opum þeirra, krönum eða slöngum. Þau mega ekki standa þar, sem hætt er við, að feiti geti sletzt á þau, og varast skal að snerta þau með feitugum höndum.

167

10. okt.

84. gr.  
Brunamálanefnd lætur prenta og festa upp á vinnustöðvum, þar sem henni þurfa þykir, þær varúðarreglur, er hún telur nauðsynlegar.

85. gr.

Bygging og fyrirkomulag vörugeymsluhúsa í kaupstöðum og kauptúnum skal vera háð samþykki brunamálanefndar.

Í vörugeymsluhúsum skal ekki vera yfir 20 m milli eldtraustra veggja, nema samþykki brunamálanefndar komi til. Á slíka veggja má gera op, enda séu fyrir þeim eldtraustar hurðir. Hurðirnar skulu ávallt vera lokaðar, þegar ekki er verið að vinna í húsunum.

Í vörugeymsluhúsum má ekki reykja né nota óbyrgð ljós. Skal tilkynna það með greinilegum auglýsingum á áberandi stöðum.

## XI. Um geymslu á timbri o. fl.

86. gr.

Eigi má geyma timbur, kol, mó, hey, hálm, sag, hefilspæni eða önnur álíka eldfim efni, nema þar sem eigi getur stafað af þeim sérstök brunahætta og brunamálanefnd eða slökkviliðsstjóri í umboði hennar samþykkir, enda sé fylgt fyrir-mælum hans um geymsluna.

Innanhúss má geyma smáskammta af heimilisbirgðum, fjarri eldstæðum, þar sem ekki er ikveikjuhætta.

Viðarstakkar skulu ekki vera stærri en 60 m<sup>2</sup> og ekki hærrí en 5 m. Minnsta fjarlægð milli stakka skal vera 2 metrar og frá húsum 6.3 metrar, nema leyfi slökkviliðsstjóra komi til.

87. gr.

Gerð og fyrirkomulag húsa, sem ætluð eru til geymslu eða sölu á timbri, skal háð fyrirmælum brunamálanefndar.

Við þurrkun á timbri innanhúss skal fyrirkomulag þurrkklefanna og stöflun timbursins í þeim háð fyrirmælum slökkviliðsstjóra.

Í timburgeymsluhúsum og heyhlöðum má ekki reykja né nota óbyrgt ljós.

## XII. Um geymslu og meðferð eldfimra vökva.

88. gr.

Skip, sem flytja birgðir af benzini, steinolíu og öðrum álíka eldfimum vök-um og leggjast að bryggju, skulu fá leyfi hafnarstjóra og slökkviliðsstjóra til fermingar eða affermingar. Skal hvort tveggja fara fram samkvæmt fyrirmælum þeirra.

Skipin skulu hafa uppi rauðan fána að degi til, en rautt ljós í myrkri. Skip, sem flytur olíu í geymum, má ekki sigla inn fyrir hafnargarða eða leggjast að bryggju eða byrja losun nema það sé gasþétt. Sé benzin eða annar ámóta eldfimur vökvi í skipinu, skal skipstjóri, áður en losun hefst, gefa slökkviliðsstjóra eða fulltrúa hans, skriflega vottorð um, að gasmælir skipsins sýni skipið gasfrítt.

Enginn úr landi má fara um borð í skipið, nema með leyfi varðmanna í hvert sinn.

Skip með vél í gangi, eld í eldavél eða eld undir kötlum, má ekki liggja utan á slíku oliuflutningaskipi, meðan ferming eða afferming fer fram. Ákveður slökkviliðsstjóri fjarlægð slíkra skipa eftir vindstöðu.

Engin vinna má fara fram á bryggju, sem slíkt oliuflutningaskip liggur við, nema með leyfi slökkviliðsstjóra. **167**

10. okt.

Bifreiðar með vél í gangi mega ekki vera á varðsvæðinu.

#### 89. gr.

Skýlt er slökkviliðsstjóra að skipa varðmann til þess að sjá um, að allrar varúðar sé gætt við fermingu eða affermingu skips. Eigandi farms greiðir kostnað af slíkri gæzlu.

Meðan slík vinna fer fram við skip, má ekki reykja né hafa um hönd óbyrgð ljós eða eld um borð í skipinu eða á varðsvæðinu. Getur slökkviliðsstjóri krafizt, að sama gildi um skip, sem liggja fast að oliuflutningaskipi.

#### 90. gr.

Birgðir af benzíni, steinolíu eða öðrum eldfimur vökvum má hvergi geyma í kaupstað eða kauptúni, nema á þeim stöðum, sem brunamálanefnd hefur samþykkt.

Til heimilisnotkunar er heimilt að geyma innanhúss í vel þéttum umbúðum allt að 1 lítra af benzíni og 200 lítrum af steinolíu.

Tilkynna skal slökkviliðsstjóra í kaupstöðum og kauptunum, ef einhver hefur í geymslu meira magn, og skal hlíta ákvörðun hans um öryggi og um synjun heimildar til geymslu.

Slökkviliðsstjóra ber að sjá um, að umbúnaður og umgengni á geymslustöðum sé samkvæmt settum reglum og fyrirmælum.

Í sveitum er heimilt að geyma meira magn utanhúss, til eigin þarfa, í minnst 20 metra fjarlægð frá húsum, og skal um öryggi og geymslustað hlíta fyrirmælum lögreglustjóra eða hreppstjóra.

#### 91. gr.

Sölu eldfimra vökva má ekki reka nema með leyfi brunamálanefndar. Fyrirkomulagi á sölustað skal hagað eftir fyrirmælum slökkviliðsstjóra.

Sala á benzíni í kaupstöðum og kauptunum skal einungis leyfð frá eldtraustum neðanjarðargeymum með viðurkenndum dæluútbúnaði. Lyfjabúðum skal þó heimilt að selja allt að 250 g í senn af hreinsuðu benzíni.

Afhending og sala benzíns í sveitum er háð eftirliti lögreglustjóra. Neðanjarðargeyma má ekki setja nær alfaravegi en 7.5 metra.

Í verzlunum, þar sem steinolía er seld, getur brunamálanefnd krafizt, að hún skuli afgreidd frá neðanjarðargeymum utanhúss með leiðslu að dælu á sölustað. Málmskál skal höfð undir þeim ílátum, sem olían er afgreidd í, til að taka á móti olíu, er kann að renna utan hjá ílátunum. Varkárni og hreinlætis skal gætt í allri umgengni.

Í verzlunum, þar sem terpentína, tjara, smurningsolía, og aðrir álíka eldnæmir vökvar eru seldir, má eigi geyma meira en eina tunnu af hverri tegund innanhúss. Aðrar birgðir af þessum vökvum skulu geymdar utan afgreiðslustaðar, á þeim stöðum, sem slökkviliðsstjóri hefur samþykkt.

#### 92. gr.

Tunnur, sem benzín er flutt í, skulu málaðar á botnum með rauðum lit.

Enginn sölumaður má afgreiða eldfiman vökva á tunnur, nema tunnan sé greinilega merkt innihaldi.

Tómar benzín- eða oliutunnur má eigi geyma eða láta liggja við hús eða á almannafæri.

#### 93. gr.

Bifreiðar til flutnings á benzíni í stálgeymum skulu búnar stopphana á benzínþípu til aflvélarinnar, sem auðvelt er að komast að úr sæti bifreiðarstjóra. Í birgi



**167** bifreiðarstjóra skulu vera ekki færri en 2 handslökkvitæki af viðurkenndri gerð. 10. okt. Bannað er að reykja í bifreiðinni. Bannað er bifreiðarstjóra að flytja farþega.

Benzíngeymar skulu vera úr minnst 5 mm þykkum stálplötum með soðnum samskeytum. Geymar mega ekki vera stærri en svo, að þeir rúmi mest 5000 lítra, nema að fengnu leyfi brunavarnaeftirlitsins. Ekki má fylla geyma meir en svo, að 1% sé ætlað fyrir hitabenslu. Slanga til áfyllingar og tæmingar skal svo gerð, að hún leiði ekki rafmagn. Áfyllingarpípan skal ná nær því í botn á geymi. Loftlokar skulu vera af öruggri gerð og búnir smáriðnu öryggisneti úr brónsi.

Beggja megin á geyma skal mála greinilega „Benzín — eldfimt“.

Bifreiðastjórar skulu gæta varúðar um að skilja ekki eftir bifreið sína á almannafæri, hvorki með hlassi eða með tóman geymi.

Sömu varúðar skulu bifreiðarstjórar gæta, er flytja áfylltar eða tómar benzín-tunnur. Óheimilt er að ferma eða afferma slíkt hlass við eða á almannafæri, nema með leyfi slökkviliðsstjóra.

Í kaupstöðum og kauptúnum ákveður slökkviliðsstjóri, hvar geyma megi nætur-langt bifreið, er flytur benzín.

Bifreiðarstjóri skal sýna fullkomna varfærni meðan hann losar benzín í sölu-geymi, og má ekki víkja frá bifreiðinni, fyrr en gengið er frá fylliopi geymis. Hann skal sérstaklega gæta þess, að benzín skvettist ekki niður.

Engin bifreið má koma að sölugeymi, meðan losun fer fram.

Slökkviliðsstjóri getur sett sérstakar reglur til frekara öryggis, um losun benzíns af bifreið á sölugeymi.

#### 94. gr.

Birgðir oliufélaga eða útsölumanna þeirra, hvort heldur í tunnum eða stál-geymum, má aðeins geyma þar, sem sveitarstjórn leyfir að fengnu samþykki brunavarnaeftirlitsins og brunamálanefndar. Skytt er að hafa þær varúðarráðstafanir, sem settar verða.

#### 95. gr.

Enginn sölumaður eldfimra vökva eða oliufélaga má afgreiða til annarra staða benzín, steinolíu eða aðra álíka eldfima vökva, nema tryggt sé, að viðurkenndur geymslustaður sé fyrir hendi hjá móttakanda.

Skipaafgreiðsla má ekki taka á móti tómun né fullum benzintunnum, nema með leyfi slökkviliðsstjóra.

#### 96. gr.

Sölugeyma fyrir benzín má hvergi setja upp við götu eða opin svæði í kaupstað eða kauptúni, nema þar sem brunamálanefnd samþykkir, og skal frágangur allur vera svo rammbyggilegur, að sem minnst eldhætta stafi af. Í sveitum þarf samþykki oddvita. Tóbaksreykingar skulu bannaðar í nánd við sölugeymi. Tæmdar benzín-tunnur skal jafnharðan flytja burtu. Bannað er að selja tóbak og eldspýtur, þar sem afgreiðsla benzíns fer fram.

### XIII. Um sprengiefni.

#### 97. gr.

Hver sá, sem flytur inn púður eða sprengiefni, skal hafa til þess leyfi lögreglu-stjóra, og er skytt að skýra frá efnasamsetningi þess, ef óskað er. Ef sprengiefnið þykir sérstaklega háskalegt í meðförum, má banna innflutning þess.

## 98. gr.

Fyllstu varúðar skal gætt við geymslu, meðferð og flutning sprengiefna. Þeir, sem vinna við það, mega ekki reykja né hafa í vörzlum sínum neins konar eldfæri eða nota óbyrgt ljós.

167

10. okt.

## 99. gr.

Birgðageymslur sprengiefna skulu eingöngu vera utan kaupstaða og kauptúna og í hæfilegri fjarlægð frá húsum og vörubirgðum. Umbúnaður þeirra er háður samþykki brunamálanefndar.

## 100. gr.

Dynamit og önnur sprengiefni, sem notuð eru daglega, skulu eingöngu vera í vörzlu verkstjóra, sem ber persónulega ábyrgð á geymslu þeirra og meðferð. Mesta magn slíkra sprengiefna innanbæjar má vera allt að 5 kg, auk nauðsynlegra hvellhettna. Skal slökkviliðsstjóri tilkynnt, hvar það er geymt og á hvern hátt.

Bannað er að geyma í heimahúsum sprengiefni af nokkru tagi, svo sem púður, flugelda o. fl.

## 101. gr.

Sprengiefni má ekki selja, nema með samþykki brunamálanefndar. Slökkviliðsstjóri ákveður, hve miklar birgðir mega vera fyrir hendi á sölustað á hverjum tíma og hvernig geymslu á þeim skuli komið fyrir.

## 102. gr.

Skotelda (flugelda) má eingöngu framleiða í steinhúsum, sem ekki eru notuð til íbúðar. Húsnæði það, sem notað er til framleiðslunnar, skal vera samþykkt af brunamálanefnd, og setur hún nánari ákvæði um nauðsynlegar öryggisráðstafanir.

Sala skotelda er bundin leyfi brunamálanefndar. Slökkviliðsstjóri ákveður, hve miklar birgðir megi vera á hverjum stað og hvernig þeim skuli komið fyrir. Óheimilt er að selja öðrum efni til skoteldagerðar en þeim, sem hafa leyfi brunamálanefndar til að framleiða skotelda.

Í skoteldum, púðri og öðrum sprengiefnum má ekki kveikja á almannafæri, nema með leyfi lögreglustjóra.

## XIV. Sektir o. fl.

## 103. gr.

Brjótí nokkur gegn ákvæðum reglugerðar þessarar, skal hann sæta sektum 50—10000 krónum, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt 52. gr. laga um brunamál eða öðrum lögum. Sektir skulu renna í bæjar- eða sveitarsjóð, þar sem brotið er framið.

## 104. gr.

Með reglugerð þessari eru úr gildi felld þau ákvæði í reglugerðum einstakra kaupstaða og kauptúna um skipun slökkviliðs og brunamála, sem koma í bága við hana.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 37 1. apríl 1948, um brunavarnir og brunamál og öðlast gildi 1. janúar 1950.

*Félagsmálaráðuneytið, 10. október 1949.*

**Stefán Jóh. Stefánsson.**

*Jónas Guðmundsson.*

168

18. okt.

**BRÁÐABIRGÐAREGLUGERÐ****um breyting á reglugerð frá 28. febr. 1947, um sérstakan tímareikning.**

Árið 1949 skal klukkunni seinkað aðfaranótt sunnudagsins 30. október í stað aðfararnætur sunndagsins 23. október.

*Dómsmálaráðuneytið, 18. október 1949.*

**Bjarni Benediktsson.**

*Gústav A. Jónasson.*

169

21. okt.

**REGLUGERÐ****um holræsi á Hvammstanga.**

1. gr.

Þegar hreppurinn hefur látið leggja holræsi í götu eða annað opið svæði, eða þar sem hreppurinn hefur tekið að sér viðhald og endurnýjun eldri holræsa, er þeim húseigendum, sem þar eiga hús að eða í námunda við, skylt að leggja ræsi frá húsum sínum, er flytji allt skolp frá þeim út í aðalræsið. Hreppurinn leggur til pípur í slík hliðarræsi, að húsi, en húseigandi kostar verkið að öðru leyti. Vanræki einhver að láta gera þessi holræsi innan hæfilegs frests, sem hreppsnefnd setur, getur hún látið vinna verkið á kostnað húseiganda.

2. gr.

Áður en húseigandi byrjar að leggja ræsi sitt skal hann skýra oddvita eða þeim, sem hreppsnefnd hefur falið umsjá með lagningu holræsa um þorpið, frá því og fá samþykki þar til. Skylt er húseiganda að hlýða fyrirmælum umsjónarmanns í öllu því, er að tilhögun og lagningu ræsanna lýtur, enda hafi umsjónarmaður ávallt eftirlit með því, að vel sé frá öllu gengið.

3. gr.

Til að standast kostnað af holræsagerðinni og viðhaldi aðalræsa, ber hverjum húseiganda, sem hefur fengið hús sitt tengt við holræsakerfi hreppsins, eða átt kost á því samkvæmt 1. og 2. gr., að greiða til hreppsins árlegt holræsagjald, sem ákveðst þannig:

- a. Fast gjald af hverju húsi kr. 50.00.
- b. Fast gjald af hverri íbúð umfram eina í húsi kr. 20.00.
- c. 6% af fasteignamatsverði húseigna.

Samkomustaðir og verzlanir í íbúðarhúsum teljast ein íbúð hver.

Af hverju húsi, sem kemst í samband við holræsakerfið eða á kost á því, skal greiða sérstakt stofngjald, er nemi tvöföldu árgjaldi.

4. gr.

Holræsagjaldið greiðist af húseiganda og er hann einn ábyrgur fyrir greiðslu þess. Fyrir öllum kröfum, sem hreppurinn öðlast á hendur húseigendum samkvæmt reglugerð þessari, hefur hann lögtaksrétt, sem tryggður er með lögveðrétti

í lóð, mannvirkjum og húsum skuldunautar í næstu tvö ár eftir gjalddaga, með 169  
förgöngu veðrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði. 21. okt.

## 5. gr.

Árlegur gjalddagi holræsagjaldsins er 1. júlí og 31. desember næst á eftir að húsið komst í samband við holræsakerfið eða átti kost á því. Gjaldið greiðist oddvita eða þeim, sem hreppsnefnd felur innheimtu þess.

## 6. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 500.00 krónum  
Mát út af brotum gegn reglugerð þessari skal farið með sem önnur lögreglumál.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 21. október 1949.*

F. h. r.

**Jónas Guðmundsson.**

*Gisli Jónasson.*

## REGLUR

### um gerð rekakera.

170

26. okt.

Samkvæmt 34. og 76. gr. laga nr. 68 5. júní 1949 eru hér með settar reglur um gerð rekakera.

## 1. gr.

Rekakkeri, sem notuð eru í bjargbátum íslenzkra skipa, skulu vera þannig gerð:  
Rekakkerin skulu vera keilumynduð, opin í báða enda.

Fyrir bjargbáta, sem eru allt að 8 m á lengd, skal efra opið vera 61 cm í þvermál.

Fyrir bjargbáta, sem eru 8 m og þar yfir, 69 cm í þvermál.

Neðra opið skal vera 12,5 cm í þvermál.

Lengd frá efra opi að því neðra skal vera 122 cm.

Báðir hringirnir skulu vera úr 10 mm galvaniseruðu járn.

Segldúkurinn skal vera 1. flokks dúkur í þremur hlutum, vel saumuðum saman, og á þeim kaðall 45 mm í þvermál, sem enda skal í hanafæti 75 cm löngum og með „kós“.

Kaðall rekakkersins skal vera:

Í bjargbátum minni en 7,92 m á lengd, 3 × lengdin, ummál 63 mm.

Í bjargbátum minni en 9,14 m á lengd, 3 × lengdin, ummál 76 mm.

Í bjargbátum yfir 9,14 m á lengd, 4 × lengdin, ummál 88 mm.

Kaðlinum skal vel fest í rekakkerið.

## 2. gr.

Brot gegn reglum þessum varða sektum.

## 3. gr.

Reglur þessar öðlast þegar gildi.

*Samgöngumálaráðuneytið, 26. október 1949.*

**Emil Jónsson.**

*Páll Pálmason.*

171  
28. okt.

## H A F N A R R E G L U G E R ð

fyrir landshöfnina í Keflavík og Njarðvíkum.

### I. KAFLI

#### Takmörk hafnarinnar.

##### 1. gr.

Norður- og austurtakmörk hafnarinnar er bein lína til austurs frá Stakk út í beina línu til norðurs frá Ytri-Skoru, miðað við réttar áttir.

Tvær vörður skulu settar á hvorn þessara staða, og sýni þær takmörk hafnarinnar.

### II. KAFLI

#### Stjórn hafnarinnar.

##### 2. gr.

Stjórn hafnarinnar skipa 5 menn: Hafnarstjóri, skipaður af ráðherra þeim, sem fer með hafnarmál, og fjórir meðstjórnendur, þrír kosnir af sameinuðu Alþingi og einn kosinn af sveitarstjórnnum þeirra sveitarfélaga eða sveitar, sem höfnin liggur í.

Hafnarstjórn skal kosin til fjögurra ára í senn. Hafnarstjórn hefur með höndum, undir yfirumsjón þess ráðuneytis, er fer með hafnarmál, og fyrir hönd rikissjóðs, framkvæmdir hafnarmála og eftirlit með höfninni, sér um viðhald og umbætur hafnarinnar, stýrir öllum framkvæmdum, sem þar að lúta og annast fjárhald hennar og reikningsskil.

##### 3. gr.

Daglegar framkvæmdir og eftirlit annast hafnarstjóri undir umsjón hafnarstjórnar. Fasta starfsmenn hafnarinnar ræður hafnarstjóri í samráði við hafnarnefnd, svo marga sem þurfa þykir.

### III. KAFLI

#### Um almenna reglu.

##### 4. gr.

Hafnarstjóri sér um, að gætt sé reglu á höfninni og á landi hennar. Er öllum skylt að hlýða þar boði hans og banni eða þess eða þeirra, er hann setur til að gæta reglu.

Starfsmenn hafnarinnar skulu hafa einkennishúfur þegar þeir eru að starfi við höfnina. Þyki einhverjum sér óréttur ger af starfsmönnum hafnarinnar, getur hann kært fyrir hafnarstjóra, en skipun starfsmannsins ber að hlýða þegar í stað.

Starfsmenn hafnarinnar skulu gæta allrar kurteisi í starfi sínu.

##### 5. gr.

Þeim, sem ekkert lögmætt erindi eiga, er bannað að dvelja á landi hafnarinnar, ef þeir með því tálma fermingu eða affermingu skipa eða hindra önnur störf, sem þar fara fram.

##### 6. gr.

Öll veiði með skotum er stranglega bönnuð á höfninni. Bannað er að hleypa af skoti á innri höfninni eða á landi hennar.

## 7. gr.

171

28. okt.

Skylt er að gæta allrar varúðar í meðferð elds og ljósa í skipum á höfninni. Í skipum, sem flytja eldfim efni, má ekki kveikja eld eða ljós, nema í eldavél skipsins og á lögboðnum ljóskerum. Tóbaksreykingar eru bannaðar í skipinu og á því svæði, sem unnið er að fermingu þess eða affermingu.

Áliti hafnarstjóri, að hætta geti stafað af fermingu eða affermingu eldfimrar vöru, er honum heimilt að stöðva verkið, unz gerðar hafa verið nauðsynlegar varúðarráðstafanir.

Bannað er að sjóða tjöru, bik, fernisliu eða annað slíkt, sem eldhætta getur stafað af í höfninni, svo og á landi hafnarinnar, nema með leyfi hafnarstjóra.

## 8. gr.

Á landi hafnarinnar má ekki smíða ný skip né þetta eldri skip eða gera við þau á annan hátt, nema með leyfi hafnarstjóra og með þeim skilmálum, sem hann setur. Bannað er að leggja skip í hafnarfjöruna eða láta skip standa við bryggjurnar um fjöru, nema með leyfi hafnarstjóra eða þess, sem hafnarvörzlu hefur.

## 9. gr.

Ekki má kasta seglfestu, ösku, kolum, fiskúrgangi, köðlum, vírum, fiskilóðum eða neinu í bátakvíar eða við hafnarmannvirkin yfirleitt. Skal það flutt þangað, sem hafnarstjóri vísar til.

## 10. gr.

Hafnarstjóri getur bannað, að akkeri (patentakkeri) séu höfð í festarauga í bátakvíunum, ef ástæða þykir til.

## IV. KAFLI

## Um legu skipa og umferð þeirra í höfninni.

## 11. gr.

Fiskiskip og önnur skip, sem ferma ekki né afferma, mega aldrei leggjast svo á höfnina, að tálmi fermingu og affermingu annarra skipa, og skulu þau ætíð skyld að hlýða boðum hafnarstjóra eða starfsmanna hafnarinnar, um hvar þau megi leggjast eða liggja.

Aldrei mega skip, sem liggja fyrir festum, liggja svo nærri bryggjum, að ekki sé nægilegt rúm fyrir önnur skip að komast að og frá. Skipi eða bát má ekki leggja svo, að það hindri eða tefji umferð um höfnina.

Nú tregðast hlutaðeigandi við að hlýða boðum hafnarstjóra eða starfsmanna hafnarinnar, um að flytja skip sitt, bát eða strengi á höfninni, og getur þá hafnarstjóri látið gera það á kostnað og ábyrgð hlutaðeiganda.

## 12. gr.

Í hverju skipi, að undanskildum skipum, sem hafa leyfi hafnarstjóra til að liggja mannlauus í lægi hafnarinnar, skal jafnan vera einn maður að minnsta kosti, er tekið getur á móti skipunum starfsmanna hafnarinnar og framkvæmt þær, hvort heldur á að færa skipið eða gera eitthvað annað, samkvæmt reglugerð þessari.

## 13. gr.

Ekki má festa skip við bólvirki eða bryggju, nema við festarhringana eða festarstólpana. Festum skal þannig fyrir komið, að þær hindri sem minnst umferð á bryggjunni eða bólvirkinu. Pyki þess ekki nægilega gætt, má krefjast, að bætt sé úr því tafarlaust.

Skylt er að hafa tryggar hlifar milli skips og bólvirkis eða bryggju, ef krafizt er.

171

28. okt.

Ekki má nota vél skipsins með svo miklu afli, að öðrum skipum eða hafnarmannvirkjum stafi hætta af. Eins skal þess gætt, að hafa ekki skrúfu skipsins í gangi eftir að búið er að binda skipið, þannig að straumur frá skrúfunni geti valdið truflun á umferð um höfnina.

Ekki má hleypa vatni á bryggjur eða bólvirki að óþörfu.

15. gr.

Ef skip sekkur eða lendir á grynningu, þar sem það að áliti hafnarstjóra tálmar greiðri notkun hafnarinnar, skal umráðandi þess færa það burt svo fljótt sem auðið er. Verði dráttur á því má hafnarstjóri láta færa skipið burt á kostnað eiganda og er honum, ef nauðsyn krefur, heimilt að láta selja skipið til lúkningskostnaðinum.

Hrökkvi andvirði hins selda skips ekki fyrir kostnaðinum er eigandi þess ábyrgur fyrir eftirstöðvunum.

16. gr.

Ekki má leggja net, önnur veiðarfæri eða legufæri þannig, að hindrað geti umferð til og frá hafnarmannvirkjunum. Þyki nauðsynlegt má hafnarstjóri láta taka burtu veiðarfæri og legufæri á kostnað og ábyrgð eiganda.

## V. KAFLI

### Um fermingu og affermingu skipa.

17. gr.

Venjulega skulu skip fá bryggjupláss í þeirri röð, sem þau koma á höfnina.

Þegar ákveðið hefur verið hvar skip skuli ferma eða afferma, og skipinu hefur verið lagt að bryggju eða bólvirki, skal verkið hafið tafarlaust, sé það ekki utan venjulegs vinnutíma. Verkinu skal haldið áfram alla virka daga, ef veður leyfir, þar til því er lokið.

Ef hlé verður á fermingu eða affermingu að nauðsynjalaus, eða sé verkinu ekki lokið innan hæfilegs tíma, ber skipinu að vikja fyrir öðrum skipum, ef hafnarstjóri krefst þess.

Hafnarstjóri getur vísað skipum frá bryggju eða bólvirki, áliti hann það nauðsynlegt veðurs vegna.

18. gr.

Ef nauðsyn ber til, að skipum, sem ferma eða afferma við bryggjur eða bólvirki sé lagt hverju við hliðina á öðru, er heimilt að flytja farm þeirra skipa, sem utar liggja, yfir þilför hinna á hjálkabrum. Svo er og skipshöfn og farþegum þeirra skipa, sem utar liggja, heimil nauðsynleg umferð um þilför þeirra skipa, sem nær liggja.

19. gr.

Við uppskipun og útskipun á kjölfestu, sandi og öðru slíku, er skylt að hafa nægilega sterka hlífidúka milli skips og bólvirkis, bryggjunnar eða bátanna, svo að ekkert falli utanborðs. Sé þess ekki gætt, getur hafnarstjóri stöðvað verkið, unz bætt hefur verið úr því, sem áfátt er.

20. gr.

Fiskibátar skulu að jafnaði fá afgreiðslupláss í þeirri röð, sem þeir koma inn í innri höfnina.

Þegar fiskibátur hefur fengið bryggjupláss til affermingar, skal afgreiðsla

hefjast tafarlaust. Skulu þá bæði skipstjóri og landformaður gæta þess, að uppskipunin gangi svo vel, sem frekast er unnt. Skytt er að hafa svo marga bíla eða tæki við uppskipunina, að hún, að dómi hafnarstjóra, teljist ganga greiðlega. Að jafnaði skal haga því svo, að lóðarstampar séu komnir á skip jafnhliða því, sem uppskipun er lokið, eftir því sem frekast er unnt. **171**  
28. okt.

Sé framangreindum ákvæðum ekki hlýtt, ber hlutaðeiganda að vikja fyrir öðrum bátum.

Jafnskjótt og afgreiðslu er lokið, skal viðkomandi bátur vikja frá afgreiðslu-plássu, bíði annar bátur afgreiðslu.

#### 21. gr.

Þegar lokið er ferminu eða afferminu, skal afgreiðslumaður eða skipstjóri, ef þörf gerist, láta ræsta bryggju þá eða bólvirki, sem notuð hefur verið. Farist það fyrir, skal hafnarstjóri sjá um, að það sé gert, en afgreiðslumaður eða skipstjóri greiðir allan kostnað, sem af því leiðir.

Vöruleifum, umbúðum og öðru rusli má ekki kasta í sjóinn, heldur skal það flutt burt á stað, sem hafnarstjóri ákveður.

#### 22. gr.

Þeir munir eða vörur, sem affermdar eru eða láttnar í skip, mega ekki liggja á bryggju eða bólvirki og eigi annars staðar á landi hafnarinnar en á þeim stöðum, sem ætlaðir eru til geymslu, nema með sérstöku leyfi hafnarstjóra. Skal flytja burt vörur og muni jafnskjótt og hann krefst þess.

### VI. KAFLI

#### Um ferminu og afferminu eldfimrar vöru.

#### 23. gr.

Skip, sem flytja flugvélabenzín, bílabenzín, steinolíu, carbíð eða önnur efni, sem eldhætta eða sprengingarhætta stafar af, mega ekki koma inn í innri höfnina.

Skulu þau fermd og affermd utan hafnargarðsins undir umsjón brunamálanefndar. Þessi ákvæði ná þó ekki til farþegaskipa né annarra skipa, sem sigla í föstum farleiðum og flytja aðallega aðrar vörur en þær, sem áður voru nefndar. Sömu leiðis getur hafnarstjóri í líkum tilfellum stöku sinnum veitt undanþágu frá ákvæðum þessum, ef sérstök atvik mæla með því. Skal hafnarstjóri þá sjá um, að brunamálanefnd fái þegar tilkynningu um ferminu og afferminu slíkra farma áður en byrjað er að ferma eða afferma.

Skotþaðmull, nítroglycerin, dynamit og þess konar sprengiefnum má ekki skipa upp nema með leyfi brunamálanefndar, og skal hún þá í hverju einstöku tilfelli ákveða, hvernig þeim skuli skipað upp.

#### 24. gr.

Álíti hafnarstjóri, að hætta geti stafað af ferminu eða afferminu eldfimrar vöru, er honum heimilt að stöðva verkið, unz gerðar hafa verið nauðsynlegar varúðarráðstafanir.

#### 25. gr.

Skip, sem hafa meðferðis þau eldfim efni, sem getið er í 23. gr., skulu á meðan hjart er af degi hafa rautt flagg á framsigli eða á stagi, en í myrkri rautt ljósker.

Kostnað vegna varðgæzlu og annan kostnað vegna gæzlu eða við varúðarráðstafanir greiðir skipið.



## VII. KAFLI

## Ýmis ákvæði.

## 26. gr.

Sérhverjum skipstjóra, er siglir skipi sínu inn á hafnarsvæðið, ber að kynna sér ákvæði reglugerðar þessarar, sem liggur til sýnis á hafnarskrifstofunni.

Þar geta skipstjórar á skipum þeim, er til hafnarinnar koma, fengið hæfilega mörg eintök af reglugerðinni. Eintak af reglugerðinni á að vera í hverju skipi, meðan það liggur í höfninni. Hafnarstjóri sér um að jafnan sé til á hafnarskrifstofunni nægilegt upplag af reglugerðinni á tungumálum þeim, sem hafnarstjórn ákveður.

## 27. gr.

Um skaðabótaskyldu fyrir skemmdir á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum, fer eftir almennum lagareglum.

Ef samningum verður ekki við komið, um bætur fyrir skaða eða skemmdir á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum, skulu þær ákveðnar af þremur óvilhöllum dómkvöddum mönnum.

Hvorum aðila fyrir sig er heimilt að krefjast yfirmats, en gera skal það áður en einn mánuður er liðinn frá því að matsgerð er lokið. Yfirmatið skal framkvæmt af fimm óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er þess hefur krafizt, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meira en því, sem nemur 10% af hinn ákveðnu skaðabótaupphæð. Að öðrum kosti greiðir hinn aðilinn kostnaðinn.

## 28. gr.

Enginn, sem bakað hefur sér refsingu eða skaðabótaskyldu fyrir brot á reglugerð þessari, má fara burt úr höfninni meðan mál hans er óútkljáð, nema hann setji tryggingu, er hafnarstjórn tekur gilda.

## 29. gr.

Hverja þá skipun, sem samkvæmt reglugerð þessari má gefa skipi, skal gefa stýrimanni, ef skipstjóri er ekki á skipi, og eigi heldur umboðsmaður hans samkvæmt 12. gr. Ef stýrimaður er fjarverandi, má gefa einhverjum öðrum af skipshöfninni skipunina, og er það jafngilt, sem skipstjóri hefði fengið skipunina sjálfur.

## 30. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 10000.00, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt lögum.

Sektarfé rennur í hafnarsjóð landshafnarinnar.

## 31. gr.

Með mál út af reglugerð þessari skal fara sem almenn lögreglumál.

## 32. gr.

Með reglugerð þessari er úr gildi numin hafnarreglugerð fyrir Keflavíkurkaup-tún frá 22. janúar 1942, ásamt reglugerðarbreytingu frá 11. maí 1942 og 30. sept. 1944.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 25 23. apríl 1946, um landshöfn í Keflavíkur- og Njarðvíkurhreppum, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgöngumálaráðuneytið, 28. október 1949.*

**Emil Jónsson.**

*Páll Pálmason.*

## REGLUGERÐ

172

28. okt.

### um hafnargjöld landshafnarinnar í Keflavík og Njarðvíkum.

#### I. Hafnargjald.

##### 1. gr.

Öll skip, sem eru 12 nettórúmllestir eða stærri, skulu greiða hafnargjald, er þau koma inn fyrir takmörk hafnarinnar.

Undanþegin hafnargjaldi eru herskip, skemmtiferðaskip, varðskip, björgunarskip og skip, sem eru gerð út til vísindalegra rannsókna.

Hafnargjöld greiðast af nettóstærð skipa. Hálf smálest telst sem heil, en minna broti er sleppt.

Sérstök gjaldskrá gildir fyrir íslensk fiskiskip allt að 200 smál.

#### II. Lestagjald.

##### 2. gr.

Öll skip eða fleytur, hvort sem þau eru tóm eða hlaðin vörum eða seglfestu, skulu greiða lestagjald í hvert sinn, sem þau leggjast við festar í höfninni, þó með þeim undantekningum, er síðar getur.

a. Öll skip, sem til hafnarinnar koma og eru fest við bólvirki eða bryggju, að undanskildum herskipum, skemmtiferðaskipum, varðskipum, björgunarskipum og skipum, sem eru gerð út til vísindalegra rannsókna, skulu greiða 40 aura fyrir hverja nettó smálest. Skip, sem eingöngu eru í innanlandssiglingum, skulu þó eigi greiða lestagjald þetta oftár en tvisvar í mánuði, þó þau komi oftár til hafnar.

b. Skip, sem leita hafnar vegna óveðurs, sjóskaða eða skemmda á skipi á einhvern hátt, greiða ekki lestagjald, nema þau jafnframt fermi eða affermi einhverjar vörur.

Sama gildir og um skip, sem leita hafnarinnar til að rétta áttavita, setja á land sjúka menn eða látna, eða til að fá skipanir.

#### III. Bryggjugjald.

##### 3. gr.

Hvert skip, sem leggst við bryggju eða bólvirki, skal greiða bryggjugjald af nettó burðarmagni skipsins.

Gjaldið skal greiða fyrir hvern sólarhring eða hluta af sólarhring, 20 aura af hverri smálest, þó aldrei minna en 25 krónur.

Ef farmskip liggur utan á öðru skipi og bíður eftir ferningu eða affermingu, skal það greiða hálf gjald.

Herskip og varðskip eru undanþegin bryggjugjaldi.

#### IV. Festargjald.

##### 4. gr.

Skip og bátar, sem nota festar hafnarinnar, skulu greiða 10 aura af hverri nettólest af burðarmagni skipsins, fyrir hvern sólarhring eða hluta sólarhrings, þó aldrei minna en 5 krónur um sólarhringinn.

172

28. okt.

## V. Kjölfestugjald.

5. gr.

Ef skip tekur kjölfestu í höfninni, skal það greiða 20 aura af hverri nettó-smálest, en 10 aura af hverri smálest, ef það skipar upp kjölfestu.

## VI. Ljósagjald.

6. gr.

Skip, sem halda til í höfninni, eða hafa uppsátur innan takmarka landshafnarinnar fjóra mánuði af árinu eða lengur og eru minni en 100 smálestir brúttó, skulu greiða ljósagjald, 10 krónur misserislega. Gjaldldagi er 2. janúar og 1. júlí árlega.

Öll önnur skip skulu greiða ljósagjald í hvert sinn, er þau koma til hafnarinnar, 4 krónur fyrir fyrstu 50 nettó tonninn og 4 aura fyrir hvert nettó tonn þar fram yfir, þó aldrei minna en 5 krónur.

Undanþegin ljósagjaldi eru sömu skip og undanþegin eru lestagjaldi samkvæmt 2. gr. a-lið hér á undan.

## VII. Vatnsgjald.

7. gr.

Fyrir drykkjarvatn og ketilvatn handa skipum skal greiða það gjald fyrir hverja smálest, sem hafnarstjórn ákveður.

## VIII. Gjaldskrá fyrir íslensk fiskiskip.

8. gr.

- a. Fiskiskip, sem halda til í höfninni eða hafa uppsátur innan takmarka landshafnarinnar fjóra mánuði af árinu eða lengur, skulu greiða hafnargjöld sem hér segir:

Fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, sem þau dvelja í höfninni, hvort heldur þau liggja við bólvirki eða bryggju eða utan á öðrum bátum eða skipum

Pilfarsbátar og skip allt að	15	brúttó smálestir	.....	kr.	3.00
— — — — —	15—30	— —	.....	—	4.50
— — — — —	30—50	— —	.....	—	7.00
— — — — —	50—70	— —	.....	—	10.00
— — — — —	70—90	— —	.....	—	12.50
— — — — —	90—120	— —	.....	—	15.00
— — — — —	120—160	— —	.....	—	17.50
— — — — —	160—200	— —	.....	—	20.00

- b. Fiskiskip, sem ekki hafa fasta viðlegu í landshöfninni, skulu greiða hafnargjöld sem hér segir, fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, sem þau dvelja í höfninni, hvort heldur þau liggja við bólvirki eða bryggju, eða utan á öðrum bátum eða skipum.

Pilfarsbátar og skip allt að	15	brúttó smálestir	.....	kr.	4.50
— — — — —	15—30	— —	.....	—	7.00
— — — — —	30—50	— —	.....	—	9.50
— — — — —	50—70	— —	.....	—	12.50
— — — — —	70—90	— —	.....	—	15.00
— — — — —	90—120	— —	.....	—	17.50
— — — — —	120—160	— —	.....	—	20.00
— — — — —	160—200	— —	.....	—	25.00

## IX. Hafnsaga og hafnsögugjald.

172

28. okt.

## 9. gr.

Sérhvert skip, sem hafnar ætlar að leita í landshöfninni og nota þarf hafnsögumann, skal gera boð um það til hafnsögumanns, verði því við komið, og með hæfilegum fyrirvara. Er hafnsögumanni skylt að fara til móts við skipið allt að 1 sjómílu út af Vatnsnesi. Vísar þá hafnsögumaður skipinu leið til hafnar og má eigi yfirgefa það án samþykkis skipstjóra, fyrr en skipið er lagzt við festar á höfninni. Heimilt er hafnsögumanni, meðan hann hefur ekki lokið starfi sínu, að banna hverjum þeim, sem ekki á lögmætt erindi, að koma á skipsfjöl. Meðan hafnsögumaður dvelur á skipi ber skipinu að sjá honum fyrir fæði.

## 10. gr.

Öll skip, sem stærri eru en 30 rúmlestir brúttó, skulu hvort sem þau nota hafnsögumann eða eigi, greiða hafnsögugjald í fyrsta sinn á ári hverju, er þau koma frá útlöndum og hafna sig í höfninni. Komi sama skip oftár á sama ári, skal það ekki greiða hafnsögugjald, nema það noti hafnsögumann.

Herskip, skemmtiferðaskip og varðskip eru undanþegin hafnsögugjaldi, nema þau noti hafnsögumann.

## 11. gr.

Ef sjúdomur er á skipinu eða ástæða til að ætla, að sóttætta geti stafað af því, ber hafnsögumanni að sjá um, að fylgt sé reglum þeim, sem settar eru í lögum um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands.

## 12. gr.

Þegar skip, sem ekki hefur hafnsögumann um borð, kemur í höfnina, skal skipstjóri eða umboðsmaður skipsins tafarlaust snúa sér til hafnarskrifstofunnar, sem segir honum hvar skipið megi liggja.

## 13. gr.

Hvert það skip, sem hafnsögumann notar til hafnarinnar eða frá höfninni, skal greiða hafnsögugjald.

Auk þess skal greitt sérstakt gjald fyrir leiðsögu skipa um höfnina, þar á meðal inn í og út úr innri höfninni.

## 14. gr.

Ekkert skip, sem stærra er en 200 brúttó rúmlestir, má fara að né frá hafnarmannvirkjunum, nema hafnsögumaður landshafnarinnar sé á skipi. Þó getur hafnarstjóri veitt undanþágu frá þessu undir vissum kringumstæðum. Greiðir þá hlutaðeigandi  $\frac{1}{3}$  hafnsögugjalds.

## 15. gr.

Hafnsögugjöld skulu greidd samkvæmt eftirfarandi gjaldskrá:

- a. Fyrir leiðsögu að bólvirki eða bryggju, 30 aurar fyrir hverja nettó smálest, þó aldrei minna en 45 krónur.
- b. Fyrir leiðsögu frá bólvirki eða bryggju, greiðist hálf gjald, þó aldrei minna en 30 krónur.
- c. Fyrir leiðsögu á legustað (akkerispláss) kr. 30.00 fyrir hvert skip, sem er allt að 100 smálestir nettó, og 6 aura að auki fyrir hverja nettó smálest fram yfir 100.

172

28. okt.

## X. Vörugjald.

## 16. gr.

Vörugjald skal greiða af öllum vörum og skepnum, lifandi eða dauðum, sem fluttar eru af skipsfjöllum á land, eða úr landi á skipsfjöllum, eða úr einu skipi í annað, með þeim undantekningum, er síðar getur.

## 17. gr.

Ef vörur, sem á farmskrá skipsins eru ákveðnar til annarra hafna, eru látnar í land um stundarsakir, skal aðeins greitt vörugjald, þegar vörurnar eru fluttar í land.

Undanþegnar þessu gjaldi eru vörur, sem látnar eru á land um stundarsakir vegna skemmda á skipi.

## 18. gr.

Af vörum, sem fluttar eru úr landi í skip og ákveðnar eru til annarra hafna innanlands, greiðist hálf vörugjald.

Hálf vörugjald skal og greiða fyrir þær vörur, sem fluttar eru úr skipi í strandferðaskip og ætlaðar eru til annarra hafna innanlands, og fyrir þær vörur, sem koma með strandferðaskipum frá öðrum höfnum innanlands, og eru fluttar í önnur skip.

## 19. gr.

Þessar vörur eru algerlega undanþegnar vörugjaldi:

- a. Umbúðir, sem endursendar eru. Olía, vistir og aðrar nauðsynjar skipa og báta til eigin notkunar, enn fremur kol, salt og ís, sem flutt er úr landi í íslensk fiskiskip til eigin notkunar. En hálf vörugjald greiðist af kolum, salti og ís til erlendra fiski- eða vöruflutningaskipa, þótt það sé til eigin afnota.
- b. Bréfaþóstur og farangur ferðamanna.
- c. Vörur og tæki til landshafnargerðarinnar.

## 20. gr.

Vörugjald skal reikna eftir máli eða þyngd með umbúðum. Brot úr gjaldeiningu, sem nemur helmingi eða meiru, telst heil gjaldeining, en minna brot hálf gjaldeining. Fara skal eftir farmskrá viðkomandi skips við útreikning vörugjalds, og er skipstjóri skyldur að láta hafnarstjóra í té eftirrit af farmskrá skips síns. Sé engin farmskrá, skal skipstjóri eða formaður báts gefa drengskaparvottorð um vörumagn, sem fleyta hans hefur fermt eða affermt. Þyki hafnarstjóra ástæða til, getur hann, hvenær sem er, látið ákveða vörumagnið á þann hátt, sem hann telur hentugastan. Reynist vörumagnið meira en upp var gefið, greiðir skipið kostnaðinn við þetta.

Ef ýmsar vörutegundir eru í sendingu, skal reikna vörugjald eftir þeirri tegund, sem hæst gjald skal greiða af.

## 21. gr.

Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því, sem vörugjaldskrá tiltekur og gjald greiða eins og þar segir, þó skal aldrei reikna vörugjald lægra en 20 auru.

Ef vafi leikur á, í hverjum flokki skuli telja vöru, skal hafnarstjóri úrskurða, en úrskurði hans má áfrýja til hafnarstjórnar.

## 22. gr.

*Flokkar vörugjaldskrárinnar.*

1. flokkur. Gjald 30 aurar hver 100 kg:

Blý, brýni, sement, eldfastur leir, gaddavír, stálvír, gærur saltaðar í pökkum, hverfisteinar, ís, járn og stál, járnkeðjur og járnþípur, kaðlar, kitti, krit,

- litarvörur þungar, rafmagnsvörur, prentsverta, sóði, togleður, þakjárn, þak- 172  
pappi, ísvarinn fiskur, nýr fiskur, slægður og óslægður. (Gjald þetta af fiski 28. okt.  
greiðist aðeins, þegar honum er skipað út.)
2. flokkur. Gjald 40 aurar hver 100 kg:  
Benzín og hvers kyns brennsluolía, áburðarolía, baðlyf, feiti, fernisolía, fiskilínur, kol, salt, óverkaður saltfiskur, fiski- og sildarmjöl, garnir, hey, kálmeti, kartöflur, alls konar kornvörur, kjöt, leður, leirvörur, línoleum, mör, pappír og bækur, pokar, pokastrigi, rjúpur og aðrir fuglar, rúðugler, saumur, sápa, segldúkur, seglgarn, hampur, tjara, tvistur og vaxdúkar.
3. flokkur. Gjald 50 aurar hver 100 kg:  
Hraðfrystur fiskur og harðfiskur.
4. flokkur. Gjald 60 aurar hver 100 kg:  
Lýsi, þurr saltfiskur.
5. flokkur. Gjald 80 aurar hver 100 kg:  
Ávextir nýir, þurrkaðir og niðursoðnir, brauðvörur, kaffi, kakao, lyf og lyfjavörur, mjólk, alls konar niðursuðuvörur, jurtafeiti, smjör, smjörliki, súkkulaði, sykur, te, ull, sundmagi og nýlenduvörur alls konar.
6. flokkur. Gjald 120 aurar hver 100 kg:  
Dúnn, eldspýtur, fiður, glervörur, glysvarningur og þess háttar léttar vörur, rjól, rulla, reyktóbak, skinnavörur, skófatnaður, vefnaðarvörur, vindlar og vindlingar.
7. flokkur. Gjald 100 aurar hver 100 kg:  
Aðrar vörur sem reiknast eftir þyngd.
8. flokkur. Gjald 650 aurar fyrir hvern teningsmetra:  
Bifreiðar, húsgögn, orgel, píanó, saumavélar, skilvindur, stundaklukkur og þess háttar vörur, sem reiknast eftir rúmmáli.
9. flokkur.  
Timbur 12.00 krónur fyrir hvern standard.  
Tómar síldartunnur 15 aurar fyrir hverja tunnu.  
Tómar stáltunnur og tóm lýsisföt 20 aurar fyrir hvert stykki.
10. flokkur.  
Síld og hrogn í tunnum, 55 aurar fyrir hverja tunnu.  
Fiskflöt í síldartunnum, 75 aurar fyrir hverja tunnu.  
Saltfullar síldartunnur, 75 aurar fyrir hverja tunnu.  
Frosin beitusíld, 25 aurar hver 100 kg.
11. flokkur. Gjald 4 krónur fyrir hvern grip:  
Hross, nautgripir og svín.
12. flokkur. Gjald 50 aurar fyrir hverja sauðkind eða geit.
13. flokkur. Gjald 30 aurar fyrir hver 600 kg:  
Allur fiskur upp úr sjó, slægður eða óslægður, sem er skipað upp í höfninni. Enn fremur 15 aurar fyrir hver 100 kg af nýrri síld, sem skipað er upp í höfninni.

## XI. Lóðir og geymsluhús m. m.

### 23. gr.

Fyrir að leggja vörur, sem affermdar eru, á land hafnarinnar, skal greiða 4 auru fyrir hvern fermetra af landi því, sem varan liggur á, fyrir hvern sólarhring, talið frá öðrum degi, eftir að affermingu er lokið.

Sama gjald skal greiða fyrir vörur, sem fluttar eru á land hafnarinnar og fara eiga í skip.

172

28. okt.

24. gr.

Ef affermdar vörur eru látnar í geymsluhús hafnarinnar skal greiða 10 auru fyrir hvert stykki, fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, talið frá öðrum degi eftir að affermingu er lokið, enda sé varan tekin innan þriggja daga. Fyrir aðra vörugeymslu greiðist það gjald, sem um semur við hafnarstjóra.

25. gr.

Fyrir lóðir hafnarinnar og geymsluhús, sem eru leigð einstökum mönnum eða félögum um lengri tíma, skal greiða gjald, sem ákveðið verður með samningi.

## XII. Um innheimtu og greiðslu hafnargjalda.

26. gr.

Hafnarstjóri sér um innheimtu hafnargjalda, og skal greiða gjöldin á skrifstofu hans.

27. gr.

Skipstjóri, formaður eða eigandi ber ábyrgð á greiðslu hafnargjalda. Hafnarsjóður hefur haldsrétt í skipum, unz hafnargjöld eru greidd. Þegar gjalddagar eru ekki ákveðnir í reglugerð þessari, skal greiða gjöldin áður en skipið fer burt úr höfninni.

28. gr.

Vörugjald fyrir lóðir og geymsluhús hafnarinnar samkv. 23. og 24. gr. greiði móttakandi af vörum, sem fluttar eru úr húsum eða af lóð hafnarinnar.

Ef margir eiga vörur með sama skipi, skal afgreiðslumaður skipsins standa hafnarstjóra skil á greiðslunni.

Ef skip eða bátur hefur ekki farm sinn skráðan, ber skipstjóri, formaður eða eigandi ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins.

Ef vörur eru fluttar úr einu skipi í annað, greiðir sá vörugjaldið, sem affermir.

Vörugjald af vörum, sem koma til hafnarinnar, fellur í gjalddaga, þegar byrjað er að afferma skipið.

Vörugjald af vörum, sem fluttar eru frá bryggju eða bólvirki, fellur í gjalddaga, þegar vörurnar eru komnar á skip.

Hafnarsjóður hefur haldsrétt í vörunum, unz gjaldið er greitt.

29. gr.

Leigu af lóðum hafnarinnar greiðir sammingsaðili.

30. gr.

Gjald fyrir að nota krana, sporbrautir eða önnur tæki og áhöld greiðir sá, sem semur við hafnarstjóra um afnotin.

31. gr.

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari má taka lögtaki.

32. gr.

Um skaðabótaskyldu fyrir skemmdir á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum, fer eftir almennum lagareglum.

Ef samningum verður ekki við komið, um bætur fyrir skaða eða skemmdir á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum, skulu þær ákveðnar af þremur óvilhöllum, dómkvöddum mönnum.

Hvorum aðila fyrir sig er heimilt að krefjast yfirmats, en gera skal það áður en einn mánuður er liðinn frá því að matsgerð er lokið. Yfirmat skal framkvæmt af

fimm óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmat greiðir sá, er þess **172**  
 hefur krafizt, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meira en nemi 10% af hinni **28. okt.**  
 ákveðnu skaðabótaupphæð. Að öðrum kosti greiðir hinn aðilinn kostnaðinn.

## 33. gr.

Enginn, sem bakað hefur sér refsingu, eða skaðabótaskyldu fyrir brot á reglugerð þessari, má fara úr höfninni, meðan mál hans er útkljáð, nema hann setji tryggingu, er hafnarnefnd tekur gilda.

## 34. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 10000 krónum, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt lögum.

Sektirnar renna í hafnarsjóð landshafnarinnar.

## 35. gr.

Með mál út af reglugerð þessari skal fara sem almenn lögglumál.

## 36. gr.

Með reglugerð þessari eru úr gildi numin reglugerðarákvæði um hafnargjöld fyrir Keflavíkurkaupþún frá 22. janúar 1942, 11. maí 1942 og 30. sept. 1944.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 25 23. apríl 1946, um landshöfn í Keflavík- og Njarðvíkurhreppum, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgöngumálaráðuneytið, 28. október 1949.*

**Emil Jónsson.**

Páll Pálmason.

## AUGLÝSING

um breyting á gjaldskrá fyrir flugvölinn í Keflavík, nr. 89 24. marz 1947.

**173**

31. okt.

Í stað „kr. 2.00“ í lið 6. Lóðarleiga, komi: kr. 0.50.

Gjaldskrárbreyting þessi er hér með sett samkvæmt 7. gr. laga nr. 24 12. febr. 1945, um flugvelli og landingarstaði fyrir flugvélar, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgöngumálaráðuneytið, 31. október 1949.*

**Eysteinn Jónsson.**

Páll Pálmason.



174

31. okt.

**REGLUGERÐ**

um breyting á reglugerð fyrir Keflavíkurflugvöll, um umferð, öryggi o. fl.,  
nr. 117 9. október 1948.

1. gr.

1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Á flugvöllinum skal vera slökkvilið, sem hefur til umráða öll nauðsynleg slökkvi- og björgunartæki. Skal það skipað nægum mannafla og vera tilbúið til starfa, hvenær sem nauðsyn krefur.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerðarbreyting þessi er sett samkvæmt lögum nr. 32 14. júní 1929, um loftferðir, og lögum nr. 95 28. des. 1946, um að ákvæði samnings frá 7. okt. 1946 við Bandaríki Ameríku, er varða aðflutningsgjöld o. fl., skuli öðlast gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgöngumálaráðuneytið, 31. október 1949.*

**Eysteinn Jónsson.**

*Páll Pálmason.*

175

31. okt.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Styrktarsjóð fátækra í Siglufirði“,  
útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 31. okt. 1949.  
Skipulagsskráin er þannig:

**SKIPULAGSSKRÁ**

fyrir styrktarsjóð fátækra í Siglufirði.

1. gr.

Sjóðurinn nefnist Styrktarsjóður fátækra. Heimili hans og varnarþing er í Siglufirði.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður 1. okt. 1948 með 5000 kr. gjöf, en gefandi lætur eigi nafns síns getið.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja fátæklinga innan lögsagnarumdæmis Siglufjarðar á þann hátt, er sjóðstjórnin telur rétt og efni sjóðsins leyfa samkvæmt þeim reglum, er hér fara á eftir um úthlutun úr sjóðnum.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn: Hvanneyrarprestur sem formaður, bæjarfógeti Siglufjarðar sem féhirðir, héraðslæknirinn Siglufirði sem ritari. Nú forfallast einhver stjórnarmanna og tekur þá safnaðarfulltrúinn í Siglufirði sem varamaður sæti

Þess, er forfallast í sjóðstjórninni. Nú forfallast fleiri úr sjóðstjórninni eða vilja ekki taka sæti, og tilnefnir formaður sjóðstjórnar þá, er til vanta. **175**  
31. okt.

## 5. gr.

Stjórn sjóðsins annast styrkveitingar úr sjóðnum og skiptir að öðru en 4. gr. greinir með sér störfum. Féhirðir annast sérstaklega fjárgæzlu sjóðsins og semur reikning hans. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

Reynt sé að afla sjóðnum tekna, en að eins á þann hátt, er eigi valdi áhættu fyrir sjóðinn og eftir því, er sjóðstjórnin telur rétt og heppilegt.

## 6. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í bankastofnun, er ríkissjóður Íslands ber ábyrgð á, eða í ríkisskuldabréfum eða öðrum bréfum, sem ríkisábyrgð er fyrir.

## 7. gr.

Endurskoðendur bæjarreikninga Siglufjarðar endurskoði árlega ársreikninga sjóðsins.

## 8. gr.

Höfuðstól sjóðsins með vöxtum og öðru, er sjóðnum fellur til, má aldrei skerða umfram það, er hér segir:

Þegar sjóðurinn er orðinn kr. 50000.00 skal verja hálfum ársvöxtum árlega til styrkveitinga, þegar sjóðurinn er orðinn kr. 100000.00 skal árlega verja  $\frac{3}{4}$  ársvaxtanna til styrkveitinga, og aldrei meiru.

## 9. gr.

Leita skal staðfestingar forseta á skipulagsskrá þessari og hana birta í B-deild Stjórnartíðindanna.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningar- og styrktarsjóð nemenda Gagnfræðaskólans í Vestmannaeyjum“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 31. okt. 1949. **176**  
31. okt.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningar- og styrktarsjóð nemenda Gagnfræðaskólans í Vestmannaeyjum.

## 1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningar- og styrktarsjóður nemenda Gagnfræðaskólans í Vestmannaeyjum.

## 2. gr.

Sjóður þessi er myndaður á þennan hátt:

1. Af Minningarsjóði Þórunnar Friðriksdóttur frá Löndum í Vestmannaeyjum.
2. Af Minningarsjóði Hermanns Guðmundssonar frá Háeyri í Vestmannaeyjum.
3. Af Minningarsjóði Hauks Lindbergs frá Kalmanstjörn í Vestmannaeyjum.
4. Af öðrum minningarsjóðum, sem kunna að verða stofnaðir við Gagnfræðaskólann.
5. Af gjöfum eða öðru fé, sem sjóðnum kann að áskotnast eða í hann safnast.

176

31. okt. Minningarsjóðir skólans skulu vera sjálfstæðar sjóðdeildir innan minningar- og styrktarsjóðsins og skal  $\frac{1}{5}$  af ársvöxtum hverrar sjóðdeildar leggjast við stofninn árlega, en  $\frac{4}{5}$  ársvaxtanna skulu renna í eina heild og úthlutað í styrk samkvæmt 4. gr.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er sá, að styrkja þá nemendur Gagnfræðaskólans í Vestmannaeyjum, er lokið hafa 3. bekkjar prófi (miðskólaprófi, gagnfræðaprófi) við framhaldsnám, og skal verja  $\frac{4}{5}$  af ársvöxtum sjóðsins til styrktar félitlum en efnilegum nemendum.

Skulu þeir nemendur, sem miða framhaldsnám sitt til eflingar atvinnulífi Vestmannaeyjakaupstaðar, jafnan ganga fyrir um styrk úr sjóðnum.

5. gr.

Sjóðurinn skal ávaxtaður í lánsstofnun með ríkisábyrgð.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þessir menn: Skólastjóri Gagnfræðaskólans í Vestmannaeyjum, sá fastakennari, sem lengst hefur starfað við skólann á hverjum tíma, og sóknarprestur Landakirkju.

7. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

8. gr.

Skólastjóri annast reikningshald sjóðsins og semur ársreikning hans. Stjórn sjóðsins skal leggja ársreikning hans fyrir fund fastra kennara skólans til endurskoðunar og samþykktar. Skal sá fundur haldinn fyrir janúarlök ár hvert og reikningurinn síðan birtur almenningi að lokinni endurskoðun og samþykkt.

9. gr.

Stjórn sjóðsins skal afráða í októbermánuði ár hvert, hver eða hverjir hljóta skuli styrk úr sjóðnum.

10. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða.

11. gr.

Verði Gagnfræðaskólanum í Vestmannaeyjum breytt í menntaskóla, skal styrkurinn veittur eftir að nemendur hafa lokið stúdentsprófi.

12. gr.

Til þess að skipulagsskrá þessari verði breytt, þarf einróma samþykki stjórnar sjóðsins og  $\frac{2}{3}$  hluta af föstum kennurum skólans.

13. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á framanritaðri skipulagsskrá.

Vestmannaeyjum, 1. okt. 1949.

## Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1949.

*Bráðabirðalög um heimild fyrir ríkisstjórnina að ábyrgjast allt að 2 250 000 króna lán til útgerðarmanna, er stunda sildveiðar á þessu sumri, undirskrifuð af forsetanum 12. ágúst 1949, nr. 98.*

*Bráðabirgðalög um framkvæmd gildandi viðskiptasamninga milli Íslands og Póllands, undirskrifuð af forsetanum 28. október 1949, nr. 99.*

*Auglýsing um Norðurlandasamning um gagnkvæma veitingu ellilífeyris, undirskrifuð af utanríkisráðherra 3. nóvember 1949, nr. 100.*

*Forsetabréf um að reglulegt Alþingi 1949 skuli koma saman til fundar mánu-  
daginn 14. nóvember 1949, undirskrifað af forsetanum 8. nóvember 1949, nr. 101.*

*Auglýsing um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglugerð nr. 47  
30. júní 1942, fyrir Háskóla Íslands, undirskrifuð af skrifstofustjóra menntamála-  
ráðuneytisins 2. nóvember 1949, nr. 102.*

*Forsetabréf um breyting á forsetabréfi 11. júlí 1944, um hina íslensku fálka-  
orðu, undirskrifuð af forsetanum 29. nóvember 1949, nr. 103.*

*Auglýsing um viðskiptasamning milli Íslands og Frakklands, undirskrifuð af  
utanríkisráðherra 12. nóvember 1949, nr. 104.*

*Forsetaúrskurður um skipun og skipting starfa ráðherra o. fl., undirskrifað-  
ur af forsetanum 6. desember 1949, nr. 105.*

*Auglýsing um afnám vegabréfsáritana, undirskrifað af utanríkisráðherra  
14. desember 1949, nr. 106.*

*Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1950 með  
viðauka, undirskrifuð af forsetanum 30. desember 1949, nr. 107.*

*Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta skemmtanaskatt með  
viðauka árið 1950, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 108.*

*Lög um bæjarstjórn í Húsavík, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 109.*

*Lög um breyting á lögum nr. 61 31. maí 1947, um váttryggingarfélög fyrir  
fiskiskip, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 110.*

*Lög um breyting á lögum nr. 8/1944, um breyting á l. nr. 44/1932, um  
skipun læknishéraða, verksvið landlæknis og störf héraðslækna, undirskrifuð af  
forsetanum sama dag, nr. 111.*

*Lög um breyting á lögum nr. 98 9. júlí 1941, um heimild fyrir ríkisstjórnina  
til ráðstafana og tekjuöflunar vegna dýrtíðar og erfiðleika atvinnuveganna, undir-  
skrifuð af forsetanum sama dag, nr. 112.*

*Lög um breyting á lögum nr. 60 1939, um gjald af innlendum tollvöruteg-  
undum, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 113.*

*Löð um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði á árinu 1950, undirskrifuð af  
forsetanum sama dag, nr. 114.*

*Lög um framlengingu heimilda í l. nr. 92 29. des. 1948, um viðauka við lög  
nr. 50 7. maí 1946, um almannatryggingar, undirskrifuð af forsetanum sama dag,  
nr. 115.*

*Lög um framlenging á III. kafla laga nr. 100 1948, um dýrtíðarráðstafanir  
vegna atvinnuveganna, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 116.*

*Lög um tekjuskattviðauka 1950, undirskrifuð af forsetanum sama dag,  
nr. 117.*

- 177 **Bréf dómsmálaráðuneytisins til sýslumannsins í Gullbringu- og**  
25. nóv. **Kjósarsýslu, um flutning þingstaðar.**

Samkvæmt tillögu yðar, herra sýslumaður, í bréfi, dags. 12. nóv. s. l., og ósk hreppsnefndar Kópavogshrepps, veitir ráðuneytið hér með samþykki sitt til þess að þingstaður hreppsins verði fluttur frá gamla skólahúsinu á Marbakka í hið nýja barnaskólahús hreppsins að Digraneshálsi, enda annist hreppsnefndin um, að jafnan verði til á hinum nýja þingstað hæfilegt hús til þinghaldanna.

Þetta er yður hér með til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari birtingar.

178

18. okt.

## REGLUR

um ákvörðun skattgreiðslu af andvirði aukavinnu, sem einstaklingar leggja fram utan reglulegs vinnutíma við byggingu íbúða til eigin afnota.

Eignaauki sá, sem stafar af aukavinnu, sem einstaklingar leggja fram utan reglulegs vinnutíma við byggingu íbúða til eigin afnota, skal ekki talinn til skattskyldra tekna. Skattanefnd eða skattstjóri meta, hve mikill hluti af hinu byggða telst einkaíbúð.

Til leiðbeiningar fyrir skattayfirvöldin skulu þeir, sem skattívilnunar þessarar vilja njóta, láta fylgja framtali sínu upplýsingar um fjölda vinnustunda þeirra, sem þeir hafa starfað að smíði eigin íbúðar á árinu, og glögga lýsingu á húsnæði því, sem í smíðum er, svo að séð verði, hve mikill hluti af hinu byggða er einkaíbúð.

Hinn skattfrjálsi eignaauki, sem skattþegn hefur öðlazzt með eigin vinnu framlagi, kemur til skattskyldra tekna sem venjulegur söluhagnaður, ef íbúðin er seld, að því leyti sem eignaaukinn fæst greiddur í söluverði, og eins þótt um makaskipti sé að ræða.

Reglur þessar eru settar samkvæmt 1. gr. laga nr. 16 16. marz 1949.

*Fjármálaráðuneytið, 18. október 1949.*

F. h. r.

Magnús Gíslason.

*Einar Bjarnason.*

179  
31. okt.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Ólafs Ragnarssonar frá Hrafnabjörgum“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 31. október 1949.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Ólafs Ragnarssonar frá Hrafnabjörgum.

1. gr.

Sjóður þessi ber nafnið Minningarsjóður Ólafs Ragnarssonar frá Hrafnabjörgum.

## 2. gr.

179

Sjóðurinn er stofnaður af hjónunum Kristínu Sveinbjarnardóttur og Ragnari Guðmundssyni frá Hrafnabjörgum í Arnarfirði, til minningar um son þeirra, Ólaf, sem féll út af togaranum Kára 29. marz 1948. 31. okt.

## 3. gr.

Stofnfé sjóðsins er 1000 — eitt þúsund — krónur.

## 4. gr.

Tilgangur sjóðsins er:

1. Að veita verðlaun fyrir björgun frá drukknun, er menn falla útbyrðis af skipum.
2. Að veita verðlaun fyrir að finna upp hagkvæm ráð til að bjarga mönnum, er falla út af skipum.
3. Að veita verðlaun skipstjórum, sem sérstaka árvekni þykja sína um líf skipverja sinna.

## 5. gr.

Í fyrsta sinn skal veitt úr sjóðnum 17. september 1957, á 30 ára afmæli Ólafs.

## 6. gr.

Sjóðurinn skal ávaxtast í Söfnunarsjóði Íslands.

Tekjur sjóðsins eru vextir af stofnfé og gjafir, er sjóðnum kunna að berast.

## 7. gr.

Stjórn Slysavarnafélags Íslands skal hafa stjórn sjóðsins með höndum.

## 8. gr.

Formaður slysavarnadeildarinnar Vinabandið, Þingeyrar- og Auðkúluhreppi, skal ávallt hafa íhlutunarrétt um veitingar úr sjóðnum, svo og um breytingar á skipulagsskrá hans.

## 9. gr.

Skipulagi sjóðsins má breyta, er þess þykir þurfa. Alltaf skal hann þó starfa í þágu sama málefnis, sbr. 4. gr. Breytingar má einungis gera samkvæmt ákvæði 8. gr.

## 10. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Skal reikningurinn endurskoðaður af endurskoðendum Slysavarnafélagsins og birtast í Árbók Slysavarnafélags Íslands, eins og aðrir reikningar félagsins.

## 11. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari og hún síðan birt í Stjórnartíðindum.

Hrafnabjörgum, 3. júlí 1949.

Kristín Sveinbjarnardóttir.

Ragnar Guðmundsson.

180

19. des.

**AUGLÝSING****um kærufrest út af skatti skv. eignakönnunarlögum.**

Ráðuneytið hefur ákveðið, að kærufrestur út af skatti samkvæmt 17. gr. eignakönnunarlaga nr. 67 frá 1947, skuli vera til 1. febrúar 1950.

*Fjármálaráðuneytið, 19. desember 1949.*

F. h. r.

E. u.

**Kjartan Ragnars.**

181

30. des.

**AUGLÝSING****um innheimtu skemmtanaskatts árið 1950.**

Ákveðið hefur verið að nota heimild laga nr. 108 30 des. 1949 til þess að innheimta skemmtanaskatt af kvikmyndasýningum með 200% álagi og af öðrum skemmtunum með 20% álagi árið 1950.

Leiksýningar, hljómleikar og söngskemmtanir innlendra manna, svo og sýningar á íslenskum kvikmyndum eru undanþegnar skattaúkanum.

*Menntamálaráðuneytið, 30. desember 1949.*

**Bjarni Benediktsson.***Birgir Thorlacius.*

182

**REIKNINGUR**

**yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs Hjálmars kaupm. Jónssonar  
1. sept. 1947—31. ág. 1948.**

**Tekjur:**

1. Eign 1. sept. 1947:			
a. Veðdeildarbréf .....	kr.	9000.00	
b. Innstæða í Landsbanka Íslands .....	—	18623.48	
			kr. 27623.48
2. Vextir:			
a. Af veðdeildarbréfum .....	kr.	450.00	
b. — innstæðu í Landsbanka Íslands .....	—	402.66	
			— 852.66
			<b>Kr. 28476.14</b>

**Gjöld:**

1. Úthlutað styrk .....	kr.	200.00	
2. Eign í lok reikningsársins:			
a. Veðdeildarbréf .....	kr.	9000.00	
b. Innstæða í Landsbanka Íslands .....	—	19276.14	
			— 28276.14

**Kr. 28476.14**

Reykjavík, 25. október 1948.

**Sigurgeir Sigurðsson. Páll Einarsson.**

## AUGLÝSING

um breyting á samþykkt nr. 37 23. febrúar 1948, um lokunartíma  
sölubúða í Sandgerði í Gullbringusýslu.

2. grein orðist þannig:

Allt árið skal sölubúðum í Sandgerði lokað ekki síðar en kl. 6 að kvöldi og ekki opnaðar aftur fyrr en kl. 9 að morgni næsta dag. Þó skal á tímabilinu 1. júní til 30. september sölubúðum lokað á laugardögum ekki síðar en kl. 12 á hádegi, og frá 1. október til 31. desember ekki síðar en kl. 4 eftir hádegi, og á þessu tímabili ekki opnaðar aftur fyrr en kl. 9 að morgni næsta virkan dag. Síðasta virkan dag fyrir jól skal heimilt að halda sölubúðum opnum til kl. 12 á miðnætti.

Samþykktarbreyting þessi, sem gerð er af hreppsnefnd Miðneshrepps, samkv. lögum nr. 17 1. febrúar 1936, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi frá og með 1. janúar 1950 að telja, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 16. desember 1949.*

F. h. r.

Jónas Guðmundsson.

*Gisli Jónasson.*

## REGLUGERÐ

um fluglið.

184

1. nóv.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 32 14. júní 1929, um loftferðir, og lögum nr. 65 31. maí 1947, um viðauka við og breytingar á lögum nr. 24 12. febr. 1946, um flugvelli og landingarstaði fyrir flugvélar, og í sambandi við gildandi fyrir-  
mæli alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICAO), sbr. auglýsingu nr. 45 2. apríl 1947 (Stj.tíð. A. 1947), um staðfestingu flugsamninga.

2. gr.

Reglugerð þessi nær til allra flugliða, en það eru þeir, sem starfa að stjórn og leiðbeiningu loftfara, viðgerðum þeirra, viðhaldi og eftirliti, og hér eru taldir:

1. *Flugmenn*, þ. e. flugliðar, sem stjórna loftförum:

- a. Flugnemar, þ. e. þeir, sem réttindi hafa til að stjórna loftförum í skólaflugi, einliðaðir, til undirbúnings undir einkaflugmannspróf.
- b. Einkaflugmenn, þ. e. þeir, sem réttindi hafa til að stjórna flugvélum með farþega og flutning, þó ekki í atvinnuskyni.
- c. Atvinnuflugmenn, þ. e. þeir, sem réttindi hafa til að stjórna flugvélum, að ákveðinni þyngd, með farþega og flutning í atvinnuskyni, þó ekki í reglubundnu atvinnuflugi.
- d. Atvinnuflugmenn, með meira prófi, þ. e. atvinnuflugmenn með viðtækari réttindi en í c-lið greinir, að því er þyngd flugvéla snertir.
- e. Flugstjórar, þ. e. flugliðar, sem réttindi hafa til að stjórna flugvélum með farþega og flutning í reglubundnu atvinnuflugi.

51



- 184 2. *Flugliðar, sem teljast til áhafna loftfara, aðrir en flugmenn:*  
 1. n.ó.v. a. Flugleiðsögumenn, þ. e. flugliðar, sem réttindi hafa til að starfa í loftförum að staðar- og leiðarákvörðun þeirra.  
 b. Flugvélstjórar, þ. e. flugvélavirkjar, sem réttindi hafa til að starfa sem vélgæzlumenn loftfara á flugi.  
 c. Flugloftskeytamenn, þ. e. loftskeytamenn, sem réttindi hafa til að starfrækja loftskeytavirki loftfara á flugi.  
 3. *Flugliðar, sem ekki teljast til áhafna loftfara:*  
 a. Flugvélavirkjar, þ. e. flugliðar, sem réttindi hafa til að annast eftirlit, viðhald og viðgerðir loftfara.  
 b. Flugumferðarstjórar, þ. e. flugliðar, sem réttindi hafa til að starfa í flugturni eða í flugstjórnarmiðstöð að stjórn á umferð loftfara.  
 c. Flugumsjónarmenn, þ. e. flugliðar, sem réttindi hafa til að annast fyrir hönd loffferðafyrirtækis, undirbúning að flugi loftfara þess, fylgjast með flugi þeirra og leiðbeina þeim með tilliti til öryggis og hagkvæms reksturs.  
 4. *Svifflugmenn, þ. e. flugliðar, sem lokið hafa meira C-prófi í svifflugi og réttindi hafa til að stunda loftferðir á svifflugum.*

## 3. gr.

Ekki mega aðrir takast á hendur þau störf í íslenskum loftförum eða hér á landi, sem um getur í 2. gr., en þeir, sem til þess hafa hlotið tilskilin skirteini (leyfisbréf) frá samgöngumálaráðuneytinu.

Erlent skirteini útlendings má þó taka gilt, sé það gefið út af ríki, sem hefur gerzt aðili að alþjóðasamþykkt eða milliríkjasamningi um gagnkvæma viðurkenningu á slíkum skirteinum til flugleiðs, enda sé Ísland aðili að samþykktinni eða samningnum. Þó að slíkir samningar séu ekki fyrir hendi, má taka erlent skirteini gilt, ef ríkar ástæður þykja til. Samgöngumálaráðuneytið getur þá gefið út skirteini til að gilda hér á landi um tiltekinn tíma, sem þó má ekki vera lengri en gildistími hins erlenda skirteinis.

## 4. gr.

Skirteini til flugleiðsstarfa veita rétt til þess að rækja störf þau, er nánar eru til tekin í skirteinunum.

Innan hvernar starfsgreinar hefur handhafi skirteinis í réttindahærri flokki réttindi til að gegna störfum, sem handhafi skirteinis í réttindaminni flokki í sömu starfsgrein hefur réttindi til að gegna, nema annað sé fram tekið.

## 5. gr.

Skirteini til annarra flugleiðsstarfa en þeirra, sem talin eru í 2. gr., getur samgöngumálaráðuneytið gefið út eftir reglum, sem ákveðnar verða síðar.

## 6. gr.

Handhafi skirteinis skal jafnan hafa það í sinni vörzlu, þegar hann er að störfum, og sýna það loftferðaeftirlitinu, þegar þess er krafizt.

Gildistími fer eftir því, sem segir í 39. gr.

## 7. gr.

Til þess að mega starfrækja talstöðvar, skulu flugliðar enn fremur vera handhafar að sérstöku skirteini, sem póst- og símamálastjórnin gefur út í því skyni.

## II. KAFLI

## Skírteini flugmanna.

184

1. nów.

## 8. gr.

Réttindi flugmanns eru bundin við ákveðnar tegundir loftfara, sem tilgreindar skulu í skírteini hans.

Við útgáfu skírteinis flugmanns skal sú tegund loftfars, sem hann tók próf á, færð í skírteinið.

Óski handhafi flugmannsskírteinis eftir réttindum til að stjórna annarri tegund loftfars, skal hann:

1. Sanna loftferðaeftirlitinu fræðilega þekkingu sína á eiginleikum viðkomandi loftfars.
2. Sýna loftferðaeftirlitinu leikni sína á flugi í viðkomandi loftfari (verklegt próf).

Loftferðaeftirlitið getur þó fellt niður hið verklega próf, ef nægar ástæður eru fyrir hendi að dómi þess, t. d. ef umsækjandi hafði áður réttindi fyrir viðkomandi tegund loftfara. Þá getur loftferðaeftirlitið, ef um tegund loftfars er að ræða, sem er lík einhverri þeirra tegunda, sem umsækjandi hefur áður réttindi fyrir, tekið gilt vottorð um hæfni umsækjanda frá flugmanni, sem réttindi hefur á viðkomandi tegund, enda sé sá a. m. k. atvinnuflugmaður.

Þegar loftferðaeftirlitið hefur fullvissað sig um hæfni umsækjanda til að stjórna ákveðinni nýrri tegund, skráir það viðkomandi tegund í skírteini hans.

*Takmörkun tegundaréttinda.* Réttindi flugmanns til að stjórna loftfari ákveðinnar tegundar geta verið þeim takmörkunum háð, að hann megi aðeins fljúga viðkomandi loftfari sem einkaflugmaður, sem aðalflugmaður í óreglubundnu atvinnuflugi, eða sem annar flugmaður.

Loftferðaeftirlitið getur fellt niður eða takmarkað réttindi flugmanns til að stjórna einstökum tegundum loftfara, hafi hann ekki flogið þeirri tegund um lengri tíma.

Réttindi til að stjórna loftförum af óvenjulegri gerð, svo sem „Helicopter“, veitir samgöngumálaráðuneytið eftir reglum, sem ákveðnar verða síðar.

## 9. gr.

Skilyrði, sem umsækjandi að skírteini flugnema þarf að fullnægja, eru sem hér segir:

1. *Lágmarksaldur:* Umsækjandi sé ekki yngri en 17 ára.
2. *Heilbrigði:* Umsækjandi fullnægi heilbrigðiskröfum samkv. 32. gr.
3. *Flugfræðileg þekking:* Umsækjandi skal hafa kynnt sér hagnýtar loftferðareglur, sérstaklega umferðareglur og skyldur flugmanna í loftförum í grennd við flugvelli og á þeim, svo og notkun ljósa og merkja, og kunna meginatriði í þessum reglum.
4. *Reynsla í flugi:* Flugkennari skal hafa fullvissað sig um, að umsækjandi sé fær um að fljúga einflug, enda hafi umsækjandi einnig verið prófaður af flugmanni frá loftferðaeftirlitinu.
5. *Flugtími:* Lágmarksflugtími með kennara skal vera sem hér segir, enda gefi kennari umsækjanda hæfnisvottorð og tiltaki, hve margar klukkustundir umsækjandi hafi flogið með honum:
  - a. Umsækjandi, sem lokið hefur meira C-prófi í svifflugi og hlotið skírteini fyrir svifflugmenn, sbr. 26. gr., skal hafa flogið a. m. k. 3 klst. með kennara.
  - b. Umsækjandi, sem lokið hefur B- eða C-prófi í svifflugi, skal hafa flogið a. m. k. 5 klst með kennara.

184  
1. n.óv.

c. Aðrir umsækjendur skulu hafa flogið a. m. k. 8 klst. með kennara. Enginn má hefja flugnám, nema hann hafi áður afhent loftferðaeftirlitinu heilbrigðisvottorð, sem sannar líkamlega hæfni hans, sbr. 2. lið hér að framan. Flugnemi má ekki fljúga einflug, nema fullgildur flugkennari eða viðurkenndur aðstoðarflugkennari sé viðstaddur á flugvælinum, og skal kennarinn fylgjast með flugi nemans eftir beztu getu.

Enginn má fljúga langflug, þ. e. utan takmarka flugvallar eða æfingasvæðis, sem loftferðaeftirlitið hefur samþykkt, fyrr en hann hefur fengið skirteini. Með takmörkun flugvallar eða æfingasvæðis er átt við, að flugi skuli þannig hagað, að auðvelt sé að lenda úr renniflugi, þótt hreyfill bili.

#### 10. gr.

Skilyrði, sem umsækjandi að skirteini *einkaflugmanns* þarf að fullnægja, eru sem hér segir:

1. *Lágmarksaldur*: Umsækjandi sé ekki yngri en 18 ára.
2. *Heilbrigði*: Umsækjandi fullnægi heilbrigðiskröfum, samkv. 32. gr.
3. *Flugfræðileg þekking*: Umsækjandi sanni þekkingu sína með skriflegu og/eða munnlegu prófi. Prófgreinar eru sem hér segir:
  - a. Almennar loftferðareglur, sérstaklega reglur um loftferðir yfir flugvöllum og í grennd við þá.
  - b. Íslensk veðurskilyrði. Undirstöðuatriði veðurfræðinnar.
  - c. Hagnýt loftsiglingafræði, svo sem notkun landabréfa, loftleiðsögn, þar sem farið er eftir landslagi, og notkun hjálpartækja við flug í sjónflugsskilyrðum.
  - d. Undirstöðuatriði flugeðlisfræðinnar.
  - e. Helztu grundvallarreglur um meðferð og daglegt eftirlit loftfara og helztu undirstöðuatriði í vélfræði (hreyflar loftfara).
4. *Reynsla í flugi*: Umsækjandi skal hafa flogið a. m. k. 40 klst. samtals, þar með talinn flugtími með kennara, þó má flugtími umsækjanda, sem stundað hefur nám í viðurkenndum flugskóla eða námsskeiði, vera styttri, en þó þannig, að samanlagður flugtími sé ekki minni en 30 klst. Innifalið í þessum flugtíma skulu vera að minnsta kosti 3 klst. á langflugi. Sé eitt flugið a. m. k. 300 km og skal lent á eigi færri en tveimur tilteknum stöðum á leiðinni, þannig að loftfarið staðnæmist eftir lendingu.
5. *Leikni í flugi* (verklegt próf): Umsækjandi skal sýna hæfni sína í því að framkvæma eftirfarandi flugraunir vel og örugglega í flugvél, sem getur ofrisið og spunnið. Skal hann vera einn í flugvélinni, meðan á prófi stendur:
  - a. Þrjár landingar í röð úr 300 metra hæð, þannig að hreyfillinn sé settur í lausagang, 1) gegn vindi, 2) með vindi og 3) þvert á vindátt, og skal loftfarið lenda gegn vindi og stöðvast innan 100 m frá fyrir fram ákveðnu marki. A. m. k. einni landingunni skal ljúka úr vængskriði.
  - b. Flug án millilendingar kringum tvo greinilega auðkennda staði, sem eru í hér um bil 500 metra fjarlægð hvor frá öðrum, og skal flogið þannig, að beygjurnar myndi töluna 8 þrisvar sinnum. Allar beygjurnar skulu flognar með hæfilegum hliðarhalla. Flughæð, þ. e. hæð sú, sem flogið er í, skal ekki breytast meira en um 60 metra.
  - c. Að fljúga tvo krappa áframhaldandi heilhringi (720°) til hvorrar handar (minnsti hliðarhalli 60°) með hreyfilinn í fullum gangi. Hæð sú, sem flogið er í, skal ekki breytast um meira en 60 metra.
  - d. Spun til hægri og vinstri, a. m. k. heilhring á hvorn veg.
  - e. Að rétta loftfar úr ofrisi.

Flugraunir í loftfari af óvenjulegri gerð skulu í aðalatriðum vera sniðnar eftir sömu kröfum. 184

*Starfsréttindi* einkaflugmanns eru sem hér segir, enda fullnægi hann skilyrðum þeim, sem um getur í VII. kafla þessarar reglugerðar:

Hann má fljúga sem aðalflugmaður, eða sem annar flugmaður, og flytja farþega og varning, en þó ekki gegn endurgjaldi. Hann má ekki stjórna loftfari að næturlagi, nema fullnægt sé ákvæðum 15. gr. og ekki í blindflugi, nema hann hafi blindflugsréttindi, sbr. 14. gr.

#### 11. gr.

Skilyrði, sem umsækjandi að skirteini *atvinnuflugmanns* þarf að fullnægja, eru sem hér segir:

1. *Lágmarksaldur*: Umsækjandi sé ekki yngri en 19 ára.
2. *Heilbrigði*: Umsækjandi fullnægi heilbrigðiskröfum samkv. 32. gr.
3. *Almenn menntun*: Umsækjandi hafi a. m. k. miðskólapróf.
4. *Flugfræðileg þekking*: Umsækjandi sanni þekkingu sína með munnlegu og/eða skriflegu prófi. Prófgreinar eru sem hér segir:
  - a. Almennar loftferðareglur, sérstaklega reglur um flugumferð og flugumferðarstjórn.
  - b. Nægileg veðurfræði til þess að skilja og þekkja þau veðurskilyrði, sem flogið verður við, eftir veðurkortu og veðurfregnum. Umsækjandi skilji vel almenn grundvallaratriði veðurfræðinnar.
  - c. Hagnýt loftsiglingafræði, svo sem notkun korta, loftsiglingar eftir landslagi og leiðarreikningi, notkun áttavita og annarra hjálpartækja í sjónflugsskilyrðum.
  - d. Flugeðlisfræði, þekking á lögmálum um mótspyrnu loftsins, einkum áhrif mótspyrnu á vængi og stélfleti, stýri og skrúfu. Starfsemi stýrisútbúnaðarins og hinna ýmsu hluta flugvélarinnar o. s. frv.
  - e. Vélfræði. Almenn þekking á hreyflum, störfum hinna ýmsu hluta þeirra, viðhaldi, viðgerðum og meðferð á hreyflum og skrokkum loftfara.
5. *Reynsla í flugi*: Umsækjandi skal hafa flogið að minnsta kosti 200 klst. samtals; þó má gefa undanþágu frá þessu ákvæði sé um að ræða umsækjanda, sem útskrifaður er úr viðurkenndum flugskóla, og má þá stytta þennan tíma í 150 klst. Innifalið í áðurnefndum flugtíma skal vera a) a. m. k. 100 klst. flug sem aðalflugmaður, b) 20 klst. langflug (einflug), þar af eitt flug minnst 480 km með viðkomu á tveimur tilteknum stöðum á leiðinni, með fullri stöðvun á loftfarinu. Þá skal vera innifalið í áðurnefndum flugtíma 10 klst. kennsla í blindflugi og 10 klst. næturflug. Mega 5 klst. af næturfluginu vera flognar með kennara og skal umsækjandi hafa leyst af hendi a. m. k. 10 flugtök og 10 landingar að nóttu til sem aðalflugmaður.
6. *Leikni í flugi* (verklegt próf): Umsækjandi skal sýna á flugi nákvæma þekkingu á eiginleikum flugvélar af þeirri tegund, sem hann vill fá réttindi til að stjórna. Skal hann og framkvæma örugglega og á fullnægjandi hátt þær flugraunir, sem taldar eru hér á eftir:
  - a. Þrjár landingar í röð úr 300 m hæð, þannig að hreyfillinn sé settur í lausagang:
    - 1) gegn vindi;
    - 2) með vindi;
    - 3) þvert á vindátt.

Skal loftfarið lenda gegn vindi og stöðvast innan 60 m frá fyrir fram ákveðnu marki. Að minnsta kosti einni landingunni skal ljúka úr vængskriði.

184  
1. n.óv.

- b. Skrufugl til vinstri og hægri, þannig að þrjú heilhringir séu flognir á hvorn veg. Hliðarhalli loftfarsins sé ekki minni en  $60^\circ$  og hreyfillinn í lausagangi.
  - c. Flug án millilendingar kringum tvo greinilega auðkennda staði, sem eru 300—500 m hvor frá öðrum, þannig að flognar séu þrjár, gleiðar áttagaðar (8) beygjur og þrjár krappar. Enn fremur skal fljúga tvo krappa áframhaldandi heilhringi ( $720^\circ$ ) á hvorn veg með minnst  $60^\circ$  halla og hreyfillinn í fullum gangi. Við framkvæmd hverrar flugraunar skal hæð sú, sem flogið er í, ekki breytast um meira en 30 metra.
  - d. Spun til hægri og vinstri, tvo heilhringi til hvorrar handar. Loftfarið skal rétt við þannig, að stefnubreyting nemi ekki meira en  $10^\circ$  til eða frá.
  - e. Samræmdar flugæfingar, svo sem beint stig, stigbeygjur, vængskrið, nauðlendingar og að láta loftfarið ofríska úr krappri beygju og rétta það síðan við.
  - f. Að sýna þekkingu á beztu skilyrðum til klifflugs og renniflugs og kunna skil á réttri beitingu hreyfilsins og allra stjórnækja í því sambandi.
- Flugraunir í loftfari af óvenjulegri gerð skulu í aðalatriðum vera sniðnar eftir sömu kröfum.

*Starfsréttindi* atvinnuflugmanns eru sem hér segir, enda fullnægi hann skilyrðum þeim, sem um getur í VII. kafla þessarar reglugerðar:

- a. Hann má leysa af hendi öll þau störf, sem einkaflugmaður hefur réttindi til.
- b. Hann má vera aðalflugmaður í loftförum, sem starfrækt eru í atvinnuskyni, en sem annast þó ekki loftflutninga gegn endurgjaldi.
- c. Hann má vera aðalflugmaður í loftförum, sem annast loftflutninga gegn endurgjaldi, þó ekki í reglubundnu atvinnuflugi, enda séu loftförin ekki þyngri en 5700 kg:
  - 1) Í sjónflugsskilyrðum.
  - 2) Í næturflugi, hafi hann réttindi til næturflugs, sbr. 15. gr.
  - 3) Í blindflugsskilyrðum, hafi hann blindflugsréttindi, sbr. 14. gr., en hann má þó ekki flytja farþega í blindflugsskilyrðum.
- d. Hann má vera annar flugmaður í loftförum, sem starfrækt eru í atvinnuskyni, einnig til farþegaflutnings gegn endurgjaldi, en þó ekki í reglubundnu atvinnuflugi:
  - 1) Í sjónflugsskilyrðum.
  - 2) Í næturflugi, hafi hann réttindi til næturflugs.
  - 3) Í blindflugsskilyrðum, hafi hann blindflugsréttindi.
- e. Hann má vera annar flugmaður í loftförum í reglubundnu atvinnuflugi, hafi hann réttindi til nætur- og blindflugs.

#### 12. gr.

Skilyrði, sem umsækjandi að skírteini *atvinnuflugmanns með meira prófi* þarf að fullnægja, eru sem hér segir:

1. *Lágmarksaldur*: Umsækjandi sé ekki yngri en 21 árs.
2. *Heilbrigði*: Umsækjandi fullnægi heilbrigðiskröfum samkv. 32. gr.
3. *Almenn menntun*: Umsækjandi hafi a. m. k. miðskólapróf.
4. *Flugfræðileg þekking*: Umsækjandi sanni þekkingu sína með munnlegu og/eða skriflegu prófi. Prófgreinar eru sem hér segir:
  - a. Almennar loftferðareglur, sérstaklega þau ákvæði, sem koma við rekstri loftfara í reglubundnu atvinnuflugi.
  - b. Aðalatriði loftsílingafræðinnar, svo sem að nota formúlur þær, leiðsögu-tæki, kort og önnur hjálpargögn, bæði í loftfarinu og á jörðu niðri, sem nauðsynleg eru talin við blindflug.

- c. Tilhögun á söfnun og dreifingu veðurfregna.
- d. Veðurkort, veðurspár, alþjóðaveðurskeytalykill og fræðileg heiti í veðurfræðinni.
- e. Undirstöðuatríði veðurfræðinnar, stormsveipir (lægðir og háþrýstisvæði), úrkomubelti, skýjamyndanir, ísing, loftstraumar í háloftunum og áhrif þeirra á flugskilyrði.
- f. Leiðbeiningar veðurþjónustunnar viðvikjandi áætlunarflugi og öðrum flugsamgöngum.
- g. Leiðsögutæki þau, sem almennt eru í notkun, svo sem snúningsvitar, stefnuhljós, radióleiðarvitar og radiómerkjavitar.
- h. Starfsreglur um radióviðskipti þau, sem notuð eru við almennar flugsamgöngur.
- i. Grundvallaratriði, er varða neyðarráðstafanir á flugi, við eldsvoða, ísingu í blöndungi, hreyfilbilun og nauðlendingu á sjó.
- j. Hvernig hleðslu loftfara skal hagað og hvaða áhrif dreifing hennar hefur á flugeiginleika loftfars.
5. *Reynsla í flugi*: Umsækjandi skal hafa þá reynslu í flugi, sem hér greinir:
- Hafa fullgilt skirteini fyrir atvinnuflugmenn.
  - Réttindi til blindflugs.
  - Hafa flogið a. m. k. 700 klst. samtals, þar af a. m. k. 200 klst. sem aðalflugmaður. Af þessum 200 klst. skulu vera 25 klst. næturflug, þar af 10 klst. langflug.
6. *Leikni í flugi* (verklegt próf): Umsækjandi skal sýna hæfni sína í því að stjórna flugvél örugglega í öllum venjulegum flugraunum. Jafnframt skal hann leysa af hendi neðangreindar flugraunir:
- Sýna viðbragðshæfni við ýmiss konar hættuskilyrði, svo sem að nauðlenda og rétta flugvélina úr ofrasi, sem hafið er úr láréttu flugi eða krappri beygju.
  - Að stjórna fjölhreyfla flugvél, fullhlaðinni, með einn hreyfil gagnlausan, ef réttinda er æskt til að stjórna flugvél af þeirri gerð.
  - Að framkvæma eingöngu eftir mælitækjum (blindflug) allar venjulegar flugraunir, svo sem ofris, skrófuflug og a. m. k. tvo áframhaldandi heilhringi (720°) með halla, sem ekki sé minni en 45°.
  - Að stjórna eingöngu eftir mælitækjum (blindflug) fjölhreyfla flugvél, fullhlaðinni, með einn hreyfil gagnlausan, ef réttinda er æskt til að stjórna flugvél af þeirri gerð.
  - Að skilja radiómerki á hinu alþjóðlega morsestafrófi, að leysa af hendi á flugi í raunverulegum eða tilbúnum blindflugskilyrðum verkefni í staðar-ákvörðun og aðflugi með notkun radiótækja, enn fremur framkvæma aðrar þær flugraunir, sem nauðsynlegar eru til að öðlast blindflugsréttindi.
  - Að framkvæma aðrar þær flugraunir, sem nauðsynlegar kunna að reynast til að sanna hæfni umsækjanda.

Flugraunir í loftfari af óvenjulegri gerð skulu í aðalatriðum sniðnar eftir sömu kröfum.

*Starfsréttindi* atvinnuflugmanns með meira prófi eru sem hér segir, enda fullnægi hann skilyrðum þeim, sem um getur í VII. kafla þessarar reglugerðar:

- Hann má leysa af hendi sömu störf og atvinnuflugmaður, sem hefur blindflugsréttindi.
- Hann má starfa sem aðalflugmaður í loftförum, sem ekki eru þyngri en 13650 kg og starfrækt eru í atvinnuskyni, en þó ekki í reglubundnu atvinnuflugi.
- Hann má starfa sem annar flugmaður í hvers konar atvinnuflugi, einnig reglubundnu.

184

13. gr.

1. n.óv.

Skilyrði, sem umsækjandi að skirteini *flugstjóra* þarf að fullnægja, eru sem hér segir:

1. *Lágmarksaldur*: Umsækjandi sé a. m. k. 23 ára.
2. *Heilbrigði*: Umsækjandi fullnægi heilbrigðiskröfum samkv. 32. gr.
3. *Almenn menntun*: A. m. k. gagnfræðapróf.
4. *Flugfræðileg þekking*: Umsækjandi sanni þekkingu sína með skriflegu og/eða munnlegu prófi. Prófgreinar eru hinar sömu og fyrir atvinnuflugmann með meira prófi, sjá 12. gr.
5. *Reynsla í flugi*: Umsækjandi skal hafa þá reynslu í flugi, sem hér greinir, eða aðra þá flugreynslu, sem sambærileg er: Samanlagður flugtími hans, viðurkenndur í samræmi við 44. gr., skal vera a. m. k. 1200 klst. Innifalið í þessum flugtíma skal vera:
  - a. Flugtími sem aðalflugmaður samtals 250 klst., þar af 100 klst. í langflugi og þannig að a. m. k. 25 klst. hafi verið flognar að næturlagi.
  - b. Flugtími í langflugi 200 klst. sem annar flugmaður í loftfari, þar sem annars flugmanns er krafizt, eða sem aðalflugmaður í 200 klst. í stað þeirra 100 klst., sem um getur í a-lið.
  - c. Flugtími að næturlagi a. m. k. 100 klst. sem aðalflugmaður eða annar flugmaður.
  - d. Blindflug 75 klst. Af þeim tíma má umsækjandi hafa flogið í 25 klst. við tilbúin blindflugskilyrði.
6. *Leikni í flugi*: Umsækjandi skal sýna sömu leikni í flugi og atvinnuflugmaður með meira prófi, sjá 12. gr.

*Starfsréttindi* flugstjóra eru sem hér segir, enda fullnægi hann skilyrðum þeim, sem um getur í VII. kafla þessarar reglugerðar:

- a. Hann má leysa af hendi sömu störf og atvinnuflugmaður með meira prófi.
- b. Hann má starfa sem aðalflugmaður eða annar flugmaður í reglubundnu atvinnuflugi.

14. gr.

Skilyrði, sem fullnægja þarf til að fá réttindi til *blindflugs*, eru sem hér segir:

1. *Flugfræðileg þekking*: Umsækjandi sanni þekkingu sína með skriflegu og/eða munnlegu prófi. Prófgreinar eru sem hér segir:
  - a. Hagnýt loftsiglingafræði, svo sem notkun landabréfa, leiðsögn eftir leiðar-reikningi og radió, notkun og stilling mælitækja.
  - b. Radió leiðsögukerfi, sem notuð eru við loftsiglingar, sérstaklega hvernig slík kerfi eru notuð við blindflugsskilyrði.
  - c. Grundvallaratriði veðurfræðinnar, undirstöðuatriði fyrir veðurspár, reglur um söfnun og dreifingu veðurskeyta fyrir flugsamgöngur.
  - d. Blindflugsreglur og áætlanir fyrir flug, þar sem tekið er tillit til: flugumferðarstjórnar, flughæfni loftfarsins, veðurspár fyrir áætlaða flugleið, áætlaðs nauðsynlegs eldsneytismagns til flugsins, svo og hugsanlegra breytinga á flugáætluninni vegna breyttra flugskilyrða.
2. *Reynsla í flugi*: Umsækjandi skal hafa þá reynslu, sem hér um getur:
  - a. Hafa fullgilt skirteini einkaflugmanns a. m. k.
  - b. Hafa flogið sem aðalflugmaður a. m. k. 150 klst., þar með talið a. m. k. 50 klst. í langflugi að degi til.
  - c. Hafa a. m. k. 40 klst. reynslu í blindflugi. Af þeim tíma mega vera allt að 20 klst. gerviblindflug. Hafi umsækjandi lokið námi úr viðurkenndum flugskóla eða námskeiði, þarf samanlagður blindflugstími ekki að vera nema 30 klst., en þar af mega ekki vera meira en 10 klst. gerviblindflug.

3. *Leikni í flugi*: Umsækjandi skal sýna hæfni sína með því að framkvæma 184 eingöngu eftir mælitækjum eftirfarandi flugraunir í þar til hæfri flugvél: 1. nóv.
- Lárétt flug í beina stefnu.
  - Flug með hæfilegum halla, einn hálfhring ( $180^\circ$ ) og einn heilhring ( $360^\circ$ ) til hvorrar handar.
  - Flug með hreyfilinn í gangi, er sýni: 1) minnsta flughraða á láréttu flugi, 2) minnsta renniflug, þ. e. nefi loftfarsins er haldið eins mikið uppi og hæft er meðan á renniflugi stendur, 3) mestan klifbratta, 4) ofris.
  - Klifbeygjur, þ. e. teknar eru beygjur á meðan flugvélina klífur upp á við.
  - Ofris, geigun, vængskrið og skrúfuflug með meiri halla en  $40^\circ$ .
  - Lausn verkefna á flugi, er sýni áætlaðan tíma á ákvörðunarstað eftir leiðarreikningi.
  - Leikni í notkun tækja og leiðsögukerfa. Umsækjandi skal sýna hæfni sína í því að framkvæma eftirfarandi, er hann flýgur blindflugi:
    - Að stilla viðtæki loftfarsins.
    - Staðarákvörðun, þ. e. ákveða hvar hann er staddur samkv. blindflugstækjum loftfarsins.
    - Að fljúga eftir geisla radióleiðarvita, sé hann fyrir hendi til notkunar.
    - Að finna þagnarsvið radióleiðarvita eða flugvöll, ef leiðarviti er ekki fyrir hendi.
    - Aðflug og flug niður úr skýjum eftir viðurkenndum reglum viðkomandi flugvallar með því að styðjast eingöngu við blindflugstæki.

Séu flugraunirnar framkvæmdar í loftfari af óvenjulegri gerð skal kröfum breytt eftir því sem ástæða þykir til og má þá takmarka blindflugsréttindin við loftför af þeirri gerð.

*Starfsréttindi*: Flugmaður með réttindi til blindflugs má fljúga sem aðalflugmaður eða sem annar flugmaður í blindflugsskilyrðum. Skirteini atvinnuflugmanns með meira prófi og flugstjóra ná til blindflugs, án þess að það sé sérstaklega fram tekið, en aðrir flugmenn mega ekki stunda blindflug, nema blindflugsréttindi séu rituð í skirteini þeirra.

Gildistími blindflugsréttinda skal vera hinn sami og gildistími flugmanns-skirteinanna.

Réttindi til blindflugs falla niður við endurnýjun skirteinis, hafi flugmaður ekki stundað og skráð blindflug eða gervibindflug sem svarar 1 klst. á mánuði að meðaltali frá því að réttindi voru veitt eða skirteinið gefið út eða síðast endurnýjað. Atvinnuflugmenn með meira prófi og flugstjórar, sem ekki fullnægja þessum skilyrðum, fá ekki endurnýjun á skirteini í sama réttindaflokki, nema þeir afli sér þeirrar reynslu sem á vantar.

#### 15. gr.

Um *naturflug* gilda þessi ákvæði:

- Það skal talið naturflug, þegar flogið er á því tímabili, sem sól er  $6^\circ$  eða meira undir sjóndeildarhring.
- Flugnemi má ekki fljúga naturflug.
- Einkaflugmaður má fljúga naturflug án farþega, ef hann hefur:
  - Skráð a. m. k. 50 flugstundir, þar af 25 klst. sem aðalflugmaður.
  - Leyst af hendi að nóttu til með flugkennara 5 flugtök og 5 landingar.
  - Fengið áritun loftferðaeftirlitsins á skirteini sitt um að honum sé heimilt naturflug án farþega.
- Einkaflugmaður, sem fullnægir þeim skilyrðum sem í 3. lið getur, má fljúga naturflug með farþega, ef hann hefur:
  - Skráð a. m. k. 5 klst. naturflug á undanförunum 12 mánuðum.



184  
1. n.óv.

- b. Fengið áritun loftferðaeftirlitsins um að honum sé heimilt næturflug með farþega.
5. Atvinnuflugmaður má fljúga næturflug, einnig með farþega, hafi hann fengið áritun loftferðaeftirlitsins um að honum sé heimilt næturflug.
  6. Atvinnuflugmaður með meira prófi og flugstjóri mega, án sérstakrar áritunar, fljúga næturflug með eða án farþega.
  7. Réttindi einka- og atvinnuflugmanna til næturflugs falla niður við endurnýjun skirteinis þeirra, hafi þeir ekki leyst af hendi 5 flugtök og 5 landingar, sem loftferðaeftirlitið viðurkennir, frá því að skirteini þeirra var gefið út, eða síðast endurnýjað.
  8. Réttindi atvinnuflugmanna með meira prófi og flugstjóra til næturflugs haldast óskert meðan skirteini þeirra er að öðru leyti í gildi.

#### 16. gr.

Skilyrði, sem fullnægja þarf til að fá réttindi til *flugkennslu* eru sem hér segir:

1. *Lágmarksaldur*: Umsækjandi sé ekki yngri en 21 árs.
2. *Heilbrigði*: Umsækjandi fullnægi heilbrigðiskröfum samkv. 32. gr. c.
3. *Þekkingarpróf*: Umsækjandi skal hafa verklega og bóklega þekkingu á nauðsynlegum aðferðum til flugkennslu og standast skriflegt og verklegt próf þar að lútandi.
4. *Reynsla í flugi*: Umsækjandi skal vera a. m. k. handhafi að fullgildu skirteini atvinnuflugmanns.
5. *Leikni í flugi*: Umsækjandi skal ganga undir verklegt próf, sem sýni hæfni hans í því að kenna þau grundvallaratriði í flugi, sem nauðsynleg eru til þess að stjórna loftfari örugglega.

*Starfsréttindi*: Réttindi til flugkennslu veita handhafa heimild til að:

- a. Annast flugkennslu undir próf fyrir einkaflugmenn.
- b. Annast flugkennslu undir próf fyrir atvinnuflugmenn, enda sé hann handhafi skirteinis atvinnuflugmanns með meira prófi a. m. k.
- c. Leysa af hendi önnur þau störf í sambandi við flugkennslu, sem loftferðaeftirlitið kann að veita honum heimild til.

### III. KAFLI

#### Skirteini áhafna loftfara annarra en flugmanna.

#### 17. gr.

Skilyrði, sem umsækjandi að skirteini *flugleiðsögumans* þarf að fullnægja, eru sem hér segir:

1. *Lágmarksaldur*: Umsækjandi sé ekki yngri en 21 árs.
2. *Heilbrigði*: Umsækjandi fullnægi heilbrigðiskröfum samkv. 32. gr.
3. *Almenn menntun*: A. m. k. miðskólapróf.
4. *Flugfræðileg þekking*: Umsækjandi skal standast skriflegt og/eða verklegt próf í eftirtöldum greinum:
  - a. Ákvæði flugreglugerða um samgöngur í lofti, sem snerta leiðsögu loftfars.
  - b. Grundvallaratriði flugleiðsögu, þar með talið:
    - 1) Fræðileg heiti, mælieiningar og formúlur, sem notuð eru við flugleiðsögu.
    - 2) Þekking á loftferðakortum, svo og notkun þeirra.
    - 3) Lögun jarðar og himinhvolfið.
    - 4) Þekking á gangi helztu himintungla og hagnýting hennar við staðar- og leiðarákvörðun loftfars.

## c. Loftsiglingafræði, þar með talið:

184

- 1) Flugleiðsögukerfi og aðferðir þær, sem notaðar eru.
- 2) Flugáætlanir þær, sem gerðar eru áður en flug er hafið og meðan á því stendur.
- 3) Færsla flugleiðsögudagbókar.
- 4) Flugleiðsaga byggð á leiðarreikningi, loftferðakortum, radiótækni og stjörnumiðunum.

1. nív.

## d. Notkun áttavita, hæðarmæla, hraðamæla og annarra þeirra hjálpargagna og tækja, sem notuð eru við flugleiðsögu, stilling þeirra og leiðrétting.

Umsækjandi skal sanna með verklegu prófi hæfni sína til að notfæra sér þessi tæki. Jafnframt skal hann sýna þekkingu sína á að skilja merkja-sendingar þeirra leiðsögukerfa, sem notuð eru við flugsamgöngur.

## e. Undirstöðuatriði veðurfræðinnar og undirstöðuatriði veðurathugana, veðurkort, veðurspár og dreifing veðurfregna, skýrslur og veðurfræðilegar leiðbeiningar, sem veðurstofan eða aðrir aðilar láta í té.

5. *Reynsla:*

## a. Umsækjandi skal a. m. k. hafa þá reynslu, sem hér segir:

- 1) 200 klst. verklega æfingu í flugleiðsögu í langflugi. Þar af skulu 50 klst. hafa verið flognar að næturlagi. Hafi umsækjandi starfað sem flugstjóri eða sem annar flugmaður í reglubundnu atvinnuflugi, má færa honum til tekna helming flugtíma hans við það starf, allt að 100 klst. af þeim 150 klst. sem ekki þurfa að vera flognar að næturlagi.

Hafi umsækjandi staðizt farmannapróf við Stýrimannaskólann í Reykjavík eða hafi sambærilega menntun, má stytta flugtímann í allt að 100 klst., þar af a. m. k. 50 klst. í langflugi að næturlagi.

- 2) Hafa ákvarðað á flugi staðsetningu loftfars a. m. k. 25 sinnum að degi og 25 sinnum að nóttu með því að styðjast við stjörnumiðanir, auk radió-leiðsögutækja, hæðarmæla og annarra þeirra tækja, sem til greina koma.

## b. Umsækjandi, sem hefur lokið prófi í flugleiðsögu við viðurkenndan skóla og þar öðlazzt reynslu sem flugleiðsögumaður, telst hafa fullnægt þeim kröfum um reynslu, sem um getur í lið a. 1) hér að framan.

6. *Hæfni í flugleiðsögu:* Umsækjandi skal standast verklegt flugfræðipróf í dag- og næturflugi í:

## a. Leiðarreikningi.

## b. Notkun stjarnfræðilegs reiknings og annarri leiðsögutækni.

*Starfsréttindi:* Handhafi flugleiðsögumannsskirteinis hefur réttindi til að starfa að flugleiðsögu í hvaða loftfari sem er, enda fullnægi hann skilyrðum þeim, sem um getur í VII. kafla þessarar reglugerðar.

## 18. gr.

Skilyrði, sem umsækjandi að skirteini *flugvélstjóra* þarf að fullnægja, eru sem hér segir:

1. *Lágmarksaldur:* Umsækjandi sé ekki yngri en 21 árs.
2. *Heilbrigði:* Umsækjandi fullnægi heilbrigðiskröfum samkv. 32. gr.
3. *Almenn menntun:* A. m. k. miðskólapróf.
4. *Flugfræðileg þekking:* Umsækjandi skal sanna þekkingu sína með skriflegu og/eða munnlegu prófi. Prófgreinar eru sem hér segir:
  - a. Grundvallaratriði flugeðlisfræðinnar.
  - b. Almenn þekking á viðhaldi hreyfla og tækja loftfars, þar sem flugvélstjóra er krafizt.

184

1. n.óv.

- c. Kunnátta varðandi minni háttar viðgerðir og lagfæringar meðan á flugi stendur.
  - d. Afköst loftfarsins með tilliti til takmarkana á hraða þess og hvað gera skuli, þegar einn eða fleiri hreyflar bila.
  - e. Flugáætlanir þar sem farið er eftir hleðslu loftfarsins, jafnvægishlutföllum, afköstum, eldsneytiseyðslu, hreyflaorku og afkasta-töflum og línuritum, svo og takmörkun á orku hreyflanna og þeim áhrifum, sem mismunandi veðurskilyrði hafa á þá.
  - f. Almennar loftferðareglur, sérstaklega þær, sem snerta starf flugvélastjóra.
  - g. Almenn þekking á reksturshandbókum og nákvæm þekking á einni tegund loftfara og handbókum hennar, enda sé sótt um réttindi fyrir þá tegund.
  - h. Þekking á öðrum helztu skyldum og störfum flugvélastjóra.
5. *Flugvélfræðileg reynsla:*
- a. Umsækjandi skal hafa öðlazzt fullgilt skirteini fyrir flugvélavirkja, a. m. k. A- og C-réttindi, sbr. 20. gr.
  - b. Umsækjandi skal hafa haft a. m. k. 50 klst. æfingu í skyldustörfum flugvélastjóra í loftfari á flugi eða aðra sambærilega reynslu.
  - c. Umsækjandi skal hafa a. m. k. tveggja ára verklega reynslu í viðhaldi og viðgerðum á hreyflum og skrokk þeirrar gerðar loftfara, er flugvélastjóra-réttinda er æskt fyrir, eða svipaðra gerða.
6. *Hæfni:* Umsækjandi skal sýna hæfni sína í því að leysa af hendi störf flugvélastjóra í prófflugi í loftfari þeirrar tegundar, sem hann æskir réttinda fyrir. Hann skal:
- a. Kunna skil á skyldum sínum í sambandi við neyðarástand, svo sem vélabilun í fjölhreyflaloftfari, sérstaklega við flugtak og landingu.
  - b. Geta reiknað nákvæmlega út eldsneytiseyðslu loftfarsins með því að fara eingöngu eftir mælitækjum og skráðum afköstum.
  - c. Geta greint það, ef hreyfill eða skrúfa vinna ekki rétt, og vita deili á þeim ráðstöfunum, sem hægt er að gera til að bæta úr því.
  - d. Sýna hæfni sína í því að halda við jafnri dreifingu á hleðslu flugvélar meðan á flugi stendur.

Við útgáfu skirteinis flugvélastjóra skal sú tegund loftfars, sem hann tók próf á, skráð á skirteini hans.

Óski handhafi skirteinis flugvélastjóra eftir réttindum sem flugvélastjóri í annarri tegund loftfars, skal með það mál farið á sinn hátt sem um ný tegundarréttindi til handa flugmönnum, sbr. 8. gr.

*Starfsréttindi:* Handhafi skirteinis flugvélastjóra má starfa sem flugvélastjóri í þeim tegundum loftfara, sem skráðar eru á skirteini hans, enda fullnægi hann þeim skilyrðum, sem um getur í VII. kafla þessarar reglugerðar.

#### 19. gr.

Skilyrði, sem umsækjandi að skirteini *flugloftskeytamanns* þarf að fullnægja, eru sem hér segir:

1. *Lágmarksaldur:* Umsækjandi sé ekki yngri en 18 ára.
2. *Heilbrigði:* Umsækjandi fullnægi heilbrigðiskröfum samkv. 32. gr.
3. *Almenn menntun:* A. m. k. miðskólapróf.
4. Umsækjandi sé handhafi fullgilds skirteinis flugloftskeytamanns frá Landssíma Íslands, sbr. reglugerð póst- og símamálastjórnarinnar nr. 240 frá 31. des. 1948.

*Starfsréttindi:* Handhafi skirteinis flugloftskeytamanns hefur réttindi til að starfrækja loftskeytastöðvar í loftförum, enda fullnægi hann þeim skilyrðum, sem um getur í VII. kafla þessarar reglugerðar.

## IV. KAFLI

## Skirteini flugliða, annarra en áhafna loftfara.

20. gr.

*Réttindi til flugvélavirkjunar. Almenn ákvæði.*

1. *Réttindaflokkar*: Réttindi til flugvélavirkjunar eru veitt í 5 flokkum, A, B, C, D og X:
  - (A) Réttindi til að annast viðhald á skrokkum loftfara og eftirlit með ástandi þeirra fyrir flug. Réttindahafi má annast viðhald, minni háttar viðgerðir og endurnýjanir á skrokkum loftfara og taka ábyrgð á að þeir séu í flughæfu ástandi, enda hafi engin breyting, meiri háttar viðgerð eða endurnýjun átt sér stað.
  - (B) Réttindi til allsherjar viðgerðar (grannskoðunar) á skrokkum loftfara. Réttindahafi má framkvæma hvers konar meiri háttar viðgerðir og leyfðar breytingar á skrokkum loftfara eða annast eftirlit með þessu og taka ábyrgð á að þeir séu í flughæfu ástandi.
  - (C) Réttindi til að annast viðhald á hreyflum loftfara og eftirlit með ástandi þeirra fyrir flug. Réttindahafi má annast viðhald, minni háttar viðgerðir og endurnýjanir á hreyflum loftfara og taka ábyrgð á að þeir séu í flughæfu ástandi, enda hafi engin breyting, meiriháttar viðgerð eða endurnýjun átt sér stað.
  - (D) Réttindi til allsherjar viðgerðar (grannskoðunar) á hreyflum loftfara. Réttindahafi má framkvæma hvers konar meiri háttar viðgerðir og leyfðar breytingar á hreyflum loftfara, eða annast eftirlit með þessu og taka síðan ábyrgð á að þeir séu í flughæfu ástandi.
  - (X) Réttindi til að annast viðhald og viðgerðir á útbúnaði og tækjum loftfara og eftirlit með þeim.
2. *Tegundarréttindi*: Réttindi til flugvélavirkjunar eru að jafnaði bundin við ákveðnar tegundir loftfara, hreyfla eða tækja, sem skráðar skulu í skirteini réttindahafa. Ef nægar ástæður þykja fyrir hendi má þó veita viðtækari réttindi, þannig að þau nái til ákveðinna flokka loftfara, hreyfla eða tækja.

21. gr.

Skilyrði, sem umsækjandi að skirteini *flugvélavirkja* þarf að fullnægja, eru sem hér segir:

1. *Lágmarksaldur*: Umsækjandi sé ekki yngri en 21 árs.
2. *Heilbrigði*: Umsækjandi fullnægi heilbrigðiskröfum samkv. 32. gr.
3. *Almenn menntun*: A. m. k. miðskólapróf.
4. *Flugvélfræðileg þekking*: Umsækjandi sanni þekkingu sína með skriflegu og/eða munnlegu og verklegu prófi (þó þannig að aðeins skulu tekin þau próf, sem koma við þeim starfsréttindum, sem sótt er um.

Prófgreinar eru sem hér segir:

- a. Grundvallaratriði í byggingu, samsetningu, viðhaldi og viðgerðum á skrokkum loftfara, vængjum þeirra, hreyflum, mælitækjum og öðrum þeim hlutum og áhöldum loftfara, sem þörf þykir á að hann viti skil á. Einnig þær loftferðareglur, sem snerta flugvélavirkjun.
- b. Skoðun (eftirlit) á loftfari áður en lagt er upp í flugferð.
- c. Hvernig prófa á ýmis efni, sem notuð eru til smíða á loftförum, og þekkja þá galla, sem gera þau ónothæf til smíða eða viðgerða á loftförum.
- d. Hitunaraðgerðir, svo sem logsuða, rafsuða, kveiking, líming og vatnspétt- ing hinna ýmsu hluta loftfara.

184  
1. n.óv.

- e. Aðgerðir til varnar íkviknunar í loftfarinu.
  - f. Jafnvægishlutföll loftfara við mismunandi hleðslu.
  - g. Mismunandi gerðir hreyfla, svo sem vökvakældir og loftkældir hreyflar, hvernig þeir starfa o. s. frv.
  - h. Reglubundið eftirlit, sem framkvæmt er með vissu millibili (svo sem með 10, 50, 100 og 200 klst. millibili o. s. frv.) og grannskoðun.
  - i. Eldsneytis- og oliutegundir, eiginleikar þeirra og notagildi.
  - j. Færsla flugvéladagbóka fyrir hreyfla og skrokk.
  - k. Grundvallaratriði flugeðlisfræðinnar.
5. *Reynsla í flugvélavirkjun*: Til þess að öðlast A- og C-réttindi skal viðkomandi hafa þriggja ára reynslu í flugvélavirkjun, sem hann hefur aflað sér með því að stunda nám í flugvélavirkjun við viðurkenndan skóla og/eða hafa unnið að flugvélaviðgerðum, þar af a. m. k. eitt ár við skrokka loftfara (fyrir A) og eitt ár við hreyfla loftfara (fyrir C). Styttu má þennan reynslutíma um hálf t. ári, hafi umsækjandi lokið námi við viðurkenndan skóla. Reynsla þessi verður að ná til notkunar og meðferðar áhalda, tækja og efnis, sem notuð eru við eftirlit, viðhald, viðgerðir og grannskoðun á loftförum og hreyflum þeirra. Til þess að öðlast B- og D-réttindi skal umsækjandi hafa öðlast A- og C-réttindi og unnið síðan í eitt ár í viðbót fyrir hvort, B og D.
- Starfsréttindi* flugvélavirkja eru háð því, að þeir hafi öðlast fullgilt skirteini flugvélavirkja, með þeim áritunum, sem í 20. gr. segir, enda fullnægi þeir ávallt þeim skilyrðum, sem um getur í VII. kafla þessarar reglugerðar.

## 22. gr.

### *Réttindi til að búa um fallhlífar og björgunarbáta.*

Réttindi til að búa um fallhlífar og/eða björgunarbáta flugvéla má veita flugvélavirkjum eða öðrum þeim, er fullnægja sömu skilyrðum og í 21. gr. segir um aldur og heilbrigði og auk þess eftirgreindum skilyrðum:

1. *Þekking*: Umsækjandi skal standast skriflegt og/eða munnlegt (verklegt) próf. Prófgreinar eru sem hér segir:
  - a. Eftirlit, umbúnaður, viðhald og notkun fallhlífa og/eða björgunarbáta af einni tegund að minnsta kosti.
  - b. Flugreglur og handbækur, sem fjalla um fallhlífar og/eða björgunarbáta.
2. *Reynsla*: Umsækjandi að réttindum til að búa um fallhlífar skal hafa starfað á fullnægjandi hátt við umbúnað á 20 fallhlífum að minnsta kosti, af þeirri tegund, sem hann óskar réttinda fyrir, og hafa framkvæmt verkið undir stjórn manns, sem hefur full réttindi til þess.

Umsækjandi að réttindum til að búa um björgunarbáta flugvéla skal hafa starfað á fullnægjandi hátt við umbúnað á a. m. k. 5 björgunarbátum af þeirri tegund, sem hann óskar réttinda fyrir, og hafa framkvæmt verkið undir stjórn manns, sem hefur full réttindi til þess.

## 23. gr.

Réttindi til flugumferðarstjórnar eru veitt í tveim flokkum:

- I. Í flugturni, við stjórn flugumferðar í nágrenni ákveðins flugvallar, svo og leiðbeiningar um landingu og flugtak loftfara.
- II. Í flugstjórnarmiðstöð við stjórn flugumferðar á ákveðnu flugstjórnarsvæði. Auk þess veitir loftferðaeftirlitið flugumferðarstjórum sérstök réttindi til að stjórna aðflugi loftfara í blindflugsskilyrðum, enda hafi það fullvissað sig um hæfni umsækjanda áður en skirteini hans er áritað.

## 24. gr.

184

Skilyrði, sem umsækjandi að skirteini *flugumferðarstjóra* þarf að fullnægja, eru sem hér segir:

1. n.óv.

1. *Lágmarksaldur*: Umsækjandi sé ekki yngri en 21 árs.
2. *Heilbrigði*: Umsækjandi fullnægi heilbrigðiskröfum samkv. 32. gr.
3. *Almenn menntun*: A. m. k. miðskólapróf. Umsækjandi tali lýtalausa og skýra íslenzku, auk þess a. m. k. eitt erlent tungumál, sem ákveðið er til notkunar við flugumferðarstjórn, þannig að hann geti án hindrunar málsins haft tal-samband við loftför.
4. *Flugfræðileg þekking*: Umsækjandi sanni þekkingu sína með skriflegu og/eða munnlegu prófi. Prófgreinar eru sem hér segir:
  - a. Almennar flugreglur, samkv. gildandi fyrirmælum alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICAO).
  - b. Flugumferðarstjórn, gildandi reglur og ákvæði, samkv. fyrirmælum alþjóðaflugmálastofnunarinnar, sérstaklega að því er snertir blindflugsreglur.
  - c. Reglur og fyrirmæli alþjóðaflugmálastofnunarinnar er snerta fjarskipti og fjarskiptastöðvar.
  - d. Leiðsögukerfi og hjálpartæki fyrir loftför, notkun þeirra og takmarkanir.
  - e. Undirstöðuatriði veðurfræðinnar, svo sem veðurlýsing, veðurspár og -kort.
5. *Reynsla*. Umsækjandi skal hafa þá reynslu, sem hér segir, eða aðra sambærilega reynslu:
  - a. Hafa starfað með góðum vitnisburði við flugumferðarstjórn sem nemandi hjá fullgildum flugumferðarstjóra í a. m. k. 6 mánuði, eða hafa starfað í a. m. k. 12 mánuði með góðum vitnisburði sem flugmaður, flugleiðsögumaður, flugloftskeytamaður, flugumsjónarmaður, loftskeytamaður í flugfjarskiptastöð, eða hafa aðra sambærilega reynslu.
  - b. Hafa starfað sem aðstoðarflugumferðarstjóri í a. m. k. 3 mánuði á síðastliðnum 12 mánuðum, eða lokið námi í flugumferðarstjórn við viðurkenndum skóla innan sama tíma.
6. *Hæfni*: Umsækjandi sanni hæfni sína í þeim flokki, sem hann æskir réttinda fyrir, þannig:
  - I. Umsækjandi skal standast skriflegt og/eða munnlegt próf í eftirtöldum greinum með sérstöku tilliti til þess flugvallar, sem hann æskir réttinda fyrir:
    - a. Umferðarreglur þær, sem gilda fyrir viðkomandi flugvöll.
    - b. Séreinkenni umferðar viðkomandi flugvallar.
    - c. Almenn veðurskilyrði hér á landi, sérstaklega í nágrenni flugvallarins, þ. e. svæðis, sem liggur 150 km. út frá flugvellinum. Umsækjandi skilji og geti fært sér í nyt allar veðurfregnir, er þar að lúta.
    - d. Einkennismerki, radiótiðnir og önnur einkenni leiðsögukerfa og -tækja í allt að 150 km fjarlægð frá flugvelli þeim, sem um ræðir.
    - e. Reglur um flugumferðarstjórn á umferðarsvæði viðkomandi flugvallar og flugstjórnarsvæði því, sem hann er í.
    - f. Stjórn á aðflugi í blindflugsskilyrðum og lendingu á viðkomandi flugvelli með því að styðjast eingöngu við mælitæki (blindlending). Stjórn á flugtaki og brottflugi í blindflugsskilyrðum.
    - g. Útfylling eyðublaða og skýrslna, sem nota þarf við umferðarstjórn á flugvelli, svo sem flugáætlun, flugleyfa o. s. frv.
  - II. Umsækjandi skal standast skriflegt og/eða munnlegt próf í eftirtöldum greinum, með sérstöku tilliti til flugumferðarstjórnar á því flugstjórnarsvæði, sem hann æskir réttinda fyrir:

184

1. n.óv.

- a. Flugeiginleikar mismunandi tegunda loftfara.
- b. Sérstök þekking í landafræði þess svæðis, sem hann sækir um réttindi fyrir.
- c. Kallmerki, tíðnir og önnur einkenni flogleiðsögukerfa og tækja.
- d. Starfsreglur við flugfjarskipti og radiótíðnir loftskeyta- og firðtalstöðva.
- e. Sérkenni veðráttu viðkomandi svæðis. Veðurfregnir og hagnýting þeirra.
- f. Flugvellir á flugstjórnarsvæðinu og flugskilyrði í nánd við þá.
- g. Björgunar- og hjálparstöðvar og neyðarráðstafanir.

*Starfsréttindi flugumferðarstjóra.*

*I. flokkur.* Skirteini flugumferðarstjóra, sem samkvæmt áritun loftferðaeftirlitsins veitir réttindi til að stjórna flugumferð á umferðarsvæði ákveðins flugvallar, heimilar handhafa þess að stjórna flugumferð á umferðarsvæði flugvallarins, enda hafi hann kynnt sér allar gildandi upplýsingar og reglur á þessu svæði og fullnægi skilyrðum þeim, er um getur í VII. kafla þessarar reglugerðar.

*II. flokkur.* Skirteini flugumferðarstjóra, sem samkvæmt áritun loftferðaeftirlitsins veitir réttindi til umferðarstjórnar á ákveðnu flugstjórnarsvæði, heimilar handhafa þess að stjórna flugumferð á því svæði, enda hafi hann kynnt sér allar gildandi upplýsingar og reglur á þessu sviði og fullnægi skilyrðum þeim, er um getur í VII. kafla þessarar reglugerðar.

25. gr.

Skilyrði, sem umsækjandi að skirteini *flugumsjónarmanns* þarf að fullnægja, eru sem hér segir:

1. *Lágmarksaldur:* Umsækjandi sé ekki yngri en 23 ára.
2. *Heilbrigði:* Umsækjandi fullnægi heilbrigðiskröfum samkv. 32. gr.
3. *Almenn menntun:* A. m. k. gagnfræðapróf.
4. *Flugfræðileg þekking:* Umsækjandi sanni þekkingu sína með skriflegu prófi.
 

Prófgreinar eru sem hér segir:

  - a. Ákvæði loftferðareglna, sem snerta reglubundið atvinnuflug.
  - b. Sýna nákvæma þekkingu á a. m. k. einni tegund loftfara, sem notuð eru í reglubundnu atvinnuflugi, með tilliti til afkasta slíks loftfars, hámarks- hleðslu, hagnýtrar hleðslu miðað við mismunandi eldsneytisforða, eldsneytismagn, eldsneytiseyðslu í mismunandi hæð við ákveðin hreyflaafköst, hagnýtasta hraða í lárétu flugi og hleðslukorts.
  - c. Veðurkort, veðurspár, veðurskeytalykill, veðurtákn og fræðileg heiti.
  - d. Undirstöðuatriði veðurfræðinnar, með sérstöku tilliti til áhrifa veðurfars á reglubundið atvinnuflug.
  - e. Starfsemi radióleiðsögukerfa og radiófjarskiptakerfa, þar á meðal hvaða veðurskilyrði hindra og hafa verst áhrif á þau, einnig viðskipti, sem notuð eru milli loftfara og landstöðva.
  - f. Aðalatriði loftsiglingafræðinnar með sérstöku tilliti til notkunar mælitækja (blindflugs).
  - g. Notkun og takmarkanir hæðamæla.
  - h. Þekking á flugumferðarstjórn.
  - i. Íslenzkir staðhættir með tilliti til veðurfars og flugskilyrða á ýmsum stöðvum.
  - j. Nákvæm þekking á flugleiðum til og frá Íslandi.
5. *Flugfræðileg reynsla:* Umsækjandi skal hafa:
  - a. Starfað, í tvö af undangengnum þremur árum, sem:

- 1) flugmaður í reglubundnu atvinnuflugi, eða sem 184  
 2) flugleiðsögumaður í reglubundnu atvinnuflugi, eða sem 1. nóv.  
 3) veðurfræðingur hjá flugfélagi, sem rekur reglubundið atvinnuflug, eða sem  
 4) flugumferðarstjóri, eða
- b. Starfað í eitt ár af síðastliðnum tveimur árum sem aðstoðarmaður við flugumsjón í reglubundnu atvinnuflugi, eða
- c. Lokið námi í flugumsjón við viðurkenndan skóla.
- Þeir, sem byggja umsókn sína á reynslu þeirri, sem um getur í tölulíðum a. 3), b. eða c. þessarar greinar, skulu hafa unnið við flugumsjón undir stjórn fullgilds flugumsjónarmanns eigi skemur en 3 mánuði á síðastliðnum 6 mánuðum.
6. *Flugfræðileg hæfni* (verklegt próf): Umsækjandi skal vera fær um:
- a. Að greina með fullnægjandi nákvæmni samstæð, dagleg veðurkort og nota þau sem grundvöll fyrir spá um veðurhorfur á viðkomandi flugleið, fyrir áætlunarflug.
- b. Að skilgreina nákvæmlega, eftir nýjustu aðferðum, veðurskilyrði þau, sem eru ríkjandi í nágrenni tiltekinna flugleiðar, með því að styðjast við samstæð, dagleg veðurkort og veðurfregnir og segja fyrir veðurbreytingar, sem snerta rekstur áætlunarflugs með tilliti til ákveðinna flugvalla.
- c. Að nota kort og línurit til þess að ákveða hagnýtustu eldsneytiseyðslu loftfars í ákveðinni hæð.
- d. Að hafa umsjón með og aðstoða við ímyndað flug við sérstaklega slæm veðurskilyrði.

*Starfsréttindi.* Handhafi skirteinis flugumsjónarmanns hefur réttindi til að starfa sem flugumsjónarmaður við ákveðnar flugleiðir samkvæmt alþjóðareglum (ICAO), enda fullnægi hann skilyrðum þeim, sem um getur í VII. kafla þessarar reglugerðar.

## V. KAFLI

### Skirteini sviffflugmanna.

#### 26. gr.

Umsækjandi að skirteini sviffflugmanns skal áður hafa lokið prófum sem hér segir:

#### 1. A-próf. Renniflug:

a. *Flugfræðileg þekking* (munlegt próf): Nemandinn skal kunna helztu undirstöðuatriði flugeðlisfræðinnar og hvernig svifffluga er samsett. Meðferð og viðhald á flugtækjum. Æfingareglur fyrir renniflug.

b. *Leikni í renniflugi* (verklegt próf): Fimm bein gallalaus renniflug, hvert um sig a. m. k. 20 sek. Allar landingar skulu fara fram á 20 metra breiðu landingasvæði, lengd ótakmörkuð. Eitt beint gallalaust renniflug í a. m. k. 30 sek. með landingu á 20 m breiðu landingarsvæði. Allar sex landingarnar verða að fara fram án þess að flugtækið skaddist og því lent á þeim minnsta hraða, sem mögulegur er. Á milli áður nefndra 6 prófflugrauna mega koma flug, sem ekki fullnægja ofanrituðum skilyrðum. Flugtíminn er mældur með skeiðklukku frá því að flugtækið missir tengsl við jörð (víra- eða gúmmikaðall) þangað til það snertir hana fyrst aftur.

#### 2. B-próf. Renniflug:

a. *Flugfræðileg þekking* (munlegt próf): Grundvallaratriði flugeðlisfræðinnar. Helztu atriði veðurfræðinnar, sem snerta sviffflug, svo sem uppstreymi og hvernig á að hagnýta sér það o. s. frv.



184  
1. n.óv.

- b. *Leikni í renniflugi* (verklegt próf): Fimm flug, a. m. k. 60 sek. hvert. Allar fimm landingarnar verða að fara fram, án þess að flugtækið skaddist og sé því lent á minnsta hraða, sem hægt er (stéllending), innan hrings, sem er 50 m í þvermál. Miðpunktur hringsins sé merktur með flaggi eða dúk. Fjarlægðina á að mæla frá nefi svifflugunnar að flagginu eða miðju dúksins. Milli þessara 5 fluga mega koma flug, sem fullnægja ekki prófskilyrðum. Flugtimi er mældur með skeiðklukku frá því að virinn eða gúmmíkaðallinn losnar úr svifflugunni, þar til hún snertir jörðina aftur.

Flugtökin má öll framkvæma með gúmmíkaðli eða með bíl eða vindu og einnig er heimilt að nota gúmmíkaðal við sum flugtökin, en bíl eða vindu við hin. Eftir því hvor tæknin er notuð, skal flogið sem hér segir:

- 1) *Gúmmíkaðall notaður*. Flugleið hvers flugs skal vera eins og stafurinn S í lögun og í hverju flugi sé tekin ein beygja til hægri og ein til vinstri hvor um sig með eigi minni stefnubreytingu en 90°. Beygjurnar á að taka yfir ákveðnum stöðum á æfingasvæðinu, sem kennari ákveður.
- 2) *Bíll eða vindu notuð*. Í hverju flugi skal fljúga lokaðan hring í kringum ákveðinn stað á æfingasvæðinu. Skiptast skulu á flug, þar sem flogið er til hægri og vinstri.

Hinar fyrirskipuðu beygjur verða að vera þannig, að svifflugan hallist greinilega. Of flatar beygjur, beygjur með rangstilltu hallastýri eða beygjur með of stórum radius eru ekki fullnægjandi.

### 3. C-próf. Svifflug:

- a. *Flugfræðileg þekking* (munnlegt próf): Grundvallaratriði flugeðlisfræðinnar. Nemandi viti, hvernig á að haga sér í sérstökum tilfellum, t. d. ef svifflugan lendir í spunaflugi, ofrisi o. s. frv. Þau meginatriði veðurfræðinnar, sem snerta svifflug, t. d. uppstreymi o. s. frv.

- b. *Leikni í svifflugi* (verklegt próf):

- 1) Eitt svifflug í a. m. k. 5 mínútur (5 mínútna flug ofar þeirri hæð, sem frjálst flug hefst, þ. e. í þeirri hæð, sem svifflugan sleppir tengslum við jörð eða loftfar sem togar, eða 5 mínútna flug án þess að tapa hæð, þ. e. halda sér í a. m. k. sömu hæð í 5 mínútur) eða
- 2) Fimm tveggja mínútna flug með fyrir fram ákveðnum beygjum. Svifflugunni skal þannig lent, að hún skaddist ekki. Ef bíll, vinda eða loftfar eru notuð til flugtaks, skal hafa hæðarrita til að sanna að prófskilyrðum hafi verið fullnægt, ef ekki er hægt að sjá það greinilega frá jörðu.

Svifflugmenn, sem hafa A, B eða C-próf, mega aðeins fljúga undir eftirliti svifflugkennara, sem viðurkenndur er af loftferðaeftirliti ríkisins, og mega þeir ekki fljúga burt frá æfingastaðnum á renniflugu eða svifflugu.

### 27. gr.

Skilyrði, sem umsækjandi að skirteini *svifflugmanns* þarf að fullnægja, eru sem hér segir (meira C-próf):

1. *Lágmarksaldur*: Umsækjandi sé ekki yngri en 16 ára.
2. *Heilbrigði*: Umsækjandi fullnægi heilbrigðiskröfum samkv. 32. gr.
3. *Flugfræðileg þekking*: Umsækjandi sanni þekkingu sína með prófi.

Prófgreinar eru sem hér segir:

- a. Ákvæði reglugerðar og fyrirmæla um samgöngur í lofti, þó sérstaklega þær loftferðareglur, sem snerta svifflug.
- b. Veðurskilyrði hér á landi.
- c. Notkun landabréfa og áttavita og annarra mælitækja, sem notuð eru í svifflugum.

4. Reynsla í svifflogi: Umsækjandi skal hafa lokið A-, B- og C-prófi í svifflogi, eins og að framan getur, sjá 23. gr. 1., 2. og 3. lið. **184**
5. *Leikni í svifflogi* (verklegt próf): Fimm lýtalaus sviffflug (þar með talið a. m. k. 5 mínútna sviffflug tekið í C-prófi). Skal hvert um sig ekki vara minna en 5 mínútur, og öll flugin samtals a. m. k. 60 mínútur (eina klukkustund). **1. nóv.**
- Þeir, sem hlotið hafa skirteini sviffflugmanna, mega stunda loftferðir í svifflogu, þ. e. fljúga án eftirlits kennara milli staða í svifflogu, enda fullnægi þeir skilrðum þeim, sem um getur í VII. kafla þessarar reglugerðar.

## 28. gr.

Loftferðaeftirlitið veitir réttindi til þess að fljúga svifflogu í *flugtogi* (réttindi skulu árituð í skirteinið) þeim, sem hafa:

- Skirteini fyrir sviffflugmenn.
- Flogið 5 lýtalaus flugtogsflug við mismunandi veðurskilyrði.
- Lokið þremur lýtalausum prófflugum í flugtogi að viðstöddum prófdómara frá loftferðaeftirlitinu.

## 29. gr.

Loftferðaeftirlitið veitir réttindi til *sviffflugkennslu*. Veiting réttinda þessara eru bundin við að umsækjandi hafi áður skirteini sviffflugmanns, þó má loftferðaeftirlitið veita mönnum, sem lokið hafa C-prófi, undanþágu frá þessu atriði, þegar sérstaklega stendur á.

## VI. KAFLI

## Heilbrigðiskröfur til flugliða.

## 30. gr.

*Almenn ákvæði.*

- Hver sá, er óskar að öðlast skirteini til flugliðsstarfa, eða fá slíkt skirteini endurnýjað, skal áður hafa gengið undir læknisrannsókn til þess að sanna líkamlega hæfni sína, samkv. nánari ákvæðum þessa kafla.
- Samgöngumálaráðuneytið skipar, úr hópi starfandi lækna, sem hafa lækningaleyfi, trúnaðarlækna, sem séu ábyrgir þess, að framfylgt sé þeim heilbrigðiskröfum, sem gerðar eru til flugliða.
- Umsækjandi skal láta trúnaðarlækni í té yfirlýsingu, undirritaða eigin hendi, um það, hvort hann hafi áður gengið undir slíka heilbrigðisrannsókn, og sé svo, þá með hvaða árangri. Ranga yfirlýsingu ber að tilkynna loftferðaeftirlitinu, sem gerir tillögur til samgöngumálaráðuneytisins um meðferð málsins, sbr. 48. gr.

## 31. gr.

*Flokkun heilbrigðiskrafna.*

Heilbrigðiskröfur þær, er hinar mismunandi tegundir skirteina taka til, flokkast sem hér segir:

- Kröfur um líkamshreysti nr. 1, 2 og 3.
- Kröfur um sjón nr. 1, 2 og 3.
- Kröfur um litskyggni nr. 1 og 2.
- Kröfur um heyrn nr. 1, 2, 3 og 4.

## 32. gr.

*Heilbrigðiskröfur til einstakra flugliðsstarfa.*

Heilbrigðiskröfur til einstakra flugliðsstarfa eru sem hér segir:

- 184** a. *Flugnemi:*
1. nóv. Kröfur um líkamshreysti nr. 3.  
 Kröfur um sjón — 3.  
 Kröfur um litskyggni — 2.  
 Kröfur um heyrn — 4.
- b. *Einkaflugmaður:*
- Kröfur um líkamshreysti nr. 3.  
 Kröfur um sjón — 3.  
 Kröfur um litskyggni — 2.  
 Kröfur um heyrn — 4 (nr. 1 fyrir blindflugsréttindi).
- c. *Atvinnuflugmaður:*
- Kröfur um líkamshreysti nr. 2.  
 Kröfur um sjón — 1.  
 Kröfur um litskyggni — 2.  
 Kröfur um heyrn — 3 (nr. 1 fyrir blindflugsréttindi).
- d. *Atvinnuflugmaður með meira prófi:*
- Kröfur um líkamshreysti nr. 2.  
 Kröfur um sjón — 1.  
 Kröfur um litskyggni — 2.  
 Kröfur um heyrn — 1.
- e. *Flugstjóri:*
- Kröfur um líkamshreysti nr. 1.  
 Kröfur um sjón — 1.  
 Kröfur um litskyggni — 1.  
 Kröfur um heyrn — 1.
- f. *Flugleiðsögumaður:*
- Kröfur um líkamshreysti nr. 2.  
 Kröfur um sjón — 2.  
 Kröfur um litskyggni — 2.  
 Kröfur um heyrn — 3.
- g. *Flugvélstjóri:*
- Kröfur um líkamshreysti nr. 2.  
 Kröfur um sjón — 2.  
 Kröfur um litskyggni — 2.  
 Kröfur um heyrn — 3.
- h. *Flugloftskeytamaður:*
- Kröfur um líkamshreysti nr. 2.  
 Kröfur um sjón — 2.  
 Kröfur um litskyggni — 2.  
 Kröfur um heyrn — 1.
- i. *Flugvélavirki:*
- Kröfur um líkamshreysti nr. 3.  
 Kröfur um sjón — 3.  
 Kröfur um litskyggni — 2.  
 Kröfur um heyrn — 4.
- j. *Flugumferðarstjóri í flugturni:*
- Kröfur um líkamshreysti nr. 3.  
 Kröfur um sjón — 1.  
 Kröfur um litskyggni — 1.  
 Kröfur um heyrn — 1.

k. *Flugumferðarstjóri i flugstjórnarmiðstöð:*

Kröfur um líkamshreysti	nr. 3.
Kröfur um sjón	— 3.
Kröfur um litskyggni	— 2.
Kröfur um heyrn	— 3.

184

1. nóv.

l. *Flugumsjónarmaður:*

Kröfur um líkamshreysti	nr. 3.
Kröfur um sjón	— 3.
Kröfur um litskyggni	— 2.
Kröfur um heyrn	— 4.

m. *Svifflugmaður:*

Kröfur um líkamshreysti	nr. 3.
Kröfur um sjón	— 3.
Kröfur um litskyggni	— 2.
Kröfur um heyrn	— 4.

*Tilslökun á heilbrigðiskröfum.*

Veita má umsækjanda skirteini til flugliðsstarfa, þótt hann fullnægi ekki að öllu leyti settum kröfum um líkamshreysti, ef hann að dómi loftferðaeftirlitsins hefur svo mikla reynslu, hæfni og dómgreind i flugi, að það vegi upp á móti líkamlegri vöntun hans. Takmarka má réttindi hans við sérstakt verkvið, sérstakar tegundir loftfara eða skylda hann til að koma til skoðunar á styttri fresti en venjulega. Engin tilslökun kemur þó til greina við fyrstu útgáfu skirteinis flugstjóra.

## 33. gr.

*Kröfur um líkamshreysti.*1. *Kröfur um líkamshreysti nr. 1.*A. *Almenn atriði:*

Umsækjandi verður að hafa óskert not handa og fóta, hann verður að vera laus við sérhverja virka eða óvirka, bráða eða langvinna, innvortis eða útvortis veilu eða sjúkdóm, er gæti haft í för með sér nokkurn vott skerðingar á starfshæfni, er talið væri að gæti truflað örugga stjórn loftfars í hvaða hæð sem væri, hversu langt og erfitt flug, sem um væri að ræða.

B. *Rannsókn á taugakerfinu:*

a. Til rannsóknar á taugakerfinu skal teljast nákvæm eftirgrennslan um heilsufar náinni ættingja umsækjanda og hans sjálfs. Þær upplýsingar, sem þannig fást, skal umsækjandi rita á skjal og undirskrifa. Þar má ekkert benda á neina sjúklega veiklun á geðsmunum eða taugum. Á umsækjanda mega ekki finnast nein merki andlegs eða líkamlegs vanþroska, ekki sjúklegur titringur né rökstuddur grunur um leynda flogaveiki (epilepsi). Hreyfingar allar skulu vera eðlilegar, svo og tilfinning og viðbrögð (reflexar) sina, hörunds og ljósops, enn fremur samræming hreyfinga og starfsemi litla heilans. Undantekningu má gera, ef um staðbundna smábilun er að ræða, er stafar frá því, að taugaþráður hefur skorizt sundur af slysi.

b. Varðandi höfuðmeiðsli skal farið eftir þessum reglum:

1) Heilahristingur eða kúpubrot, er hefur ekki í för með sér skemmdir innan kúpunnar, veldur óstarfhæfni um stundarsakir og ekki skemur en 2 mánuði frá því er heilahristingur eða kúpubrot átti sér stað. Eftir að umsækjandi hefur tekið upp starf sitt, verður

184  
1. n.óv.

skirteini hans aðeins látið gilda tvo mánuði í senn, unz ekki virðist lengur hætt við, að afleiðingar meiðslisins valdi skyndilega óstarf-hæfni.

- 2) Ef alvarlegar skemmdir hafa orðið innan kúpunnar, varðar löskun á heilanum synjun skirteinis ævilangt. Ef kúpan hefur verið opnuð og bein numið alveg brott (báðar flögur), varðar það og synjun skirteinis. Þetta á og við, ef heilabastið (dura mater) hefur laskast, jafnvel þótt bein hafi verið grætt í kúpuopið.
- c. Ef sárasótt (syphilis), hvort sem hún er um garð gengin eða ekki, hefur valdið breytingum í miðtaugakerfinu, blóðæðum þess eða himnum, varðar það synjun skirteinis ævilangt. Sérhver grunsemd um sárasótt í taugakerfinu varðar synjun skirteinis, nema sannað sé með rannsókn blóðs og mænuvökva, er umsækjandi fellst á að láta gera, að um slíkt sé ekki að ræða.

C. *Almenn handlæknisrannsókn:*

- a. Umsækjandi má hvorki hafa sár eða meiðsli né hafa látið gera á sér neina handlæknisaðgerð né á honum vera nein missmíði, hvort heldur meðfædd eða áunnin, er talin verði líkleg til að hindra örugga stjórn loftfars í hvaða hæð sem er, jafnvel þótt um erfitt langflug væri að ræða. Hann má ekki hafa nokkurn vott kviðslits.
- b. Ef þrota eða greinilegrar tilkenningar verður nokkurs staðar vart, þegar kviður umsækjanda er þuklaður, verður í viðbót að skyggna hann og taka af honum röntgenmynd.
- c. Sérhver vefjarskemmd, hvar sem er í meltingarveginum, sérhver herpingur eða þrengsli í honum, sérhver steinn eða aðskotahlutur, sérhver löskun á holhimnu (pertitoneum), er finnst við læknisrannsókn á umsækjanda í eða utan rannsóknarstofu, varðar synjun skirteinis. Undanþágu má veita, ef um krampakynjaðan herping er að ræða og hann hefur ekki í för með sér annan sjúkleika né starfsröskun. Sömuleiðis þótt innfyli séu sigrin, ef sterkir kviðvöðvar bæta þar úr skák. Óhæfur skal umsækjandi talinn, ef hann hefur látið framkvæma handlæknisaðgerð á gallgöngum, maga eða þörmum, öðrum en botnlanga, er hafi haft í för með sér afstöðubreytingu eða brottnám einhvers þessara líffæra að öllu eða nokkru, nema tveggja ára tími sé liðinn síðan aðgerðin fór fram og ekki verði talið hætt við, að afleiðingar hennar valdi skyndilegri bilun á starfshæfni í lofti. En má meta umsækjanda hæfan, ef handlæknir, sem kunnugt er um vegna hvers konar sjúkdóms nauðsynlegt var að framkvæma aðgerðina, gefur vottorð um, að hvorki þurfi að óttast afleiðingar hans eða hennar nú né síðar.
- d. Þegar nauðsynlegt er talið, skal gengið úr skugga um, hvort sjúkdómar séu í lifur — gallgöng þar með talin — og í brisi, með læknisrannsókn í eða utan rannsóknarstofu, sérstaklega með röntgenmyndum og rannsóknnum á blóði og þvagi. Niðurstaða þessara rannsókna veldur því aðeins synjun skirteinis, að hún sýni, að um stein, mein (tumor) eða löskun sé að ræða, er hafi í för með sér áframhaldandi skerðingu á starfsemi þessara líffæra.

D. *Almenn lyflæknisrannsókn:*

- a. Umsækjandi má ekki vera haldinn neinum sjúkleika eða kvilla, er því valdi, að hætta sé á, að hann verði allt í einu ófær til að stjórna loftfari. Hann verður að hafa nægan vöðvaþrótt til að fara með þær teg-

undir loftfara, sem honum er ætlað að fljúga, og þau tæki, sem hann á að nota. 184

1. n.óv.

- b. Hjartað verður að vera eðlilegt og starfa eðlilega. Mistíðni æðasláttar í sambandi við andardrátt, aukin tíðni æðasláttar við geðshræringar og áreynslu og hægur æðasláttur að staðaldri, sem er ekki tengdur misræmi útvarpshólfs- og úllinseyrapúls (auriculo ventricular dissociation) varðar þó ekki synjun skírteinis.
- c. Umsækjandi má ekki hafa nein merki um hnúta á stóru slagæðabolunum.
- d. Umsækjandi má ekki vera haldinn neinum bráðum sjúkleika í lungum, og í þeim mega ekki vera ör eftir skemmdir, þar mega ekki finnast nein merki um berklaveiki með venjulegum aðferðum við rannsókn sjúklinga, og í fyrsta sinn, sem hann er rannsakaður til að úrskurða, hvort hæfur sé, má við skyggingu ekki finnast neitt sjúklegt við eitla við barka né barkakvíslar og ekki lungnaþemba, hversu lítill snertur sem er.
- e. Þegar á hinn bóginn er um að ræða viðhald á starfshæfni flugmanns, varðar lungnaþemba því aðeins synjun skírteinis, að hún sé greinileg.
- f. Hér að auki skal í sérhverri rannsóknargreinargerð vera innifalin skýrsla um röntgenmyndun, hafi niðurstaða venjulegrar rannsóknar verið vafasöm.
- g. Þegar rannsókn á milta og úræðaeitlakerfinu leiðir í ljós ofvöxt í þessum líffærum, skal umsækjandi talinn óhæfur, nema því aðeins að blóðrannsókn hafi sýnt, að þar sé ekki um að ræða upprunalega veiklun blóðmyndunar-líffæranna. Blóðrauðamiga, dreyrasýki og purpurásýki skulu og valda synjun skírteinis, nema blóðrannsókn sýni, að einungis sé um stundarveiklun að ræða.
- h. Ekki má verða vart neinna einkenna hjá umsækjanda um sjúkdóm í nýrnavef, nýrun eiga að vera tilkenningarlaus við þukl og eðlilega stór. Í þvagini mega ekki vera nein efni, er bera vott um sjúkleika. Kvillar í þvagrás og þvagfærum, jafnvel slímútferð, geta valdið því, að umsækjandi teljist óhæfur um stundarsakir. Ef um áframhaldandi starfshæfni er að ræða, er þó leyft að undanskilja berkla í eista og eistalyppu (orchidoepididymitis), ef þeir eru vægir og hvergi annars staðar.
- i. Þegar umsækjandi er kona, sem aðgerð á kynfærum hefur verið framkvæmd á eða aðrar handlæknisaðgerðir, fer um veitingu skírteinis eftir því, sem á stendur í hvert sinn. Sérhver grunur um þungun varðar synjun skírteinis, að minnsta kosti þangað til meðgöngunni er lokið. Að lokinni sængurlegu eða fósturláti verður konu, sem er skírteinis-hafi, því aðeins leyft að taka upp flugstarf á ný, að hún hafi staðizt nýja læknisrannsókn.
- j. Á umsækjanda mega ekki finnast nein sárasóttareinkenni.
- k. Á blóðsótt og blóðkreppusótt skal litið sem hvern annan bráðan sjúkdóm. Skal grunur um þessa sjúkdóma varða synjun skírteinis, nema trúnaðarlæknir telji, að öll einkenni um þá séu horfin.

#### E. Rannsókn augna:

Umsækjandi má hvorki vera haldinn neinum bráðum né langvinnum sjúkleika, hvort heldur í augum eða þeim líffærum, sem þeim eru tengd (adnexæ), er gæti hindrað eðlilega starfsemi auga eða augna.

184

1. n.óv.

**F. Rannsókn eyrna:**

Umsækjandi má ekki hafa:

- a. Neinn virkan sjúkleika, hvort heldur bráðan eða langvinnan, í innra eyranu eða í miðeyraholunni.
- b. Neitt ólæknað (opið) gat eða göt á hljóðhimnunni.
- c. Neina stíflu í kokhlustum (tubis Eustachii).
- d. Neina truflun á jafnvægissskynfærum.

**G. Rannsókn á nefi, munn, koki og hálsi að innan:**

Loftið verður að hafa greiðan gang um báðar nasir og kokhlustir umsækjanda, hvorki mega vera alvarleg missmíði á munn hans né ofanverðum öndunarfærum né neinir alvarlegir kvillar þar, hvort heldur bráðir eða langvinnir.

**2. Kröfur um líkamshreysti nr. 2.****A. Almenn atriði:**

Umsækjandi skal gefa skriflega skýrslu, undirritaða eigin hendi, um heilsufar sitt og náinna ættingja að undanfögnu.

**B. Rannsókn á taugakerfinu:**

- a. Umsækjandi verður að vera laus við sérhverja meðfædda eða áunna veilu í taugakerfinu, er valdið gæti svo miklum skorti á starfshæfni, að telja mætti líklegt, þegar um flugmann er að ræða, að yrði til hindrunar öruggri stjórn loftfars í hvaða hæð sem væri, jafnvel á löngu og erfiðu flugi, eða, ef um annars konar starf varðandi flug væri að ræða, að kæmi í veg fyrir fullnægjandi framkvæmd þeirra starfa, sem sótt er um leyfi til að takast á hendur.
- b. Varðandi höfuðmeiðsli skal fara að svo sem hér segir:
  - 1) Heilahristingur eða kúpubrot, er hefur ekki í för með sér skemmdir innan kúpunnar, veldur óstarfhæfni um stundarsakir og ekki skemur en tvo mánuði frá því, er heilahristingurinn eða kúpubrotið átti sér stað. Eftir að umsækjandi hefur tekið upp starf sitt, má stytta gildistíma skirteinis hans í eitt skipti eða oftar, unz ekki virðist lengur hætt við, að afleiðingar meiðslisins valdi skyndilega óstarfhæfni.
  - 2) Alvarlegar skemmdir innan kúpu, staðbundin löskun á heila, læknisáðgerð á kúpu, er hefur haft í för með sér brottnám beins (beggja flagna), svo og löskun á heilabastinu, varðar synjun skirteinis ævilangt.
- c. Ef nokkur grunur er um, að sárasótt sé í taugakerfinu, skal ganga úr skugga um, hvort svo sé eða ekki, með rannsókn á blóði og mænuvökva, sem gerð er með samþykki umsækjanda.

**C. Almenn handlæknisrannsókn:**

- a. Umsækjandi má hvorki hafa neitt sár eða meiðsli né hafa látið gera á sér neina handlækniáðgerð né á honum vera nein missmíði, hvort heldur meðfædd eða áunnin, er talið yrði líklegt, þegar um flugmann er að ræða, að hindrað gæti örugga stjórn loftfars í hvaða hæð sem er, jafnvel þótt um erfitt langflug væri að ræða, eða, ef um annars konar starf varðandi flug væri að ræða, mætti ætla að yrði til að hindra fullnægjandi framkvæmd þeirra skyldustarfa, sem sótt er um leyfi til að takast á hendur.
- b. Ef þrota eða greinilegrar tilkenningar verður nokkurs staðar vart, þegar kviðurinn er þuklaður, verður í viðbót að skyggna hann og taka

af honum röntgenmynd. Sérhver vefjarskemmd, hvar sem er í melt-  
ingurveginum, sérhver herpingur eða þrengsli í honum, sérhver steinn  
eða aðskotahlutur, sérhver löskun á hoihimnu, er finnst við læknis-  
rannsókn á umsækjanda í eða utan rannsóknarstofu, varðar synjun skir-  
teinis. Undanþágu má veita, ef um krampakynjaðan herping er að ræða  
og hann hefur ekki í för með sér annan sjúkleika eða starfsröskun,  
sömuleiðis þótt innfyli séu sigin, ef sterkir kviðvöðvar bæta þar úr  
skák. Óhæfur skal umsækjandi talinn, ef hann hefur látið framkvæma  
handlæknisaðgerð á gallgöngum, maga eða þörmum öðrum en botn-  
langa, ef aðgerðin hefur haft í för með sér afstöðubreytingu eða  
brotnám einhvers þessara líffæra að öllu eða nokkru, nema tveggja  
ára tími sé liðinn síðan aðgerðin fór fram og ekki verði talið hætt  
við, að afleiðingar hennar valdi skyndilegri bilun starfshæfni í lofti,  
eða vottorð sé lagt fram frá handlækni, sem kunnugt er um, vegna  
hvers konar sjúkdóms nauðsynlegt var að framkvæma aðgerðina, um  
að hvorki þurfi að óttast afleiðingar hans eða hennar nú eða síðar.

c. Þegar nauðsynlegt er talið, er gengið úr skugga um, hvort sjúkdómur  
séu í lifur — gallgöng þar með talin — og í brisi, með læknisrannsókn  
í og utan rannsóknarstofu, sérstaklega með röntgenmyndum og rann-  
sóknnum á blóði og þvagi. Niðurstaða þessara rannsókna varðar því  
aðeins synjun skirteinis, að um stein, mein (tumor) eða löskun sé  
að ræða, er hafi í för með sér áframhaldandi bilun á starfsemi þess-  
ara líffæra.

184  
1. nóv.

#### D. Almenn lyflæknisrannsókn:

- a. Umsækjandi má ekki vera haldinn neinum sjúkleik eða kvilla, er megi  
valda því, að hætta sé á, að hann verði allt í einu óhæfur til að leysa  
skyldustörf sín af hendi. Engin vefjarskemmd má vera á hjarta. Lungu  
hans verða að vera svo hraust, að þau standi á áhrif flugs í mikilli  
hæð. Hann verður að vera laus við sjúkdóma í nýrum og ekkert ein-  
kenni má hann hafa um sárásótt.
- b. Þegar umsækjandi er kona, sem aðgerð á kynfærum hefur verið fram-  
kvæmd á eða aðrar handlæknisaðgerðir, fer um veitingu skirteinis  
eftir því sem á stendur í hvert sinn. Sérhver grunur um þungun varðar  
synjun skirteinis, að minnsta kosti þangað til meðgöngunni er lokið.  
Að lokinni sængurlegu eða fósturláti verður konu, sem er skirteinis-  
hafi, því aðeins leyft að taka upp flugliðsstarf á ný, að hún hafi staðizt  
nýja læknisrannsókn.

#### E. Rannsókn augna:

Umsækjandi má ekki vera haldinn neinum bráðum né langvinnum  
sjúkleika, hvort heldur í auga eða líffærum, sem því eru tengd (adnexæ),  
er gæti hindrað eðlilega starfsemi augans.

#### F. Rannsókn eyrna:

Umsækjandi má ekki hafa:

- a. Neinn virkan sjúkleika, hvort heldur bráðan eða langvinnan, í innra  
eyranu eða í miðeyraholunni.
- b. Neitt ólæknað (opið) gat eða göt á hljóðhimnunni.
- c. Neina stíflu í kokhlustum (tubis Eustachii).
- d. Neina truflun á jafnvægisskynfærum.

#### G. Rannsókn á nefi, munn, koki og hálsi að innan:

Loftið verður að hafa greiðan gang um báðar nasir og kokhlustir



184  
1. n.ó.v.

umsækjanda, hvorki mega vera alvarleg missmíði á munnni né ofanverðum öndunarfærum, né neinir alvarlegir kvillar þar, hvort heldur bráðir eða langvinnir.

3. *Kröfur um líkamshreysti nr. 3.*

A. *Almenn atriði:*

Umsækjandi skal gefa skriflega skýrslu, undirritaða eigin hendi, um heilsufar sitt og náinna ættingja að undanfögnu.

B. *Rannsókn á taugakerfinu:*

Umsækjandi skal vera laus við sérhverja meðfædda eða áunna veilu í taugakerfinu, er valdið gæti snögglega svo miklum skorti á starfshæfni, að telja mætti líklegt að yrði til hindrunar öruggri stjórn loftfars við venjuleg skilyrði, ef um flugmann er að ræða, eða orðið til hindrunar öruggri framkvæmd annarra fluglíðsstarfa.

C. *Almenn handlæknisrannsókn:*

- a. Á umsækjanda má hvergi vera sár né annars konar meiðsli og ekki má hann hafa látið gera á sér neina handlæknisaðgerð né neins staðar á honum vera nein missmíði, hvort heldur meðfædd eða áunnin, er talin yrðu líkleg til að hindra örugga framkvæmd þess fluglíðsstarfs sem um er að ræða.
- b. Ef þrota eða greinilegrar tilkenningar verður nokkurs staðar vart, þegar kviðurinn er þuklaður, verður að auki að skyggna hann og taka af honum röntgenmynd.
- c. Óhæfur skal umsækjandi talinn, ef hann hefur látið framkvæma handlæknisaðgerð á gallgöngum, maga eða þörmum öðrum en botnlanga, ef aðgerðin hefur haft í för með sér afstöðubreytingu eða brottnám einhvers þessara líffæra að öllu eða nokkru, nema tvö ár séu liðin síðan skurðaðgerð fór fram og ekki verði talið að hætt sé við, að afleiðingar hennar valdi skyndilegri bilun á starfshæfni, eða lagt sé fram vottorð frá handlækni, sem veit vegna hvaða sjúkdóms þurfti að framkvæma aðgerðina, um að hvorki þurfi að óttast afleiðingar hans eða hennar nú eða síðar.
- d. Steinar, mein eða laskanir, sem hafa í för með sér stöðuga skerðingu starfsemi lifrar eða briss, skulu varða synjun skírteinis.

D. *Almenn lyflæknisrannsókn:*

- a. Umsækjandi má ekki vera haldinn neinum sjúkleik eða kvilla, er megi valda því, að hætta sé á, að hann verði allt í einu óhæfur til að leysa skyldustörf sín af hendi. Engin lífræn bilun má vera á hjarta. Sé um flugmann að ræða, verða lungu hans að vera svo hraust, að þau standist flug í mikilli hæð, Hann verður að vera laus við sjúkdóma í nýrum, og ekkert einkenni má hann hafa um sárásótt.
- b. Þegar umsækjandi er kona, sem aðgerð á kynfærum hefur verið framkvæmd á eða aðrar handlæknisaðgerðir, fer um leyfisveitingu eftir því sem á stendur í hvert sinn. Sérhver grunur um þungun varðar synjun skírteinis, að minnsta kosti þangað til þungunin er um garð gengin.

E. *Rannsókn augna:*

Umsækjandi má ekki vera haldinn bráðum né langvinnum sjúkleika hvort heldur í auga eða líffærum, sem því eru tengd (adnexæ), er geti hindrað eðlilega starfsemi augna.

F. *Rannsókn eyrna:*

Umsækjandi má ekki hafa:

- a. Neinn virkan sjúkleika, hvort heldur bráðan eða langvinnan, í innra eyranu né í miðeyraholunni.
- b. Neitt ólæknað (opið) gat eða göt á hljóðhimnunni.
- c. Neina stíflu í kokhlustum (tubis Eustachii).
- d. Neina truflun á jafnvægisskynfærum.

G. *Rannsókn á nefi, munni, koki og hálsi að innan:*

Loftið verður að hafa greiðan gang um báðar nasir og kokhlustir umsækjanda, hvorki mega vera alvarleg missmiði í munni hans né ofanverðum öndunarfærum, né neinir alvarlegir kvillar þar, hvort heldur bráðir eða langvinnir.

## 34. gr.

*Kröfur um sjón.*1. *Krafa um sjón nr. 1.*

- a. Umsækjandi verður að hafa sjónnæmi a. m. k. 20/30 án glerja á hvoru auga um sig. Þó má veita þá undanþágu, að umsækjandi verði tekinn gildur, þótt sjón annars auga eða beggja sé minni en 20/30, ef hún er ekki minni en 20/60 og kemst upp í 20/20 eða meira á hvoru auga með glerjum, að því tilskildu, að hann noti hæfileg gleraugu, meðan hann er við vinnu að þeim störfum, sem leyfi hans nær til.
- b. Ef um leyfisumsókn í fyrsta sinn er að ræða, má fjarsýni (hypermetropia) ekki vera meiri en + 2,25 ljósbrotseiningar (dioptríæ).
- c. Sjónöxulskekkja upp á við (hyperphoria) má ekki vera meiri en 1 ljósbrotseining á hvoru auga.
- d. Sjónöxulskekkja inn á við (esophoria) má ekki vera meiri en 10 ljósbrotseiningar.
- e. Sjónöxulskekkja út á við (exophoria) má ekki vera meiri en 5 ljósbrotseiningar.
- f. Umsækjandi verður að hafa sjónaraðlögun er nemi a. m. k.  $V = 1,00$  án glerja í 30 cm fjarlægð frá hvoru auga. Þegar umsækjandi er eldri en fjörutíu ára og hefur þegar áður fengið leyfi, má taka það gilt, ef sama sjón í nálægð fæst með glerjum.
- g. Umsækjandi verður að hafa eðlilega sjónvidd.

2. *Krafa um sjón nr. 2.*

Umsækjandi verður að hafa:

- a. Sjónnæmi a. m. k. 20/40 á hvoru auga um sig án glerja. Þó má veita þá undanþágu, að umsækjandi verði tekinn gildur þótt sjón annars auga eða beggja sé minni en 20/40, ef hún er ekki minni en 20/80 og kemst upp í 20/20 eða meira á hvoru auga með glerjum, að því tilskildu, að hann noti hæfileg gleraugu meðan hann er við vinnu að þeim störfum, sem leyfi hans nær til.
- b. Eðlilega sjónvidd, og sé, þegar ljósbrotsskekkja er, tekið hæfilegt tillit til þeirra hluta sjónarsviðsins, sem glerin, er laga hana, ná ekki til.

3. *Krafa um sjón nr. 3.*

Umsækjandi verður að hafa:

- a. Sjónnæmi a. m. k. 20/40 á hvoru auga um sig án glerja, þó má gera þá undanþágu, að umsækjandi verði tekinn gildur, þótt sjón annars auga eða beggja sé minni en 20/40, ef hún er ekki minni en 20/200 og kemst upp í 20/30 eða meir á hvoru auga með glerjum, að því tilskildu, að hann noti

184  
1. n.óv.

hæfileg gleraugu meðan hann er við vinnu að störfum þeim, sem leyfi hans nær til.

b. Nægilegt jafnvægi augnvöðva.

c. Eðlilega sjónvidd, og sé, þegar ljósbrotsskekkja er, tekið hæfilegt tillit til þeirra hluta sjónarsviðs, sem glerin, er laga hana, ná ekki til.

Sjónnæmi er mælt með sjónartöflum Landolts eða öðrum sjónartöflum líkum þeim. Skulu þær lýstar með ekki minna ljósmagni en 12 ljósmagnseiningum (lux) og ekki meira en 20 ljósmagnseiningum, og vera í 6 m fjarlægð frá umsækjanda, eða 5 m, eftir því, sem á við prófunaraðferðina.

35. gr.

*Kröfur um litskyggni.*

1. *Krafa um litskyggni nr. 1.*

Prófun umsækjanda með Ishihara litskyggnistöflum eða samlita (isochromatic) töflum verður að sýna, að hann hafi eðlilega litskyggni.

2. *Krafa um litskyggni nr. 2.*

Umsækjandi verður að geta aðgreint auðveldlega rauð, græn og hvít merki.

Sé um svifflugmann að ræða, sem ekki stentz þessa kröfu, en telst að öðru leyti vel hæfur, má þó veita honum skírteini, en með takmörkuðum réttindum.

36. gr.

*Kröfur um heyrn.*

1. *Krafa um heyrn nr. 1.*

Umsækjanda má ekki skorta, á hvoru eyra um sig, meira en tuttugu tíunduhluta hljóðeiningar (tuttugu decibels) á fulla skynjun neins hinna fjöggra tíðniflokka, er hafa 512, 1024, 2048 og 4096 hljóðsveiflur á sekúndu.

2. *Krafa um heyrn nr. 2.*

Umsækjanda má ekki skorta, á hvoru eyra um sig, meira en tuttugu tíunduhluta hljóðeiningar (tuttugu decibels) á fulla skynjun neins hinna þriggja tíðniflokka, er hafa 512, 1024 og 2048 hljóðsveiflur á sekúndu.

3. *Krafa um heyrn nr. 3.*

Umsækjanda má ekki skorta, á hvoru eyra um sig, meira en fjörutíu tíunduhluta hljóðeiningar (fjörutíu decibels) á fulla skynjun neins hinna þriggja tíðniflokka, er hafa 512, 1024 og 2048 hljóðsveiflur á sekúndu.

4. *Krafa um heyrn nr. 4.*

Umsækjandi hlustar með báðum eyrum, stendur 2,5 m frá prófanda og snýr baki við honum og verður þá að heyra það, sem prófandi talar með venjulegri rómhæð.

Þegar mælt er heyrnarnæmi til að fá vitneskju um, hvort umsækjandi stand-  
izt þrjár fyrstu kröfurnar hér að framan, er það mælt á löggiltan ógallaðan tón-  
heyrnarmæli í kyrrlátu herbergi, þ. e. a. s. herbergi, þar sem hávaði, mældur með  
hljóðmagnsmæli, er minni en fimmtíu tíunduhlutar hljóðeiningar (fimmtíu deci-  
bels). Meðan þau tæki og útbúnaður, sem hér er gert ráð fyrir, eru ekki til, má til  
bráðabirgða nota aðrar prófunaraðferðir, ef talið er öruggt, að niðurstöður verði  
hinar sömu.

## VII. KAFLI

## Viðbótarákvæði um flugliðsstörf.

184

1. nóv.

## 37. gr.

Umsókn um veitingu skirteinis til flugliðsstarfa skal senda til loftferðaeftirlits ríkisins á eyðublöðum, þeim sem eftirlitið leggur til. Umsókn skal fylgja:

- a. Skirnar- eða fæðingarvottorð.
- b. Vottorð frá tveimur áreiðanlegum mönnum um það, að umsækjandi neyti ekki áfengis í óhófi.
- c. Læknisvottorð um það, að umsækjandi fullnægi þeim skilyrðum, sem sett eru í VI. kafla um heilbrigðiskröfur, eftir því sem við á í hvert sinn.
- d. Greinargerð um fræðilega og verklega menntun umsækjanda, sem hann hefur aflað sér til þess að öðlast skirteini það, sem hann sækir um. Senda skal flugdagbækur og skólavottorð, ef óskað er eftir, að umsækjanda sé veitt skirteini próflaust.
- e. Tvær óupplímdar ljósmyndir.
- f. Tryggingarfé fyrir útgjöldum þeim, sem prófin hafa í för með sér.

Eftir að loftferðaeftirlitið hefur athugað umsóknina og vottorð þau, sem henni fylgja, og prófað, eftir því sem við á, hæfni umsækjanda til þess að öðlast skirteini þar, sem hann sækir um, skal loftferðaeftirlitið senda umsóknina með fylgiskjölum ásamt tillögum um afgreiðslu til samgöngumálaráðuneytisins, er síðan afgreiðir málið.

## 38. gr.

Eftirfarandi almenn ákvæði um próf til flugliðsstarfa gilda:

1. Öll próf og athuganir á hæfni og leikni til flugliðsstarfa, samkvæmt reglugerð þessari, skulu fara fram undir umsjón loftferðaeftirlitsins eða eftirlitsmanna eða prófdómenda, sem það skipar, á þeim tíma og stað, sem það tiltekur.
2. Umsækjandi skal áður hafa staðizt læknisskoðun, samkv. VI. kafla.
3. Umsækjandi skal leggja til loftfar fyrir öll nauðsynleg flugpróf, sem hann kann að taka, og skal loftfar þetta fullnægja þeim skilyrðum, sem loftferðaeftirlitið setur í hvert sinn með tilliti til lofthæfni o. fl.
4. Umsækjandi skal til að standast skriflegt eða verklegt próf, a. m. k. hljóta 70 stig í meðaleinkunn (þegar hægt er að hljóta hæst 100 stig), þó þannig, að einkunn í einstakri grein sé eigi lægri en 60 stig.
5. Ef umsækjandi hefur ekki lokið öllum prófum og fullnægt að öðru leyti skilyrðum samkvæmt reglugerð þessari innan tveggja mánaða frá því að hann tók fyrsta próf, skulu allar próflausnir hans og prófraunir ógildar, nema hann geti sannað lögleg forföll, svo sem veikindi o. þ. h., sem loftferðaeftirlitið tekur gild.
6. Umsækjanda, sem hefur ekki staðizt próf í bóklegum námsgreinum í tilteknu flugliðsstarfi, skal leyfilegt að endurtaka slíkt próf eftir 6 vikur, ef loftferðaeftirlitið telur hann hafa fengið nægilega kennslu í viðkomandi námsgreinum til að þreyta próf á ný.
7. Umsækjanda um skirteini einka- eða atvinnuflugmanns, sem hefur ekki staðizt það verklegt flugpróf, sem með þarf, skal leyfilegt að endurtaka slíkt próf, þegar hann hefur flogið í að minnsta kosti 4 klukkustundir, þar af 2 klst. með löggiltum flugkennara, og skal flugkennarinn votta í flugdagbók umsækjanda, að hann telji hann hæfan til þess að þreyta próf á ný.
8. Umsækjanda um skirteini flugstjóra, sem hefur ekki staðizt það verklegt próf, sem með þarf, skal leyfilegt að endurtaka slíkt próf eftir þrjá mánuði, ef hann hefur flogið að minnsta kosti 10 klst. til viðbótar og þar af 5 klst. blindflug.

- 184 9. Nú hefur umsækjandi stundað nám í tilteknu flugliðsstarfi við skóla eða stofnun, sem viðurkennd er af loftferðaefirliti ríkisins, og lokið þaðan prófi og skal hann þá senda loftferðaefirlitinu öll prófskírteini sín fyrir viðkomandi flugliðsstörf. Samgöngumálaráðuneytið getur, að fengnum tillögum loftferðaefirlitsins, veitt skírteini það, er sótt var um, án þess að nýtt próf komi til.
10. Loftferðaefirlitið getur veitt umsækjanda undanþágu frá prófi í einstökum greinum, ef hann hefur nýlega lokið slíku prófi til þess að öðlast annað skírteini til flugliðsstarfa.

## 39. gr.

Gildistími skírteina til flugliðsstarfa skal vera sem hér segir:

1. Skírteini flugnema, einkaflugmanna og atvinnuflugmanna gilda 12 mánuði í senn.
2. Skírteini atvinnuflugmanna með meira prófi og flugstjóra gilda 6 mánuði í senn.
3. Skírteini flugleiðsögumanna, flugvélstjóra, flugloftskeytamanna, flugvélavirkja, flugumferðarstjóra og flugumsjónarmanna gilda 12 mánuði í senn.
4. Skírteini sviffflugmanna gilda 2 ár í senn.

## 40. gr.

Flugliði verður að hafa haldið við leikni sinni og hæfni til þess að fá skírteini endurnýjuð með óbreyttum réttindum og gilda um það þessi ákvæði:

1. *Flugmenn.*

- a. Enginn flugmaður fær endurnýjað skírteini sitt, nema hann hafi á síðastliðnum gildistíma þess flogið, sem raunverulegur stjórnandi loftfars, þann lágmarks stundafjölda sem hér segir:

1) Flugnemi og einkaflugmaður 3 klst.

2) Atvinnuflugmaður, atvinnuflugmaður með meira prófi og flugstjóri 12 klst.

- b. Réttindi flugmanns til að stjórna ákveðinni tegund loftfars falla niður að jafnaði við endurnýjun skírteinis, hafi hann ekki framkvæmt í þeirri tegund a. m. k. 5 flugtök og 5 landingar á síðastliðnum gildistíma skírteinis, sbr. 8. gr.

c. Um endurnýjun réttinda til blindflugs fer eftir ákvæðum 14. gr.

d. Um endurnýjun réttinda til næturflugs fer eftir ákvæðum 15. gr.

- e. Réttindi til flugkennslu falla niður við endurnýjun skírteinis, nema flugmaður hafi á síðastliðnum gildistíma þess stundað flugkennslustörf í a. m. k. 10 klst., eða geti að öðrum kosti sannað loftferðaefirlitinu áframhaldandi hæfni sína til flugkennslu með prófi.

2. *Áhafnir loftfara, aðrir en flugmenn.*

- a. Skírteini flugleiðsögumanns verður að jafnaði ekki endurnýjað, nema hann hafi á síðastliðnum gildistíma skírteinisins starfað sem flugleiðsögumaður í a. m. k. 24 klst. í millilandaflugi. Þó má veita undanþágu frá þessu, ef skírteinishafi hefur á fyrrnefndu tímabili starfað sem flugumsjónarmaður, atvinnuflugmaður með meira prófi, flugstjóri eða flugumferðastjóri í flugstjórnarmiðstöð og viðhaldið þekkingu sinni og hæfni á fullnægjandi hátt að dómi loftferðaefirlitsins. Að öðrum kosti verður skírteinishafi að ganga undir nýtt próf í einhverjum eða öllum prófgreinum.
- b. Skírteini flugvélstjóra verður að jafnaði ekki endurnýjað, nema hann hafi á síðastliðnum gildistíma skírteinisins starfað sem flugvélstjóri í a. m. k. 24 klst. Þó má veita undanþágu frá þessu, ef skírteinishafi hefur á fyrrnefndu tímabili starfað sem flugvélavirki og viðhaldið þekkingu sinni og

hæfni á fullnægjandi hátt að dómi loftferðaeftirlitsins. Að öðrum kosti verður skirteinishafi að ganga undir nýtt próf í einhverjum eða öllum prófgreinum. 184 1. n.óv.

c. Skirteini flugloftskeytamanns verður ekki endurnýjað, nema hann sé áfram handhafi fullgilds skirteinis flugloftskeytamanns frá Landssíma Íslands.

3. *Fluglíðar, sem ekki teljast til áhafna loftfara.*

a. Skirteini flugvélavirkja verður að jafnaði ekki endurnýjað, nema hann hafi á síðastliðnum gildistíma skirteinisins starfað sem flugvélavirki í:

1) samtals 3 mánuði (90 daga), eða

2) í 1 mánuð samfleytt.

Sé aðeins um endurnýjun A- og C-réttinda að ræða, telst starf sem flugvélstjóri jafngilda flugvélavirkjastarfi.

Flugvélavirki, sem ekki fullnægir ofangreindum skilyrðum, verður að ganga undir nýtt próf í einhverjum eða öllum prófgreinum.

b. Einstök tegundarréttindi flugvélavirkja falla að jafnaði niður við endurnýjun skirteinis, ef hann hefur ekki á tveim síðastliðnum gildistímabilum skirteinis síns starfað við viðkomandi tegundir.

c. Réttindi til að búa um fallhlífar og/eða björgunarbáta falla að jafnaði niður við endurnýjun skirteinis, ef réttindahafi hefur ekki á undanförunum 12 mánuðum búið um a. m. k. 5 fallhlífar og/eða 1 björgunarbát.

d. Skirteini flugumferðarstjóra verður að jafnaði ekki endurnýjað nema hann hafi á síðastliðnu gildistímabili skirteinisins starfað sem flugumferðarstjóri eða flugumsjónarmaður í:

1) samtals 3 mánuði (90 daga) eða

2) í 1 mánuð samfleytt.

Þó má veita undanþágu frá þessu ákvæði, ef skirteinishafi hefur á fyrrnefndu tímabili starfað sem flugmaður, flugleiðsögumaður, flugloftskeytamaður eða loftskeytamaður í flugfjarskiptastöð og viðhaldið þekkingu sinni og hæfni á fullnægjandi hátt að dómi loftferðaeftirlitsins. Að öðrum kosti verður skirteinishafi að ganga undir nýtt próf í einhverjum eða öllum prófgreinum.

e. Réttindi flugumferðarstjóra fyrir ákveðinn flugvöll eða flugstjórnarsvæði falla að jafnaði niður við endurnýjun skirteinis, hafi hann ekki á fyrrnefndu gildistímabili starfað sem flugumferðarstjóri á viðkomandi flugvelli eða flugstjórnarsvæði í a. m. k. 2 vikur samfleytt. Þó getur loftferðaeftirlitið veitt undanþágu frá þessu ákvæði, ef skirteinishafi hefur á sama tímabili unnið að sams konar störfum á öðrum stað, enda sanni hann áframhaldandi hæfni sína og þekkingu á sérkennum viðkomandi flugvallar eða flugstjórnarsvæðis.

f. Skirteini flugumsjónarmanns verður að jafnaði ekki endurnýjað, nema hann hafi á síðastliðnum gildistíma starfað í a. m. k. 3 mánuði sem flugumsjónarmaður, og/eða aðalflugmaður eða annar flugmaður í reglubundnu atvinnuflugi

1) sem flugumsjónarmaður eða

2) sem aðalflugmaður eða annar flugmaður í reglubundnu atvinnuflugi, eða

3) sem flugumferðarstjóri í flugstjórnarmiðstöð.

Ef skirteinishafi fullnægir ekki þessum skilyrðum, verður hann að ganga undir nýtt próf í einhverjum eða öllum prófgreinum.

4. *Svifflugmenn.*

Enginn svifflugmaður fær endurnýjað skirteini sitt, nema hann hafi á

184  
1. n.óv.

siðastliðnum gildistíma þess flogið sem raunverulegur stjórnandi svifflogu a. m. k. 3 gallalaua svifflog, og skal samanlagður flugtimi vera minnst 30 mínútur. Að öðrum kosti verður skirteinishafi að ganga undir nýtt próf í einhverjum eða öllum prófgreinum.

#### 41. gr.

Sé óskað eftir framlengingu eða endurnýjun á gildistíma skirteinis, skal senda loftferðaeftirlitinu umsókn um það á eyðublöðum, sem gerð eru í því skyni, ásamt:

- a. skirteininu;
- b. læknisvottorði um, að handhafi fullnægi áfram þeim heilbrigðiskröfum, sem gerðar eru til viðkomandi starfs, samkvæmt VI. kafla;
- c. yfirliti yfir flugliðsstörf þau, sem handhafi hefur leyst af hendi, síðan skirteinið var gefið út eða endurnýjað síðast, ásamt loftferðabók hans.

Loftferðaeftirlitið skrifar, eftir nákvæma athugun, áritun á skirteinið um það, hvort maðurinn sé hæfur eða óhæfur til starfans áfram, eða áritar, ef við á, skirteini hans með takmörkuðum réttindum.

#### 42. gr.

Óski handhafi skirteinis, að því sé gefið aukið gildi, skal hann senda loftferðaeftirlitinu skriflega umsókn um þetta ásamt skirteininu sjálfu og nákvæmri greinargerð um, hvernig hann hefur aflað sér þeirrar hæfni, fræðilegrar eða verklegar, sem þarf til viðbótar.

Sé álitid eftir nákvæma athugun, að hægt sé að verða við umsókninni, ritar loftferðaeftirlitið gildisaukninguna á skirteinið.

#### 43. gr.

*Um færslu flugdagbóka* gilda eftirfarandi reglur:

1. Allir flugnemar, flugmenn, flugleiðsögumenn, flugvélstjórar og flugloftskeytamenn, sem teljast til áhafnar loftfars, skulu halda nákvæma dagbók og færa í hana flugtima sinn.
  2. Flugtima flugnema skal flugkennarinn votta.
  3. Aðrir flugliðar votta flugtima sinn sjálfir.
  4. Flugdagbækur skulu vera innbundnar, nákvæmlega færðar og læsilega ritaðar með bleki eða óafmáanlegu ritblýi.
  5. Flugdagbækur skulu sýna dagsetningu flugsins, loftfarstegund og gerð, loftfarsflokk, hestaflafjölda og skrásetningarmerki loftfarsins. Tilgreina skal þar, hvort um er að ræða einflug, tvímenningsflug, blind- eða næturflug, hve langan tíma flogið tók, milli hvaða staða flogið var o. s. frv. Þar að auki, ef eitthvað sérstakt kemur fyrir meðan flogið er, svo sem skemmdir á vélinni eða því um líkt.
  6. Flugkennslutími skal skráður á sama hátt og í 5. lið segir. Þó skal flugkennarinn rita í dagbókina nákvæma lýsingu á kennslu þeirri, er nemandinn hlýtur, svo og hvaða flugraunir voru kenndar og hve löngum tíma var eytt í hverja flugraun. Flugkennarinn staðfestir allar slíkar færslur með nafni sínu og númeri á skirteini sínu og tilgreinir réttindi sín.
- Flugdagbækur skulu lagðar fram til athugunar með hæfilegum fyrirvara eftir beiðni loftferðaeftirlits ríkisins eða fulltrúa þess.

#### 44. gr.

Um skráningu flugstunda og viðurkenningu þeirra gilda eftirfarandi reglur:

1. *Flugnemi* getur aðeins fengið viðurkenndan sem einflugstíma þann flugtima, sem hann er aleinn í loftfarinu.

2. *Einkaflugmaður* getur aðeins fengið viðurkenndan sem einflugstíma þann tíma, sem hann stjórnar loftfarinu raunverulega. Ef um kennsluflug er að ræða, fær hann þó viðurkenndan helming flugtímans sem einflugstíma. Einkaflugmaður, er starfar sem annar flugmaður í loftfari, þar sem annars flugmanns er krafizt, fær viðurkenndan helming slíks flugtíma sem hluta þeirra 200 (150) klst., sem krafizt er fyrir skirteini atvinnuflugmanna, allt að 50 klst.
3. *Atvinnuflugmaður* fær viðurkenndan allan þann tíma, sem hann starfar sem aðalflugmaður í loftfari. Atvinnuflugmaður, er starfar sem annar flugmaður í loftfari þar sem annars flugmanns er krafizt, fær aðeins viðurkenndan helming slíks flugtíma, sem hluta flugtíma þess, sem krafizt er fyrir skirteini í réttindameiri flokki.
4. *Atvinnuflugmaður með meira prófi* fær viðurkenndan allan þann tíma, sem hann starfar sem aðalflugmaður. Ef hann starfar sem annar flugmaður í loftfari, þar sem annars flugmanns er krafizt, fær hann aðeins viðurkenndan helming slíks flugtíma sem hluta flugtíma þess, sem krafizt er fyrir skirteini í réttindameiri flokki.
5. *Flugstjóri* má skrá allan þann tíma, sem hann starfar sem aðalflugmaður eða annar flugmaður í loftfari.
6. Flugmaður, sem hefur réttindi til *flugkennslu*, má skrá sem sinn flugtíma allan þann tíma, sem hann starfar að flugkennslu í loftfari.
7. Eigi má annar flugmaður en sá, sem raunverulega stjórnar loftfari, sem flogið er eingöngu eftir blindflugstækjum í eðlilegum eða tilbúnum blindflugsskilyrðum, skrá flugtíma sinn sem *blindflugstíma*.
8. *Flugleiðsögumaður* má skrá allan þann flugtíma, sem hann starfar sem leiðsögumaður í loftfari á flugi.
9. *Flugvélstjóri* má skrá allan þann flugtíma, sem hann starfar sem vélstjóri í loftfari á flugi.
10. *Flugloftskeytamaður* má skrá allan þann flugtíma, sem hann starfar sem flugloftskeytamaður í loftfari á flugi.

45. gr.

Þeir, sem hafa skirteini til flugliðsstarfs, skulu skyldir til að senda lofifer eftirlitinu skýrslu í janúar ár hvert um flugliðsstörf sín á síðastliðnu ári, og getur loftferðæftirlitið sett um það nánari reglur.

## VIII. KAFLI

### Svipting eða ógilding skirteinis til flugliðsstarfa.

46. gr.

Handhafi skal ekki undir neinum kringumstæðum lána, gefa, eða láta öðrum í té skirteini sitt til afnota, og skal það varða sviptingu réttinda til flugliðsstarfa, ef ekki liggur þyngri hegning við að lögum.

47. gr.

Flugmenn og flugliðar, sem teljast til áhafna loftfara, svo og flugumferðarstjórar, mega ekki neyta áfengis síðustu 18 klukkustundir áður en störf eru hafin, né heldur meðan þeir eru að starfi. Varðar það að jafnaði missi skirteinisins um stundarsakir, þó eigi skemur en 3 mánuði eða fyrir fullt og allt, ef sakir eru miklar eða brot ítrekað.



184

1. nóv

48. gr.

Komi í ljós, að rangar eða villandi upplýsingar hafi verið gefnar þegar skírteini var gefið út, gefið aukið gildi, eða skírteini endurnýjað, skal skírteinið, gildisaukningin eða endurnýjun skírteinis, sem vegna rangra eða villandi upplýsinga hefur verið veitt, teljast ógilt og afturkallast, nema eigandi þess geti sannað, að ekki sé hægt að gefa honum sök á hinum röngu eða villandi upplýsingum og að gefnar upplýsingar hafi ekki haft þýðingu fyrir útgáfu skírteinis, gildisaukningu eða endurnýjun skírteinis.

49. gr.

Skylt er hverjum flugliða, sem telst til áhafna loftfara, að tilkynna loftferðaeftirlitinu tafarlaust, ef nokkur vafi getur leikið á, að hann vegna veikinda, slysa eða af öðrum ástæðum, fullnægi áfram tilskildum heilbrigðiskröfum.

Telji loftferðaeftirlitið að vafi leiki á, að handhafi skírteinis hafi áfram verklega eða líkamlega hæfni eða fræðilega þekkingu, getur samgöngumálaráðuneytið, að fengnum tillögum flugráðs, afturkallað skírteinið, þar til gengið hafi verið úr skugga um áframhaldandi hæfni hans með læknisskoðun og/eða nýju prófi, ef með þarf.

Loftferðaeftirlitið getur hvenær sem er krafizt nýs læknisvottorðs af flugliða, ef grunur leikur á að hann fullnægi ekki lengur tilskyldum heilbrigðiskröfum.

50. gr.

Samgöngumálaráðuneytið getur fyrirvaralaust, að fengnum tillögum flugráðs, á sama hátt og greinir í 49. gr. 2. mgr., afturkallað skírteini fyrir fullt og allt eða um ákveðinn tíma, ef handhafi hefur sýnt í starfi sínu ábyrgðarleysi, skort á dómgreind og reynslu, vanrækslu, óreglu eða gerzt brotlegur á annan hátt.

51. gr.

Hafi skírteini verið afturkallað eða viðkomandi fyrirgert réttindum, sem í því felast, skal hann tafarlaust afhenda það loftferðaeftirlitinu eða trúnaðarmanni þess.

## IX. KAFLI

### Um viðurlög, undanþágur o. fl.

52. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum allt að 10000 kr., varðhaldi eða fangelsi, ef ekki liggur þyngrri refsing við samkvæmt hegningarlögunum eða öðrum lögum.

Með mál út af brotum á reglugerðinni skal fara sem almenn lögreglumál.

53. gr.

Samgöngumálaráðuneytið getur veitt heimild til að víkja frá reglugerð þessari, þegar sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

54. gr.

Skylt er öllum hlutaðeigendum að hlíta reglum og fyrirmælum þeim til viðbótar, sem samgöngumálaráðuneytið setur, samkvæmt reglugerð þessari, og liggur sama refsing við, ef út af er brugðið, sem við broti gegn ákvæðum reglugerðarinnar.

55. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

*Samgöngumálaráðuneytið, 1. nóvember 1949.*

**Eysteinn Jónsson,**

*Páll Pálmason.*

## AUGLÝSING

185  
7. nóv.

## um breyting á símtala- og símskeytagjöldum til útlanda.

Vegna hækkunar á verðgildi gullfrankans miðað við íslenska krónu, hækka símskeytagjöld til útlanda frá og með 15. nóv. 1949 og verða sem hér segir fyrir almenn skeyti:

Norðurlönd:	Gjald fyrir orðið:
Danmörk .....	95 aurar.
Færeyjar .....	55 —
Finnland .....	150 —
Noregur .....	115 —
Svíþjóð .....	115 —
<b>Önnur helztu Evrópulönd:</b>	
Belgía .....	136 —
England .....	107 —
Frakkland .....	143 —
Holland .....	143 —
Tékkóslóvakía .....	167 —
Ítalía .....	164 —
Pólland .....	175 —
Spánn .....	158 —
Sviss .....	156 —
Þýskaland .....	155 —
<b>Norður-Ameríka:</b>	
1. gjaldsvæði .....	450 —
2. — .....	510 —
3. — .....	576 —
4. — .....	618 —
5. — .....	666 —
Argentína .....	928 —
Brazília .....	842 —

Gjöld fyrir almenn skeyti til annarra landa, svo og gjöld fyrir aðrar tegundir skeyta til útlanda hækka í sama hlutfalli.

Símtalagjöld til Norðurlanda (Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar), svo og til Ameríku, haldast fyrst um sinn óbreytt, en hækka til annarra landa um 44% frá og með 15. nóv. 1949.

Símtala- og símskeytagjöld innanlands haldast óbreytt.

*Póst- og simamálastjórnin, 7. nóvember 1949.*

**Guðmundur Hlíðdal.**

*Einar Pálsson.*

## GJALDSKRÁ

### um póstburðargjöld.

Samkvæmt 13. gr. póstlaga nr. 31 frá 12. febrúar 1940, er hér með sett eftirfarandi gjaldskrá um póstburðargjöld.

#### 1. Burðargjöld:

Fyrir	Innanlands				Til Danmerkur (Færeyja, Græn.), Finnlands, Noregs (Svalbarða) og Svíþjóðar				Til annarra landa			
	Hámark stærðar og þyngdar	Þyngd- armörk g	Burðargj. aur.		Hámark stærðar og þyngdar	Þyngd- armörk g	Burð- argj. aur.		Hámark stærðar og þyngdar	Þyngd- armörk g	Burð- argj. aur.	
			staðar	rikis			g	aur.			g	aur.
Bréf	Lengd + breidd + þykkt 90cm. Mestalengd 60cm. Í ströngum: lengd + tvö- falt þvermál 1 m. Mesta lengd 80 cm 2000 g Fyrir bréf yfir 500 g er rikistaxti sami og „Til annarra landa“.	20 125 250 500	50 100 150 250	75 150 300 500	Sama og innanlands Fyrir bréf yfir 500 g sama burðargjald og „Til annarra landa“.	20 125 250 500	75 150 300 500	20 40 60 80	Sama og innanlands	20 40 60 80	85 135 185 235	
Bréfsþjöld einf. tvöf.	Mest 15×10,5 cm Minnst 10×7 cm		35 70	50 100	Sama og innanlands		50 100		Sama og innanlands		50 100	
Verzlunar- skjöl	Stærð söm og bréfa Þyngd 2000 g	100 150 200 hver 50 þar yfir	50 55 70	75 75 95	Sama og innanlands Þyngd 2000 g	150 200 hver 50 þar yfir	75 95	150 200 hver 50 þar yfir	Sama og innanlands Þyngd 2000 g	150 200 hver 50 þar yfir	85 95	

Prent	Stærð söm og bréfa Þyngd 3000 g	50 100 hver	25 40	35 55	Stærð og þyngd sama og „Til annarra landa“.	50 100 hver	35 55	Stærð söm og bréfa Þyngd 3000 g	50 100 hver	35 55
	Fyrir útgefendaprent til Danmerkur og Noregs er burðargj. fyrir hver	50 þar yfir	15	20	Fyrir útgefendaprent til Danmerkur og Noregs er burðargj. fyrir hver	50 þar yfir	20 100	Fyrir prent, sem er op- ið, eða saman brotið spjald gildir sama stærð og fyrir bréfsþjöld	50 þar yfir	20
Blindra prent	Stærð söm og bréfa Þyngd 7000 g	1000	10	10	Stærð söm og bréfa Þyngd 7000 g	1000	10	Stærð söm og bréfa Þyngd 7000 g	1000	10
Sýnishorn	Stærð söm og bréfa Þyngd 500 g	50 100 hver þar yfir	25 40 15	35 55 20	Stærð og þyngd sama og „Til annarra landa“.	50 100 hver þar yfir	35 55 20	Stærð söm og bréfa Þyngd 500 g	50 100 hver þar yfir	35 55 20
Blöð og tímarit	50×24×24 cm 5000 g. Þó aðeins 2500 g með landpóstum. Það skal vegið allt í eínu, sem látið er í pósti í einu. Innritunargjald er 20 kr., er greiðist í fyrsta sinn og blað er innritað, síðan í byrjun hvers árs.	500	100	100	Böggjar: a. Með skipum á hafnarstaðina. b. Með bifreiðum. c. Með landpóstum. Hámark þyngdar og stærðar. a. og b. Þyngd 20 kg mest. Stærð 1,25 m mest á einhvern veg, eða að rúmmáli 60 dm <sup>3</sup> 5 kg eða minna, 80 dm <sup>3</sup> yfir 5 kg, en ekki yfir 10 kg 100 dm <sup>3</sup> yfir 10 kg, en ekki yfir 15 kg, og 120 dm <sup>3</sup> yfir 15 kg. c. 40×24×24 cm. Burðargjald:					
Póst- ávisanir	Allt að 50 kr. — — 100 — Fyrir hverjar viðbótar 100 kr.	75 aurar 150 — 50 —			a. Sjóveg aurar 400 700 900 1500 2000 2500 3700 b. Með bifreiðum — 600 1000 1300 2200 3000 c. Með landpóstum Sumar <sup>15/4</sup> — <sup>14</sup> 10 — 700 1600 1300 Vetur <sup>15/10</sup> — <sup>14</sup> 4 — 1200 1700 2200					
Póstkröfur	Allt að 50 kr. — — 100 — Fyrir hverjar viðbótar 100 kr.	150 aurar 200 — 50 —			Staðartaxti er hálfur burðargjald eins og undir a. Séu böggjar rúmfrækir eða verði sérstaklega varlega með þá að fara, er ofangreint burðargjald hækkað um 50 %.					

## 2. Ýmis önnur gjöld.

	Innanlands	Til Danmerkur (Færeyja, GrænL.), Finnlands, Noregs (Svalbarða) og Svíþjóðar	Til annarra landa
Skrásetningargjald	100 aurar	100 aurar	100 aurar
Ábyrgðargjald. (Fyrir verðbréf til útlanda skal bæði greiða skrásetningargjald og ábyrgðargjald)	Fyrir 300 kr. eða minna 150 aurar og 50 aurar fyrir hverjar 100 kr. eða minna fram yfir	Fyrir hverjar 500 kr. eða minna 75 aurar	Fyrir hverja 300 gullfr. eða minna 150 aurar
Fyrir afturköllun, utanáskriftar-breytingu, afnám eða lækkun póströfuupphæðar	150 aurar	150 aurar	150 aurar
Fyrir fyrispurn um sendingu	100 aurar	100 aurar	125 aurar
Hraðboðagjald	150 aurar, þar sem er daglegur bréfaútburður 1 km frá pósthúsinu, annars 125 aurar fyrir hvern km	150 aurar	180 aurar
Móttökukvittun: a) umbeðin við viðtöku b) umbeðin eftir viðtöku	75 aurar 100 aurar	75 aurar 100 aurar	85 aurar 125 aurar
Kvittun fyrir tolli, borgaðri póströfu, frimerkja- eða eyðublaða-kaupum	10 aurar		

Talning í verðbréfi	Fyrir 500 kr. 25 aurar, fyrir 1000 kr. 40 aurar og fyrir hverjar viðbótar 1000 kr. eða minna 20 aurar	Póstmenn mega ekki telja í verðbréfum til útlanda
Alþjóða-svarmerki	Söluverð 100 aurar, skiptiverð 85 aurar í frimerkjum	
Skilríkisþjöld	200 aurar	
Fyrirframgeiðsla eftir frankóseðli	125 aurar	
Fyrir tollmeðferð	125 aurar	
Fyrir staðfestingu á innihaldi	20 aurar fyrir hverjar 10 línur, minnst 100 aurar	

Gjaldskrá þessi gengur í gildi 15. nóv. 1949. Samtímis fellur úr gildi gjaldskrá um póstburðargjöld frá 12. sept. 1947

*Samgöngumálaráðherrann, 7. nóvember 1949.*

**Emil Jónsson.**

*Guðmundur Hliðdal.*

187  
4. nóv.

## AUGLÝSING

### um breyting á kærufresti til ríkisskattaneftdar.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 16 10. apríl 1946, um breyting á lögum nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt, hefur ráðuneytið ákveðið, að á þessu ári skuli kærufrestur til ríkisskattaneftdar vera til 20. þ. m. alls staðar á landinu.

*Fjármálaráðuneytið, 4. nóvember 1949.*

F. h. r.

Magnús Gíslason.

*Einar Bjarnason.*

188  
7. nóv.

## REGLUGERÐ

fyrir bændaskólana að Hólum og Hvanneyri og fyrir framhaldsnám í búfræði að Hvanneyri.

### A. Búfræðinám.

#### I. Tilgangur skólans og námstími.

1. gr.

Tilgangur bændaskólanna er að veita bændaeftnum hagnýta þekkingu í búnaði.

2. gr.

Skólarnir starfa í tveimur deildum, yngri og eldri deild. Þá skal setja 15. október ár hvert. Námstíminn er þrjú misseri, tveir vetur og eitt sumar. Eigi skal segja skólunum upp síðar en 30. apríl. Jólaleyfi skal vera frá 22. desember til 4. janúar, að báðum dögum meðtöldum. Kennsla fer ekki fram 1. desember. Auk þess getur skólastjóri fellt niður kennslu allt að einum degi í senn, þegar sérstaklega stendur á.

Heimilt er að taka nemendur til ársdvalar í skólana, ef þeir hafa aflað sér bóklegar þekkingar annars staðar, er samsvari a. m. k. námi yngri deildar, en skylt er þeim að taka þátt í verklegu námi jafn langan tíma og aðrir nemendur og ganga undir próf í þeim námsgreinum yngri deildar, er skólastjóri ákveður.

#### II. Inntaka og inntökuskilyrði.

3. gr.

Skriflega beiðni um upptöku í skólana skal senda skólastjóra fyrir lok ágústmánaðar ár hvert. Skólastjóri veitir inntöku í skólann og svarar umsækjendum.

4. gr.

Skilyrði fyrir inntöku í skólana eru þessi:

- a. að umsækjandi sé fullra 18 ára; þó getur skólastjóri veitt undanþágu frá þessu ákvæði, ef sérstakar ástæður mæla með;
- b. að hann hafi unnið minnst eitt ár við landbúnaðarstörf eftir fermingu;
- c. að hann hafi óflekkað mannorð og sé ekki haldinn smitandi sjúkdómi;

- d. að hann hafi ábyrgð fullveðja manns fyrir allri greiðslu, er stafar af dvöl hans í skólanum. Undanþágu má veita frá þessu ákvæði.

188

7. n.ó.v.

### III. Stjórn og fyrirkomulag.

5. gr.

Landbúnaðarráðuneytið hefur á hendi yfirumsjón skólanna. Það skipar skólastjóra og einnig kennara skólanna í samráði við skólastjóra.

6. gr.

Skólastjóri hefur á hendi umsjón og stjórn skóla síns. Skólastjórar skulu annast reikningshald skólanna og aðra bókfærslu. Reikningsár skólanna er almanaksárið. Skulu reikningar ásamt stuttorðri greinargerð sendir fjármálaráðuneytinu og landbúnaðarráðuneytinu fyrir febrúarlok á hvert. Skólastjórar skulu láta prenta skólaskýrslur annað hvert ár.

7. gr.

Nemendur fá í skólunum ókeypis: kennslu, húsnæði, rúmstæði með dýnum, ljós og hita.

8. gr.

Vanræki nemandi nám, mæti ekki í kennslustundum eða í vinnu í verklegu námi, ber skólastjóra að áminna hann. Ef það ber ekki árangur, skal honum vísað úr skólanum.

### IV. Bókleg kennsla.

9. gr.

Kennsla fari fram í fyrirlesturum og yfirheyrslum eftir ákvæðum skólastjóra og kennara. Einnig skulu þeir ákveða um þau úrlausnarefni, er lögð eru fyrir nemendum.

10. gr.

Kennslu í einstökum greinum skal hagað sem hér segir í aðaldráttum:

1. *Íslenzka*: Aðalmarkmið kennslunnar er, að nemendur læri að lesa íslenzkt mál vel og rita það rétt. Einnig skal vekja áhuga þeirra á því bezta í bókmenntum þjóðarinnar.
2. *Stærðfræði*:
  - a. *Reikningur*: Kenna skal almennan reikning, prósentureikning og jöfnur.
  - b. *Flatar- og rúmmálsfræði*: Skýra skal helztu flatar- og rúmmálsmyndir og kenna að reikna út flatarmál þeirra og rúmmál.
3. *Reikningshald*: Kenna skal notkun búreikningsforma og skýra helztu tekju- og gjaldaliði landbúnaðarins.
4. *Þjóðfélagsfræði*: Skýra skal helztu grundvallaratriði í fyrirkomulagi og stjórn þjóðfélagsins.
5. *Búnaðarhagfræði*: Skýra skal, hvaða grundvallaratriði þurfa að vera fyrir hendi til þess að hægt sé að reka búskap og láta hinar einstöku búgreinir gefa arð.
6. *Búnaðarsaga*: Kenna skal ágrip af búnaðar- og verzlunarsögu þjóðarinnar.
7. *Landbúnaðarlöggjöf*: Skýringar á helztu lögum og reglugerðum, sem varða landbúnað vörn.
8. *Búnaðarlandafræði*: Áherzla skal lögð á lýsingu Íslands og landbúnað og hagi þeirra þjóða, er hafa mesta þýðingu fyrir viðskipti Íslendinga.
9. *Grasafræði*: Í henni skal kennt hið helzta um byggingu, eðli og þroskaskilyrði plantna. Nemendur skulu læra að þekkja helztu plöntur, er skipta máli fyrir íslenzkan landbúnað.



- 188** 10. *Eðlisfræði*: Mest áherzla sé lögð á afl- og rafmagnsfræði.
7. nóv. 11. *Efnifræði*: Nemendur skulu fá fræðslu um hin helztu frumefni, efnasambönd og efnabreytingar. Megináherzlu skal þó leggja á fræðslu um þau efni, sem þýðingu hafa fyrir plöntur og dýr.
12. *Steina- og jarðfræði*: Kenna skal ágrip af almennri jarðfræði. Leggja þó aðaláherzlu á jarðmyndun og bergtegundir á Íslandi.
13. *Líffærafræði*: Aðallega skal skýra fyrir nemendum byggingu og störf líffæra búfjárins.
14. *Búfjárfræði*: Kenna skal rækilega um allar búfjartegundir vorar, kynbætur þeirra, uppeldi, meðferð og fóðrun, einnig um algengustu búfjársjúkdóma og meðferð þeirra, svo og lífeðlisfræði búfjárins.
15. *Mjólkurfræði*: Skýra skal fyrir nemendum eðli mjólkur, efnasamsetning, meðferð, mjaltir og fitumælingar.
16. *Arfgengisfræði*: Skýra skal helztu lögmál arfgengis og kynbóta plantna og dýra.
17. *Jarðræktarfræði*: Leggja skal áherzlu á hagnýta kennslu í almennri jarðræktarfræði, svo sem um girðingar, jarðveg, framræslu, vatnsveitingar, jarðvinnslu, áburð, grasrækt, ræktun garðjurta og korns o. fl.; einnig undirstöðuatriði í skógrækt.
18. *Véla- og verkfærafræði*: Kenna skal um þær vélar og verkfæri, sem á hverjum tíma eru talin hentugust fyrir landbúnað vorn.
19. *Húsa byggingar*: Kenna skal helztu undirstöðuatriði í fyrirkomulagi og byggingu búpeningshúsa hér á landi.
20. *Tungumál*: Kenna skal undirstöðuatriði í einu norðurlandtungumáli eða ensku.
21. *Teiknun*: Í yngri deild skal kenna teiknun á einföldum verkfærum eftir mælingu, grunnteiknun húsa og flatarmyndir. Í eldri deild skal kenna kortteikningu.
22. *Leikfimi og íþróttir*: Nemendur skulu iðka líkamsæfingar og íþróttir, er miða að því að gera líkama þeirra hraustan og liðugan.
23. *Söngur*: Iðka skal söng í skólunum.

## V. Verklegr kennsla.

### 11. gr.

Kenna skal nemendum hagnýtustu vinnuáðferðir landbúnaðarins, sem þekktar eru á hverjum tíma, svo og land- og hallamælingar, búsmíðar og eftir því sem við verður komið, frumatriði húsagerðar.

Nemendur skulu meðal annars fá tilsögn í notkun, meðferð og hirðingu þeirra véla og verkfæra, sem notuð eru við búskapinn.

### 12. gr.

Verklegra námið fari aðallega fram sumarið milli skólavetranna, og skal hver nemandi vinna minnst 13 vikur (780 klst). Ef hentara þykir, má láta suma þætti verknámsins fara fram að vetrinum, t. d. hirðingu búfjár og verklega vélfræði.

Nemendum ber að taka þátt í hirðingu þess búfjár, sem á skólabúunum er, undir stjórn og leiðsögn kennara. Þeir skulu taka þátt í venjulegum bústörfum með það fyrir augum, að þeir nemi hagnýtar vinnuáðferðir, er komi bændum að sem mestum notum í starfi þeirra. Nemendur skulu færa dagbók um dagleg störf, þar sem tekið sé fram, hvað unnið er daglega og hvernig vinnan er framkvæmd í aðaldráttum.

## 13. gr.

188

Á hverju námstímabili skulu nemendur fara undir leiðsögn kennara eina eða fleiri ferðir til fyrirmyndarbúa eftir ákvæðum skólustjóra. Styrk til slíkra ferða skal veita af fé skólans.

7. nóv.

## 14. gr.

Þeir nemendur, sem ljúka verklegu námi, fá hjá skólabúinu fæði og þjónustu verknámstímann. Auk þess greiðir ríkissjóður þeim styrk, 100 kr., með verðlagsuppbót.

Ríkissjóður greiðir skólabúunum 100 kr. með verðlagsuppbót fyrir hvern nemanda, sem lýkur verklegu námi.

## VI. Próf og vitnisburðir.

## 15. gr.

Nemendum er skylt að ganga undir próf í öllum þeim námsgreinum, sem kenndar eru og taldar eru í 10. grein, nema söng, svo og í verklegum störfum, sbr. 18. grein.

## 16. gr.

Nú getur nemandi ekki gengið undir próf sökum veikinda eða annarra gildra forfalla, og getur þá skólustjóri leyft honum að ljúka prófi á öðrum tíma. Geti nemandi ekki stundað leikfimi sakir vanheilsu og þess vegna ekki gengið undir próf í henni, getur skólustjóri veitt undanþágu frá því, þó því aðeins, að viðkomandi nemandi leggi fram vottorð um vanheilsu sína, frá lækni skólans.

## 17. gr.

Kennarar prófa hver í sinni námsgrein og ákveða í samráði við skólustjóra, hvort úrlausnarefnin skuli vera skrifleg eða munnleg eða hvort tveggja. Einkunnir skal gefa eftir frammistöðu nemanda, samanber 18. og 20. grein.

## 18. gr.

Einkunnir skal gefa sem hér segir: Gefa skal tvær einkunnir fyrir jarðræktarfræði og búfjárfræði, hvora fyrir sig. Gefa skal eina einkunn fyrir eftirtaldr námsgreinar: Íslenzku, reikning, flatar- og rúmmálsfræði, grasafæði, eðlisfræði, efnafræði, líffærafræði, búreikninga, dráttlist og landmælingar og leikfimi. Hálf einkunn skal gefa fyrir eftirtaldr námsgreinar: Þjóðfélagsfræði- og landbúnaðarlöggjöf, búnaðarhagfræði, búnaðarsögu, búnaðarlandafræði, steina- og jarðfræði, mjólkurfræði, arfgengisfræði, verkfærafræði, byggingafræði, erlend mál og sund. Í verklegum störfum skal gefa þessar einkunnir: Eina fyrir dugnað, eina fyrir meðferð dráttarvéla, tvær fyrir jarðyrkjjustörf, eina fyrir hirðingu búfjár, eina fyrir smíðar og eina fyrir dagbókarfærslu.

## 19. gr.

Við skrifleg próf skal ætla nemendum 2—4 stundir til úrlausnar verkefna, eftir ákvörðun kennara. Noti nemandi óleyfileg hjálpargögn, veiti eða þiggi hjálp, hefur hann fyrirgert rétti sínum til prófs í það sinn.

## 20. gr.

Einkunnir skal gefa í heilum tölum frá 1 til 10 og tíunduhlutum. Þó skal gefa einkunnina 0 fyrir afleita frammistöðu, og fellir hún, samkv. 21. gr.

## 21. gr.

Fullnaðareinkunn er meðaltal allra samtaldra einkunna. Til þess að nemandi standist próf, má fullnaðareinkunn hans eigi vera lægri en 5.00 í hvoru fyrir sig.

**188** bóklegum greinum og verklegum störfum. Þessa einkunn þarf til þess að standast 7. nóv. próf úr yngri deild upp í efri deild, svo og í námsgreinum eldri deildar til þess að ná búfræðiprófi. Þó stenzst enginn próf, sem hefur fengið 0 í einni grein eða 1 í fleiri greinum en einni. Kennarar skulu í sameiningu gefa nemendum einkunn fyrir ástundun.

Fullnaðareinkunnirnar	9,00—10,00	teljast	ágætiseinkunn.
—	7,25— 8,99	—	1. aðaleinkunn.
—	6,00— 7,24	—	2. —
—	5,00— 6,00	—	3. —

#### 22. gr.

Að afloknu prófi skal afhenda nemendum, sem standast prófin, prófskirteini með árituðum einkunnum fyrir hverja námsgrein ásamt fullnaðareinkunn og einkunn fyrir ástundun. Einkunnir skal birta í skólaskýrslu. Ef nemandi hættir námi, án þess að taka próf, skal þess jafnan getið í skólaskýrslu, hver orsök er til þess.

### B. Framhaldsnám í búfræði að Hvanneyri.

#### I. Tilgangur og námstími.

##### 23. gr.

Við bændaskólann á Hvanneyri skal vera sérstök deild þar sem búfræðingar geti fengið framhaldsmenntun.

Tilgangur framhaldsnámsins er sá, að veita búfræðingum þá menntun í búfræði, að þeir geti orðið virkir leiðbeinendur og tekið að sér trúnaðarstöður í þágu bændastéttarinnar, svo sem störf héraðsráðunauta o. fl.

##### 24. gr.

Námstíminn er tveir vetur og eitt sumar. Bóknámstíminn skal að jafnaði vera frá 15. október til 15. maí. Jólaleyfi skal vera frá 22. desember til 4. janúar, að báðum dögum meðtöldum. Kennsla fer ekki fram 1. desember. Fyrri hluta próf skal tekið eftir fyrri námsvetur og síðari hluta próf eftir síðari námsvetur.

#### II. Stjórn og fyrirkomulag.

##### 25. gr.

Skólastjóri hefur á hendi umsjón og stjórn framhaldsnámsins og annast reikningsfærslu þess. Skulu reikningar sendir fjármálaráðuneytinu og landbúnaðarráðuneytinu með reikningum bændaskólans fyrir lok febrúarmánaðar ár hvert. Skýrsla um framhaldsnámið skal prentuð með skólaskýrslu bændaskólans.

##### 26. gr.

Nemendur fá ókeypis í skólanum: kennslu, húsnæði, rúmstæði með dýnum, ljós og hita.

##### 27. gr.

Vanræki nemandi nám, mæti ekki í kennslustundum eða í verklegu námi, ber skólastjóra að áminna hann. Ef það ber ekki árangur skal honum vísað úr skólanum.

#### III. Inntaka og inntökuskilyrði.

##### 28. gr.

Nemendur eru teknir í framhaldsdeildina annað hvert ár, að haustinu. Skriflega beiðni um inntöku skal senda skólastjóra fyrir lok ágústmánaðar það árið, sem nemendur eru teknir í skólann.

## 29. gr.

188

7. nóv.

Skilyrði fyrir inntöku eru þessi:

- a. Að umsækjandi sé fullra 19 ára; þó getur skólastjóri veitt undanþágu frá þessu ákvæði, ef sérstakar ástæður mæla með;
- b. að hann sé búfræðingur og hafi ekki lægri meðaleinkunn frá búfræðiprófi en 8,00; þó getur skólastjóri veitt undanþágu frá þessu, ef sérstök rök mæla með;
- c. að hann hafi óflekkað mannorð og sé ekki haldinn smitandi sjúkdómi;
- d. að hann hafi ábyrgð fullveðja manns fyrir allri greiðslu, er stafar af dvöl hans í skólanum.

## IV. Bókleg kennsla.

## 30. gr.

Kennslan fari fram í fyrirlestur og yfirheyrslum eftir ákvæðum skólastjóra og kennara. Kennarar ákveði úrlausnarefni, sem lögð eru fyrir nemendur. Skólastjóri og kennarar skulu jafnan ræða um það, á hvern hátt náminu skuli hagað í hverri grein með tilliti til þess, að nemendur fái sem bezta undirstöðu til þess að verða leiðbeinandi menn á sviði landbúnaðarins. Skal jafnan reynt að fá þá kennslukrafta, sem beztir eru fánlegir í hverri grein.

Þessar námsgreinir skulu kenndar: Íslenzka, stærðfræði, teiknun, efnafræði, eðlisfræði, grasufræði, steina- og jarðfræði, dýrafræði, gerlafræði, búnaðarsaga, hagfræði, búreikningar, landbúnaðarlöggjöf, lífeðlisfræði, líffærafræði, arfgengisfræði, byggingafræði, viðskiptalandafræði, véla- og verkfærafræði, mælingafræði, mjólkurfræði, búfjárfræði og jarðræktarfræði. Nemendum skal veittur kostur á kennslu í Norðurlandamálum og ensku. Enn fremur skulu nemendur taka þátt í leikfimi og iðka söng með öðrum nemendum bændaskólans á Hvanneyri.

## V. Verklek kennsla.

## 31. gr.

Verklek kennsla fari fram sumarið á milli skólavetranna. Skal henni hagað eftir ákvæðum skólastjóra, eftir sömu grundvallaratriðum og bóklegu kennslunni, sbr. 8. gr. Eftirfarandi atriði skulu fyrst og fremst kennd í verklega náminu: mælingar, meðferð aflvéla, úttekt jarðabóta, búfjárýningar, náttúruskoðun (grasafræði, steinafræði o. fl.), tilraunastörf og, ef við verður komið, verknámsfræði til útlanda.

## VI. Próf og vitnisburðir.

## 32. gr.

Nemendum er skylt að ganga undir próf í öllum þeim námsgreinum, sem kenndar eru og taldar í 8. gr., að undanskildu leikfimi og söng. Með samþykki landbúnaðarráðherra getur skólastjóri ákveðið, að próf fari einnig fram í fleiri eða færri greinum hins verklega náms.

## 33. gr.

Kennarar prófi hver í sinni námsgrein, og ákveða þeir í samráði við skólastjóra, hvort verkefni skuli vera skrifleg eða munnleg eða hvort tveggja. Einkunnir skal gefa fyrir frammistöðu nemenda, samanber 34. og 36. gr.

## 34. gr.

Einkunnir skal gefa sem hér segir: Í jarðræktarfræði og búfjárfræði fjórar einkunnir í hvorri grein. Í eftirtöldum greinum skal gefa eina einkunn: Íslenzku, stærðfræði, kortteiknun, mælingafræði, efnafræði, eðlisfræði, grasufræði, búreikningum, lífeðlisfræði og véla- og verkfærafræði. Í eftirtöldum greinum skal gefa hálf

188 einkunn: Steina- og jarðfræði, dýrafræði, gerlafræði, búnaðarsögu, búnaðarhag-  
7. nóv. fræði, landbúnaðarlöggjöf, líffærafræði, arfgengisfræði, byggingafræði, viðskipta-  
landafræði og mjólkurfræði.

35. gr.

Við skrifleg próf skal ætla 2—4 stundir til úrlausnar verkefna eftir ákvörðun kennara. Noti nemandi óleyfileg hjálpargögn, veiti eða þiggi hjálp, hefur hann fyrirgert rétti sínum til prófs í það sinn.

36. gr.

Einkunnir skal gefa í heilum tölum frá 1 til 10 og tíunduhlutum. Þó skal gefa einkunnina 0 fyrir afleita frammistöðu og fellir hún, samkvæmt 37. gr.

37. gr.

Fullnaðareinkunn er meðaltal allra samtaldra einkunna. Til þess að nemandi standist próf frá fyrri og síðari hluta náms hvors fyrir sig, má fullnaðareinkunn hans ekki vera lægri en 5. Þó stenzst enginn próf, sem hefur fengið 0 í einni grein, 1 í fleiri greinum en einni eða undir 6 að meðaltali í samlögðum einkunnum í jarð-  
ræktarfræði og búfjárfræði. Kennarar gefa nemendum einkunn fyrir ástundun.

Fullnaðareinkunnirnar	9,00—10,00	teljast	ágætiseinkunn.
—	7,25—8,99	—	1. aðaleinkunn.
—	6,00—7,24	—	2. —
—	5,00—6,00	—	3. —

38. gr.

Að afloknu prófi skal afhenda nemendum þeim, sem standast prófin, próf-  
skírteini með árituðum einkunnum fyrir hverja námsgrein ásamt fullnaðareinkunn  
og einkunn fyrir ástundun. Einkunnir skal birta í skólaskýrslu. Ef nemandi hættir  
námi eða lýkur ekki prófi, skal þess jafnan getið í skólaskýrslu, hver er orsök þess.

39. gr.

Prófskírteini það, sem um getur í 38. gr., gefur mönnum rétt til þess að nota  
titilinn búfræðikandidat.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 24 22. marz 1948, um  
bændaskóla. Með henni er úr gildi numin reglugerð nr. 75 22. maí 1939, reglugerð  
nr. 60 4. apríl 1941 og reglugerð nr. 114 18. ágúst 1949.

Reglugerðin öðlast gildi 1. janúar 1950 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er  
hlut eiga að máli.

*Landbúnaðarráðuneytið, 7. nóvember 1949.*

**Bjarni Ásgeirsson.**

*Árni G. Eylands.*

## REGLUGERÐ

### fyrir Rafveitu Dalvíkur.

189

8. nóv.

#### A. Stjórn og rekstur.

##### 1. gr.

##### *Markmið rafveitunnar.*

Rafveita Dalvíkur er fyrirtæki, sem hreppsnefnd Dalvíkurhrepps starfrækir í þeim tilgangi að veita raforku um hreppinn og selja hana til heimilisnotkunar, iðnaðar og annarra þarfa.

Rafveitan er eign Dalvíkurhrepps, en skal rekin sem sjálfstætt fyrirtæki með nafninu Rafveita Dalvíkur og hafa sérstakt reikningshald.

##### 2. gr.

##### *Verksvið og orkuveitusvæði.*

Rafveita Dalvíkur aflar raforku til almenningsþarfa í Dalvíkurhreppi með því að vinna hana sjálf í orkuverum eða kaupa hana frá öðrum, og veitir þeirri orku, sem þannig er keypt eða unnin, um orkuveitusvæði rafveitunnar.

Orkuveitusvæði rafveitunnar er lögsagnarumdæmi Dalvíkurhrepps og sá hluti nágreinnis hreppsins, sem hreppsstjórn ákveður og ráðherra samþykkir.

Rafveita Dalvíkur hefur einkarétt til sölu á raforku beint til raforkunotenda á orkuveitusvæði sínu.

##### 3. gr.

##### *Stjórn raforkumála. Rafveitustjóri.*

Yfirstjórn raforkumála hreppsins er í höndum hreppsnefndar, en framkvæmdastjórnin skal falin rafveitunefnd ásamt rafveitustjóra, sem hreppsnefnd skipar að fengnum tillögum rafveitunefndar, og skal hann um rafmagnssérmenntun fullnægja skilyrðum til háspennulöggildingar a. m. k. Hreppsnefnd setur honum erindisbréf. Rafveitustjóri er framkvæmdastjóri rafveitunnar.

Í rafveitunefnd eiga sæti 3 menn, kosnir af hreppsnefnd. Rafveitustjóri á sæti á fundum nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétti.

##### 4. gr.

##### *Verksvið rafveitunefndar.*

Rafveitunefnd hefur á hendi stjórn rafveitunnar, sér um viðhald hennar og umbætur og allt, er að starfrækslu hennar lýtur, kaup og sölu á raforku, fjárhald og reikningskil. Hún skal gefa hreppsnefnd þær skýrslur, sem óskað er eftir, um starfrækslu og ástand rafveitunnar og leggja ársreikning hennar fyrir hreppsnefnd til úrskurðar samtímis ársreikningum hreppsins.

Rafveitunefnd semur nánari reglur, sem hreppsnefnd skal staðfesta, um einstök atriði þessarar reglugerðar, eftir því sem þörf gerist. Hún gerir einnig tillögur til hreppsnefndar um gjaldskrá fyrir rafveituna, undirbýr samninga um orkukaup og orkusölu og annast framkvæmdir allra raforkumála hreppsins.

Rafveitunefnd skipar alla fasta starfsmenn rafveitunnar, að fengnum tillögum rafveitustjóra, og setur þeim erindisbréf.

##### 5. gr.

##### *Verksvið rafveitustjóra.*

Rafveitustjóri stjórnar daglegri starfrækslu og reikningshaldi rafveitunnar, eftirliti, viðhaldi á stöðvum, taugum og öðrum útbúnaði og öllum verklegum fram-

- 189 kvæmdum, er snerta hana. Hann hefur eftirlit með rafmagnslagningu á orkuveitu-  
8. nóv. svæðinu, þar með talið efni og tæki, sér um afgreiðslu og innheimtu við kaup og sölu á raforku, efni og tækjum, sem veitan kaupir eða selur.

Rafveitustjóri ræður verkamenn og starfsmenn veitunnar, svo sem þörf er á, auk hinna föstu starfsmanna.

6. gr.

*Reikningshald og ráðstöfun tekna.*

Rafveita Dalvíkur hefur sjálfstætt reikningshald og tekur sjálf við greiðslum fyrir selda raforku og öðrum tekjum. Skal tekjum hennar fyrst og fremst varið til að standast straum af öllum greiðsluskuldbindingum hennar, svo sem afborgunum á áhvilandi skuldum, vöxtum og öðrum rekstrarkostnaði, þar með talið fullnægjandi viðhald og endurnýjun virkja og annað, sem nauðsynlegt er til að tryggja öruggan rekstur rafveitunnar, en tekjum, sem umfram kunna að verða, ráðstafar hreppsnefnd.

Rafveitustjóri varðveitir sjóð rafveitunnar samkvæmt nánari reglum, sem hreppsnefnd setur að tillögum rafveitunefndar.

7. gr.

*Löggilding rafvirkja. Raflagningarreglur.*

Hreppsnefnd getur ákveðið, að engir aðrir en þeir, sem sérstaklega eru til þess löggiltir, megi taka að sér lagningu á húsveitu og uppsetningu véla og tækja eða framkvæma á sína ábyrgð nokkurt verk, er snertir veitur, sem tengja á við taugarakerfi rafveitunnar. Hreppsnefnd setur löggildingarskilyrði, löggildir menn og setur reglur um frágang og tilhögun á verkum þeim, sem falla undir verksvið þeirra, allt að fengnum tillögum rafveitustjóra.

Eigi má löggilda sérstaklega aðra en þá, sem áður hafa hlotið löggildingunni rafmagnseftirlits ríkisins og ekki setja kröfuminni reglur um raflagningar en rafmagnseftirlit ríkisins gerir.

**B. Söluskilmálar.**

8. gr.

*Sala raforku.*

Rafveita Dalvíkur selur raforku til almenningsþarfa á orkuveitusvæði sínu, alls staðar þar sem taugakerfi hennar nær til, með þeim skilmálum, sem ákveðnir eru í reglugerð þessari og gjaldskrá rafveitunnar á hverjum tíma.

Raforkan er seld sem ein- eða þrífasa riðstraumur, með 220 volta málsþennu og 50 riðum á sekúndu. Þegar sérstakar ástæður mæla með, má rafveitustjóri láta í té orku með annarri spennu og annarri straumtegund.

9. gr.

*Umsókn um kaup á raforku.*

Hver, sem óskar að gerast notandi að raforku, verður að fylla út tilætluð umsóknareyðublöð, er fást á skrifstofu rafveitunnar, og skal hann skuldbinda sig með undirskrift sinni, að hlíta settum reglum um kaup á raforku frá rafveitunni. Skal í umsókninni skýrt frá, hve mikið afl þarf, og til hvers það er ætlað.

10. gr.

*Umsókn um heimtaug.*

Umsókn um heimtaug eða breytingu á heimtaug skal undirskrifuð af húseiganda, er skuldbindur sig til þess með undirskrift sinni, að greiða heimtaugargjald það, sem ákveðið er í gjaldskrá rafveitunnar.

Heimtaugar með stofnvari eru eign rafveitunnar, enda þótt heimtaugargjaldið hafi verið greitt eftir kostnaði heimtaugar. Rafveitan annast viðhald og endurnýjun heimtaugar án sérstaks endurgjalds, nema heimtaug þurfi að breyta vegna breytingar á húsi. Skal húseigandi greiða kostnaðinn við þá breytingu, og ef ofanjarðarheimtaug er breytt í neðanjarðar, skal húseigandi greiða mismun, sem ákveðinn er í gjaldskrá. Rafveitunni er heimilt að krefjast skuldbindingar um lágmarksnotkun um heimtaug.

189  
8. nív.

Sé um tiltölulega mikla notkun að ræða, og rafveitan þarf, til þess að fullnægja henni, sérstaklega að auka háspennukerfi, auka afl spennistöðvar eða gera meiri háttar viðbætur á lágspennukerfi, er rafveitustjóra heimilt að krefjast skuldbindingar umsækjanda um tiltekinn notkunartíma eða þátttöku í kostnaði.

Eigi er skylt að ljúka lagningu jarðstrengsheimtaugar meðan jörð er frosin.

### 11. gr.

#### *Húsveitur.*

Skylt er að láta löggiltan rafvirkja eða rafveituna, ef hún tekur slík verk að sér, framkvæma alla vinnu við raflagnir og raftæki, hvort heldur er um að ræða nýjar raflagnir eða breytingar eða viðgerð á raflögn.

Löggiltir rafvirkjar annast umsóknir og tilkynningar til rafveitunnar um allar raflagnir fyrir hönd húseiganda eða notenda, samkvæmt því, sem ákveðið er í reglum um raflagningar í Dalvíkurhreppi, en rafveitan annast úttekt á öllum nýlagningum, viðaukum og breytingum á raflögnum.

Engir aðrir en umboðsmenn rafveitunnar mega setja straum á veitu eða hluta af veitu, sem úttektarskyld er fyrir en úttekt hefur farið fram og veitan verið tengd af umboðsmönnum rafveitunnar.

Sé út af þessu brugðið, varðar það þann sektum, sem verkið er unnið fyrir, þann, sem setur strauminn á og loks hinn löggilta rafvirkja, er sá um verkið.

Rafveitan tekur ekki á sig ábyrgð á veitu með úttekt eða tengingu.

Rafveitan áskilur sér rétt til þess að setja þau skilyrði fyrir tengingu á veitu, að notkun um hana verði ekki taugakerfi rafveitunnar ofviða, og þar sem hætta kann að verða á þessu, má setja viðeigandi skilyrði í hvert sinn fyrir notkuninni, þar til úr er bætt.

### 12. gr.

#### *Sala á raforku til notenda, sem sjálfir hafa orkuvinnslu.*

Veitur, sem að jafnaði nota raforku annars staðar að en frá rafveitunni, má tengja við taugakerfi hennar í því skyni, að rafveitan verði aðallega eða eingöngu notuð til vara með því skilyrði, að greitt sé lágmarksárgjald, sem svarar til þeirrar kvaðar, sem hvílir á rafveitunni vegna tengingarinnar.

Framsala til annarra á raforku, sem keypt er af rafveitunni, er óheimil án leyfis rafveitustjóra.

### 13. gr.

#### *Eftirlit með húsveitum og tækjum. Gallar á húsveitum.*

Sérhver húsveita, að meðtöldum tækjum til notkunar á raforku, skal fullnægja kröfum þeim, sem settar eru í reglugerð rafmagnseftirlits ríkisins og í reglugerðum rafveitunnar um raflagnir.

Rafveitustjóra er heimilt að hafa eftirlit með öllum húsveitum, gögnum og tækjum, sem notuð eru við hagnýtingu á raforku, og skulu starfsmenn rafveitunnar hafa frjálstan aðgang að öllum herbergjum húss, hvenær sem nauðsynlegt er, til að skoða húsveituna eða hluta hennar eða raftæki, sem nota má við veituna.



**189** Vélar og önnur tæki skulu vera þannig sett og þannig útbúin, að þau starfi  
8. nóv. án þess að titringi valdi eða truflun á ljósum eða annarri notkun.

Sé misbrestur á þessu eða aðrir gallar á veitu eða tækjum, skal notandi þegar í stað á sinn kostnað láta löggiltan rafvirkja lagfæra þetta.

Nú kemur í ljós við skoðun, sem framkvæmd er af rafveitunni, rafmagnseftirliti ríkisins eða löggiltum rafvirkja, á húsveitu eða tækjum að galli er á veitu eða tækjum, og skal þá eigandi veitunnar eða tækjanna skyldur til þess að láta gera við gallann á sinn kostnað. Viðgerðin skal framkvæmd af löggiltum rafvirkja.

Rafveitustjóri getur látið taka veituna eða tæki úr sambandi meðan galli er á veitunni eða tækjunum, þar til úr er bætt, eða látið gera við galla á kostnað eiganda.

Húseganda er skylt að sjá um, að stofntaugar í húsveitu hans séu ávallt nægilega gildar fyrir notkun veitunnar.

Ef óleyfileg vör finnast í veitu, skal notandi veitunnar gerður ábyrgur fyrir, samkvæmt fyrirskipun rafmagnseftirlits ríkisins.

Séu gerðar óleyfilegar tengingar eða breytingar á veitu eða tækjum eða sýnt hirðuleysi um meðferð eða viðhald veitu eða tækja, skal farið með það sem galla á veitu, og er heimilt að gera eiganda að greiða aukagjald, sem ákveðið er í gjaldskrá vegna kostnaðar við aukið eftirlit með veitunni.

Það er óleyfilegt, sem ekki fullnægir kröfum, sem settar eru í reglugerðum rafmagnseftirlits ríkisins um raforkuvirki og reglugerðum Rafveitu Dalvíkur.

#### 14. gr.

##### *Mælitæki.*

1. Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir húsveitu, svo og stað fyrir þau og um tengingu.

Notandi mælitækis er sá, sem skráður er fyrir raforkunotkun þeirrar veitu, sem mælitækið er fyrir. Skal hann bera ábyrgð á mælitækinu, svo og raforkunotkun veitunnar, þar til er hann lætur af notkun hennar og hefur sagt upp notkuninni með þeim fyrirvara, sem um getur í 19. gr.

Rafveitan leggur til öll mælitæki og annast um venjulegt viðhald þeirra og endurnýjun á sinn kostnað. Nú verður mælitæki fyrir óvenjulegu hnjaski eða skemmdum, og er þá heimilt að gera notanda að greiða kostnað við viðhald þess eða endurnýjun.

2. Ef notandi óskar að mælitækið sé leiðrétt, skal hann senda skriflega beiðni um það til rafveitunnar.

Ef þá kemur í ljós við athugun mælitækis, að mesta skekkja sé  $+/- 5\%$  eða minni, er heimilt að gera notanda að greiða kostnað við prófunina. Sé skekkja meiri, skal rafveitan bera kostnað af prófuninni.

Ef notandi vefengir árangur prófunarinnar, skal leita úrskurðar rafmagnseftirlits ríkisins, og er hann bindandi fyrir báða aðila. Kostnað við það skal notandi greiða, ef skekkjan reynist minni en  $+/- 5\%$ , en rafveitan annars.

Hafi kwst.mælir sýnt  $+/- 5\%$  skekkju eða meiri, skal rafveitan áætla leiðréttingu á reikningi rafmagnsnotanda miðað við fyrri notkun, og eftir þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, eftir því, sem næst verður komizt, þó ekki fyrir lengra tímabil en 3 mánuði, nema notandi geti sannað, að um lengra tímabil hafi verið að ræða.

3. Notendur, sem hafa hemil eða rofa, eiga ekki rétt á neinni endurgreiðslu á föstu verði, þótt þeir telji sig ekki hafa getað náð því afli, sem fasta greiðslan er miðuð við, en rafveitunni er skylt að leiðrétta skekkju hemilsins eða rofans, svo fljótt sem við verður komið.

Ef hemill notanda brennur sundur með stuttu millibili og ástæða er til að ætla, að of mikið sé lagt á hann að staðaldri, hefur rafveitan rétt til að neita um hemil og gera notanda að skilyrði að kaupa orkuna eftir öðrum gjaldskrárlíð. 189  
8. n.óv.

4. Ef notandi hefur aukna straumnotkun vegna galla á veitu sinni eða tækjum, er rafveitan ekki skyld til þess að áætla frádrátt á reikningum notandans þess vegna.
5. Ef svo reynist, að notkun hafi orðið meiri en álestur sýnir eða álestur verið skakkur eða útreikningur á reikningsfjárhæðinni, áskilur rafveitan sér rétt til að leiðrétta þessa skekkju eftir á, undir eins og vitað er.
6. Verði uppvíst, að straumur sé notaður á annan hátt en um er samið eða raskað hefur verið mælitækjum eða breytt tengingu, þannig að ekki komi fram öll notkun, skal rafveitan áætla þann straum, sem notaður hefur verið óleyfilega, og skal notandi gjalda fyrir hann þrefalt verð eftir gjaldskrá fyrir allan tímann, sem liðinn er frá síðustu skoðun veitunnar, og þar til er leiðrétt er, nema þyngri refsing liggji við að lögum.

Ef ekki eru fyrir hendi sérstakar upplýsingar um líklega notkun á veitunni, má miða matið við stærð á vörum þeim, sem fyrir veitunni eru.

Við endurtekningu skal rjúfa samband við veituna og gera ráðstafanir til að koma fram ábyrgð á hendur þeim, sem brotlegur hefur gerzt.

#### 15. gr.

##### *Ábyrgð.*

Ef vanskil eða dráttur verður á greiðslu rafmagnsgjalda, getur rafveitan krafizt tryggingar fyrir skilvisri greiðslu. Ef rafmagnsnotkun um mælitæki nægir ekki til þess að greiða raunverulegan afhendingarkostnað raforkunnar um mælitækið, er rafveitunni heimilt að krefjast lágmarksgjalds fyrir notkunina. Að öðrum kosti er rafveitunni heimilt að taka mælitækið niður og loka veitunni eða breyta tengingu hennar.

#### 16. gr.

##### *Gjald fyrir raforku.*

Reikningur fyrir raforku skal að jafnaði afhentur í húsnæði því, þar sem raforkan er notuð, og er reikningurinn fallinn í gjalddaga undir eins og krafizt er um greiðslu. Nánari reglur um innheimtu og um gjalddaga má þó setja í gjaldskrá.

#### 17. gr.

##### *Lokun fyrir veitu og enduropnun.*

Sé gjald fyrir raforku ekki greitt þegar greiðslu er krafizt, getur rafveitan sent gjaldanda tilkynningu eða afhent hana í húsnæði því, er veita hans er í, um, að hann verði að greiða gjaldið til skrifstofu rafveitunnar innan viku. Dragist greiðsla lengur, er heimilt að taka straum af veitunni, en þó ekki fyrr en þremur dögum eftir að skrifleg tilkynning þess efnis til gjaldanda er afhent honum eða afhent í húsnæði því, sem veita hans er í.

Rafveitunni er heimilt að loka veitunni og senda skuldakröfu, sem hún kann að hafa á hendur notanda til innheimtu með lögtaki:

- a. Þegar notandi, þrátt fyrir kröfu og skriflega aðvörun, sem að framan greinir, hefur ekki greitt reikning frá rafveitunni, sem fallinn er í gjalddaga;
- b. Þegar ábyrgðarmaður notanda stendur ekki við ábyrgðina;
- c. Þegar notandi hefur gerzt brotlegur við reglugerð þessa.

Lokun fyrir veitu af þessum ástæðum losar notandann ekki undan greiðsluskyldu á lokunartímabilinu.

- 189** Sé lokað fyrir veitu vegna skulda má að jafnaði ekki opna aftur, nema:
8. nóv. 1. Skuldin sé greidd að fullu eða fullnægjandi trygging sett fyrir því, að skuldin verði greidd;
2. að greitt sé aukagjald fyrir enduropnun veitunnar samkv. gjaldskrá;
3. að trygging sé sett fyrir skilvísri greiðslu framvegis, ef sérstakar ástæður eru til að krefjast slíkrar tryggingar.

Ef notandi raforku óskar eftir, að veita hans sé tekin úr sambandi um tíma, er heimilt að taka aukagjald, samkv. gjaldskrá, fyrir enduropnun veitunnar, svo og að taka fulla leigu fyrir mælitæki veitunnar þann tíma, sem veitan var ekki í notkun.

Enginn má framkvæma endurtengingu veitu, nema þeir, sem rafveitan hefur veitt umboð til þess hverju sinni. Sé brotið á móti þessu, skal farið með það sem endurtekna, óleyfilega straumnotkun samkvæmt 14. gr.

### 18. gr.

#### *Rekstartruflanir.*

Stöðvun á rekstri eða truflanir vegna bilana eða takmarkana á raforkuvinnslunni hefur ekki í för með sér neinar skaðabótaskyldur á hendur rafveitunni, en koma skal á reglulegum rekstri aftur, eins fljótt og auðið er.

Notendur eiga ekki rétt á endurgreiðslu, þótt stöðvun verði vegna bilana eða annarra óviðráðanlegra atvika um langan eða skamman tíma, að öðru leyti en því, sem segir síðar um endurgreiðslu fastagjalds og rafveitan ber ekki ábyrgð á spennubreytingum undir slíkum kringumstæðum eða afleiðingum af heim, og eigi heldur af bruna eða slysum, sem verða kunna af völdum rafmagns frá húsveitum rafmagnsnotenda.

Rafveitan áskilur sér rétt til þess að loka fyrir straum til viðgerða og viðhalds eða eftirlits á helgum dögum á þeim tímum, sem heimilisnotkun er almennt minnst, og að nóttu til í maí—júli, svo og endranær, þegar þörf gerist.

Meðan verið er að leggja heimtaugar eða götutaugar, er rafveitunni heimilt að taka straum af því svæði, sem nauðsynlegt er, til þess að framkvæma tengingar.

Komi það fyrir, að takmarka þurfi notkun á raforku um langan eða skamman tíma, ákveður hreppsnefnd, eftir tillögum rafveitunefndar, hver notkun skuli takmörkuð fyrst og á hvern hátt.

Stöðvun á rekstri skal tilkynna fyrir fram, ef unnt er, en þó eiga notendur enga skaðabótakröfu á hendur rafveitunni, þótt straumur hafi verið tekinn af fyrirvaralaust.

Notendur, sem greiða raforku við föstu árgjaldi, eiga rétt á að fá  $\frac{1}{300}$  hluta argjaldsins endurgreiddan fyrir hvern heilan dag, er þeir missa raforkuna vegna stöðvunar eða truflana á rekstri, þó eigi fyrir skemmri tíma en tvo sólarhringa.

### 19. gr.

*Uppsögn á rafmagnsnotkun og tilkynning um flutning eða breytingu í notkun.*

Sérhver rafmagnsnotkun, er notandi byrjar á eftir nýjum lið gjaldskrár rafveitunnar, er bindandi fyrir hann að minnsta kosti eitt ár, nema um sé að ræða bráðabirgðalagnir eða tilraunataxta, sem eru fullreyndir á skemmri tíma. Þó getur rafveitustjóri leyst notanda undan þessari skuldbindingu þegar sérstaklega stendur á.

Þegar ár er liðið getur notandi sagt upp notkuninni með eins mánaðar fyrirvara, ef ekki er um annað samið eða annað ákveðið í gjaldskrá rafveitunnar. Skal uppsögn tilkynnt rafveitustjóra skriflega.

Rafveitan áskilur sér sama uppsagnarfrest af sinni hálfu og notandi hefur samkvæmt framansögðu. **189**

8. nóv.

Tilkynning um breytingu á notkun frá einum gjaldskrárlið til annars er sama og uppsögn á fyrri notkun og beiðni um nýja, og fer um það sem að ofan greinir.

Tilkynning um flutning notanda úr einni íbúð í aðra af einum stað á annan á orkuveitusvæðinu má afhenda á innheimtuskrifstofu rafveitunnar með hálfis mánaðar fyrirvara, ef um sams konar rafmagnsnotkun er að ræða í hinum nýja notkunarstað, ella skal um flutninginn gilda sem um uppsögn á fyrri notkun og beiðni um nýja væri að ræða.

Notandi ber ábyrgð á raforkunotkun þeirrar veitu, sem hann er skráður fyrir, þar til er hann hættir notkun veitunnar og hefur sagt henni upp með þeim fyrirvara, sem hann hefur samkvæmt reglugerð þessari.

## 20. gr.

*Breyting á gjaldskrá.*

Notanda skal skylt að hlíta ákvæðum gildandi gjaldskrár rafveitunnar og breytingum þeim, sem hreppsnefnd samþykkir og ráðherra staðfestir.

Verði ágreiningur milli rafveitustjóra og notanda um skilning á ákvæðum gjaldskrár eða settum skilyrðum fyrir rafmagnsnotkun, getur notandi krafizt þess, að ágreiningurinn verði lagður undir úrskurð hreppsnefndar.

## C. Almenn ákvæði.

## 21. gr.

*Brot á reglugerð.*

Brot gegn reglugerð þessari eða gegn reglum, sem settar verða samkvæmt henni, varða sektum allt að 10000 krónum — tíu þúsund krónum —, nema þyngri refsing liggir við samkvæmt lögum. Ef brot veldur skemmdum á eignum rafveitunnar, skal hinn brotlegi þess utan bæta skaðann.

Sektir renna í ríkissjóð.

## 22. gr.

*Málsókn.*

Með mál út af brotum á reglugerð þessari eða á reglugerðum, sem settar eru samkvæmt henni, skal farið sem almenn lögreglumál.

## 23. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnumálaráðuneytið, 8. nóvember 1949.*

**Bjarni Ásgeirsson.**

*Þorv. K. Þorsteinsson.*

## REGLUGERÐ

### fyrir vatnsveitu Akureyrarkaupstaðar.

#### 1. gr.

Öll framkvæmdastörf, er vatnsveituna snertir, felur bæjarstjórn bæjarráði.

#### 2. gr.

Af öllum húsum í lögsagnarumdæmi kaupstaðarins, sem virt eru til fasteignaskatts og vatni er veitt í, eða standa svo nærri vatnsæðum, að þær séu nothæfar til eldvarna, skal greiða vatnsskatt, enda eiga húseigendur rétt á að fá vatnsæð lagða að húsvegg, ef íbúð er í húsinu. Skatturinn skal lagður á eftir hinni lögskipuðu fasteignamatsvirðingu húsanna, að undanskildu virðingarverði lóðanna. Skattinn skal einnig greiða af virðingarverði fastra véla, sem í húsinu eru, ef þær eru vátryggðar ásamt því.

#### 3. gr.

Vatnsskattur skal greiddur af öllum húsum með 3% af fasteignamatsverði húsanna.

#### 4. gr.

Fyrir öll vatnsafnot, sem fram yfir eru venjulegar heimilisþarfir, skal greiða, nema öðruvísi sé um samið við bæjarstjórn:

- a. Fyrir vatn á sildar- og kjötpækil 7 aurar fyrir hverja tunnu sildar eða kjöts.
- b. Fyrir vatn til fiskþvotta 22 aurar fyrir hvert skipfund.
- c. Fyrir vatn til annarrar notkunar eftir mati, þannig að 30 aurar greiðast fyrir hvert tonn upp að 1000 tonnum, en minna fyrir það, sem umfram er, eftir nánari ákvörðun bæjarráðs og eftir því hve mikið er notað. Notandi skal hafa löggiltan vatnsmæli og greiðir fyrir hann kr. 10.00 í ársleigu. Enginn má setja hreyfivélar í samband við vatnsæðar án leyfis bæjarráðs.

#### 5. gr.

Fyrir vatn til skips skal greiða við afhendingu fyrir hverja smálest kr. 2.50, ef tekið er yfir 20 smálestir, ella kr. 3.00, þó sé aldrei greitt minna í hvert skipti en kr. 10.00 fyrir fiskiskip og kr. 20.00 fyrir öll önnur skip. Bæjarráð getur þó fyrir eitt ár í senn eða skemmri tíma gert samning við eigendur eða umráðamenn skipa um árgjald eða mánaðargjald af skipum.

#### 6. gr.

Nú hrökkva ekki tekjur vatnsveitunnar fyrir gjöldum og getur þá bæjarstjórn ákveðið fyrir eitt ár í senn að hækka vatnsskatt þenna um allt að 50%.

#### 7. gr.

Gjalddagi á vatnsskatti skal vera 1. júlí ár hvert.

Vatnsskatt má taka lögtaki, og má byrja á að gera lögtak í hinu skattskylda húsi, án tillits til eigendaskipta. Skatturinn nýtur lögveðréttar í húseigninni næstu 2 ár eftir gjalddaga með forgöngurétti fyrir hvers konar sanningsveði og aðfararveði.

#### 8. gr.

Bæjarstjórnin löggildir menn, er hún telur hæfa, og svo marga, er henni þurfa þykir, til þess að leggja vatnsæðar þær, er vatnsveitan eða einstakir menn eiga að kosta, og setja þær í samband við vatnsæðar bæjarins, og séu þeir skyldir að hlíta

vinnukaup-taxta þeim, sem bæjarstjórnin kann að setja, og að öðru leyti fara eftir reglum þeim, er bæjarstjórnin setur. Engir aðrir en þeir, sem þannig hafa fengið lögildingu, mega leggja æðar frá bæjarvatnsveitunni í hús eða um þau, eða gera breytingar á vatnsæðunum. **190**  
18. nóv.

9. gr.

Skylt er hverjum húseiganda og lóðareiganda að halda vatnsæðum sínum vel við og láta tafarlaust gera við þær, ef leki kemur að þeim eða þær bila. Hann skal sérstaklega gæta þess að ekki frjósi í æðunum. Enginn má eyða vatni að óþörfu.

10. gr.

Umsjónarmanni og löggiltum innlagningarmönnum er heimilt að fara um hús manna, þar sem vatnsæðar liggja, til þess að athuga þær og tæki þau, sem sett eru í samband við þær. Ef þeim þykir útbúnaði að einhverju ábótavant, skal tafarlaust bætt úr því á kostnað húseiganda.

11. gr.

Bæjarstjórninni er heimilt að loka vatnsæðunum fyrir þeim, er vanrækja að gera við leka á pípum eða tækjum, sem eru í sambandi við þær, eða eyða vatni að óþörfu, og enn fremur fyrir þeim, sem ekki greiða á réttum gjalddaga vatnsskatt, efni, vinnu eða annað, sem vatnsveitan leggur til.

Fullan vatnsskatt ber að greiða einnig fyrir þann tíma, sem vatnsæðunum er lokað.

12. gr.

Engum er heimilt að taka vatn úr brunahönum vatnsveitunnar án leyfis umsjónarmanns hennar.

13. gr.

Meðan vísitala verðlagsnefndar er hærri en 100 greiðast öll framannefnd gjöld með vísitöluálagi samkvæmt gildandi vísitölu á hverjum tíma.

14. gr.

Með reglugerð þessari er úr gildi felld reglugerð fyrir vatnsveitu Akureyrarkaupstaðar, nr. 25 12. apríl 1933. Enn fremur er úr gildi felld auglýsing nr. 99 8. júní 1946, um breytingar á sömu reglugerð.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947, um aðstoð til vatnsveitna, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og hirtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 18. nóvember 1949.*

F. h. r.

Jónas Guðmundsson.

*Gísli Jónasson.*

**HAFNARREGLUGERÐ**

fyrir Patrekshöfn í Patreksfirði.

**I. KAFLI****Takmörk hafnarinnar.****1. gr.**

Patrekshöfn takmarkast annars vegar af strandlengjunni á milli Yxnhamars og Þúfneyrarodda og hins vegar af miðjum firðinum undan sömu stöðum.

**II. KAFLI****Stjórn hafnarinnar.****2. gr.**

Hreppsnefnd Patrekshrepps hefur á hendi stjórn hafnarmálanna, undir yfirumsjón samgöngumálaráðuneytisins. Hver nýkjörin hreppsnefnd kys á fyrsta fundi sínum, til 4 ára í senn, þrjá menn í hafnarnefnd, og ákveður jafnframt formann hennar.

Hafnarnefnd hefur eftirlit með höfninni, sér um viðhald og umbætur á henni, stýrir öllum framkvæmdum, er þar að lúta, og annast fjárhald hafnarinnar og reikningsskil fyrir hönd hreppsnefndar.

Reikningar hafnarsjóðs skulu fylgja hreppsreikningum og endurskoðast ásamt þeim.

Fyrir 1. nóvember ár hvert ber hafnarnefnd að hafa samið og lagt fyrir hlutaðeigandi hreppsnefnd frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld hafnarsjóðs á komandi ári. Hreppsnefnd skal hafa fullsamið áætlunina og sent hana samgöngumálaráðuneytinu til staðfestingar fyrir árslok, ásamt nauðsynlegum skýringum á tekju- og gjaldaliðum.

**III. KAFLI****Hafnarsjóður.****3. gr.**

Hafnarsjóði skal eftir ákvörðun hreppsnefndar eingöngu varið í þarfir hafnarinnar. Óheimilt er að nota fé hafnarsjóðs til annarra fyrirtækja hreppsins eða binda það í lánum til þeirra.

**IV. KAFLI****Um legu skipa og umferð þeirra á höfninni.****4. gr.**

Fiskiskip og önnur skip, er ferma ekki né afferma, mega aldrei leggjast svo á höfninni, að þau tálmi affermingu annarra skipa, og skulu þau í hvert skipti skyld að hlýða boðum hafnarstjóra eða starfsmanna hafnarinnar um það, hvar þau megi liggja eða leggjast.

Aldrei mega nein skip liggja svo nærri bryggju, að eigi sé nægilegt pláss fyrir önnur skip að komast að eða frá. Skipum eða bátum má ekki leggjast svo, að það hindri eða tefji umferð um höfnina.

Nú tregðast eigandi við að hlýða boðum hafnarstjóra eða starfsmanna hafnar-

innar, um að flytja skip sitt, bát eða strengi á höfninni, og getur þá hafnarstjóri látið gera það á kostnað og ábyrgð eiganda.

191  
22. nóv.

#### 5. gr.

Í hverju skipi — að undanskildum skipum, sem hafa leyfi hafnarnefndar til að liggja mannlauis í lægi hafnarinnar — skal jafnan vera einn maður að minnsta kosti, er tekið geti á móti skipunum starfsmanna hafnarinnar og látið framkvæma þær, hvort heldur á að færa skipið eða gera eitthvað annað samkvæmt reglugerð þessari.

#### 6. gr.

Ekki má festa skip við bólvirki eða bryggju nema við festarhringa eða festarstólpa. Festum skal þannig komið fyrir, að þær hindri sem minnst umferð á bryggjunni eða bólvirkinu. Þyki þess eigi nægilega gætt, má krefjast að bætt sé úr því tafarlaust. Skyllt er að hafa tryggar hlífar milli skips og virkis, eða bryggju, ef krafizt er.

#### 7. gr.

Gufuskip eða önnur vélskip mega ekki láta vélar ganga af svo miklu afli, að öðrum skipum eða hafnarmannvirkjunum stafi hættu af því.

Ekki má hleypta vatni á bryggju eða bólvirki að óþörfu.

#### 8. gr.

Ef skip lendir á grynningu eða sekkur þar, sem það að áli hafnarnefndar tálmar greiðri notkun hafnarinnar, skal færa það burtu svo fljótt sem auðið er. Verði dráttur á því, má hafnarstjóri láta færa skipið burt á kostnað eiganda, og er honum heimilt að láta selja skipið til lúkningar kostnaðinum, ef nauðsyn krefur.

### V. KAFLI

#### Hafnarmannvirki einstakra manna og félaga innan hafnarinnar.

#### 9. gr.

Meðfram strandlengjunni umhverfis höfnina má ekki gera í sjó fram neina bryggju eða önnur mannvirki, né heldur breyta þeim mannvirkjum, sem fyrir eru, og ekki fylla upp eða dýpka út frá landi, nema hreppsnefnd hafi veitt samþykki sitt til þess, að fengnum tillögum hafnarnefndar. Skjóta má úrskurði hreppsnefndar undir úrskurð samgöngumálaráðuneytisins. Sá sem fengið hefur leyfi til að gera slík mannvirki, skal halda því svo vel við, að engin hættu stafi af því. Hreppsnefndin getur látið nema burtu á kostnað eiganda mannvirki, sem byggt er í óleyfi eða án þess að settum skilyrðum sé fylgt.

#### 10. gr.

Við bryggju eða uppfyllingu einstakra manna eða félaga innan hafnarinnar, hafa skip rétt til að leggjast að í sömu röð og þau koma inn og sækja um það. Þó skulu skip, sem sigla eftir fastri áætlun, hafa forgangsrétt næst skipum eiganda.

#### 11. gr.

Við hverja bryggju einstakra manna eða félaga, sem skipum er ætlað að leggjast að, skal vera umsjónarmaður, er hafnarnefnd tekur gildan.

#### 12. gr.

Um lýsingu slíkra mannvirkja, þrifnað á þeim og ýmis nauðsynleg áhöld, svo sem stiga, landgöngubrýr, hjörgunarhringi o. s. frv., fer eftir þeim fyrirmælum, er hafnarnefnd setur á hverjum tíma, og gilda jafnt fyrir allar bryggjur og uppfyllingar innan hafnarinnar.



## VI. KAFLI

## Um almanna reglu.

## 13. gr.

Hafnarnefnd sér um, að gætt sé almennrar reglu á höfninni og við hana. Er öllum skylt að hlýða boðum hennar og banni og enn fremur annarra þeirra starfsmanna, er hún setur til að gæta reglu. Þyki einhverjum sér óréttur ger, getur hann kært það fyrir hreppstjóra eða sýslumanni, en skipun hafnarnefndar eða starfsmanna hafnarinnar ber að hlýða tafarlaust. Starfsmenn hafnarinnar skulu gæta allrar kurteisi í starfi sínu.

## 14. gr.

Öll skot við höfnina og á henni eru stranglega bönnuð, og sérstaklega skal gæta þess, að skot og fugladráp frá skipum og bátum á höfninni eða úr landi eigi sér ekki stað.

## 15. gr.

Skyllt er að gæta allrar varúðar í meðferð elds og ljóss í skipum á höfninni. Í skipum, sem flytja eldfim efni, má eigi kveikja eld eða ljós, nema í eldavélum skipsins og á ljóskerum. Tóbaksreykingar eru bannaðar í þeim skipum og á því svæði, sem unnið er að fermingu þeirra eða affermingu. Álíti hafnarnefnd að hætta geti stafað af fermingu eða affermingu eldfimrar vöru, er heimilt að stöðva verkið unz gerðar hafa verið nauðsynlegar varúðarráðstafanir.

## VII. KAFLI

## Hafnargjöld.

## 16. gr.

Öll skip 12 smálestir brúttó eða stærri, skulu greiða hafnargjald, er þau koma í Patrekshöfn og hafa eitthvert samband við land.

Undanþegin hafnargjaldi eru herskip, varðskip, skip, sem hafa skirteini sem skemmtiferðaskip, skip, sem gerð eru út til vísindarannsóknna, skip, sem leita hafnar vegna óveðurs, en hafa ekkert samband við land.

Hafnargjöld greiðast af nettóstærð skipa. Hálf smálest telst sem heil, en minna broti er sleppt.

## 17. gr.

- a. Öll aðkomuskip, 12 lestir brúttó eða stærri, skulu greiða í lestagjald 80 aura af hverri nettósmálest. Lægsta gjald skal þó vera 20 krónur. Íslensk strandferða- og millilandaskip, er á venjulegum tíma sigla eftir föstum, auglýstum áætlunum, greiði þó aldrei meira en kr. 3.00 af nettósmálest á ári.
- b. Aðkomubátar minni en 12 lestir brúttó skulu greiða í lestagjald 10 krónur í hvert sinn.
- c. Þilskip, sem eru eign manna búsettra á Patreksfirði, skulu greiða lestagjald einu sinni á ári, fjórar krónur af hverri nettó smálest með gjalddaga 1. október. Minnsta gjald skal þó vera 60 krónur.
- d. Opnir vélbátar greiði 20 krónur á ári með gjalddaga 1. október. Allir aðrir bátar greiði 10 krónur á ári með sama gjalddaga.

## 18. gr.

Þilskip, sem lagt er við föst legugögn í Patrekshöfn, skulu greiða fyrir það aukagjald, kr. 260.00 á ári, með gjalddaga 1. október. Opnir bátar, með eða án vélar, greiði fyrir það 60 krónur á ári með sama gjalddaga.

## 19. gr.

Heimilt er hafnarnefnd að semja við báta og skip undir 60 lestum, sem oft eiga 22. nóv. erindi í höfnina, að greiða hafnargjald einu sinni á ári.

## 20. gr.

Hvert skip, sem leggst við bólvirki eða bryggju, aðra en bátabryggju, skal greiða bryggjugjald af nettó burðarmagni skipsins, talið í heilum tonnum, en brotum skal sleppa.

Gjaldið skal greiða fyrir hvern sólarhring eða hluta af sólarhring, 30 aura af hverri nettó smálest, þó aldrei minna en 20 krónur um sólarhringinn. Herskip og varðskip eru undanþegin bryggjugjaldi.

Bátar, sem stærri eru en 15 nettó smálestir, skulu greiða 15 krónur fyrir hvern sólarhring, eða hluta úr sólarhring, sem þeir liggja við bátabryggjur í höfninni, en minni bátar 6 krónur.

Öll heimaskip og bátar, skrásett á Patreksfirði, skulu greiða bryggjugjald einu sinni á ári, tíu krónur af hverri nettó smálest með gjalddaga 1. október. Lágmarksgjald 30 krónur.

Heimilt er hafnarnefnd að semja við aðkomuskip, sem gerð eru út frá Patreksfirði, um fast árgjald.

## 21. gr.

*Fjörugjald.*

Fyrir að leggja skipi í fjöru innan hafnarinnar til hreinsunar eða aðgerðar, skal greiða 20 aura af hverri nettó smálest fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, þó aldrei minna en 10 krónur. Undanþegin þessu gjaldi eru skip, sem heima eiga á Patreksfirði.

## 22. gr.

Vatnsgjald greiðist samkvæmt ákvæðum hafnarnefndar.

## 23. gr.

Vörugjald skal greiða af öllum vörum og skepnum, lifandi og dauðum, sem fluttar eru af skipsfjöllum á land, eða úr landi á skipsfjöllum, eða úr einu skipi í annað, með þeim undantekningum er síðar greinir.

## 24. gr.

Ef vörur, sem á farmskrá skips eru ákveðnar til annarra hafna en Patreksfjarðar, eru látnar á land um stundarsakir, skal aðeins greitt vörugjald þegar vörurnar eru fluttar í land. Undanþegnar þessu gjaldi eru þær vörur, sem látnar eru á land um stundarsakir vegna skemmda á skipi.

## 25. gr.

Þessar vörur eru algerlega undanþegnar vörugjaldi:

- a. Innlend mjólk og rjómi.
- b. Umbúðir, sem endursendar eru.
- c. Kol, olía, vistir og aðrar nauðsynjar skipa og báta til eigin notkunar, sem fluttar eru úr landi í íslensk skip til eigin afnota.
- d. Bréfapóstur og farangur ferðamanna.
- e. Vörur og tæki til hafnarinnar.

## 26. gr.

*Vörugjaldsskrá.*

1. flokkur. Gjald 30 aurar fyrir hver 100 kg:

Blý, brýni, sement, eldfastur leir, fiskimjöl, gaddavír og stálvír, gætur salt-

191  
22. n.óv.

- aðar í pökkum, hverfisteinar, ís, ísvarinn fiskur, slægður eða saltaður í fisk-flutningaskip, járn og stál, járnkeðjur og járnþípur, kaðlar, kitti, kol, krít, lýsi, litarvörur þungar, ofnar og steyptar járnvörur, óverkaður saltfiskur, prent-sverta, salt, síld, sóði, togleður, þakjárn og þakpappi.
2. flokkur. Gjald 60 aurar fyrir hver 100 kg:  
Áburðarolía, baðlyf, benzín, feiti, fernisolia, fiskilínur, garnir, hrogn, hey, kálmeti, kartöflur, kornvörur alls konar, kjöt, leður, leirvörur, línoleum, mör, pappír og pokar, bækur, pokastrigi, rjúpur og aðrir fuglar, rúðugler, saltfiskur, þurrkaður, saumur, sápa, segldúkur, seglgarn, steinolia, tólg, tjara, tvistur, vax-dúkur
3. flokkur. Gjald 80 aurar fyrir hver 100 kg:  
Ávextir nýir, þurrkaðir og niðursoðnir, brauðvörur, harðfiskur, hrað-frystur fiskur, kaffi, kakaó, lyf og lyfjavörur, mjólk, niðursuðuvörur, nýlendu-vörur alls konar, palmin, smjör, smjörlíki, súkkulaði, sundmagi, sykur, te, ull.
4. flokkur. Gjald kr. 1.20 fyrir hver 100 kg:  
Dúnn, eldspýtur, fiður, glervörur, glysvarningur og þess háttar léttar vörur, rjól, rulla, reyktóbak, skinnvörur, skófatnaður, vefnaðarvörur, vindlar, vind-lingar og aðrar vörur, er reiknast eftir þyngd.
5. flokkur. Gjald kr. 3.20 fyrir hvern m<sup>3</sup>:  
Timbur, tunnur og þess háttar vörur, sem reiknast eftir rúmmáli.
6. flokkur. Gjald kr. 6.50 fyrir hvern m<sup>3</sup>:  
Bifreiðar, húsgögn, hljóðfæri, saumavélar, skilvindur, stundaklukkan og aðrar vörur, er reiknast eftir rúmmáli.
7. flokkur. Gjald kr. 4.00 fyrir hvern grip:  
Hross, nautgripir og svín.
8. flokkur. Gjald 50 aurar fyrir hverja sauðkind.
9. flokkur. Gjald fyrir óvenjulegar vörur, er vafasamt þykir, hvernig flokka skuli, ákveður hafnarstjóri eða hafnarnefnd.

27. gr.

Fyrir lóðir hafnarinnar, geymsluhús og tæki, sem leigð eru einstökum mönnum eða félögum um langan tíma, skal greiða gjald, sem ákveðið verður með samningi.

## VIII. KAFLI

### Um innheimtu og greiðslu hafnargjalda.

28. gr.

Gjaldkeri hafnarnefndar sér um innheimtu hafnargjalda. Skal greiða gjöldin á skrifstofu hans.

29. gr.

Skipstjóri eða formaður ber ábyrgð á greiðslu hafnargjalda. Hafnarsjóður hefur haldsrétt á skipum unz hafnargjöld eru greidd, og í vörum fyrir vörugjöldum. Þegar gjalddagar eru ekki ákveðnir í reglugerð þessari, skal greiða gjöldin áður en skipið fer burt úr höfninni.

30. gr.

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari má taka lögtaki.

IX. KAFLI  
 Ýmis ákvæði.

191  
 22. nóv.

31. gr.

Um skaðabótaskyldu fyrir skemmdir á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum, fer eftir almennum lagareglum.

Ef samningum verður ekki við komið, um skaðabætur fyrir skemmdir á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum, skulu þær ákveðnar af þremur óvilhöllum dómkvöddum mönnum. Hvorum aðila fyrir sig er heimilt að krefjast yfirmats, en gera skal það áður en einn mánuður er liðinn frá því að matsgerð er lokið. Yfirmat skal fram fara af fimm óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmat greiðir sá, er þess hefur krafizt, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meira en nemi 10% af hinni ákveðnu skaðabótaupphæð. Að öðrum kosti greiðir hinn aðilinn kostnaðinn.

32. gr.

Enginn, sem bakað hefur sér refsingu eða skaðabótaskyldu fyrir brot á reglugerð þessari, má fara burt úr höfninni meðan mál hans er óútkljáð, nema hann setji tryggingu, er hafnarnefnd tekur gilda.

33. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 10000 krónum, nema þyngri refsing liggja við samkvæmt lögum. Sektirnar renna í hafnarsjóð Patrekshafnar.

34. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur, og síðari breytingum á þeim, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi hafnarreglugerð fyrir Patreksfjarðarkauptún, nr. 16 18. febr. 1944, og reglugerð nr. 98 20. júní 1944, um breyting á fyrrnefndri reglugerð.

*Samgöngumálaráðuneytið, 22. nóvember 1949.*

**Emil Jónsson.**

*Páll Pálmason.*

**REGLUGERÐ**

**um Rafveitusjóð Eyjafjarðarsýslu.**

192  
 24. nóv.

1. gr.

Til þess að standa straum af héraðsframlagi til héraðsrafmagnsveitna ríkisins í Eyjafjarðarsýslu og að stuðla að því á annan hátt, að fullnægt verði þörfum íbúa sýslunnar á raforku, stofnar sýslan sjóð, er nefnist Rafveitusjóður Eyjafjarðarsýslu.

2. gr.

Í rafveitusjóð skulu renna:

- a. heimtaugargjöld samkv. 4. og 5. gr. þessarar reglugerðar;
- b. hluti Eyjafjarðarsýslu af tekjuafgangi héraðsrafmagnsveitna ríkisins, samkv. 30. gr. raforkulaganna;

- 192 c. vextir af fé sjóðsins.  
 24. nóv. Sjóðnum má enn fremur afla tekna  
 d. með niðurjöfnun á hreppsfélög sýslunnar, allt að 5 af hverju þúsundi af virðingarverði skattskyldra fasteigna samkv. fasteignamati;  
 e. á hvern þann hátt annan, sem sýslunefnd ákveður og lög heimila.

## 3. gr.

Sýslunefnd getur tekið lán handa rafveitusjóði, ef gjöld sjóðsins verða í bili meiri en tekjur hans hrökkva fyrir, en vextir og afborganir af þeim lánum teljast síðan til gjalda sjóðsins.

## 4. gr.

Hver sá, er óskar eftir að kaupa rafmagn úr fyrirhugaðri héraðsrafmagnsveitu ríkisins í sýslunni, skal hafa greitt heimtaugargjald í rafveitusjóð áður en lagning veitunnar er hafin, eða gert skriflegan samning um greiðslu þess, og má þá krefjast þess að trygging verði sett fyrir greiðslunni. Upphæð heimtaugargjalds ákveðst samkvæmt fyrirráðum 5. gr.

## 5. gr.

Heimtaugargjald hvers rafmagnskaupanda skal vera 40 af hverju hundraði af samanlögðu fasteignamatsverði lands og húsa að viðbættum 2000 krónum, enda sé samanlögð lengd háspennu- og lágspennulína hinnar fyrirhuguðu veitu ekki yfir 1 km á hvern rafmagnskaupanda að meðaltali.

Fari línulengd fram úr því, skulu heimtaugargjöld rafmagnskaupenda hinnar fyrirhuguðu veitu hækka samtals sem nemur áætluðu kostnaðarverði af þeim línunum, sem fram yfir eru, og skal kostnaðarverðinu deilt jafnt á alla kaupendurna, nema samkomulag verði með þeim um aðra skiptingu sín í milli.

## 6. gr.

Oddviti sýslunefndar hefur allt bókhald, fjárreiður og innheimtu fyrir rafveitusjóð. Hann semur árlega reikning rafveitusjóðs. Skal reikningur undanfarins árs lagður fram á sýslufundi til samþykktar og gilda þar um sömu reglur, sem um sýslusjóðsreikninginn. Á sýslufundi skal semja áætlun um tekjur og gjöld rafveitusjóðs yfirstandandi árs. Skal oddviti sýslunefndar leita tillagna raforkumálastjóra um lagningu nýrra héraðsrafmagnsveitna og aukningar eldri veitna í sýslunni á hverju ári nægilega snemma, til þess að leggja þær fyrir fundinn. Framlag til héraðsrafmagnsveitu getur sýslunefndin bundið við ákveðin mannvirki. Afrit af rafveitusjóðsreikningnum, og áætlun um tekjur og gjöld, skal oddviti sýslunefndar senda raforkumálastjóra að afstöðnum sýslufundi.

## 7. gr.

Úr rafveitusjóði má ekki greiða styrk til annarrar héraðsrafmagnsveitu í sýslunni en héraðsrafmagnsveitu ríkisins, nema veitan hafi reglugerð, staðfesta af ráðherra, er heimili henni að njóta styrks úr rafveitusjóði sýslunnar, og rafmagnsnotendur hennar greiði sjóðnum heimtaugargjöld samkvæmt 4. og 5. grein þessarar reglugerðar.

## 8. gr.

Ef einstakir bændur í sýslunni eða fleiri saman reisa vatnsaflsrafstöðvar til heimilisnota utan þess svæðis, sem héraðsrafmagnsveitum er ætlað að ná til í náinni framtíð, má veita þeim til þess lán úr rafveitusjóði allt að  $\frac{2}{3}$  kostnaðar með 2% vöxtum til 15 ára, enda séu stöðvarnar vel gerðar að dómi raforkumálastjóra. Umsóknir um lán úr sjóðnum sendist oddvita sýslunefndar, en sýslunefnd ákveður lánveitingar.

Reglugerð þessi, sem sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu hefur samþykkt, staðfestist 192  
hér með samkvæmt raforkulögum nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast þegar gildi 24. nóv.  
og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnumálaráðuneytið, 24. nóvember 1949.*

**Bjarni Ásgeirsson.**

*Þorv. K. Þorsteinsson.*

## REGLUGERÐ

193

25. nóv.

fyrir vatnsveitu í Njarðvík.

### 1. gr.

Hreppsnefnd Njarðvíkurhrepps hefur einkaleyfi til reksturs vatnsveitu og sölu vatns á svæði því, er vatnsveita hreppsins nær yfir og hún getur fullnægt, og einnig til hafnarinnar í Njarðvík.

Óheimilt er skipum í Njarðvíkurhöfn að taka vatn annars staðar í Njarðvík en úr æðum vatnsveitu Njarðvíkurhrepps, og eingöngu á þeim stöðum, sem vatns-söllumaður eða vatnsveitunefnd ákveða.

### 2. gr.

Öll framkvæmdastörf, er vatnsveituna varða, annast vatnsveitunefnd í samráði við oddvita og hreppsnefnd.

Vatnsveitunefnd annast um viðhald vatnsveitunnar, endurbætur og umsjón alla. Hreppsnefndinni skal heimilt að ráða sérstakan umsjónarmann vatnsveitunnar, er hefur eftirlit með vatnsveitukerfinu og annast önnur þau störf í þágu vatnsveitunnar, er henta þykir.

Vatnsveitunefnd getur löggilt sérstaka vatnsvirkja til að annast viðhald og viðauka við vatnsveituna, og er þeim skylt að fara í öllu eftir þeim reglum, er vatnsveitunefnd setur þar um.

### 3. gr.

Frá vatnsæðum vatnsveitunnar má enginn leggja vatnsæðar nema með leyfi vatnsveitunefndar, og má enginn leggja vatnsæðar frá vatnsveitunni annar en á eða þeir, sem vatnsveitunefnd felur það starf.

Hver sá, sem vill komast í samband við vatnsveitu Njarðvíkur, skal senda vatnsveitunefnd skriflega umsókn þar um. Umsókninni skulu fylgja upplýsingar um til hvers vatnið skuli notað.

Hverjum húseiganda ber að greiða allan kostnað við lagningu vatnsæða úr götuloðnum kaupþúsins að húsvegg og annast viðhald þeirra á sinn kostnað.

### 4. gr.

Skylt er hverjum húseiganda og lóðareiganda að halda vatnsæðum sínum frá götuloðnum vel við, og láta tafarlaust gera við þær, ef leki kemur að þeim eða aðrar bilanir. Hann skal sérstaklega gæta þess, að ekki frjósi í æðunum. Enginn má eyða vatni að óþörfu. Enginn má setja aflvélar í samband við vatnsveituna. Enginn má hafa hitaleiðslur eða aðrar leiðslur í sambandi við vatnsveituna, nema með samþykki vatnsveitunefndar eða umsjónarmanns og með þeim útbúnaði, sem að þeirra dómi má teljast tryggur.

193

25. nóv.

Vatnsveitunefnd, umsjónarmanni eða löggiltum vatnsvirkjum er heimilt að fara um hús manna, þar sem vatnsæðar liggja, til þess að athuga þær og tæki þau, sem sett eru í samband við þær. Ef þeim þykir útbúnaði í einhverju ábótavant, skal tafarlaust bætt úr því á kostnað húseiganda.

Heimilt er vatnsveitunefnd eða umsjónarmanni að loka vatnsæðum fyrir þeim, sem vanrækja að láta gera við bilanir á pípum eða tækjum, eyða vatni að óþörfu eða greiða ekki tengigjald eða vatnsskatt á réttum gjalddaga, efni, vinnu eða annað, sem vatnsveitan kann að leggja til um stundarsakir.

Fullan vatnsskatt ber einnig að greiða fyrir þann tíma, sem vatnsæðum er lokað.

## 5. gr.

Engum er heimilt án leyfis vatnsveitunefndar eða umsjónarmanns að taka vatn úr brunahönum vatnsveitunnar.

## 6. gr.

Vatnsveitunefnd getur lokað fyrir vatn í öllu kauptúninu eða nokkrum hluta þess til hreinsunar á vatnsgeymum eða til viðgerðar á þeim eða vatnsæðum. Slík lokun skal þá tilkynnt fyrir fram, ef nokkur tók eru á. Er nægilegt að auglýsingar séu settar á auglýsingastaði víðs vegar í kauptúninu.

## 7. gr.

Af öllum húsum í lögsagnarumdæmi Njarðvíkurkaupþúns, sem virt eru til fasteignarskatts, og vatni er veitt í, eða úr næst til vatnsæða í götu, vegi eða opnu svæði, er lóð þeirra telst til, skal greiða vatnsskatt og tengigjald. Skatturinn og tengigjaldið skal lagt á eftir hinni lögskipuðu fasteignamatsvirðingu húsanna. Skatt skal einnig greiða af virðingarverði fastra véla, sem í húsinu eru, ef þær eru vátryggðar ásamt því og nota vatn úr vatnsæðum hreppsins.

## 8. gr.

Af öllum húsum í lögsagnarumdæmi Njarðvíkurkaupþúns, sem svo er ástatt um, sem um getur í 8. gr. reglugerðar þessarar, skal greiða vatnsskatt að upphæð 20% — tuttugu af þúsundi —. Þó skal lágmark skattsins vera kr. 100.00 fyrir hvert hús.

Tengigjald greiðir húseigandi um leið og hann sækir um eða fær leyfi til að tengja við vatnsleiðslu hreppsins og nemur tengigjaldið 6% af fasteignamati hússins.

Fyrir vatnshana utanhúss og í peningshúsum og öðrum hliðstæðum útihúsum skal greiða 20 krónur árlega og fyrir vatnssalerni 10 krónur árlega.

## 9. gr.

Af húsum þeim, sem nota vatn til annars en venjulegra heimilisþarfa vegna atvinnu, sem í þeim er rekin, sem útheimtir mikið vatn, svo sem verksmiðjur, baðhús, þvottahús, iðnaðarfyrirtæki o. fl., skal greiða í vatnsskatt 36% af fasteignamatsverði.

## 10. gr.

Fyrir önnur vatnsnot skal greiða sem hér segir:

1. Fyrir vatn til skipa skal greiða 10 krónur fyrir smálestina við afhendingu. Þó skal aldrei greitt minna en 16 krónur fyrir fiskiskip og 30 krónur fyrir önnur skip. Skip, sem fengið hafa vatn, mega ekki, að viðlögðum sektum, fara úr höfninni fyrr en vatnið er greitt, nema greiðslufrestur hafi verið veittur.
2. Fyrir vatn í síldarpækil skal greiða 30 aura fyrir hverja tunnu síldar.
3. Fyrir vatn til fiskþvottar á nýjum fiski, frystihúsa og verksmiðjureksturs, greiðist 50 aurar fyrir hvert skippund fiskjar miðað við þurrfisk.

4. Fyrir vatn til saltfiskþvottar 40 aurar á skipbund.
5. Fyrir hvern vatnsmæli greiðist 40 krónur árlega.
6. Fyrir vatn til bílþvottar greiðist kr. 10.00 fyrir smálestina.

193

25. nóv.

## 12. gr.

Hreppsnefndin getur ákveðið að hækka eða lækka vatnsskatt þennan um allt að 50%.

## 13. gr.

Hver sá, sem sannur verður að sök, um að taka vatn án heimildar eða á annan hátt en ráð er gert fyrir, í þeim tilgangi að losna við að greiða lögmet gjöld fyrir, skal sæta sektum, nema þyngri refsing liggji við samkv. hegningarlögum. Auk þess greiði hann fyrir vatnið eftir mati umsjónarmanns eða vatnsveitunefndar.

## 14. gr.

Hver, sem skemmir eða saugar vatnsæðar vatnsveitunnar, vatnsgeyma, brunahana eða önnur mannvirki, sem heyra vatnsveitunni til, skal greiða fullar bætur samkv. mati tveggja óvilhallra manna, og sæta sektum fyrir.

## 15. gr.

Skylt er manni að láta af hendi land sitt, landsafnot og mannvirki í þágu vatnsveitu kauptúnsins, og þola þær kvaðir, óhagræði og takmörkun á afnotarétti, sem vatnsveitan kann að hafa í för með sér, enda komi fullar bætur fyrir samkvæmt mati, ef eigi næst samkomulag.

## 16. gr.

Gjaldár vatnsveitunnar er almanaksár og annast hreppsnefndin reikningshald veitunnar og hefur á hendi innheimtu vatnsskatts. Gjaldldagi vatnsskatts er 1. júlí ár hvert og greiðist vatnsskatturinn í einu lagi fyrir líðandi ár.

Húseigandi ber ábyrgð á greiðslu vatnsskatts húsa. Atvinnurekandi eða útflytjandi ber ábyrgð gagnvart vatnsveitunni á greiðslu vatnsskatts af sild og fiski.

Vatnsskattinn má taka lögtaki og er hann tryggður með lögveði í eigninni næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsveði fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

## 17. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar allt að 500 króna sektum, nema þyngri refsing liggji við að lögum. Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið sem almenn lögglumál.

## 18. gr.

Með reglugerð þessari er numin úr gildi reglugerð nr. 55 21. júní 1928, um notkun vatns og vatnsskatt í kauptúninu í Njarðvík, og reglugerð nr. 96 29. júlí 1938 um breytingar á þeirri reglugerð.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Njarðvíkurhrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947, um aðstoð til vatnsveitna, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 25. nóvember 1949.*

F. h. r.

Jónas Guðmundsson.

*Gísli Jónasson.*



## REGLUGERÐ

### um búnaðarmálasjóð.

Samkvæmt lögum nr. 38 frá 15. febr. 1945, um stofnun búnaðarmálasjóðs, og lögum um breyting á þeim lögum, nr. 34 frá 1. apríl 1948, er hér með sett eftirfarandi reglugerð:

#### 1. gr.

Greiða skal árlega gjald af þeim söluvörum landbúnaðarins sem hér segir:

- a. Mjólk og mjólkurvörum, sem seldar eru frá mjólkurbúum, sérstökum mjólkurútsölum (sem ekki eru útibú eða útsala frá mjólkurbúum), rjómaþúsum og smjörslögum, svo og annarri mjólk, sem verðjöfnunarskyld er samkvæmt lögum nr. 94 frá 5. júní 1947, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarafurðum o. fl.
- b. Kindakjöti, sem selt er frá sláturhúsum og öðrum viðurkenndum slátrunarstöðum, hvort sem það er selt á innlendum eða erlendum markaði.
- c. Hrossa- og nautakjöti, sem selt er frá sláturhúsum og öðrum viðurkenndum slátrunarstöðum samkv. lögum nr. 5 22. febrúar 1949.
- d. Grænmeti og gróðurhúsaframleiðslu hvers konar, sem seld er í verzlunum eða sölumiðstöðvum.
- e. Garðávöxtum, er framleiðandi hefur selt eða lagt inn í verzlun eða til sölumiðstöðvar
- f. Eggjum, sem seld hafa verið verzlun eða sölumiðstöðvum.
- g. Liffé, sem selt er vegna fjárskipta, svo og sölu lifandi hrossa og nautgripa, er verzlunir eða sölumiðstöðvar verzla með.
- h. Gærum og ull, sem tekið er á móti í verzlunir eða verksmiðjur.
- i. Grávöru hvers konar, sem framleiðendur selja verzlunum eða verksmiðjum.

#### 2. gr.

Gjald það, sem um ræðir í 1. gr., skal vera  $\frac{1}{2}\%$  af því verði, sem framleiðendum er greitt fyrir vöruna á hverjum tíma, og rennur það í búnaðarmálasjóð.

#### 3. gr.

Gjald í búnaðarmálasjóð greiðist af mjólkurbúum, sláturhúsum, verzlunum og öðrum sölumiðstöðvum, sem fyrst veita vörnum móttöku, enda dragist það frá andvirði vörunnar, þegar það er endanlega greitt framleiðendum, og má aldrei hækka söluverð varanna fyrir gjaldi þessu.

Skylt er nefndum aðilum að afhenda þeim, sem innheimta gjaldsins er falin, skýrslur um móttekið vörumagn og verð fyrir þær til framleiðenda samkvæmt því, sem nánar greinir í reglugerð þessari.

#### 4. gr.

Lögreglustjórar (í Reykjavík tollstjóri) skulu innheimta gjöld til búnaðarmálasjóðs af grávöru, en framleiðsluráð landbúnaðarins skal annast innheimtu gjaldsins af öllum öðrum gjaldskyldum vörum, sbr. 1. gr. Búnaðarfélag Íslands og Stéttar-samband bænda eða trúnaðarmenn þessara félaga, skulu tilkynna lögreglustjórum og framleiðsluráði landbúnaðarins, hverjir verzli með framangreindar vörur á hverjum tíma.

Innheimtunni skal hagað þannig, að verzlunir, verksmiðjur og sölumiðstöðvar, er kaupa eða taka til sölu af framleiðendum gjaldskyldar vörur, skulu senda inn-

heimtumönnum ár hvert nákvæma skrá yfir magn vörunnar og verð hennar til framleiðenda, hvort tveggja fyrir næsta almanaksár á undan. Skránni skal fylgja hið lögboðna gjald til búnaðarmálasjóðs,  $\frac{1}{2}\%$  af verði því sem framleiðendum er endanlega greitt fyrir vöruna og skal hvort tveggja hafa borizt þeim, sem innheimtuna annast fyrir þann tíma, er hér segir:

194  
26. nóv.

- a. Fyrir mjólk og mjólkurvörur, grænmeti og gróðurhúsaframleiðslu, grávöru, garðávexti, egg og líffé, eigi síðar en 1. apríl ár hvert.
  - b. Fyrir kindakjöt, hrossa- og nautgripakjöt, gærur og ull eigi síðar en 1. nóvember ár hvert.
- Að öðru leyti fer um gjaldheimtuna og skýrsluskil eftir þeim reglum, er lög-reglustjórar og framleiðsluráð setja og er gjaldskyldum aðilum skylt að hlíta þeim.

#### 5. gr.

Skili greiðsluskyldur aðili, sbr. 3. gr., eigi framtali til hlutaðeigandi innheimtumanns á réttum tíma, skal innheimtumaður áætla gjaldið. Þyki greiðanda áætlunin ósanngjörn, skal hann innan 20 daga frá dagsetningu tilkynningar um áætlunina, l. ggja fram fullnægjandi sannanir fyrir því, að áætlun innheimtumanns sé of há, og skulu umkvartanir greiðanda þá teknar til greina, eftir því sem unnt er.

#### 6. gr.

Heimilt er, ef ástæða þykir til, að innheimta hið lögboðna gjald af bókfærðu áætlunarverði verzlana eða sölumiðstöðva, og greiðist þá síðan gjald af eftirstöðvum verðsins, þegar endanlegt verð til framleiðenda er fyrir hendi.

Nú er framtalsskýrsla ófullkomin eða tortryggileg, eða sýnilega gerð til mála-mynda, og er innheimtumanni þá heimilt að áætla gjaldið, eins og að framan segir. Innheimtumaður skal og, ef ástæða þykir til, kæra hlutaðeigendur til ábyrgðar fyrir vanrækslu á að skila skýrslum og gjöldum, svo og fyrir ágalla á framtalsskýrslum. Innheimtumanni er jafnan heimilt að athuga bókhald greiðsluskyldra aðila, vegna gjaldsins.

#### 7. gr.

Lögreglustjórar (í Reykjavík tollstjóri) skulu innan eins mánaðar frá greiðsludegi skila innheimtum gjöldum til framleiðsluráðs landbúnaðarins, er veitir þeim móttöku í umboði landbúnaðarráðuneytisins. Framleiðsluráð skiptir síðan öllum tekjum sjóðsins að jöfnu milli Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda í samráði við landbúnaðarráðuneytið. Áður en skipting fer fram, skal draga frá tekjum sjóðsins kostnað við innheimtu og endurskoðun. Þeim hluta, sem Búnaðarfélag Íslands veitir móttöku, skiptir það milli búnaðarsambandanna með hliðsjón af framleiðslumagni héraðanna, af gjaldskyldum söluvörum landbúnaðarins.

#### 8. gr.

Reikninga sjóðsins skal birta árlega í Búnaðarritinu, endurskoðaða af endurskoðendum Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambandi bænda.

#### 9. gr.

Verði ágreiningur um skilning á ákvæðum reglugerðar þessarar sker landbúnaðarráðherra úr.

#### 10. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum, 50—5000 kr., nema þyngri refsing liggir við eftir öðrum lögum.

#### 11. gr.

Með mál út af brotum gegn reglugerð þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

194

12. gr.

26. nóv. Reglugerð þessi öðlast gildi 1. janúar 1950, og fellur þá jafnframt úr gildi reglugerð nr. 199 28. nóvember 1945.

13. gr.

**Bráðabirgðaákvæði.**

Ef eitthvað er óinnheimt af hinu lögboðna gjaldi, þegar reglugerð þessi tekur gildi, fyrir árin 1945, 1946, 1947 og 1948, skal skipta gjaldinu sem hér segir: Fyrir árið 1945 skal allt gjaldið greitt til Búnaðarfélags Íslands. Fyrir árið 1946 skal gjaldinu skipt þannig, að  $\frac{2}{3}$  hlutar fari til Búnaðarbankans vegna búnaðarsambandanna og  $\frac{1}{3}$  til Búnaðarfélags Íslands. Fyrir árið 1947 skal allt gjaldið greitt til Búnaðarbankans vegna búnaðarsambandanna. Fyrir árið 1948 skal gjaldinu skipt þannig, að Búnaðarbankinn vegna búnaðarsambandanna fái  $\frac{1}{4}$  hluta, en  $\frac{3}{4}$  hlutar skiptist að jöfnu milli Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda.

*Atvinnumálaráðuneytið, 26. nóvember 1949.*

**Bjarni Ásgeirsson.**

*Gunnl. E. Briem.*

195

5. des.

**AUGLÝSING**

**um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á byggingarsamþykktum kaupstaða og kauptúna.**

Samkvæmt lögum nr. 19 1905 og lögum nr. 55 1921, hefur ráðuneytið staðfest byggingarsamþykktir fyrir eftirgreinda kaupstaði og kauptún:

8. Byggingarsamþykkt fyrir Akraneskaupstað. Varnarþing á Akranesi. Staðfest 1. febrúar 1949.
9. Byggingarsamþykkt fyrir Neskaupstað. Varnarþing í Neskaupstað. Staðfest 23. marz 1949.
10. Byggingarsamþykkt fyrir Siglufjarðarkaupstað. Varnarþing í Siglufirði. Staðfest 5. ágúst 1949.
11. Byggingarsamþykkt fyrir Patreksfjarðarkauptún. Varnarþing á Patreksfirði. Staðfest 30. september 1949.
12. Byggingarsamþykkt fyrir Glerárþorp, Glæsibæjarhreppi. Varnarþing í Glæsibæjarhreppi. Staðfest 7. nóvember 1949.

Samþykktir þessar eru í samræmi við fyrirmynd að byggingarsamþykktum, sem birt er með auglýsingu nr. 97 18. ágúst 1948, Stj.tíð. B., bls. 167—185.

*Félagsmálaráðuneytið, 5. desember 1949.*

F. h. r.

**Jónas Guðmundsson.**

*Gísli Jónasson.*

## AUGLÝSING

196

5. des.

## um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á samþykktum byggingarsamvinnufélaga.

Samkvæmt lögum nr. 44 7. maí 1946, um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum, hefur ráðuneytið staðfest samþykktir fyrir eftirgreind byggingarsamvinnufélög.

40. Samþykkt fyrir Byggingarsamvinnufélag opinberra starfsmanna, Hafnarfirði. Varnarþing í Hafnarfirði. Staðfest 19. janúar 1949.
41. Samþykkt fyrir Byggingarsamvinnufélag lögreglumanna í Reykjavík. Varnarþing í Reykjavík. Staðfest 23. ágúst 1949.
42. Samþykkt fyrir Byggingarsamvinnufélag Vestmannaeyja, Vestmannaeyjum. Varnarþing í Vestmannaeyjum. Staðfest 7. september 1949.
43. Samþykkt fyrir Byggingarsamvinnufélag atvinnuflugmanna í Reykjavík. Varnarþing í Reykjavík. Staðfest 13. október 1949.
44. Samþykkt fyrir Byggingarsamvinnufélagið Ingólfur, Reykjavík. Varnarþing í Reykjavík. Staðfest 21. október 1949.
45. Samþykkt fyrir Byggingarsamvinnufélag starfsmanna áætlunarbifreiða póststjórnarinnar í Reykjavík og nágrenni. Varnarþing í Reykjavík. Staðfest 24. nóvember 1949.
46. Samþykkt fyrir Byggingarsamvinnufélag starfsmanna Landsbanka Íslands, Reykjavík. Varnarþing í Reykjavík. Staðfest 25. nóvember 1949.
47. Samþykkt fyrir Byggingarsamvinnufélag starfsmanna Flugfélags Íslands og Loftleiða. Varnarþing í Reykjavík. Staðfest 30. nóvember 1949.

Samþykktir þessar eru í samræmi við fyrirmynd að samþykkt, sem birt er með auglýsingu nr. 92 12. júní 1946, Stj.tíð. B., bls. 174—179.

*Félagsmálaráðuneytið, 5. desember 1949.*

F. h. r.

Jónas Guðmundsson.

*Gisli Jónasson.*

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Framkvæmdasjóð háskólastúdentana“, 197  
útfegin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 5. des. 1949. 5. des.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Framkvæmdasjóð háskólastúdentana.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Framkvæmdasjóður háskólastúdentana.

2. gr.

Sjóðurinn er eign íslenzkra háskólastúdentana og stendur undir stjórn Stúdentaráðs Háskóla Íslands.

197

5. des.

Stofnfé sjóðsins er 5000 — fimm þúsund — krónur, sem er framlag stúdentaráðs Háskóla Íslands.

3. gr.

4. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

1. Framlög stúdentaráðs samkvæmt ákvörðun þess á hverjum tíma.
2. Gjafir og annað fé, er sjóðnum kann að áskotnast.
3. Vextir.

5. gr.

Fé sjóðsins skal ávaxta í Landsbanka Íslands, bankavaxtabréfum, ríkisskuldabréfum eða með öðrum jafntryggjum hætti.

6. gr.

Stofnfé sjóðsins og vexti og vaxtavexti af fé hans má aldrei skerða fyrr en það nemur 100000 — eitt hundrað þúsund — krónum, en þá er heimilt að verja öllum vöxtum af þeirri upphæð ásamt öðrum tekjum og eignum sjóðsins, þannig að sjóðurinn nemi ávallt að minnsta kosti 100000 — eitt hundrað þúsund — krónum.

7. gr.

Eigi má veita fé úr sjóðnum nema  $\frac{2}{3}$  stúdentaráðs samþykki á fullskipuðum fundi ráðsins.

Skal veita fé úr sjóðnum til gagnlegra framkvæmda í þágu háskólastúdenta, en fé skal aldrei varið til rekstursútgjalda stúdentaráðs eða annarra stofnana.

8. gr.

Reikningsár sjóðsins er hið sama og reikningsár stúdentaráðs.

Reikning sjóðsins skal gera árlega og skal birta hann endurskoðaðan í Árbók háskólans.

9. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari og birta hana í B-deild Stjórnartíðinda.

10. gr.

Til breytingar á skipulagsskrá þessari þarf samþykki  $\frac{2}{3}$  stúdentaráðs og staðfestingu forseta Íslands.

198

12. des.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Félags fyrrverandi sóknarpresta“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 12. des. 1949.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Félags fyrrverandi sóknarpresta.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Félags fyrrverandi sóknarpresta og er stofnaður við andlát séra Einars Thorlacíus præp. hon., er andaðist 2. janúar 1949. — Stofnféð er kr. 2050.00 lagt fram af félagsmönnum. Enn fremur gáfu börn og tengda börn séra Einars Thorlacíus til sjóðsins kr. 1000.00.

## 2. gr.

198

12. des.

Sjóðurinn er stofnaður til minningar um látna félagsbræður. Skulu nöfn þeirra ásamt helztu æviatriðum færð inn í þar til gerða minningabók, sem vera skal eign sjóðsins. Til þess er ætlast, að meðlimir í Félagi fyrrverandi sóknarpresta leggi í sjóðinn við andlát sérhvers félagsbróður fjárhæð, er komi í stað blómsveigs á kistu hans. Nafn hins látna og æviatriði skal færa í minningabókina ásamt fjárhæðinni, sem greidd er í sjóðinn.

## 3. gr.

Í sjóðinn skulu lagðar minningargjafir um látinn féлага, er berast kunna frá vandamönnum eða öðrum. Gjafa þessara skal getið við nafn hins framliðna í minningabókinni.

## 4. gr.

Sjóðurinn skal ávaxtast í aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands. Höfuðstólinn má aldrei skerða og við hann skal leggja alla vexti, þar til ársvextir eru orðnir 1000 — eitt þúsund — krónur. Frá þeim tíma má til útborgunar falla allt að helmingi ársvaxta, en ávallt skal leggja fullan helming ársvaxtanna við höfuðstólinn.

## 5. gr.

Vaxtafé því, sem til útborgunar fellur, má verja til styrktar fátækum félagsbræðrum og nánustu vandamönnum þeirra. Þegar vaxtaféð er orðið meira en brún þörf er fyrir til nefndra styrkveitinga, má verja afganginum til eflingar einhverri þeirri kristilegri menningarstarfsemi í landinu, sem Félag fyrrverandi sóknarpresta ákveður að styðja.

## 6. gr.

Stjórn sjóðsins og umsjón með fjárreiðum hans skal ávallt vera í höndum Félags fyrrverandi sóknarpresta eða stjórnar þess, á meðan það er við lýði. Ef félagið leysist upp skal öll umsjón með sjóðnum falla undir stjórn evangelísk-lúterskrar kirkju á Íslandi og ber henni þá að sjá um alla framkvæmd skipulagsskrárinnar.

## 7. gr.

Skipulagsskrá þessari má ekki breyta, nema  $\frac{2}{3}$  félagsmanna samþykki á aðalfundi, enda komi breytingarnar ekki í bága við innlánsreglur þær, sem settar eru í bréfi til Söfnunarsjóðs Íslands, dags. 13. janúar 1949.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 8. maí 1949.

Kristinn Daníelsson. Ásgeir Ásgeirsson. Magnús Bjarnarson.

Jón Pétursson. Jón Skagan. Jón Guðnason. Þorsteinn Briem.

Vilhj. Briem. J. N. Johannessen. Matthías Eggertsson. Þorvaldur Jakobsson.

Ingvar Nikulásson. Magnús Bl. Jónsson. Böðvar Bjarnason. F. Hallgrímsson.

Vigfús Þórðarson. Erl. Þórðarson. Sveinn Víkingur.

**199** Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Þórunnar Havsteen,  
12. des. sýslumannsfrúar í Þingeyjarsýslu“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms-  
málaráðherra 12. des. 1949.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Þórunnar Havsteen, sýslumannsfrúar í Þingeyjarsýslu.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Þórunnar Havsteen, sýslumannsfrúar í Þingeyjarsýslu.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður með 2000 króna gjöf frá Júlíusi Havsteen sýslumanni Þingeyjarsýslu, til minningar um látna konu hans.

3. gr.

Sjóðurinn er af gefanda afhentur sýslunefnd Norður-Þingeyjarsýslu. Skal hún gera honum skipulagsskrá og ákveða honum starfssvið.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja námsstúlkur í Norður-Þingeyjarsýslu til framhaldsnáms við skóla erlendis.

5. gr.

Höfuðstól sjóðsins má ekki skerða.

Tekjur sjóðsins eru:

a. Vextir.

b. Gjafir og áheit, er honum kunna að áskotnast.

6. gr.

Þegar ársvextir sjóðsins nema kr. 300.00 eða meira, er heimilt að verja allt að  $\frac{3}{4}$  vaxtanna samanlagt á nokkurra ára fresti, eftir því sem ástæður eru til.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn, búsettir í Norður-Þingeyjarsýslu, kjörnir af sýslunefnd Norður-Þingeyjarsýslu til 4 ára í senn.

Reikningur sjóðsins skal endurskoðaður af endurskoðanda sýslusjóðs Norður-Þingeyjarsýslu.

8. gr.

Stjórn sjóðsins ber að halda gerðabók. Í gerðabókina skal færa allar fundargerðir stjórnarinnar, umsóknir um styrk úr sjóðnum og yfirleitt allt, er varðar hag hans og rekstur.

Enn fremur skal þar birta ársreikning um tekjur og gjöld sjóðsins.

9. gr.

Fé sjóðsins skal ávaxta í Sparisjóði Norður-Þingeyjarsýslu

10. gr.

Leita skal staðfestingar ríkisvaldsins á skipulagsskrá þessari.

Þannig samþykkt á aðalfundi sýslunefndar Norður-Þingeyjarsýslu 14. ágúst 1949.

**Júl. Havsteen**, sýslumaður Þingeyjarsýslu.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Ingibjargar Björnsdóttur og Vigfúsar Filippussonar frá Vatnsdalshólum“, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af dómsmálaráðherra 13. des. 1949. 200 13. des.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Ingibjargar Björnsdóttur og Vigfúsar Filippussonar frá Vatnsdalshólum.

### 1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Ingibjargar Björnsdóttur og Vigfúsar Filippussonar frá Vatnsdalshólum.

### 2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af Filippusi Vigfússyni, kaupmanni í Reykjavík, til minningar um foreldra hans, sem um langt skeið bjuggu í Vatnsdalshólum í Austur-Húnavatnssýslu.

### 3. gr.

Stofnfé sjóðsins er 2000 — tvö þúsund — krónur, og tekur hann á móti gjöfum og öðru framlagi, er honum kann að áskotnast.

### 4. gr.

Skólanefnd Sveinsstaðahrepps hefur stjórn sjóðsins á hendi og ávaxtar hann í sparisjóði Húnavatnssýslu á Blönduósi eða annarri tryggri peningastofnun. Skal stjórn sjóðsins halda gerðabók, þar sem bókaðar séu gerðir hennar, viðkomandi sjóðnum, og ársreikningar hans. Skal reikningsár hans vera almanaksárið.

### 5. gr.

Tilgangur sjóðsins er að veita verðlaun börnum, sem taka burtfararpróf úr barnaskóla og eru heimilisföst í Sveinsstaðahreppi. Skal veita verðlaunin því barni eða þeim börnum, sem skara fram úr í handavinnu þeirri, sem kennd er á hverjum tíma. Ef unnt er skal sjóðstjórnin hafa hlutaðeigandi kennara með í ráðum þegar hún úthlutar verðlaununum.

### 6. gr.

Samkvæmt 5. gr. skal árlega verja hálfum ársvöxtum sjóðsins. Hinn helmingurinn leggist við höfuðstólinn, sem aldrei má skerða.

### 7. gr.

Úthlutun úr sjóðnum má hefjast, þegar stjórn hans telur nægilegt fé vera fyrir hendi samkvæmt 6. gr. Skal til að byrja með aðeins veita einu barni verðlaunin.

### 8. gr.

Þegar sjóðurinn er orðinn 20000 — tuttugu þúsund — krónur má veita allt að  $\frac{3}{4}$  ársvaxtanna samkvæmt því, sem fyrir er mælt í 5. gr.

### 9. gr.

Skipulagsskrá þessari má því aðeins breyta, að nauðsyn krefji vegna breytts fyrirkomulags í skólamálum, enda sé öll stjórnin sammála um breytingarnar. Það



**200** ákvæði skal þó haldast æfinlega, að aðeins börn, sem heimilisföst eru í Sveinsstaða-  
13. des. hreppi, eins og hann er nú, verði aðnjótandi styrks eða verðlauna úr sjóðnum.

10. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari og birta í B-deild Stjórnartíðindanna.

P. t. Reykjavík, 5. nóv. 1949.

**Filippus Vigfússon.**

**201**

19. des.

## AUGLÝSING

um breyting á auglýsingu nr. 79 26. maí 1942, um breyting  
á hafnarreglugerð Siglufjarðar, nr. 61 18. júlí 1928.

1. gr.

Á eftir 12. flokki í 9. gr. auglýsingarinnar komi:  
13. flokkur. Gjald kr. 4.50 fyrir hvert tonn:

Brennsluolía (fuelolía).

Gjald þetta innheimtist án viðauka.

2. gr.

Breyting þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerðarbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1949, um hafnargerðir og lendingarbætur, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgöngumálaráðuneytið, 19. desember 1949.*

**Jóhann P. Jósefsson.**

*Páll Pálmason.*

**202**

22. des.

## AUGLÝSING

um iðgjöld fyrir búfjártryggingar.

Ársiðgjöld fyrir búfjártryggingar af hverjum 100 krónum vátryggingarfjár-  
hæðar ákveðast til bráðabirgða þannig:

I. Búfé, sem skylt er að vátryggja (kynbótagripir):

Kynbótanaut, þar með taldir tarfkálfar, sem ætlaðir eru til kynbóta ..	1 %
Kynbótahestar .....	2,7 %
Hryssur (á kynbótabúum) .....	2,25 %
Hrútar .....	4,25 %
Ær, að meðtöldum gimbrum settum á vetur .....	3,5 %

II. Búfé í frjálsri tryggingu:

a. Gegn vanhöldum:

Kýr .....	7 %
Naut .....	1 %
Hrútar .....	4,25 %

## b. Gegn slysum (sauðfjárhópar):

202

1. Þar sem beitolönd liggja ekki að sjó ..... 3 %

22. des.

2. Þar sem beitolönd liggja að sjó:

a. Sé flæðihætt ..... 5 %

b. Sé ekki flæðihætt ..... 4 %

Sé um váttryggingu fyrir styttri tíma að ræða en eitt ár, reiknast iðgjaldið þannig:

Allt að 1 mánuði .....	½ af ársiðgjaldi	+ 100 %
— — 2 mánuðum .....	¼ — —	+ 50 —
— — 3 — .....	⅓ — —	+ 33 —
— — 4 — .....	¼ — —	+ 25 —
— — 5 — .....	⅕ — —	+ 20 —
— — 6 — .....	⅙ — —	+ 15 —
— — 7 — .....	⅗ — —	+ 10 —
— — 8 — .....	⅘ — —	+ 5 —
— — 9 — .....	⅖ — —	
— — 10 — .....	⅔ — —	
— — 11 — .....	⅞ — —	
— — 12 — .....	ársiðgjald.	

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 20 26. febrúar 1943, um búfjártryggingar, gildir frá 1. október 1949. Jafnframt er úr gildi felld auglýsing um iðgjöld fyrir búfjártryggingar, útgefin 19. maí 1948.

*Landbúnaðarráðuneytið, 22. desember 1949.*

Jón Pálmason.

*Árni G. Eylands.*

## REGLUGERÐ

203

um breyting á reglugerð nr. 218 31. desember 1947, um búfjártryggingar.

22. des.

## 1. gr.

22. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Váttryggingarverð nauta og hesta, sem notuð eru í kynbótafélögum, ákveður váttryggjandi. Þyki stjórn brunabótafélagsins hún óhóflega há, getur hún skotið málinu til ráðunautar Búnaðarfélags Íslands í viðkomandi búgrein, og sker hann þá úr, hvert váttryggingarverðið skal vera. Váttryggingarverð einstakra gripa í bústofni sauðfjárkynbótabúa og annarra kynbótabúa ákveður váttryggjandi og má það vera eitt og hálf skattmat, nema á kynbótahrútum, en þar má það vera sexfalt skattmat.

## 2. gr.

23. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Váttryggingarverð einstakra gripa í frjálsri tryggingu ákveður váttryggjandi innan þeirra takmarka, er hér greinir:

Kynbótakarldýr, sem hlotið hafa fyrstu verðlaun á sýningu, má váttryggja fyrir upphæð, er nemur þremur og hálfu skattmati. Annað tiltekið búfé má váttryggja fyrir allt að eitt og hálf skattmat.

Umboðsmaður gæti þess, að ekki sé farið yfir greind verðtakmörk.

Reglugerð þessi gildir frá 1. október 1949.

*Landbúnaðarráðuneytið, 22. desember 1949.*

Jón Pálmason.

*Árni G. Eylands.*

## HAFNARREGLUGERÐ

fyrir Grenivík í Suður-Þingeyjarsýslu.

### I. KAFLI

#### Takmörk og land hafnarinnar.

##### 1. gr.

Höfnin takmarkast að vestan af línu, sem hugsast dregin frá norðurenda Þengilhöfða (Nöfum) í norðurenda Hríseyjar, en að norðan af línu, sem hugsast dregin réttvisandi í vestur frá íbúðarhúsinu á Melum.

### II. KAFLI

#### Um stjórn hafnarinnar.

##### 2. gr.

Að afloknum hverjum hreppsnefndarkosningum kýs hreppsnefnd Grýtubakkahrepps þrjá menn í hafnarnefnd og tvo til vara.

Hafnarnefnd kýs formann úr sínum hópi.

Kjörtímabil hafnarnefndar er hið sama og hreppsnefndar.

##### 3. gr.

Hafnarnefnd sér um, að reglugerð hafnarinnar sé hlýtt. Hún sér um innheimtu á tekjum hafnarsjóðs gegn þóknun, er um semur.

Hafnarnefnd ber, undir yfirstjórn hreppsnefndar og samgöngumálaráðuneytisins, að hafa framkvæmd allra hafnarmála, að sjá um viðhald og umbætur á höfninni, og stýra öllum framkvæmdum, er þar að lúta.

Hafnarnefnd annast og fjárvörzlu og reikningsskil hafnarsjóðs fyrir hönd hreppsnefndar. Hreppsnefnd ber ábyrgð á eignum hafnarsjóðs sem öðrum eignum hreppsins, svo og öllum skuldbindingum hans.

##### 4. gr.

Allar tekjur hafnarinnar, sem ákveðnar eru í þessari reglugerð, skulu renna í hafnarsjóð Grýtubakkahrepps, sem stofnaður var árið 1942.

Hafnarsjóði skal, eftir ákvæðum hreppsnefndar, varið í þarfir hafnarinnar.

Við lok hvers reikningsárs skal hafnarnefnd semja reksturs- og efnahagsreikning hafnarsjóðs. Reikningarnir skulu afhentir til endurskoðunar eigi síðar en 31. janúar næsta ár. Þeir skulu endurskoðaðir og úrskurðaðir á sama hátt og reikningar sveitarsjóðsins.

Fyrir 1. nóvember ár hvert skal hafnarnefnd hafa samið og lagt fyrir hreppsnefnd Grýtubakkahrepps frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld hafnarsjóðs á komandi ári. Hreppsnefnd skal síðan fullsemja áætlunina og senda hana samgöngumálaráðuneytinu til staðfestingar, ásamt nauðsynlegum skýringum á tekju- og gjaldaliðum hennar.

##### 5. gr.

Reikningsár hafnarsjóðs er almanaksárið.

##### 6. gr.

Bátar, sem ganga til veiða frá Grenivík, hafa rétt til notkunar á bryggju í þeirri röð, sem þeir koma að henni, en skytt er þeim að fara frá henni strax og þeir hafa

lokið erindi sínu, ef aðrir þurfa að komast að. Meðan bátur er á floti við bryggju, 204  
skal jafnan einn maður af skipshöfninni vera til taks, ef færa þarf bátinn eða fram- 23. des.  
kvæma aðrar skipanir frá hafnarverði.

## 7. gr.

Þegar lokið er fermingu eða affermingu, skal afgreiðslumaður eða skipstjóri láta ræsta bryggjuna, ef þörf gerist. Sé það vanrækt, skal hafnarvörður láta framkvæma verkið á kostnað skipstjóra eða afgreiðslumanns.

## 8. gr.

Hafnarnefnd sér um, að gætt sé reglu í höfninni og á landi hennar. Öllum er skylt að hlýða boði hafnarnefndar og banni.

Þyki einhverjum sér óréttur gerður af starfsmönnum hafnarinnar, getur hann kært það fyrir lögreglustjóra.

## III. KAFLI

## Um vörugjald.

## 9. gr.

Vörugjald skal greiða af öllum vörum (þar á meðal lifandi dýrum), sem fluttar eru af eða á skipsfjöli í höfninni, sem hér segir:

- a. Bátar, sem gerðir eru út frá Grenivík eða skrásettir þaðan, og ekki greiða vörugjald annars staðar af afla sínum, greiði 1% af söluverði afla síns. Undanþegið vörugjaldi er svo allt, er þeir þurfa til útgerðar sinnar, svo sem salt, steinolía o. fl. Þó skal enginn ofantaldra báta, sem nær 12 lestum brúttó, greiða minna í hafnarsjóð en kr. 500.00 á ári, og minni vélbátar kr. 25.00 á brúttó smálest.
- b. Af salti, kolum, sementi, tilbúnum áburði og fóðurvörum kr. 4.00 af smálest.
- c. Af kornvörum, garðávöxtum, oliu og benzíni kr. 6.00 af smálest.
- d. Af timbri 10 aura af rúmfeti.
- e. Af öðrum vörum, sem reiknaðar eru eftir rúmmáli 15 aura af rúmfeti.
- f. Af sauðfé kr. 1.00 af kind.
- g. Af stórgripum kr. 5.00 af grip.
- h. Af öllum öðrum flutningi kr. 1.00 af hverjum 100 kg.

## 10. gr.

Undanþeginn vörugjaldi er póstflutningur og farangur ferðamanna, svo og vistir og aðrar nauðsynjar til báta og skipa til eigin nota, sem fluttar eru úr landi.

## IV. KAFLI

## Um bryggjugjald.

## 11. gr.

Hvert aðkomuskip, sem leggst að bryggju eða við festar innan takmarka hafnarinnar, skal greiða bryggjugjald, sem hér segir:

- a. Skip, sem eru 15 smálestir brúttó eða stærri, greiða 20 aura af hverri smálest, þó ekki yfir kr. 2.00 af smálest á ári.
- b. Bátar undir 15 smálestum greiði kr. 2.00, þó ekki yfir kr. 10.00 á ári.

## 12. gr.

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari má taka lögtaki.

204

23. des.

## V. KAFLI

## Eignatjón og bætur.

## 13. gr.

Þeir, sem valdir verða að tjóni á bryggju eða öðrum eignum hafnarsjóðs skulu bótaskyldir. Annað hvort bæti þeir tjónið eftir samkomulagi við hafnarnefnd eða greiði viðgerðarkostnað eftir reikningi.

## 14. gr.

Takist ekki samningar um bætur, skulu þær ákveðnar af þremur óvillhöllum, dómkvöddum mönnum. Hvorum aðila fyrir sig er heimilt að krefjast yfirmats, og skal þá krafa um það borin fram innan mánaðar frá því að matsgerð lauk. Yfirmat skal framkvæmt af fimm óvillhöllum, dómkvöddum mönnum.

Kostnað við yfirmat greiðir sá, sem þess hefur krafizt, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meira en um 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð. Annars greiðir hinn aðilinn kostnaðinn.

## 15. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 10000 krónum, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt lögum. Sektirnar renna í hafnarsjóð.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur, til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgöngumálaráðuneytið, 23. desember 1949.*

Jóhann Þ. Jósefsson.

*Páll Palmason.*

205

28. des.

## AUGLÝSING

um breyting á reglugerð nr. 167 21. desember 1946, um áhættuiðgjöld um flokkun starfa og starfsgreina samkvæmt 113. gr. laga nr. 50 1946, um almannatryggingar.

Við 1. gr.: 1. gr. orðist svo:

Frá og með 1. janúar 1950 skulu áhættuflokkar og iðgjöld vegna slyshættu vera sem hér segir:

1.	áhættuflokkur	.....	100	aurar	á viku
2.	—	.....	150	—	—
3.	—	.....	200	—	—
4.	—	.....	300	—	—
5.	—	.....	500	—	—
6.	—	.....	600	—	—
7.	—	.....	800	—	—
8.	—	.....	900	—	—
9.	—	.....	900	—	—
10.	—	.....	1500	—	—

Við 6. gr. Í stað „vikugjald 150 aurar“ komi: vikugjald 100 aurar.

Við 7. gr. Í stað „vikugjald 200 aurar“ komi: vikugjald 150 aurar.

Við 8. gr. Í stað „vikugjald 300 aurar“ komi: vikugjald 200 aurar.

Við 9. gr. Í stað „vikugjald 400 aurar“ komi: vikugjald 300 aurar.

Við 14. gr. Í stað „vikugjald 1200 aurar“ komi: vikugjald 900 aurar.

Breyting sú á iðgjaldi í 3. áhættuflokki, er felst í auglýsingu þessari, tekur ekki til iðgjalda vegna ökumanna bifreiða fyrr en við lok yfirstandandi bifreiða-skattárs.

Reglugerðarbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt 113. gr. laga nr. 50 7. maí 1946, um almannatryggingar, til þess að öðlast gildi 1. janúar 1950, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt falla úr gildi auglýsingar nr. 164 13. des. 1948 og nr. 31 21. febr. 1949.

*Félagsmálaráðuneytið, 28. desember 1949.*

F. h. r.

Jónas Guðmundsson.

*Hallgrimur Dalberg.*

## AUGLÝSING

um skilyrði fyrir ríkisábyrgð til byggingarsamvinnufélaga.

Í framhaldi af auglýsingu ráðuneytisins, dags. 10. febrúar f. á., skal að gefnu tilefni tekið fram, að ríkisábyrgð samkvæmt heimild í II. kafla laga nr. 44/1946 verður framvegis ekki veitt nýjum byggingarsamvinnufélögum eða nýjum byggingarflokkum eldri félaga, nema fyrir liggi fjárfestingarleyfi til framkvæmdanna og gerð hafi verið grein fyrir möguleikum aðila um stofnframlög og lánsútteganir, sem ráðuneytið vill samþykkja. Byggingarsamvinnufélög, sem njóta vilja ríkisábyrgðar, eru því aðvöruð um, að hefja ekki framkvæmdir fyrr en fyrir liggur samþykki ráðuneytisins um ábyrgðina.

*Fjármálaráðuneytið, 29. desember 1949.*

Björn Ólafsson.

*Sig. Ólason.*

## AUGLÝSING

um notkun heimildar í viðaukalögum nr. 92 1948 við lög nr. 50 7. maí 1946, um almannatryggingar.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið, að notaðar verði heimildir þær, sem henni eru veittar í 1. gr. laga nr. 92 29. des. 1948, töluliðum 1—6 og 8—13, en ákveðið hefur verið með lögum nr. 114/1949, að þær skuli vera í gildi á árinu 1950.

